

## Staður

Göngu okkar heim að Stað í Súgandafirði, hinu forna prestssetri og kirkjustað, hefjum við á hreppamörkum þar sem heitir **Gathamar**, rétt vestan við tána á **Sauðanesi**. Við erum hingað komin frá Eyri í Önundarfirði og höfum gengið út fjöruna, tíu kílómetra leið, með viðkomu á Kálfeyri, Hvannökrum og víðar (sjá hér Eyri). Í gær var orðið skuggsýnt við Gathamar að áliðnu kvöldi en nú er bjartur dagur. Við Gathamar förum við yfir hreppamörkin, sem skilja að hinn forna Mosvallahrepp og Suðureyrarhrepp, og þar eru líka landamerki jarðanna Eyrar í Önundarfirði og Staðar í Súgandafirði.

Mjög skammt fyrir utan Gathamar er rauðleitur steinn í fjörunni og heitir hann **Rauðkollur**.<sup>1</sup> Fjallshlíðin hér fyrir ofan er snarbrött. Gilið utan við Gathamar, það fyrsta sem við komum að í Suðureyrarhreppi, heitir **Hlöðugil** og í hlíðinni norðan við það eru **Hlöðuteigar**.<sup>2</sup>

Vera má að hér hafi verið eitt eða fleiri sauðahlöð á fyrri tíð og nafnið eigi rætur að rekja til þess. Hafi slík byrgi verið fleiri en eitt ætti nafnið að vera Hlaðateigar en kynni að hafa afbakast þegar sauðabúskapurinn lagðist af og hlöðin hættu að gegna sínu forna hlutverki. Nyrst í Hlöðuteigum er reyndar staður sem allt til þessa hefur borið nafnið **Hlað**<sup>3</sup> en óljóst er hins vegar hvort þar megi enn greina einhver ummerki um gamla hleðslu.<sup>4</sup> Svo má heita að Hlöðuteigar nái að **Nestá**, ystu tánni á Sauðanesi.<sup>5</sup>

Skerjött er hér fyrir landi og miklar grynningar svo fara verður *alllangt á haf út* eða nánar tiltekið *niður á Ritarskörð* þegar siglt er í ólgusjó fyrir Sauðanes.<sup>6</sup> Væri farið of grunnt áttu menn á hættu að brjóta skip sitt á einhverjum boðanum, og þannig fórst lítill vélbátur úr Súgandafirði á þessum slóðum þann 16. október 1913.<sup>7</sup> Fjórir menn sem á honum voru drukknuðu allir en þeir voru á leið til Flateyrar að sækja lækni.<sup>8</sup> Bátur þessi hét Höfrungur og formaður var Benedikt Guðmundsson, ungur maður frá **Vatnadal** en búsettur á Suðureyri.<sup>9</sup>

Fjallsbrúnin yst á Sauðanesi er í 478 metra hæð yfir sjávarmáli og mikil hamrabelti setja svip á efri hluta fjallsins. Í örnefnalýsingu Kristjáns G. Þorvaldssonar frá árinu 1949 er frá því greint að allra yst á Sauðanesi sé *högg í brún fjallsins* sem kallist **Nesklauf** eða **Nesrauf**.<sup>10</sup> Þessi rauf í fjallsbrúninni, rétt innan við ystu tá Sauðaness, sést frá Norðureyri og utan

<sup>1</sup> Örnefnastofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 64.

<sup>2</sup> Sama heimild. Óskar Einarsson 1951, 77.

<sup>3</sup> Þórður Ágúst Ólafsson, minnisblöð hans frá árinu 1980 um örnefni í Staðardal, ljósrít í eigu K.Ó.

<sup>4</sup> Sama heimild.

<sup>5</sup> Örnefnakort gefið út 1983, eftirprentun af Örnefnakorti frá því um 1930. Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 7.7.1995.

<sup>6</sup> Óskar Ein. 1951, 12.

<sup>7</sup> Gunnar M. Magnúss 1977, 295-296. Snorri Sigfússon 1969, 102.

<sup>8</sup> Sömu heimildir.

<sup>9</sup> Gunnar M. Magnúss 1977, 295-296.

<sup>10</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 64.

af firðinum, þegar komið er út fyrir brimbrjótinn (sjá hér Norðureyri). Í máldaga Mariúrkirkjunnar á Stað í Súgandafirði, sem talinn er vera frá árinu 1324, eða því sem næst má sjá að örnefnið **Rauf** var þá til á Sauðanesi og var notað sem rekamark, því í máldaganum er tekið fram að kirkjan á Stað eigi allan reka *millum Dalsár og Raufar*.<sup>11</sup> Dalsá sem þar er nefnd er án vafa áin í **Staðardal**, sem á síðari tímum hefur yfirleitt verið nefnd **Staðará** eða **Langá** (sjá hér bls. 9-10) og vera má að Raufin, sem þarna er nefnd, sé hin sama og sú Nesrauf sem menn kunnu enn að nefna á fyrri hluta tuttugustu aldar og hér var getið (sbr. hér Eyri). Hin ýmsu rekamörk víðs vegar um land voru þó öll eða nær öll við ströndina, skammt frá flæðarmáli. Að hugsa sér rekamark alveg upp við fjallsbrún er því meira en lítið skrítið.

Hugsanlegt er að rekamarkið sem nefnt var Rauf árið 1324 hafi verið gatið á Gathamri eins og Óskar Einarsson læknir benti á í bók sinni *Aldarfar og örnefni í Önundarfirði*.<sup>12</sup> Orð máldagans um rekamörk Staðarkirkju merkja þá að kirkjan eigi reka fyrir öllu landi Staðar sem verður að teljast miklu líklegra en að rekamarkið hafi verið rétt norðan við landamerkin, enda hvergi sjáanlegt að einhver önnur jörð eða kirkja hafi átt rekaréttindi á þeim litla bletti sem þarna ber á milli.

Ofan við Nestána er gróðurlaus hryggur, sem ýmist er nefndur **Sviðningur**<sup>13</sup> eða **Sviðningar**,<sup>14</sup> og norðan við hrygginn eru í fjallshlíðinni aurar sem heita **Svöð**.<sup>15</sup> Norðan við Nestá fer landið að beygja inn til Súgandafjarðar en fyrst um sinn er stefnan þó dálítið norðan við norðaustur. Við ströndina er **Hánesvík** milli Nestár og **Háness**,<sup>16</sup> en svo nefnist hár hryggur í fjallshlíðinni rétt norðan við Svöðin sem fyrr voru nefnd.<sup>17</sup> Á Hánesi er nú (1995) lítill viti sem sendir frá sér ljósmerki sjófarendum til áminningar og mun hann hafa verið settur upp um eða skömmu eftir 1960.<sup>18</sup>

Norðan við Hánes gengur skerjaklasi í sjó fram. Eitt skerið tekur hér við af öðru og saman mynda þau alllangan tanga sem oftast stendur að mestu leyti upp úr sjó. Sker þessi heita **Slotsker**<sup>19</sup> en ýmsir nefna þau **Slorsker**.<sup>20</sup> Nafnið Slorsker finnst eingöngu í ungum heimildum úr Súgandafirði og mun ekki vera gamalt því Einar Jónsson, sem átti aldrei heima í Önundarfirði en var búsettur á Suðureyri í Súgandafirði frá 1887-1908, nefnir skerin Slotsker. Hann segir í dagbók sinni 11. nóvember 1894:

<sup>11</sup> D.I. II, 575.

<sup>12</sup> Óskar Ein. 1951, 73-74.

<sup>13</sup> Lbs. 2736<sup>40</sup>, Magnús Hjaltason, bls. 107. Örnefnakort gefið út 1983, eftirprentun af örnefnakorti frá því um 1930. Sbr. Örn.st. / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 64.

<sup>14</sup> Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 7.7.1995.

<sup>15</sup> Sama örnefnakort. Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 64.

<sup>16</sup> Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 7.7.1995.

<sup>17</sup> Sama heimild. Örn.kort gefið út 1983, eftirpr. af örn.korti frá því um 1930.

<sup>18</sup> Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 7.7.1995.

<sup>19</sup> Óskar Ein. 1951, 77.

<sup>20</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 64.

*Við fórum klukkan 4 f.m. vestur á Flateyri [frá Suðureyri] að sækja vörur og komum í albjörtu. Fengum baráttu á Önundarfjörð vestur en rífandi byr út og baráttu grófa innfyrir Slotskerin.<sup>21</sup>*

Skýring á nafninu Slotsker virðist augljós því svo er skerjunum fyrir að þakka að bárunni slotar þegar inn fyrir þau kemur. Margur ræðarinn varð því glaður að komast inn fyrir skerin. Til skýringar á nafninu Slotsker er hins vegar boðin fram sú kenning að *til forna* hafi fiskur verið dreginn við skerin<sup>22</sup> og þau orðið slorug þegar gert var að aflanum. Djúpt mun vera við skerin og framan við þau er klettur, aðskilinn frá þeim með djúpu sundi.<sup>23</sup> Ber hann nafnið **Kálfur**.<sup>24</sup>

Víkin innan við Slotsker heitir **Hvalvík** og er talið að nafnið sé dregið af hvalreka.<sup>25</sup> Ofan við hana er stórt gil í fjallinu og heitir það **Manntapagil**.<sup>26</sup> Sagt er að þar hafi sauðamaður séra Andrésar Hjaltasonar týnt lífi í snjóflóði<sup>27</sup> en séra Andrés var prestur á Stað á árunum 1839-1849 (sjá hér bls. 124-127). Þeirri sögu verður þó líklega að taka með fullum fyrirvara. Svo virðist sem séra Andrés greini skilmerkilega frá öllum dauðsföllum í sínu prestakalli á þessum árum og oft getur hann um dánarorsök í prestsþjónustubókinni.<sup>28</sup> Í skráum hans þar yfir hina látnu í Staðarprestakalli á þessum árum er þó hvergi minnst á snjóflóð á Sauðanesi og á prestsskaparárum séra Andrésar í Súgandafirði dó enginn heimamaður á Stað sem hugsanlega gæti komið til greina.<sup>29</sup> Annað mál er það að sauðamaður annars Staðarprests kynni að hafa týnt hér lífi af völdum snjóflóðs allöngu fyrr. Nefna má að í Eyrarannál er þess getið að árið 1690 hafi *fjárþiltur* á Stað í Súgandafirði orðið fyrir skriðu.<sup>30</sup> Þar mun tvímælalaust hafa verið um banaslys að ræða því höfundur annálsins lætur vera að geta um aðrar slysfarir nema þá með skýringum. *Skriðan* sem þarna er talað um gæti sem best hafa verið snjóflóð úr Manntapagili því snjóflóð voru oft nefnd snjóskriður. Prestur á Stað árið 1690 var séra Jón Torfason (sjá hér bls. 42).

Innan við Hvalvík og Manntapagil er **Stórhóll** á sjávarbökkunum, hár og sæbrattur.<sup>31</sup> Vegalengdin frá Nestá að Stórhól er liðlega einn kílómetri en frá honum sést fyrst heim að Stað. Þar opnast líka sýn yfir Staðardalinn og allan þann part af Súgandafirði sem er fyrir utan fjallið **Spilli**. Við

<sup>21</sup> Lbs. 3859<sup>4to</sup>, Dagbók Einars Jónssonar 11.11.1894.

<sup>22</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 64.

<sup>23</sup> Sama heimild.

<sup>24</sup> Sama heimild.

<sup>25</sup> Sama heimild.

<sup>26</sup> Sama heimild.

<sup>27</sup> Sama heimild.

<sup>28</sup> Prestsþjónustubækur Staðar í Súgandafirði.

<sup>29</sup> Sama heimild.

<sup>30</sup> Annálar III, 362.

<sup>31</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 65.

Stórhól sveigir ströndin til austurs og liggur í nær beina línu frá vestri til austurs alla leið inn að **Keravík** sem er skammt fyrir utan ós Staðarár (Langár).

Í lýsingu Staðarsóknar í Súgandafirði frá árinu 1839 talar séra Andrés Hjaltason um **Stóruhóla**<sup>32</sup> og á þá greinilega við Stórhól svo líklega hefur fleirtölumyndin stundum verið notuð á fyrri tíð. Stóruhóla segir prestur vera utan við **Kleifarskál** á Sauðanesi og tekur fram að þar sé *tilbærilega grasgefið* undirlendi.<sup>33</sup>

Í fjallshlíðinni fyrir ofan Stórhól eru klettur sem heita **Svörtuloft** og munu einnig hafa verið nefndir **Svarthamrar**.<sup>34</sup> Bæði nöfnin eiga vel við. Ofan við þann klettavegg er grösug hilla með smálautum og ber nafnið **Koppar**.<sup>35</sup> Úr Koppum geta vanir fjallamenn fetað sig eftir mjóum þræðingi alla leið vestur í Hlöðuteiga sem eru hinum megin við Nestána.<sup>36</sup> Þessi þræðingur heitir **Gangur**.<sup>37</sup> Í Svörtuloftum er hellir sem sagt er að nái býsna langt inn í bergvegginn.<sup>38</sup> Hellirinn, sem er a.m.k. 10 metra langur, er í næsta þræðingi fyrir ofan þann sem venjulega er farinn í fjárleitum.<sup>39</sup>

Á Stórhól og innan við hann var góð vetrarheit fyrir sauði, enda stendur hóllinn jafnan upp úr snjó og það í mestu snjóavetrum.<sup>40</sup> Vetrarheitina á þessum slóðum munu Staðarprestar hafa nýtt sér eins og kostur var á fyrri tíð og sér þess víða merki. Rétt innan við sjálfan háhólinn eru rústir af beitarhúsi sem kynnu að vera frá nítjándu öld. Þessar tóttir eru 7-8 metrar á lengd og um það bil 4 metrar á breidd. Í húsinu hafa verið tveir karmar og jötubálgur í miðju. Dyrnar eru enn mjög greinilegar. Við annan enda þessara rústa er lítil tótt, tæplega tveir metrar á lengd, og má telja mjög líklegt að þar hafi sauðamaðurinn legið við. Að minnsta kosti virðist stærð nýnefnds hreysis við það miðuð að einn maður geti skriðið þar í skjól.

Í byrjun tuttugustu aldar voru einhverjar sagnir á kreiki um reimleika á þessum stað. Hjá Guðmundi Jóhannessyni, áður bónda á **Langhól** (í **Bæ**), sem átti í elli sinni heima á **Kvíanesi**, fékk Magnús Hjaltason efni í þessa sögu:

*Guðmundur Sigurðsson hét bóndi á Stað í Súgandafirði um 1830. (Dóttir hans var Elísabet sterka á Hjöllum í Skötufirði). Þá var smali þar um 12 ára gamall Guðmundur Jóhannesson er dó á Kvíanesi 15.11.1912. Guðmundur Sigurðsson hafði sauðahús út á nesinu, á „Hólnum”. En*

<sup>32</sup> Sóknalýsingar Vestfjarða II, 112.

<sup>33</sup> Sama heimild.

<sup>34</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 65.

<sup>35</sup> Sama heimild.

<sup>36</sup> Sama heimild, 64-65.

<sup>37</sup> Sama heimild, 65.

<sup>38</sup> Sama heimild.

<sup>39</sup> Pétur E. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 16.12.1995.

<sup>40</sup> Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 7.7.1995.

*hvernig sem því hefur verið varið kom það fyrir að húsið var aftur og aftur fellt í tótt. Guðmundur lét tvívegis reisa það en allt fór á sömu leið. Þetta var kennt óhreinu. Þar hefur ekki verið byggt síðan.<sup>41</sup>*

Forvitnilegt er að skoða hvernig sagan hefur brenglast í meðförum Magnúsar hvað tímasetningu atburða varðar. Hann segir Guðmund Sigurðsson, föður Elísabetar húsfreyju á Hjöllum í Skötufirði, hafa verið bónda á Stað um 1830 en hið rétta er að Guðmundur bjó hér árið 1811<sup>42</sup> og aðeins í fáein ár þar í kring. Hann var ekki kominn að Stað árið 1801 og árið 1816 var hann farinn héðan og kominn að Kleifum í Skötufirði.<sup>43</sup>

Guðmundur Jóhannesson, sem var sögumaður Magnúsar, fæddist í Skutulsfirði árið 1828 og varð ekki smali á Stað fyrr en 1841<sup>44</sup> en þá voru liðin a.m.k. 25 ár frá því nafni hans Sigurðsson fluttist inn í Djúp. Ætla má að á dvalarárum sínum á Stað, 1841-1849, hafi Guðmundur Jóhannesson heyrt sagðar sögur af basli Guðmundar Sigurðssonar við að koma upp *sauðahúsi* á Stórhólum, húsinu sem var tvívegis *fellt í tótt* þegar búið var að koma því upp. Þessar sögur mun hann svo hafa sagt Magnúsi Hjaltasyni 60-70 árum síðar og þegar Magnús fer að skrásetja verður honum það á að gera Guðmundana tvo að samtímamönnum á Stað.

Liðlega 100 metrum innan við tóttina á Stórhól er hringlaga, jarðsigin tótt sem orðin er nokkuð ellileg. Hún er um 20 metrar í ummál og stendur lítið eitt neðan við hlíðarfótinn. Telja má fullvíst að þarna hafi verið sauðabyrgi á fyrri tíð en þau voru flest hringlaga um langt skeið og til þess ætluð að útigangssauðir gætu leitað þar skjóls í illviðrum. Slíkt fjárbyrgi var þá oft kallað hlað eða sauðahlað. Innar á Sauðanesi eru a.m.k. þrjár aðrar tóttir af þessu tagi, ein í **Klangurhólum**, önnur rétt hjá **Selinu** og sú þriðja upp af **Hnísuvík**. Verður þeirra getið hér nánar síðar. Áður en lengra er haldið virðist hins vegar skylt að taka fram að um 1825 hættu Staðarmenn sauðaeldinu að mestu og á árunum frá 1840 til 1880 voru oftast engir sauðir á Stað ef marka má búnaðarskýrslur (sjá hér bls. 13-14).

Hryggur skammt fyrir innan Stórhól heitir **Ölduhryggur** en laut í sjávarbökkunum greinir hann frá hólum.<sup>45</sup> Innan við hrygginn er grasi gróið sléttlendi sem kallast **Flatir ytri** og niður af þeim er við sjóinn **Ölduhryggjarvík**.<sup>46</sup> Hér á Ytri-Flötum mun síðast hafa verið heyjað árið 1936 og var heyið þá flutt sjóleiðis til Suðureyrar.<sup>47</sup> Innan við nýnefndar Flatir eru allmargir hólar með djúpum lautum á milli og hefur heimafólk á Stað lengi nefnt þá Klangurhóla.<sup>48</sup> Orðið klangur merkir meðal annars hrófatildur og sýnist hæfa þessari hólabyrpingu bærilega vel. Ástæðulaust

<sup>41</sup> Lbs. 2736<sup>4to</sup>, Magnús Hjaltason, bls. 113-115.

<sup>42</sup> Sóknarmannatöl Staðar í Súgandafirði.

<sup>43</sup> Manntöl 1801 og 1816.

<sup>44</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>45</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 65.

<sup>46</sup> Sama heimild.

<sup>47</sup> Þórður Ágúst Ólafsson, minnisblöð hans frá árinu 1980 um örnefni í Staðardal, ljósrit í eigu K.Ó.

<sup>48</sup> Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 7.7.1995.

virðist því að grípa fremur til nafnsins **Klungurhólar** en svo eru hólar þessir nefndir allvíða í rituðu máli.<sup>49</sup> Sú var trú manna að í Klangurhólum væri álfabyggð<sup>50</sup> en sögur úr þeim álfarann munu nú vera flestum eða öllum gleymdar. Í Klangurhólum, mjög skammt ofan við brún sjávarbakkans, er tótt af hringlaga sauðabyrgi og er ummál hennar um það bil 19 metrar.

Frá tóttinni sem hér var síðast nefnd eru aðeins 100 metrar eða liðlega það inn að **Seltúninu**, sem liggur í dálítilli brekku ofan við sjávarbakkana, en efst í því eru tóttir af selinu frá Stað og heitir þar enn Sel.<sup>51</sup> Frá Selinu eru varla nema þrír kílómetrar heim að Stað. Selhúsin, sem voru tvö, hafa verið sambyggð. Stærri tóttin er röskir 5 metrar á lengd og liðlega 3 metrar á breidd. Sú minni, sem er innar og snýr þvert á stærri tóttina, er um það bil 2,5 x 3 metrar að flatarmáli. Rétt við rústir selhúsanna er svo ein hringlaga tótt, um 13 metrar að ummáli. Ætla má að sú bygging hafi síðast verið notuð sem sauðabyrgi en verið getur að byrgið hafi verið byggt upp úr gamalli kví þegar seljabúskapur lagðist af. Örfáum metrum innan við hinar fornu seltóttir eru leifar af gamalli fjárrétt sem virðist hafa verið um það bil 9 metrar á lengd og því sem næst 5 metrar á breidd. Hugsanlegt er að hér hafi fé verið rekið saman þegar smalað var til rúnings en mjög ólíklegt verður að telja að svona stór rétt hafi verið notuð sem mjaltakví við seljabúskapinn.

Skemmtilegt er að sjá gömlu reiðgötuna sem liggur hér út bakkana og sveigir upp að selinu eins og vænta mátti. Enn er hún greinileg. Óvíst er hvenær búsmali var síðast hafður hér í seli en augljóst virðist þó að það hafi ekki verið seinna en um 1800. Orð séra Andrésar Hjaltasonar í sóknarlýsingunni frá 1839 benda að minnsta kosti mjög eindregið til þess en hann segir þar að selstöður séu engar í Súgandafirði og virðist ekki hafa haft neinar spurnir af seljabúskap í þessu prestakalli.<sup>52</sup> Rétt er þó að hafa í huga að þegar séra Andrés skrifaði sóknarlýsingu sína hafði hann aðeins dvalist í Súgandafirði í nokkra mánuði. Með hliðsjón af vitneskju um seljabúskap hér og þar í nálægum byggðum á 18. öld og á nokkrum jörðum allt fram yfir 1820 (sjá hér Mosvallahreppur, Mýrahreppur og Þingeyrarhreppur) verður hins vegar að telja fremur líklegt að slíkt búskaparlag hafi líka tíðkast á einhverjum bæjum í Súgandafirði seint eða snemma á 18. öldinni. Seltóttir eru enn mjög greinilegar á allmörgum bæjum í Suðureyrarhreppi eins og hér verður síðar rakið en því miður eru þær tregar til svars um aldur sinn.

Ofan við Seltúnið og Klangurhóla, sem fyrr voru nefndir, skerst stór og djúp skál inn í klettavegg fjallsins. Hún er liðlega einn kílómetri á breidd. Þessi myndarlega skál í Sauðanesinu heitir Kleifarskál.<sup>53</sup>

<sup>49</sup> Lbs. 2736<sup>4to</sup>, Magnús Hjaltason, bls. 106. Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 65. Örnefnakort gefið út 1983, eftirpr. af örnefnakorti frá því um 1930.

<sup>50</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 27.

<sup>51</sup> Sama heimild, 65.

<sup>52</sup> Sóknalýs. Vestfj. II, 117.

<sup>53</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 65.

Fjallsbrúnin fyrir botni skálarinnar er hömrum girt að mestu en yst er þó alveg klettalaust alla leið upp á efstu brún. Þarna er greið leið upp á fjallið og farið um **Hákonarheiði** efst en neðar er **Hákonarhjalli**.<sup>54</sup> Magnús Hjaltason segir að bæði *heiðin* og hjallinn séu kennd við *Hákon nokkurn prest* sem hafi farið þarna um að vetrarlagi.<sup>55</sup> Þá sögu er best að selja ekki dýrar en hún var keypt. Uppi á Sauðanesinu, ofan við Kleifarskál og Hákonarheiði, er talsverður gróður sem nær að ystu brún.<sup>56</sup> Mest er það stór og þarna uppi á fjallinu er landið marflatt að kalla.<sup>57</sup> **Kleifin**, sem Kleifarskál tekur nafn af, er hár og brattur urðarhryggur í hlíðinni innan við Seltúnið en fjallsraninn innan við skálina heitir **Jaðar**.<sup>58</sup> Rétt utan við hann er **Greni** og þar mun lágfóta hafa átt sér bú, bæði fyrir og síðar.<sup>59</sup>

Upp við fjallsbrúnina innan við Jaðar er **Ystahvilft** en **Skatnatindahryggur** skilur hana frá **Miðhvilft** sem er innar.<sup>60</sup> Á hryggnum eru nokkrar klettastrýtur sem hafa á sér mannsmynd og eru því nefndar **Skatnatindar**. Hvilftin innan við Skatnatindahrygg, sú sem heitir Miðhvilft, er mjög lítil en innan við hana er **Bæjarhvilft** sem er mun stærri og liggur í fjallinu utan og ofan við túnið á Stað. Í sóknarlýsingu sinni frá árinu 1839 notar séra Andrés Hjaltason samheitið **Hvilftir**.<sup>61</sup>

Síðasti áfanginn á ferð okkar fyrir Sauðanes, frá Eyri í Önundarfirði að Stað, er spölurinn frá selinu og heim í hlað á hinum forna kirkjustað Súgfirðinga. Þann spöl má ganga á liðlega hálfri klukkustund ef hratt er farið en við höfum nægan tíma og förum því hægar. Best er að röltu inn grundirnar ofan við sjávarbakkana og liggur leiðin þá fyrst yfir **Kleifarvíkurbarð ytra** sem er neðan við Seltúnið.<sup>62</sup> Innan við barðið er **Kleifarvík**, allstór vík við sjávarströndina og ærið bratt niður frá háum bökkunum. Hér átti sér stað hörmulegt slys í marsmánuði árið 1922 þegar þilskipið Talisman frá Akureyri strandaði utantil við víkina í stormi og náttmyrkri. Af sextán skipverjum drukknuðu átta og fjóra kól til bana, en fjórir komust af. Frá hinni átakanlegu slysför skipverjanna á Talisman er sagt hér nánar á öðrum stað (sjá bls. 277-286).

Annar manntapi varð hér í Kleifarvík 3. mars árið 1926 er ungur maður frá Stað, Ingólfur Þorvarðarson, beið bana í snjóflóði.<sup>63</sup> Hann var 26 ára að aldri, sonur séra Þorvarðar Brynjólfssonar á Stað sem þá var nýlega látinn. Ingólfur var að fylgja Sigurði Greipssyni, íþróttakennara frá Haukadal í Biskupstungum, fyrir Sauðanes, úr Súgandafirði til Flateyrar,

<sup>54</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 65.

<sup>55</sup> Lbs. 2736<sup>4to</sup>, Magnús Hjaltason, bls. 107-108.

<sup>56</sup> Pétur E. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 16.12.1995.

<sup>57</sup> Sama heimild.

<sup>58</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 66.

<sup>59</sup> Sama heimild.

<sup>60</sup> Sama heimild.

<sup>61</sup> Sóknalýs. Vestfj. II, 112.

<sup>62</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 66.

<sup>63</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

og slapp Sigurður naumlega við flóðið.<sup>64</sup> Allvíða á Sauðanesi er talin hætta á snjóflóðum og þá einkum hér við Kleifarvíkina og fyrir utan Stórhól.<sup>65</sup>

Innan við Kleifarvík gengur fram nes með skerjum og klettum í sjó fram en innan við það er **Básavík**.<sup>66</sup> Hún er hömrum girt og ber nafn með réttu því nokkrir klettabásar standa hér í fjörunni og fyllast af sjó þegar aðfallið kemur. Milli Kleifarvíkur og Básavíkur er svolítið barð uppi á bökkunum og mun ýmist vera nefnt **Básabarð** eða **Kleifarvíkurbarð innra**.<sup>67</sup> Nokkur flæðihætta var talin í Básavík að vetrinum því erfitt gat verið fyrir fé að komast upp úr víkinni í miklum snjóum.<sup>68</sup>

Uppi á bökkunum innan við Básavík eru sléttar grundir sem heita **Flatir innri** og ná inn að **Fornastekk**<sup>69</sup> sem er um 800 metrum innan við Básabarð hér uppi á bökkunum.<sup>70</sup> Stekkjartóttin er enn á sínum stað, tvískipt með þvervegg og lambakrær við báða enda. Hún er tólf til þrettán metrar á lengd og tveir til þrjár metrar á breidd. Nafnið **Fornustekkir** mun einnig hafa verið notað um þennan stað<sup>71</sup> og vikin hér fyrir neðan ýmist nefnd **Fornastekksvík**<sup>72</sup> eða **Fornustekkjavík**.<sup>73</sup> Upp af henni sjást leifar af hlöðnum grjótagarði og er það gömul kúagirðing.<sup>74</sup>

Hér uppi í hliðinni er allstórt barð neðan við innanverða Ystuhvilft. Það dregur nafn af lögun sinni og heitir **Bunga** en ásinn neðan við hana heitir **Leiti**.<sup>75</sup> Ríkjandi málvenja er að þeir sem koma utan af Sauðanesi fara *inn* uns þeir koma á Leitið en síðan *fram*, það er inn nesið en fram dalinn.<sup>76</sup> Sé gengið með sjó er stefnan þó alltaf *inn*, frá Sauðanesi að Áróis. Út á Flatirnar umhverfis Fornastekk sést ekki heiman frá Stað af því Leitið ber á milli. Heiman við Leiti eru gömul engjalönd. Þar er yst **Leitispartur** sem nær inn undir Keravík.<sup>77</sup> Fyrir framan Leitispart og út með honum að ofan eru **Bungumýrar** og heiman við þær er svo **Grafarpartur**.<sup>78</sup> Allt munu þetta hafa verið slægjulönd á fyrri tíð en nú (1995) er aðeins heyjað í Leitispartinum sem er nær allur orðinn að túni.<sup>79</sup> Í Grafarparti var mótak og enn sést að þar hafi verið stunginn mór.<sup>80</sup> Neðan við Leiti er **Leitísvík** við sjóinn og er hún sú næsta fyrir innan Fornastekksvíkina.<sup>81</sup> Fyrir innan

<sup>64</sup> Gunnar M. Magnúss 1977, 476.

<sup>65</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 63.

<sup>66</sup> Sama heimild, 66.

<sup>67</sup> Sama heimild.

<sup>68</sup> Sama heimild, 63.

<sup>69</sup> Pétur E. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 16.12.1995.

<sup>70</sup> Örn.kort gefið út 1983, eftirpr. af örn.korti frá því um 1930. Pétur E. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 16.12.1995.

<sup>71</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 66.

<sup>72</sup> Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 7.7.1995.

<sup>73</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 66.

<sup>74</sup> Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 7.7.1995.

<sup>75</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 66. Örn.kort g. út 1983, eftirpr. af örn.korti frá því um 1930.

<sup>76</sup> Pétur E. Þórðarson. Viðtal K.Ó. við hann 16.12.1995

<sup>77</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 67.

<sup>78</sup> Sama heimild.

<sup>79</sup> Pétur E. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 16.12.1995.

<sup>80</sup> Sama heimild.

<sup>81</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 66.



Leitisvík er svo Hnísvík<sup>82</sup> en á bökkunum fyrir ofan hana er hringlaga tótt af gömlu sauðabyrgi. Ummál hennar er liðlega tuttugu metrar. Skammt þar frá, á bökkunum milli Hnísvíkur og Keravíkur, sem er næsta vík fyrir innan, stendur stór steinn skammt frá bakkabrún, ekki ólíkur húsi að lögun. Þetta er **Landdísarsteinn**,<sup>83</sup> einn af mörgum steinum með því nafni í fjörðunum milli Sléttaness og Stiga. Sú var trú fólks á fyrri tíð að vættir byggju í þessum steinum (sjá hér Núpur í Dýrafirði). Nærri lætur að dísarsteinninn, sem við stöndum nú hjá, sé 1,70 metrar á hæð og hinar fjórar hliðar hans frá 1,5 – 3,5 metrar á breidd.

Frá Landdísarsteini tókum við strikið upp **Móana**, beinustu leið heim að Stað, en síðar munum við skoða betur eitt og annað í nánasta umhverfi þessa gamla kirkjustaðar (sjá hér bls. 10-12 og 286-292), m.a. Keravíkina þar sem lengi var verstöð og Staðarmenn höfðu öldum saman uppsátur fyrir báta sína (sjá hér bls. 270-276).

Bær og kirkja á Stað standa enn á gamla bæjarhólnum í um það bil eins kílómetra fjarlægð frá sjó. Bæjarhóllinn er í raun kollurinn á stórri bungulagaðri hæð sem landinu hallar frá á alla vegu. Stað og kirkju ber því hátt þegar farið er um dalinn. Prestsbústaðurinn, sem byggður var árið 1909 og brann 5. janúar 1976, stóð á **Smiðjuflöt**, um 60 metrum fyrir sunnan og austan íbúðarhúsið sem hér er nú (1996).<sup>84</sup> Gamli torfbærinn stóð aðeins framar en húsið frá 1909 og heldur nær fjallinu.<sup>85</sup> Á því forna bæjarstæði eru nú útihús. Skammt fyrir framan Stað skiptir fjallið **Sunddalshorn** Staðardal í tvo dali, **Sunddal** sem er vestan þess og Vatnadal hinum megin.<sup>86</sup> Nafnið Staðardalur er þó oft látið ná yfir báða þessa framdali auk hins óskipta hluta dalsins og þá litið svo á að bæði Sunddalur og Vatnadalur séu í Staðardal.

Í grennd við Stað er dalurinn um það bil einn kílómetri á breidd en Vatnadalur og Sunddalur eru hvor um sig nokkru mjórri. Niður Sunddal fellur **Pverá** en **Vatnadalsá** eða Langá niður Vatnadal.

Greinilegt er að megináin í Staðardal hefur ekki ætíð verið nefnd sama nafni. Á 14. öld var hún nefnd **Dalsá** (sjá hér bls. 2). Á 18. öld virðist hún ýmist hafa verið nefnd **Bæjará** eða Vatnadalsá því í Jarðabókinni frá 1710 er talað um **Bæjarós**<sup>87</sup> og í heimild frá 1775 um Vatnsdalsós hér niður við ströndina<sup>88</sup> sem hlýtur að vera misritun fyrir **Vatnadalsós**. Í sóknarlýsingunni frá 1839 er áin nefnd Vatnadalsá og þar er líka talað um Vatnadalsós<sup>89</sup> en um aldamótin 1900 og eitthvað fram eftir 20. öld virðist áin ýmist hafa verið nefnd Langá eða Staðará, Langá þar sem hún mætir

<sup>82</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 66.

<sup>83</sup> Sama heimild.

<sup>84</sup> Sama heimild, bls. 68. Morgunblaðið 6.1. 1976. Þorvaldur H. Þórðarson. - Viðtal K.Ó við hann 26.6. 1996.

<sup>85</sup> Haraldur Þorvarðarson. - Viðtal K.Ó við hann 22.4. 1996.

<sup>86</sup> Örn.stofnun/Kristján G. Þorvaldsson 1949, 81.

<sup>87</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VII, 130.

<sup>88</sup> Ólafur Olavíus 1964, I, 185.

<sup>89</sup> Sóknalýs. Vestfj. II, 117.

Þverá en Staðará niður við ósinn.<sup>90</sup> Vel má reyndar vera að margir hafi þá enn nefnt þann hluta árinna sem rennur um land Vatnadals Vatnadalsá. Á síðustu áratugum níttjándu aldar og fyrsta fjórðungi tuttugustu aldarinnar virðist neðsti hluti árinna ætíð hafa verið nefndur Staðará í opinberum gögnum<sup>91</sup> en síðustu áratugina og eigi skemur en frá því um 1940 hefur nafnið Langá verið ríkjandi í munnheimafólks á Stað<sup>92</sup> og svo er áin nefnd á örnefnakorti frá því um 1930.<sup>93</sup> Fólkið sem átti heima í Bæ um 1940 nefndi hana hins vegar jafnan Vatnadalsá<sup>94</sup> en þau sem nú búa í Bæ telja Staðará ná *fram undir Hraunin* og þar taki Vatnadalsá við.<sup>95</sup>

Landamerki Staðar á mótinu jörðinni Bæ eru árnar Staðará og Þverá.<sup>96</sup> Neðan frá sjó og fram að Þverá er það Staðará sem rennur á merkjunum og síðan Þverá allt til upptaka fyrir botni Sunddals. Sunddalurinn er því að hluta til í landi Staðar en þar er þó meira land Bæjarmegin. Í skjali frá árinu 1460 sést að landamerki Staðar og Bæjar voru þá hin sömu og nú en þar er áin á Sunddal nefnd **Sunddalsá**.<sup>97</sup>

Á árunum upp úr 1860 var fyrir hendi lítilfjörlegur ágreiningur um landamerki milli Staðar og Bæjar. Deilt var um **Brúneyri**<sup>98</sup> en það örnefni er nú glatað og svo virðist sem enginn viti nú með fullri vissu hvar eyri þessi muni hafa verið. Nær fullvíst má þó telja að þrætuland þetta hafi verið í eða við Staðará, á svæðinu frá ármótum hennar og Þverár og niður að **Bjarnanesi**.<sup>99</sup> Þar kynni áin að hafa fallið með nokkuð breytilegum hætti<sup>100</sup> en slíkt háttalag er jafnan vel til þess fallið að vekja styrk um landamerki. Líklegast er reyndar að þessi landamerkjadeila hafi aldrei valdið verulegum illindum og eina heimildin um hana sem fyrir liggur er það sem séra Stefán P. Stephensen, prófastur í Holti í Öndarfirði, bókaði 2. nóvember 1862 er hann vísitaraði kirkjuna á Stað. Í vísitazíugerðinni kemst prófastur svo að orði:

*Eignir hennar [Staðarkirkju] og ítök hin sömu sem að undanfögnu og óátalin nema hugsanlega lítill ágreiningur ætlaði að verða milli Bæjareigenda og prestsins út af svonefndri Brúneyri sem Beneficiarius [presturinn] gerir sér von um að detti niður.*<sup>101</sup>

<sup>90</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 67 og 80.

<sup>91</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 67 og 80. Skjöl Suðureyrarhr., varðv. þar: *Bók fyrir Suðureyrarhrepp 1888-1902*, reikn. yfir brúna á Staðará 1894. Sama bók, uppteikning yfir ómagaframfæri í Suðureyrarhr. haustið 1888. Fundarg. hreppsnefndar Suðureyrarhr., fundargerð 21.3.1926.

<sup>92</sup> Pétur E. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 16.12.1995.

<sup>93</sup> Uppdráttur Suðureyrarhrepps eftir Jón Hróbjartsson, eftirpr. 1983 af örn.korti frá því um 1930.

<sup>94</sup> Guðmundur Ibsen. – Viðtal K.Ó. við hann 16.5.1996.

<sup>95</sup> Karl Guðmundsson. – Viðtal K.Ó. við hann 27.6.1996.

<sup>96</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 63.

<sup>97</sup> D.I. V, 206-207.

<sup>98</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, vísitazíugerð prófasts 2.11.1862.

<sup>99</sup> Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 26.6.1996.

<sup>100</sup> Sama heimild.

<sup>101</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, vísitazíugerð prófasts 2.11.1862.

Prestur á Stað haustið 1862 var séra Arngrímur Bjarnason (sjá hér bls. 130-143).

Frá bæjarhlaðinu á Stað eru aðeins nokkur hundruð metrar fram að Þverá og álíka langt niður að Staðará, þar sem skemmst er. Fjallsbrúin sunnan við bæinn á Stað liggur í um það bil 520 metra hæð yfir sjávarmáli og heitir þar **Miðdegisbunga** framan til við Bæjarhvilftina<sup>102</sup> sem fyrr var nefnd (sjá hér bls. 7) en úr henni kemur bæjarlækurinn. Norðan við dalinn er það **Bæjarhlíðin** sem blasir við frá Stað og nær að Spillisrönd en fjallið Spillir, sem snýr að opnu hafi, skilur Staðardalinn frá annarri mannabyggð í Súgandafirði. Sé hins vegar litið frá Stað í suðausturátt mætir sjónum okkar hið fagurskapaða fjall Sunddalshorn. Við mynni Sunddals, næst Stað, liggur brún þess í aðeins 252ja metra hæð yfir sjávarmáli en smátt og smátt hækkar fjallið þegar lengra dregur inn til landsins og við botn Sunddals hefur það náð yfir 600 metra hæð.

Frá fornu fari voru fjórar bújarðir í Staðardal, Staður, **Fremri-Vatnadalur**, **Neðri-Vatnadalur** og Bær.<sup>103</sup> Tvær þeirra, Staður og Bær, eru enn í byggð. Milli bæjanna á þessum jörðum er aðeins skammur spölur, 800 metrar eða þar um bil sé vaðið yfir ána en um það bil tveir og hálfur kílómetri sé farið yfir brúna niður við árosinn þar sem akvegurinn liggur. Bæirnir tveir í Vatnadal, sem nú eru komnir í eyði, stóðu báðir í sama túni þó að jarðirnar teldust vera tvær. Milli Staðar og Vatnadalshæjanna voru aðeins tveir kílómetrar væri farið beint af augum en frá Bæ er einn kílómetri fram í Vatnadal. Þegar horft er frá Stað yfir að Bæ er ekkert sem skyggir á og héðan frá prestssetrinu mun einnig hafa sést til bæjanna fram í Vatnadal (sjá hér Bær og Vatnadalur). Í Staðardal voru allar vegalengdir milli bæja mjög stuttar og inn að Suðureyri, sem er hinum megin við Spilli, eru reyndar aðeins þrjú og hálfur kílómetri en sú leið liggur inn **Spillisfjörur** og gat oft verið erfið að vetrarlagi því brimið gekk stundum upp í kletta og talsvert hrun var úr fjallinu. Samt var þetta eini kirkjuvegur flestra Súgfirðinga á öllum öldum því kirkjan var ætíð á Stað og hér sátu prestarnir.

Að fornu mati taldist bújörðin Staður vera 16 hundruð að dýrleika.<sup>104</sup> Á 18. og 19. öld var fjöldi býla hér á Stað frá einu og upp í sex.<sup>105</sup> Fátítt var að sitjandi prestur byggi einn á allri jörðinni því oftast var hér líka a.m.k. einn bóndi við búskap og stundum fleiri.<sup>106</sup> Bændurnir á Stað

<sup>102</sup> Örn.kort gefið út 1983, eftirprentun af örn.korti frá því um 1930.

<sup>103</sup> Jarðab. Á. og P. VII, 128-132.

<sup>104</sup> Sama heimild, 128-129.

<sup>105</sup> Manntöl 1703, 1762, 1801, 1816, 1835, 1840, 1845, 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890 og 1901. Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. 1786, 1788, 1790, 1793 og 1802. Jarðab. Á. og P. VII, 128-129 (frá árinu 1710). Bændatöl og skuldaskrár 1720-1765, Ísafj.s. um 1735, eftirrit. Jarða- og bændatöl frá 1752-1767, Ísafj.sýsla 1753. Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, búnaðarskýrslur 1821 og 1830.

<sup>106</sup> Sömu heimildir.

Þjuggu ýmist á heimajörðinni eða í einhverri af hjáleigunum.<sup>107</sup> Þær voru fjórar en sjaldan var þó búið í fleiri en tveimur á sama tíma og aldrei í fleiri en þremur í senn. Frá hjáleigunum er sagt hér nánar á öðrum stað (sjá hér bls. 241-270) en þær hétu **Staðarhús ytri**, **Staðarhús fremri**, sem einnig voru nefnd **Vandræðastaðir** og **Vandræðakot**, - **Bakkakot** og **Lækjarhús**.<sup>108</sup> Árið 1793 þjuggu fimm bændur á Stað auk prestsins svo þá voru hér sex býli, tvö á sjálfri heimajörðinni, tvö í Staðarhúsum ytri, eitt í Staðarhúsum fremri og eitt í Bakkakoti.<sup>109</sup> Slíkur fjöldi býla á þessari jörð mun þó hafa verið einsdæmi á þeim tíma sem heimildir ná til.<sup>110</sup> Nokkur dæmi má hins vegar finna um að fjórir búendur hafi setið hér samtímis<sup>111</sup> og árið 1860 voru hér fimm býli. Á heimajörðinni voru þá tveir búendur, einn í Staðarhúsum, einn í Lækjarhúsum og einn á **Keravíkurbökkum**<sup>112</sup> en sú hjáleiga var áður nefnd Bakkakot. Einn þessara fimm búenda var sóknarpresturinn og í manntalinu frá 1860 eru hinir fjórir allir taldir vera bændur.<sup>113</sup> Má það til sanns vegar færa þó bústofninn væri lítill því enginn þeirra var kýrlaus.<sup>114</sup> Hins er þó rétt að geta að í búnaðarskýrslu frá þessu sama ári eru þeir sem þjuggu á Keravíkurbökkum og í Lækjarhúsum taldir vera húsmenn.<sup>115</sup> Um 1865 féll byggð niður í öllum hjáleigunum sem síðast var búið í en á árunum kringum 1880 hafðist húsfólk þó við um skeið í **Lækjarkoti** sem áður var nefnt Lækjarhús.<sup>116</sup> Á árunum 1863-1901 var Staðarprestakalli þjónað frá Holti í Önundarfirði<sup>117</sup> og nýr prestur fór ekki að búa á Stað fyrr en vorið 1902.<sup>118</sup> Á þessu skeiði, árunum 1863-1902, þjuggu hér dugmiklir bændur og höfðu yfirleitt ábúð á allri jörðinni svo þá var hér oftast einbýli en eitthvað um húsfólk sum árin.<sup>119</sup>

Í Jarðabókinni frá 1710 segir svo um helstu kosti og ókosti bújarðarinnar Staðar í Súgandafirði:

*... útígangur í skárri lagi bæði til lands og vatns.  
Torfrista og stunga lök. Móskurður til eldiviðar bjarglegur.*

<sup>107</sup> Manntöl 1703, 1762, 1801, 1816, 1835, 1840, 1845, 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890 og 1901. Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. 1786, 1788, 1790, 1793 og 1802. Jarðab. Á. og P. VII, 128-129 (frá árinu 1710). Bændatöl og skuldaskrár 1720-1765, Ísafj.s. um 1735, eftirrit. Jarða- og bændatöl frá 1752-1767, Ísafj.sýsla 1753, Skj.s.sýslum. og sv.stj., Ísafj.s. XX.1, búnaðarskýrslur 1821 og 1830.

<sup>108</sup> Manntöl 1703, 1762, 1801, 1816, 1835, 1840, 1845, 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890 og 1901. Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. 1786, 1788, 1790, 1793 og 1802. Jarðab. Á. og P. VII, 128-129 (frá árinu 1710). Bændatöl og skuldaskrár 1720-1765, Ís. um 1735, eftirrit. Jarða- og bændatöl frá 1752-1767, Ísafj.sýsla 1753, Skj.s.sýslum. og sv.stj., Ísafj.s. XX.1, búnaðarskýrslur 1821 og 1830.

<sup>109</sup> Sömu heimildir. – Sóknarm.tal 1793.

<sup>110</sup> Sömu heimildir.

<sup>111</sup> Manntal 1762. Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. 1788 og 1790. Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, búnaðarskýrslur 1830.

<sup>112</sup> Manntal 1860.

<sup>113</sup> Sama heimild.

<sup>114</sup> VA III, 417, búnaðarskýrslur 1860.

<sup>115</sup> Sama heimild. Sbr. Manntal 1860.

<sup>116</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. Manntal 1880.

<sup>117</sup> Sveinn Níelsson 1950, 193-194.

<sup>118</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>119</sup> Manntöl 1870, 1880, 1890 og 1901.

*Silungsveiði lítil og valla teljandi. Reki hefur áður verið gagnvænn en nú mjög lítt heppnast og ekki til gagnsmuna teljandi í margt ár. ... Enginu grandar vatn sem étur rótina. Úthagar foreyðast mjög af skriðum. Hætt er útigangspeningi mjög fyrir snjóflóðum og hefur oft að því stórskæði orðið.*

*Heimræði er hér ár um kring og lending ein sem bæði er brimsöm og hættuleg þegar að amar og ganga hér skip staðarhaldarans eitt eður tvö eftir sem hann fær við komið. Fleiri mættu ganga ef fólk til fengist.<sup>120</sup>*

Ætla má að það séu fyrst og fremst ókostirnir sem þarna eru dregnir fram. Séra Tyrfingur Finnsson, sem var prestur hér á Stað árið 1738, dregur upp nokkru bjartari mynd af landgæðum jarðarinnar í bréfi til biskups frá því ári. Hann segir: *Þar [á Stað] er töðuvöllur sæmilegur sem nokkurn veginn getur forsorgað sex kirkjunnar kúgildi, engjar eru þar litlar og snöggvar en hagbeit sæmileg á sumrin.<sup>121</sup>*

Mun bjartara er svo yfir lýsingu á jarðargæðum sem opinberir matsmenn færðu í letur um 1920. Þar er Staðartúnið sagt vera harðlent og í meðallagi grasgefið, útengi samfelld, greiðfært og grasgefið, beitoland ágætt, sumar og vetur og ágæt fjörubeit.<sup>122</sup> Þá var talið að hér mætti framfleyta 120 sauðkindum, 6 kúm og 4 hrossum.<sup>123</sup> Af túninu fengust 130 hestar af heyi og 250 hestar af engjunum.<sup>124</sup> Til hlunninda taldist mótak, lítilfjörlegur reki og dálítill silungsveiði.<sup>125</sup>

Á 18. og 19. öld var stærð bústofnsins hér á Stað talsvert breytileg. Árið 1710 voru hér 10 kýr, 64 ær, 42 sauðir, tvævetra og eldri, 29 veturgamlir sauðir, 60 lömb og 3 hestar.<sup>126</sup> Bústofninn skiptist þá milli tveggja ábúenda, prestsins sem sat á heimajörðinni og bónda sem bjó í Staðarhúsum.<sup>127</sup> Bú prestsins var nokkru stærra en bóndans því sá fyrrnefndi var með 40 ær og 46 sauði en bóndinn með 24 ær og 25 sauði.<sup>128</sup> Kýrnar voru hins vegar jafn margar hjá báðum, 5 á hvoru búi.<sup>129</sup>

Á árunum 1820-1880 var bústofn Staðarmanna yfirleitt talsvert miklu minni en verið hafði 1710 ef nokkurt mark er takandi á hinum opinberu búnaðarskýrslum. Kýr og kelfdar kvígur voru þá yfirleitt á bilinu frá

<sup>120</sup> Jarðab. Á. og P. VII, 128-129.

<sup>121</sup> Bps. A. IV. nr. 61a. Bréf séra Tyrfings Finnssonar 25.6.1738 til Jóns biskups Árnasonar.

<sup>122</sup> Fasteignamatsskjöl. Gjörðabók undirmatsnefndar í V-Ís., löggilt 26.3.1919, bls. 194.

<sup>123</sup> Sama heimild.

<sup>124</sup> Sama heimild.

<sup>125</sup> Sama heimild.

<sup>126</sup> Jarðab. Á. og P. VII, 128-129.

<sup>127</sup> Sama heimild.

<sup>128</sup> Sama heimild.

<sup>129</sup> Sama heimild.

tveimur og upp í sjö en ærnar þrjátíu til sextíu.<sup>130</sup> Er þá átt við samanlagða kvikfjártölu allra ábúenda, bæði á heimajörðinni og í hjáleigunum, svo ljóst er að oft voru gripirnir harla fáir hjá hverjum og einum.

Árið 1710 höfðu sauðirnir á Stað verið 71 eins og hér var áður nefnt, þar af 42 tvævetra og eldri. Árið 1821 voru sauðir og hrútar enn sagðir vera 37 að tölu<sup>131</sup> og mun þá eingöngu átt við þá sem voru tvævetra og eldri því að í búnaðarskýrslum frá níttjándu öld eru gemlingar flokkaðir sér. Á næstu sex árum hrapaði tala sauða og hrúta hins vegar niður í þrjá, komst aftur upp í níu árið 1834 en á árunum kringum 1835 virðast Staðarmenn alveg hafa hætt að ala sauði.<sup>132</sup> Hvað það varðar verður að taka mark á búnaðarskýrslunum því þar er á árunum 1837-1880 hvað eftir annað tekið fram að á Stað séu alls engir sauðir, bara ær og gemlingar.<sup>133</sup> Í hjörðinni hljóta þó líka að hafa verið einn eða tveir hrútar. Í tündarskýrslum sem varðveist hafa frá árunum 1836 til 1841 eru þó sagðir vera 3 sauðir á Stað árið 1839 og 4 árið 1840 en engir öll hin árin eftir 1836.<sup>134</sup> Sú bókun styrkir líka þá skoðun að eftir 1826 hafa ýmist verið engir eða bara örfáir sauðir hér á Stað. Nokkrir sauðir voru þó aldir hér um skeið á árunum kringum 1870 og eru taldir 8 í búnaðarskýrslu frá því ári en tíu árum síðar hafði því sauðaeldi verið hætt ef marka má skýrslurnar.<sup>135</sup>

Á árunum 1820-1880 voru gemlingar Staðarmanna sjaldan færri en tíu eða þar um bil og sjaldan fleiri en þrjátíu.<sup>136</sup> Hestarnir hér á Stað voru þá oftast tveir, þrír eða fjórir.<sup>137</sup>

Í Jarðabókinni frá 1710 er getið um heimræði og tekið fram að sjór sé sóttur árið um kring (sjá hér bls. 272). Róið var frá Keravík sem er aðeins 100-200 metrum vestan við ós Staðarár.

Árið 1805 voru hlunnindi af fiskveiðum frá Stað virt á liðlega 99 álnir eða sem svaraði um það bil fimm sjöttu hlutum úr einu jarðarhundraði.<sup>138</sup> Hlunnindi af hákarlaveiðum voru virt á 60 álnir, af silungsveiði á 10 álnir og vegna fjallagrasanna sem hér voru í boði var talið eðlilegt að virða jörðina 10 álum dýrari en ella hefði verið.<sup>139</sup>

Á fyrstu árum 19. aldar var ýmist áttæringur eða þá fimm manna far gert út til fiskveiða frá Stað og meðalhásætahlutur yfir árið, mældur í

<sup>130</sup> Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, bún.sk. 1821, 1827, 1830, 1834 og 1837. VA III, 408, bún.sk. 1840. VA III, 412, bún.sk. 1850. VA III, 417, bún.sk. 1860. VA III, 421, bún.sk. 1870. VA III, 424, bún.sk. 1880.

<sup>131</sup> Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, bún.sk. 1821, 1827, 1830, 1834 og 1837. VA III, 408, bún.sk. 1840. VA III, 412, bún.sk. 1850. VA III, 417, bún.sk. 1860. VA III, 421, bún.sk. 1870. VA III, 424, bún.sk. 1880.

<sup>132</sup> Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, bún.sk. 1821, 1827, 1830, 1834 og 1837. VA III, 408, bún.sk. 1840. VA III, 412, bún.sk. 1850. VA III, 417, bún.sk. 1860. VA III, 421, bún.sk. 1870. VA III, 424, bún.sk. 1880.

<sup>133</sup> Sömu heimildir.

<sup>134</sup> Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Suðureyrarhreppur. Hreppsþók 1835-1841.

<sup>135</sup> VA III, 421, búnaðarskýrslur 1870. VA III, 424, búnaðarskýrslur 1880.

<sup>136</sup> Sömu búnaðarskýrslur frá árunum 1821-1880.

<sup>137</sup> Sömu búnaðarskýrslur.

<sup>138</sup> Rtk. Jarðabækur V. 16. Ísafj.sýsla 1805.

<sup>139</sup> Sama heimild.

landaurum, talinn vera: Fyrir þorsk og löngu 30 álnir, fyrir ýsu 2 og ½ alin, fyrir rikling (lúðu) 26 og 2/3 úr alin og fyrir steinbít 40 álnir.<sup>140</sup> Í jarðabókinni frá 1805 er svo tekið fram að úr árlegum hákarlsafla Staðarmanna sé lýsishlutur hvers háseta að öllum jafnaði þrjú fjórðu hlutar úr tunnu.<sup>141</sup> Líklega hafa það verið 90 pottar því yfirleitt tóku tunnurnar sem danskir kaupmenn sendu til Íslands 120 potta<sup>142</sup> (sbr. hér Flateyri). Þetta var mikill hákarlsafla því bæði á Hvilft og Eyri í Önundarfirði var lýsishlutur hvers háseta úr hákarlalegunum talinn vera þriðjungur minni, það er hálf tunna á ári, og svo var einnig á Fjallaskaga í Dýrafirði.<sup>143</sup> Á árunum kringum 1780 borgaði danska konungsverslunin 8 ríkisdali og 68 skildinga fyrir tunnu af hákarlslýsi.<sup>144</sup> Hafi hásetahlutur úr hákarlalegunum frá Stað verið álfka mikill á þeim árum og hann var aldarfjórðungi síðar, það er 90 pottar á ári, þá hafa fengist fyrir hann 6 ríkisdalir og 51 skildingur. Nærri lætur að sú upphæð hafi þá svarað til eins kúgildis og eins sjötta hluta úr öðru.<sup>145</sup> Í hákarlalegur á opnum bátum mun hafa verið farið frá Stað allt fram til áruna kringum 1880 (sbr. hér Lokinhamrar) og fiskiróðrar frá Keravík, veiðistöð Staðarmanna, voru stundaðir alveg fram undir aldamótin 1900 og reyndar aðeins lengur (sjá hér bls. 270-276).

Í varðveittum heimildum er Staður í Súgandafirði fyrst getið í kirknatali Páls biskups Jónssonar frá því um 1200 en þar segir: *Súgandafjörður, kirkja að Stað*.<sup>146</sup> Þessi fáorða heimild sýnir að kirkja hefur verið reist á Stað eigi síðar en undir lok tólftu aldar og æ síðan hefur jörð þessi verið kirkjustaður. Líklegt má telja að fyrsta kirkjan sem hér var reist hafi verið tekin í notkun seint eða snemma á elleftu öld, það er að segja áður en 100 ár voru liðin frá kristnitökunni. Að svo hafi verið er þó ekki unnt að sanna því heimildir skortir.

Elsti máldagi Staðarkirkju, sem varðveist hefur, er talinn vera frá árinu 1324 eða því sem næst.<sup>147</sup> Hann sýnir að í kaþólsku var Staðarkirkja helguð Maríu mey og sjálfum guði. Máldaginn er skrá yfir eignir og réttindi kirkjunnar og hljóðar svo:

*Maríukirkja að Stað í Súgandafirði er helguð guði og guðs móður Maríu.*

*Hún á heimaland allt, reka millum Dalsár og Raufar. Fimm kýr, sex ær og tvö hundruð fríð. Þriðjung afréttar í Vatnadal umfram stóðhrossabeit og gyltu með núu grísum. Tíu aurar í Geirsbrekku. Naustgjörð við Áros í Bæjarlandi.*

<sup>140</sup> Rtk. Jarðabækur V. 16. Ísafj.sýsla 1805.

<sup>141</sup> Rtk. Jarðabækur V. 16. Ísafj.sýsla 1805.

<sup>142</sup> R.W. Bauer 1858, 3-4. Sbr. hér Flateyri og Jón J. Aðils 1971, 426.

<sup>143</sup> Rtk. Jarðabækur V. 16. Ísafj.sýsla 1805.

<sup>144</sup> Jón J. Aðils 1971, 489.

<sup>145</sup> Sama heimild. Sigfús H. Andrésen 1988, 1, 144-145.

<sup>146</sup> D.I. XII, 14.

<sup>147</sup> D.I. II, 575-576.

*Þetta á kirkjan innan sig: Tvo krossa, Maríuskript, Péturslíkneski, Þorlákslíkneski, Jónslíkneski. Klukkur þrjár, altarisklæði, messudúk, kertastika ein með kopar. Bökur tvær.*

*Þangað liggja tíundir og lýsitollar af öllum bæjum millum Skálavíkur og Gnúps og Sauðaness.<sup>148</sup>*

Allur er þessi texti hinn merkilegasti en sumt í honum þarfnast svolítilla skýringa. Þarna sést meðal annars að um 1324 var kirkjan orðin eigandi Staðar og átti alla jörðina. Aðrar jarðeignir átti hún hins vegar ekki nema *tíu aura í Geirsbrekku*. Þar mun átt við sex álna aura og Geirsbrekka er eldra nafn á jörðinni **Gilsbrekku** í Súgandafirði (sjá hér Gilsbrekka). Í jarðaskrá frá árinu 1658 er Gilsbrekka talin 6 hundraða jörð og hafi svo verið á fyrri hluta 14. aldar hefur Staðarkirkja átt sem svaraði einum tólfta hluta úr jörðinni því hálft jarðarhundrað taldist vera 60 álna virði. Gyltan og grísirnir níu sem kirkjan átti og nefnd eru í máldaganum sýna að á fyrri öldum hefur svínabúskapur verið stundaður hér á Stað um lengri eða skemmri tíma. Í öðrum heimildum sést að á 14. og 15. öld var eitthvað um svín á stórbýlum hér og þar á Vestfjörðum.<sup>149</sup>

Hér hefur áður verið á það bent að þar sem talað er um rekamörkin Dalsá og Rauf í máldaganum hljóti að vera átt við meginána í Staðardal, sem á síðari tímum hefur borið nöfnin Staðará og Langá, og svo við Gathamar eða Raufina á Sauðanesi (sjá hér bls. 1-2). Kirkjan hefur því átt allan reka fyrir landi staðarins. Af ítökum átti Staðarkirkja aðeins tvenn er þarna var komið sögu og bæði í næsta nágrenni við Stað, það er að segja beitarréttindin í **Vatnadal** og réttinn til naustgjörðar við árósin í landi Bæjar. Naustinu innan við ós árinna hlýtur að hafa fylgt réttur til uppsáturs og bendir þetta til þess að á 14. öld hafi einum eða fleiri bátum frá Stað verið haldið til veiða frá lendingunni innan við Árósin. Vera má að útgerð frá Keravík í landi Staðar hafi þá ekki verið hafin. Í kaupsamningi frá árinu 1460 sést að á móti þeim rétti prestanna á Stað að mega vera með uppsátur fyrir bát við Árósin í landi Bæjar komu beitarréttindi á Sauðanesi fyrir 30 sauði úr Bæ frá krossmessu á hausti til krossmessu á vori.<sup>150</sup>

Um kirkjugripina sem Staðarkirkja átti á árunum kringum 1324 og frá er greint í máldaganum skal þess getið að *Maríuskript*, sem þar er nefnd, hefur verið máluð mynd af Maríu guðsmóður en líkneskin þrjú útskornar myndir af Pétri postula, Þorláki helga, sem biskup var í Skálholti 1178-1193, og af Jóhannesi skírara. Það sem nefnt er *bökur* í máldaganum munu hafa verið bakstursjárn en þau voru notuð til að baka altarisbrauðið. Líkneskin þrjú og Maríumyndin hafa að líkindum öll verið fjarlægð úr kirkjunni við siðaskiptin á árunum upp úr 1540 og því varla hægt að gera

<sup>148</sup> D.I. II, 575-576.

<sup>149</sup> Þorvaldur Thoroddsen / Lýsing Íslands IV, 71.

<sup>150</sup> D.I. V, 206-207.



ráð fyrir að myndin af Maríu mey hafi enn verið í eigu Staðarkirkju árið 1615, en þá átti hún reyndar *lasið pappírsblað málað*.<sup>151</sup>

Athygli vekur að í máldaga Staðarkirkju frá árinu 1324 er sagt að til hennar liggi tíundir af öllum bæjum *millum Skálavíkur og Gnúps og Sauðaness*. Orðin *og Gnúps* valda því að illt er að fá botn í þennan texta óbreyttan og kemur vart annað til greina en þarna hafi átt að standa *millum Skálavíkurgnúps og Sauðaness* og það sé fjallið Öskubakur, vestan við Skálavík, sem nefnt hafi verið Skálavíkurgnúpur. Hefur þá fólk á öllum byggðum bóllum í Suðureyrarhreppi átt að greiða tíund til Staðarkirkju eins og vænta mátti og engir aðrir.

Áður var nefnt að Staðarkirkja átti ein allan viðar- og hvalreka á norðanverðu Sauðanesi samkvæmt máldaganum frá 1324. Liðlega hálfri öld síðar hafði þetta breyst dálítið því að í Oddgeirsmáldaga frá árinu 1377 sést að þá átti kirkjan í Holti í Önundarfirði sjöttung í öllum hvalreka fyrir landi Staðar, það er milli *Dalsár og Raufar* (sjá hér Holt). Um þessi réttindi Holtskirkju er líka getið í Vilkinsmáldaga frá árinu 1397.<sup>152</sup>

Með testamentisbréfi sínu gaf Einar Eiríksson í Vatnsfirði við Djúp kirkjunni á Stað í Súgandafirði eitt hundrað en hann druknaði 29. mars árið 1382<sup>153</sup> og með sams konar bréfi gaf Guðni Oddsson, sem bjó á Hóli í Bolungavík og í Ögri, þessari sömu kirkju tvö hundruð árið 1431.<sup>154</sup> Gjafir til Staðarkirkju á kaþólskum tíma virðast þó alls ekki hafa verið miklar og í Gíslamáldaga frá árunum upp úr 1570 sést að einu jarðeignir Staðarkirkju voru þá heimaland Staðar og önnur tveggja jarða í Vatnadal í Súgandafirði.<sup>155</sup>

Í gjafabréfi frá 24. nóvember 1471 er Staður í Súgandafirði nefndur Dalstaður<sup>156</sup> og svo er einnig í skjali frá 4. desember 1475.<sup>157</sup> Vart þarf að efast um að þetta nafn á kirkjustaðnum í Staðardal hafi verið notað meira eða minna á síðari hluta fimmtándu aldar en í heimildum sem eru yngri finnst það ekki. Í kaupmálabréfi frá árinu 1539 er hins vegar talað um *Stað í Dal*.<sup>158</sup>

Aðeins er kunnugt um nöfn tveggja presta sem sátu á Stað í kaþólsku, þeirra Ólafs Teitssonar og Ara Jónssonar. Ólafur Teitsson var prestur í Súgandafirði á síðari hluta fimmtándu aldar og eitthvað fram yfir 1500 en Ari Jónsson var orðinn prestur á Stað árið 1539 og sat hér enn tíu árum síðar. Hann var því síðasti kaþólski presturinn á Stað og líka sá fyrsti lúterski því hinn nýi siður var tekinn upp í Skálholtsbiskupsdæmi árið 1541. Verið getur að séra Tómas Ólafsson hafi einnig verið prestur á Stað

<sup>151</sup> Skj.s. prófaste XIII. 1. B. 1. Skjalabók frá Holti í Önundarf. 1333-1708, bls. 99. Staður í Súgandaf., úttekt frá árinu 1615.

<sup>152</sup> D.I. IV, 141.

<sup>153</sup> D.I. XII, 24.

<sup>154</sup> D.I. IV, 484-485.

<sup>155</sup> D.I. XV, 571-572.

<sup>156</sup> D.I. V, 648.

<sup>157</sup> Sama heimild, 806-807.

<sup>158</sup> D.I. X, 421-422.

á fyrri hluta 16. aldar og þá um 1525<sup>159</sup> en fullvíst er ekki að svo hafi verið. Séra Tómas var lengi prestur og prófastur á Eyri í Skutulsfirði.<sup>160</sup>

\*\*\*

Séra Ara Jónssyni á Stað ber tvímælalaust að skipa á bekk með hinum merkustu mönnum í íslenskri prestastétt, bæði fyrr og síðar. Því valda skinnhandritin sem hann og synir hans, Jón og Tómas, skrifuðu hér á Stað og enn eru varðveitt.<sup>161</sup> Um hin helstu þeirra komst Jón Helgason, prófessor í Kaupmannahöfn, svo að orði árið 1932:

*Meðal íslenskra handrita frá ofanverðum páfadómi eru þessi þrjú, AM 510<sup>4to</sup>, AM 604<sup>4to</sup> og AM 713<sup>4to</sup>, einhver hin merkustu. 510 er söguhandrit og þar á Víglundarsaga, Jónsvikinga saga, Finnboga saga ramma og fimm fornaldarsögur. 604 geymir mikið safn af rímum miðalda, alls 33 rímnaflokka, en 713 meira en 50 kvæði frá sömu tímum, allt frá Lilju Eysteins munks til kvæða Jóns Arasonar, mestmegnis um helga menn og klerkleg efni. Ef þessar skinnbækur væru glataðar er óhætt að segja að þekking vor á íslenskum bókmenntum 14., 15. og 16. aldar hefði beðið stórtjón. Rímnabókin og kvæðabókin hafa margt sem ekki er víðar til og þar sem öðrum handritum er til að dreifa er texti þessara bóka að jafnaði betri en annarsstaðar er varðveittur.*<sup>162</sup>

Um þessi sömu handrit kemst Jón Helgason einnig svo að orði í ritgerð sinni frá árinu 1932: *Þau eru öll nauðalík, sama stafagerð, líkur frágangur og sama gljándi svarta blekið, sem stundum stendur eins og upphleypt á bókfellinu.*<sup>163</sup>

Þegar Jón fjallaði um þessi handrit í ritgerð sinni frá árinu 1932 taldi hann að sami maður hefði skrifað þau öll og af kroti á spássíum þeirra taldi hann koma þar helst til greina menn að nafni Jón Arason, Tómas Arason eða Ari Jónsson.<sup>164</sup> Í þessu sambandi velti hann þá fyrir sér séra Ara Jónssyni á Stað og einnig sonum hans en treysti sér ekki til að skera úr um hver væri skrifarinn.<sup>165</sup> Alllöngu seinna veitti Agnete Loth, lektor í forníslensku og síðari eiginkona Jóns Helgasonar, því athygli að við lok Víglundar sögu í einu þessara handrita stendur að *þrír fedgar* hafi skrifað bókina.<sup>166</sup> Varð þá ljóst að skrifararnir hlytu að hafa verið þrír og skrifað

<sup>159</sup> D.I. IX, 278.

<sup>160</sup> D.I. VIII, 452-455 og 722-723.

<sup>161</sup> Jón Helgason / Skírnir 1932, 142-167. Sbr. Ólafur Halldórsson 1966, 24-27 (Studia Islandica 24).

<sup>162</sup> Jón Helgason / Skírnir 1932, 143. Sbr. Ólafur Halldórsson 1966, 24-27 (Studia Islandica 24).

<sup>163</sup> Sama heimild, 145.

<sup>164</sup> Sama heimild, 148-149, 163 og 165-166.

<sup>165</sup> Sama heimild, 149 og 163.

<sup>166</sup> Ólafur Halldórsson 1966, 25 (Studia Islandica 24). Sbr. Æviskrár samtíðarmanna 1983, II, 146-147.

svo líkt að um eina rithönd sýndist vera að ræða. Í spássíukrotinu, sem Jón Helgason hafði áður gert grein fyrir, er nefndur séra Ari og líka bæði Tómas og Jón *strákur* Arasonar. Þegar ljóst var orðið að þrír feðgar hefðu skrifað hinar dýrmætu skinnbækur blasti því við hverjir það voru, nefnilega séra Ari Jónsson á Stað og synir hans.

Um enga aðra þrjá feðga er kunnugt sem borið hafi þessi nöfn á árunum kringum 1540, þegar bækurnar voru skrifaðar, en fleira má einnig tína til sem líka gefur til kynna að þær séu skrifaðar hér á Stað.

Eitt er vísa sem skrifarinn hefur krotað á eina spássíuna og mjög líklegt má telja að hann hafi sjálfur ort við skriftirnar og er hún svona:

*Dökkur dreng fyrir augum  
en drósin er hlaðin baugum,  
heima er hrafn á haugum,  
hæverskt vífið á Laugum.*<sup>167</sup>

Bæjarnafnið Laugar í vísunni gefur til kynna að býli með því nafni hafi verið að finna í grennd við skrifarann og svo háttar einmitt til í Súgandafirði. Laugar voru til forna hjáleiga frá Suðureyri í Súgandafirði í um sjö kílómetra fjarlægð frá Stað. Í Jarðabók Árna og Páls frá árinu 1710 segir að hún hafi *í auðn legið 70 ár eða lengur*.<sup>168</sup> Árið 1710 kunnu menn hins vegar enn skil á því hversu mörg kúgildi hefðu fylgt nefndri hjáleigu og hver landskuld af henni hefði verið<sup>169</sup> sem sýnir að Laugar hafa ekki fallið í eyði fyrr en um eða eftir 1600. Á síðari hluta 18. aldar byggðist kotið á ný og þar var síðan búið, nær samfelld, allt til ársins 1975 (sjá hér Laugar).

Séra Ari Jónsson á Stað var ekki fyrsti listaskrifarinn úr röðum náinna ættingja hans. Séra Jón Egilsson í Hrepphólum syðra segir í Biskupa annálum sínum, rituðum skömmu eftir 1600, að afi Ara, Jón Þorláksson á Hóli í Bolungavík, hafi á sínum tíma verið *hinn besti skrifari á Vestfjörðum*.<sup>170</sup> Ef til vill er þetta þó ekki alveg rétt og meira mark takandi á orðum Jóns *lærða* Guðmundssonar sem fæddur var árið 1574 en hann greinir svo frá að á dögum Björns Þorleifssonar, hirðstjóra á Skarði á Skarðströnd, hafi verið þar bræður tveir, Þorlákssynir sem báðir hétu Jón.<sup>171</sup> Annar þeirra hafi *bestur skrifari verið á Íslandi* og skrifað þær stóru Skarðsbækur en bróðir skrifarans og nafni hafi verið *reiðsveinn jómfriú Solveigar*, dóttur hirðstjórans, á Skarði og síðar ráðsmaður hennar á Hóli í Bolungavík.<sup>172</sup> Um þessi efni fjallar Jón *lærði* í riti sínu *Um ættir og slekti* og einnig í *Tíðsfordrifi*.<sup>173</sup> Hann var vel kunnugur á Skarði á árunum upp

<sup>167</sup> Jón Helgason / Skírnir 1932, 149.

<sup>168</sup> Jarðab. Á. og P. VII, 132-133.

<sup>169</sup> Sama heimild.

<sup>170</sup> Safn til sögu Ísl. I / Biskupa-annálar Jóns Egilssonar, Kph. 1853, 57-58. Sbr. Jón Helgason / Skírnir 1932, 162.

<sup>171</sup> Ólafur Halldórsson 1971, 128-129 (Afmælisrit til dr. phil. Steingríms J. Þorsteinssonar prófessors).

<sup>172</sup> Sama heimild.

<sup>173</sup> Sama heimild.

úr 1600<sup>174</sup> og hafði átt þess kost að ræða þar við heimafólk um *Skarðsbækurnar stóru* frá tíð Björns hirðstjóra og konu hans, Ólafar ríku Loftsdóttur.

Séra Ari Jónsson á Stað var sonarsonur Solveigar Björnsdóttur frá Skarði og Jóns Þorlákssonar, ráðsmannsins sem hún bjó með á Hóli í Bolungavík, en af börnum þeirra náðu sex að komast upp, þrír synir og þrjár dætur.<sup>175</sup> Fimmtánda aldar listamaðurinn sem ýmist var sagður *hinn besti skrifari á Vestfjörðum* eða *bestur skrifari á Íslandi* var því tvímælalaust annað hvort afi séra Ara eða afabróðir hans og reyndar ekki ólíklegt að þeir bræður hafi báðir verið listaskrifarar.

Nafnið á móður séra Ara er óþekkt og fátt vitað um föður hans, Jón Jónsson, en þeim mun meira um afa hans og ömmu, þau Jón Þorláksson og Solveigu Björnsdóttur. Solveig var einkadóttir auðugustu hjóna landsins, Björns hirðstjóra og Ólafar ríku, sem auk hennar komu upp þremur sonum.<sup>176</sup> Þessi amma séra Ara fæddist á árunum 1434-1438 á hinu forna höfðingjasetri, Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp<sup>177</sup> en veldissól föðurömmu hennar, Vatnsfjarðar-Kristínar Björnsdóttur, stóð þar þá í hádegisstað.

Solveig gat í æsku vænst þess að erfa mikinn auð en er fram liðu stundir varð margt henni mótdrægt. Við skiptingu á eignum föður hennar, sem var veginn af Englendingum árið 1467, komu fimm hundruð hundraða í jarðeignum í hennar hlut<sup>178</sup> eða sem svaraði 600 kúgildum. Allar þessar jarðeignir voru í Ísafjarðarsýslu og þar á meðal Hóll í Bolungavík<sup>179</sup> sem líklega hefur verið þeirra verðmætust.

Ekki er ljóst hvort Solveig var enn í föðurgarði á Skarði er faðir hennar var veginn en hún var þá komin um þrítugt og því engan veginn sjálfgefið að svo hafi verið. Jón Guðmundsson *lærði* segir að börnin sem Solveig eignaðist með Jóni Þorlákssyni hafi hún látið *upp fæða* á laun<sup>180</sup> því ekki gat komið til greina að svo eignalítt maður fengi að kvænast henni. Jón Þorláksson hafði, svo sem fyrr var nefnt, verið heimilismaður á Skarði í æsku sinni og þar hafa kynni þeirra Solveigar orðið. Með hliðsjón af þeim orðum Jóns *lærða* að barneignir Solveigar hafi farið leynt fyrstu árin má alveg gera ráð fyrir því að þær hafi hafist áður en faðir hennar andaðist. Sambýli Solveigar og Jóns Þorlákssonar, barnsföður hennar, vestur í Bolungavík, án hjónavígslu og utan frændaráðs, bendir eindregið til þess að hirðstjóradóttirin á Skarði hafi verið uppreisnargjörn og ekki gefin fyrir að hlíta annarra ráðum.

Að sögn Jóns *lærða* hafði Jón Þorláksson verið sérstakur þjónustumaður Solveigar er hún dvaldist enn í foreldrahúsum á Skarði eins og hér var áður nefnt. Fremur ólíklegt verður því að kalla að þau hafi fyrst

<sup>174</sup> Ólafur Halldórsson 1971, 128-129 (Afmælisrit til dr. phil. Steingríms J. Þorsteinssonar prófessors).Sbr. Ísl. æviskrár III, 127-128.

<sup>175</sup> Annálar I, 150 (Skarðsárannáll).

<sup>176</sup> Ísl. æviskrár I, 256-257. Arnór Sigurjónsson 1975, 114-143.

<sup>177</sup> Arnór Sigurjónsson 1975, 240-241,

<sup>178</sup> Sama heimild, 241.

<sup>179</sup> Sama heimild.

<sup>180</sup> Ólafur Halldórsson 1971, 128-129 (Afmælisrit til dr. phil. Steingríms J. Þorsteinssonar prófessors).

gefið sig líkamslostanum á vald og tekið að geta börn þegar Solveig var komin undir þritugt. Hitt sýnist líklegra að samdráttur þeirra hafi orðið fyrir og hreint ekki ólíklegt að Solveig hafi fengið umráð yfir einhverri af fjölmörgum jarðeignum foreldra sinna og sest að fjarri heimahögum áður en faðir hennar andaðist. Vísbending gefur til kynna að búskapur hennar og Jóns Þorlákssonar á Hóli í Bolungavík hafi hafist eigi síðar en 1467<sup>181</sup> og á því ári fékk hún Hól og margar aðrar jarðir á Vestfjörðum í arf eins og fyrir var nefnt. Upp úr sambúð Solveigar og Jóns mun hafa slitnað skömmu fyrir 1480 en um það leyti gekk hún að eiga Pál Jónsson frá Ögri, síðar sýslumann, og sátu þau nokkur ár á ættaróðalínu, Skarði á Skarðsströnd. Mikill vafi lék hins vegar á því hvort hjónaband þeirra væri lögmætt þar eð þau voru fjórmenningar að frændsemi.<sup>182</sup> Álitamál gat því verið hvort synirnir tveir, sem hún eignaðist með Páli, væru rétt bornir til arfs en skömmu fyrir andlát sitt árið 1495 reyndi Solveig að tryggja rétt þeirra með erfðaskrá.<sup>183</sup>

Að Solveigu og Páli, eiginmanni hennar, önduðum, sem bæði dóu á árunum 1495 og 1496, hófust miklar deilur um arfinn og komu börn Solveigar og Jóns Þorlákssonar, sem getin höfðu verið í frillulífi, þar nokkuð við sögu.<sup>184</sup> Í þeim deilum öllum reyndist héraðshöfðinginn, Björn Guðnason í Ögri, börnum Solveigar erfiður ljár í þúfu en hann var sonur hálfystur hennar og bróðusonur Páls Jónssonar, eiginmanns Solveigar.<sup>185</sup> Taldi Björn sig vera lögarfa hennar þar eð hjónaband hennar hefði ekki verið lögmætt og öll börn hennar því óskilgetin.<sup>186</sup> Þessa túlkun Björns staðfesti konungur árið 1498<sup>187</sup> en málaþvarg um Solveigararfinn hélt áfram næstu tvo áratugina.

Líklegt er að Jón Jónsson, sem hér var áður nefndur, faðir séra Ara á Stað, hafi verið elsta barn Solveigar Björnsdóttur og Jóns Þorlákssonar, sambýlismanns hennar á Hóli. Til þess bendir að í gömlum heimildum er hann yfirleitt talinn fyrstur þegar getið er barna þeirra<sup>188</sup> og líka hitt að það var hann sem haustið 1492 lét í té samþykki fyrir því að Vigdís systir hans gengi í hjónaband. Frá þessum hjónabandsgerningi var gengið í Ögri við Ísafjarðardjúp að Jóni þessum Jónssyni viðstöddum.<sup>189</sup> Óvissa ríkir um fæðingarár barna Solveigar Björnsdóttur og Jóns Þorlákssonar en með hliðsjón af því sem hér hefur áður verið ritað sýnist fátt mæla gegn því að Jón sonur þeirra kynni að hafa fæðst nokkrum árum áður en afi hans, Björn hirðstjóri, var veginn í Rifi á Snæfellsnesi árið 1467.

Haustið 1509 bar Jón Jónsson, sonur Solveigar Björnsdóttur, upp þá kröfu á Mosvallapingi í Önundafirði að sér yrði dæmt forræði yfir arfinum

<sup>181</sup> Ólafur Halldórsson 1971, 133-134 (Afmælisrit til dr. phil. Steingríms J. Þorsteinssonar prófessors).

<sup>182</sup> Arnór Sigurjónsson 1975, 248-249.

<sup>183</sup> Sama heimild, 252-256.

<sup>184</sup> Sama heimild, 302-463.

<sup>185</sup> Sama heimild. Ísl. æviskrár I, 216-217 og 256-257, II, 195 og IV, 123.

<sup>186</sup> Arnór Sigurjónsson 1975, 355-356.

<sup>187</sup> Sama heimild, 366-367.

<sup>188</sup> D.I. VIII, 358-359. Annálar I, 150.

<sup>189</sup> Arnór Sigurjónsson 1975, 345.

eftir móður sína en Jón Sigmundsson lögmaður staðfesti þá að Björn í Ögri væri réttur umboðsmaður og forráðamaður þessara eigna.<sup>190</sup>

Í erfðaskrá sinni hafði Solveig Björnsdóttir mælt svo fyrir að börn hennar sex með Jóni Þorlákssynni skyldu erfa sex hundruð hundraða af hennar miklu eignum.<sup>191</sup> Í togstreitunni við Björn Guðnason studdi Stefán Jónsson, biskup í Skálholti, kröfu þessara systkina um arfinn og er hann var staddur á Hóli í Bolungavík sumarið 1511, á yfirreið um Vestfirði, tók hann sig til og skipti nær tveimur þriðju hlutum af þessum sex hundruðum hundraða milli systkinanna.<sup>192</sup> Við þá skiptingu komu í hlut Jóns Jónssonar 93 jarðarhundruð, það er jarðirnar Eyri í Seyðisfirði, Hóll í Önundarfirði og fjórar jarðir í Bolungavík, Ós, Gil, Hanhóll og Geirastaðir.<sup>193</sup> Óvíst er hversu lengi Jón naut þessara jarðeigna því vorið 1513 dæmdi tólf manna dómur, er Jón Sigmundsson lögmaður skipaði, allar eignir sem Solveig Björnsdóttir hafði látið eftir sig enn á ný undir umráð Björns Guðnasonar.<sup>194</sup>

Þannig gengu dómarnir sitt á hvað en að Birni Guðnasyni látnum skipaði Stefán biskup tólf manna dóm sumarið 1518, sem meðal annars var ætlað að fjalla um *testamentisgjörð Solveigar heitinnar Björnsdóttur*, og með dómsúrskurði sem upp var kveðinn skömmu síðar var erfingjum Björns gert að reiða fram nokkra fjármuni.<sup>195</sup> Óljóst er þó hver móðurarfur barna Solveigar Björnsdóttur og Jóns Þorlákssonar varð að lokum en hætt við að hann hafi rýrnað verulega á þeim liðlega tuttugu árum sem málareksturinn tók.

Í ritinu Sýslumannaæfir eftir Boga Benediktsson, fræðimann á Staðarfelli í Dölum, fæddan 1771, segir að Jón Jónsson, sonur Solveigar Björnsdóttur, hafi farið *að heimreiðum á jarðir Björns sýslumanns Guðnasonar* og verið dæmdur útlægur af Jóni lögmanni Sigmundssyni árið 1512.<sup>196</sup> Vera má að þetta sé rétt en villur eru í skrifum Boga um niðja Solveigar Björnsdóttur í nýnefndu riti og því varasamt að taka mark á þeim. Þar eru nefnd með nafni fjögur börn umrædds Jóns Jónssonar og líklega er það séra Ari sem þar er nefndur Árni.<sup>197</sup>

Vissar líkur benda til þess að foreldrar séra Ara Jónssonar á Stað hafi búið í Önundarfirði um 1510 því kröfu sína í erfðamálunum bar faðir Ara upp á Mosvöllum árið 1509 eins og hér var áður getið um. Þar voru þó alloft haldin þriggja hreppa þing (sjá hér Mosvellir) svo vel má vera að hann hafi verið búsettur í öðru byggðarlagi í grennd við Önundarfjörð.

Um Ara prest Jónsson er getið í bréfi rituðu á Helgafelli árið 1508<sup>198</sup> og kynni séra Ari á Stað þá að hafa verið ungur prestur við

<sup>190</sup> Arnór Sigurjónsson 1975, 416.

<sup>191</sup> Sama heimild, 462-463.

<sup>192</sup> D.I. VIII, 358-359.

<sup>193</sup> Sama heimild.

<sup>194</sup> Arnór Sigurjónsson 1975, 429.

<sup>195</sup> Sama heimild, 454 og 456.

<sup>196</sup> Sýslumannaæfir II, 491-498 (Rvík 1889-1904).

<sup>197</sup> Sama heimild. Sbr. Ólafur Lárusson 1928-1931, 52-62 (Blanda IV, tímarit).

<sup>198</sup> Jón Helgason / Skírnir 1932, 149.

Ágústínusarklaustrið á þessu forna setri Snorra goða og Guðrúnar Ósvífursdóttur en einmitt þar var fleira ritað á bókkfell á árunum kringum 1500 en víðast annars staðar á landi hér. Ekki er vitað um fæðingarár séra Ara en sé tekið mið af því sem hér var ritað um hugsanlegan aldur föður hans má gera ráð fyrir að séra Ari hafi alls ekki fæðst fyrr en á árunum rétt fyrir 1490 en ekki heldur síðar hafi hann verið orðinn prestur árið 1508.

Enda þótt Ari prestur Jónsson hafi að líkindum aldrei séð Jón Þorláksson afa sinn eða Jón Þorláksson hinn, afabróðurinn sem Jón *lærði* taldi verið hafa besta skrifarann á öllu Íslandi, þá kynni hann samt að hafa hlotið skriftarástríðuna og leikni sína við stafagerð að erfðum frá þeim bræðrum. Séra Jón Egilsson í Hrepphólum, fæddur 1548, taldi reyndar að listaskrifarinn, sem á sínum tíma skrifaði *flestar messubækur á Vestfjörðum*, hefði verið Jón Þorláksson á Hóli, afi séra Ara á Stað (sjá hér bls. 19), en ekki afabróðirinn og kynni að vera rétt. Um þennan að hans dómi besta skrifara á öllum Vestfjörðum ritaði séra Jón Egilsson svo:

*Það heyrða eg síra Einar afa minn [Ólafsson] segja að þrjá fingurnar á hægri hendinni hefði aldri á honum dauðum stírnað, og það hefði talað verið, að þeir hefði látið pennann í höndina á honum dauðum, en hann hefði átt að skrifa þessi orð: „gratia plena, dominus tecum”.*<sup>199</sup> [Heila þökk, Drottinn sé með yður].

Hvernig hæfileikar breytilegra einstaklinga verða til úr ættanna kynlega blandi veit reyndar enginn en hafi séra Ari á Stað verið í klaustrinu á Helgafelli um skeið á æskuárum eins og vísbending, sem fyrr var nefnd, gefur til kynna, þá má ætla að hann hafi þar komist í einn þann besta skrifaraskóla sem til var á voru landi.

Ekki er nú unnt að sjá hvenær séra Ari Jónsson varð prestur hér á Stað en skjalfest er að hann tók við prestakallinu eigi síðar en 1539 og var hér enn prestur tíu árum síðar.<sup>200</sup> Vera kann að árin sem hann þjónaði Súgfirðingum hafi þó verið mun fleiri en þessi tíu. Um eitt handritanna þriggja, sem hér voru áður nefnd og talið er að séra Ari og synir hans hafi skrifað, skinnbókina AM 713<sup>4to</sup>, liggur ljóst fyrir að hún hefur ekki verið skrifuð fyrr en 1539, árið sem séra Ari var sannanlega kominn hingað að Stað. Skýringin á því er sú að meðal annars efnis er þarna að finna kvæði um Ögmund biskup Pálsson og í því vikið með beinum orðum að atburðum frá sumrinu 1539.<sup>201</sup>

Hér var áður vikið stuttlega að því hvaða lesefni væri að finna í þremur handritanna sem fræðimenn telja nú fullvíst að séra Ari Jónsson á Stað og synir hans tveir, Tómas og Jón, hafi skrifað (sjá hér bls. 18) en vert er að gera nokkru nánari grein fyrir því.

<sup>199</sup> Safn til sögu Ísl. I / Biskupa-annálar Jóns Egilssonar Kph. 1853, 57-58.

<sup>200</sup> Karl Ó. Ólafsson, ritg. til MA-prófs í ísl. fræðum 2006, bls. 9 (ljósr. frá Árnastofnun). Sbr. D.I. X 421-422 og XI, 739.

<sup>201</sup> Jón Helgason / Skírniir 1932, 145. Sbr. Biskupasögur II, 1858-1878, 305-314.

Þá er þess fyrst að geta að í AM 713<sup>4to</sup> eru 53 helgikvæði og AM 510<sup>4to</sup> hefur að geyma átta sögur, Víglundar sögu, Bósa sögu, Jarlmanns sögu og Hermanns, Þorsteins sögu bæjarmagns, Jómsvíkinga sögu, Finnboga sögu ramma, Drauma-Jóns sögu og Friðþjófs sögu frækna.<sup>202</sup> Um rímnahandritið AM 604<sup>4to</sup> verður rætt hér litlu aftar en fyrst skal þess getið að auk þriggja nýnefndra handrita er varðveitt sitthvað fleira sem feðgarnir á Stað hafa skrifað. Má þar nefna AM 431<sup>12mo</sup> með Margrétar sögu og henni fylgja þar þrjár bænir fyrir jóðsjúkum konum.<sup>203</sup> Einnig hefur Stefán Karlsson handritafræðingur bent á að líklegt megi telja að þessir sömu feðgar hafi skrifað lögbókina AM 160<sup>4to</sup>, svo og lögbókarbrot í öðrum handritum og sitthvað um heimsmynd og höfuðskepnur.<sup>204</sup>

Stærst allra þessara handrita frá Stað er Staðarhólsbók, AM 604<sup>4to</sup>, þverhandarþykkið skinnbók með 33 rímnaflokkum, talin skrifuð um 1540.<sup>205</sup> Að álitum okkar helstu fræðimanna er hún *einna merkust allra rímnabóka* frá öldunum fyrir 1600.<sup>206</sup> Bókin er kennd við Staðarhól í Saurbæ í Dalasýslu og skýringin sú að Árni Magnússon, prófessor og handritasafnari, fékk hana árið 1707 hjá Pétri Bjarnasyni er þá bjó á Tjaldanesi í Saurbæ<sup>207</sup> og áður á Staðarhóli þar í sveit<sup>208</sup> en hann var sonarsonarsonur hins víðkunna veraldarhöfðingja Staðarhóls-Páls<sup>209</sup> sem ekki er ólíklegt að átt hafi bókina. Merkilegt er að meginþorri rímnna fyrir 1600 mun hafa verið skrifaður upp á sama landssvæði, það er í Dalasýslu og á Vestfjarðakjálkanum og síðan varðveist þar um aldir.<sup>210</sup>

Nokkur blöð hafa glatast úr Staðarhólsbók en af rímnaflokkunum sem bókin geymir má nefna: Filipórímur, einnig nefndar Krítarþáttur, rímur af Án bogsveigi, Andrarímur, Landrésrímur og rímur af Friðþjófi frækna.<sup>211</sup> Þar er líka Þjófaríma, með efni úr dæmisögu eftir spánskan gyðing sem uppi var á 12. öld, og Sörla rímur, ortar eftir Sörlaþætti í Flateyjarbók.<sup>212</sup> Einnig eru þarna færðar í letur Völsunga rímur, Lokrur og Þrymlur, sem allar byggja á efni úr Eddukvæðum og Snorra Eddu,<sup>213</sup> og hefur þá fátt eitt verið nefnt af öllum rímnafjöldanum í þessari merku bók.

Í Þrymlum er fjallað um efni úr Þrymskviðu, einu Eddukvæða, og snýst kjarni þeirra um vélabrögð Þórs við að ná hamri sínum, Mjölni, frá þursinum Þrym. Um Þrymlur hefur Sverrir Tómasson miðaldafræðingur komist svo að orði:

<sup>202</sup> Stefán Karlsson 1998, 326-327 (Stafkrókar).

<sup>203</sup> Sama heimild, 379. Sbr. Jón Helgason / Skírnir 1932, 167.

<sup>204</sup> Stefán Karlsson 1998, 379 (Stafkrókar). Sbr. Karl Ó. Ólafsson, ritg. til MA-prófs í ísl. fræðum 2006, bls. 6 (ljósr. frá Árnast.).

<sup>205</sup> Sama heimild, 327. Sverrir Tómasson / Ritið 2005, 3., bls. 84.

<sup>206</sup> Sverrir Tómasson / Ritið 2005, 3., bls. 83.

<sup>207</sup> Sama heimild.

<sup>208</sup> Manntal 1703, 156. Sbr. Ísl. æviskrár VI, 393-394.

<sup>209</sup> Ísl. æviskrár I, 187-188, IV, 165 og VI, 393-394.

<sup>210</sup> Sverrir Tómasson / Ritið 2005, 3., bls. 84.

<sup>211</sup> Sama heimild, 85-86.

<sup>212</sup> Sama heimild, 86.

<sup>213</sup> Sama heimild.



*Augljóst er að Þrymlur, eins og þær eru í Staðarhólsbók, hafa verið skrifaðar beint eftir flutningi eða minni skrifarans. Þær villur sem fyrir koma í textanum eru þess eðlis að þær verða naumast raktar til forrits. Þrymlum er skipt niður í þrjá flokka og eru tveir þeirra undir ferskeyttum en einn undir braghendum hætti, samtals 85 erindi. Telja má að auðvelt hafi verið að kunna þau utan að, enda eru dæmi um að menn hafi munað lengri rímur.<sup>214</sup>*

Hér verða nú teknar upp sem sýnishorn af viðfangsefnum feðganna á Stað fáeinar vísur úr Þrymlum:

*Heimboð veitti halrinn stór  
hölda sveit með sigri;  
sá hét Þrymr er þangað fór  
þursa gramrinn digri.*

*Brögðin taka að birtast stór  
er bragnar voru í svefni;  
hamarinn Mjöllnir hvarf frá Þór,  
hér eru brögð í efni.*

- - -

*Ýtar byggju Ása-Þór sem eg vil greina,  
settu á bringu breiða steina,  
blóðrautt gull og pellið hreina.*

*Brúsi sagði brögðin ljót á bauga eyju:  
„Því eru öndótt augu Freyju?  
ekki list oss bragð á meyju.”*

- - -

*Goðunum fylgja geysimargar geitr og kálfar  
telst þá ekki troll og álfar,  
töframenn og völvur sjálfar.*

*Fuglar margir fylgja þeima fleina rjóðum  
villidýr af veiðaslóðum  
varga sveit með úlfum óðum.<sup>215</sup>*

Í þessum síðustu vísu er lýst ferð Þórs í jötunheima en þangað fór hann í dulargervi Freyjuklæða með Loka sér við hlið. Í lok rímunnar kemur svo þetta erindi:

*Þrymlur heiti þetta spil,  
þann veg gekk um hamarinn til.*

<sup>214</sup> Sverrir Tómasson / Ritið 2005, 3, 86.

<sup>215</sup> Sverrir Tómasson / Ritið 2005, 3., bls. 87-89.

*Eignist sá óðar biðr  
ekki skal þeim kasta niðr.*<sup>216</sup>

Að dómi þeirra sem nákomnastir hafa verið íslenskum miðaldahandritum getur enginn vafi leikið á því að Staðarhólsbók og önnur helstu handrit Staðarfeðga muni hafa verið rituð fyrir einhvern eða einhverja úr röðum auðugustu manna landsins.<sup>217</sup> Slíkar bækur voru dýrar því mikill tími fór í vinnu við bókagerðina og í Staðarhólsbók, sem er 248 skinnblöð, hefur þurft 62 kálfskinn<sup>218</sup> svo dæmi sé tekið. Prestur í útkjálkabrauði eða miðlungsbóndi var því ekki í færum til að eignast slíka gersemi. Sumir höfðingjar kunnu hins vegar að velja sér góða skrifara og lögðu kapp á að eignast vönduð rit.

Jón Helgason, prófessor í Kaupmannahöfn, lét sér detta í hug um 1930 að skinnbækurnar sem sýna verkkunnáttu Staðarfeðga hefðu ef til vill verið ritaðar fyrir Eggert Hannesson, síðar lögmann,<sup>219</sup> en hann varð um 1545, þá þrítugur að aldri, sýslumaður í öllu Þorskaffjarðarþingi og settist að hjá móður sinni, Guðrúnu Björnsdóttur á Núpi í Dýrafirði.<sup>220</sup> Þessari getgátu til stuðnings nefndi Jón að rímnaerindið sem Eggert mælti fram er hann kvaddi vini sína og fluttist alfarinn til Hamborgar árið 1580<sup>221</sup> (sjá hér Saurbær á Rauðasandi) væri úr Völsunga rímum sem hvergi hafa varðveist nema í AM 604<sup>4to</sup> <sup>222</sup> en það er títtnefnd Staðarhólsbók er menn telja nú að rituð hafi verið hér á Stað.

Víst er um það að á þeim árum sem Eggert ríkti á Núpi voru fáir eða engir líklegri en hann til að hafa forgöngu um bókagerð feðganna á Stað. Hitt þarf þó líka að hafa í huga að frá því Eggert settist að í móðurgarði á Núpi bjó hann þar aðeins í sex eða sjö ár, frá 1545 til 1551 eða því sem næst (sjá *Firðir og fólk 900-1900*, 236). Önnur manneskja kynni því að hafa ráðið Staðarfeðga til skriftanna og er það móðir hans, Guðrún Björnsdóttir, ekkja Hannesar Eggertssonar, hins norska hirðstjóra yfir öllu Íslandi, sem sat um skeið á Núpi, en hann andaðist á árunum upp úr 1530. Guðrún var dóttir Björns Guðnasonar í Ögri, ríkasta höfðingja á Vestfjörðum á árunum kringum 1500, og full ástæða er til að ætla að ekki hafa skort auð í hennar garði er hún sat hirðstjóraekkjja á Núpi en þar var hún ein húsum ráðandi frá 1533 og allt þar til Eggert, sonur þeirra Hannesar, tók við sýsluvöldunum og fluttist heim (sjá hér Núpur). Guðrún var á þessum árum á besta aldri, líklega fædd um 1490 og til marks um veldi hennar má nefna að Gizur Einarsson, fyrsti lúterski biskupinn á Íslandi, kaus sér eina af dætrum hennar fyrir eiginkonu og var brúðkaup þeirra haldið í Skálholti haustið 1543, að móður brúðarinnar viðstaddri (sjá hér Núpur). Þess er og vert að geta að hin vellauðuga ekkja á Núpi og Ari

<sup>216</sup> Sverrir Tómasson / Ritið 2005, 3., bls. 90.

<sup>217</sup> Jón Helgason / Skírnir 1932, 165. Sverrir Tómasson / Ritið 2005, 3., bls. 91.

<sup>218</sup> Sbr. Katalog over Den Arnsmagnæanske Håndskriftsamling, andet bind. Kph. 1894, 5-10.

<sup>219</sup> Jón Helgason / Skírnir 1932, 165-166.

<sup>220</sup> Ísl. æviskrár I, 319-320.

<sup>221</sup> Safn til sögu Íslands I, 2 / Ritgjörð Jóns Gizurarsonar um siðaskipta tímanna. Kph. 1855, 700.

<sup>222</sup> Jón Helgason / Skírnir 1932, 166.

prestur Jónsson á Stað voru þremmingar að frændsemi (sjá hér bls. 20-22 og Núpur), áttu bæði Björn hirðstjóra Þorleifsson á Skarði að langafa.

Sverrir Tómasson miðaldafræðingur hefur bent á að líklegt sé að Þrymlur, einar rímnanna í Staðarhólsbók, hafi verið fluttar með einhvers konar leikrænum tilburðum, *ef til vill með hljóðfærum eða jafnvel söng*.<sup>223</sup> Hann færir rök að þessu og byggir meðal annars á því að höfundur Þrymla nefnir þær *spil* er hann segir *Þrymlur heiti þetta spil*.<sup>224</sup> Hvernig svo sem þessu hefur verið háttað er eitt víst, það að næg hafa húsakynnin verið á Núpi til gleðileikja, bæði í tíð Guðrúnar húsfreyju Björnsdóttur og Eggerts sonar hennar. Hafi sagan af viðskiptum Ása-Þórs við þursinn úr Jötunheimum, sem Þrymlur eru kenndar við, verið færð í leikbúning á Núpi er ekki ólíklegt að skrifararnir á Stað hafi sótt þá gleði, að minnsta kosti bræðurnir tveir, synir séra Ara, sem líklegt er að hafi verið milli tvítugs og þrítugs á árunum kringum 1540. Skýra vitneskju um aldur þessara feðga höfum við ekki en hér voru áður leiddar líkur að því að séra Ari kynni að hafa verið fæddur skömmu fyrir 1490 (sjá bls. 22-23) og Tómas Arason frá Stað hefur varla verið fæddur síðar en 1520 því gera má ráð fyrir að maður með því nafni, sem Eggert Hannesson kvaddi í dóm á Mosvallapingi vorið 1548,<sup>225</sup> hafi verið hann.

Eitt auðkenni skinnbókanna frá Stað segir Jón prófessor Helgason vera *listhneigð skrifarans*.<sup>226</sup> Upphafsstafir eru oft skreyttir og rósaverk sett utan um síðustu orð á sumum blaðsíðum.<sup>227</sup> Myndir eru líka teiknaðar neðanmáls, hér og þar, stundum rósir, oft drekar eða önnur kynjadýr, stundum mannshendur eða mannshöfuð ellegar aðrar myndir.<sup>228</sup>

Hér hefur áður verið minnst lítillaga á annað spássíukrot í þessum skinnbókum (sjá bls. 18-19) en það er einkum að finna í rímnabókinni miklu AM 604<sup>40</sup> og allt komið frá skrifurum handritsins nema sumir málshættirnir sem virðast vera yngri.<sup>229</sup> Í þessari einu bók er að finna um það bil 200 málshætti, vísur og vísnaþrot eða fyrirbæni.<sup>230</sup> P.E. Kristian Kálund lét margt af þessu á þrykk út ganga í riti sínu *Smástykker* árið 1886 en nokkuð ber þar á mislestri og var sumt leiðrétt síðar.<sup>231</sup> Efst á hverri blaðsíðu í þessu sama rímnahandriti er skrifað Jesú nafn eða Maríu og í helstu handritunum frá Stað eru rituð á spássíur áköll til heilagrar Fen(n)ennu, svo sem *sancta fen(n)enna ora pro nobis*,<sup>232</sup> það er *heilög Fenenna, bið fyrir oss*. Svo virðist sem þarna sé um að ræða lítt kunnan dýrling en Fenennu þessarar er þó getið í Stjórn,<sup>233</sup> riti frá síðari hluta 13.

<sup>223</sup> Sverrir Tómasson / Ritið 2005, 3. bls. 90.

<sup>224</sup> Sama heimild.

<sup>225</sup> D.I. XI, 631.

<sup>226</sup> Jón Helgason / Skírnir 1932, 160.

<sup>227</sup> Sama heimild.

<sup>228</sup> Sama heimild.

<sup>229</sup> Sama heimild, 146.

<sup>230</sup> Sama heimild.

<sup>231</sup> Jón Helgason / Skírnir 1932.

<sup>232</sup> Sama heimild, 147. Sbr. Stefán Karlsson 1998, 326.

<sup>233</sup> Sama heimild.

aldar eða árunum kringum 1300, sem hefur að geyma þýðingar á ýmsum bókum Gamla testamentisins. Nafnið Peninna er einnig nefnt í biblíunni<sup>234</sup> og kynni að vera sama persónan.

Sem dæmi um annað spássúkrot í rímnahandritinu Staðarhólsbók, AM 604<sup>4to</sup>, má nefna þessar setningar<sup>235</sup> og hefur stafsetning þá verið færð til nútímahorfs:

1. *Nú er krapi úti en klórað inni.*
2. *Illt er að skrifa í útnyrðingi.*
3. *Augun gerast allveik.*
4. *Augnveikur er aulinn.*
5. *Jesús, sjá þú augu mín.*
6. *Jesús Máriauson, sjá þú til augna þræls þíns.*
7. *Svara verð ég Sigurður minn.*
8. *Seint og illa segi ég fara af staknum hann nú séra Ara.*
9. *Mér líst samt skrifið þitt, Tómas.*
10. *Lítt temprast bleikið fyrir þér, ga[m]li minn Tómas.*

Í kvæðabókina AM 713<sup>4to</sup> hefur einhver þeirra Staðarfeðga krotað á spássíu vísu sem með nútímastafsetningu verður svona:

*Ferðin klökk með fleina hlökk  
fljótt má nafnið finna  
rifinn ís sem reytt sé hrís  
og rennanda vatnið stinna.*<sup>236</sup>

Illu hefur gengið að ráða merkingu vísunnar en svo virðist sem í henni sé fólgin nafngáta.

Í skinnkverið AM 431<sup>12mo</sup>, sem talið er að einnig sé ritað af séra Ara á Stað og sonum hans, Tómasi og Jóni, hefur einn þeirra ritað allra oftast klausu sem með stafsetningu okkar tíma lítur svona út:

*Lengi hefur þú skrifað þessa sögu Jón strákur Arason.  
Ekki má þetta skrif heita, það er mismæli fyrir mig, heldur  
krabb og illa krabbað. Biðjið sem áður fyrir Jóni Arasyni,  
þeir sem söguna lesa. Geymi oss guð, öll saman, og júngfrú  
sankta María mín að ílfu. Amen.*<sup>237</sup>

<sup>234</sup> Jón Helgason / Skírnir 1932, 147. Sbr. Stefán Karlsson 1998, 326.

<sup>235</sup> Sama heimild, 148-150 og 161.

<sup>236</sup> Jón Helgason / Skírnir 1932, 150. Sbr. Ól. Halldórss. 1966, 24-27 (Studia Islandica 24). Sbr. einnig Stefán Karlss. 1998, 326.

<sup>237</sup> Jón Helgason / Skírnir 1932, 159. Sbr. Ól. Halldórss. 1966, 24-27. Sbr. einnig Stefán Karlss. 1998, 326.

Í þessu kveri kemur orðmyndin *ílfu* í stað *eilífu* bæði fyrir í þessari aukaklausu, aftast í bókinni, og einnig í meginmáli textans sem þar er að finna.<sup>238</sup>

Í sögubókinni, AM 510<sup>4to</sup>, hafa þeir Staðarfeðgar líka párað sitthvað á spássíurnar, m.a. *nos xsx samoht* sem Jón Helgason prófessor taldi að væri nafnið Thomas Arason, skrifað aftur á bak og föðurnafnið með villuletri.<sup>239</sup> Leikur þar vart nokkur vafi á og sömu sögu er að segja um orðin *jon xsx son* sem ætla má að standi fyrir Jón Arason og stafirnir *xsx* standi í bæði skiptin fyrir *ara*.<sup>240</sup> Í hinu mikla söguhandriti frá Stað, AM 510<sup>4to</sup>, er einnig að finna annað spássíukrot, bæði spakmæli og fyrirbænis, svo sem þetta, – hér með nútímastafsetningu:<sup>241</sup>

1. *Afslepp verða mér yndisbrögðin kvenna.*
2. *Úti er það hún unni mér.*
3. *Eigi fer betur en vant er, skapar illa stafina strákur minn.*
4. *Far þú með Jón frændi.*
5. *Guð veri með yður alla tíð.*
6. *María mín geymi.*
7. *María gracia plena.*

Allt sem hér hefur verið tekið upp af spássíukroti skrifaranna á Stað eru augnabliksmyndir úr hugskoti þessara löngu liðnu sextánda aldar manna sem allir ólust upp við kaþólska trú en lentu síðar í umróti siðaskiptanna. Á þeirra dögum var gömlu biskupunum steypt af stóli, þeim Ögmundi Pálssyni í Skálholti og Jóni Arasyni á Hólum, og trúnni á páfann í Róm, sem löngum hafði verið talinn óskeikull og alvaldur umboðsmaður guðs, varpað fyrir róða. Og allir dýrlingarnir, sem menn höfðu trúað á og sótt styrk til, fyrr en varði brennimerktir sem hver önnur skurðgoð. Nýjum valdhöfum í Kaupmannahöfn og við margar aðrar konungshirðir í norðanverðri Evrópu fylgdu nýir siðir. Innan kirkjunnar voru ungir og byltingarsinnaðir menn víða í fararbroddi við að brjóta páfavaldið á bak aftur og svo var einnig hér þar sem uppreisnarmennirnir voru að ná undirtökum innan íslensku kirkjunnar, með bandalagi við danska konungvaldið, einmitt um svipað leyti og feðgarnir þrír á Stað sátu hvað fastast við skriftirnar. Um afstöðu Staðarfeðga í þessum deilum vitum við fátt. Þó má ætla að hollusta þeirra við Maríu mey og dýrlinga kaþólsku kirkjunnar hafi skjótt dvínað á árunum upp úr 1540, þegar nýi Skálholtsbiskupinn, Gizur Einarsson, varð tengdasonur hinnar miklu matrónu, Guðrúnar Björnsdóttur á Núpi í Dýrafirði. Smiðshöggið á þeim ferli var svo rekið þegar sonur Guðrúnar, Eggert Hannesson, einn allra nánasti félagi Gizurar biskups, var gerður að sýslumanni í öllu Þorskafjarðarþingi árið 1544 eða 1545 eins og hér var áður nefnt. Þaðan í

<sup>238</sup> Jón Helgason / Skírnir 1932, 159-160.

<sup>239</sup> Sama heimild, 150.

<sup>240</sup> Sama heimild.

<sup>241</sup> Sama heimild, 146, 147 og 150. Sbr. Ól. Halldórss. 1966, 24-27 (Studia Islandica 24).

frá kom vart til greina að ákalla nýnefnda Fenennu eða aðra dýrlinga nema þá í laumi eða í skimpingum. Spássíukrotið gefur því til kynna að handritin frá Stað hafi alls ekki verið skrifuð síðar en rétt um 1540.

Um líf séra Ara Jónssonar á Stað og sona hans, Tómasar og Jóns, er fátt tiltækt annað en það sem þegar hefur verið nefnt. Björn Jónsson á Skarðsá, fæddur 1574, lætur þess reyndar getið í annál sínum að séra Ari hafi líka átt eina dóttur, Guðrúnu að nafni.<sup>242</sup> Áður var frá því greint að Tómas Arason frá Stað hafi að líkindum verið einn dómsmanna á Mosvöllum í Önundarfirði árið 1548 (sjá hér bls. 27) og fyrir liggur að hann átti á sínum tíma lögbókarhandritið AM 156<sup>4to</sup>,<sup>243</sup> eitt af mörgum handritum Jónsbókar. Á eina spássíuna í því handriti hefur verið skrifað: *Samoth ara nos á gim. lev matr* og séu öll orðin nema það síðasta lesin aftur á bak verður þetta: *Thomas ara son á mig. vel máttu* en framhaldið vantar.<sup>244</sup> Þarna eru augljóslega viðhafðar svipaðar kúnstir við spássíukrotið og þeir Staðarfeðgar tíðkuðu er þeir voru að skrifa sögubókina AM 510<sup>4to</sup> (sjá hér bls. 28-29). Að sögn þeirra sem kunnugastir eru þessum handritum virðist spássíugreinin í Jónsbókarhandritinu AM 156<sup>4to</sup> vera með hendi *einvers feðganna* á Stað<sup>245</sup> og þá væntanlega Tómasar. Á aðra spássíu þessa sama Jónsbókarhandrits er ritað *soffia tumas dotter a þesa bok*<sup>246</sup> en í Skarðsárannál er frá því greint að Tómas Arason frá Stað hafi átt dóttur sem hét Soffía.<sup>247</sup>

Björn á Skarðsá nefnir tvær dætur Tómasar Arasonar í annál sínum, Soffíu og Sesselju, og segir báðar hafa verið laungetnar.<sup>248</sup> Sesselju Tómasdóttur verður getið hér síðar (sjá Fremri-Vatnadalur) og afa hennar, séra Ara Jónsson á Stað, munum við hitta fyrir á ný á göngu okkar um landareign Vatnadal þar sem ær hans voru hafðar í seli og hvilft í fjallinu kynni að vera við hann kennd (sjá hér Fremri-Vatnadalur).

\*\*\*

Í Gíslamáldaga frá árunum upp úr 1570 er að finna skýrar upplýsingar um eignir kirkjunnar á Stað í Súgandafirði þegar 30 ár voru liðin frá siðaskiptunum. Þar er greint frá eignum Staðarkirkju með þessum orðum:

*Kirkjan á Stað í Súgandafirði á heimaland allt með gögnum og gæðum. Item hálfu jörð Vatnadal og er 8 hundruð en landskuld 40 álnir. Item 3 kýr og 12 ær með lömbum, einn hest í hundrað [þ.e. hesturinn hefur verið virtur á eitt hundrað – innsk. K.Ó.].*

<sup>242</sup> Annálar I, 150. Sbr. Ísl. æviskrár I, 224.

<sup>243</sup> Ólafur Halldórsson 1966, 24-27 (Studia Islandica 24).

<sup>244</sup> Karl Ó. Ólafsson, ritgerð til MA-prófs í íslenskum fræðum, 2006, 11 (ljósrít frá Árnastofnun).

<sup>245</sup> Sama heimild, 9.

<sup>246</sup> Sama heimild, 11.

<sup>247</sup> Sama heimild.

<sup>248</sup> Annálar I, 150.

*Item í kirkjunni ein gömul messuklæði og þau tvenn sem presturinn lagði kirkjunni í portio. Einn silfurkaleikur. Ein klukka og tvær bjöllur. Eitt altarisklæði. Einn hjálmur er séra Ari gaf kirkjunni og enn eitt vont altarisklæði. Einn járnkarl. Eitt glóðarker. Einn ample með blý. Ein kertastika með kopar. Ein messubók og þar til 13 bókaskræður. Þar liggja 10 bæir til kirkjusóknar. Item fastagóss til tíundar hundrað hundraða og tveimur hundruðum betur.<sup>249</sup>*

Í jarðaskrá frá árinu 1658 og Jarðabókinni frá 1710 eru bújarðirnar í Vatnadal taldar vera tvær, átta hundruð að dýrleika hvor.<sup>250</sup> Orðalagið í máldaganum, sem hér hefur nú verið birtur og er frá árunum upp úr 1570, bendir hins vegar til þess að þá hafi Vatnadalur verið talinn ein jörð því hér er Staðarkirkja sögð eiga hálfan Vatnadal og fram kemur að dýrleiki þessarar jarðeignar kirkjunnar sé átta hundruð.

Í Gíslamáldaga er ekki minnst á jarðarpartinn sem Staðarkirkja var sögð eiga í Geirsbrekku (Gilsbrekku) árið 1324 (sjá hér bls. 15) og ekki heldur á réttindi umráðamanna kirkjunnar til uppsáturs í landi Bæjar. Þessum síðast nefndu réttindum til naustgerðar og uppsáturs innan við ós Staðarár mun kirkjan því hafa tapað fyrir 1570 nema svo vilji til að láðst hafi að geta þeirra í Gíslamáldaga. Um réttindi Staðarkirkju á Gilsbrekku má telja víst að þau hafi haldist en mönnum aðeins láðst að geta þeirra í nýnefndum máldaga frá árunum upp úr 1570. Til stuðnings þeirri fullyrðingu má nefna að í Jarðabókinni frá 1710 er tekið fram að kirkjan eigi skógarítak í *takmörkuðu plássi* í landi Gilsbrekku og mun þessi réttur til hrísrifs hafa átt rætur að rekja til þess að kirkjan átti á fyrri öldum einn tólfta af landi þeirrar jarðar.

Í Gíslamáldaga sjáum við að um 1570 var Maríumyndin horfin úr Staðarkirkju og líkneskin þrjú af Pétri postula, Jóhannesi skírara og Þorláki helga, enda voru þá liðin um 30 ár frá siðaskiptum. Af gripum sem kirkjan átti 1324 og hér voru áður taldir upp (sjá hér bls. 15-16) virðast fáir hafa verið enn í hennar eigu á árunum upp úr 1570. Klukkan sem Staðarkirkja átti um 1570 kynni þó að hafa verið ein klukkanna þriggja sem hér var að finna 240 árum fyrr og kertastikan úr kopar, sem hér var árið 1570, gæti sem best hafa verið sú sama og nefnd er í máldaganum frá 1324. Ljósahjálmurinn, sem kominn var í Staðarkirkju á árunum upp úr 1570, var hins vegar gjöf séra Ara og tekið fram í Gíslamáldaga að svo hafi verið. Fullvíst má telja að gefandi hjálmsins hafi verið séra Ari Jónsson sem hér var áður nefndur, síðasti kaþólski presturinn á Stað og sá fyrsti lúterski.

Auk ljósahjálmsins og kertastikunnar átti Staðarkirkja um 1570 *einn ample með blý* og hlýtur þar að vera átt við ampla úr blýi, það er hangandi skál sem líklega hefur verið ætluð fyrir ljós.

Í Gíslamáldaga segir að tíu bæir eigi kirkjusókn að Stað og er þá líklega átt við tölu jarðanna en vera má að býlin hafi verið eitthvað fleiri.

<sup>249</sup> D.I. XV, 571-572.

<sup>250</sup> Lbs. 797<sup>4to</sup>, jarðaskrá úr Ísafj.sýslu frá árinu 1658. Jarðab. Á. og P. VII, 129-130.

Talan tíu sem þarna er nefnd bendir til þess að litið hafi verið á Vatnadal sem eina jörð á þessum tíma og kemur það heim við það sem hér var áður sagt. Óvíst er hvort sjálfur kirkjustaðurinn muni vera talinn með þegar skrifað er *þar liggja 10 bæir til kirkjusóknar*. Sé Staður einn þessara tíu bæja hlýtur einhver jörðin í Suðureyrarhreppi að hafa verið í eyði þegar máldaginn var færður í letur og þá að líkindum **Keflavík**. Hitt er þó líka hugsanlegt að kirkjustaðurinn sé ekki talinn með og Keflavík hafi því verið í byggð.

Merking síðustu orðanna úr Gíslamáldaga sem hér var vitnað til er sú að Staðarkirkja fái greiddar tíundir af jarðeignum sem að dýrleika teljist vera 122 hundruð, það er eitt stórt hundruð (120) og tveimur hundruðum betur. Jarðaskráin frá 1658 sýnir að samanlagður dýrleiki allra jarða í Suðureyrarhreppi var þá 156 hundruð samkvæmt opinberu mati.<sup>251</sup> Af jarðeignum í eigu kirkna var engin tíund goldin.<sup>252</sup> Kirkjujarðir í hreppnum voru fjórar, Staður, Gilsbrekka, **Selárdalur** og Keflavík, og allar til samans voru þær 42 hundruð að dýrleika. Dýrleiki jarðanna í Súgandafirði sem tíund var goldin af var því 114 hundruð árið 1658, átta hundruðum minni en nefnt er í máldaganum frá því um 1570.

Líklegasta skýringin á þessum mun er sú að um 1570 hafi enn verið gert ráð fyrir að Staðarkirkja fengi goldna tíund af Keflavík sem var átta hundruða jörð og enn í einkaeign árið 1558 (sjá hér Keflavík). Um eða rétt eftir 1570 náði Hólskirkja í Bolungavík hins vegar að eignast þetta kot<sup>253</sup> og þaðan í frá fékk Staðarkirkja enga tíund greidda af Keflavík. Þegar talað er í Gíslamáldaga um 122 hundruð tíundarskyldra jarðeigna í prestakallinu er líka gert ráð fyrir að allur Vatnadalur sé í einkaeign, enda þótt þess sé getið í sama skjali að Staðarkirkja eigi þar átta hundruð. Skýring á því ósamræmi er ekki í boði.

Ef frá er talið heimalandið á Stað virðist Staðarkirkja aldrei hafa eignast neinar jarðeignir nema það hálfa hundruð í Gilsbrekku sem hér hefur verið nefnt og átta hundruðin í Vatnadal sem um er getið í Gíslamáldaga. Háflendunni í Vatnadal mun kirkjan hafa tapað á síðari hluta 16. aldar (sjá bls. 46-49).

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá árinu 1710 er staðfest að Staðarkirkja í Súgandafirði átti þá engar jarðeignir nema heimalandið á Stað<sup>254</sup> og engin ítök nema skógaritakið á Gilsbrekku sem fram er tekið að hafi brúkast og brúkist enn til *kolgjörðar*.<sup>255</sup> Teigur kirkjunnar í Gilsbrekkuskógi var kallaður **Staðarteigur**<sup>256</sup> og átti hún hann enn á árunum kringum aldamótin 1900 (sjá hér Gilsbrekka). Enga jarðeign mun kirkjan á Stað hafa náð að eignast síðar, það er að segja á átjándu eða nítjándu öld og var því allt óbreytt í þeim efnunum.

<sup>251</sup> Lbs. 797<sup>40</sup>, Jarðaskrá úr Ísafj.sýslu frá árinu 1658. Jarðab. Á. Og P. VII, 129-130.

<sup>252</sup> Einar Laxness 1995, s-ö, 91.

<sup>253</sup> D.I. XV, 571-572. Sbr. D.I. XIII, 305-307.

<sup>254</sup> Jarðab. Á. og P. VII, 128-129. Sbr. þar bls. 110, 133, 139, 148, 240 og 473.

<sup>255</sup> Jarðab. Á. og P. VII, 128.

<sup>256</sup> Bps. A. II, 16, bls. 251-252 og Bps. A. II, 21, bls. 229.



Staðarprestakall í Súgandafirði mun löngum hafa verið eitt fámennasta prestakall landsins og íbúatalan oftast á bilinu frá 140-200 manns (sjá hér Suðureyrarhreppur, inngangskafli). Allt frá siðaskiptum um miðbik 16. aldar og fram til ársins 1937 mun Staðarkirkja hafa verið eina guðshúsið í Súgandafirði en í byrjun 18. aldar lifðu á vörum fólks munnmæli um bænhús sem sagt var að verið hefðu að fornu á Suðureyri og í Fremri-Vatnadal.<sup>257</sup> Hinar óljósu sagnir, sem Árni Magnússon heyrði um þetta er hann kom til Súgandafjarðar í jarðabókarerindum sumarið 1710, eru einu heimildirnar um þessi tvö bænhús og því ekkert hægt að fullyrða með vissu um þau.

Í Jarðabókinni frá 1710 er líka frá því greint að í *gamallri tíð* hafi presturinn á Stað í Súgandafirði þjónað kirkjunni á Hóli í Bolungavík.<sup>258</sup> Þá fullyrðingu er varla hægt að rengja en óljóst er með öllu hversu lengi sú skipan hélst. Líklegast er að þessi háttur hafi aðeins verið hafður á í nokkur ár eða fáa áratugi upp úr siðaskiptunum en þá var mikill skortur á prestum sem náð höfðu að tileinka sér hinn nýja sið og þann lærdóm sem honum fylgdi. Nefna má að Ólafur prestur Sveinsson, sem hélt Stað í Súgandafirði um nokkurt skeið á síðari hluta 16. aldar, virðist einnig hafa verið prestur Bolvíkinga en óljóst er hvort hann þjónaði báðum sóknunum í senn.<sup>259</sup>

Á öllum öldum mun Staðarprestakall í Súgandafirði hafa þótt eitt hið rýrasta á öllu landinu. Við brauðamat sem fram fór árið 1737 voru árstekjur prestsins af þessu rýrðarkalli metnar á 5 ríkisdali<sup>260</sup> og kemur það nær alveg heim við greinargerð séra Tyrfings Finnssonar, sem þá var prestur á Stað, en hana er að finna í bréfi hans, dagsettu 25. júní 1738, til Jóns Árnasonar, biskups í Skálholti.<sup>261</sup> Í preststíund af fasteignum og lausafé kveðst séra Tyrfingur fá 50 álnir á ári.<sup>262</sup> Aðrar tekjur hans af prestsstarfinu voru heytollar og dagsverk sem bændur eða vinnumenn þeirra unnu á prestssetrinu í kvaðavinnu.<sup>263</sup> Í nýnefndu bréfi séra Tyrfings greinir hann frá því að síðastliðinn vetur hafi hann verið með sextán lömb á fóðrum hjá sóknarbændum og dagsverkin, sem hann fékk unnin á nýliðnu fardagaári, hafi verið sex.<sup>264</sup> Ætla má að fjöldi prestslamba og dagsverka í kvaðavinnu hafi verið álíka mikill 31 ári síðar en þá voru heytollar Staðarprests (lambaeldið) virtir á 85 álnir samtals og unnin dagsverk á 25 álnir (sjá hér bls. 94). Að tíundunum meðtöldum hafa tekjur fyrir prestsverk í Staðarprestakalli þá numið um það bil 160 álnum á ári en 30 álnir töldust vera í hverjum ríkisdal svo þessar 160 álnir hafa svarað til 5 ríkisdala og 32ja skildinga. Eitt lambseldi hefur þá verið virt á 5 álnir eða

<sup>257</sup> Jarðab. Á. og P. VII, 129 og 132.

<sup>258</sup> Sama heimild, 148.

<sup>259</sup> Íslenskar æviskrár IV, 84. Sveinn Níelsson 1950, 193. Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighvatur Grímsson Borgfirðingur / Prestaæfir.

<sup>260</sup> Sveinn Níelsson 1950, 193.

<sup>261</sup> Bps. A. IV, nr. 61a. Bréf séra Tyrfings Finnssonar 25.6.1738 til Jóns biskups Árnasonar.

<sup>262</sup> Sama heimild.

<sup>263</sup> Sama heimild.

<sup>264</sup> Bps. A. IV, nr. 61a. Bréf séra Tyrfings Finnssonar 25.6.1738 til Jóns biskups Árnasonar.

rétt liðlega það og eitt dagsverk í kvaðavinnu á 4 og ¼ úr alin. Í kýrverðinu voru 120 álnir svo þessar tekjur prestsins á Stað hafa numið sem svaraði einu kúgildi og einum þriðjungi úr öðru yfir árið. Vart þarf að taka fram að sú fjárhæð gat engan veginn dugað til framfærslu fyrir prestinn og fjölskyldu hans, enda segir séra Tyrfingur í bréfi sínu til biskups frá sumrinu 1738 að *mestallt sitt uppheldi verði prestur sá sem situr að Stað ... að taka af því sem jörðin gefur af sér.*<sup>265</sup>

Árið 1745 voru tekjur af Staðarprestakalli taldar vera nær fjórðungi hærri en verið hafði 1737 eða 6 ríkisdalir og 20 skildingar<sup>266</sup> en óljóst er hvað valdið hefur þeirri breytingu.

Við matsgerð sem fram fór árið 1853 voru tekjur Staðarprestis í Súgandafirði virtar á 87 ríkisdali og 50 skildinga og árið 1868 á 129 ríkisdali og 57 skildinga.<sup>267</sup> Allt verðlag var þá mjög breytt frá því sem verið hafði árið 1737 en við öll þessi þrenn brauðamöt, 1737, 1853 og 1868 var Staður í Súgandafirði jafnan í neðsta sæti í röð hinna þrettán prestakalla í Ísafjarðarsýslu hvað tekjur prestanna varðaði,<sup>268</sup> enda voru sóknarbörnin fá og eignatekjur sóknarkirkjunnar engar. Árið 1737 voru tekjurnar af Staðarprestakalli í Súgandafirði taldar nema sem svaraði rétt um 17% preststekna af meðalbrauði í Ísafjarðarsýslu en árin 1853 og 1868 var þessi sama hlutfallstala 42% og 39%.<sup>269</sup> Um nákvæmni við matsgerðirnar þegar brauðin voru metin er erfitt að dæma en hvað sem um hana má segja er fullvíst að flestir prestanna sem sátu hér á Stað á liðnum öldum urðu að strita á landi og sjó eins og hverjir aðrir bændur og hafa varla getað eytt miklum tíma í lærdómsiðkanir.

Hér verður nú sagt stuttlega frá þeim 15 prestum sem fengu veitingu fyrir Staðarprestakalli og sátu á Stað á árunum 1550-1863. Áður hefur verið minnst á tvo kaþólska presta, sem þjónuðu Súgfirðingum á síðari hluta fimmtándu og fyrri hluta sextándu aldar (sjá hér bls. 17-30), en hér verður numið staðar við árið 1863 vegna þess að á því ári hvarf á braut síðasti níttjándu aldar presturinn er setið hafði á Stað og á árunum 1863-1901 var Staðarprestakalli jafnan þjónað frá Holti í Önundarfirði.

Fyrsti presturinn sem kom nýr að Stað eftir siðaskipti og um er kunnugt með nafni hét Ólafur Sveinsson. Forveri hans, Ari Jónsson, sem var síðasti kaþólski presturinn hér og áður hefur verið nefndur, virðist hafa verið enn á Stað árið 1549 því hinn sjötta dag jóla á því ári var hann vottur við gerð kaupmála sem gengið var frá hér á prestssetrinu.<sup>270</sup> Hann hefur þá að líkindum verið orðinn gamall því talið hefur verið að hann sé sá Ari

<sup>265</sup> Bps. A. IV, nr. 61a. Bréf séra Tyrfings Finnssonar 25.6.1738 til Jóns biskups Árnasonar.

<sup>266</sup> Skj.s. kirkjustjórnarráðsins. K. I. 4, innkomin bréf og önnur skjöl 1744-1745. Umsögn Ludvigs Harboe um presta og prestaköll í Ísafjarðarsýslu.

<sup>267</sup> Sveinn Níelsson 1950, 193.

<sup>268</sup> Sama heimild, 186-204.

<sup>269</sup> Sama heimild.

<sup>270</sup> D.I. XI, 739.

Jónsson prestur er ritaði sem vottur undir skjal sem gengið var frá haustið 1508 í klaustrinu á Helgafelli á Snæfellsnesi.<sup>271</sup>

Nafn Ara prests Jónssonar mun hvergi vera nefnt í varðveittum skjölum eftir 1549 og því er hugsanlegt að séra Ólafur Sveinsson hafi tekið við Staðarprestakalli alveg um 1550. Hann var sannanlega orðinn vígður prestur árið 1549 og var á því ári tilnefndur í dóm á prestastefnu á Þingvöllum.<sup>272</sup> Sighvatur Borgfirðingur telur að Ólafur hafi orðið prestur í Súgandafirði árið 1549<sup>273</sup> en það er þó mjög hæpið því forveri hans virðist enn hafa verið á Stað í lok þess árs eins og hér hefur áður verið nefnt.

Í Prestatali og prófasta segir séra Sveinn Níelsson að séra Ólafur Sveinsson hafi komið að Stað fyrir 1569<sup>274</sup> og nefnir máli sínu til stuðnings að 1. febrúar á því ári hafi séra Ólafur sannanlega verið staddur á Hóli í Bolungavík og skrifað þar undir bréf ásamt öðrum manni.<sup>275</sup> Fullvíst er þó ekki að séra Ólafur hafi verið kominn að Stað árið 1569 því prestar úr öðrum brauðum í Ísafjarðarsýslu gátu líka átt erindi að Hóli en yfirleitt var Hólssókn í Bolungavík þjónað frá Eyri í Skutulsfirði. Um séra Ólaf Sveinsson sést í skjölum að hann var prestur í prófastsdæmi séra Sveins Símonarsonar í Holti árið 1583 og dómsmaður á Mosvöllum í Öndarfirði árið 1589.<sup>276</sup> Undir prófastinn, séra Svein í Holti, heyrðu á þessum árum fimm aðrir prestar úr vesturhluta Ísafjarðarsýslu.<sup>277</sup> Vitneskja um þá liggur fyrir og ljóst hvaða brauðum þeir þjónuðu, allir nema séra Ólafur,<sup>278</sup> og sýnist þá óhætt að álykta að hann hljóti að hafa verið prestur í Súgandafirði, eina prestakallinu sem til greina kemur þar sem ekki var sannanlega annar prestur þjónandi á þessum tíma. Til staðfestingar á því að svo hafi verið má líka benda á ummæli þar að lútandi í Reisubók Jóns Ólafssonar Indíafara<sup>279</sup> svo hér er ekki um að villast en fyrri kona Jóns Indíafara var dóttir séra Ólafs Sveinssonar á Stað.<sup>280</sup> Fullvíst má því telja að séra Ólafur hafi verið prestur á Stað á árunum milli 1580 og 1590 og alllíklegt er að hann hafi líka verið þjónandi prestur í Súgandafirði þegar hann ritaði undir fyrrnefnt bréf á Hóli í Bolungavík 1. febrúar árið 1569. Að hann hafi þá verið búsettur á verslunarsvæði kaupstaðarins á Skutulsfjarðareyri má telja fullvíst eins og hér mun brátt koma betur í ljós.

Af ætt og uppruna séra Ólafs Sveinssonar fer tvennum sögum. Í Íslenskum æviskrám er hann sagður hafa verið sonur séra Sveins Þorbjarnarsonar, prests í Otradal og Selárdal í Arnarfirði<sup>281</sup> en Theódór Árnason verkfræðingur, sem þekkir manna best til ætta í Ísafjarðarsýslu á

<sup>271</sup> D.I. VIII, 251. Sbr. registur í sama bindi.

<sup>272</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>273</sup> Sama heimild.

<sup>274</sup> Sveinn Níelsson 1950, 193.

<sup>275</sup> Sama heimild. Sbr. D.I. VIII, 594-595.

<sup>276</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>277</sup> Sveinn Níelsson 1950, 186-194.

<sup>278</sup> Sama heimild.

<sup>279</sup> Jón Ólafsson Indíafari 1992, 314.

<sup>280</sup> Sama heimild.

<sup>281</sup> Ísl. æviskrár IV, 84 og 378.

sextánda öld, kveðst telja að hann hafi verið sonur Sveins Jónssonar frá Kirkjubóli í Skutulsfirði sem bjó á Breiðabóli í Skálavík og síðar á Sæbóli á Ingjaldssandi.<sup>282</sup> Sé kenning Theódórs rétt hefur séra Ólafur verið bróðursonur Sesselju Jónsdóttur frá Kirkjubóli sem ung að árum gerðist fylgikona Eggerts Hannessonar lögmanns og varð síðar eiginkona hans<sup>283</sup> (sjá hér Núpur).

Um uppvaxtar- og námsár séra Ólafs Sveinssonar er allt á huldu en ljóst er að á sínum fyrstu prestskaparárum hefur hann notið þó nokkurs trúnaðar hjá hinum ungu forkólfum siðaskiptanna. Til marks um það má nefna tvö dæmi.

Á prestastefnunni sem haldinn var á Þingvöllum árið 1549 var séra Ólafur einn 23ja klerka sem Marteinn Einarsson biskup útnefndi til að dæma um alla þá dóma, bréf og gjörninga sem Jón biskup Arason á Hólum hafði ganga látið eða haft forgöngu um í Skálholtsbiskupsdæmi.<sup>284</sup> Marteinn, sem var annar lúterski biskupinn í Skálholti, var þá alveg nýlega sestur þar að stóli og átti í hatrömmum deilum við Jón Arason, síðasta kaþólska biskupinn, sem enn hélt velli á Hólum.

Liðlega einu ári síðar voru Jón Arason og synir hans, Ari og Björn, handteknir og færðir í Skálholt. Þar voru þeir allir þrír teknir af lífi þann 7. nóvember 1550 eins og alkunnugt er. Örfáum dögum fyrir aftökuna var séra Ólafur Sveinsson, síðar prestur á Stað í Súgandafirði, staddur í Skálholti því 3. nóvember þetta sama haust var hann, ásamt ellefu öðrum prestum, skipaður í dóm er þann sama dag dæmdi allar Bjarneseignir undir Skálholtskirkju en allt það góss höfðu Hólafeðgar talið vera sína eign.<sup>285</sup>

Árið 1569 voru liðnir nær tveir áratugir frá því séra Ólafur Sveinsson var ungur prestur og stóð við hlið Marteins Einarssonar, biskups í Skálholti, í hinum illvígu deilum siðaskiptatímans. Er hér var komið sögu var Ólafur kominn vestur og líklega orðinn prestur á Stað í Súgandafirði en með fullri vissu er vitað að nokkrum árum síðar var hann sóknarprestur Súgfirðinga eins og hér hefur fyrr verið nefnt.

Laugardaginn 23. júlí 1569 var séra Ólafur staddur í kaupstaðnum á Skutulsfjarðareyri og lenti þá í átökum við Magnús Jónsson prúða en kæra Magnúsar vegna þeirra sviptinga hefur fremur öðru haldið nafni séra Ólafs á lofti allt fram á daga okkar sem nú lifum. Á þessum tíma fór Magnús prúði með sýsluvöld í Ísafjarðarsýslu í umboði tengdaföður síns, Eggerts Hannessonar lögmanns, er þá bjó í Bæ á Rauðasandi, en Magnús sat í Ögri.<sup>286</sup> Talið er að Magnús prúði hafi verið fæddur um 1525<sup>287</sup> og flest bendir til þess að hann og séra Ólafur hafi verið á mjög líkum aldri, báðir milli fertugs og fimmtugs er þeir áttust við á Skutulsfjarðareyri. Ólafur

<sup>282</sup> Theódór Árnason / Vestfirskar ættir 1968, IV, 373. Sbr. þar bls. 366-370 og 382.

<sup>283</sup> Sama heimild, 368.

<sup>284</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>285</sup> D.I. XI, 809-810. Páll E. Ólason 1919, 164-171. Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>286</sup> Ísl. æviskrár I, 319-320 og III, 431.

<sup>287</sup> Sama heimild III, 431.

prestur var þá í fylgdarliði Árna Gíslasonar sem um skeið hafði farið með sýsluvöld í Ísafjarðarsýslu og lengi átt í hatrömmum deilum við þá Eggert lögmann og Magnús prúða, hans tengdason.<sup>288</sup> Mjög skömmu eftir átökin á Skutulsfjarðareyri varð Árni Gíslason sýslumaður í Rangárvallasýslu og settist að á Hlíðarenda í Fljótshlíð.<sup>289</sup>

Í kæru sinni á hendur Árna Gíslasyni komst Magnús prúði svo að orði að Árni hefði komið *á næturþeli í kaupstaðinn á Skutulsfjarðareyri við þrettánda mann og alla vopnaða til að finna sig með stóru ofsvæsi*.<sup>290</sup> Í þessum þrettán manna vopnaða flokki mun séra Ólafur hafa verið því að í vitnisburði átta manna, sem Magnús lagði fram á Alþingi þremur árum síðar, sést að hann var einn þeirra fjögurra manna sem nefndan dag riðu með Árna Gíslasyni undir vopnum að kaupmannsbúðinni á Skutulsfjarðareyri og kröfðust þess að Eggert lögmaður Hannesson, sem staddur var í búðinni, gengi til fundar við þá.<sup>291</sup>

Þeir Eggert og Magnús gengu þá báðir út úr búðinni og í fyrrnefndum vitnisburði er í löngu máli greint frá því sem höfðingjunum fór á milli þennan júlídag í kaupstaðnum við Skutulsfjörð.<sup>292</sup> Um þátt séra Ólafs Sveinssonar í þeim yfingum segir þar svo:

*... og að lítilli stundu liðinni kom út úr búðinni séra Ólafur Sveinsson. Talaði Magnús [prúði] til hans og spurði því hann hefði sagt sig svo lyginn sem hann væri langur á Alþingi. En Ólafur Sveinsson sagðist ei hafa svo talað. Vændist Magnús þar vottum að og þrættu þar um. Var þá séra Ólafur með nokkrum genverðugum orðum og hyggjum vér að hann væri nokkuð drukkinn. Sagði Magnús séra Ólafur skyldi fara í burt af Eyrinni og þeir skyldu ekki báðir samtíða vera. Sagðist Ólafur hvörgi fara. Spurði Magnús sína menn þá hver þeirra vildi til verða að reka hann frá sínum augum. Stóðum vér þá allir kyrrir. Gekk Magnús þá heim að honum, þrjú eða fjögur spor. Sagði séra Ólafur [að] Magnús hefði nóga stráka þó hann yrði þar ei sjálfur til. Komu þeir þá út úr búðinni Torfi Sigfússon og Bjarni Pálsson [úr liði Árna Gíslasonar – innsk. K.Ó.]. Gekk þá Torfi að Magnúsi og bað hann með fögrum orðum að vera til friðs og hélt honum. Var séra Ólafur þá og haldinn. Gekk Bjarni Pálsson vopnlaus að þeim Þorleifi [Þorgrímssyni] og Magnúsi Halldórssyni [sveinum Magnúsar prúða – innsk. K.Ó.] og tók hendi um hvors þeirra arngeir og kallaði þá dandissveina og bað þá með góðum orðum að vera kyrra.*

<sup>288</sup> Alþingisbækur Íslands I, 127. Ísl. æviskrár I, 42, 319-320 og III, 431.

<sup>289</sup> Ísl. æviskrár I, 42-43.

<sup>290</sup> Alþ.bækur Íslands I, 131.

<sup>291</sup> Sama heimild, 127-128.

<sup>292</sup> Sama heimild, 128-131.

... Í þessu kom Hans Claus, kaupmann og skipherra, út úr búðinni og bað Magnús og hans menn ganga til tjalds og það fyrirbarst Magnús að gera. Kallaði séra Ólafur á menn Magnúsar og sagði hvör skyldi koma sem vildi. Greip hann þá upp öxi er stóð í fjalhögginu er klofinn var með eldiviður og vildi kasta fram í flokkinn til vor. Var hann þá haldinn og öxin af honum tekin. Kastaði þá aftur af sér hempunni Þorleifur Þorgrímsson og hljóp heim að búðinni. Hljóp þá séra Ólafur með búðarvegnum og datt um koll. Stóð hann þá upp aftur og greip lensu. Hjuggu þeir þá saman, Þorleifur og hann, nokkur högg. Afskefti Þorleifur þá fyrir honum. Datt séra Ólafur þá flatur. Vildi Þorleifur þá ei skemma hann.<sup>293</sup>

Ljóst er að vitnisburður þessi er ekki vinsamlegur séra Ólafi, enda var hann saminn af mönnum Magnúsar prúða sem Ólafur prestur og hans félagar áttu í höggi við. Um þátttöku séra Ólafs í erjunum á Skutulsfjarðareyri 23. júlí 1569 þarf hins vegar ekki að efast og má ætla að hann hafi styrkt sig allvel á brennivíni fyrir bardagann.

Eins og fyrr var nefnt kærði Magnús prúði Árna Gíslason fyrir forgöngu um árásir á sig þennan júlídag við krambúðina á Skutulsfjarðareyri og fyrir fleiri sakir.<sup>294</sup> Sú kæra var lögð fram á Alþingi árið 1572 en svo virðist sem aldrei hafi verið dæmt í málinu.<sup>295</sup> Þess má hins vegar geta að þau Elín, dóttir Magnúsar prúða, og Sæmundur, sonur Árna Gíslasonar, urðu hjón og var gengið frá kaupmála þeirra þann 22. september 1588.<sup>296</sup> Þau bjuggu lengi á Hóli í Bolungavík og er mikill ættbogi frá þeim kominn.

Frá fyrstu árunum eftir vopnaskakið á Skutulsfjarðareyri er fátt að fréttu af séra Ólafi Sveinssyni. Á einum stað er þó frá því greint að svo virðist sem hann hafi fengið veitingu fyrir Selárdal í Arnarfirði árið 1573 eða 1574<sup>297</sup> en það góða brauð hafi hann strax orðið að láta aftur af hendi.<sup>298</sup> Óljóst er hvað hæft muni vera í þessu en presturinn sem tók við Selárdal árið 1574 var Halldór Einarsson, bróðir Gissurar Einarssonar, fyrsta lúterska biskupsins í Skálholti.<sup>299</sup>

Þann 24. ágúst árið 1583 var Gísli Jónsson, biskup í Skálholti, staddur að Mýrum í Dýrafirði. Þaðan sendi hann séra Ólafi Sveinssyni áminningarbréf og vítti hann fyrir að hafa vanrækt að mæta á almenna prestastefnu sem þá hafði nýlega verið haldin í Holti í Önundarfirði.<sup>300</sup> Í bréfinu tilkynnir biskup séra Ólafi að séra Sveinn Símonarson í Holti hafi

<sup>293</sup> Alp.bækur Íslands I, 128-129.

<sup>294</sup> Jón Þorkelsson 1895, 46-50 (Saga Magnúsar prúða).

<sup>295</sup> Sama heimild.

<sup>296</sup> Ísl. æviskrár IV, 379.

<sup>297</sup> Sama heimild, 84 og 378.

<sup>298</sup> Sama heimild.

<sup>299</sup> Sama heimild II, 250.

<sup>300</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

verið settur prófastur og sérstakur fulltrúi sinn vestra og bætir við að verði séra Ólafur ber að nokkurri óhlýðni við hinn nýja prófast sé honum skylt að koma þegar í stað á sinn fund suður í Skálholt eða að Bessastöðum.<sup>301</sup> Í sama bréfi kveðst Gísli biskup hafa heyrt að viðtakandi þess, Ólafur prestur, sé *kleinkinn og kífsamur* við fátæka og skipar honum að betra sig.<sup>302</sup> Af bréfinu má ráða að á þessum árum hafi séra Ólafur ekki verið vel séður í Skálholti og svo virðist sem biskup hafi jafnvel talið ástæðu til að hafa hann undir sérstöku eftirliti. Þessi svolítið breyski Staðarprestur hélt þó embætti sínu og sumarið 1589 átti hann sæti í tólf manna dómi á Mosvöllum í Önundarfirði<sup>303</sup> þar sem oft voru haldin þriggja hreppa þing. Þá hefur séra Ólafur líklega verið kominn á sjötugsaldur en síðast er hans getið, svo kunnugt sé, í skjali frá árinu 1591. Þar greinir Jón Grímsson í Bæ í Súgandafirði frá því að hann hafi beðið séra Ólaf Sveinsson að skrifa til séra Jóns Loftssonar í Vatnsfirði um það frillulífi sem hann hefði haft við systur hans, Sigríði Grímsdóttur.<sup>304</sup> Líklegt er að séra Ólafur Sveinsson á Stað hafi verið kvæntur en eiginkona hans mun þó hvergi vera nefnd í varðveittum heimildum. Nokkur vitneskja liggur hins vegar fyrir um tvær dætur hans, þær Ingibjörgu og Randíði. Ingibjörg varð fyrri eiginkona Jóns Ólafssonar Indíafara og bjó með honum í Tröð í Álftafirði vð Djúp en Randíður giftist bróður Jóns, Halldóri Ólafssyni, sem bjó í Súðavík.<sup>305</sup> Þau Ingibjörg Ólafsdóttir og Jón Indíafari voru barnlaus<sup>306</sup> en frá Randíði og Halldóri er kominn hópur niðja.<sup>307</sup>

Séra Erlendur Snæbjarnarson er talinn hafa verið prestur hér á Stað á árunum 1594-1614<sup>308</sup> og mun hafa tekið við af séra Ólafi Sveinssyni. Séra Erlendur er sagður hafa verið launsonur Snæbjarnar Gíslasonar sem ættaður var frá Haga á Barðaströnd, af hinni kunnu Mókollsætt sem lengi átti þar sitt höfuðból.<sup>309</sup> Fáum sögum fer af Erlendi presti og fólki hans á Stað en hann var kvæntur Valgerði Torfadóttur frá Hrauni í Keldudal í Dýrafirði, sonardóttur Sigfúsar Brúnmannssonar, lögréttumanns í Hrauni.<sup>310</sup> Börn séra Erlendar á Stað og Valgerðar konu hans voru ekki færri en fimm og í þeim hópi sonurinn Snæbjörn.<sup>311</sup> Sonarsonur Snæbjarnar Erlendssonar frá Stað var Erlendur Eyjólfsson á Lambavatni á Rauðasandi sem brenndur var fyrir galdra haustið 1669.<sup>312</sup>

Árið 1615 mun séra Gils Ólafsson hafa orðið prestur á Stað<sup>313</sup> en hann hafði áður þjónað Dýrafjarðarþingum og sat þá í Ytri-Lambadal (sjá hér

<sup>301</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>302</sup> Sama heimild.

<sup>303</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>304</sup> Theódór Árnason / Vestf. ættir IV, 374. Sbr. Ísl. æviskrár III, 215.

<sup>305</sup> Reisubók Jóns Ólafssonar Indíafara 1992, 242, 306, 314 og 316-317.

<sup>306</sup> Ólafur Þ. Kristjánsson 1944, 138 (Frá ystu nesjum II).

<sup>307</sup> Theódór Árnason / Vestf. ættir IV, 373.

<sup>308</sup> Sveinn Níelsson 1950, 193. Ísl. æviskrár I, 445.

<sup>309</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir. Ísl. æviskrár I, 445.

<sup>310</sup> Sömu heimildir. Sbr. Vestf. ættir I, 33.

<sup>311</sup> Ísl. æviskrár I, 445.

<sup>312</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir. Sbr. Siglaugur Brynleifsson 1976, 175-177.

<sup>313</sup> Ísl. æviskrár II, 38.

Ytri-Lambadalur). Hann var lengi prestur í Súgandafirði eða frá 1615 til 1653 eða því sem næst og mun hafa dáið árið 1653.<sup>314</sup> Um uppruna þessa prests er allt í óvissu og um nafn eiginkonu hans vita menn ekki en sú tilgáta hefur verið sett fram að séra Gils hafi verið kvæntur systur Sveins Andréssonar, bónda á Kvíanesi hér í Súgandafirði.<sup>315</sup>

Sama ár og séra Gils Ólafsson tók við Staðarprestakalli ritaði hann, ásamt fimm öðrum prestum í hinu vestara prófastsdæmi innan Ísafjarðarsýslu, undir kærubréf á hendur dönsku einokunarkaupmönnum á Þingeyri og Skutulsfjarðareyri (sjá hér Þingeyri). Í bréfi prestanna voru kaupmenn ákærðir fyrir okur á innfluttum vörum og fyrir að greiða óhæfilega lágt verð fyrir innlendar afurðir. Undir bréf þetta skrifuðu prestarnir þann 6. júní 1615 en þá hefur séra Gils að líkindum verið um það bil að flytjast frá Ytri-Lambadal í Dýrafirði hingað að Stað. Í byrjun októbermánaðar á sama ári mun hann án vafa hafa verið sestur hér að en þá fór flokkur spænskra skipbrotsmanna með ránum um Önundarfjörð og Súgandafjörð, *brutu upp kirkjur, hús og hirslur manna*<sup>316</sup> og rændu m.a. hér á Stað (sjá hér Fjallaskagi).

Ef marka má bréf, sem séra Gils og ellefu aðrir Vestfirðingar sendu Alþingi sumarið 1616, hafa það verið Spánverjarnir sem komust til Patreksfjarðar og að lokum af landi brott er rændu í Önundarfirði og Súgandafirði.<sup>317</sup> Í bréfinu greina Vestfirðingarnir tólf svo frá að þessi fimmtíu manna flokkur hafi staldrað við í Önundarfirði í þrjá daga í byrjun október og farið þá meðal annars í ránsferðir til Súgandafjarðar og út á Ingjaldssand.<sup>318</sup> Líklegt er að þarna sé rétt með farið en aftur á móti greinir Jón Guðmundsson lærði svo frá að þeir sem rændu á Stað hafi verið sömu Spánverjar og drepnir voru fáum dögum síðar á Fjallaskaga í Dýrafirði en þeir höfðu áður staldrað við í Bolungavík (sjá hér Fjallaskagi). Verið getur að báðir flokkarnir hafi rænt í Súgandafirði. Allir voru þessir spænsku skipbrotsmenn af þremur hvalveiðiskipum er strönduðu og brotnuðu í spón skammt frá Kjörvogi við norðanverðan Reykjarfjörð í Strandasýslu aðfaranótt 21. september þetta sama haust. Af þessum liðlega 80 skipbrotsmönnum, sem allir urðu að ræna sér til matar, náði Ari sýslumaður Magnússon í Ögri að láta drepa 31 og féllu nokkrir þeirra á Fjallaskaga í Dýrafirði en hinir norður í Djúpi, á Sandeyri og í Æðey (sjá hér Fjallaskagi). Hópurinn sem komst til Patreksfjarðar var hins vegar fjölmennastur og náði að lokum að hertaka skip og sigla af landi brott.

Vera má að sjaldan hafi séra Gils talið sig komast í hann krappari en þegar Spánverjarnir gerðu honum heimsókn fyrsta haustið hans hér á Stað. Þeir virðast þó hafa látið nægja að afla sér vista og ekki lagt hendur á prest því fullvíst má telja að í skýrslunni sem hann skrifaði undir ásamt fleirum og send var Alþingi væri þess getið ef komið hefði til barsmíða. Í

<sup>314</sup> Ísl. æviskrár II, 38-39.

<sup>315</sup> Theódór Árnason / Vestf. ættir IV, 377-378.

<sup>316</sup> Alþ.bækur Íslands IV, 318.

<sup>317</sup> Sama heimild.

<sup>318</sup> Sama heimild.



varðveittum skjölum frá þeim árum er séra Gils sat á Stað kemur prestur þessi reyndar sjaldan við sögu en í sakeyrisreikningum frá fardagaárinu 1627-1628 sést reyndar að hann var þá dæmdur fyrir helgidagsbrot.<sup>319</sup> Brot presta á almennum reglum um helgidagahald áttu oftast rætur að rekja til drykkjuskapar en ósagt skal látið hversu handgenginn Bakkusi séra Gils kann að hafa verið. Þetta sama ár voru þeir séra Gils og Sveinn Andrés�on, bóndi á Kvíanesi, líka dæmdir til að greiða sekt fyrir fjölmæli<sup>320</sup> og má ætla að báðir hafi þá átt í höggi við Lénharð hinn enska sem sestur var að í Súgandafirði og farinn að tæla konuna frá Sveini á Kvíanesi. Um þau mál er ritað hér á öðrum stað (sjá hér Kvíanes).

Séra Gils náði háum aldri og gegndi prestsembætti í nær sextíu ár.<sup>321</sup> Hann hefur því að öllum líkindum verið kominn hátt á nírræðisaldur þegar hann andaðist árið 1653.<sup>322</sup> Eina barn þessa gamla Staðarprests, sem um er vitað með fullri vissu, var Bjarni sem fyrir hönd erfingja föður síns var við úttektina á Stað vorið 1653 þegar nýr prestur tók við.<sup>323</sup>

Þegar Brynjólfur biskup Sveinsson vísiteraði á Vestfjörðum sumarið 1650 mun séra Gils enn hafa verið prestur á Stað. Í þessari ferð sinni staðfesti Brynjólfur að gamla hálfkirkjan á Hvilft í Önundarfirði hefði verið lögð niður og skruðanum sem hún hafði átt ráðstafaði hann þá til sóknarkirkju Súgfirðinga hér á Stað (sjá hér Hvilft).

Séra Ólafur Jónsson, sem fæddur var um 1590, fékk veitingu fyrir Stað í Súgandafirði árið 1653 og tók hér við búi í fardögum á því ári.<sup>324</sup> Hugsanlegt er að hann hafi áður verið aðstoðarprestur hjá séra Gils Ólafssyni í fáein ár.<sup>325</sup>

Faðir séra Ólafs er sagður hafa verið *bóndi nyrðra*<sup>326</sup> en móðir hans eða amma í móðurætt er talin hafa verið Steinunn Helgadóttir sem var systir Margrétar Helgadóttur, fyrri eiginkonu séra Einars Sigurðssonar í Eydölum, en sonur Margrétar og séra Einars var Oddur biskup í Skálholti.<sup>327</sup>

Séra Ólafur Jónsson varð á ungum aldri aðstoðarprestur á Eyri í Skutulsfirði en missti þar prestskap árið 1614 eða 1615 fyrir tvö barneignarbrot.<sup>328</sup> Séra Jón Halldórsson í Hítardal, sem fæddist um svipað leyti og séra Ólafur dó, greinir frá því að árið 1614 hafi séra Ólafur svarið fyrir barn sem stúlka að nafni Guðrún Jörundsdóttir kenndi honum en löngu síðar hafi hann gengist við faðerninu.<sup>329</sup> Áður en langir tímar liðu

<sup>319</sup> Ísl. æviskrár II, 38-39.

<sup>320</sup> Theódór Árnason / Vestf. ættir IV, 378.

<sup>321</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>322</sup> Sbr. Sveinn Níelsson 1950, 190 og 193. Ísl. æviskrár II, 38-39.

<sup>323</sup> Skj.s. prófaste XIII. 1. B. 1, bls. 100. Sbr. Ísl. æviskrár II, 38-39.

<sup>324</sup> Ísl. æviskrár IV, 59.

<sup>325</sup> Sbr. Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>326</sup> Ísl. æviskrár IV, 59.

<sup>327</sup> Ísl. æviskrár IV, 59 og I, 380-381.

<sup>328</sup> Ísl. æviskrár IV, 59.

<sup>329</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

fékk séra Ólafur uppreisn og tók á ný við embætti aðstoðarprestis á Eyri.<sup>330</sup> Um 1640 fékk hann veitingu fyrir Eyrarprestakalli<sup>331</sup> en árið 1643 missti hann prestskap enn á ný vegna barneignarbrots.<sup>332</sup> Árið 1649 var hann þó á prestastefnu í Súðavík<sup>333</sup> og er talið að hann hafi þá annað hvort verið orðinn aðstoðarprestur í Súgandafirði eða þjónað kirkjunni á Hóli í Bolungavík sem var annexía frá Eyri í Skutulsfirði.<sup>334</sup>

Vorið 1653 tók þessi hrösuli klerkur við Stað í Súgandafirði eins og hér hefur áður verið nefnt. Hann var þá kominn á sjötugsaldur en náði þó að þjóna Súgfirðingum sem sóknarprestur þeirra í nær átta ár.<sup>335</sup> Séra Ólafur Jónsson söng tíðir í Staðarkirkju 24. mars árið 1661 en andaðist næsta dag, á boðunardegi Maríu.<sup>336</sup>

Séra Sigurður Jónsson, sem þá var prestur í Ögurþingum og sat á Eyri í Seyðisfirði, greinir frá andláti séra Ólafs í viðauka við Vatnsfjarðarannál elsta og kemst þá svo að orði: *Andaðist sá gamli og góði kennimaður, séra Ólafur Jónsson á Stað í Súgandafirði, 71 árs .... Það var 25. Martii, embættaði þó þann 24. fyrir.*<sup>337</sup>

Eiginkona séra Ólafs Jónssonar á Stað var Ingibjörg Sigmundsdóttir, dóttir séra Sigmundar Egilssonar, sem var forveri séra Ólafs í prestsembætti í Skutulsfirði, og konu hans Helgu Ólafsdóttur.<sup>338</sup> Ingibjörg Sigmundsdóttir var einkabarn sinna foreldra en móðurafi hennar var séra Ólafur Jónsson í Holti í Önundarfirði<sup>339</sup> sem hér hefur áður verið sagt frá (sjá hér Holt). Þau séra Ólafur á Stað og Ingibjörg kona hans munu hafa eignast þrjár dætur sem upp komust og ef til vill fleiri börn.<sup>340</sup>

Þann 4. júní 1661 var Jón Torfason vígður til prests af Brynjólfi biskupi Sveinssyni<sup>341</sup> en biskup hafði þá veitt honum Stað í Súgandafirði. Séra Jón Torfason var fæddur um 1640<sup>342</sup> og var því aðeins rétt liðlega tvítugur er hann varð prestur á Stað. Hann þjónaði Staðarprestakalli í 58 ár, frá 1661 til 1719, og sat lengur á Stað en nokkur annar prestur sem um er kunnugt.<sup>343</sup>

Séra Jón var bóndasonur frá Gerðhömrum í Dýrafirði en foreldrar hans voru hjónin Torfi Jónsson og Helga Jónsdóttir sem þar bjuggu.<sup>344</sup> Í föðurætt var hann kominn af Sigfúsi Brúnmannssyni, lögréttumanni í Hrauni í Keldudal í Dýrafirði, því Guðrún Jónsdóttir, móðir Torfa á

<sup>330</sup> Ísl. æviskrár IV, 59.

<sup>331</sup> Sama heimild. Sbr. þar IV, 202.

<sup>332</sup> Sama heimild.

<sup>333</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>334</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>335</sup> Sama heimild.

<sup>336</sup> Sama heimild.

<sup>337</sup> Annálar III, 87. Sbr. þar bls. 15-20.

<sup>338</sup> Ísl. æviskrár IV, 59 og 202.

<sup>339</sup> Sama heimild, 202.

<sup>340</sup> Sama heimild, 59. Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>341</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>342</sup> Ísl. æviskrár III, 293.

<sup>343</sup> Sveinn Níelsson 1950, 193-194.

<sup>344</sup> Ísl. æviskrár III, 293.

Gerðhömrum, var dóttir Jóns Vigfússonar í Súðavík og Jórunnar Sigfúsdóttur Brúnmannssonar.<sup>345</sup> Kona Sigfúsar Brúnmannssonar var Ólöf, dóttir héraðshöfðingjans Björns Guðnasonar í Ögri,<sup>346</sup> en niðjar Sigfúsar og Ólafar urðu snemma fjölmennir í Ísafjarðarsýslu. Eitt barnabarna þeirra var amma séra Jóns Torfasonar eins og hér hefur þegar verið nefnt og þess má geta að Ólöf Vigfúsdóttir, húsfreyja á Kvíanesi, sem hér er sagt frá á öðrum stað (sjá hér Kvíanes) og Torfi, faðir séra Jóns, voru systkinabörn.<sup>347</sup> Óvíst er hvort Ólöf muni hafa verið á lífi þegar hinn ungi frændi hennar gerðist prestur í Súgandafirði. Hitt er víst að seinni maður hennar, Lénharður hinn enski á Kvíanesi, var þá enn í fullu fjöri og svo virðist sem hann hafi um skeið verið mestur ráðamaður í Súgandafirði (sjá Kvíanes og Suðureyrarhreppur, inngangskafli).

Helga Jónsdóttir, móðir séra Jóns Torfasonar, var að sögn Jóns Espólín systir Jóns Jónssonar, bónda á Kirkjubóli í Skutulsfirði, þess er brenndur var fyrir galdra 10. apríl 1656<sup>348</sup> ásamt Jóni syni sínum, að kröfu séra Jóns *þumlungs* Magnússonar (sjá hér Holt). Helga var seinni kona Torfa Jónssonar á Gerðhömrum<sup>349</sup> og í jarðaskrá frá árinu 1658 er Torfi sagður eiga 5 hundruð í jörðinni Kirkjubóli í Skutulsfirði *vegna konu sinnar Helgu*.<sup>350</sup> Séra Jón *þumlungur* átti þá 10 hundruð í Kirkjubóli<sup>351</sup> og hafði fengið sér dæmdan þann jarðarpart í sárabætur fyrir meintar *ofsóknir* Kirkjubólsfeðga á hendur sér.<sup>352</sup> Þessi 10 hundruð voru því áður í eigu Jóns bónda Jónssonar á Kirkjubóli, sem brenndur var, en Helga á Gerðhömrum átti 5 hundruð og hélt þeim.<sup>353</sup> Saman höfðu þau Jón og Helga Jónsbörn því átt hálf Kirkjuból, það er 15 hundruð, og eignarhlutur hans verið tvöfalt stærri en hennar. Með vísun til þess hefur Theódór Árnason bent á að þau hafi að öllum líkindum verið systkini, sem kemur heim við staðhæfingu Jóns Espólín, og fengið þessa hálfendu í arf því sú var reglan að erfðahlutur dóttur var aðeins hálfur erfðahlutur sonar.<sup>354</sup>

Séra Jón Torfason hefur því verið einn nánasti ættingi hinna brenndu feðga sem færðir voru á bál í fyrstu galdrabrennunni í Ísafjarðarsýslu vorið 1656 er hann var enn unglingspiltur í foreldrahúsum eða við skólanám. Þegar Jón varð prestur á Stað voru þó aðeins liðin fimm ár frá því Kirkjubólsfeðgar voru brenndir og enn átti séra Jón Magnússon á Eyri, sem menn kölluðu *þumlung*, eftir að þjóna íbúum Skutulsfjarðar í 28 ár.<sup>355</sup> Allan þann tíma voru þeir nágrannaprestar, Jón Torfason á Stað og Jón *þumlungur* á Eyri, en af samskiptum þeirra fer engum sögum. Hinn gamla

<sup>345</sup> Blanda III, 214-215. Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir. Lögréttumannatal IV, 451.

<sup>346</sup> Lögréttumannatal IV, 451.

<sup>347</sup> Vestfirskar ættir I, 30, 31, 33 og 36, og IV, 378.

<sup>348</sup> ÍB. 10<sup>4to</sup>, Ættartölubækur Jóns Espólín 1780. Sbr. Vestf. ættir IV, 367, 369 og 370.

<sup>349</sup> Ísl. æviskrár III, 293.

<sup>350</sup> Theódór Árnason / Vestf. ættir IV, 1968, 367-370.

<sup>351</sup> Sama heimild.

<sup>352</sup> Sama heimild.

<sup>353</sup> Sama heimild.

<sup>354</sup> Sama heimild.

<sup>355</sup> Ísl. æviskrár III, 218-219.

eignarhlut móður sinnar í Kirkjubóli í Skutulsfirði seldi séra Jón Torfason vorið 1680 Sæmundi Magnússyni, lögréttumanni á Hóli í Bolungavík.<sup>356</sup> Andvirði þessara fimm jarðarhundraða hefur hann að líkindum fest í öðrum jarðeignum, annaðhvort þá þegar ellegar síðar, og þrátt fyrir litlar tekjur af brauði sínu átti séra Jón 13 hundruð í jörð árið 1710, það er 4 hundruð í Norðureyri í Súgandafirði og 9 hundruð í Hóli í Firði í Önundarfirði<sup>357</sup> (sbr. hér Hóll í Firði). Báða þessa jarðaparta hafði séra Jón eignast fyrir 1695.<sup>358</sup> Árið 1710 hafði hann að auk forræði yfir 8 hundruðum sem dótturbörn hans áttu í jörðinni Hamri á Langadalströnd við Djúp.<sup>359</sup>

Eins og hér var áður nefnt vígðist séra Jón Torfason til prests í byrjun júní árið 1661 og einu ári síðar, þann 11. júní 1662, var þessi ungi prestur Súgfirðinga mættur á prestastefnu í Holti í Önundarfirði ásamt fimm öðrum prestum auk prófastsins, séra Jóns Jónssonar í Holti.<sup>360</sup> Í fundargerð þessarar samkomu má sjá að fyrir hana var lagt bréf Brynjólfs biskups Sveinssonar þar sem hann gaf prestunum í vestari hluta Ísafjarðarsýslu fyrirmæli um að velja einn eða tvo menn úr sínum hópi til að ríða með prófastinum í Holti suður að Öxará til að sverja þar hollustueið Friðriki konungi þriðja.<sup>361</sup> Séra Jón Jónsson, prófastur í Holti, sem var bróðursonur Brynjólfs biskups, tjáði prestunum á þessum sama fundi að sakir *síns veikleika* treysti hann sér ekki *þá reisu að framkvæma* og nefndi til ferðarinnar í sinn stað séra Hall Árnason á Rafnseyri.<sup>362</sup> Á fundinum var séra Jón Torfason á Stað einnig kjörinn til þessarar ferðar en í fundargerð prestanna segir svo:

*... svo og útvaldist af prófastinum og oss saman komnum heiðarlegur kennimann, séra Jón Torfason að Stað í Súgandafirði ... en vegna stórharðinda og efnaleysis þessara sveita ... sjáum vér ei ráð né meðöl fleiri kennimenn héðan að skikka svo torsóttar og langar leiðir til Öxarárþings að komast, hvað vér vonum að herra biskupinn svo vel sem vor yfirvöld muni vægðarlega á líta í svoddan almennilegu hallærisári.*<sup>363</sup>

Af prestunum, sem þarna voru saman komnir, var séra Jón Torfason langyngstur og því dálítið merkilegt að hann skyldi veljast til fararinnar en vera má að sakir æsku sinnar hafi hann verið talinn öðrum röskvari til ferðalaga.

<sup>356</sup> Theódór Árnason / Vestf. ættir IV, 1968, 367.

<sup>357</sup> Jarðab. Á. og P. VII, 110 og 137.

<sup>358</sup> Lbs. 797<sup>40</sup>, Jarðaskrá úr Ísafj. sýslu frá árinu 1695.

<sup>359</sup> Jarðab. Á. og P. VII, 240.

<sup>360</sup> Skj.s. prófasta XIII. 1. B. 1, bls. 190-193 (Skjalabók frá Holti í Önundarf.).

<sup>361</sup> Sama heimild.

<sup>362</sup> Sama heimild.

<sup>363</sup> Skj.s. prófasta XIII. 1. B. 1, bls. 190-193 (Skjalabók frá Holti í Önundarf.).

Um langt skeið fyrir árið 1662 höfðu Íslendingar jafnan svarið hverjum nýjum Danakonungi hollustueið en nú stóð meira til því árið 1661 hafði einveldi konungs verið leitt í lög í Danmörku og þá skipan mála var Íslendingum ætlað að samþykkja á Alþingi sumarið 1662. Dálítill frestur varð þó á og fór erfðahyllingin fram í Kópavori 28. júlí þetta sama sumar.<sup>364</sup> Þar afsöluðu Íslendingar sér öllum þeim fornu réttindum sem þeim höfðu verið tryggð með Gamla sáttmála og fallist var á að alræðisvaldið sem Friðriki konungi þriðja var veitt skyldi þaðan í frá ganga að erfðum í ætt Danakonunga. Helstu forystumenn Íslendinga á þessum tíma voru sem kunnugt er þeir Árni Oddsson lögmaður og Brynjólfur Sveinsson biskup. Til heimildar úr fórum Árna Magnússonar, prófessors og handritasafnara, er rakin sú saga að báðir hafi þeir tregðast við að skrifa undir eiðstafinn og um nafna sinn, lögmanninn, segir Árni Magnússon að hann hafi fellt tár er hann setti nafn sitt á blaðið sem hinn danski höfuðsmaður rétti að honum.<sup>365</sup>

Svo fór að þeir séra Jón Torfason á Stað og séra Hallur Árnason á Rafnseyri komust aldrei suður að Öxará sumarið 1662 þó valdir hefðu verið til þeirrar farar og voru því ekki á Kópavogsfundinum þar sem erfðahyllingin fór fram.

Í bréfi sem þeir rituðu tæpu ári síðar, þann 2. júní 1663, segja þeir sínar farir ekki sléttar. Þar stendur:

*Það vottum við undirskrifaðir prestar sem til Öxarárþings skikkaðir voru að við urðum aftur að snúa á veg komnir á það fjall Glámu vegna stórfjúks og óveðurs, sáum annars fulla tvísýnu lífs og velferðar ef áfram haldið hefðum því við fótudum ekki aftur utan í sjálf sporin en aðrir lengri vegir ... [hér vantar eitt orð sem ekki tókst að lesa – K.Ó.] okkur frá ákvörðuðum tíma sem þeir menn nærri geta sem þekkja óvegi og torfærur á Vestfjörðum og að svo í sannleika hér vottum við með undirskrifuðum nöfnum hvor fyrir sig með eigin hendi.<sup>366</sup>*

Undir þessa yfirlýsingu skrifuðu þeir báðir, séra Jón Torfason á Stað og séra Hallur Árnason á Rafnseyri<sup>367</sup> svo taka verður trúanlegt að þeir hafi lent í aftakaveðri á Glámu og orðið að snúa við. Upp í ferð sína hafa þeir félagar lagt í síðari hluta júnímánaðar og efalaust gangandi því ófært mun hafa verið með hesta yfir Glámu vegna snjóa. Hart var í ári vorið 1662 eins og fram kemur í bréfi prestanna sem komu til fundar í Holti þann 11. júní á því ári og hér var áður vitnað til. *Harðnaði aftur fjórða í páskum og hélst fram á vor, féllu fé og færleikar*, segir Jón Espólín er hann lýsir tíðarfarinu

<sup>364</sup> Einar Laxness 1987, 263-264.

<sup>365</sup> Einar Laxness 1987, 263-264.

<sup>366</sup> Skj.s. prófasts XIII. 1. B. 1, bls. 191 (Skjalabók frá Holti í Önundarfirði).

<sup>367</sup> Skj.s. prófasts XIII. 1. B. 1, bls. 191 (Skjalabók frá Holti í Önundarfirði).

á landi hér þetta sama vor.<sup>368</sup> Óvíst er hvort Jón Torfason, prestur á Stað, lagði síðar á ævinni upp í aðra ferð yfir Glámu en þessi mun hafa orðið honum eftirminnileg þó hann kæmist aldrei á leiðarenda og næði ekki að taka þátt í hinum sögulega atburði þegar Íslendingar lögðu alla forsjá sinna mála í hendur dönskum einvaldsherra og þeirra arfakónga sem síðar tækju við stjórntaumum í ríki Dana.

Skýrslu sína um ferðina á Glámu lögðu þeir séra Jón Torfason og séra Hallur Árnason fyrir prestastefnu sem haldin var á Mýrum í Dýrafirði 2. júní 1663.<sup>369</sup> Á þeirri samkomu *beiddist* séra Jón líka *ráða og aðstoðar* til að ná átta hundruðum úr Vatnadal í Súgandafirði undir Staðarkirkju á ný en þessari jarðeign hafði kirkjan tapað, að því er virðist allmörgum áratugum fyrir.<sup>370</sup>

Í bókun sem varðar þetta erindi prestsins á Stað og gengið var frá á nýnefndri prestastefnu árið 1663 segir meðal annars svo:

*Anno 1663, dag 2. júní, að settri prestastefnu að Mýrum í Dýrafirði kom fram heiðarlegur kennimann, séra Jón Torfason, með máldaga kirkjunnar að Stað í Súgandafirði og bað og beiddist af prófastinum og oss undirskrifuðum kennimönnum ráða og aðstoðar að kirkjan mætti aftur ná sínu, henni undangengnu. Hljóðar svo máldagi úr vísitatíubók herra Gísla Jónssonar að kirkjan eigi hálfa jörð, Vatnadal, og er 8 hundraða partur en landskuld 40 álnir.*

*Jörð þessari er svo háttáð, sem er sextán hundruð að dýrleika alls, að ein jörð muni að forngildu verið hafa og til merkis túngarður sem liggur kringum plássið sem nú er sundurdeilt í tvo bæi og kallast annar Vatnadalur hinn fremri, annar neðri. Svo og lagði fyrrnefndur séra Jón fram vitnisburðarbréf Jóns Arasonar með hans og tveggja dánnumanna undirskrift, í hverjum vitnisburði fyrrgreindur Jón meðkennir sig heyrta hafa Sesselju Tómasdóttur lýsa að í tíð síns sáluga afa, séra Ara Jónssonar, hafi fyrrnefnd jörð, Vatnadalur hálfur, legið undir Staðarkirkju í Súgandafirði, svo og þegar hún hefði verið í uppvexti sínum hjá séra Ara þá hefði hann látið slá í seli fram á Vatnadal og sjáist þar nú merki enn i dag til seljatótta.<sup>371</sup>*

Auk vitnisburðarbréfsins frá Jóni Arasyni lagði séra Jón Torfason fram annað vitnisburðarbréf þar sem fjórir elstu mennirnir í Súgandafirði vottuðu að þeir hefðu heyrta foreldra sína og aðra fráma menn greina svo frá að þessi átta hundruð í Vatnadal hafi *langvarandi að fornu fari* verið

<sup>368</sup> Jón Espólín / Íslands Árbækur VII. deild, bls. 28.

<sup>369</sup> Skj.s. prófafa XIII. 1. B. 1, bls. 190-191 (Skjalabók frá Holti í Önundarf.).

<sup>370</sup> Sama heimild, 187-190.

<sup>371</sup> Skj.s. prófafa XIII. 1. B. 1, bls. 187-190 (Skjalabók frá Holti í Önundarf.).

eignuð Staðarkirkju og svo hafi enn verið á dögum séra Ara Jónssonar.<sup>372</sup> Þeir taka líka fram að um sé að ræða þann part af Vatnadal sem Oddur Þorleifsson hafi nú um sinn haft umráð yfir<sup>373</sup> en í jarðaskrá frá árinu 1658 sést að það var Neðri-Vatnadalur.<sup>374</sup> Frá vitnisburði hinna öldruðu Súgfirðinga er greint nokkru nánar í bókun prestastefnunnar og segir þar svo:

*Sömuleiðis votta þeir sig sannlega séð hafa augljós merki til þeirra seljatótta fram á Vatnadal, þar hjá Vatninu, sem að fornu brúkaðar hafi verið frá Stað eftir því þeir vænast sagt hafi verið og að fyrrnefndur Ari prestur hafi í sama seli sinn pening ákærulaust haft.<sup>375</sup>*

Öldungarnir sem vottuðu þetta hétu Bjarni Gilsson, Jón Sigmundsson, Guðmundur Símonsson og Jón Jónsson og allir skrifuðu þeir undir vitnisburðinn með eigin hendi nema sá síðastnefndi.<sup>376</sup> Þriðja vitnisburðarbréfið um Vatnadal, sem séra Jón Torfason lagði fram á prestastefnunni á Mýrum 2. júní 1663, var frá þremur Súgfirðingum sem töldu sig fyrir skömmu hafa séð tvö bréf þar sem skýrt kæmi fram að Staðarkirkja ætti hálfan Vatnadal.<sup>377</sup> Þessi bréf kváðust þeir hafa séð hjá syni séra Ólafs Jónssonar á Stað og í öðru bréfinu segja þeir sig minna að tiltekinn sé Neðri-Vatnadalur.<sup>378</sup>

Er séra Jón Torfason lagði fram alla þessa vitnisburði úr Súgandafirði á prestastefnunni á Mýrum voru aðeins liðin rösklega tvö ár frá andláti forvera hans, séra Ólafs Jónssonar á Stað (sjá hér bls. 42), en á samkomu prestanna lét séra Jón þess getið að sér hefði ekki tekist að fá þau bréf er hér voru síðast nefnd hjá erfingjum séra Ólafs.<sup>379</sup>

Niðurstaða prestastefnunnar á Mýrum varð sú að leggja kröfu séra Jóns um endurheimt hálfendunnar í Vatnadal fyrir biskup og biðja hann að fylgja málinu fram svo að þetta tilkall mætti komast fyrir lénsmanninn [þ.e. Henrik Bjelke höfuðsmann – innsk. K.Ó.] eða hans fullmektugan.<sup>380</sup>

Skemmst er þó frá því að segja að tilraun séra Jóns til að ná þessari jarðeign undir Staðarkirkju á ný virðist engan árangur hafa borið. Jarðaskrá frá árinu 1695 sýnir að allur Vatnadalur var þá í einkaeign og svo var einnig árin 1710, 1805 og 1847.<sup>381</sup> Í vísitazíugerð Jóns biskups Vídalín frá

<sup>372</sup> Skj.s. prófaste XIII. 1. B. 1, bls. 187-190 (Skjalabók frá Holti í Önundarf.).

<sup>373</sup> Sama heimild.

<sup>374</sup> Lbs. 797<sup>4to</sup>, Jarðaskrá úr Ísafj.sýslu frá árinu 1658.

<sup>375</sup> Skj.s. prófaste XIII. 1. B. 1, bls. 187-190 (Skjalabók frá Holti í Önundarf.).

<sup>376</sup> Sama heimild.

<sup>377</sup> Sama heimild.

<sup>378</sup> Sama heimild.

<sup>379</sup> Sama heimild.

<sup>380</sup> Skj.s. prófaste XIII. 1. B. 1, bls. 187-190 (Skjalabók frá Holti í Önundarf.).

<sup>381</sup> Lbs. 797<sup>4to</sup>, Jarðaskrá úr Ísafj.sýslu frá árinu 1695. Jarðab. Á. og P. VII, 129-131. Rtk. Jarðabækur V. 16, Ísafj.sýsla 1805. J. Johnsen 1847, 196.

árinu 1700 segir að Staðarkirkja haldi nú ekki jörðina Vatnadal og hafi ei haldið í langan tíma.<sup>382</sup>

Í vottorðunum, sem séra Jón Torfason lagði fram árið 1663 og hér hefur verið sagt frá, mátti sjá að í tíð séra Ara Jónssonar, sem var síðasti kaþólski presturinn á Stað, var búsmali prestsins enn hafður í seli í landi Vatnadals og heyja aflað þar frá Stað. Sú staðreynd að í nýnefndum vottorðum var vitnað til búskaparháttá séra Ara á Stað en ekkert minnst á not eftirmanna hans af eign kirkjunnar í Vatnadal bendir eindregið til þess að hálföldan sem kirkjan átti þar hafi gengið undan henni skömmu eftir andlát séra Ara en hans er síðast getið árið 1549 (sjá hér bls. 34). Í Gíslamáldaga frá árunum upp úr 1570 stendur þó skýrum stöfum að Staðarkirkja eigi átta hundruð í Vatnadal (sjá hér bls. 30) svo líklegast verður að telja að kirkjan hafi glatað þessari eign sinni á árunum 1575-1600. Berast þá böndin að séra Ólafi Sveinssyni, sem prestur var á Stað um alllangt skeið á þeim árum (sjá hér bls. 34-39), að hann hafi fargað þessari kirkjueign en slíkt var í rauninni fáheyrt því reglan var sú að jarðeignir kirkna máttu umráðamenn þeirra alls ekki láta af hendi.

Í vitnisburðarbréfunum, sem séra Jón Torfason lagði fram árið 1663, kom fram að það var Neðri-Vatnadalur sem Staðarkirkja hafði átt en eigandi þeirrar jarðar var árið 1658 talinn vera *kvinna Odds Þorleifssonar*<sup>383</sup> en grein er hér gerð fyrir henni á öðrum stað (sjá hér Ytri-Vatnadalur).

Þegar séra Jón Torfason fór að reyna að ná Neðri-Vatnadal undir kirkjuna á ný hafa a.m.k. 60-70 ár verið liðin frá því jörð þessi gekk undan kirkjunni og hugsanlega 80-90 ár. Enginn var því á lífi sem mundi þá tíma er presturinn á Stað var með ær sínar í seli *hjá Vatninu* í landi Vatnadals en öldungar Súgfirðinga árið 1663 töldu sig geta byggt á orðum foreldra sinna um þetta. Mjög athyglisverður er vitnisburður Jóns Arasonar (sjá hér bls. 46) sem kvaðst hafa sína vitneskju frá Sesselju Tómasdóttur er verið hafi barnabarn séra Ara Jónssonar á Stað og alist upp hjá þessum afa sínum. Líklegt er að Sesselja hafi verið amma Jóns Arasonar eða frænka hans og hann einn af niðjum séra Ara Jónssonar. Eins og hér hefur áður verið nefnt var séra Ari síðasti kaþólski presturinn á Stað og sá fyrsti lúterski. Gleðilegt er að seltóttir hans skuli enn standa á sínum stað fram við **Stóravatn** í Vatnadal en þær munum við skoða síðar (sjá hér Fremri-Vatnadalur).

Svo virðist sem séra Jón Torfason hafi látið þó nokkuð að sér kveða á sínum fyrstu prestskaparárum hér á Stað. Til þess bendir sú ákvörðun prestanna í vesturparti Ísafjarðarsýslu að senda hann á Öxarárþing árið 1662 og líka málarekstur hans út af Vatnadal árið 1663. Þegar Jón prestur kom að Stað sumarið 1661 var hann ókvæntur, enda var hann þá aðeins rétt liðlega tvítugur, en haustið 1663 kvæntist hann Ástríði Bjarnadóttur, dóttur Bjarna bónda Guðmundssonar á Kletti í Kollafirði í Gufudalssveit<sup>384</sup> en

<sup>382</sup> Bps. A. II. 14, Vísitaziubók Jóns biskups Vídalín. Staður í Súgandafirði 22.8.1700.

<sup>383</sup> Lbs. 797<sup>4to</sup>, Jarðaskrá úr Ísafj.sýslu frá árinu 1658.

<sup>384</sup> Ísl. æviskrár III, 293.



hann var sonur séra Guðmundar Jónssonar er lengi var prestur á Stað á Reykjanesi.<sup>385</sup>

Ef marka má manntalið frá 1703 var Ástríður einu ári yngri en brúðguminn, fædd árið 1641 eða því sem næst.<sup>386</sup> Móðir hennar hét Helga Ólafsdóttir og var dóttursonardóttir Árna Gíslasonar, sýslumanns á Hlíðarenda í Fljótshlíð.<sup>387</sup> Ástríður Bjarnadóttir ólst upp í Hvammi á Barðaströnd hjá Guðmundi, bónda og lögréttumanni, Jónssyni og Málfríði Árnadóttur, konu hans.<sup>388</sup>

Jón Ólafsson frá Grunnavík, hinn kunnir fræðimaður, var sonarsonur Ástríðar og séra Jóns Torfasonar og á spássíu eins handrits af Eyrarannál hefur hann ritað þessi orð um brúðkaup afa síns og ömmu og undanfara þess:

*Á þessu ári, 1663, að Hvammi á Barðaströnd þann 1. Septembris, keypti séra Jón Torfason, prestur að Stað í Súgandafirði, Ástríði Bjarnadóttur með ráði hennar móður, Málfríðar Árnadóttur, [hún var fósturmóðir Ástríðar – innsk. K.Ó.] og skriflegu samþykki tveggja bræðra Ástríðar. Keypti séra Jón Ástríði með 17 hundraða mála og tilgjöf sem hann henni gaf, 8 hundraða, svo hennar máli varð í garð séra Jóns 25 hundruð og eftir hans afgang áskildur henni tveggja hundraða kjörgripur en festarnar fram fóru þann 15. sunnudag eftir trinitatis og hjónavígslan í Lækjarkirkju af séra Jóhanni Jónssyni.<sup>389</sup>*

Þarna sést að séra Jón og konuefni hans hafa verið gefin saman í kirkjunni á Brjánslæk þann 27. september 1663 og þó nokkur peningaráð hlýtur hinn ungi prestur að hafa haft fyrst hann gat keypt sér brúði fyrir upphæð sem lögð var að jöfnu við 25 kúgildi en líklega hefur verið til mikils að vinna þar sem Ástríður var.

Þau séra Jón Torfason og Ástríður kona hans lifðu í hjónabandi í 55 ár og hálfu betur og bjuggu allan þann tíma á Stað.<sup>390</sup> Þau náðu að koma upp tveimur börnum, Sigríði, sem mun hafa fæðst árið 1666 eða því sem næst,<sup>391</sup> og Ólafi sem fæddist 23. febrúar árið 1672.<sup>392</sup> Sigríður giftist séra Ísleifi Þorleifssyni, presti á Eyri í Skutilsfirði, árið 1690<sup>393</sup> og átti með honum nokkur börn en að honum látnum ektaði hana séra Páll Þórðarson sem þá hafði nýlega tekið við Eyrarprestakalli.<sup>394</sup> Þau Sigríður Jónsdóttir

<sup>385</sup> Ísl. æviskrár II, 158-159. Lbs. 2368<sup>40</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>386</sup> Manntal 1703, bls. 211.

<sup>387</sup> Blanda III, 214-215.

<sup>388</sup> Sama heimild. Sbr. Lögréttumannatal, bls. 187.

<sup>389</sup> Annálar III, 272.

<sup>390</sup> Ísl. æviskrár III, 293. Jón Helgason 1926, 26 (Safn fræðafélagsins V - Jón Ólafsson frá Grunnavík).

<sup>391</sup> Ísl. æviskrár III, 293. Manntal 1703, 216.

<sup>392</sup> Ísl. æviskrár III, 293. Blanda III, 214.

<sup>393</sup> Annálar III, 362.

<sup>394</sup> Ísl. æviskrár III, 293, II, 404-405 og IV, 147.

og séra Páll Þórðarson dóu bæði í stórubólu árið 1707.<sup>395</sup> Af börnum þeirra komst upp einn sonur.<sup>396</sup>

Ólafur Jónsson, sonur séra Jóns Torfasonar og Ástríðar konu hans, varð prestur á Stað í Grunnavík en andaðist eins og systir hans í stórubólu haustið 1707.<sup>397</sup> Fáum dögum fyrir andlát sitt, er hann var sjúkur orðinn, ritaði séra Ólafur stutt æviágrip þar sem hann greinir frá lífshlaupi sínu og eru þau skrif hans prentuð í þriðja árgangi tímaritsins Blöndu.<sup>398</sup> Æviágripið byrjar séra Ólafur með þessum orðum:

*Það var upphaf minna fárra og fánýtra lífdaga að ég var í heiminn borinn að Stað í Súgandafirði á Vestfjörðum Anno 1672, föstudagsnóttina í miðja góu (eftir því sem mínir elsku foreldrar hafa mér frá sagt) sem var sá 23. Februarii hins gamla stíls. Og að meðtekinni heilagri skírni uppólst ég hjá foreldrum mínum.<sup>399</sup>*

Séra Ólafur greinir síðan frá því að hjá foreldrunum hafi hann lært að lesa og skrifa og *leggja nokkurn grundvöll latínutungumálsins* en 12 ára gamall hafi hann farið inn í Vatnsfjörð og verið þar þrjá vetur við nám hjá séra Guðbrandi Jónssyni.<sup>400</sup> Fimmtán ára gamall fór hann í Skálholtsskóla haustið 1687 og var þar skólasveinn 1687-1689 og 1690-1691 en komst ekki í skólann haustið 1689 og var veturinn 1689-1690 í Holti í Önundarfirði hjá prófastinum, séra Sigurði Jónssyni.<sup>401</sup> Skólameistari í Skálholti síðasta veturinn sem þessi piltur frá Stað í Súgandafirði var þar við nám var Páll Vídalín, síðar lögmaður, og útskrifaði hann Ólaf vorið 1691.<sup>402</sup> Þetta vor og fram eftir sumri var Ólafur skrifari hjá Þórði biskupi Þorlákssyni og fór ekki heim til foreldra sinna fyrr en að Alþingi loknu.<sup>403</sup> Næsta vetur var hann líka við skrifarastörf hjá biskupi en sigldi utan haustið 1692 með Hans Munch, kaupmanni á Skutulsfjarðareyri.<sup>404</sup> Í tvö ár var Ólafur við háskólanám í Kaupmannahöfn og lauk þar guðfræðiprófi en kom heim sumarið 1694.<sup>405</sup> Næsta vetur var hann hjá systur sinni og mági, séra Ísleifi Þorleifssyni á Eyri í Skutulsfirði, en veturinn 1695-1696 hjá foreldrum sínum hér á Stað og iðkaði lærdóm sinn.<sup>406</sup> Næstu tvö árin var Ólafur stúdent frá Stað við skrifarastörf hjá sýslumanni einum í Nesi við Seltjörn og hjá prófastinum, séra Árna Þorvarðssyni á Þingvöllum.<sup>407</sup>

<sup>395</sup> Ísl. æviskrár IV, 147. Jarðab. Á. og P. VII, 240.

<sup>396</sup> Ísl. æviskrár IV, 147.

<sup>397</sup> Blanda III, 210.

<sup>398</sup> Blanda III, 209-228.

<sup>399</sup> Sama heimild, 214.

<sup>400</sup> Sama heimild, 215.

<sup>401</sup> Sama heimild, 215-216.

<sup>402</sup> Sama heimild, 216.

<sup>403</sup> Sama heimild.

<sup>404</sup> Blanda III, 216.

<sup>405</sup> Sama heimild, 217.

<sup>406</sup> Sama heimild.

<sup>407</sup> Sama heimild, 217-218.

Haustið 1698 varð þessi ungi maður dómkirkjuprestur í Skálholti og gegndi því starfi í fimm ár.<sup>408</sup> Sumarið 1700 fylgdi hann Jóni Vídalín biskupi á vísitazíuferð hans um Vestfirði en skildi við hann í Arnarfirði og reið norður í Skutulsfjörð til systur sinnar sem þá hafði misst mann sinn, séra Ísleif Þorleifsson, fyrir fáum dögum.<sup>409</sup> Haustið 1700 dvaldist séra Ólafur hjá systur sinni á Eyri í Skutulsfirði í nokkrar vikur eða mánuði og þjónaði Eyrarprestakalli meðan beðið var eftir nýjum prest.<sup>410</sup> Síðan reið hann suður og tók á ný við embætti sínu í Skálholti. Því gegndi hann til ársins 1703 en varð þá prestur á Stað í Grunnavík, annar tveggja presta sem þar sátu þá.<sup>411</sup>

Ári síðar kvæntist séra Ólafur Þórunni Pálsdóttur, sem þá var tvítug að aldri, en faðir hennar var séra Páll Jónsson á Melstað í Miðfirði.<sup>412</sup> Prestur þessi á Melstað var niðji Ara Magnússonar, sýslumanns í Ögri, þriðji maður frá honum, rakið í beinan karlegg.<sup>413</sup>

Séra Ólafur Jónsson frá Stað í Súgandafirði mun hafa verið hinn álitlegasti maður en hann var aðeins 35 ára gamall þegar hann andaðist á heimili sínu í Grunnavík 27. september 1707. Ritverk hans eru af ýmsu tagi og sýna þau að hann hefur bæði verið vel lærður og iðjusamur. Nefna má postillu hans yfir allt kirkjuárið og íslenskt málsháttasafn en hinn ungi prestur fékkst líka við yrkingar, bæði á latínu og hebresku.<sup>414</sup> *Allt sem kunnugt er um séra Ólaf bendir til þess að hann hafi verið mætur maður og vel látinn, enda var hann í góðu vinfengi við merkustu menn*, skrifar Jón Helgason, prófessor í Kaupmannahöfn, árið 1925 um þennan son Jóns Torfasonar á Stað.<sup>415</sup>

Þegar séra Ólafur andaðist 35 ára að aldri höfðu þau Þórunn kona hans eignast tvo syni, Jón og Erlend, sem þá voru annar eins árs en hinn tveggja.<sup>416</sup> Þeir fylgdu móður sinni fyrstu árin en árið 1712, þegar þeir voru sex og sjö ára gamlir, fór Jón í fóstur til Páls lögmans Vídalín í Víðidalstungu, sem verið hafði mikill vinur föður hans, og sama ár var Erlendur tekinn í fóstur af Jóni biskupi Vídalín í Skálholti.<sup>417</sup> Bræðurnir ólust síðan upp hjá þeim lærðu Vídalínnum og komust vel til manns. Jón varð mikilvirkur fræðimaður í Kaupmannahöfn, jafnan kenndur við Grunnavík, en Erlendur varð sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og átti brösóttan feril en náði þó jafnan að rétta hlut sinn og hélt velli.<sup>418</sup> Líklega hafa tengsl þeirra bræðra úr Grunnavík við afa sinn og ömmu á Stað í Súgandafirði ekki verið mikil en þó skrifaði Grunnavíkur-Jón Ástríði ömmu sinni

<sup>408</sup> Blanda III, 218.

<sup>409</sup> Blanda III, 218.

<sup>410</sup> Blanda III, 218.

<sup>411</sup> Sama heimild.

<sup>412</sup> Sama heimild, 218-219.

<sup>413</sup> Jón Helgason 1926, 3-4.

<sup>414</sup> Blanda III, 211.

<sup>415</sup> Jón Helgason 1926, 5.

<sup>416</sup> Sama heimild, 5-7.

<sup>417</sup> Jón Helgason 1926, 5-7.

<sup>418</sup> Ísl. æviskrár III, 238-239 og I, 443-444.

nokkur bréf á sínum fyrstu árum í Kaupmannahöfn eins og hér verður vikið nánar að síðar (sjá hér bls. 61-63). Tvö eða fleiri dótturbörn séra Jóns Torfasonar og Ástríðar konu hans munu hins vegar hafa alist upp hjá afa sínum og ömmu á Stað að miklu leyti, enda misstu þau ung föður sinn og svo móðurina líka í bólunni eins og fyrr var getið.<sup>419</sup>

Séra Jón Torfason á Stað fékkst svolítið við ritstörf og þá einkum þýðingar á erlendum guðsorðabókum. Hann sneri m.a. á íslensku *Krossskóla* eftir Valentinus Wudrian<sup>420</sup> en út af þeirri útlekkingu voru að sögn ortir *Krossskólasálmur*.<sup>421</sup> Bókina *Sannur kristindómur* eftir guðfræðinginn Jóhann Arndt þýddi séra Jón líka<sup>422</sup> og eitthvað fleira af svipuðu tagi. Ritið *Sannur kristindómur*, sem séra Jón sneri á íslensku, er sagt hafa verið einhver hin vinsælasta guðsorðabók er samin hafi verið í lúterskum sið.<sup>423</sup> Þýðing séra Jóns á Stað á þessari vinsælu bók komst reyndar aldrei á prent en sonarsonur hans, Jón Ólafsson frá Grunnavík, átti hana í handriti og vantaði þó aftan á.<sup>424</sup>

Um afkomu og efnahag séra Jóns Torfasonar á þeim 58 árum sem hann sat í prestsembætti hér á Stað eru fáar upplýsingar í boði. Elsta heimildin um tekjur séra Jóns af brauðinu er skýrsla prófasts frá árinu 1689 en þar segir að hans árlegu embættislaun séu um það bil tvær vættir, stundum einum fjórðungi minni eða einum fjórðungi meiri.<sup>425</sup> Ekki gátu þetta talist miklar tekjur því tvær vættir voru aðeins einn þriðji partur úr kýrverði og átta fjórðungar í vættinni. Líklegt er að þegar prófastur nefnir þarna tvær vættir eigi hann eingöngu við þær tekjur sem Staðarprestur hafði í preststíund af jarðeignum í prestakallinu en telji ekki með tekjur af lausafjártíund og heytollum (sbr. hér bls. 32-34).

Á prestastefnu sem haldin var að Eyri í Skutulsfirði 5. júní árið 1700 hefur séra Jón Torfason skrifað þetta um tekjur Staðarkirkju:

*Staðarkirkja í Súgandafirði hefur til tíunda hundrað hundraða af jarðagóssi. Búendur 21. Ljóstollar 21 af giftum persónum. Ógiftir 5. Þingatollar 21. Lausafjártíund alls þetta ár 12.*<sup>426</sup>

Þegar sagt er að kirkjan hafi til tíunda *hundrað hundraða af jarðagóssi* er meiningin sú að í sókninni sé goldin kirkjutíund af 120 jarðarhundruðum, það er einu stóru hundraði hundraða (sjá hér bls. 31-32).

Í greinargerð, sem séra Jón Torfason ritaði undir 6. mars 1710 ásamt tveimur hreppstjórum úr Súgandafirði, er að finna mun skýrari upplýsingar um tekjur hans og kirkjunnar á Stað. Þar segir:

<sup>419</sup> Manntal 1703. Sbr. Ísl. æviskrár II, 404-405 og 156-157 og V, 26.

<sup>420</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>421</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>422</sup> Ísl. æviskrár III, 293.

<sup>423</sup> Jón Helgason 1926, 3.

<sup>424</sup> Sama heimild.

<sup>425</sup> Skj.s. prófasta XIII. 1. B. 1, bls. 164 (Skjalabók frá Holti í Önundarf.).

<sup>426</sup> Skj.s. prófasta XIII. 1. B. 1, bls. 97 (Skjalabók frá Holti í Önundarf.).

*Því kalli fylgir engin jörð né kúgildi að auk þeirra sex sem á heimajörðinni eru og einn hestur. Sú vissá innitekt þar árlega af fastagóssi í preststíund 7 aurar en sú óvissá af lausafé var annó 1709 3 aurar og hálf alin, þingatollar 4 aurar, ljóstollar 6 aurar, líksöngseyrir enginn það ár.<sup>427</sup>*

Hér sést að tekjur prestsins af tíundinni hafa árið 1709 numið 10 aurum og 1/12 úr eyri, það er 60 álum og hálfri betur. Þingatollarnir voru heytollar (lambselði) sem bændur greiddu presti. Að þeim meðtöldum námu tekjur séra Jóns af tollum og tíundum liðlega 14 aurum eða 84 álum og hálfri betur, það er sjö tíundu hlutum úr kúrverði. Ljóstollar sem þarna er getið um gengu hins vegar til kirkjunnar.<sup>428</sup>

Árið 1709 fékk séra Jón á Stað 7 aura í preststíund af fastagóssi, það er jarðeignum í prestakallinu eins og hér var áður nefnt. Tíund hefur þá verið goldin af 140 jarðarhundruðum í Suðureyrarhreppi, það er 16.800 álum, því tíundin var 1% af matsverði jarðanna sem greitt var af og prestur fékk í sinn hlut einn fjórða part tíundarinnar.<sup>429</sup> Af 140 hundruðum (16.800 álum) var tíund prestsins því einn fjórði úr 168 álum, það er 42 álnir sem er sama og 7 aurar því sex álnir voru í hverjum eyri. Nokkrum árum fyrr, það er á prestastefnu í júnímánuði árið 1700, hafði séra Jón Torfason greint svo frá að Staðarkirkja hefði til tíunda eitt *hundrað hundraða af jarðagóssi* (sjá hér bls. 52), það er að í prestakallinu væri aðeins greidd kirkjutíund af 120 jarðarhundruðum, einu stóru hundraði hundraða. Þetta sýnir að preststíund hefur verið goldin af 20 jarðarhundruðum sem engin kirkjutíund var goldin af og þarfnast því nánari skýringa.

Meginskýringin liggur vafalaust í því að af kirkjujörðunum þremur í Staðarprestakalli, Gilsbrekku, Selárdal og Keflavík, hafi aðeins verið goldin fátækra tíund og preststíund en hvorki kirkjutíund né biskupstíund. Þannig átti þetta líka að vera samkvæmt dómi sem upp var kveðinn á Alþingi árið 1604 en þar er tekið fram að greiða beri fátækra tíund og preststíund af öllum kirkjujörðum, öðrum en þeim sem kirkjur standi á.<sup>430</sup> Áður voru kirkjujarðir hins vegar undanþegnar öllum tíundargreiðslum.<sup>431</sup> Í Hólabiskupsdæmi munu preststíund og fátækra tíund yfirleitt hafa verið greiddar af kirkjujörðum eftir 1604 en á sunnan- og vestanverðu landinu var þetta meira á reiki.<sup>432</sup>

Jarðabókin frá 1710 sýnir að jarðarhundruðin í Staðarprestakalli töldust þá vera 153<sup>433</sup> en hafa verið 156 fram á síðari hluta 17. aldar uns

<sup>427</sup> Skj.s. prófaste XIII. 1. B. 1, bls. 246 (Skjalabók frá Holti í Öndarf.).

<sup>428</sup> Einar Laxness 1977, 48.

<sup>429</sup> Sama heimild, 182-184.

<sup>430</sup> Alþ.bækur Íslands III, 322.

<sup>431</sup> Einar Laxness 1977, 182-183. Sbr. Jón Pétursson 1863, 165-196 (Ísl. kirkjuréttur).

<sup>432</sup> Jón Pétursson 1863, 186-187.

<sup>433</sup> Jarðab. Á. og P. VII, 128-139.

matið á Gilsbrekku var lækkað úr sex hundruðum í þrjú.<sup>434</sup> Í prestakallinu voru 114 hundruð í einkaeign, 26 hundruð í eigu kirkna, ef Gilsbrekka er talin 6 hundruð, og þá er ótalið sjálft prestssetrið, jörðin Staður sem var 16 hundruð að dýrleika og taldist vera kirkjulén.<sup>435</sup> Tvímælalaust virðist því vera að árið 1709 hafi séra Jón Torfason fengið greidda preststíund af öllum jörðum í prestakallinu nema þeirri einu sem hann bjó sjálfur á því aurarnir sjö í preststíund, sem hann nefnir, stemma nákvæmlega við greiðslu slíkrar tíundar af 140 jarðarhundruðum. Undarlegra er hitt að hann skuli árið 1700 telja Staðarkirkju fá greidda tíund af 120 jarðarhundruðum því jarðir í einkaeign voru allar til samans aðeins virtar á 114 hundruð eins og hér var áður nefnt. Sé talan nákvæm hjá séra Jóni hefur Staðarkirkja fengið greidda kirkjutíund af 6 hundruðum til viðbótar þessum 114 og mætti þá helst hugsa sér kirkjujörðina Gilsbrekku sem enn var virt á 6 hundruð árið 1658 (sjá hér Gilsbrekka).

Í fyrrnefndri greinargerð frá 6. mars 1710 láta séra Jón og hreppstjórar Suðureyrarhrepps illa af jarðargæðum á Stað og segja þau hafa rýrnað um fullan helming frá því sem áður var.<sup>436</sup> Í skjali þessu komast þeir m.a. svo að orði um ástandið á Stað:

*Heyskap þar er ekki miklan að telja auk túnanna. Engjar að mestum parti ónýtar, líka á haga mjög runnið hvað árlega eykst. Útigangur sem þar til forna hefur haldinn verið er nú að mestu útgjörður vegna grasleysis og mannhættu. Þar er engin hlunnindi að telja heimalandinu til ... [eitt orð er hér ólæsilegt – K.Ó.] eða skóg, enn síður dún og egg, veiði né vertolla. Ekki fjallagrös né fjörugæði eða reka til gagns fyrir utan lítið fiskirí þá best til gengur og brim ekki hamla sem skjaldan er. Kallsins hægð og óhægð í meðallagi þó bæði séu þar sjóreisa fyrir höndum, ófærur og forvaðar bæja í milli, sums staðar vel bærilegt. Kaupstaðarferð óhæg, löng og hætt. Nefndri jörð sýnist ennfremur hætt við meiri spjöllum, nefnilega högum við skriðum og grjóti, engjum við vatni og jarðleysi.<sup>437</sup>*

Þessa greinargerð prestsins og hreppstjóranna auðkennir, sem sjá má, hinn sami mæðutónn og hvarvetna skín í gegn í Jarðabókinni frá 1710 þar sem birtar eru lýsingar bænda á kostum og göllum jarðanna sem þeir bjuggu á. Mikil harðindi voru þá rétt nýlega gengin yfir en einnig má ætla að margir hafi leitast við að mála ástandið í sem dekkstum litum til að forðast nýjar álögur. Árni Magnússon kom til Súgandafjarðar þegar um það bil fimm mánuðir voru liðnir frá því séra Jón Torfason gekk frá greinargerðinni sem hér var síðast birt. Árni var þá að semja Jarðabókina

<sup>434</sup> Jarðab. Á. og P. VII, 128-139. Sbr. 797<sup>4to</sup>, Jarðaskrá úr Ísafj.sýslu frá árinu 1658.

<sup>435</sup> Jarðab. Á. og P. VII, 128-139.

<sup>436</sup> Skj.s. prófasts XIII. 1. B. 2, bls. 246-247 (Skjalabók frá Holti í Öndurarf.).

<sup>437</sup> Skj.s. prófasts XIII. 1. B. 2, bls. 246-247 (Skjalabók frá Holti í Öndurarf.).

og ferðaðist um til að safna fróðleik um jarðirnar hjá bændum. Til samanburðar við greinargerð séra Jóns Torfasonar frá 6. mars 1710 um ástand mála á Stað höfum við nú þá lýsingu sömu jarðar sem skráð er í Jarðabók þeirra Árna Magnússonar og Páls Vídalín og hér er frá greint á bls. 12-13.

Sé greinargerð séra Jóns Torfasonar og hreppstjóranna skoðuð vekur ekki síst athygli að þeir segja útigang sauðfjár vera að mestu úr sögunni *vegna grasleysis og mannhættu*. Hér var áður frá því greint að árið 1690 hefði *fjarpiltur* frá Stað týnt lífi í skriðu eða snjóflóði (sjá hér bls. 3) og vera má að séra Jón hafi misst fleiri sauðamenn í snjóflóðum. Venja mun hafa verið að sauðamaður fylgdi eða liti til með útigangsfé Staðarprests og þegar séra Jón talar um *mannhættu* tengda útigangi fjárins er hann að vísa til þessa.

Heimili séra Jóns Torfasonar á Stað hefur líklega aldrei verið mjög fjölmennt. Árið 1703 voru þar tíu manneskjur.<sup>438</sup> Auk prestshjónanna voru það dótturbörn þeirra tvö, tíu og tólf ára, tveir vinnumenn, tvær vinnukonur, einn *dvalarpiltur*, 19 ára gamall, og einn lausamaður sem nærðist af sjóróðrum.<sup>439</sup> Ætla má að bústofn prestshjónanna hafi þá verið álíka stór og hann var sjö árum síðar en þá bjuggu þau með 5 kýr, 40 ær, 30 fullorðna sauði, 16 veturgamla sauði og 2 hesta.<sup>440</sup> Af þessum bústofni voru fjögur kúgildi eign staðarins<sup>441</sup> og hafa það líklega verið 24 ær en sex ær voru í hverju kúgildi. Þessi innstæðukúgildi gat prestur nýtt sér og þurfti enga leigu að borga fyrir þau en fékk hins vegar greidda lögleigu í smjöri af öðrum tveimur kúgildum sem staðurinn átti og leigð voru hjáleigubóndanum í Staðarhúsum.<sup>442</sup> Árið 1710 bjó aðeins einn bóndi í Staðarhúsum<sup>443</sup> en árið 1703 höfðu þeir verið tveir<sup>444</sup> og má vera að annar þessara hjáleigubænda hafi þá haft til ábúðar kotið sem seinna var stundum nefnt Fremri-Staðarhús (sjá hér bls. 242-249). Í hjáleigunum áttu 14 manneskjur heima árið 1703.

Hér var áður minnst á bókmenntaiðju séra Jóns Torfasonar en hann fékkst dálítið við að snúa guðsorðabókum úr dönsku á íslensku (sjá hér bls. 51-52). Í bókmenntasögu okkar Íslendinga er hann þó frægari fyrir annað en mjög sterkar líkur benda til þess að hann hafi rifið í sundur sjálft frumritið af einni helstu gerð Landnámaabókar, notað hin fornu skinnblöð til bókbands, og hjá honum hafi mörg þessara dýrmætu membrana tapast hér á Stað.<sup>445</sup> Sú saga byggir á orðum Árna Magnússonar, hins mikla

---

<sup>438</sup> Manntal 1703.

<sup>439</sup> Sama heimild.

<sup>440</sup> Jarðab. Á. og P. VII, 128-129.

<sup>441</sup> Sama heimild.

<sup>442</sup> Sama heimild.

<sup>443</sup> Sama heimild.

<sup>444</sup> Manntal 1703.

<sup>445</sup> Guðbrandur Vigfússon 1858, XII-XVII (Biskupasögur I, formáli). Jón Helgason 1960, XXVIII-XXIX (Hauksbók, ljóspr., formáli).

handritasafnara, sem kveðst hafa sínar upplýsingar um málið frá Ólafi Jónssyni, einkasyni séra Jóns Torfasonar.<sup>446</sup>

Það var einn þriggja parta Hauksbókar sem séra Jón fékk í hendur og hafði að geyma Landnámabók og Kristnisögu.<sup>447</sup> Sú gerð Landnámabókar sem þarna var að finna var samin af Hauki Erlendssyni lögmanni á fyrstu árum 14. aldar, líklega 1306 til 1308,<sup>448</sup> og er talið að Haukur lögmaður hafi sjálfur skrifað handrit þetta.<sup>449</sup> Sem betur fer var búið að taka afrit af Landnámabók Hauks lögmanns áður en hún komst í hendur séra Jóns Torfasonar og er sú uppskrift enn varðveitt.<sup>450</sup>

Þegar Ólafur Jónsson frá Stað var við nám í Kaupmannahöfn á árunum 1692-1694 mun hann hafa komist í kynni við Árna Magnússon og einhvern tíma á árunum 1695-1701 sendi hann honum 14 skinnblöð úr Hauksbók sem öll höfðu að geyma texta úr Landnámabók.<sup>451</sup> Um svipað leyti fékk Árni líka í hendur annars staðar frá 4 blöð úr Hauksbók en á þeim blöðum var að finna brot úr Kristni sögu.<sup>452</sup> Sjálfur segir Árni frá á þessa leið:

*Landnámu bókar blöð þessi og hin úr Kristindómssögu hefi ég flestöllum fengið frá síra Ólafi Jónssyni en faðir síra Ólafs, síra Jón Torfason á Stað í Súgandafirði, fékk þessi blöð frá bónda einum þar vestra, nærri sér, og tók þau til fulls í sundur hvert frá öðru utanum hver.<sup>453</sup>*

Árið 1702 kom Árni til Íslands í jarðabókarerindum og sat í Skálholti veturinn 1702-1703.<sup>454</sup> Ólafur Jónsson frá Stað í Súgandafirði var þá dómkirkjuprestur í Skálholti og í samtölum þeirra Árna þennan vetur staðfesti hann sína fyrri frásögn um meðferð föður síns á Landnámabók Hauks lögmanns. Frá því greinir Árni á þessa leið:

*Landnámublöðin er síra Ólafur Jónsson sendi mér fékk hann hjá föður sínum, síra Jóni Torfasyni, presti að Stað í Súgandafirði. Hafði þetta fragment eður bókarlitur verið hjá einum bónda þar ... hvert síra Jón eignaðist og tók það allt í sundur utanum smákver. Relatio síra Ólafs Jónssonar, guam denuo confirmavit, eodeun modo rem referens, anno 1703.<sup>455</sup>*

<sup>446</sup> Guðbrandur Vigfússon 1858, XII-XVII (Biskupasögur I, formáli). Jón Helgason 1960, XXVIII-XXIX (Hauksbók, ljóspr., formáli).

<sup>447</sup> Sömu heimildir.

<sup>448</sup> Jakob Benediktsson 1968, LXXXII (Ísl. fornrit I).

<sup>449</sup> Sama heimild, L.

<sup>450</sup> Jakob Benediktsson 1968, L - LI og CXLV - CXLVI (Ísl. fornrit I).

<sup>451</sup> Jón Helgason 1960, XXVIII. Guðbrandur Vigfússon 1858, XII.

<sup>452</sup> Sömu heimildir.

<sup>453</sup> Guðbrandur Vigfússon 1858, XII-XIII.

<sup>454</sup> Jón Helgason 1960, XXVIII.

<sup>455</sup> Guðbrandur Vigfússon 1858, XIII.



Sumarið 1703 yfirgaf séra Ólafur Jónsson Skálholt og fluttist vestur að Stað í Grunnavík þar sem hann þjónaði sem prestur í fjögur ár. Á pálmásunnudag árið 1707 ritaði Árni Magnússon honum bréf og bað séra Ólaf að afla nánari upplýsinga um það Hauksbókarlitur er séra Jón, faðir hans, hafði átt og kanna hvort nokkur blöð úr þessu dýrmæta fornriti kynnu enn að vera til. Í þessu bréfi kemst Árni m.a. svo að orði:

*Skrifa ég því svo ítarlega hér um að þetta fragmentum er inter pretiosissima eorum quæ mihi sunt og er ég þó ósnauður orðinn af svoddan hlutum og vildi ég með dýru verði kaupa ef til væru þau blöðin er mig þar af vantar, að sönnu ótæpt betala (eftir mínu verði) sérhvert einstakt blað þar af eður geira.<sup>456</sup>*

Ljóst er að Árni hefur lagt mikið kapp á að láta leita uppi fleiri blöð úr því slitri af Hauksbók sem séra Jón Torfason hafði eignast og hér býður hann stórfé fyrir sérhvert blað úr bókinni og þó ekki væri nema *geiri*.

Nú fór svo að séra Ólafur andaðist í stórubólu haustið 1707 og hafði þá ekki enn svarað bréfinu sem Árni hafði sent honum þá um vorið. Hann hafði þó náð að koma bréfi Árna í hendur föður síns með beiðni um að hann sinni erindi Árna og svaraði bréfinu.<sup>457</sup>

Á fjórða degi jóla þetta sama ár settist séra Jón við skriftir og ritaði svarbréf til Árna.<sup>458</sup> Hann segist þar halda að slitrið sem hann fékk í hendur úr Hauksbók hafi ei verið *svo nokkru nemi* stærra en svari til þeirra 14 blaða sem Árni hafi nú fengið en blöðin muni þá hafa verið samföst *því víða af myglu saman loddu*.<sup>459</sup> Þessa skýringu séra Jóns Torfasonar hafa fræðimenn ekki viljað taka gilda og bent hefur verið á að í svari sínu við margþættum fyrirspurnum Árna Magnússonar nefnir karlinn hvergi að hann hafi notað Hauksbókarblöðin til að binda inn hver.<sup>460</sup> Blöðin sem Árni eignaðist bera hins vegar með sér að þau hafi verið notuð með þeim hætti og að sögn Árna greindi séra Ólafur Jónsson svo frá að það hefði faðir sinn einmitt gert eins og hér hefur áður verið nefnt. Liggur því á honum þungur grunur um að hann hafi fordjarfað öllu því sem glatað er úr frumritinu af þeirri gerð Landnámabókar sem Haukur Erlendsson lögmaður setti saman. Af þessum texta Hauks eru nú aðeins varðveit 14 blöð en talið er að 24 vanti.<sup>461</sup>

Í bréfinu sem séra Jón Torfason á Stað ritaði Árna Magnússyni 28. desember 1707 kveðst hann hafa fengið slitrin úr Hauksbók í hendur fyrir

<sup>456</sup> Arne Magnussons Private Brevveksling 1920, 247-249. Bréf Árna Magnúss. 17.4.1707 til séra Ólafs Jónssonar.

<sup>457</sup> Guðbrandur Vigfússon 1858, XV.

<sup>458</sup> Sama heimild, XV-XVI.

<sup>459</sup> Arne Magnussons Private Brevveksling 1920, 643-644. Bréf séra Jóns Torfasonar 28.12. 1707 til Árna Magnússonar.

<sup>460</sup> Guðbrandur Vigfússon 1858, XV-XVI.

<sup>461</sup> Jakob Benediktsson 1968, CXLV.

nærri 40 árum og ætti það þá að hafa verið í kringum 1670.<sup>462</sup> Spurningu Árna um hvaðan Hauksbókarblöðin hefðu borist að Stað í Súgandafirði svaraði séra Jón svo:

*Sá maður hét Bjarni Indriðason sem mér fékk þau og bjó í Skálavík, næstu sveit hér. ... Minnir mig sá maður sem mér blöðin fékk segði að þau hefðu ei fleiri verið né meiri en ég meðtók og því mun forgefins spyrjandi eftir restinu. Sagði hann mér að nefnd blöð hefði fengið eða fundið hjá föður sínum, þá mjög öldruðum og lítt læsum því ekki vissi karlinn þeirra innihald og ekki muna hvar sér hefðu þau í hendur borist svo ég held með öllu ómögulegt upp að grufla frekar um oft nefnd blöð en nú skrifa. Þar með hefir þetta fólk eitt það lakasta verið í mannatölu bæði til vitsmuna og veru, þar að auki nú flest stráðautt ...*<sup>463</sup>

Um Bjarna Indriðason í Skálavík og föður hans er því miður engan fróðleik að finna í varðveittum heimildum svo kunnugt sé en einkunnin sem séra Jón Torfason gaf þeim feðgum gat varla lakari verið. Líklegt má telja að þar taki séra Jón meira upp í sig en sanngjarnt var og ráðgáta er með hvaða hætti Landnámabók Hauks lögmanns komst í hendur fólks sem svo hraklega var á sig komið að prestur taldi það vera eitt hið lakasta í mannatölu bæði til vitsmuna og vera.

Fundum Árna Magnússonar prófessors og séra Jóns Torfasonar mun aðeins hafa borið saman einu sinni en það var þegar Árni kom í Súgandafjörð í jarðabókarerindum sumarið 1710 og stefndi bændum til fundar við sig að Stað.<sup>464</sup> Árni dvaldist þá í Súgandafirði í tvo daga<sup>465</sup> og hefur að líkindum gist á Stað. Ætla má að hann hafi þá reynt að spyrja séra Jón enn á ný um hin týndu skinnblöð úr Hauksbók en svörin hafi verið hin sömu og áður.

Sextán árum síðar varð Jón Ólafsson úr Grunnavík, sonarsonur séra Jóns Torfasonar á Stað, skrifari Árna Magnússonar úti í Kaupmannahöfn og tók þá að sýsla við eitt og annað í hinu mikla handritasafni síns meistara.<sup>466</sup> Líklegt er að á samverustundum þeirra hafi Árna alloft orðið hugsað til afa þessa skrifara síns og hinna dýrmætu skinnblaða úr Landnámabók sem glatast höfðu. Einhver kann nú að segja sem svo að með framgöngu sinni við að bjarga handritum Árna úr brunanum mikla árið 1728 og einstakri elju við ritstörf og rannsóknir í hálfu öld hafi Grunnavíkur-Jóni tekist að bæta fyrir gamlar syndir afa síns. Hér skal þó ósagt látið hvort Árni Magnússon hefði fallist á þá kenningu.

<sup>462</sup> Guðbrandur Vigfússon 1858, XV-XVI.

<sup>463</sup> Arne Magnussons Private Brevveksling 1920, 643-644. Bréf séra J. Torfas. 28.12.1707 til Á. Magnúss.

<sup>464</sup> Jarðab. Á. og P. VII, 133 og 139.

<sup>465</sup> Sama heimild.

<sup>466</sup> Jón Helgason 1926, 13-15.

Frá Árna Magnússyni, prófessor og handritasafnara, og skrifara hans, Jóni Ólafssyni úr Grunnavík, hafa Arnas Arnæus og Jón Grindvicensis í skáldsögu Halldórs Laxness, Íslandsklukkunni, þegið ýmsa drætti eins og alkunnugt er.<sup>467</sup> Langtum færri lesendur Íslandsklukkunnar munu hins vegar hafa veitt því athygli að í þriðja kafla bókarinnar er vísað með beinum hætti til afa Grunnavíkur-Jóns, séra Jóns Torfasonar á Stað í Súgandafirði, og þess meinta verknaðar hans að rífa í sundur hin fornu skinnblöð úr Landnámabók Hauks lögmanns og nota þau til bókbands.

Í þessum kafla Íslandsklukkunnar segir frá heimsókn tignarfólks í kotbæ Jóns Hreggviðssonar að Rein á Akranesi er assessor Arnas Arnæus, prófessor til Kaupinhafnarháskóla, reið þar í hlað ásamt biskupshjónunum í Skálholti og stúlkunni Snæfríði Eydalín, systur biskupsfrúarinnar.

*Vinur, hví dregurðu mig inn í þetta skelfilega hús, sagði Snæfríður við Arnas en hann var hingað kominn til að spyrjast fyrir um gamlar skræður og skinnblöð. Í þessum kafla Íslandsklukkunnar segir meðal annars svo:*

*Fluglæs var einginn á bænum utan móðir Jóns Hreggviðssonar sem helgaðist af því að faðir hennar hafði verið bókbindari hjá séra Guðmundi heitnum í Holti vestra og haft skrúddur með höndum frammí andlátíð.*

*... Ekkert í svip Arnae Arnæi bar annars vott en hann yndi sér hið besta í þessu húsi. Hann hafði nú tekið gömlu konuna tali, seinmæltur, lítillátur og faslaus eins og dalamaður sem hefur hugsað margt einn saman. ... Og svo kynlega brá við að hann ... vissi úti hörgul ætt og uppruna þessarar lítilmótlegu gömlu konu, kunni skil á frændliði hennar vestanlands, sagði með kyrru brosi að hann hefði oftast en einu sinni handleikið kver sem faðir hennar hafði bundið fyrir einhvern séra Guðmund dáinn fyrir hundrad árum.*

*Því miður, bætti hann við, og leit til biskups, – því miður hafði séra Guðmundur heitinn í Holti þann sið að láta rífa niður fornar pergamentsbækur með frægar sögur, sem hvert þeirra blað og þó ekki væri nema hálfblað eða ringasta rifrildi var auro carior, en sum hefðu ekki verið ofborguð með höfuðbóli hvert um sig. Síðan lét hann hafa þessi pergamentsblöð í kver og involucra utanum bænabækur og sálma, sem hann fékk óbundið frá Hólaprentverki og seldi sóknarbörnum sínum fyrir fiska.*

*Því næst sneri hann máli sínu aftur til gömlu konunnar:*

*Nú þætti mér gaman að spyrja hvort þessi mín gamla móðir kynni ekki að vísa mér á einhvern stað undir rúmi, frammí eldhúsi, úti skemmu eða uppá skemmulofti þar sem stundum verða innlyksa kagbætt skinnbrókarlitur eða skógarmar í hornum ... ef vera kynni ég fyndi þó ekki væri*

<sup>467</sup> Eiríkur Jónsson 1981, 19-20, 56-63 og 346-353.

*nema vesalt rifrildi utanaf kveri frá tíð séra Guðmundar í Holti.*<sup>468</sup>

Sé litið til þess sem hér var áður birt af skrifum Árna Magnússonar um meðferð séra Jóns Torfasonar á Stað á hinum dýrmætu skinnblöðum úr Hauksbók (sjá hér bls. 55-58) fer vart á milli mála hvert Halldór Laxness sótti frumdrætti sína að prestinum Guðmundi í Holti sem reif í sundur gamlar skinnbækur og lét nota hin fornu blöð til að binda inn bænakver og sálma.

Tilboð Árna Magnússonar til sonar séra Jóns Torfasonar, þar sem hann býðst til að kaupa dýru verði sérhvert blað eða geira sem finnast kynni úr Hauksbók (sjá hér bls. 56-57), hefur líka ratað rétta leið inn í Íslandsklukkuna og hlotið þar listrænan búning eins og sjá má á þeim orðum sem hér var vitnað til .

Trúarritið Krossskóla, sem séra Jón Torfason á Stað þýddi úr dönsku á íslensku og varð efni í Krossskólasálmanna (sjá hér bls. 51-52) færir Halldór líka í fátækt hús Jóns Hreggviðssonar á Rein en í þriðja kafla Íslandsklukkunnar er þessi orð að finna:

*Á þessu heimili var ekki bók til utan slitur af Gradúale ásamt þeim skothentu Krossskólasálmum séra Halldórs á Presthólum og mundi Gunnar á Hlíðarenda seint hafa ort þvílíka sálma.*<sup>469</sup>

Í bréfi sínu til Árna Magnússonar, rituðu 28. desember 1707, komst séra Jón Torfason svo að orði um Bjarna Indriðason í Skálavík og ættmenn hans að það fólk hafi *eitt það lakasta verið í mannatölu, bæði til vitsmuna og veru* (sjá hér bls. 57-58). Svo virðist sem þessi orð hafi líka hljómað í eyrum okkar snjalla höfundar, Halldórs Laxness, er hann var að semja þriðja kafla Íslandsklukkunnar. Þar greinir sóknarprestur Jóns Hreggviðssonar svo frá að Arnas Arnæus safni fornum íslenskum bókum og handritum til að fá þeim góða geymslu *um eilífa tíð* úti Kaupinhafn *svo lærðir menn heimsins gætu sannfærst um að á Íslandi hefði eitt sinn lifað fólk í mannatölu svo sem Gunnar á Hlíðarenda, Njáll bóndi og synir hans.*<sup>470</sup> Allt sýnir þetta að Staður í Súgandafirði, sú jörð sem við nú stöndum á, kemur öllum unnendum Íslandsklukkunnar við.

Séra Jón Torfason andaðist hér á Stað þann 12. mars 1719.<sup>471</sup> Hann var þá kominn um áttætt og hafði verið prestur Súgfirðinga í nær 58 ár.<sup>472</sup> Vera má að einhver prestur finnist sem þjónað hafi sama söfnuðinum í enn lengri tíma en mjög fáir hljóta þeir að vera. Séra Jón var talinn fátækur og fékk á sínum síðari árum svolítinn styrk úr sjóði sem ætlaður var fyrir

<sup>468</sup> Halldór Laxness 1957, 25-28.

<sup>469</sup> Halldór Laxness 1957, 25.

<sup>470</sup> Sama heimild, 24.

<sup>471</sup> Ísl. æviskrár III, 293. Sbr. Annálar IV, 334.

<sup>472</sup> Sama heimild.

þurfandi presta.<sup>473</sup> Frá haustinu 1715 var séra Torfi Ísleifsson aðstoðarprestur hér á Stað en hann var dóttursonur séra Jóns Torfasonar<sup>474</sup> og studdi afa sinn við embættisverkin síðustu árin sem gamli presturinn lifði.

Ástríður Bjarnadóttir, ekkja séra Jóns Torfasonar, komst yfir nírátt. Hún var fædd árið 1641 eða því sem næst en mun hafa dáið 1733 eða 1734.<sup>475</sup> Ætla má að Ástríður hafi dvalist um eitthvert skeið á Stað á sínum fyrstu árum í ekkjustandi því séra Torfi Ísleifsson, sem hér var áður nefndur, dóttursonur hennar og fóstursonur, tók við prestakallinu að afa sínum látnum og var enn sóknarprestur á Stað þegar gamla konan andaðist. Með vissu er þó vitað að síðustu tíu árin sem Ástríður lifði var hún í Haukadal í Dýrafirði hjá dótturdóttur sinni, Helgu Ísleifsdóttur, og eiginmanni hennar, Þorvaldi bónda Jónssyni,<sup>476</sup> en hann var dóttursonur Þorvaldar Björnssonar, hins einsýna söngmanns í Hvammi í Dýrafirði (sjá hér Hvammur). Bæði systkinin, séra Torfi Ísleifsson á Stað og Helga systir hans í Haukadal, höfðu að meira eða minna leyti alist upp hjá afa sínum og ömmu, gömlu prestshjónunum á Stað.<sup>477</sup>

En Ástríður gamla Bjarnadóttir átti fleiri barnabörn og eitt þeirra var Grunnavíkur-Jón sem haustið 1726 sigldi til Kaupmannahafnar og gerðist þar skrifari Árna Magnússonar, þá 21 árs að aldri.<sup>478</sup> Þó að kynni Jóns af Ástríði ömmu sinni hljóti að hafa verið mjög lítil eða alls engin var hann svo ræktarlegur að skrifa gömlu konunni nokkur bréf frá Kaupmannahöfn og virðist hafa haft fyrir reglu að skrifa henni eitt bréf á ári síðustu árin sem hún lifði, frá 1729 til 1733.<sup>479</sup> Því miður eru bréf þessi ekki varðveitt en örstutta útdrætti úr hverju bréfi hefur Jón fært inn í bók sína sem enn er til.

Vorið 1730 greindi hann henni meðal annars frá andláti Árna Magnússonar, húsbónda síns, hins mikla handritasafnara, og ári síðar segir hann efni bréfs síns til gömlu konunnar hafa verið þetta: *Heilsa, kveðja og óskir góðar og vikið á mitt stand og bróður míns, að við yrðum hér árlangt.*<sup>480</sup> Bróðirinn sem þarna er nefndur var Erlendur Ólafsson, síðar sýslumaður í Ísafjarðarsýslu, en hann var þá í Kaupmannahöfn.

Vera má að Grunnavíkur-Jón hafi nokkuð snemma farið að horfa til arfsins sem hann átti í vændum eftir ömmu sína, gömlu prestsekkjuna frá Stað. Ýmislegt í bréfum hans til Þorvaldar í Haukadal gæti bent til þess að

<sup>473</sup> Ísl. æviskrár III, 293.

<sup>474</sup> Sama heimild III, 293 og V, 26.

<sup>475</sup> Ísl. æviskrár III, 293. Jón Helgason 1926, 26 og 325.

<sup>476</sup> AM 996<sup>4to</sup> I. Útdráttur úr bréfi Jóns Ólafssonar úr Grunnavík 10.5.1734 til Þorvaldar Jónssonar í Haukadal. Sbr. Ísl. æviskrár II, 404-405 og Vestf. ættir I, 48-50.

<sup>477</sup> Ísl. æviskrár V, 26. Manntal 1703, bls. 211.

<sup>478</sup> Jón Helgason 1926, 13-15.

<sup>479</sup> AM 996<sup>4to</sup> I. Útdráttur úr bréfum Jóns Ólafssonar úr Grunnavík 20.5.1729, 10.5.1730, 18.5.1731, 1.5.1732 og 20.5.1733 til Ástríðar Bjarnadóttur.

<sup>480</sup> AM 996<sup>4to</sup> I. Útdráttur úr bréfum Jóns Ólafssonar úr Grunnavík 20.5.1729, 10.5.1730, 18.5.1731, 1.5.1732 og 20.5.1733 til Ástríðar Bjarnadóttur.

svo hafi verið.<sup>481</sup> Alllanga útdrætti úr þessum bréfum hefur Jón skráð í áðurnefnda bók og er því auðvelt að gera sér grein fyrir efni þeirra.

Í bréfi rituðu 10. maí 1730 biður hann Þorvald að láta sig vita um aldur ömmunnar og í öðru bréfi rituðu 18. maí 1731 þakkar hann Þorvaldi fyrir liðsinni hans við þá gömlu<sup>482</sup> en Ástríður hafði þá dvalist í hans húsum í um það bil átta ár. Þremur árum síðar höfðu Jóni nýlega borist fréttir af andláti ömmu sinnar og þá skrifar hann Þorvaldi bréf *um arfinn eftir Ástríði sálugu undir nöfnum beggja okkar Erlendar*.<sup>483</sup> Í útdrætti sínum úr því bréfi kemst Grunnvíkingurinn svo að orði: *Sýslumannsins uppskrift og virðing ... upp á 90 ½ rd 23 sk., það er 22 hundruð og 80 ¾ alin á landsvísu ... en okkur vantar að vita með hve miklu fé hún kom til Þorvaldar*.<sup>484</sup>

Í sama ágripi af efni bréfsins frá 10. maí 1734 sést að þeir Ólafssynir úr Grunnavík hafa talið að gamla konan, amma þeirra, muni hafa komið með *allan sinn mála, 25 hundruð*, í Haukadal til Þorvaldar og á skotspónum höfðu þeir heyrt að þess utan hefði hún við brottför sína úr Súgandafirði átt *önnur 25 hundruð í þarflegu lausafé*, meðal annars *nokkurn fríðan pening og tvö ei alltil skip*.<sup>485</sup>

Meining Jóns og Erlendar bróður hans var því sú að Ástríður amma þeirra á Stað hefði átt sem svaraði 50 hundruðum þegar hún fluttist til Þorvaldar og svo hafði þeim verið sagt að hún hefði *um sína lífstíð* fengið greitt afgangið af jörðinni **Norðureyri** í Súgandafirði, sem afi þeirri hafði átt, og einnig af jörðinni Hamri á Langadalsströnd við Djúp, sem dóttursynir gömlu konunnar, séra Torfi Ísleifsson á Stað og séra Guðmundur Ísleifsson í Nesþingum, töldust eiga.<sup>486</sup>

Af orðum Jóns í bréfinu, sem hann sendi Þorvaldi í Haukadal vorið 1734 og hér var vitnað til, er ljóst að hann hefur átt von á að meira kæmi til skipta eftir Ástríði gömlu en þau 22 hundruð og 80 álnir sem uppskrift sýslumanns hljóðaði upp á. Tónninn í bréfinu til bóndans í Haukadal er samt alls ekki fjandsamlegur því Jón tekur fram að þeir bræður vilji ljúka skiptum á dánarbúinu *í vinsemi* við hann.<sup>487</sup> Í þessu sama bréfi biðja bræðurnir Þorvald að senda sér eitthvað af fiski og lýsi upp í væntanlegan arf en taka fram að best muni vera að láta endanlegt uppgjör á dánarbúi Ástríðar gömlu bíða.<sup>488</sup>

Í doktorsritgerð sinni frá árinu 1926 um Jón Ólafsson frá Grunnavík fullyrðir Jón Helgason prófessor að meginástæðan fyrir því að

<sup>481</sup> AM 996<sup>4to</sup> I. Útdráttur úr bréfum Jóns Ólafssonar úr Grunnavík 10.5.1730, 18.5.1731, 8.5.1732, 10.5.1734 og 19.5.1736 til Þorvaldar Jónssonar í Haukadal í Dýrafirði.

<sup>482</sup> Sama heimild.

<sup>483</sup> Sama heimild.

<sup>484</sup> AM 996<sup>4to</sup> I. Útdráttur úr bréfum Jóns Ólafssonar úr Grunnavík 10.5.1730, 18.5.1731, 8.5.1732, 10.5.1734 og 19.5.1736 til Þorvaldar Jónssonar í Haukadal í Dýrafirði.

<sup>485</sup> Sama heimild.

<sup>486</sup> Sama heimild.

<sup>487</sup> Sama heimild.

<sup>488</sup> AM 996<sup>4to</sup> I. Útdráttur úr bréfum Jóns Ólafssonar úr Grunnavík 10.5.1730, 18.5.1731, 8.5.1732, 10.5.1734 og 19.5.1736 til Þorvaldar Jónssonar í Haukadal í Dýrafirði.

Grunnavíkur-Jón réðst í að sigla heim til Íslands sumarið 1735 eftir 9 ára dvöl í Kaupmannahöfn hafi verið að hann vildi tryggja sér og Erlendi bróður sínum allan rétt við skipti á dánarbúi gömlu prestsekkjunnar frá Stað.<sup>489</sup> Um þá staðhæfingu þarf víst ekki að efast. Snemma í júlí sumarið 1735 var Jón úr Grunnavík kominn að Þingeyrum í Húnaþingi<sup>490</sup> og hefur að líkindum komið til landsins með Skagastrandarskipi. Úr Húnaþingi reið hann til Vestfjarða og var kominn að Eyri í Skutulsfirði þann 1. ágúst.<sup>491</sup> Óljóst er hvort Jón hefur heimsótt frænda sinn, séra Torfa Ísleifsson á Stað í Súgandafirði, í þessari ferð en einhvern fyrsta daginn í ágúst náði hann að komast í Dýrafjörð og hitta Þorvald bónda í Haukadal. Frá Þingeyri skrifar Jón Erlendi bróður sínum þann 8. ágúst og greinir í útdrætti frá efni bréfsins með þessum orðum:

*Um aftal okkar Þorvaldar, söluna á Norðureyri og allt þar að lútandi og send sjálf bréfin. Item sendi ég hér þá með Mr. Ole Pedersen 63 rauðmaga, hvar af 30 skyldu ganga til skipherra Borup.*<sup>492</sup>

Fjórum dögum síðar var hinn þrítugi langferðamaður kominn inn í Ögur á norðurleið<sup>493</sup> og fyrir lok septembermánaðar á sama ári steig hann á skipsfjöl og sigldi aftur til Kaupmannahafnar með Skagastrandarskipi.<sup>494</sup>

Orð Grunnavíkur-Jóns í bréfinu sem hann ritaði Erlendi bróður sínum frá Þingeyri 8. ágúst 1735 verða vart skilin öðru vísi en svo að hann hafi þá talið sig vera búinn að semja við Þorvald Jónsson í Haukadal um endanleg skipti á dánarbúi Ástríðar gömlu. Hann talar þar um *aftal* milli sín og Þorvaldar eins og hér var áður nefnt en eitthvert babb mun þó hafa komið í bátinn síðar því sumarið 1737 þurfti Erlendur, bróðir Jóns, að taka sér ferð á hendur frá Kaupmannahöfn til Íslands vegna endanlegs uppgjors á dánarbúi gömlu Ástríðar<sup>495</sup> sem verið hafði prestsfrú á Stað í Súgandafirði í 56 ár, lengur en nokkur önnur kona sem um er kunnugt, bæði fyrr og síðar.

Vera má að Jón Ólafsson frá Grunnavík hafi aldrei komið til Súgandafjarðar en þessi útkjálkabyggð var honum hugstæð af skiljanlegum ástæðum. Til marks um að svo hafi verið má nefna að þegar hafist var handa við að þýða Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín á danska tungu byrjaði Grunnavíkur-Jón á að snara því sem þar er ritað um Suðureyrarhrepp en síðan tók við þýðingarstarfinu fjandvinur hans, Jón Marteinsson,<sup>496</sup> og báðir risu þeir nafnar upp frá dauðum í Íslandsklukku

<sup>489</sup> Jón Helgason 1926, 26.

<sup>490</sup> Sama heimild.

<sup>491</sup> AM 996<sup>410</sup> I. Bréf Jóns Ólafssonar 1.8.1735 til Erlendar Ólafssonar.

<sup>492</sup> AM 996<sup>410</sup> I, bréf Jóns Ólafssonar 8.8.1735 til Erlendar Ólafssonar.

<sup>493</sup> Sama askja, bréf Jóns Ólafssonar 12.8.1735 til séra Andrésar Gíslasonar í Otradal.

<sup>494</sup> Jón Helgason 1926, 26-27.

<sup>495</sup> Sama heimild.

<sup>496</sup> Sama heimild, 31.

Halldórs Laxness og munu áfram lifa uns klukkan sú verður brotin niður, öðru sinni.

Séra Torfi Ísleifsson, sem tók við Staðarprestakalli í Súgandafirði árið 1720, hafði þá verið hér aðstoðarprestur í fáein ár eins og áður var nefnt. Séra Torfi mun hafa fæðst árið 1693 eða því sem næst<sup>497</sup> á Eyri í Skutulsfirði en faðir hans, séra Ísleifur Þorleifsson, var sóknarprestur þar frá 1690-1700.<sup>498</sup> Kona séra Ísleifs og móðir séra Torfa var Sigríður, dóttir séra Jóns Torfasonar á Stað í Súgandafirði (sjá hér bls. 49). Þegar Torfi var um það bil sjö ára gamall missti hann föður sinn og þegar manntal var tekið þremur árum síðar var hann í fóstri hjá afa sínum og ömmu á Stað (sbr. hér bls. 55 og 60-61). Er talið að hann muni hafa alist upp á Stað frá sjö ára aldri<sup>499</sup> en móðir hans andaðist í stórubólu árið 1707. Hinn munaðarlaus piltur var sendur til náms í Skálholtsskóla og útskrifaðist þaðan vorið 1712.<sup>500</sup> Þremur árum síðar varð hann aðstoðarprestur afa síns, séra Jóns Torfasonar á Stað í Súgandafirði, og tók við kallinu að honum látnum árið 1720.<sup>501</sup> Eiginkona séra Torfa Ísleifssonar hét Guðrún Eiríksdóttir og var frá Sandeyri á Snæfjallströnd.<sup>502</sup> Þau náðu að eignast ellefu börn<sup>503</sup> en líklegt er að sum þeirri hafi dáið í bernsku.

Séra Torfi var prestur á Stað í 20 ár, fyrst aðstoðarprestur í 5 ár og síðan sóknarprestur í 15 ár.<sup>504</sup> Hann andaðist haustið 1735 og var þá aðeins 42ja ára gamall eða því sem næst.<sup>505</sup> Af börnum séra Torfa á Stað og Guðrúnar konu hans má nefna Jósep, sem bjó um tíma í Bæ og dó í Staðarhúsum, hjáleigu frá Stað (sjá hér Bær), Guðrúnu, sem átti séra Friðrik Guðmundsson á Borg á Mýrum, og Elísabetu sem átti Sigurð bónda Jónsson á Kirkjubóli í Skutulsfirði.<sup>506</sup> Dóttir Elísabetar Torfadóttur frá Stað og eiginmanns hennar, Sigurðar bónda Jónssonar á Kirkjubóli, var Sigríður Sigurðardóttir sem giftist Jóni Jónssyni, hreppstjóra í Hnífsdal, fæddum árið 1753 en hann var sonur Jóns Jónssonar lögréttumans í Hnífsdal.<sup>507</sup>

Frá andláti séra Torfa Ísleifssonar í októbermánuði árið 1735 virðist hafa verið prestlaust í Súgandafirði allt þar til séra Tyrfingi Finnssyni var veitt Staðarprestakall sumarið 1737 en hann var vígður til prests 5. ágúst á því ári.<sup>508</sup> Séra Tyrfingur var fæddur árið 1713 eða því sem næst á Ökrum í Hraunhreppi í Mýrasýslu og var því um 24 ára aldur er hann varð prestur á Stað.<sup>509</sup> Foreldrar hans voru Finnur Þórðarson á Ökrum og kona hans

<sup>497</sup> Ísl. æviskrár V, 26.

<sup>498</sup> Ísl. æviskrár II, 404-405.

<sup>499</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>500</sup> Ísl. æviskrár V, 26.

<sup>501</sup> Sama heimild.

<sup>502</sup> Vestf. ættir I, 30.

<sup>503</sup> Ísl. æviskrár V, 26.

<sup>504</sup> Sama heimild.

<sup>505</sup> Sama heimild.

<sup>506</sup> Sama heimild.

<sup>507</sup> Vestf. ættir I, 30.

<sup>508</sup> Ísl. æviskrár V, 26 og 34. Sveinn Níelsson 1950, 193.

<sup>509</sup> Ísl. æviskrár V, 34.



Guðrún, dóttir Högna í Straumfirði Halldórssonar,<sup>510</sup> og bjuggu þau árið 1727 í Hjörsey á Mýrum.<sup>511</sup> Föðurafi séra Tyrfings var Þórður Finnsson, lögréttumaður á Ökrum, sem sagt er að hafi verið mikill íþróttamaður, syndur sem selur og kunni þýska tungu.<sup>512</sup> Skólanám hóf Tyrfingur hjá séra Jóni Halldórssyni í Hítardal<sup>513</sup> og fór síðan í Skálholtsskóla haustið 1728. Þar var hann við nám í sjö ár og útskrifaðist vorið 1735.<sup>514</sup> Jón Þorkelsson (Thorhillius) var þá rektor í Skálholti og í ævisögu hans er prentað vottorðið sem hann gaf Tyrfingi við lok námsdvalar þess síðarnefnda í Skálholti. Segir þar m.a. svo:

*Kunnugt sé hér með gert að vel gáfaður yngissveinn, Tyrfingur Finnsson, sem á næstliðnum sjö vetra tímum hefur verið hér í Skálholtsskóla til kennslu og latínulærdóms iðkana er frá fyrrtédum skóla útskrifaður og laus gefinn. ...*

*Hann er ogso hér við skólann skilinn að ég veit mig ekki kunna að segja í þessum vitnisburði annað um hans umgengni og framferði við þá er hann hefur átt að skipta, utan skóla sem innan, en að hann sé ákærulaus af öllum og engan veit ég geta það með rökum framfært, fyrir hvert hann ætti að líða nokkurt upphald eður hindrun í því sem hann ætlar hér eftir, að honum muni og megi koma til nokkurs góðs. Mér og minni veikri tilsögn hefur hann téð sig hlýðinn og framar mörgum ástundunarsaman í að komast vel frá því sem honum hefur fyrir sett verið.*

*Óska ég honum hér með guðs hylli og góðra manna aðstoðar í sérhverju sem vera kann gott, ráðvant og öðrum til góðs eftirdæmis, hvar til ég hann einnig hér með og að síðustu alvarlega áminni og að hann kappkosti af fremsta megni svo að rækja og uppbyggja það er hann hefur hér numið í skólanum að einhverjir og aðrir verði ásamt honum sjálfum uppbyggðir, guði til dýrðar, eins með vel ræktum lærdómi sem með vel vönduðu lífernri og falslausum guðs ótta.<sup>515</sup>*

Með þessa lofsamlegu umsögn skólameistara síns hélt Tyrfingur út í lífið og tveimur árum síðar var honum falið að gerast sálusorgara Súgafirðinga. Ætla má að séra Tyrfingur hafi komið vestur síðla sumars árið 1737 því 5. ágúst á því ári var hann vígður til prests í Staðarprestakalli eins og hér var áður nefnt. Hann hefur þá líklega verið einhleypur því eiginkona hans, Ingibjörg Bjarnadóttir, var frá Seljalandi í Skutulsfirði<sup>516</sup> og má því

<sup>510</sup> Ísl. æviskrár V, 34.

<sup>511</sup> Hannes Þorsteinsson / Æfir lærðra manna.

<sup>512</sup> Lbs. 2368<sup>40</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir. Lögréttumannatal, bls. 538.

<sup>513</sup> Hannes Þorsteinsson / Æfir lærðra manna.

<sup>514</sup> Ísl. æviskrár V, 34.

<sup>515</sup> Jón Þorkelsson 1910, I, 225-226 (Sjálfsævisaga hans).

<sup>516</sup> Ísl. æviskrár V, 34.

gera ráð fyrir að þau hafi kynnst hér fyrir vestan. Foreldrar Ingibjargar voru Bjarni Eyjólfsson, bóndi á Seljalandi, og kona hans Elín, dóttir Jóns Egilssonar sem bjó á Kvíanesi árið 1703.<sup>517</sup>

Í bréfi sem séra Tyrvingur ritaði biskupi 25. júní 1738 gerir hann skilmerkilega grein fyrir tekjum kirkjunnar á Stað og kemst þá svo að orði:

*Tíundir sem kirkjunni hafa goldist af föstu og lausu góssi á næstliðnu ári, frá fardögum 1736 inn til fardaga 1737 eru í allt hálf þriðja vætt og annað eins tilkemur prestinum í sína tíund. Ljóstollar hafa kirkjunni á sama ári goldist fjórtán, sem gjöra tvær vættir og fjóra fiska. Legkaup hafa henni til fallið fimm sem gjöra þrjár vættir. Þessi tíund, ljóstollar og legkaup sem kirkjunni hafa goldist á umliðnu ári eru til samans hálf áttunda vætt og fjórir fiskar.*

*Af þessari kirkjunnar innkomst hlýtur presturinn að taka það er hann með kaupir vín og bakstur sem vera verða 15 pottar messuvín og brauðið að auki, hvað að hleypur sig til þriggja vætta. Ljóstollarnir ganga kirkjunni til lýsingar. Hefur þá kirkjan lítið til afgangsjálfri sér til uppbyggingar. Fyrir prestinn eru 16 lömb fóðruð í kirkjusókninni. Item hefur hann fengið sex manna dagsverk á næst afliðnu ári.<sup>518</sup>*

Til skýringar skal tekið fram að í hinum gamla landaurareikningi voru 20 álnir í hverri vætt og 6 vættir í hundraðinu. Tekjur kirkjunnar þetta ár af fasteignatíundum og lausafjártíundum hafa því numið 50 álnum, og má ætla að þar af hafi tíundir af fasteignum verið 34-36 álnir (sjá hér bls. 31-34).

Um búskap séra Tyrfings á Stað og samskipti hans við Súgafirðinga er fátt vitað en svo fór að hann var fáum árum eftir komu sína í Súgandafjörð sviptur kjól og kalli vegna þess að hann missti niður nokkrar oblátur við messugerð á Eyri í Skutulsfirði og var talið að ölvun hefði valdið. Atburður þessi átti sér stað í Eyrarkirkju þann 19. júní árið 1740, á fyrsta sunnudegi eftir þrenningarhátíð.<sup>519</sup> Líklegt er að séra Tyrvingur hafi farið norður í Skutulsfjörð til að taka prófastinn á Eyri, séra Jón Sigurðsson, til altaris við guðspjónustugjörð í Eyrarkirkju en venja var að prestar skiptust á um að veita hverjum öðrum slíka þjónustu. Jón prófastur á Eyri og séra Tyrvingur á Stað voru báðir ungir menn þegar sá síðarnefndi missti niður oblátur, Tyrvingur 27 ára eða því sem næst og prófasturinn á 38. aldursári.<sup>520</sup>

Að áliðnu sumri árið 1740 fór Jón biskup Árnason í vísitazíuferð um

<sup>517</sup> Hannes Þorsteinsson / Æfir lærðra manna. Manntal 1703.

<sup>518</sup> Bps. A. IV, nr. 61a. Bréf til Skálholtsbiskupa úr Ísafj.sýslu. Bréf séra Tyrfings Finnssonar 25.6.1738 til Jóns biskups Árnasonar.

<sup>519</sup> Bps. A. IV, 12 (A). Bréfabók Jóns biskups Árnasonar 1740-1743. Bréf biskups 14. og 15.8.1740 til séra Jóns prófests Sigurðssonar á Eyri í Skutulsfirði. Hannes Þorsteinsson / Æfir lærðra manna.

<sup>520</sup> Ísl. æviskrár III, 261 og V, 34.

Vestfirði og vísiteraði á Eyri í Skutulsfirði þann 8. ágúst.<sup>521</sup> Sama dag afhenti Jón prófastur á Eyri biskupi minnisblað um hið slysalega atvik sem þar hafði orðið í kirkjunni fáum vikum áður er séra Tyrvingur missti niður oblátunnar.<sup>522</sup> Minnisblað þetta hefur ekki komið í leitirnar en sumt í bréfunum sem Jón biskup Árnason ritaði prófastinum á Eyri fáum dögum síðar bendir til þess að Jón prófastur hafi mælt til þess að ekki yrði tekið mjög hart á afglöpum séra Tyrfings við útdeilingu náðarmeðalanna þann 19. júní.<sup>523</sup> Í bréfi sínu rituðu 14. ágúst 1740 til prófastsins á Eyri kemst Jón biskup Árnason svo að orði:

*Það fellur mér mikið illa sem þér hafið gefið mér til kynna í yðar Memorial [minnisblaði] til mín af dato 8. hujus [þessa mánaðar] Anno 1740, að prestinum heiðarlegum séra Tyrfingi Finnssyni hafi það tilviljað næstliðinn 1. sunnudag eftir trinitatis í Eyrarkirkju, á meðan hann var að útdeila heilögum sakramentum fyrir altarinu að nokkur brauð hafi fyrir honum runnið út af patínunni niður á altarisgráðuna. Þetta er stórt tilfelli sem menn mega ekki með þögn hjá sér leiða vegna þess opinberlega hneykslis sem þar af orsakast hefur því ég hef í þessari minni vísitatione yfir Ísafjarðarsýslu margt heyrt talað um greint tilfelli. Mér er fortalið að presturinn, séra Tyrvingur, hafi í sama sinn verið færður úr messuklæðunum fyrir altarinu og þér svo forréttað þjónustugjörðina allt til enda. Á því þykir mér stórum ríða hvort þetta tilfelli hefur orsakast af því að presturinn, séra Tyrvingur, hafi drukkinn verið eður niðurfall helgra brauða hefur stað af tilfallandi veikleika.<sup>524</sup>*

Í þessu sama bréfi fyrirskipaði biskup Jóni prófasti að láta fara fram ýtarlega rannsókn á því hvort séra Tyrvingur hafi verið drukkinn í kirkjunni þann 19. júní.<sup>525</sup> Biskup mælti svo fyrir að einhver af prestum prófastsdæmisins, helst séra Magnús Snæbjörnsson á Söndum, yrði fenginn til að stjórna rannsókninni og afla eiðsvarinna vitnisburða frá öllum sem í kirkjunni höfðu verið þegar séra Tyrvingur missti niður hin helgu brauð.<sup>526</sup> Jón biskup bætir síðan við þessum orðum:

*Presturinn [séra Tyrvingur] skal og sjálfur stefnast upp á sama stað og dag til að heyra á mannanna vitnisburði. Nær*

<sup>521</sup> Bps. A. IV, 12 (A). Bréfabók Jóns biskups Árnasonar 1740-1743. Bréf biskups 14. og 15.8.1740 til séra Jóns prófasts Sigurðssonar á Eyri í Skutulsfirði. Hannes Þorsteinsson / Æfir lærðra manna.

<sup>522</sup> Sömu heimildir.

<sup>523</sup> Bps. A. IV, 12 (A). Bréfabók Jóns biskups Árnasonar 1740-1743. Bréf biskups 14. og 15.8.1740 til séra Jóns prófasts Sigurðssonar á Eyri í Skutulsfirði. Hannes Þorsteinsson / Æfir lærðra manna.

<sup>524</sup> Bps. A. IV, 12 (A). Bréfabók Jóns biskups Árnasonar, bréf biskups 14.8.1740 til Jóns prófasts Sigurðssonar á Eyri í Skutulsfirði.

<sup>525</sup> Sama heimild.

<sup>526</sup> Sama heimild.

*soddan fyrirkall er búið að gjöra skuluð þér kalla næstu presta, svo marga sem lögin fyrirskrifa, til að rannsaka með yður málið á tilsettum tíma og gjörið síðan þann úrskurð í því sem þér vitið réttastan að vera. Og með því það riður altíð stórum á því fyrir þeim sem hent hefur einhver yfirsjón, hvort hann hefur þar fyrir utan verið skikkanlegur í öllu sínu framferði og lífernisháttum, þá sýnist nauðsynlegt að þér spyrjið yður fyrir af Staðarkirkju sóknarmönnum í Súgandafirði, eftir heilaga embættisgjörð, sjálfum prestinum viðverandi, hvernig hann hafi skikkað sér við þá í orðum og gjörðum og hvort þeir viti að hann hafi haft vanda til að drekka brennivín á helgum dögum og vera drukkinn þegar hann hefur framflutt heilaga embættisgjörð. Þegar þér hafið þetta sóknarmannanna Attest [vitnisburð] um greint efni kann höfuðsökin eftir hennar ásigkomulagi og kringumstæðum að dæmast.<sup>527</sup>*

Hafi Jón prófastur á Eyri gert sér þær hugmyndir að einhverrar miskunnar væri að vænta hjá biskupi í máli séra Tyrfings, þá hlýtur honum að hafa orðið ljóst við lestur þessa bréfs að svo var ekki.

Jón biskup Árnason lét þó ekki nægja að rita prófastinum í Ísafjarðarsýslu þetta eina bréf vegna máls séra Tyrfings. Strax næsta dag, þann 15. ágúst, bætti hann öðru bréfi við og herðir á sókninni. Í þessu seinna skrifi tjáir biskup sig á þessa leið:

*Ég þakka kærlega fyrir síðast, einkum hestlánið. Yðar Memorial [minnisblað] sem þér afhentuð mér í kirkjunni á Eyri hefi ég tekið í beþeinking [til umhugsunar] og virðist mér það ekki tutum [ekki gerandi], einkum vegna þeirra sem nálægir hafa verið í kirkjunni þegar prestinn henti þetta, bæði innlendir og útlendir, – að sleppa því svo ekki verði neitt um það talað, því svo miklar rokur eru gengnar út af þessu hér um pláss. ... Það er ekki síst að beþenkja ef þetta tilfelli berst út í Kaupinhafn þá er það stór óvirðing fyrir þá sem hér eru ef svoddan skal vera sleppt umtalslaust. Ég meina margra munnur sé fullur af því að presturinn hafi verið drukkinn og þess vegna hafi honum þetta til fallið.*

*Ég heyrði á Stað í Súgandafirði að séra Tyrfingur skyldi hafa slegið þar mann hartnær fyrir sakleysi og tekið í hans hálstrefil svo hann hafi rifnað. Þeir sættust þar, presturinn og maðurinn, fyrir göfugs sýslumannsins tilhlutan [Markúsar Bergssonar í Ögri – innsk. K.Ó.] með nokkru millilagi. Mig*

<sup>527</sup> Bps. A. IV, 12 (A). Bréfabók Jóns biskups Árnasonar 1740-1743. Bréf biskups 14..8.1740 til séra Jóns prófasts Sigurðssonar á Eyri í Skutulsfirði.

*minnir ogsvo ég yrði var við í samtalinu yrði talað til um vındrykkju.*<sup>528</sup>

Í niðurlagi þessa bréfs frá 15. ágúst 1740 mælir biskup svo fyrir að séra Tyrfingi verði stefnt fyrir dóm presta í prófastsdæminu og hann þar látinn svara til saka fyrir afglöp sín í messunni 19. júní.<sup>529</sup> Biskup hvetur og til þess að prófastur hraði aðgerðum og rannsaki afbrot séra Tyrfings til hlítar *meðan tækifæri gefst og vegir og veðráttu spillast ekki.*<sup>530</sup>

Biskupsbréfin tvö, sem hér hefur verið vitnað til og varða mál séra Tyrfings, voru bæði rituð um miðjan ágúst en þá var Jón biskup enn staddur á Vestfjörðum og kom ekki suður í Skálholt fyrr en síðla kvölds þann 20. ágúst.<sup>531</sup> Prófasturinn á Eyri hefur því fengið bréfin í hendur eigi síðar en snemma í september. Nokkur dráttur virðist samt hafa orðið á því að hann léti til skarar skriða og fullvíst er að séra Tyrfingur sat enn í sínu embætti þegar vika var liðin af október. Bréf sem hann ritaði séra Jóni Sigurðssyni, prófasti á Eyri, þann 7. október 1740 sýnir að hann var þá enn starfandi prestur hér í Súgandafirði.<sup>532</sup> Í nýnefndu bréfi kemst séra Tyrfingur svo að orði:

*Af því mér hefur subinde [þ.e. óformlega – K.Ó.] það til eyrna komið nú um stundir að þér munduð þá og þá vilja hingað reisa lét ég heldur en ekki úr hömlu síga með bréfi hins sama af yður að æskja. En nú er ég hefi hér feil í fundið vind ég bráðast bug að þessu. Fellur nú þar fyrir alúðarbón mín sú til yðar ... hjá mér að embætta næstkomandi drottinsdag að forfallalaus og oss hér í húsi þá að meðdeila heilög Christi Sacramentum því ég girnist svoddan af hjarta. Verið mér ætíð velkomnir. Ég treysti yður til alls góðs.*<sup>533</sup>

Nokkur hluti bréfsins er á latínu og þó að prestur tjái sig þar á eins konar rósamáli má sjá að hann veit dóminn vofa yfir sér. Sé latínunni snarað á norræna tungu og allt tekið með nema stuttur inngangur fær hin varkára orðsending séra Tyrfings til prófests þennan búning:

*Ég viðurkenni að þú hefur vissulega innra vitni og hvað get ég þá viljað mér til handa? Elska þá sem góðir eru, umber þá sem vondir eru. Ekki á ég að glata röksemdum huga míns vegna vitnisburðar annarra. Dæm þú þitt. Mér er ljóst að góðmennska í dómum er gróðrarstía villu. Hvort sem*

<sup>528</sup> Bps. A. IV, 12 (A). Bréfabók Jóns biskups Árnasonar, bréf biskups 15.8.1740 til Jóns prófests Sigurðssonar á Eyri í Skutulsfirði.

<sup>529</sup> Sama heimild.

<sup>530</sup> Sama heimild.

<sup>531</sup> Bps. A. IV, 12 (A). Bréfabók Jóns biskups Árnasonar 1740-1743. Bréf biskups 21.8.1740 til Magnúsar lögmanns Gíslasonar.

<sup>532</sup> JS. 96, fol. Bréf séra Tyrfings Finnssonar 7.10.1740 til séra Jóns Sigurðssonar, próf. á Eyri í Skutulsf.

<sup>533</sup> Sama heimild.

*ég sigra eða tapa mun ég falla án vansæmdar. Þeim hófsama mun töf leiða eitthvað hagkvæmt af sér. Ó, að hugur minn mætti vera smiður allra hluta en án þess að valda skaða. Það er sterks manns mark að óttast ekkert og fyrirlíta ekkert. Ég veit að eftir daga Cicerós er mér auðveldara að vernda nafn með fáum orðum en mörgum því að nú á dögum notum við réttarfar eins og stríð. En þú ert ekki hvatamaður að stríði hans og ekki heldur herforingi! Svo sannarlega er nauðsynlegt að ganga fram með hægð og taka því sem verða vill. Ekki líð ég fyrir það. Ég vil ekki hvetja þig frekar, herra minn, því að það er ofdirfska að æsa þá sem hærra eru settir. Vertu mér sá sem þú hefur verið. Ég mun ekki spyrja hver þú ert. Því sem verða vill mun ég fagna þá gert er, örugglega fyrir sjálfan mig, sennilega einnig fyrir þig. Réttur og trú eru opinber nöfn, ekki líkamir. Lít á það sem ég skrifa, ekki með hvaða hætti ég rita það. Tak því með þeim huga sem ég gef það. Það skaðar engan að hafa þagað. Það skaðar að hafa talað. 10.000 kveðjur.<sup>534</sup>*

Neðanmáls ritar prestur aftur nokkur orð á íslensku máli og segir þar: *Ég sendi hér með flösku er þér eigið. Ekki veit bréfberarinn hvað bréfið ber.<sup>535</sup>* Hvort það var brennivínsflaska sem hinn breyski prestur á Stað sendi prófasti sínum er ekki ljóst en líklegt virðist að svo hafi verið. Vera má að prófasturinn á Eyri hafi líka átt til að fá sér brennivínshressing og séra Tyrfingur hafi við þær aðstæður sem upp voru komnar viljað minna hann á það.

Nær fullvíst má telja að Jón prófastur á Eyri hafi lagt leið sína yfir **Botnsheiði** fyrir veturnætur þetta sama haust í því skyni að spyrjast fyrir um hegðun og háttalag séra Tyrfings eins og biskup hafði boðið honum að gera. Í bréfi biskups frá 15. ágúst 1740, sem hér var áður vitnað til, voru prófasti gefin fyriræli um að fá þrjá presta til að dæma með sér í máli séra Tyrfings.<sup>536</sup> Hverjir þar voru kvaddir til er ekki vitað en dómurinn var kveðinn upp á síðustu mánuðum ársins 1740 eða fyrstu mánuðum ársins 1741 og eigi síðar en 14. mars á því ári. Þann dag ritaði Jón prófastur á Eyri Jóni biskupi Árnasyni bréf og greindi honum frá dómsniðurstöðum eins og sjá má í svarbréfi biskups, dagsettu 8. maí 1741.<sup>537</sup> Dómsskjölin sjálf virðast vera glötuð en í nýnefndu svarbréfi Jóns Árnasonar frá vorinu 1741 sést hver dómsniðurstaðan var. Í þessu bréfi til prófastsins á Eyri kveðst biskup vilja þakka honum fyrir *röksamlega tilhlutan og aðgjörðir forsaalse* [yfirsjón – K.Ó.] *svo sem verðugt var.*<sup>538</sup>

<sup>534</sup> JS. 96, fol. Bréf séra Tyrfings Finnssonar 7.10.1740 til séra Jóns Sigurðssonar, próf. á Eyri í Skutulsf.

<sup>535</sup> Sama heimild.

<sup>536</sup> Bps. A. IV, 12 (A). Bréfabók Jóns biskups Árnasonar 1740-1743. Bréf biskups 15..8.1740 til séra Jóns prófasts Sigurðssonar á Eyri í Skutulsfirði.

<sup>537</sup> Sama bréfabók (B). Bréf biskups 8.5.1741 til Jóns Sigurðssonar, prófasts á Eyri í Skutulsfirði.

<sup>538</sup> Bps. A. IV, 12 (B). Bréf biskups 8.5.1741 til Jóns Sigurðssonar, prófasts á Eyri í Skutulsfirði.

Orð biskups sýna að séra Tyrfingi hefur verið vikið úr embætti og í bréfinu til prófests frá 8. maí 1741 fer Jón biskup þess á leit að prófasturinn fái einhvern bónda til að *hafa forsjón fyrir* kirkjunni og prestssetrinu á Stað uns nýr prestur taki við.<sup>539</sup> Svo fór að séra Tyrfingur sat þó um kyrrt á Stað í tvö ár enn, að því er virðist sem hver annar bóndi. Staðarprestakall var veitt nýjum presti 1. júlí 1742 og fór úttekt fram snemma í ágúst á því ári.<sup>540</sup> Séra Tyrfingur skilaði þá af sér stað og kirkju en fékk leyfi til að búa áfram á Stað til næstu fardaga.<sup>541</sup> Búskaparár hans á Stað urðu því tæplega sex því hann kom haustið 1737 og fór vorið 1743.

Séra Tyrfingur Finnsson var listaskrifari og á dvalarárum sínum í Súgandafirði ritaði hann upp margar bækur og fékkst við að þýða guðrækileg rit úr dönsku á íslensku.<sup>542</sup> Hann orti líka nokkra sálma og bænastef eins og hér verður síðar vikið nánar að. Meðal þess sem séra Tyrfingur skrifaði upp eftir gömlum handritum eða nýrri afskriftum og enn er varðveitt má nefna bæði Eyrbyggju og Laxdælu<sup>543</sup> og Bjarnar sögu Hítðalakappa sem hann tekur fram að sé skrifuð á Stað í Súgandafirði árið 1742<sup>544</sup> en þá var nýlega búið að víkja honum úr embætti. – *Syngjandi Dægrastytting* heita biblíuljóð eftir norskan prest í þýðingu séra Tyrfings<sup>545</sup> og bænir sem þessi breyski Staðarprestur böglaði saman voru lengi til í handritum og eru máské enn, nefndar Tyrfingsbænir.<sup>546</sup>

Eitt þeirra kvæða sem séra Tyrfingur á Stað orti heitir *Vísur um ásigkomulag þeirrar stóru bólu er oss plagði Annó 1707* og eru þetta þrettán vísur.<sup>547</sup> Önnur vísan er svona:

*Þrjátú jata ég jarðist dauðir,  
jafn feigir á degi sama.  
Bæir í slagi urðu auðir,  
enginn drengja sinni um gaman.  
Í helju dvelja snjallir, snauðir,  
snöruðu fjöri kempur ramar.  
Fólk ei mjólka mátti sauði,  
á málum brjáluðust iðjur tamar.*<sup>548</sup>

Minnt skal á að stórabóla, sem talið er að hafi banað um það bil þriðjungu landsmanna, geisaði sex árum eða svo fyrir fæðingu séra Tyrfings en margar frásagnir þeirra sem lifðu bóluna af hefur hann fengið að heyra og sækir til þeirra efniviðinn í kvæði sitt.

<sup>539</sup> Bps. A. IV, 12 (B). Bréf biskups 8.5.1741 til Jóns Sigurðssonar, prófests á Eyri í Skutulsfirði.

<sup>540</sup> Sveinn Níelsson 1950, 193-194. Hannes Þorsteinsson / Æfir lærðra manna.

<sup>541</sup> Hannes Þorsteinsson / Æfir lærðra manna.

<sup>542</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>543</sup> Lbs. 513<sup>4to</sup>.

<sup>544</sup> Lbs. 2480<sup>4to</sup>.

<sup>545</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>546</sup> Sama heimild.

<sup>547</sup> Lbs. 200<sup>8vo</sup>, bls. 207-210.

<sup>548</sup> Sama heimild.

Fáeinir sálmar eftir séra Tyrfing eru varðveittir í handritum og má til dæmis nefna einn sem nefndur er *Stafrófs sálmur til íhugunar og fróðleiks útdreginn* og byrjar á orðunum *Allt gjörði guð í upphafi, alla hluti þá skapaði ...*. Sálm þennan er allvíða að finna í handritum<sup>549</sup> og var hann sunginn undir laginu *Adams barn, synd þín svo var stór.*<sup>550</sup> Í honum eru 25 vers og þar er þessar línur að finna:

*Drottins hátign er dýrðarstór,  
drottinn mannkyni fyrirfór  
drottins þá flóðið flæddi.  
Drottinn aftur dyr arkar lét,  
drottinn Abraham blessan hét,  
Drottinn heiðna menn hræddi. ...*<sup>551</sup>

Á þann bókmenntalega mælikvarða sem í gildi var á fyrri hluta átjándu aldar mun séra Tyrfingur hafa talist allgott sálmaskáld en lítið af kveðskap hans komst þó inn í prentaðar sálmabækur.

Einn sálmur séra Tyrfings heitir *Á þeim degi dóma* og er hann víða að finna í gömlum handskrifuðum sálmabókum. Honum fylgir þessi saga:

Eitt sinn dreymdi sér Tyrfing að hann væri staddur í Staðarkirkju og heyrði fjölda dauðra manna syngja sálm með laginu *Ó, vér syndum setnir* en upphaf allra versanna var *Á þeim degi dóma.*<sup>552</sup> Þegar hann vaknaði mundi hann bara lagið sem sungið var og þessi upphafsorð<sup>553</sup> en tók sig til og orti undir sama lagi langan sálm þar sem öll versin byrja á orðunum *Á þeim degi dóma.*<sup>554</sup> Fyrsta og fjórða versið í sálmi séra Tyrfings eru svona:

*Á þeim degi dóma  
dynja lúðurhljóð.  
Úr gröfum köld mun koma  
með kvíða mannleg þjóð.  
Heimur og himinn rifna,  
hljóðar djúpast haf.  
Örendir upp lifna,  
almætti drottins af.  
Ó, þann strangasta fund.  
Ó, þá sorgbitnu lund.  
Ó, þá réttlætis stund.*

*Á þeim degi dóma  
– dauðir upp munu stá.  
Þig að sjá með sóma,  
sanni Jehóva.*

<sup>549</sup> JS. 16<sup>8vo</sup>. ÍB 777<sup>8vo</sup>. ÍB 124<sup>8vo</sup> Lbs. 2125<sup>4to</sup> og Lbs. 2886<sup>4to</sup>.

<sup>550</sup> ÍB 655<sup>8vo</sup>.

<sup>551</sup> ÍB 655<sup>8vo</sup>.

<sup>552</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir. JS. 214<sup>8vo</sup>.

<sup>553</sup> Sömu heimildir.

<sup>554</sup> Sömu heimildir.



*Unn oss öllum saman,  
einn guð dýrðarstór  
– vex útvaldra gaman –  
vist í englakór.  
Ó, þann sætasta fund.  
Ó, þá hýrustu lund.  
Ó, þá lukkunnar stund.<sup>555</sup>*

Ellefta vísan er sú síðasta í þessum sálmi og hljóðar svo:

*Að klastra kvæði þetta  
kenndu dauðir mér.  
Þeirra sönginn setta  
síst í minnisker.  
Lagið rétt ég róma,  
þeir renndu máli fyrst:  
„Á þeim degi dóma”  
– en dansinn hinn gleymdist.  
Breytti ég því brag,  
brúkaði sama lag.  
Vale. Vann þér í hag.<sup>556</sup>*

Eins og áður hefur verið nefnt var *Stafrófssálmur* séra Tyrfings sunginn undir laginu *Adams barn, synd þín svo var stór* og sálmur hans *Á þeim degi dóma* undir laginu *Ó, vér syndum setnir*. Nótur að báðum þessum lögum er að finna í sálmabók Guðbrands biskups, sem prentuð var á Hólum árið 1589,<sup>557</sup> og gefst mönnum því enn kostur á að syngja þessa texta séra Tyrfings. Nokkra morgunsálma og kvöldsálma eftir danskan mann, Samuel Olafson Bruun, mun séra Tyrfingur hafa þýtt og eru þeir enn varðveittir í handriti.<sup>558</sup>

Af veraldlegum kveðskap séra Tyrfings á Stað er einna helst að nefna *Vísur upp á Laxdæla sögu* en þar í er þessi vísa:

*Kurt bar Ólafsson Kjartan,  
klára fagur á hárin.  
Góðlyndur, gjöfull sýndi  
gnóttir mestu íþróttu.  
Mjallhvítur af bar öllum  
í trú vistaðist Kristi.  
Dó við stein dal í Svína  
dörpollur knjám í Bolla.<sup>559</sup>*

<sup>555</sup> JS. 214<sup>8vo</sup>. Lbs. 200<sup>8vo</sup>.

<sup>556</sup> ÍB. 666<sup>8vo</sup>.

<sup>557</sup> Ein ný Psálma Bók ... , Hólar 1589.

<sup>558</sup> ÍBR. 26<sup>8vo</sup>.

<sup>559</sup> Lbs. 378<sup>fol</sup>. Lbs. 165<sup>8vo</sup>.

Merkilegasta handritið úr fórum séra Tyrfings er að líkindum það sem á forsíðu hefur þennan titil: *Theatrum viventium, það er sjónarspil jarðneskra skepna ... úr hollensku útlagt af ... síra Einari Ólafssyni á Stað í Aðalvík. Skrifað á Stað í Súgandafirði ...*.<sup>560</sup> Þarna vantar neðan á blaðið en fróðir menn hafa talið að burt séu fallin orðin af séra Tyrfingi Finnssyni.<sup>561</sup> Höfundar að riti þessu um sjónarspil jarðneskra skepna voru tveir og hétu Peter Nylandt og Johann frá Hextor.<sup>562</sup>

Í ritinu er að finna stuttar ritgerðir um hin ýmsu dýr í fjarlægum löndum svo sem ljón, múlasna og zebradýr en líka um köttinn og kúna sem sóknarbörn séra Tyrfings þekktu betur.<sup>563</sup> Í bókinni er fjallað um mikinn fjölda fugla<sup>564</sup> og teikningarnar sem fylgja eru hinar merkilegustu. Þær sýna m.a. ljón og tígrisdýr, páfagauk og Grænlanding á kajak en líka einhyrning,<sup>565</sup> þá skepnu sem aðeins var til í sagnaheimi með fornar rætur í austrænum og grískum goðsögum. Hafi séra Tyrfingur á Stað skrifað handritið sem hér um ræðir má ætla að hann hafi líka teiknað myndirnar, enda líklegt að svo góður skrifari hafi einnig haft lag á að teikna.

Um álit Súgfirðinga á prestsstörfum séra Tyrfings er fátt kunnugt en presturinn sem kom til starfa hér á Stað árið 1742, séra Bergsveinn Haflíðason, virðist hafa borið þessum fyrirrennara sínum illa söguna.<sup>566</sup> Þegar Ludvig Harboe, hinn heittrúaði eftirlitsmaður með störfum kennimanna og öllu kristnihaldi á Íslandi, kallaði séra Bergsvein fyrir sig sumarið 1745 tók prestur þessi þann kost að kenna forvera sínum um alla þá óreiðu og guðlaust líferni sem við væri að stríða í söfnuði hans í Súgandafirði.<sup>567</sup> Allur drykkjuskapur kirkjunnar þjóna var eitru í beinum Harboes sem var ákafur heittrúaarmaður<sup>568</sup> og það hefur séra Bergsveinn líklega vitað. Honum hentaði því vel að skella öllum skuldum á hinn þorstláta forvera sinn en þess má geta til gamans að ein af tillögum Harboes var sú að allir sem kæmu drukknir til kirkju skyldu settir í gapastokk og látnir dúsa þar í fjórar klukkustundir.<sup>569</sup>

Svo virðist sem séra Tyrfingur Finnsson hafi aldrei reynt að fá prófastsdómnum frá vetrinum 1740-1741 hnekk og mál hans mun aldrei hafa verið tekið fyrir á almennri prestastefnu.<sup>570</sup> Tyrfingur var rétt um þrúgt þegar hann fór frá Stað vorið 1743 og hafði þá verið sviptur kjól og kalli eins og hér hefur áður verið rakið. Hann átti þá sex til tíu ár ólífudu en um feril hans á þeim árum er fátt vitað með vissu. Nokkrar líkur benda til

<sup>560</sup> JS. 601<sup>4to</sup>.

<sup>561</sup> Handritaskrá Landsbókasafns.

<sup>562</sup> Þorv. Thoroddsen / Landfræðisaga Íslands 1898, II, 63. Páll E. Ólason 1943, 261 (Saga Íslendinga VI).

<sup>563</sup> JS. 601<sup>4to</sup>.

<sup>564</sup> Sama heimild.

<sup>565</sup> JS. 601<sup>4to</sup>.

<sup>566</sup> Skj.s. kirkjustjórnarráðsins. K. I. 4, innkomin bréf og önnur skjöl 1744-1745. Umsögn Ludvigs Harboes um presta og kristnihald í Ísafj.sýslu.

<sup>567</sup> Sama heimild.

<sup>568</sup> Páll E. Ólason 1943, 175.

<sup>569</sup> Sama heimild, 178.

<sup>570</sup> Hannes Þorsteinsson / Æfir lærðra manna.

Þess að hann hafi flust inn í Álftafjörð þegar hann fór frá Stað því Erlendur Ólafsson sýslumaður, sem bjó í Súðavík árið 1745, segir í bréfi rituðu þar á því ári að Tyrvingur sé búsettur *her ved stædet*, það er í næsta nágrenni við sig.<sup>571</sup> Orð Erlends sýna að Tyrvingur hefur þá verið búsettur í Súðavíkurhreppi eða í Skutulsfirði. Viðtakandi bréfsins, sem hér var nefnt, var rentukammerið í Kaupmannahöfn og bréfið er ritað á dönsku.<sup>572</sup> Í því fer Erlendur sýslumaður fram á að sér verði gefinn kostur á að gera Tyrving Finnsson að aðstoðarmanni sínum eða fulltrúa en kveðst þó munu líta á það sem skyldu sína, verði á þessa málaleitan fallist, að bera sjálfur ábyrgð á öllum embættisverkum hans.<sup>573</sup> Erlendur segir þarna að Tyrvingur hafi fengið góðan vitnisburð úr skóla fyrir nokkrum árum og með sjálfsnámi hafi hann aflað sér góðrar þekkingar á dönskum og íslenskum lögum og réttarvenjum.<sup>574</sup> Sýslumaðurinn nefnir hins vegar ekki með einu orði að þessi vinur hans sé fyrrverandi prestur sem hafi verið sviftur hempunni.<sup>575</sup> Bréf Erlendar sýslumanns var klókindalega samið en bar þó engan árangur<sup>576</sup> og var Tyrvingur áfram embættislaus.

Líklegt er að séra Tyrvingur hafi fengið einhverja jörð eða jarðarpart til ábúðar þegar hann fluttist frá Stað vorið 1743 eða skömmu síðar. Árið 1749 átti hann tvímælalaust heima í Eyrarsókn í Skutulsfirði og skrifar þá fyrstur undir svör sóknarmanna þar við spurningum Ólafs biskups Gíslasonar um hegðun og alla framgöngu þáverandi sóknarprests þeirra, séra Þorbergs Einarssonar á Eyri.<sup>577</sup> – *Vor sálusorgari kennir guðs orð hreint og klárt og hantéar sakramentín reglulega*, segir í textanum sem hinn hempulausi prestur skrifaði fyrstur manna undir á Eyri í Skutulsfirði haustið 1749.<sup>578</sup>

Árið 1753 mun séra Tyrvingur Finnsson hafa verið genginn á vit feðra sinna því eiginkona hans, Ingibjörg Bjarnadóttir, er þá talin fyrir búi í Hrauni í Hnífsdal, fjögurra hundraða hjáleigu í landi jarðarinnar Neðri-Hnífsdals í Eyrarhreppi við Skutulsfjörð.<sup>579</sup> Árið 1762 var Ingibjörg enn í Hrauni og virðist hafa haft þar einhver jarðarafnot.<sup>580</sup> Hún var þá 48 ára og hjá henni átti heima 22ja ára gamall sonur hennar, Þorsteinn Tyrvingsson.<sup>581</sup> Ekkert vinnufólk var á heimili þeirra<sup>582</sup> svo ljóst er að búskapurinn hefur verið í minnsta lagi.

<sup>571</sup> Rentukammerskjöl 32.8. Isl. Journal A, nr. 607. Bréf Erl. sýslum. Ólafssonar 28.8.1745 til rentukammers.

<sup>572</sup> Rentukammerskjöl 32.8. Isl. Jónal A, nr. 607. Bréf Erl. sýslum. Ólafssonar 28.8.1745 til rentukammers.

<sup>573</sup> Sama heimild.

<sup>574</sup> Rentukammerskjöl 32.8. Isl. Journal A, nr. 607. Bréf Erl. sýslum. Ólafssonar 28.8.1745 til rentukammers.

<sup>575</sup> Sama heimild.

<sup>576</sup> Hannes Þorsteinsson / Æfir lærðra manna.

<sup>577</sup> Bps. A. II, 25. Rannsóknabók Skálholtsbiskupa 1748-1800. Eyri í Skutulsfirði 4.9.1749.

<sup>578</sup> Sama heimild.

<sup>579</sup> Jarða- og bændatöl 1752-1767, Ísafj.sýsla 1753. Sbr. Jarðab. Á. og P.VII, 155-156.

<sup>580</sup> Manntal 1762.

<sup>581</sup> Sama heimild.

<sup>582</sup> Sama heimild.

Af því sem hér hefur verið ritað má ljóst vera að séra Tyrfingur hefur andast á árunum 1749-1753 því í opinberum heimildum frá 18. öld eru giftar konur aldrei taldar standa fyrir búi nema viðkomandi eiginmaður sé látinn eða horfinn af vettvangi með öðrum hætti. Hinn álitlegi prestur, sem bæði var skáldmæltur og vínhneigður, hefur því varla náð fertugsaldri. Magnús Ketilsson, sýslumaður í Dalasýslu, sem var um tvítugt þegar séra Tyrfingur dó, segir í ættartölubók sinni að Tyrfingur hafi fundist örendur á víðavangi.<sup>583</sup> Um séra Tyrfing ritar Magnús sýslumaður svo:

*Séra Tyrfingur Finnsson mikill gáfumaður og góður skrifari. Fékk Stað í Súgandafirði en missti prestskapinn fyrir drykkjuskap. Giftist bóndadóttur. Var fátækur. Fannst örendur bæja á milli og hafði lagt sig sjálfur til.<sup>584</sup>*

Allt er þetta að líkindum rétt hjá Magnúsi Ketilssyni og þau ummæli hans að séra Tyrfingur hafi lagt sig sjálfur til ber að skilja svo að lík hans hafi fundist með hendur lagðar í kross yfir kalt brjóstið.<sup>585</sup> Vera má að þessi drottins þjónn, sem var í urð hrakinn fyrir litlar sakir, hafi króknað í hretviðrum á göu en um þann mánuð hafði hann ort þessa vísu:

*Góa er síst af góðu rík,  
geði með ólinu.  
Virðist mér hún vera lík  
vonda kvenfólkinu.<sup>586</sup>*

Um börn séra Tyrfings og Ingibjargar konu hans er það eitt vitað að Þorsteinn sonur þeirra var 22ja ára gamall hjá móður sinni í Hrauni í Hnífsdal árið 1762 eins og fyrr var nefnt og hefur þá fæðst á Stað um 1740. Hér var þess áður getið að Ingibjörg Bjarnadóttir, eiginkona séra Tyrfings, hafi verið frá Seljalandi í Skutulsfirði (sjá hér bls. 65). Mjög freistandi hlýtur því að vera að láta sér detta í hug að Elísabet Tyrfingsdóttir, sem var 62ja ára gömul húsfreyja á Seljalandi árið 1801,<sup>587</sup> kynni að hafa verið dóttir séra Tyrfings Finnssonar. Að svo hafi verið er þó ekki hægt að fullyrða. Bogi gamli Benediktsson staðhæfir í sínum Sýslumannaæfum að kona þessi, sem mikill ættbogi er kominn frá, hafi verið dóttir Tyrfings Bjarnasonar, sonarsonar Tyrfings Jónssonar sem bjó í Svalvogum í Dýrafirði árið 1703.<sup>588</sup> Þá fullyrðingu hans er, hvað sem öðru líður, erfitt að taka gilda því nefndur Bjarni Tyrfingsson frá Svalvogum finnst ekki í manntalinu frá 1703 þar sem hann ætti þó að vera ef allt væri með felldu.<sup>589</sup>

<sup>583</sup> JS. 163<sup>fol</sup>, bls. 254.

<sup>584</sup> Sama heimild.

<sup>585</sup> Sbr. Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir, sjá þar séra Tyrfingur Finnsson.

<sup>586</sup> Lbs. 178<sup>8vo</sup>.

<sup>587</sup> Manntal 1801.

<sup>588</sup> Bogi Benediktsson / Sýslumannaæfir II, 578. Sbr. Manntöl 1703 og 1801.

<sup>589</sup> Manntal 1703, nafnaskrá.

Bergsveinn prestur Hafliðason, sem tók við Staðarprestakalli í Súgandafirði árið 1742, var fæddur á Torfastöðum í Biskupstungum árið 1713 eða því sem næst.<sup>590</sup> Foreldrar hans voru séra Hafliði Bergsveinsson, prestur á Torfastöðum og síðar í Hrepphólum, og kona hans Katrín Eiríksdóttir.<sup>591</sup> Bergsveinn ólst upp í Laugardælum hjá séra Jóhanni Þórðarsyni og Ólöfu Gunnarsdóttur, ömmusystur sinni.<sup>592</sup> Árið 1732 útskrifaðist hann úr Skálholtsskóla eftir fjögurra vetra nám við þá menntastofnun.<sup>593</sup> Næstu ár var hann ýmist í Laugardælum eða hjá foreldrum sínum en gerðist um 1740 sveinn Nikulásar Magnússonar, sýslumanns í Rangárvallasýslu, þess er drekkti sér í Nikulásargjá á Þingvöllum um alþingistímamann árið 1742 og hefur gjáin æ síðan borið nafn hans.<sup>594</sup>

Í marsmánuði árið 1742 skikkaði Jón Árnason biskup þennan skrifara Nikulásar sýslumanns til að taka við prestsembætti í Súgandafirði og tók Bergsveinn nauðugur við þeirri köllun.<sup>595</sup> Hann var vígður til prests 1. júlí 1742<sup>596</sup> og mun því ekki hafa komið vestur fyrr en alllangt var liðið á sumar. Er þessi nýi prestur settist að á Stað var hann einhleypur en kvæntist nokkrum árum síðar Halldóru, dóttur Snæbjörns Pálssonar, sem nefndur var Mála-Snæbjörn,<sup>597</sup> en hann átti þá heima á Ingjaldssandi (sjá hér Sæból og Mýrar).

Sumarið 1742 munu bæði kirkja og bæjarhús á Stað hafa verið að falli komin.<sup>598</sup> Í bréfi sem séra Bergsveinn sendi kóngi, líklega árið 1745, greindi hann frá því að úttekt staðar og kirkju við brottför forvera síns, séra Tyrfings Finnssonar, hefði leitt í ljós að til þess að koma kirkjunni og bæjarhúsunum aftur í gott horf þyrfti 90 ríkisdali en upp í þann mikla kostnað hefðu aðeins fengist 15 ríkisdalir og 5 mörk hjá séra Tyrfingi.<sup>599</sup> Í bréfi sínu til kónungsins fór Bergsveinn prestur þess á leit að séð yrði til þess að hann við starfslok eða brottför úr prestakallinu þyrfti ekki að greiða það sem upp á hafði vantað hjá forverum hans en fengi er þar að kæmi borgað allt sem hann kynni að hafa lagt út til uppbyggingar kirkjunnar og bæjarhúsanna.<sup>600</sup> Þessu bréfi séra Bergsveins til konungs fylgdi sérstakt vottorð frá Ludvig Harboe, sem á árunum 1741-1745 gegndi starfi eftirlitsmanns með öllu kristnihaldi á Íslandi, þar sem hann vottar að Bergsveinn greini rétt frá vanskilum forvera síns í prestsembætti á Stað.<sup>601</sup>

---

<sup>590</sup> Ísl. æviskrár I, 145 og II, 226.

<sup>591</sup> Ísl. æviskrár I, 145 og II, 226.

<sup>592</sup> Sama heimild.

<sup>593</sup> Sama heimild.

<sup>594</sup> Sama heimild I, 145 og III, 490.

<sup>595</sup> Ísl. æviskrár I, 145.

<sup>596</sup> Sveinn Níelsson 1950, 194.

<sup>597</sup> Ísl. æviskrár I, 145. Sbr. Ísl. æviskrár I, 92, III, 19 og Manntal 1801, vesturamt, bls. 350.

<sup>598</sup> Skj.s. stiftamt. III, nr. 7. Bréf Kristjáns konungs VI, 17.6.1746 til Henrichs Ocksen stiftamtmanns.

<sup>599</sup> Sama heimild.

<sup>600</sup> Sama heimild.

<sup>601</sup> Sama heimild.

Undir svar við þessum tilmælum Staðarprests ritaði Kristján kóngur VI þann 17. júní árið 1746 og mælti svo fyrir að séra Bergsveini skyldi hlíft við öllum kröfum um bætur vegna vanskila fyrirrennara sinna.<sup>602</sup> Meginskýringin á þeim vanskilum var sú að þegar séra Torfi Ísleifsson á Stað féll frá árið 1735 stóð ekkja hans uppi bláfátæk með 10 föðurlaus börn og gat með engu móti staðið skil á *álaginu* sem hún eða dánarbúið átti lögum samkvæmt að greiða þegar jörðin var tekin út.<sup>603</sup> Séra Tyrvingur Finnsson, sem varð eftirmaður séra Torfa og næsti forveri séra Bergsveins í prestsembætti á Stað, greiddi hins vegar fullt *álag* samkvæmt opinberu mati fyrir hnignun bæjarhúsanna á þeim fáu árum sem hann bjó á Stað.<sup>604</sup>

Séra Bergsveinn Hafliðason var prestur á Stað í Súgandafirði í þrettán ár, frá 1742 til 1755.<sup>605</sup> Hjá Ludvig Harboe, sem hér var áður nefndur, fær hann nokkuð háa einkunn en Harboe ferðaðist um Vestfirði sumarið 1745 og hitti séra Bergsvein að máli þann 6. júlí, líklega í Holti í Önundarfirði.<sup>606</sup> Um þennan drottins þjón segir Harboe að hann sé reglusamur og iðinn og honum hafi þá þegar tekist að koma dálitlu skikki á kristnihald Súgfirðinga og þá ekki síst á undirbúning fermingarbarna.<sup>607</sup> Harboe, sem um þessar mundir fór með biskupsvald yfir öllu Íslandi, sá reyndar ástæðu til að taka fram að prestur Súgfirðinga þyrfti að sýna alveg sérstakan dugnað og árvekni til að rétta hlut kristninnar og koma lagi á alla þá óreiðu sem viðgengist hefði í tíð forvera séra Bergsveins.<sup>608</sup>

Í umsögn sinni um séra Bergsvein og kristnihaldið í Súgandafirði greinir Ludvig Harboe frá því að 148 manneskjur eigi heima í Staðarprestakalli og af þeim kunni 52 að lesa,<sup>609</sup> það er röskur þriðjungur allra íbúanna. Dómur Harboes um lestrarkunnáttu íbúanna í fimm prestaköllum í vesturhluta Ísafjarðarsýslu var sem hér segir: Í Dýrafjarðarþingum taldi hann 47,9% íbúanna kunna að lesa, í Holtsprestakalli í Önundarfirði 43,6%, í Sandaprestakalli í Dýrafirði 37,8%, í Staðarprestakalli í Súgandafirði 35,1% og í Rafnseyrarprestakalli í Arnarfirði voru 30,6% íbúanna læsir að hans sögn.<sup>610</sup>

Árið 1703 voru 23,8% af íbúum Suðureyrarhrepps börn, 12 ára og yngri, en árið 1801 var sambærileg hlutfallstala 32,3%.<sup>611</sup> Sé nú gert ráð fyrir að árið 1745 hafi fjöldi barnanna verið þarna mitt á milli, það er 28% af heildarfjölda íbúa í hreppnum, þá lætur nærri að Harboe hafi talið annan hvern mann vera læsan í Súgandafirði, af þeim sem náð höfðu þrettán ára aldri.

<sup>602</sup> Skj.s. stiftamt. III, nr. 7. Bréf Kristjáns konungs VI, 17.6.1746 til Henrichs Ocksen stiftamtmanns.

<sup>603</sup> Hannes Þorsteinsson / Æfir lærðra manna, sjá þar séra Tyrvingur Finnsson. Bps. A. II, 16, bls. 252.

<sup>604</sup> Sama heimild.

<sup>605</sup> Ísl. æviskrár I, 145.

<sup>606</sup> Skj.s. kirkjustjórnarráðsins K. I.4, innkomin bréf og önnur skjöl 1744-1745. Umsagnir Ludvigs Harboe um presta í Ísafj.sýslu. Sbr. Páll E. Ólason 1943, 176.

<sup>607</sup> Sama heimild.

<sup>608</sup> Sama heimild.

<sup>609</sup> Sama heimild.

<sup>610</sup> Sama heimild.

<sup>611</sup> Manntal 1703 og 1801.

\*\*\*

Nokkrar líkur eru á því að Fjalla-Eyvindur, er svo var nefndur, hafi dvalist hér á Stað eða annars staðar í Súgandafirði á árunum kringum 1750 og þá í skjóli séra Bergsveins og Halldóru konu hans. Enda þótt sannanir fyrir því séu ekki í boði verða nú tíndar til helstu vísbendingar um að svo kunni að hafa verið.

Á manntali úr Árnessýslu frá árinu 1729 má sjá að Eyvindur Jónsson, er síðar var nefndur Fjalla-Eyvindur, var þá 15 ára gamall hjá foreldrum sínum í Hlíð í Hrunamannahreppi.<sup>612</sup> Um miðja nítjándu öld höfðu menn spurnir af því að hann hefði ungur að árum borist *fram í Flóa* og átt um lengri eða skemmri tíma heima hjá móðurbróður sínum, Kjartani Eyvindssyni, bónda á Læk í Hraungerðishreppi.<sup>613</sup> Skjalfest er að um þrítugsaldur átti Eyvindur heima í Traðarholti í Flóa sem er í Stokkseyrarhreppi.

Eins og Eyvindur var Bergsveinn Hafliðason úr uppsveitum Árnessýslu en faðir hans var prestur á Torfastöðum í Biskupstungum frá 1707 til 1735 og síðan í Hrepphólum til 1761.<sup>614</sup> Að einhverju leyti mun Bergsveinn hafa alist upp í Laugardælum í Flóa og þar er hann, 16 ára gamall, í manntalinu frá 1729 orðinn nemandi í Skálholtsskóla.<sup>615</sup> Svo mátti heita að þeir Bergsveinn og Eyvindur væru jafnaldrar, annar 15 en hinn 16 ára árið 1729.<sup>616</sup> Frá Læk í Flóa eru aðeins sex kílómetrar að Laugardælum en tólf kílómetrar frá Laugardælum að Traðarholti. Líklegt er því að kunningsskapur hafi tekist með þessum æskumönnum því Bergsveinn átti löngum heima í Laugardælum allt fram undir 1740<sup>617</sup> en foreldrahús hans frá 1735 á prestssetri í heimasveit Eyvindar, Hrunamannahreppi.

Hér var þess áður getið að árið 1742 var Bergsveinn skikkaður nauðugur til að gerast prestur Súgfirðinga (sjá hér bls. 76-77). Þremur árum síðar hvarf Eyvindur frá Traðarholti í Flóa og sumarið eftir var lýst eftir honum á Alþingi. Hann var þá sagður vera óskilamaður og með stórum líkindum rygtaður af þjófnadi.<sup>618</sup> Á þinginu lýsti sýslumaður Árnesinga strokumanninum svo:

*Grannvaxinn, með stærri mönnum, nær glóbjartur á hár, sem er með liðum að neðan, toginleitur og einleitur, nokkuð þykkvari neðri en efri vör, fótagrannur, mjúkmáll og geðgóður, hirtinn og hreinlátur, reykir lítið tóbak þá býðst, hagtækari á tré en járn, góður vinnu-maður og liðugur til*

<sup>612</sup> Manntal 1703 ásamt manntali 1729 úr þrem sýslum, bls. 616. Sbr. Ólafur Briem 1959, 30.

<sup>613</sup> Ólafur Briem 1959, 30. Gísli Konráðsson 1915-1920 (Sögupættir), 56. Guðni Jónsson 1952, 183-184.

<sup>614</sup> Ísl. æviskrár II, 227.

<sup>615</sup> Ísl. æviskrár I, 145. Manntal 1703 ásamt manntali 1729 í þrem sýslum, bls. 603.

<sup>616</sup> Manntal 1703 ásamt manntali 1729 í þrem sýslum, bls. 603 og 616.

<sup>617</sup> Ísl. æviskrár I, 145.

<sup>618</sup> Alþ.bækur Íslands XIII, 309-310.

*smá-vika, lítt lesandi en óskrifandi, raular gjarnan fyrir  
munni sér kvæða eða rímu erindi, þó afbakað.*<sup>619</sup>

Athyglisvert er að engar sakir höfðu sannast á Eyvind er hann lét sig hverfa frá Traðarholti og hann hafði engan dóm hlotið. Hins vegar lá hann undir grun um þjófnað en hvergi verður nú séð hvort sá grunur var á rökum reistur. Þegar Eyvindur flýði undan réttvísinni var hann rétt liðlega þrítugur að aldri. Á þeirri tíð áttu slíkir flóttamenn einkum tveggja kosta vól. Annar var sá að reyna að komast í erlent skip en hinn að taka stefnuna á einhverja hinna fjarlægustu og afskekktustu byggða á útskögum landsins. Kunnar eru sagnir um strokumenn norður á Ströndum<sup>620</sup> og ekki er ólíklegt að hvarflað hafi að Eyvindi að leita þangað. En hlaut þá ekki um leið að læðast að honum sú hugmynd að leita fremur til eina mannsins sem hann kannaðist við á Vestfjarðakjálkanum, séra Bergsveins, er nauðugur hafði verið sendur í útleið að Stað í Súgandafirði? Tilgátu um að Eyvindur hafi leitað ásjár hjá séra Bergsveini hér í Súgandafirði hefur Guðrún Ása Grímsdóttir handritafræðingur áður sett fram.<sup>621</sup> Þeirri kenningu til styrktar að séra Bergsveinn hafi verið eini kunningi Eyvindar vestra má nefna að árið 1816 fundust á öllum Vestfjarðakjálkanum aðeins fjórar manneskjur sem fæðst höfðu í Árnassýslu.<sup>622</sup> Mjög ólíklegt má telja að Árnasingar hafi verið fjölmennari í þeim parti landsins sjöttú árum fyrr. Eyvindur gat því verið þess fullviss að í Súgandafirði þekkti hann ekki nokkur maður nema séra Bergsveinn og ekki var líklegt að grunsemdir vöknuðu þó að presturinn á Stað réði til sín vaskan og verkhagan vinnumann úr fjarlægju héraði.

Það sem hér hefur verið ritað dugar þó ekki eitt og sér til að leiða sterkar líkur að því að Eyvindur hafi um skeið átt dvöl í Súgandafirði í skjóli séra Bergsveins en fleira kemur til. Árið 1755 fluttist séra Bergsveinn burt úr Súgandafirði með allt sitt og gerðist prestur á Stað í Grunnavík.<sup>623</sup> Auk staðarins fékk hann þá umráð yfir a.m.k. níu kotum í Grunnavík og Jökulfjörðum<sup>624</sup> og fullgild heimild sýnir að eitt þessara kota, Hrafnfjarðareyri, byggði hann sínum gamla sveitunga af Suðurlandi, Eyvindi Jónssyni er síðar var nefndur Fjalla-Eyvindur. Árið 1760 bjó Eyvindur á Hrafnfjarðareyri og á því ári var honum gert að greiða *eitt lambskinn og einn skilding* í tugthústoll<sup>625</sup> en þá hafði rétt nýlega verið ákveðið að reisa tugthús í Reykjavík. Það hús var síðar gert að Stjórnarráðshúsi og gegnir enn því hlutverki. Að Eyvindur Jónsson, sem bjó á Hrafnfjarðareyri árið 1760, hafi verið sá maður með því nafni er síðar var nefndur Fjalla-Eyvindur vottaði séra Torfi Magnússon, er var prestur á Stað í Grunnavík frá 1822 til 1841,<sup>626</sup> en ætla má að á fyrstu árum séra

<sup>619</sup> Alþ.bækur Íslands XIII, 309-310.

<sup>620</sup> Sbr. Eggert Ólafsson 1975, I, 291.

<sup>621</sup> Guðrún Ása Grímsdóttir / Skjöldur (tímarit) nr. 33, 3. tbl. 2001, 9-13.

<sup>622</sup> Manntal 1816, 631-751.

<sup>623</sup> Ísl. æviskrár I, 145.

<sup>624</sup> Jarðabók Árna og Páls VII, 264-282.

<sup>625</sup> Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XXVII. 1. Tiptunarhússtollabók 1760-1767.

<sup>626</sup> Ísl. æviskrár V, 29. Guðrún Ása Grímsdóttir 1989, 201. Gísli Konráðsson 1915-1920, 90 (Söguþættir).



Torfa í Grunnavík hafi enn verið á lífi fólk sem mundi eftir bæði Eyvindi og Höllu sem með honum bjó á Hrafnfjarðareyri. Annar maður bjó á Hrafnfjarðareyri árið 1753<sup>627</sup> og því mjög ólíklegt að Eyvindur hafi hafið þar búskap fyrr en séra Bergsveinn fékk umráð yfir kotinu árið 1755.

Sú staðreynd að Eyvindur var landseti fornunningja síns, séra Bergsveins Hafliðasonar, á þeim árum sem Bergsveinn var prestur á Stað í Grunnavík rennir styrkum stoðum undir þá hugmynd að strokumaðurinn úr Árnesþingi hafi leitað á hans náðir alllöngu fyrr og hreint ekki ólíklegt að Eyvindur hafi strax tekið stefnuna á Súgandafjörð er hann hvarf frá Traðarholti í Flóa árið 1745. Hann kynni því að hafa dvalist á Stað eða annars staðar í Súgandafirði í skjóli séra Bergsveins í nær heilan áratug þó að engar heimildir séu í boði því til staðfestingar. Engar marktækar vísbendingar um aðra dvalarstaði Eyvindar á árunum 1746-1755 eru finnanlegar en tengsl hans við Bergsvein Hafliðason, fyrst suður í Flóa og svo aftur síðar norður í Grunnavík, gefa hugmyndinni um samvistir þeirra hér, á prestskaparárum séra Bergsveins í Súgandafirði, byr undir vængi. Ýmsir héldu því snemma fram að Halla Jónsdóttir, kona Fjalla-Eyvindar, sem bjó með honum á Hrafnfjarðareyri og fylgdi honum síðan í útlegðinni, hefði verið úr Súgandafirði<sup>628</sup> og kynni líka að vera rétt. Okkar mikli sagnaritari, Gísli Konráðsson, sem átti heima í Flatey á Breiðafirði frá 1852 til 1877, hafði eftir séra Andrésí Hjaltasyni, er prestur var í Súgandafirði frá 1839 til 1849, að Halla hefði verið í ætt við Bjarna Brynjólfsson, merkan 18. aldar bónda á Suðureyri í Súgandafirði,<sup>629</sup> en frá honum er sagt hér á öðrum stað (sjá Suðureyri).

Gísli segir líka að Halla hafi ekki aðeins verið fylgikona Eyvindar heldur hafi þau verið hjón<sup>630</sup> og staðhæfingu þeirra sjálfra um þetta árið 1763 hafa yfirvöld greinilega tekið gilda.<sup>631</sup> Er þá ekki ólíklegt að það hafi verið séra Bergsveinn sem gaf þau saman.

Frá því Eyvindur hvarf frá Traðarholti árið 1745 og allt til ársins 1763 komst hann aldrei undir manna hendur og alls engar vísbendingar gefa til kynna að hann hafi lagst út fyrr en upp úr 1760. Umskiptin í lífi Eyvindar og Höllu hafa tvímælalásut orðið 1761 eða 1762 og tengjast að öllum líkindum breyttum aðstæðum við tilkomu nýs sýslumanns í Ísafjarðarsýslu fremur en andláti verndara þeirra, séra Bergsveins, sem dó haustið 1762. Frá 1742 til 1760 hafði Erlendur Ólafsson, bróðir Jóns Ólafssonar, fræðimanns frá Grunnavík, verið sýslumaður Ísfirðinga en í júlímánuði árið 1760 var honum vikið frá.<sup>632</sup> Erlendur var ekki á Alþingi sumarið 1746, þegar lýst var eftir Eyvindi Jónssyni í lögréttu<sup>633</sup> og hann sagður hafa hlaupist brott frá Traðarholti í Flóa. Vel má hugsa sér að sýslumaður þessi

<sup>627</sup> Jarða- og bændatöl 1752-1767, Ísafj.sýsla 1753.

<sup>628</sup> Gísli Konráðsson 1915-1920, 58 (Söguþættir).

<sup>629</sup> Sama heimild, 90.

<sup>630</sup> Sama heimild, 58-59.

<sup>631</sup> Skj.s. amtmanns. Bréfabók hans 16. bindi, bls. 286-289. Bréf Magnúsar Gíslasonar amtm. 6. ág. 1763 til Otto von Rantzau stiftamtm. Alþ.bækur Ísl. XIV, 577 (ár 1765).

<sup>632</sup> Ísl. æviskrár I, 443-444.

<sup>633</sup> Alþ.bækur Ísl. XIII, 308.

hafi síðar, af ráðnum hug, látið vera að hlusta á kvis um hinn sunnlenska skjólstaðing séra Bergsveins Hafliðasonar því svifaseinn var hann að sinna orðrómi um manndráp í Rekavík bak Látur í Sléttuhreppi og liðu átján ár frá því Bjarni Kolbeinsson varð þar konu að bana uns hann var dæmdur fyrir þann verknað árið 1762.<sup>634</sup>

Þegar Erlendi Ólafssyni var vikið frá árið 1760 sætti hann sig ekki við orðinn hlut en hófst handa við að ná embættinu aftur í sínar hendur sem honum tókst að fimm árum liðnum er dómur féll honum í vil í hæstarétti.<sup>635</sup> Sá sem tók við sýslumannsembættinu í Ísafjarðarsýslu árið 1760 var Sigurður Sigurðsson, fæddur 1726, er menn nefndu Sigurð *skugga*<sup>636</sup> (sjá hér Mosvellir), og það var óttinn við hann sem ætla má að hafi hrakið þau Eyvind og Höllu á flóttu frá Hrafnfjarðareyri 1761 eða 1762.

Haustið 1762 fann leitarflokkur Árnesinga hreysi útilegufólks undir Arnarfellsjökli (Hofsjökli), vestantil við Arnarfell. Röktu leitarmenn nýja slóð eftir fimm hesta og tvær manneskjur upp á jökulinn og eftir honum meðan dagur entist en náðu ekki að fanga fjallabúana.<sup>637</sup> Í hreysinu við Arnarfell fundu þeir ærinn matarforða sem fluttur var til byggða en kofinn brenndur.<sup>638</sup> Meðal fataplagga sem þeir sáu í hreysinu voru sauðskinnsskór á tíu eða ellefu ára barn, nærskyrtu af barni og slitnir barnssokkar.<sup>639</sup> Vorið 1763 náði Sigurður *skuggi* sýslumaður að handsama þau Eyvind og Höllu norður á Strandafjöllum, líklega í Bjarnafirði nyrðri.<sup>640</sup> Í Grímsstaðaannál, sem er samtímaheimild, segir að Eyvindur hafi verið tekinn á Dröngum<sup>641</sup> en Bjarnarfjörður liggur milli Dranga og Skjaldabjarnarvíkur.

Með hliðsjón af langdvölum Eyvindar og Höllu síðar sem útilegufólks í óbyggðum landsins hefur löngum verið talið að það muni hafa verið þau sem leitarmenn Árnesinga eltu upp á Hofsjökul haustið 1762 og eru ærið sterkar líkur fyrir því að það sé rétt. Fyrir þann tíma hafði hins vegar aldrei orðið vart við Eyvind á fjöllum eða annars staðar í óbyggðum. Sárt hefur verið fyrir útlagana að missa í hendur byggðamanna allan vetrarforða sinn úr hreysinu undir Arnarfelli en bót var í máli að sjálf höfðu þau komist undan og yfir jökulinn. Er hér var komið sögu hafa þau að líkindum tekið stefnuna norður á Strandir og hafst þar við veturinn 1762-1763 uns Sigurður *skuggi* náði að taka þau til fanga um vorið eins og fyrr var getið.

Í Bjarnafirði nyrðri í Strandasýslu hefur aldrei verið nokkur bújörð en á fyrri hluta 20. aldar fannst þar kofarúst sem Gísli Gestsson, þáverandi starfsmaður Þjóðminjasafns Íslands, gróf upp sumarið 1955.<sup>642</sup> Kom þá í ljós að þarna hafði verið útilegumannabæli. Mikið af selabeinum og önnur

<sup>634</sup> Öldin átjándra 1761-1800, 11-12. Sbr. Þórleifur Bjarnason 1978, 5-210.

<sup>635</sup> Ísl. æviskrár I, 443-444.

<sup>636</sup> Ísl. æviskrár IV, 258.

<sup>637</sup> Öldin Átjándra 1761-1800, 13-15.

<sup>638</sup> Sama heimild.

<sup>639</sup> Sama heimild.

<sup>640</sup> Ólafur Briem 1959, 65-70.

<sup>641</sup> Annálar III, 651.

<sup>642</sup> Ólafur Briem 1959, 65-70.

ummerki um mannavist, sem við blöstu þegar kofinn hafði verið grafinn upp, tóku af öll tvímæli um þetta.<sup>643</sup> Af staðsetningunni mátti ráða að annars konar mannbústaður gat ekki komið til greina.

Kofarúst þessi er nálægt botni fjarðarins og í landareign Dranga. Þar skammt frá gengur lítið nes að sunnan norður í fjörðinn og heitir Langanes. Í nánd við það eru tvö samsíða gil í hlíðinni og heitir hið innra og meira Langanesgil.<sup>644</sup> Milli giljanna eru mörg klettabelti, hvert upp af öðru. Allhátt í brekkunni undir einu þeirra og alveg rétt við nýnefnt Langanesgil er kofarústin en hæð klettsins á bak við hana er um það bil sex metrar.<sup>645</sup> Ekki er unnt að staðhæfa að það hafi verið Eyvindur og Halla sem þarna dvöldust en með vísun til þess sem frá er greint í samtímaheimildum og hér var áður rakið um handtöku þeirra vorið 1763 á *Dröngum* eða *norður á Strandafjöllum* verða líkurnar á því að teljast mjög miklar.

Útlegðarsaga Fjalla-Eyvindar og Höllu verður ekki rakin í þessu riti, enda hefur víða verið um hana fjallað og hún orðið efni í margbreytileg bókmenntaverk eins og alkunnugt er. Ber þar hæst leikrit Jóhanns Sigurjónssonar. Hér skal þess aðeins getið að Sigurður sýslumaður *skuggi* flutti þau bæði sem fanga að Felli í Kollafirði í Strandasýslu vorið 1763 og fékk þau í hendur Halldóri Jakobssyni Strandasýslumanni en frá Felli struku þau á fjöll ári síðar.<sup>646</sup>

Áður var á það minnst að við könnun á útilegumannabælinu undir Arnarfelli haustið 1762 hefðu fundist flíkur af barni eða börnum. Er þar komin vísbending um að eitt eða fleiri börn hafi fylgt þeim Eyvindi og Höllu til fjalla er þau neyddust til að yfirgefa býli sitt á Hrafnfjarðareyri í Jökulfjörðum. Í munnmælum, söngvum og sögum um líf þeirra í óbyggðum bregður líka stöku sinnum fyrir mynd af barni og nægir að nefna kvæði Jóhanns Sigurjónssonar er hann leggur í munn Höllu: *Sofðu, unga ástín mín, úti regnið grætur ...*

Í bréfi sem Magnús Gíslason, amtmaður á Leirá, ritaði 14. janúar 1765 er rætt um handtöku Eyvindar og Höllu á Strandafjöllum vorið 1763 og sagt að Halla hafi alið þar barn og lík þess fundist undir steini fyrir utan holuna sem þau hírdust í uppi í fjalli.<sup>647</sup> Áður höfðu þau eignast dætur sem hér verður brátt getið og um það leyti sem Eyvindur hvarf á braut úr Flóanum hafði stúlka kennt honum dreng<sup>648</sup> sem kemur hér ekki við sögu.

Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar, sem fyrst komu út á árunum 1862-1864, er allvíða sagt frá Fjalla-Eyvindi. Þar er greint frá veru þeirra Höllu á Hrafnfjarðareyri og getið dætra þeirra, Guðrúnar og Ólafar.<sup>649</sup> Heimildarmaður Jóns Árnasonar um þau efni var séra Torfi Magnússon, prestur á Stað í Grunnvík frá 1822 til 1841 og síðan í Kirkjubólspingum

<sup>643</sup> Ólafur Briem 1959, 65-70.

<sup>644</sup> Sama heimild.

<sup>645</sup> Sama heimild, 68.

<sup>646</sup> Öldin átjándi 1761-1800, 24-25.

<sup>647</sup> Ólafur Briem 1959, 70. Skj.s. amtm. Bréfabók hans, 17. bindi, bls. 52. Bréf Magnúsar Gíslasonar amtmanns 14.1.1765 til Jóns Eggertssonar sýslumanns.

<sup>648</sup> Íslendingur (blað) 12.1.1861, 156-160. Sbr. Manntal 1801, suðuramt, bls. 226.

<sup>649</sup> Þjóðsögur Jóns Árnasonar II, 237-245 og IV, 403.

við norðanvert Ísafjarðardjúp allt til dánardags árið 1863.<sup>650</sup> Helstu upplýsingar sem fram komu í frásögnum séra Torfa af Eyvindi og Höllu birtust í blaðinu Íslendingi, sem út var gefið í Reykjavík, strax á fyrstu mánuðum ársins 1861,<sup>651</sup> alllöngu áður en útgáfa Jóns Árnasonar af Þjóðsögnum komst á prent. Höfundur skrifanna í Íslendingi mun vera Páll Melsted, sagnfræðingur,<sup>652</sup> og hefur hann auðsjáanlega fengið aðgang að frásögnum séra Torfa Magnússonar hjá Jóni Árnasyni. Þessi ritgerð Páls í Íslendingi mun hafa verið það fyrsta sem sást á prenti um Fjalla-Eyvind ef frá eru taldar stuttar klausur í eldri ritum. Vart þarf að efa að ritgerðin hefur vakið athygli og haft áhrif á hinn 25 ára gamla skólapilt Matthías Jochumsson en næsta vetur var leikrit hans, Útilegumennirnir, leikið í fyrsta sinn.<sup>653</sup> Með litlum breytingum varð þetta æskuverk Matthíasar nokkru síðar að hinum alkunna Skugga-Sveini sem í fjölmarga áratugi var vinsælast allra íslenskra leikrita í flestum byggðum landsins. Hér skal þess getið til gamans að er Útilegumennirnir voru leiknir í fyrsta sinn, hinn 3. febrúar 1862, fór Jón Andrésón Hjaltalín, síðar skólameistari á Möðruvöllum, með hlutverk Skugga-Sveins<sup>654</sup> en Jón var fæddur hér á Stað (sjá hér bls. 125).

Við mat á sannleiksgildi frásagna séra Torfa Magnússonar af þeim Eyvindi og Höllu þarf að gæta varúðar. Engu að síður er einboðið að taka mark á orðum hans um veru þeirra á Hrafnfjarðareyri og hvað varðar nöfn dætranna tveggja og þá einkum vegna þess að í elsta sóknarmannatalinu úr Vatnsfjarðarsveit, sem er frá árinu 1781, sést að Ólöf Eyvindsdóttir var þá 24 ára vinnukona hjá foreldrum séra Torfa, þeim Magnúsi Ólafssyni hreppstjóra og konu hans, Ingibjörgu Aradóttur, í Heydal, og Guðrún Eyvindsdóttir sama ár 31 árs vinnukona í Svansvík hjá Þórði Arasyni,<sup>655</sup> móðurbróður séra Torfa er seinna varð líka tengdafaðir hans.<sup>656</sup> Að þessar tvær vinnukonur hafi verið dætur Fjalla-Eyvindar þarf ekki að efa þegar annars vegar er litið til þess að séra Torfi segir dætur Eyvindar og Höllu hafa borið þessi nöfn<sup>657</sup> og svo á hitt að nafnið Eyvindur var mjög fátítt í Ísafjarðarsýslu á 18. öld. Til marks um það má nefna að í manntalinu frá 1703 finnst aðeins einn Eyvindur í norðurparti Ísafjarðarsýslu og í manntalinu frá 1762 enginn Eyvindur í allri Ísafjarðarsýslu en tvo hreppa vantar reyndar í það manntal.<sup>658</sup> Auk þessa má benda á að aldur Guðrúnar Eyvindsdóttur, sem átti heima í Svansvík árið 1781, passar við aldur barnsins sem átti sauðskinnsskóna er byggðamenn fundu í hreysinu undir Arnarfelli haustið 1762 (sjá hér bls. 82).

<sup>650</sup> Þjóðs. Jóns Árnasonar II, 237-245 og IV, 403. Ísl. æviskrár V, 29-30. Sveinn Níelsson 1950, 200 og 203.

<sup>651</sup> Íslendingur, 12.1.1861, 1.2.1861 og 16.2.1861, bls. 156-170.

<sup>652</sup> Ólafur Briem 1959, 33-35.

<sup>653</sup> Öldin sem leið, 1861-1900, 19-20.

<sup>654</sup> Þórunn E. Valdimarsdóttir 2006, 157-161.

<sup>655</sup> Sóknarm.tal Vatnsfjarðar 1781.

<sup>656</sup> Ísl. æviskrár V, 29-30.

<sup>657</sup> Íslendingur (blað), 1.2.1861, 167-168. Þjóðsögur Jóns Árnasonar IV, 403.

<sup>658</sup> Manntöl 1703 og 1762.

Hér er nú rétt að staldra við og huga nánar að fólkinu sem þær Guðrún og Ólöf Eyvindsdætur voru vistraðnar hjá árið 1781 og þá einkum systkinunum Ingibjörgu Aradóttur, húsfreyju í Heydal, og Þórði bónda Arasyni í Svansvík en foreldrar þeirra voru Ari Jónsson lögréttumaður í Reykjarfirði í Vatnsfjarðarsveit, dáinn fyrir 1760, og kona hans Guðrún Þórðardóttir,<sup>659</sup> sem enn var á lífi, 78 ára gömul, árið 1801 og dvaldist þá hjá Ingibjörgu, dóttur sinni, og manni hennar í Heydal. Þar var þá líka í foreldrahúsum, dóttursonur Guðrúnar, Torfi Magnússon, 15 ára að aldri, síðar prestur á Stað í Grunnavík, sem hér hefur verið nefndur.<sup>660</sup>

Guðrún Þórðardóttir, amma séra Torfa, var tvígift og bjó með báðum eiginmönnum sínum í Reykjarfirði í Vatnsfjarðarsveit. Á fyrri mann hennar, Ara Jónsson lögréttumann, var áður minnst en seinni maður hennar, sem líka var lögréttumaður, hét Guðmundur Eiríksson.<sup>661</sup> Hann var eins og Fjalla-Eyvindur úr Hrunamannahreppi í Árnassýslu, prestssonur frá Hrepphólum,<sup>662</sup> og þeir Eyvindur nánast jafnaldrar, annar 14 en hinn 15 ára í manntalinu frá 1729.<sup>663</sup> Faðir Guðmundar Eiríkssonar, séra Eiríkur Oddsson, andaðist árið 1735 en við embætti hans í Hrepphólum tók þá séra Hafliði Bergsveinsson, faðir séra Bergsveins Hafliðasonar á Stað í Súgandafirði og Stað í Grunnavík.<sup>664</sup> Milli Guðmundar Eiríkssonar og séra Bergsveins lágu því vissir þræðir svo ætla má að þeir hafi að minnsta kosti vitað hvor af öðrum er báðir voru sestir að hér vestur á fjörðum svo víðsfjarri sínum heimahögum. Að uppruna var Guðmundur Eiríksson rötgróinn Hreppamaður, dóttursonur séra Daða Halldórssonar í Steinsholti<sup>665</sup> sem frægastur varð af samskiptum sínum við Brynjólf Sveinsson, biskup í Skálholti, og Ragnheiði dóttur hans. Talið er að áður en Guðmundur kom vestur hafi hann um lengri eða skemmri tíma verið heimamaður á báðum biskupssetrunum, í Skálholti og á Hólum.<sup>666</sup>

Óljóst er hvenær Guðmundur Eiríksson gekk að eiga Guðrúnu Þórðardóttur, ekkjuna í Reykjarfirði við Djúp, en af aldri barna þeirra má ráða að samvistir þeirra hafi eigi hafist síðar en árið 1758.<sup>667</sup> Sumarið 1762 var Guðmundur í Reykjarfirði annar tveggja fulltrúa Vestfirðinga í lögréttunni suður við Öxará.<sup>668</sup> Hann hefur þá án efa talist til helstu fyrimanna á norðanverðum Vestfjörðum og nær fullvíst er að á þeim slóðum var hann eini Hreppamaðurinn, er hér var komið sögu, að frátöldum Fjalla-Eyvindi og séra Bergsveini.

<sup>659</sup> Lögréttumannatal, bls. 7 og 176-177. Vestf. ættir I, 225 og II, 489. Sóknarm.töl Vatnsfjarðar.

Manntal 1801, vesturamt, bls. 336.

<sup>660</sup> Manntal 1801, vesturamt, bls. 332.

<sup>661</sup> Lögréttumannatal, bls. 7 og 176-177.

<sup>662</sup> Lögréttumannatal, bls. 7 og 176-177.

<sup>663</sup> Manntal 1703 ásamt manntali 1729 í þrem sýslum, bls. 613 og 616.

<sup>664</sup> Ísl. æviskrár I, 416 og II, 226.

<sup>665</sup> Sama heimild I, 301 og 416.

<sup>666</sup> Lögréttumannatal, bls. 176-177.

<sup>667</sup> Sóknarm.tal Vatnsfjarðar frá árinu 1781. Sbr. Lögréttumannatal, bls. 176-177.

<sup>668</sup> Alþ.bækur Ísl. XIV, 464-466. Sbr. Lögréttumannatal.

Árið 1781 var Guðmundur í Reykjarfirði fallinn frá en skyldi það vera hrein tilviljun að dætur Fjalla-Eyvindar og Höllu eru þá báðar hjú hjá stjúpbörnum hans í grennd við Reykjarfjörð, þeim Ingibjörgu Aradóttur í Heydal og Þórði Arasyni í Svansvík? Slíka tilviljun er ekki hægt að útiloka en freistandi er að geta hér í eyðurnar og setja fram tilgátu. Þegar Eyvindur og Halla urðu að flýja frá Hrafnfjarðareyri undan Sigurði sýslumanni *skugga* árið 1761 eða 1762 þurftu þau að ráðstafa dætrunum. Vera kann að þær hafi þó, önnur eða báðar, verið með þeim í hreysinu undir Arnarfelli haustið 1762 en þegar vetur tók að herða að þeim norður á Strandafjöllum varð ekki undan því vikist að leita skjóls fyrir börnin í mannabyggðum. Úr fjarlægð skoðað sýnist þá hafa legið einna beinast við fyrir Eyvind að leita á náðir síns gamla sveitunga úr Hreppunum, lögréttumannsins í Reykjarfirði. Þar var ekki í kot vísað og minningin um dýrmætt liðsinni séra Bergsveins, annars jafnaldra úr uppsveitum Árnessýslu, sem nú var látinn, kynni að hafa kveikt þá hugmynd hjá útlaganum að leita á náðir hjónanna í Reykjarfirði.

Úr hreysinu í fjallshlíðinni við botn Bjarnarfjarðar nyrðri á Ströndum mátti komast á einum degi vestur að Djúpi í þokkalegu færi, um suðurjaðar Drangajökuls, og ekki ólíklegt að Eyvindur hafi notið liðsinnis trúnaðarmanns í Skjaldfannardal eða á Langadalsströnd með flutning yfir Djúpið í Reykjarfjörð. Á tengsl Eyvindardætra, Guðrúnar og Ólafar, við fólkið frá Reykjarfirði, börn Guðrúnar húsfreyju þar Þórðardóttur, hefur Guðmundur Guðni Guðmundsson rithöfundur áður bent í bók sinni *Saga Fjalla-Eyvindar*.<sup>669</sup>

Upplýsingar um aldur þessara Eyvindardætra er að finna í sóknarmannatalinu frá árinu 1781. Þar er Guðrún sögð vera 31 árs en Ólöf 24 ára.<sup>670</sup> Guðrún ætti því að vera fædd 1750 en Ólöf 1757. Ekki mun því fjarri lagi að þær hafi verið tólf og fimm ára þegar foreldrar þeirra hurfu úr mannabyggð og lögðust út árið 1761 eða 1762. Hvar þær ólust upp eftir það verður ekki séð en hér verður látin flakka sú tilgáta að þær hafi með einum eða öðrum hætti verið undir verndarvæng Hreppamannsins í Reykjarfirði og að honum látnum átt skjól hjá ekkju hans, Guðrúnu Þórðardóttur, og síðan hjá börnum hennar í Vatnsfjarðarsveit en á heimilum þeirra koma þær fram, svo sem fyrr var getið, þegar fyrsta sóknarmannatalið var skráð á bók árið 1781. Séra Guðlaugur Sveinsson í Vatnsfirði tekur þar fram að þær séu báðar fermdar en lætur þess einnig getið að ekki kunni þær að lesa<sup>671</sup> sem var nú varla von.

Þann 12. október 1774, þegar tólf eða þrettán ár voru liðin frá því Eyvindur og Halla lögðust út, varpaði Sigurður Sigurðsson, landþingsskrifari á Hlíðarenda í Fljótshlíð, fram þeirri uppástungu í bréfi til sýslumanns Rangæinga að Fjalla-Eyvindur yrði fenginn til leiðsagnar við könnun á fornum leiðum yfir Ódáðahraun og Sprengisand en á móti yrðu

<sup>669</sup> Guðmundur Guðni Guðmundsson 1970, 218-219.

<sup>670</sup> Sóknarm.töl Vatnsfjarðar.

<sup>671</sup> Sama heimild.

honum *gefna* vonir um náðun og uppgjöf saka.<sup>672</sup> Ekki er til þess vitað að þessi skynsamlega tillaga hafi fengið jákvæðar undirtektir hjá ráðamönnum en er þarna var komið sögu var Eyvindur orðinn sextugur og fátt vitað með vissu um ferðir hans þaðan í frá.

Frá séra Torfa Magnússyni, sem prestur var á Stað í Grunnavík 1822-1841 og síðan í Kirkjubólspingum við Djúp, fékk Jón Árnason þjóðsagnasafnari þær upplýsingar að Eyvindur og Halla hefðu á efri árum náð að setjast aftur að á Hrafnfjarðareyri.<sup>673</sup> Með vísan til þess að báðar dætur Fjalla-Eyvindar og Höllu voru árið 1781 vistráðnar hjá nánnum ættingjum séra Torfa, önnur hjá foreldrum hans en hin hjá tengdaforeldrum hans, sem síðar urðu, og þar með hjá móðurbróður hans –sýnist gild ástæða vera til að taka mark á orðum prestsins um endurkomu útlaganna að Hrafnfjarðareyri.

Önnur marktæk heimild styrkir líka frásögn séra Torfa af endurkomunni að Hrafnfjarðareyri og er hana að finna í blaðinu Íslendingi sem hér var áður nefnt. Í síðasta hluta greinaflokksins sem þar birtist um Fjalla-Eyvind á fyrstu mánuðum ársins 1861 segir svo:

*Frá æfilokum þeirra Eyvindar og Höllu er það að segja og með sanni að þau dóu bæði á Hrafnfjarðareyri. ... Eyvindur lést nokkru fyrir en Halla kona hans en eigi vitum vér með vissu hvert ár það var. Þó mun sönnu næst að það hafi verið nálægt 1780. Halla dó fáum árum síðar, litlu eftir 1780. Það var venja Höllu, þá er embættað var á Stað í Grunnavík að standa fyrir utan kirkjudyrr og hlýða messu en inn vildi hún eigi ganga, hvað sem því hefur valdið.*

*Þau Eyvindur eru bæði jörðuð að Staðarkirkju. Svo hefur sá maður sagt oss er þá var á Stað í Grunnavík sjálfur, sá Höllu og man til hennar þó hann væri þá barn að aldri.<sup>674</sup>*

Heimildarmaðurinn sem þarna er byggt á getur enginn annar verið en Árni Helgason, stiftprófastur í Görðum á Álftanesi, sem fluttist þriggja ára gamall með foreldrum sínum frá Stað í Aðalvík að Stað í Grunnavík og átti þar heima fram á unglingsár.<sup>675</sup> Í febrúar árið 1861 var séra Árni 83ja ára. Hann átti þá enn eftir að lifa í nær níu ár og hélt *furðanlega öllum sálarkröftum óskertum* allt til hinsta dags.<sup>676</sup> Til séra Árna báru flestir samtímamenn hans mikið traust og gegndi hann tvisvar biskupsembætti, eitt til tvö ár í hvort sinn, og varð um átrætt biskup að nafnbót.<sup>677</sup> Vitnisburður séra Árna um endurkomu Eyvindar og Höllu að

<sup>672</sup> Skj.s. stiftamtmanns III, nr. 121. Bréf Sigurðar Sigurðssonar landþingsskrifara 12.10. 1774 til Þorsteins Magnússonar, sýslumanns Rangæinga, fylgir skýrslu Þorsteins 20.11. 1774 um Sprengisandsleið og fleira varðandi vegamál.

<sup>673</sup> Þjóðsögur Jóns Árnasonar IV, 403. Sbr. Gísli Konráðsson 1915-1920, 90 (Sögubættir).

<sup>674</sup> Íslendingur, 22. tbl. 16.2.1861, 169-170.

<sup>675</sup> Ísl. æviskrár I, 49-50 og II, 333-334. Sbr. Manntal 1801, vesturamt, bls. 309-310.

<sup>676</sup> Ísl. æviskrár I, 49-50. Jón Helgason biskup / Skírinnir 1927, 38-44.

<sup>677</sup> Ísl. æviskrár I, 49-50.

Hrafnfjarðareyri er merkilegur og að því er virðist marktækur, enda ber þeim saman, honum og séra Torfa Magnússyni, hvað endurkomuna varðar.

Vera má að auk séra Bergsveins Hafliðasonar og Guðmundar lögréttumanns Eiríkssonar hafi þriðji sýslungi Eyvindar af Suðurlandi lagt þeim Höllu lið hér á norðanverðum Vestfjörðum og þá á ævikvöldi hinna harðfengu og úrræðasnjöllu útlaga er lengi höfðu þraukað á víðernum öræfanna, fjarri mannabyggð. Sá maður er séra Helgi Einarsson, faðir Árna stiftprófasts í Görðum, en séra Helgi var eins og Eyvindur Hreppamaður að uppruna og bróðursonur séra Bergsveins Hafliðasonar<sup>678</sup> sem á sínum tíma fékk Eyvindi í hendur til búskapar kotið Hrafnfjarðareyri.

Séra Helgi varð prestur á Stað í Aðalvík árið 1776, kom þaðan árið 1780 að Stað í Grunnavík og sat þar næstu fimmtán árin.<sup>679</sup> Hugsanlegt er að Eyvindur og Halla hafi leitað liðsinnis séra Helga á Aðalvíkurárum hans en hitt þó líklegra að það hafi ekki gerst fyrr en hann kom að Stað í Grunnavík árið 1780 eða máske 1779 er hann hafði fengið veitingu fyrir því prestakalli og þar með umráð yfir Hrafnfjarðareyri. Ætla má að það hafi verið hann sem byggði Eyvindi og Höllu Hrafnfjarðareyri á ný og hafa þau þá ekki sest þar að í annað sinn fyrr en 1779. Líklegt er að Eyvindur hafi dáið á því ári eða mjög skömmu síðar og orð séra Árna Helgasonar í Görðum, sem hér var áður vitnað til, sýna að hann mundi aðeins eftir Höllu en ekki Eyvindi við kirkjuna í Grunnavík. Séra Árne taldi að þau hefðu bæði verið jarðsett í kirkjugarðinum á Stað í Grunnavík (sjá hér bls. 87). Það stangast hins vegar á við orð séra Torfa Magnússonar sem skýrði svo frá að þau hefðu verið grafin í *mýri einni nálægt bænum* á Hrafnfjarðareyri og sér hefði, er hann var prestur í Grunnavík, margoft verið sýnt upphlaðið leiði þeirra þar í mýrinni.<sup>680</sup>

Hér þarf að hafa í huga að þegar séra Torfi gerðist prestur á Stað í Grunnavík árið 1822 hljóta margir menn að hafa verið á lífi í sókninni sem mundu endurkomu Fjalla-Eyvindar og Höllu að Hrafnfjarðareyri um 1780 og kunnu skil á því hvar legstaði þeirra væri að finna. Séra Árne Helgason fór hins vegar á unglingsaldri úr Grunnavík suður á land árið 1795 og kynni að hafa leyft sér að álykta sem svo um 1860, þegar farið var að fjalla um Eyvind og Höllu í blaði, að þau hlytu að hvíla á Stað af því hann vissi að þau dóu þar í sókninni. Vel má líka vera að það sé bara Eyvindur sem hvíli í mýrinni heima við bæjarrústirnar á Hrafnfjarðareyri en Halla hafi fengið leg við kirkjuna í Grunnavík. Útför hennar gæti séra Árne í Görðum hafa munað frá barnsaldri en ekki greftrun Eyvindar.

Ljóst er að það voru ekki aðeins samtímamenn séra Torfa Magnússonar í Grunnavík og Jökulfjörðum á árunum 1822-1841 sem höfðu fyrir satt að Fjalla-Eyvindur lægi grafinn í túnfætinum á Hrafnfjarðareyri heldur hefur því líka verið trúað af þeim sem síðar gengu hér um garða og hinu upphlaðna leiði, sem séra Torfi getur um, jafnan

<sup>678</sup> Ísl. æviskrár I, 145 og II, 227 og 333. Lögréttumannatal, bls. 107.

<sup>679</sup> Ísl. æviskrár II, 333.

<sup>680</sup> Þjóðsögur Jóns Árnasonar II, 244.



verið haldið við. Kross er á leiðinu og líka steinn með áletruninni: *Hér liggur Fjalla-Eyvindur Jónsson*.<sup>681</sup>

Báðar dætur Eyvindar og Höllu sem upp komust lifðu fram yfir 1800. Ólöf Eyvindardóttir var árið 1781 vinnukona í Heydal í Vatnsfjarðarsveit eins og fyrr var nefnt, talin 24 ára (sjá hér bls. 84). Hún hverfur úr því prestakallinu árið 1782 og er árið 1784 vinnukona í Hlíð í Þorskafirði.<sup>682</sup> Feril hennar næstu árin er erfitt að rekja en árið 1801 er Ólöf Eyvindsdóttir vinnukona á Álfsstöðum í Hrafnfirði í Jökulfjörðum.<sup>683</sup> Sá bær stóð nær beint á móti Hrafnfjarðareyri sem er handan fjarðarins. Mjög líklegt má telja að Ólöf þessi á Álfsstöðum sé dóttir Fjalla-Eyvindar og Höllu sem höfðu búið á Hrafnfjarðareyri og hún að líkindum fædd þar. Í manntalinu frá 1801 er Ólöf sögð vera ekkja.<sup>684</sup> Um 1860 taldi séra Torfi Magnússon, áður prestur á Stað í Grunnavík, að engir niðjar væru frá henni komnir.<sup>685</sup> Árið 1801 er Ólöf talin fjórum árum eldri en vera ætti sé tekið mið af sóknarmannatalinu frá 1781. Slíkt frávik frá nákvæmri greiningu á aldri fólks var mjög algengt á þeim tíma og þá einkum hjá fólki af almúgastétt. Ólöf Eyvindsdóttir mun hafa andast fyrir 1816 því nafn hennar er ekki að finna í manntalinu frá því ári.<sup>686</sup>

Guðrún Eyvindsdóttir var fædd um 1750 (sjá hér bls. 84) og var liðlega tvítug norður í Sléttuhreppi þar sem hún eignaðist árið 1773 barn með Guðmundi Oliverssyni<sup>687</sup> sem sagt er að orðið hafi eiginmaður hennar.<sup>688</sup> Þegar Guðlaugur Sveinsson, prófastur í Vatnsfirði, greinir frá þessari barneign lætur hann þess getið að móðirin sé enn ófermd og báðir foreldrarnir *heel uformunnet*, það er án nokkurrar forsjár.<sup>689</sup> Árið 1781 var Guðrún Eyvindsdóttir orðin vinnukona í Svansvík í Vatnsfjarðarsveit og er þá sögð vera 31 árs (sjá hér bls. 84). Næsta ár fluttist hún með húsbændum sínum, Þórði Arasyni og Guðríði Bjarnadóttur, konu hans, að Eyri í Ísafirði, innan sömu sóknar, og var þar þeirra hjú allt til ársins 1787.<sup>690</sup> Frá Eyri fór hún að Nauteyri á Langadalsströnd og var þar vinnukona í fimm ár, frá 1787 til 1792.<sup>691</sup> Á þessum árum, 1781-1792, sjást aldrei merki þess í sóknarmannatölum að Guðrún hafi verið gift eða eignast barn. Samt kann hvort tveggja að vera rétt og legorðsreikningarnir, sem hér var áður vísað í, taka af öll tvímæli um barneignina. Hvar Guðrún Eyvindsdóttir dvaldist eftir 1792 liggur ekki fyrir, enda sóknarmannatölin frá síðustu árum 18.

<sup>681</sup> Guðrún Ása Grímsdóttir 1994, mynd á bls. 76 (Árbók F.Í.). Sbr. Jóhann Gunnar Ólafsson 1970, 133-136 og myndir þar á milli bls. 112 og 113. Sbr. einnig Vestf. sagnir III, 95 (1946).

<sup>682</sup> Sóknarm.töl Vatnsfjarðar og Staðar á Reykjanesi.

<sup>683</sup> Manntal 1801, vesturamt, bls. 347.

<sup>684</sup> Sama heimild.

<sup>685</sup> Íslendingur (blað), 1.2.1861, 167-168. Sbr. sama 12.1.1861, 156-160. Þjóðsögur Jóns Árnasonar II, 403.

<sup>686</sup> Manntal 1816, nafnalykill þess.

<sup>687</sup> Skj.s. stiftamt. III, nr. 239. Skrár um legorðsmál 1772-1806, legorðsskýrslur 1772, (1773 þar).

<sup>688</sup> Þjóðsögur Jóns Árnasonar II, 403. Íslendingur, 1.2.1861, 167-168.

<sup>689</sup> Skj.s. stiftamt. III, nr. 239. Skrár um legorðsmál 1772-1806, legorðsskýrslur 1772, (1773 þar).

<sup>690</sup> Sóknarm.töl Vatnsfjarðar.

<sup>691</sup> Sóknarm.töl Kirkjubólspinga við Djúp.

aldar glötuð úr fjórum prestaköllum í norðurparti Ísafjarðarsýslu. Hún var þó ekki heimilisföst í Vatnsfjarðarsveit á þeim árum og nafn hennar finnst ekki í allsherjarmannatalinu frá 1801.<sup>692</sup>

Undir jól á því ári var þessi dóttir Fjalla-Eyvindar á ferð milli bæja eða byggða innarlega í Ísafjarðardjúpi og skömmu síðar færir séra Guðlaugur Sveinsson, prestur í Vatnsfirði, þessi orð til bókar: *Guðrún Eyvindsdóttir, 52ja ára gömul, varð bráðkvödd úti á víðavangi þann 11. december og jarðsett 16. sama mánaðar.*<sup>693</sup>

Ljóst er að prestur hefur upplýsingar um aldur hinnar látnu og sá aldur passar alveg við aldur vinnukonunnar með sama nafni í Svansvík og á Eyri í Ísafirði eins og hann var skráður í bókum prestsins í Vatnsfirði á árunum 1781-1786. Hann hefur því vitað með vissu að það var hún sem nú fannst örend úti í vetrarríki náttúrunnar. Hitt vekur athygli að prestinum virðist ekki vera ljóst hvar hin látna átti síðast heima og ekki var hún heimilisföst í prestakalli hans er hann skráði sóknarmannatöl árána 1800 og 1801.<sup>694</sup> Vera kann að þessi dóttir Fjalla-Eyvindar hafi því verið orðin förukona er hún tók hinstu andvörpin á víðavangi í svartasta skammdeginu á einu mesta harðindaári Íslandssögunnar.<sup>695</sup>

Ýmsir hafa velt fyrir sér og reynt að komast til botns í því hvort dætur Eyvindar og Höllu, þær Guðrún og Ólöf, kynnu, önnur hvor eða báðar, að eiga niðja í röðum okkar sem notið höfum lífsins eftir þeirra dag. Skemmst er frá því að segja að um það eru vart finnanlegar upplýsingar sem telja má óyggjandi. Ein hinna forvitnu um hugsanlegan ættboga frá Höllu og Fjalla-Eyvindi var Elinborg Jónsdóttir, kennari á Skagaströnd, fædd árið 1921, sem árið 1988 birti í 28. árgangi Húnavöku ritgerðina *Dótturdóttir Fjalla-Eyvindar* og líka aðra sem heitir *Dugmiklar landnámskonur*.<sup>696</sup> Hún teflir þarna fram þeirri kenningu að Ólöf nokkur Eyvindsdóttir, sem eignaðist hörgetna dóttur í Kambakoti í Höskuldsstaðasókn í Húnavatnssýslu haustið 1795, hafi verið dóttir Fjalla-Eyvindar og Höllu. Elinborg byggir hvað þetta varðar á því sem ritað er í ættartölu frá árunum upp úr 1880 er ber heitið *Brot Skeggstaðaættar*. Ættartölubrotið er varðveitt með ýmsum öðrum ættartölum í pakka merktum Lbs. 2576<sup>8vo</sup> í Landsbókasafni. Ummæli sem þarna eru látin falla um Þorleif Jónsson frá Stóradal, síðar póstmestara í Reykjavík, sýna að nýnefnt ættartölubrot er skrifað á árunum 1881-1884 og á það hefur einhver síðari tíma maður ritað *eptir Hans Natansson?* Án efa mun þar átt við Hans hreppstjóra Natansson, fæddan 1816 og dáinn 1887, síðast bónda á Þóreyjarnúpi í Kirkjuhvammshreppi í Húnaþingi, en hann var sonur hins víðfræga Natans Ketilssonar, sem myrtur var á Illugastöðum á Vatnsnesi 13. mars 1828.<sup>697</sup> Þegar Elinborg skrifaði ritgerðirnar tvær í Húnavöku var hún í góðri trú,

<sup>692</sup> Sóknarm.töl Vatnsfjarðar. Manntal 1801, nafnalykill þess.

<sup>693</sup> Prestsþj.b. Vatnsfjarðar.

<sup>694</sup> Sóknarm.töl Vatnsfjarðar.

<sup>695</sup> Sbr. Öldin sem leið 1801-1860, 8-9 og 15.

<sup>696</sup> Elinborg Jónsdóttir/Húnavaka 1988, 63-65 og 127-131.

<sup>697</sup> Ísl. æviskrár II, 322-323 og III, 487.

enda taldi hún Hans Natansson það staðkunnugan í Húnaþingi að mark væri takandi á orðum hans um ætterni Ólafar Eyvindsdóttur sem barnið fæddi í Kambakoti haustið 1795. Við nánari athugun kemur hins vegar í ljós að sú ættfærsla fær vart staðist. Ljóst er að á árunum kringum 1790 var búsett á ýmsum stöðum í Húnavatnssýslu ung kona að nafni Ólöf Eyvindsdóttir, sem var alls ekki dóttir Fjalla-Eyvindar heldur Eyvindar Björnssonar er var vinnumaður í Helguhvammi á Vatnsnesi árið 1785.<sup>698</sup> Þessi Ólöf var 20 ára niðursetningur í Gröf í Þingeyraklaustursprestakalli árið 1787 og 21 árs vinnukona á sama bæ árið 1788.<sup>699</sup> Í marsmánuði árið 1791 átti sama Ólöf heima á Ási í Vatnsdal og eignaðist þá hörgetna dóttur sem skírð var Sigurlaug.<sup>700</sup> Árið 1792 eða 1793 eignaðist hún aðra hörgetna dóttur sem skaust í heiminn á Litlu-Borg í Vesturhópi og hlaut nafnið Benónía.<sup>701</sup>

Segja má að yfirgnæfandi líkur bendi til að það sé þessi sama Ólöf sem enn tók léttasótt og fæddi þriðju hörgetnu dótturina í Kambakoti haustið 1795 og fyrr var á minnst, enda bókar presturinn er hann skráir þá barnsfæðingu að þetta sé þriðja hórdómsbrot móðurinnar. Í ljósi staðreyndanna sem hér hafa verið dregnar fram verður að telja mjög ólíklegt að sú sem fæddi barnið í Kambakoti, skammt norðan við prestssetrið á Höskuldsstöðum í Húnaþingi, haustið 1795 hafi ekki verið þessa húnvetnska Ólöf Eyvindsdóttir heldur alnafna hennar, dóttir Fjalla-Eyvindar, sem hvergi verður séð í skjallægum heimildum að hafi borist norður í Húnaþing. Órökstudd staðhæfing þess sem ritaði *Brot Skeggstaðaættar* nær hundrað árum eftir títtnefnda barnsfæðingu í Kambakoti dugar ekki til að hnekkja þeim sterku vísbendingum um móðernið sem fram koma í samtímaheimildum, það er að segja embættisbókum prestanna í Húnaþingi frá árunum 1785-1795. Í manntalinu frá 1801 eru fæðingarstaðir manna ekki tilgreindir en í allsherjarmantali frá 1816 er getið fæðingarstaðar nær allra sem þar eru skráðir. Við könnun á fæðingarstöðum íbúa Húnavatnssýslu árið 1816 kemur í ljós að aðeins einn maður í þeim liðlega 3000 manna hópi var fæddur í Ísafjardarsýslu.<sup>702</sup> Ólíklegt er að þeir hafi verið fleiri tveimur áratugum fyrr. Sýnir þetta með öðru hversu sáralitlar líkur eru á því að dóttir Fjalla-Eyvindar hafi flust búferlum úr Jökulfjörðum eða Ísafjardardjúpi norður í Húnaþing.

Hin húnvetnska Ólöf, sem hér hefur komið við sögu, var árið 1801 vinnukona á Þorleifsstöðum í Blönduhlíð í Skagafirði, sögð 35 ára.<sup>703</sup> Önnur Ólöf Eyvindsdóttir var þá vinnukona á Álfsstöðum í Hrafnfirði í Jökulfjörðum, sögð 48 ára gömul ekkja svo sem fyrr var nefnt. Líklegt má telja að þar sé komin dóttir Fjalla-Eyvindar og Höllu (sjá hér bls. 89) og

<sup>698</sup> Skagfirskar æviskrár 1850-1890, VI,222.

<sup>699</sup> Sóknarm.töl Þingeyra. Sbr. sóknarm.tal Kirkjuhvammssóknar í Melstaðarprestakalli 1785.

<sup>700</sup> Prestsþj.bækur Undirfells í Vatnsdal.

<sup>701</sup> Sama heimild, fermdar stúlkur 1808. Manntal 1801, norður- og austuramt, bls. 44. Manntal 1816, 776. Skagfirskar æviskrár 1850-1890, VI, 222.

<sup>702</sup> Manntal 1816, 752-826.

<sup>703</sup> Manntal 1801, norður- og austuramt, bls. 125. Skagfirskar æviskrár 1850-1890, VI, 222.

fullvíst að í manntalinu frá 1801 er enga aðra Ólöfu að finna sem til greina getur komið þó að leitað sé um land allt.<sup>704</sup> Í ritgerðum sínum í Húnavöku, sem fyrr voru nefndar, gerir Elinborg Jónsdóttir góða grein fyrir ýmsum niðjum þeirrar Ólafar Eyvindsdóttur sem hún taldi að hefði verið dóttir Fjalla-Eyvindar og virðist það hafa verið myndarfólk en kenningin um tengsl þess við Fjalla-Eyvind hangir á tæpasta bláþræði.

Um niðja Ólafar, dóttur Höllu og Fjalla-Eyvindar er í raun ekkert vitað. Minnt skal á að árið 1781 var þessi yngri dóttir þeirra vinnukona í Heydal í Vatnsfjarðarsveit við Djúp, sögð 24 ára, en sonur húsbænda hennar þar var Torfi Magnússon, síðar lengi prestur í Kirkjubólspingum við Djúp og áður lengi á Stað í Grunnavík fæddur 1786 (sjá hér bls. 80-84). Þegar komið var fram yfir 1850 munu fáir hafa verið líklegri en séra Torfi til að kunna einhver skil á niðjum Fjalla-Eyvindar vestra, svo margt sem hann hlýtur að hafa heyrt rætt um dætur Eyvindar og Höllu, þær Guðrúnu og Ólöfu, hjá nánnum ættingjum sínum í uppvexti og síðar hjá sóknarbörnum (sbr. hér bls. 80 og 83-89).

Á árunum skömmu fyrir eða um 1860 taldi séra Torfi að frá Ólöfu væru engir niðjar á lífi (sjá hér bls. 83 og 89) og dregur sú staðhæfing hans enn úr líkunum á því að hún eigi nú fjölmennan niðjahóp af húnvetnskum stofni. Séra Torfi taldi sig hins vegar vita að eldri systirin, Guðrún dóttir Fjalla-Eyvindar, ætti niðja á lífi. Í blaðinu Íslendingi frá 1. febrúar 1861 er frásögn sem byggir á upplýsingum séra Torfa (sjá hér bls 84 og 89) og þar er ritað á þessa leið:

*Börn þeirra Eyvindar vestur í Grunnavík [þ.e. Grunnavíkurbreppi] voru dætur tvær, Ólöf og Guðrún, og einn sonur, ónefndur. Af þeim eru engar ættir komnar nema Guðrúnu er giftist manni þeim er Guðmundur Oliversson hét.*

Hér hefur áður verið greint frá barneign Guðrúnar Eyvindsdóttur með Guðmundi Oliverssyni norður í Sléttuhreppi árið 1773 og vitnað í legorðsskýrslu yfirvalda því til staðfestingar að þau hafi þá eignast saman barn (sjá bls. 89). Séra Torfi fer því rétt með nafnið á þessum barnsföður Guðrúnar og vel getur verið að þau hafi síðar gengið í hjónaband þó engin heimild finnist um það nema orð séra Torfa og ekki sé kunnugt um aðrar barneignir þeirra.

Í legorðsskýrslunni úr Sléttuhreppi frá árinu 1773 er ekki getið um kyn eða nafn á barni Guðrúnar og Guðmundar en hins vegar tekið fram að móðirin sé ófermd og foreldrarnir án nokkurrar forsjár (sjá hér bls. 89). Þegar barnið fæddist var Guðrún komin yfir tvítugt ef marka má aldur hennar í sóknarmannatali frá árinu 1781 (sjá hér bls. 89) en hún stóð á lægsta þrepi þjóðfélagsstigans og kynni sem unglingur að hafa verið á faraldsfæti. Með hliðsjón af því þarf ekki að koma á óvart þó að dregist hafi að ferma hana.

<sup>704</sup> Manntal 1816, nafnalykill þess.

Enginn veit nú hvað varð um barnungann sem dóttir Fjalla-Eyvindar færði heiminum norður í Aðalvík eða annars staðar í Sléttuhreppi árið 1773 en hægt er að setja fram tilgátu.

Frá fornu fari hvíldi sú kvöð á Vatnsfjarðarkirkju að annast þann þyngsta og veikasta ómaga sem ella hefði lent á sveitarframfæri Sléttuhrepps. Um þessa kvöð, sem hvíldi á prestunum í Vatnsfirði, segir í Jarðabók Árna og Páls frá árinu 1710:

*Þetta [það er jörðin Slétta í Sléttuhreppi] er Christsfjárjörð gefin að fornu til uppheldis og forsorgunar þessarar sveitar guðspakkamönnum með þeim skilmála að presturinn sem héldi Vatnsfjarðarstað skyldi hafa öll byggingarráð yfir jörðinni og uppbera og að sjer taka afgang af nefndrar jarðar, en taka hjeðan af sveitinni til forsorgunar á þennan jarðar ágóða þann þyngsta og veikasta ómaga sem þessi hreppur ætti að forsorga ... og hefur þetta svo verið allt til þessa.<sup>705</sup>*

Full vissa er fyrir því að þessi ævagamli háttur, að ala kristfjárómaga úr Sléttuhreppi í Vatnsfirði, var enn við lýði fram undir lok níttjándu aldar. Sem dæmi má nefna að manntalið frá 1850 sýnir að hjá séra Arnóri Jónssyni í Vatnsfirði var þá stúlkan Sólbjört Guðmundsdóttir, 9 ára, kristfjárómagi, fædd í Aðalvíkursókn, og árið 1886 fékk þáverandi sóknarprestur á Stað í Aðalvík tuttugu krónur greiddar úr sveitarsjóði fyrir ferð inn í Vatnsfjörð .... Út af Sléttuómaganum.<sup>706</sup> Lögformlega var hinni fornu kvöð ekki létt af Vatnsfjarðarpresti fyrr en árið 1906 og þá gegn 1200.- króna greiðslu samkvæmt konungsúrskurði.<sup>707</sup>

Nú vill svo til að í elsta sóknarmannatalinu úr Vatnsfjarðarsveit, sem er frá árinu 1781, er skráð meðal heimilisfólks hjá prestinum í Vatnsfirði stúlkan Sigríður Guðmundsdóttir, 8 ára, og tekið fram að hún sé ómagi.<sup>708</sup>

Tilgátan sem hér var boðuð er sú að þessi stúlka muni hafa verið dóttir Guðrúnar Eyvindsdóttur og Guðmundar Oliverssonar, barnið sem fæddist norður í Sléttuhreppi árið 1773 og fyrr var getið. Aldurinn passar nákvæmlega og líka föðurnafnið. Í sóknarmannatalinu frá 1781 er að vísu ekki tekið fram að hún sé kristfjárómagi en hafi einhver slíkur verið í Vatnsfirði árið 1781 eins og venja var þá er það hún því að úr röðum þáverandi heimafólks á staðnum kemur enginn annar til greina.<sup>709</sup> Barn Guðrúnar Eyvindsdóttur var líka eina lausaleiks barnið sem fæddist í Sléttuhreppi árið 1773<sup>710</sup> og styrkir það tilgátuna.

Fróðastur allra um ættir Djúpmanna á síðari öldum er Ásgeir

<sup>705</sup> Jarðabók Á. og P. VII, 285.

<sup>706</sup> Hsk. á Ísafirði, aðfanganr. 18, kassi IV. Hreppsbók fyrir Sléttuhrepp 1884-1906, bls. 63.

<sup>707</sup> Skj.s.sýslum. og sv.stj. Ís. XVI. 9. Veðmálalabók 1898-1907, 628.

<sup>708</sup> Sóknarm.töl Vatnsfjarðarprestakalls.

<sup>709</sup> Sbr. sóknarm.tal Vatnsfjarðarprestakalls 1781.

<sup>710</sup> Skj.s. stiftamt. III, nr. 239. Skrár um legorðsmál 1772-1806, legorðsskýrslur 1772, (1773 þar).

Svanbergsson, fyrrum bóndi í Þúfum í Vatnsfjarðarsveit og aðalhöfundur Vigurættar, tíu binda niðjatala Þórðar Ólafssonar, bónda og stúdents í Vigur, sem fæddur var árið 1727, og beggja eiginkvenna hans. Ásgeir segir að hvergi sjáist að nýnefnd Sigríður hafi verið í nokkrum ættartengslum við fólk í heimabyggð sinni, Vatnsfjarðarsveit, eða annars staðar í Inn-Djúpi.<sup>711</sup> Styrkir það enn tilgátuna um að stúlkan hafi verið kristfjárómagi, fædd norður í Aðalvíkursveit. Hér er einnig á það að líta að enginn af íbúum Sléttuhrepps gat fallið betur að skilgreiningunni um hinn *þyngsta og veikasta ómaga* en ungbarn örbjarga foreldra, *án nokkurrar forsjár* (sbr. hér bls. 89). Í ljósi alls þessa er tilgátan sett fram því telja má sterkar líkur fyrir því að stúlkubarnið Sigríður Guðmundsdóttir í Vatnsfirði hafi verið dótturdóttir Fjalla-Eyvindar og Höllu. Hér verður þó að taka skýrt fram að sannanir fyrir þessu skortir og því aðeins um að ræða rökstudda tilgátu.

Þegar Árni Magnússon kom í Aðalvík sumarið 1710 og hlýddi á frásagnir heimafólks um samskiptin við Vatnsfjarðarpresta út af kristfjárómaganum bókaði hann líka þetta:

*Kvöð hefur sú verið lángrandi að færa prestinum í Vatnsfirði einn brennivínskút ásamt landskuld og leigum [af jörðinni Sléttu] sem ekki hefur til reiknings komið upp í nein þeirra skuldaskifti, en fyrir 15 eður 16 árum voru 2 ábúendur [á Sléttu] og skenkti þá sinn kútinn hvör, sem sagt er að staðarhaldarinn hafi þá nokkru launað.<sup>712</sup>*

Líklega hefur vottað fyrir brosi í augnakrökum handritasafnarans mikla er hann skráði þessi tíðindi. Óljóst er hvenær hin gamla kvöð um einn eða tvo brennivínskúta á ári norðan frá Sléttu til handa prestinum í Vatnsfirði féll niður en fullvíst er að slíkar sendingar hafa glatt margan drottins þjón á þeim fornfræga stað, bæði fyrr og síðar.

Sigríður Guðmundsdóttir, sem var átta ára ómaga í Vatnsfirði árið 1781, náði að komast upp. Hún giftist Bjarna Guðfínnusyni og voru þau gift hjú í Vatnsfirði árin 1798 og 1799.<sup>713</sup> Árið 1800 voru þau farin að búa í Vatnsfjarðarkoti og bjuggu þar til vorsins 1802 er þau fluttust að Vatnsfjarðarseli.<sup>714</sup> Úr hópi barna Sigríðar og Bjarna má nefna Jón, Guðríði, Jófríði, Guðrúnu og Setceliu, öll fædd á árunum 1798 til 1803.<sup>715</sup>

Hér var þess áður getið að Guðrún, dóttir Fjalla-Eyvindar og Höllu, hefði andast á víðavangi á jólafestunni árið 1801 og verið jarðsett í Vatnsfirði (sjá hér bls. 90). Hafi Sigríður Guðmundsdóttir, þá húsfreyja í Vatnsfjarðarkoti, verið dóttir Guðrúnar eins og líkur hafa verið leiddar að á þessum blöðum má telja sennilegt að í sinni feigðarför hafi Guðrún verið á leið til dóttur sinnar og fjölskyldu hennar í kotinu ellegar að koma þaðan.

<sup>711</sup> Ásgeir Svanbergsson. - Viðtal K.Ó við hann í september 2005.

<sup>712</sup> Jarðabók Á. og P. VII, 285.

<sup>713</sup> Prestsþj.bækur Vatnsfjarðarprestakalls.

<sup>714</sup> Sóknarm.töl Vatnsfj.prestakalls. Manntal 1801.

<sup>715</sup> Prestsþj.bækur og sóknarm.töl Vatnsfj.prestakalls. Manntal 1801.

Hver sem er getur leikið sér að því að rekja ættir frá Sigríði Guðmundsdóttur og Bjarna Guðfynnusyni, hjónunum sem bjuggu í Vatnsfjarðarkoti um aldamótin 1800 og síðar í Vatnsfjarðarseli. Í nútímanum eiga þau fjölda niðja. Hér verður aðeins getið litlu nánar um eitt barna þeirra, Jófríði. Hún giftist Hjalta Gíslasyni og bjuggu þau árið 1835 á Breiðabóli í Skálavík ytri við Ísafjarðardjúp en fimm árum síðar var Jófríður ekkja í húsmennsku á Kroppstöðum í Skálavík.<sup>716</sup> Hjónin Jófríður Bjarnadóttir og Hjalti Gíslason eignuðust nokkur börn. Þar á meðal Setzelíu, Sigríði og Jón sem öll voru hjá móður sinni á Kroppstöðum árið 1840, dæturnar þá sagðar 8 og 9 ára en drengurinn eins árs.<sup>717</sup> Jón Hjaltason, sonur Jófríðar, var árið 1845 kominn að Ármúla í Nauteyrahreppi og ólst þar upp sem fósturbarn hjá Bjarna bónda Gíslasyni og konu hans, Margréti Magnúsdóttur.<sup>718</sup> Hann komst aldrei í bændatölu en var ýmist vinnumaður eða tómt húsmáður, oftast á Ármúla.<sup>719</sup> Hann kvæntist árið 1875 Guðrúnu Jónsdóttur og af börnum þeirra komust fjögur upp og líka sonur sem Jón eignaðist fyrir hjónaband með annarri konu.<sup>720</sup> Jón Hjaltason dó á Ármúla 31. október 1883.<sup>721</sup> Hann var skáldmæltur og orti skömmu fyrir andlát sitt kaldhæðna vísu sem fannst í rúmbælinu þegar farið var að búa um líkið. Er hún svona:

*Lítið þið á hvar liggur skrokkur,  
langur og mjór í kistunni,  
það er Jón, Hjalta niðji nokkur,  
nýklakið barn í fyrstunni.  
Hann át og vóx og varð svo hár  
að vantaði fátt í álnir þrjár.  
Hann reri og sló og reyrði sátur,  
raulaði stundum skammarbrag,  
ýmist var hljóður eða kátur,  
óreglumáður nótt oög dag.  
Barnaómegð á hreppinn hlóð,  
hóstandi kvaddi land og þjóð.<sup>722</sup>*

Lýkur hér þætti af Fjalla-Eyvindi og dætrum hans og hinum örfáu Hreppamönnum sem á dögum Eyvindar voru búsettir í Ísafjarðarsýslu en einn þeirra var séra Bergsveinn Hafliðason á Stað.

\* \* \*

Þann 7. febrúar 1755 var séra Bergsveini Hafliðasyni veittur Staður í

<sup>716</sup> Manntöl 1835 og 1840. Sbr. Manntal 1845, vesturamt, bls. 335.

<sup>717</sup> Sömu heimildir.

<sup>718</sup> Manntal 1845. Sbr. Manntöl 1850 og 1855, Ármúli.

<sup>719</sup> Manntöl 1860, 1870 og 1880, Ármúli.

<sup>720</sup> Prestsþj. bækur Kirkjubólspinga. Vestfirskar ættir II, 606.

<sup>721</sup> Sömu heimildir.

<sup>722</sup> Ársrit Sögufélags Ísfirðinga 1957, 71.

Grunnavík<sup>723</sup> og mun hann hafa flust þangað norður þá um vorið ásamt fjölskyldu sinni. Í Súgandafirði höfðu séra Bergsveinn og Halldóra kona hans eignast eigi færri en þrjú börn sem náðu að komast upp og var eitt þeirra Jóhann sem varð prestur í Garpsdal.<sup>724</sup> Á Stað í Grunnavík sat Bergsveinn prestur í sjö ár og andaðist þar 4. nóvember 1762.<sup>725</sup> Í síðari tíma heimildum er þess getið að hann hafi verið *nokkuð drykkfelldur*<sup>726</sup> – *bráðlyndur og í minna lagi góðmenni*.<sup>727</sup>

Hér var áður á það minnst að Bergsveinn Hafliðason hefði árið 1742 tekið nauðugur við Staðarprestakalli í Súgandafirði en hann hlýddi þó boði biskups. Öðruvísi tókst til þegar velja átti eftirmann séra Bersveins árið 1755. Finnur Jónsson biskup lagði þá fyrir Einar Einarsson stúdent frá Svínanesi í Múlasveit við Breiðafjörð að gerast prestur Súgfirðinga en hann þverneitaði.<sup>728</sup> Stúdent þessi var þá hálfþrítugur að aldri og var í þjónustu Sigurðar alþingisskrifara Sigurðssonar á Hlíðarenda í Fljótshlíð.<sup>729</sup> Svo fór að Einar frá Svínanesi tók aldrei prestvígslu,<sup>730</sup> enda má ætla að hann hafi kallað yfir sig reiði kirkjuyfirvalda er hann neitaði að hlýða kalli biskups. Fróðir menn hafa talið að það sé þessi Einar Einarsson sem á árunum 1756-1761 var skipstjóri á Haffrúnni, þilskipi sem stjórn *Innréttunganna* í Reykjavík lét smíða í Örfirisey.<sup>731</sup> Breiðfirðingurinn sem neitaði að gerast prestur í Súgandafirði hefur þá orðið skipstjóri á skútu, einn sá allra fyrsti af hérlendum mönnum.

Haustið 1755 var ungur dóttursonur séra Hjalta Þorsteinssonar í Vatnsfirði vígður til prests og hafði þá fengið veitingu fyrir Stað í Súgandafirði.<sup>732</sup> Piltur þessi, sem þá var aðeins liðlega tvítugur að aldri, hét Þorsteinn Þórðarson og gegndi hann prestsstörfum í Súgandafirði frá 1755 til 1763 en varð þá prestur á Stað í Grunnavík.<sup>733</sup> Séra Þorsteinn kom aftur til Súgandafjarðar árið 1772. Hann tók þá að nýju við sínu fyrra embætti og þjónaði Súgfirðingum sem prestur allt til ársins 1802.<sup>734</sup> Verður hér síðar sagt nánar frá honum (sjá hér bls. 101-115).

Er séra Þorsteinn fór til Grunnavíkur árið 1763 var séra Ásgeiri Bjarnasyni veittur Staður í Súgandafirði.<sup>735</sup> Hann var þá sextugur að aldri og hafði verið prestur í Ögurþingum í fullan þriðjung aldar.<sup>736</sup> Faðir séra

<sup>723</sup> Ísl. æviskrár I, 145.

<sup>724</sup> Ísl. æviskrár I, 92 og 145, og III, 19. Manntal 1801, vesturamt, bls. 350.

<sup>725</sup> Ísl. æviskrár I, 145.

<sup>726</sup> Sama heimild.

<sup>727</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>728</sup> Ísl. æviskrár I, 344-345. Sbr. Lögréttumannatal, bls. 102.

<sup>729</sup> Sama heimild.

<sup>730</sup> Sama heimild.

<sup>731</sup> Sama heimild.

<sup>732</sup> Sama heimild V, 234.

<sup>733</sup> Sama heimild.

<sup>734</sup> Sama heimild V, 234.

<sup>735</sup> Sama heimild I, 88-89.

<sup>736</sup> Sama heimild.



Ásgeirs og föðurfaðir höfðu báðir verið prestar í Árnesi í Trékyllisvík á Ströndum en móðir hans var frá Ósi í Steingrímsfirði.<sup>737</sup>

Séra Ásgeir var fæddur í Árnesi árið 1703 og varð prestur í Ögurþingum árið 1730.<sup>738</sup> Ludvig Harboe, sem hér hefur áður verið nefndur, fékk mikið álit á séra Ásgeiri og vildi að honum yrði veitt Holt í Önundarfirði<sup>739</sup> sem þá var talið annað besta brauðið á Vestfjörðum. Árið 1746 fékk séra Ásgeir vonarbréf fyrir Holti en nýtti sér það ekki þegar það góða kall losnaði árið 1760.<sup>740</sup>

Svo virðist sem séra Ásgeir hafi ekki verið mikið hneigður fyrir umsvif þegar leið á ævina og kosið fremur að hafa hægt um sig. Með öðru móti er vart hægt að skýra þá ákvörðun hans að hafna prestsembættinu í Holti en taka fremur við Staðarprestakalli í Súgandafirði.

Hér á Stað var séra Ásgeir reyndar aðeins í þrjú ár, frá 1763 til 1766, en tók þá við Dýrafjarðarþingum og fluttist að Mýrum í Dýrafirði.<sup>741</sup> Þar þjónaði hann allt til dauðadags en andlát hans bar að 4. ágúst 1772.<sup>742</sup>

Í Íslenskum æviskrám er séra Ásgeir sagður hafa verið *merkismaður, hægur og siðlátur*.<sup>743</sup> Hann var ágætur skrifari og hefur skrifað upp mikinn fjölda handrita.<sup>744</sup> Mörg þeirra eru enn varðveitt<sup>745</sup> svo og ættartölubók hans, annáll og íslenskt/latneskt orðasafn er hann samdi.<sup>746</sup>

Séra Ásgeir Bjarnason var líka hagamæltur og fékkst eitthvað við vísnagerð. Í safni Jóns Sigurðssonar forseta er varðveitt sérkennileg vísa eftir þennan langafa hans og er hún svona:

*Af boga margur beint skaut.  
Brúðir falda háskaut.  
Kappar beita klóskaut.  
Knýfis vinda fljóð skaut.  
Kirtill hefur kort skaut.  
Kjöltu nefna menn skaut.  
Í skinnbrók setja setskaut.  
Sjómenn negla á ár skaut.<sup>747</sup>*

Svo virðist sem þeir feðgar, séra Ásgeir Bjarnason og séra Jón Ásgeirsson, síðast prestur í Holti í Önundarfirði, hafi haft gaman af að setja saman romsur af þessu tagi en eina slíka eftir séra Jón Ásgeirsson má finna annars staðar í þessu riti (sjá hér Holt). Vel má vera að Þórdís, prestsfrú á

<sup>737</sup> Ísl. æviskrár I, 40, 88 og 167-168.

<sup>738</sup> Ísl. æviskrár I, 88-89.

<sup>739</sup> Skj.s. kirkjustjórnarráðsins K. I.4, innkomin bréf og önnur skjöl 1744-1745. Umsagnir Ludvigs Harboe um presta í Ísafj.sýslu.

<sup>740</sup> Ísl. æviskrár I, 88-89. Sbr. Sveinn Níelsson 1950, 192.

<sup>741</sup> Sama heimild. Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>742</sup> Sömu heimildir.

<sup>743</sup> Ísl. æviskrár I, 88-89.

<sup>744</sup> Sama heimild.

<sup>745</sup> JS. 474<sup>8vo</sup>.

<sup>746</sup> Ísl. æviskrár I, 88-89.

<sup>747</sup> JS. 474<sup>8vo</sup>, bls. 55.

Rafnseyri, dóttir séra Jóns Ásgeirssonar, hafi líka iðkað svona orðaleiki eins og faðir hennar og afi en um það hvort svo hafi verið veit nú líklega enginn

Kona séra Ásgeirs var Þórdís, dóttir Jóns yngra í Veidileysu í Árneshreppi Sigmundssonar.<sup>748</sup> Börn séra Ásgeirs og Þórdísar konu hans, sem upp komust, voru tvö, Sigríður, sem varð fyrri kona Sigurðar Ólafssonar í Ögri, og Jón sem varð aðstoðarprestur föður síns í Dýrafirði og tók við Dýrafjarðarþingum að honum látnum.<sup>749</sup> Hann varð síðar prestur í Holti í Öndarfirði (sjá hér Mýrar, Sandar og Holt) en dóttir hans var Þórdís, móðir Jóns Sigurðssonar forseta. Séra Ásgeir Bjarnason var því langafi Jóns forseta.

Til er bréf sem Ásgeir prestur skrifaði Finni biskupi Jónssyni sumarið 1763, þá alveg nýlega fluttur að Stað í Súgandafirði<sup>750</sup> og segir hann þar m.a. þetta:

*Hans háeruverðugheita sérhverjar mér og syni mínum Jóni margbreyttar velgjörðir samt mikið elskulegt tilskrif og þar fylgjandi aldeilis langt frá af mér tilætlaða örlætissending þakka ég auðmjúklega. Einkum þakka ég hans háeruverðugheita föðurlega tilhlutan viðvíkjandi brauðaskiptunum því Ögur var mér, lúnum og fátækum, í margan máta orðið ærið besværlegt [það er erfitt – innsk. K.Ó.] og læt því hægð og sæmilega bújörð og hana fríja með víðara heita nokkurs vert, þótt prestakallið sé annars sérdeilis fátækt og kirkjujörðin Vatnadalur frammar en ég vissi undangengin [sjá hér bls. 46-48]. Vil þó fúslega með ánægju undir guðs forsjón gjöra mér að góðu sem komið er ... .*<sup>751</sup>

Sendinguna frá biskupi, sem séra Ásgeir er þarna að þakka fyrir, hefur hann að líkindum fengið með Jóni syni sínum er útskrifaðist úr Skálholtsskóla með mjög lofsamlegum vitnisburði vorið 1763<sup>752</sup> og mun fyrir skömmu hafa verið kominn heim til foreldra sinna á Stað er bréfið var ritað. Í þessu sama bréfi til biskups lætur séra Ásgeir þess getið að þetta árið verði Jón sonur sinn heima í foreldrahúsum<sup>753</sup> og svo fór að Jón stúdent Ásgeirsson dvaldist hjá foreldrum sínum hér á Stað öll þrjú árin sem faðir hans var sóknarprestur Súgafirðinga.<sup>754</sup> Prestvígslu tók þessi afi Jóns Sigurðssonar forseta hins vegar ekki fyrr en hann fluttist með föður sínum úr Súgandafirði í Dýrafjörð árið 1766.

<sup>748</sup> Ísl. æviskrár I, 88-89. Séra Jón Guðnason 1955, 443.

<sup>749</sup> Ísl. æviskrár I, 88-89 og III, 54.

<sup>750</sup> Bps. A. IV, nr. 61a. Bréf séra Ásgeirs Bjarnasonar 22.6.1763 til Finns biskups Jónssonar.

<sup>751</sup> Sama heimild.

<sup>752</sup> Ísl. æviskrár III, 54.

<sup>753</sup> Bps. A. IV, nr. 61a. Bréf séra Ásgeirs Bjarnasonar 22.6.1763 til Finns biskups Jónssonar.

<sup>754</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

Annað bréf skrifaði séra Ásgeir á Stað Finni biskupi 14. júní 1765.<sup>755</sup> Þar greinir hann frá sameiginlegum óskum sjálfs sín og séra Gísla Bjarnasonar á Mýrum í Dýrafirði um að þeir fái að hafa brauðaskipti en tekur fram að af sinni hálfu komi slíkt þó því aðeins til greina að hann fái Jón son sinn fyrir aðstoðarprest.<sup>756</sup> Ljóst er að séra Gísli, sem kominn var á sjötugsaldur, treysti sér ekki lengur til ferða yfir Sandsheiði á annexíuna á Sæbóli á Ingjaldssandi.<sup>757</sup> Í þær ferðir kvaðst séra Ásgeir líka vera ófær en tekur fram að öðru máli gegni með Jón son sinn<sup>758</sup> sem þá var að verða 25 ára gamall.

Finnur biskup brást vel við þessum tilmælum prestanna í Súgandafirði og Dýrafjarðarþingum um brauðaskipti og frá málinu var gengið á Alþingi í júlímánuði þetta sama ár.<sup>759</sup> Þeir sátu þó um kyrrt til næstu fardaga en skiptu á brauðum vorið 1766.<sup>760</sup> Þann 3. ágúst á því ári var Jón Ásgeirsson svo vígður til prests og varð þá aðstoðarprestur föður síns í Dýrafjarðarþingum.<sup>761</sup>

Séra Gísli Bjarnason, sem varð prestur á Stað í Súgandafirði vorið 1766, var bóndasonur úr Borgarfirði, fæddur í Kalmanstungu um 1703.<sup>762</sup> Árið 1718 hóf hann nám í Skálholtsskóla en var vísað úr skólanum fjórum árum síðar vegna lítilla framfara.<sup>763</sup> Hann mun þó hafa útskrifast frá skólanum í Skálholti árið 1727 og var síðan við búskap í Kalmanstungu allt til ársins 1739 en fluttist þá að Hrófbergi í Steingrímsfirði.<sup>764</sup> Jón biskup Árnason mun hafa talið að Gísli væri illa fallinn til prestskapar og sagt er að biskup hafi neitað að veita honum kall. Þeir Gísli Bjarnason og Jón biskup voru reyndar nátengdir því fyrri kona Gísla, Guðrún Sigurðardóttir, var systurdóttir biskupsins.<sup>765</sup>

Vorið 1748, fimm árum eftir andlát Jóns biskups Árnasonar, var Gísla Bjarnasyni loksins veitt brauð og var það Tröllatunga í Steingrímsfirði.<sup>766</sup> Þann 28. apríl 1748 tók hann vígslu<sup>767</sup> og var þá kominn hátt á fimmtugsaldur. Tröllatunguprestakalli þjónaði Gísli í tíu ár, frá 1748 til 1758 er honum voru veitt Dýrafjarðarþing, en prestsembættinu í Dýrafjarðarþingum gegndi hann í átta ár, frá 1758 til 1766, og sat á Mýrum.<sup>768</sup> Hér hefur áður verið sagt frá brauðaskiptum séra Gísla á Mýrum og séra Ásgeirs Bjarnasonar á Stað í Súgandafirði vorið 1766 en Gísli fluttist þá að Stað og gerðist prestur Súgfirðinga. Staðarprestakalli

<sup>755</sup> Bps. A. IV, nr. 61a. Bréf séra Ásgeirs Bjarnasonar 14.6.1765 til Finns biskups Jónssonar.

<sup>756</sup> Bps. A. IV, nr. 61a. Bréf séra Ásgeirs Bjarnasonar 14.6.1765 til Finns biskups Jónssonar.

<sup>757</sup> Sama heimild.

<sup>758</sup> Sama heimild.

<sup>759</sup> Ísl. æviskrár II, 43-44. Sbr. síðast tilvitnað bréf.

<sup>760</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>761</sup> Ísl. æviskrár III, 54.

<sup>762</sup> Sama heimild II, 43-44.

<sup>763</sup> Sama heimild.

<sup>764</sup> Sama heimild.

<sup>765</sup> Sama heimild II, 43-44 og IV, 267.

<sup>766</sup> Sveinn Níelsson 1950, 211. Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>767</sup> Sveinn Níelsson 1950, 211. Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>768</sup> Sömu heimildir. Ísl. æviskrár II, 43-44.

þjónaði hann í sex ár en lét af embætti árið 1772 og dó á næsta ári.<sup>769</sup>

Sighvatur Borgfirðingur hafði ýmsar spurnir af Gísla presti Bjarnasyni og segir að hann hafi verið *góðmenni einstakt en lítið til lærdóms hneigður og lítt lærður og mjög einfaldur*.<sup>770</sup> Banalega séra Gísla mun hafa orðið nokkuð löng því í Djáknaannálum segir að fyrir andlát sitt árið 1773 hafi hann legið *í þungum sjúkdómi hálfri annað ár*.<sup>771</sup>

Í biskupsskjalasafni er varðveitt fáorð skýrsla frá séra Gísla, dagsett 16. ágúst 1769, og gerir hann þar grein fyrir hverjar séu áætlaðar tekjur hans af prestsstarfinu í Súgandafirði það ár.<sup>772</sup> Séra Gísli reiknar þarna með 39 og ½ alin í preststíund af fasteignum (sbr. hér bls. 31-34 og 53-54) og 12 álum í lausafjártíund.<sup>773</sup> Í tekjur af heytollum reiknar hann með 85 álum og gerir ráð fyrir að fá greitt í dagsverkum sem svari 25 álum.<sup>774</sup> Samtals gerði þetta 161 og ½ alin eða 5 ríkisdali og 37 skildinga en í brauðmatinu frá 1737 hafði verið gert ráð fyrir að árstekjur Staðarpresta næmu 5 ríkisdölum (sjá hér bls. 33). Árið 1769 var hins vegar orðin venja að Staðarprestur í Súgandafirði fengi vissa launauppbót úr fjárhirslu konungs vegna hinna lágu tekna af prestakallinu og í skýrslu séra Gísla frá árinu 1769 kemur fram að hann gerir ráð fyrir að sú upphæð nemi *eftir venju* 281 alin á því ári.<sup>775</sup> Samtals hafa tekjurnar því numið 442 álum og hálfri betur eða tæplega 15 ríkisdölum því hver ríkisdalur var virtur á 30 álnir í öllum innanlandsviðskiptum.<sup>776</sup>

Þegar séra Gísli Bjarnason fluttist til Súgandafjarðar vorið 1766 var hann kvæntur seinni konu sinni, Þuríði Jónsdóttur frá Melum í Hrútafirði, afasystur Jóns kammerráðs Jónssonar sem fæddur var árið 1787 og lengi gerði garðinn frægan á Melum.<sup>777</sup> Um Þuríði frá Melum, prestsfrú á Stað, segir Sighvatur Borgfirðingur að hún hafi verið talin kvenna best skrifandi.<sup>778</sup> Þau Gísli og Þuríður munu hafa gengið í hjónaband áður en hann tók prestvígslu árið 1748 því dóttir þeirra, Guðrún Gísladóttir, húsfreyja í Neðri-Vatnadal, er sögð 54 ára í manntalinu sem tekið var árið 1801<sup>779</sup> og hefur því verið um tvítugt þegar foreldrar hennar fluttust að Stað. Með fyrri konu sinni, Guðrúnu Sigurðardóttur frá Brjánslæg, mun Gísli prestur ekki hafa eignast börn<sup>780</sup> en börn þeirra Þuríðar voru a.m.k. fjögur, allt dætur,<sup>781</sup> og er líklegt að þær hafi allar flust með foreldrunum

<sup>769</sup> Ísl. æviskrár II, 43-44.

<sup>770</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>771</sup> Annálar VI, 179.

<sup>772</sup> Bps. A. IV, nr. 61a. Skýrsla séra Gísla Bjarnasonar, dagsett á Stað 16.8.1769, um *inntekt Staðarprestakalls* á árinu 1769.

<sup>773</sup> Sama heimild.

<sup>774</sup> Sama heimild.

<sup>775</sup> Sama heimild.

<sup>776</sup> Sbr. Jón J. Aðils 1971, 419-420.

<sup>777</sup> Séra Jón Guðnason 1955, 9-11. Sbr. Ísl. æviskrár III, 198.

<sup>778</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>779</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir. Ísl. æviskrár II, 43-44. Manntal 1801, vesturamt, bls. 304.

<sup>780</sup> Ísl. æviskrár II, 43-44.

<sup>781</sup> Sama heimild.

hingað að Stað. Þær hétu Guðrún, Halldóra, Þuríður og Guðbjörg.<sup>782</sup> Guðrún varð húsfreyja í Vatnadal eins og hér var nefnt. Halldóra giftist Páli, syni séra Hákonar Snæbjörnssonar á Álftamýri, og bjuggu þau á Álfadal á Ingjaldssandi.<sup>783</sup> Fyrir hjónaband eignaðist Halldóra son með Jóni Jónssyni á Suðureyri og var það Jón Jónsson, silfursmiður á Hvilft, er fæddist árið 1772 og drukknaði 1812 (sjá hér Hvilft). Þriðja systirin, Þuríður Gísladóttir, giftist Ólafi Magnússyni, bónda á Núpi í Dýrafirði, um 1780 en árið 1791 fluttust þau að Eyri í Önundarfirði (sjá hér Núpur og Eyri). Fjórða systirin sem upp komst hét Guðbjörg<sup>784</sup> en um hana er fátt kunnugt.

Ekkja séra Gísla Bjarnasonar, Þuríður Jónsdóttir, náði háum aldri en hún andaðist 85 ára gömul hjá Þuríði dóttur sinni á Eyri þann 15. nóvember árið 1801.<sup>785</sup>

Séra Þorsteinn Þórðarson, sem var prestur á Stað í Súgandafirði á árunum 1755 til 1763 og svo aftur frá 1772 til 1802, var fæddur árið 1733 eða því sem næst.<sup>786</sup> Foreldrar hans voru séra Þórður Guðmundsson, þá aðstoðarprestur séra Hjalta Þorsteinssonar í Vatnsfirði, og eiginkona séra Þórðar, Halldóra Hjaltadóttir, en hún var dóttir séra Hjalta í Vatnsfirði. Báðir afar Þorsteins Þórðarsonar voru prestar í góðum brauðum á Vestfjörðum því föðurfaðir hans var séra Guðmundur Vernharðsson, síðast prestur í Selárdal í Arnarfirði, dáiinn 1738.<sup>787</sup> Einn þriggja sona séra Guðmundar Vernharðssonar var Þorlákur, faðir séra Jóns Þorlákssonar, skálds á Bægisá.<sup>788</sup> Séra Þorsteinn á Stað og séra Jón á Bægisá voru því bræðrasynir.

Þegar drengurinn Þorsteinn var eins eða tveggja ára var föður hans, séra Þórði Guðmundssyni, veittur Grenjaðarstaður og mun hann hafa flust norður þangað með fjölskyldu sína vorið 1735.<sup>789</sup> Séra Þórður andaðist sumarið 1741 og hafði þá verið prestur á Grenjaðarstað í sex ár.<sup>790</sup> Við andlát séra Þórðar var Þorsteinn sonur hans aðeins átta ára gamall eða þar um bil og er talið að hann hafi allt frá níu ára aldri alist upp hjá ættingjum sínum á Vestfjörðum og átt í uppvexti lengsta dvöl hjá föðurbróður sínum, séra Vernharði Guðmundssyni<sup>791</sup> sem varð haustið 1744 aðstoðarprestur Þorláks bróður síns í Selárdal og þjónaði Laugardalssókn í Tálknafirði næstu árin en varð seinna prestur í Otradal.<sup>792</sup>

Fullvíst má telja að frændur Þorsteins Þórðarsonar hafi styrkt hann til skólanáms sem hann stundaði í Skálholti. Árið 1755 var honum veittur

<sup>782</sup> Ísl. æviskrár II, 43-44.

<sup>783</sup> Ísl. æviskrár II, 43-44 og 234-235. Sbr. Manntal 1801, vesturamt, bls. 286.

<sup>784</sup> Ísl. æviskrár II, 43-44.

<sup>785</sup> Sama heimild.

<sup>786</sup> Sama heimild V, 234.

<sup>787</sup> Sama heimild II, 186-187.

<sup>788</sup> Sama heimild V, 157.

<sup>789</sup> Sama heimild, 96-97.

<sup>790</sup> Sama heimild.

<sup>791</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>792</sup> Ísl. æviskrár V, 41-42.

Staður í Súgandafirði og var hann vígður til prests 19. október þá um haustið.<sup>793</sup> Líklegt er að hinn ungi prestur hafi farið vestur strax eftir vígsluna og tekið við búsföráðum á Stað í byrjun vetrar. Hann var þá 22ja ára gamall eða þar um bil og ókvæntur. Fáum árum síðar náði hann að festa sér konu, Kristínu Þórðardóttur, sem mun hafa verið fædd 1740 eða 1741 því hún er sögð vera 21 árs í manntalinu frá 1762<sup>794</sup> og 60 ára í manntalinu frá 1801.<sup>795</sup> Ef marka má nýnefnd manntöl var Kristín aðeins sextán eða sautján ára er séra Þorsteinn gerði henni barn í fyrsta sinn. Árið 1762 er elsta barn þeirra sagt vera 4 ára gamalt og í manntalinu frá 1. febrúar 1801 er Guðrún dóttir þeirra talin 42ja ára.<sup>796</sup> Ætla má að Kristín Þórðardóttir og séra Þorsteinn á Stað hafi þó verið þússuð saman í hjónaband allmörgum mánuðum áður en elsta barn þeirra fæddist því hætt er við að án þess hefði hempan tapast við barneignina.

Kristín Þórðardóttir, sem ung að árum varð prestsfrú hér á Stað, var bóndadóttir frá Veðrará í Önundarfirði.<sup>797</sup> Sighvatur Borgfirðingur segir að Þórður Jósepson faðir hennar hafi verið sonarsonur séra Torfa Ísleifssonar, prests á Stað í Súgandafirði,<sup>798</sup> en sú kenning fær ekki staðist því þó að gert væri ráð fyrir að Þórður hefði eignast þessa dóttur sína tvítugur þá hefði hann samt aðeins verið 28 árum yngri en séra Torfi sem fæddur var árið 1693 (sjá hér bls. 63-64). Torfi prestur var því bara 48 árum eldri en Kristín og hugmyndum um að hann hafi verið langafi hennar er óhjákvæmilegt að vísa á bug.

Líklegt er að Kristín hafi verið dóttir Þórðar Eiríkssonar, sem var bóndi á Ytri-Veðrará 1735 og á Innri-Veðrará 1753<sup>799</sup>. Um Kristínu hefur Sighvatur eftir Daða Níelssyni fróða að hún hafi verið *sallíf mjög* og fengið *illt orð* og lætur fylgja sögunni að hún hafi fengið 120 spesíudali í heimanmund þegar hún giftist séra Þorsteini.<sup>800</sup> Vart þarf að taka fram að sleggjudómum af þessu tagi ber að taka með fyllstu varúð.

Sighvatur Borgfirðingur segir að séra Þorsteini Þórðarsyni hafi vegnað vel á Stað á sínum fyrri prestskaparárum þar, 1755-1763,<sup>801</sup> og skjalfest er að árið 1762 átti hann stóran sexæring sem róið var á til fiskjar og farið í hákarlalegur (sjá hér Suðureyrarhreppur, inngangskaffli). Um séra Þorstein var ritað löngu eftir dauða hans að hann hafi verið *gáfnadaufur og einfaldur í kenningum*<sup>802</sup> og Sighvatur Borgfirðingur lætur þess getið að Staðarprestur þessi hafi mælt *margin gégómlegt í ræðum sínum*.<sup>803</sup> Að sögn

<sup>793</sup> Ísl. æviskrár V, 234.

<sup>794</sup> Manntal 1762.

<sup>795</sup> Manntal 1801, vesturamt, bls. 305.

<sup>796</sup> Manntal 1762. Manntal 1801, vesturamt, bls. 339. Sbr. Ísl. æviskrár V, 234.

<sup>797</sup> Ísl. æviskrár V, 234.

<sup>798</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>799</sup> Bændatöl og skuldaskrár 1720-1765, Ísafj.s. um 1735, eftirrit. Jarða- og bændatöl 1752-1767. Ísafj.s. 1753.

<sup>800</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>801</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>802</sup> Ísl. æviskrár V, 234.

<sup>803</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

Sighvats var séra Þorsteinn *frómlyndur maður ... en bráðlyndur* og góður skrifari.<sup>804</sup>

Vorið 1763 fluttist séra Þorsteinn ásamt fjölskyldu sinni burt úr Súgandafirði en hann hafði þá fengið veitingu fyrir Stað í Grunnavík.<sup>805</sup> Prestsembættinu þar norður frá gegndi hann á tíunda ár en haustið 1772 var honum veittur Staður í Súgandafirði í annað sinn.<sup>806</sup> Sú staðreynd að Þorsteinn prestur skyldi sækja aftur til Súgandafjarðar bendir til þess að hann hafi unað hag sínum lakar í Grunnavík, enda fullyrðir Sighvatur Borgfirðingur að þar hafi honum vegnað miður en hér í Súgandafirði.<sup>807</sup> Af sjö börnum séra Þorsteins og Kristínar konu hans, sem náðu að vaxa úr grasi, fæddust þrjú áður en þau fóru úr Súgandafirði til Grunnavíkur og önnur þrjú í Grunnavík en yngsta barnið var ófætt þegar þau komu aftur í Súgandafjörð.<sup>808</sup>

Í seinni lotunni urðu prestskaparár séra Þorsteins Þórðarsonar hér í Súgandafirði 28 og er þá gert ráð fyrir að hann hafi ekki flust hingað frá Grunnavík fyrr en vorið 1773 þó hann fengi veitingu fyrir þessu brauði haustið 1772 eins og fyrr var getið um.<sup>809</sup>

Á árunum kringum 1760 hafa umsvif séra Þorsteins í búskap líklega verið meiri en á hinum síðari búskaparárum hans hér á Stað. Til þess bendir sú staðreynd að árið 1762 voru hér engir hjáleigubændur og séra Þorsteinn bjó þá einn á allri jörðinni<sup>810</sup> en á árunum 1786-1793 var jafnan búið í tveimur eða þremur hjáleigum í landi jarðarinnar og árið 1793 töldust fimm bændur búa á Stað, að hjáleigubændunum meðtöldum, auk prestsins.<sup>811</sup> Árið 1762 var séra Þorsteinn með 18 heimilismenn,<sup>812</sup> sem líka bendir til allmikilla umsvifa í búskap, en á árunum 1786-1791 var jafnan mun færri heimilisfólk hjá presti eða 9-13 og enn færri síðar.<sup>813</sup> Síðasta árið sem séra Þorsteinn lafði hér við bú, fardagaárið 1800-1801, voru bara sjö manneskjur á heimili þessa gamla Staðarprests.<sup>814</sup>

Ekki er ólíklegt að talsvert hafi þrengt að séra Þorsteini í móðuharðindunum á árunum 1783-1785 er mjög stór hluti af bústofni landsmanna féll og skortur á fæðu varð þúsundum manna að aldurtili. Á þeirri hörmungatíð önduðust líka nokkrar manneskjur hér í Súgandafirði úr hörgulsjúkdómum og hungri eins og sjá má í prestsþjónustubók séra Þorsteins (sjá hér Suðureyrarhreppur, inngangskafli) en af Staðarprestum var hann sá fyrsti sem skráði allar fæðingar og dauðsföll, fermingar og hjónavígslur í prestsþjónustubók. Bókanir sínar um þessi efni hóf séra

<sup>804</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>805</sup> Ísl. æviskrár V, 234.

<sup>806</sup> Ísl. æviskrár V, 234. Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>807</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>808</sup> Sama heimild. Ísl. æviskrár V, 234. Manntal 1801, vesturamt, bls. 82, 303, 305, 339 og 351.

<sup>809</sup> Sbr. Sveinn Níelsson 1950, 194.

<sup>810</sup> Manntal 1762.

<sup>811</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>812</sup> Manntal 1762.

<sup>813</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>814</sup> Manntal 1801, vesturamt, bls. 305.

Þorsteinn árið 1784,<sup>815</sup> að skipun yfirvalda, en í elstu prestsþjónustubókinni eru víða eyður.

Síðustu árin sem séra Þorsteinn og Kristín kona hans bjuggu á Stað mun fjárhagur þeirra hafa verið heldur bágborinn. Þann 13. janúar 1790 ritaði þessi prestur Súgfirðinga Hannesi biskupi Finnssyni bréf og segir þar að tekjur sínar af prestsstörfum muni á því ári verða um það bil 22 ríkisdalir.<sup>816</sup> Hann reiknar þá með að fá að venju tíu og hálfan ríkisdal í styrk af opinberu fé en ellefu og hálfan dal í tekjur af tollum og tíundum.<sup>817</sup>

Er séra Þorsteinn ritaði þetta bréf var hann farinn að nálgast sextugt og kominn með áhyggjur af afkomu konu sinnar að sér látnum. Í bréfinu kemst hann svo að orði:

*Ekki hefur kona mín að mér fráföllnum nokkrar vissar pensionis [þ.e. eftirlaun – innsk. K.Ó.] af embættinu eður neinum öðrum þar til ætluðum institutionum [þ.e. stofnunum – innsk. K.Ó.] að vænta nema hvað henni mætti útteilt verða í Synodo Generali [þ.e. á prestastefnu – innsk. K.Ó.], líka með öðrum fátækustu prestaekkjum*

*... Hvað öðru mínu ástandi viðvíkur þá er vitanlegt að ég er á fátæku brauði, sjálfur fátækur og efnalítill og hefi nú mátt selja þann jarðarpart er við kona mín eftir áttum til að koma í stand kirkjunni. Ég er og allareidu kominn að sextugsaldri svo heilsa og kraftar taka að minnka, hvörs vegna ég vona að verða í þeirra tölu álitinn sem mestrar náðar og linkindar við þurfa.<sup>818</sup>*

Hér hefur áður verið greint frá illri meðferð sem dýrmætt 14. aldar handrit af Landnámabók er talið hafa orðið fyrir hér á Stað í tíð séra Jóns Torfasonar sem var prestur Súgfirðinga á árunum 1661-1719 (sjá hér bls. 55-58). Líklegt er að séra Þorsteinn Þórðarson hafi hins vegar verið fyrsti Staðarpresturinn sem eignaðist prentað eintak af þeirri góðu bók. Landnámabók var fyrst prentuð í Skálholti árið 1688 en hún var næst gefin út í Kaupmannahöfn árið 1774.<sup>819</sup> Um þá útgáfu sá Hannes Finnsson, síðar biskup í Skálholti, og lét latneska þýðingu fylgja.<sup>820</sup> Árið 1790 var Hannes orðinn biskup og fór þá í vísitazíuferð um Vestfirði. Hann kom þá að Stað í Súgandafirði til séra Þorsteins. Hinn fátæki prestur á Stað fór þess þá á leit við biskup að hann sendi sér eitt eintak af Landnámu við hentugleika og bað hann að draga andvirði bókarinnar frá við næstu greiðslu launauppbótar til sín af opinberu fé.<sup>821</sup>

<sup>815</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>816</sup> Bps. A. IV, nr. 61a. Bréf séra Þorsteins Þórðarsonar 13.1.1790 til Hannesar biskups Finnssonar.

<sup>817</sup> Sama bréf.

<sup>818</sup> Sama bréf.

<sup>819</sup> Jakob Benediktsson 1968, CXLVIII (Ísl. fornrit I).

<sup>820</sup> Sama heimild.

<sup>821</sup> Bps. A. IV, nr. 61a. Bréf séra Þorsteins Þórðarsonar 28.4.1792 til Hannesar biskups Finnssonar.



Á þessa beiðni um bókarsendingu minnir séra Þorsteinn í bréfi er hann ritaði biskupi 28. apríl 1792 og sendi með Jóni Sigurðssyni, stúdent á Garðsstöðum í Ögursveit, sem þá fór suður til að taka prestvígslu í Skálholti.<sup>822</sup> Í bréfinu kemst sér Þorsteinn á Stað svo að orði:

*Nú með því að ferðin fellur svo bein úr þessu plássi með studioso mr. Jóni Sigurðssyni þá tek ég mér þau friðheit að erindra að ég um sumarið mælti til að eignast mætti eitt exemplar [þ.e. eintak – innsk. K.Ó.] af Landnáma Sögu og að yðar háeðla háæruverðugheitum mætti þóknast að taka bókarinnar andvirði af minni væntanlegri contribution [þ.e. launauppbót – innsk. K.Ó.] fyrir yfirstandandi ár ... og hefi ég beiðið mr. Jón Sigurðsson í móti bókinni að taka ef hún mér tilsend yrði.<sup>823</sup>*

Ekki er nú með öllu víst hvort Hannes biskup hefur sent séra Þorsteini Landnámabók en líklegt sýnist og vona verður að karlinn hafi fengið bókina.

Árið 1794 var Guðmundur Þorvaldsson, skólagenginn bóndi og sjósóknari á Hóli í Bolungavík, vígður til prests og gerður að aðstoðarpresti hjá séra Þorsteini á Stað.<sup>824</sup> Frá Guðmundi þessum er sagt hér á öðrum stað (sjá Ytri-Hjarðardalur), en aðstoðarprestur séra Þorsteins var hann aðeins í þrjú ár. Hann var þó eini aðstoðarpresturinn sem séra Þorsteinn hafði á öllum sínum mörgu prestskaparárum.<sup>825</sup>

Þegar nítjándi öldin gekk í garð var séra Þorsteinn Þórðarson enn prestur á Stað, kominn undir sjötugt, en mjög var þá farið að halla undan fyrir honum. Árið 1801 var tíðarfar með lakasta móti frá miðri góu og fram undir Jónsmessu.<sup>826</sup> Frá veðrahamnum og ýmsu sem honum fylgdi greinir Jón Espólín á þessa leið:

*... en hinn 11. dag Martii lagðist að mikið vetrarríki með hríðum og stórviðrum, frostum og ísalögum. Gjörði varla upprof til hins 13da Aprilis svo að fært væri milli bæja hættulaust. Gjörði þá bylji marga skaðvæna en þó má helst telja þann hinn 11ta dag Martii og á góuþrælinn. Í hinum fyrra rak inn hafísa fyrir Norðurlandi öllu og tóku frá Barðaströnd til Reyðarfjarðar austur, umhverfis land. ... Var þá kalt vor og batnaði seint og féll mikill fjöldi kvikfjár ... en af því varð mörgum manni bagi í Bolungavík við Ísafjörð að fyllti alla fjörðu af ísi þar sem veiðarfærin höfðu lögð verið*

<sup>822</sup> Bps. A. IV, nr. 61a. Bréf séra Þorsteins Þórðarsonar 28.4.1792 til Hannesar biskups Finnssonar.. Sbr. Ísl. æviskrár III, 263-265.

<sup>823</sup> Bps. A. IV, nr. 61a. Bréf séra Þorsteins Þórðarsonar 28.4.1792 til Hannesar biskups Finnssonar.

<sup>824</sup> Ísl. æviskrár II, 192-193.

<sup>825</sup> Sveinn Níelsson 1950, 194.

<sup>826</sup> Jón Espólín / Árbækur XI, 115-116. Pétur Jónsson / Annáll nítjándi aldar I, 12-13.

*og misstust þau öll af 30 skipum ... en menn urðu að yfirgefa skipin og brjótast heim með allmiklu vosi og voru þó áður máttþrota mjög af hallæri því er þar var.*<sup>827</sup>

Jón Espólín minnst ekki sérstaklega á ástandið í Súgandafirði í þessum harðindum, enda var þess ekki að vænta, en fyrst Bolvíkingar og fleiri Djúpmenn voru orðnir *máttþrota mjög af hallæri* þarf ekki frekar um að spyrja.

Í þessum hörkum féll stór hluti af bústofni séra Þorsteins á Stað og sjálfur flosnaði hann upp og hrökkladist suður á Snæfellsnes en þar var sonur hans prestur í Hellnaþingum undir Jökli.<sup>828</sup>

Átakanlegt er að lesa frásögn séra Þorsteins af brottför sinni frá Stað þar sem hann hafði verið prestur í 36 ár en þá frásögn er að finna í bréfi hans til stiftsyfirvalda, rituðu í Brekkubæ á Hellnum á Snæfellsnesi þann 5. ágúst 1801, og er hún á þessa leið:

*Mitt nærverandi uppáfallið neyðar og báginda tilstand dirfist ég nú hérmeð að tilkynna mínum náðugu háyfirvöldum. Ég veikur og uppgefinn öreigi er nú loksins uppflosnaður frá því fátæka brauði, Stað í Súgandafirði innan Ísafjarðarsýslu á Vestfjörðum, hvörju ég í mörg undanfarin ár eftir mínum kröftum þjónað hefi en varð nú þaðan nauðugur viljugur að víkja, bæði þess vegna að ég hefi hvorki heilsu né krafta til að gegna sóknarinnar nauðsynjum, einkum í illviðrum og ófærðum á vetrardag, þar eð Súgandafjörður er meir en þingmannaleið um kring sem hvergi verður hesti við komið á vetrum né heldur get ég capellan [þ.e. aðstoðarprest – innsk. K.Ó.] haldið, bæði sökum brauðsins og minnar eigin fátæktar. Svo og vegna þeirra stórharðinda á umliðnu ári sem í botn og grunn hafa eyðilagt marga en öllum orsakað svo mikinn skaða sem á stuttum tíma sýnist óbætanlegur.*

*Í þessu stóra hallæri sem almennt yfir gekk Vestfirði, þó einka mest Ísafjarðarsýslu, hafa ogsvo fallið kúgildi staðarins hjá mér, svo af 7 eru 3 úrfallin. Í stuttu máli, ég mátti flýja sem fljótast þaðan í burt, hvar ég sá ei annað en dauða fyrir augunum, skilja við alla mína og koma sínum í hvern stað í hvörra tölu einnig var mín gamla og fárveika kona. Er ég nú svo loksins kominn, fyrir guðs hjálp, hingað undir Jökul á veitur míns kæra sonar, séra Þórðar, sóknarprests við svokölluð Hellnaþing*

*Nú í tilliti til alls þessa dirfist ég í djúpustu undirgefni og auðmýkt að biðja mín háyfirvöld að ég megi nú losast frá*

<sup>827</sup> Jón Espólín / Árbækur XI, 115-116.

<sup>828</sup> Bps. A. IV, nr. 61a. Bréf séra Þorsteins Þórðarsonar 5.8.1801 til Geirs biskups Vídalín og Ólafs stiftamtmanns Stefánssonar.

*Þessu brauði, samt þess ábyrgð og umönnun. Attest [þ.e. vottorð – innsk. K.Ó.] míns fyrrverandi prófasts, séra Jóns Ásgeirssonar, legg ég hér inn sem sanna munu þennan minn framburð hvað viðvíkur embætti og öðru ástandi. Þess vegna frásegi ég mér nú hér með þetta áðurnefnda brauð, Stað í Súgandafirði, með öllu tilheyrandi, vonandi þó framvegis ef lífi að fá að njóta hlutdeildar í þeirri náðargjöf sem öðrum uppgefnum prestum er til lögð. Innstillandi svo allt þetta efni til minna háyfirvalda náðugrar umsjónar.*<sup>829</sup>

Þann 14. júní 1802 fór fram úttekt staðar og kirkju á prestssetrinu í Súgandafirði og þá kom í ljós að hestur sem kirkjan hafði átt var fallinn og af 24 ám voru aðeins 11 á lífi.<sup>830</sup> Kýrnar tvær sem kirkjan átti hjörðu þá báðar enn.<sup>831</sup> Við úttektina sumarið 1802 sást að baðstofan á Stað og fleiri bæjarhús voru orðin mjög léleg svo talið var að liðlega 60 ríkisdali þyrfti til að koma þeim í fyrra horf.<sup>832</sup> Í kirkjusjóðinn, sem verið hafði í umsjá séra Þorsteins, vantaði líka liðlega 20 ríkisdali og engin graftól reyndust vera til í eigu kirkjunnar.<sup>833</sup> Niðurstaða úttektarmannanna var sú að séra Þorsteini bæri að standa skil á 80-90 ríkisdölum til kirkjunnar og staðarins en þar var ekki innifalin hugsanleg bótakrafa fyrir fallinn búfénað.<sup>834</sup> Upp í þetta gat umboðsmaður séra Þorsteins aðeins reitt fram verðmæti sem metin voru á liðlega 14 ríkisdali svo eftir stóð nær 70 ríkisdala skuld<sup>835</sup> eða sem svaraði liðlega 17 kúgildum.<sup>836</sup> Þá skuld mun séra Þorsteinn aldrei hafa megnað að greiða.

Síðustu árin sem séra Þorsteinn Þórðarson var á Stað taldist hann eiga skip með rá, reiða, segli og siglutré, farvið misgóðum, akkeri, línu fornri, tveimur ífærum og hákarlasóknum.<sup>837</sup> Séra Þorlákur Jónsson, sem tók við Staðarprestakalli vorið 1802, vildi fá skip þetta ásamt búnaði og veiðarfærum afhent upp í skuld forvera síns en þá kom í ljós að báturinn hafði verið keyptur fyrir lánsfé og var ásamt ýmsu sem honum fylgdi veðsettur verslunarútibúinu á Flateyri eða útíbússtjóranum þar, Daniel Steenbach.<sup>838</sup> Báturinn, sem mun hafa verið sexæringur eða áttæringur fyrst hann er nefndur skip, gat því ekki komið til greiðslu upp í skuld séra Þorsteins við stað og kirkju en eftirmaður hans fékk þó bátinn til afnota með samkomulagi við útíbússtjóran á Flateyri.<sup>839</sup>

<sup>829</sup> Bps. A. IV, nr. 61a. Bréf séra Þorsteins Þórðarsonar 5.8.1801 til Geirs biskups Vídalín.

<sup>830</sup> Skj.s. prófafa XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandafirði, úttekt 14.6.1802.

<sup>831</sup> Sama heimild.

<sup>832</sup> Sama heimild.

<sup>833</sup> Sama heimild.

<sup>834</sup> Sama heimild.

<sup>835</sup> Sama heimild.

<sup>836</sup> Sbr. Jón J. Aðils 1971, 418.

<sup>837</sup> Skj.s. prófafa XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandafirði, úttekt 14.6.1802.

<sup>838</sup> Skj.s. prófafa XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandafirði, úttekt 14.6.1802.

<sup>839</sup> Sama heimild.

Nær fullvíst má telja að séra Þorsteinn Þórðarson hafi aldrei komið aftur til Súgandafjarðar eftir flóttu sinn frá Stað sumarið 1801 og þá um haustið var honum veitt lausn frá prestsstörfum.<sup>840</sup> Enn lifði hann þó í nær átta ár en andaðist á Kvennabrekku í Dölum, hjá séra Þórði syni sínum, 9. apríl árið 1809.<sup>841</sup> Kristín Þórðardóttir, eiginkona séra Þorsteins, er hins vegar sögð hafa dáið 20. apríl 1804 hjá öðrum syni þeirra hjóna sem líka hét Þórður og mun þá hafa búið í Engidal í Skutulsfirði.<sup>842</sup>

Fróðlegt hefði verið að vita hvaða leið hinn gamli og uppflosnaði prestur Súgfirðinga fór sumarið 1801 frá Stað að Hellnum á Snæfellsnesi og hversu lengi hann var á leiðinni. Við slíkum spurningum fást þó engin svör. Líklegt má telja að hann hafi komist sjóleiðis yfir Breiðafjörð en skyldi hann hafa þurft að biðja sér beininga á þessari löngu leið? Það var á fyrsta ári nýrrar aldar sem séra Þorsteinn Þórðarson leysti upp heimili sitt hér á Stað, yfirgaf án leyfis frá biskupi söfnuðinn sem hann svo lengi hafði þjónað og lagði gamall maður upp í ferð sína yfir fjöllin sjö af því hann að eigin sögn *sá ei annað en dauða fyrir augunum* á þessu harða vori. Fullvíst má telja að hann hafi þá verið einn allra fátækasti presturinn á Íslandi og máske sá fátækasti. Í ljósi þeirrar vitneskju er býsna merkilegt að fyrir lok þessarar sömu aldar skyldu sumir niðjar hans komast í hóp auðugustu manna landsins og verða um langt skeið allra manna umsvifamestir í atvinnulífi Vestfirðinga. Er þá í fyrsta lagi átt við Ásgeir skipherra Ásgeirsson, sem stofnaði Ásgeirsverslun á Ísafirði, og við son hans, Ásgeir yngri, sem tók við rekstri þess fyrirtækis úr höndum föður síns og gerði það að peningalegu risaveldi. Við hlið þeirra feðga ber svo einnig að nefna Pétur J. Thorsteinsson, kaupmann og útgerðarmann á Bíldudal, sem undir lok nítjándu aldar gerði þaðan út um 20 þilskip og varð síðar framkvæmdastjóri *Milljónafélagsins* er svo var nefnt.<sup>843</sup>

Allir voru þessir þrír menn niðjar séra Þorsteins Þórðarsonar og Kristínar konu hans því að Guðrún, dóttir þessara prestshjóna á Stað, var amma Ásgeirs skipherra og séra Þorsteinn Þórðarson í Gufudal, sonarsonur séra Þorsteins á Stað, var afi Péturs á Bíldudal.<sup>844</sup>

Ekki verður hjá því komist að minnst hér aðeins nánar á börn séra Þorsteins Þórðarsonar á Stað og konu hans. Kristínar Þórðardóttur, en af þeim komust upp fjórar dætur og þrír synir.<sup>845</sup> Dæturnar hétu Guðrún, Hallveig, Þóra og Sigríður og hefur Sighvatur Borgfirðingur eftir Daða Níelssyni *fróða* að þær hafi allar fengið illt orð en tekur skýrt fram að hann viti ekki hvað hæft sé í því.<sup>846</sup>

<sup>840</sup> Sveinn Níelsson 1950, 194.

<sup>841</sup> Sama heimild.

<sup>842</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>843</sup> Ásgeir Jakobsson 1990, 181 og 303-304.

<sup>844</sup> Ísl. æviskrár I, 88, IV, 171, V, 125-126 og 234-235. Vestf. ættir I, 98 og 123-124. Manntal 1801, vesturamt, bls. 339.

<sup>845</sup> Ísl. æviskrár V, 234.

<sup>846</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

Guðrún var elst þessara systra og mun hafa verið fædd 1758 eða 1759.<sup>847</sup> Að sögn Sighvats Borgfirðings ólst hún ekki upp hjá foreldrum sínum.<sup>848</sup> Hún hlýtur þó að vera sú fjöggra ára dóttir sem hér var hjá foreldrunum á Stað þegar manntal var tekið haustið 1762.<sup>849</sup> Guðrún giftist Ásgeiri Þorsteinsyni, bónda og hreppstjóra, á Rauðamýri í Nauteyrahreppi við Djúp<sup>850</sup> og voru börn þeirra á aldrinum 8-16 ára árið 1801.<sup>851</sup> Eitt þeirra var Ásgeir Ásgeirsson, síðar bóndi á Rauðamýri og enn síðar á Arngerðareyri, faðir Ásgeirs Ásgeirssonar skipherra og síðar kaupmanns á Ísafirði, stofnanda og einkaeiganda Ásgeirsverslunar.<sup>852</sup>

Þóra Þorsteinsdóttir frá Stað giftist Jóni Bárðarsyni á Höfðaströnd í Grunnavíkurbreppi árið 1793 og var hans seinni kona.<sup>853</sup> Hallveig, systir Guðrúnar og Þóru, mun aldrei hafa gifst en hún var í nóvembermánuði árið 1817 vinnukona á Kollabúðum í Þorskafirði hjá Jóni bónda Jónssyni og Kristínu Ásgeirsdóttur sem þá var 28 ára gömul og fædd á Rauðamýri í Nauteyrahreppi.<sup>854</sup> Nær fullvíst má telja að húsfreyja þessi á Kollabúðum hafi verið systurdóttir Hallveigar.<sup>855</sup> Sigríður, sem var yngsta barn séra Þorsteins Þórðarsonar á Stað, giftist Agli Sigurðssyni frá Dunki í Hörðudal í Dalasýslu<sup>856</sup> en líklega hefur hann verið látinn þegar líða tók á árið 1817 því þá var Sigríður vinnukona á Hríshóli í Reykhólasveit en Egill hvergi sjáanlegur þar í grennd.<sup>857</sup>

Af börnum séra Þorsteins og Kristínar, konu hans á Stað, voru aðeins tvær dætur, þær Hallveig og Sigríður, enn í foreldrahúsum þegar ákveðið var að leysa heimilið upp og faðir þeirra lagði af stað í sína löngu ferð sumarið 1801.<sup>858</sup> Þær voru þá orðnar harðfullorðnar, önnur 24 ára en hin 31 árs.<sup>859</sup>

Synir séra Þorsteins og Kristínar konu hans voru þrír, Arngrímur og tveir Þórðar.<sup>860</sup> Arngrímur virðist hafa verið fæddur árið 1764 eða því sem næst því í janúarmánuði árið 1786 er hann sagður vera 21 árs.<sup>861</sup> Á árunum 1786-1793 var hann jafnan heima hjá foreldrum sínum á Stað en faðir hans virðist ekki hafa haft mikið álit á þessum syni sínum og segir árið 1786 að hann sé *daufur og ónæmur*.<sup>862</sup> Lætur þó fylgja með að pilturinn sé *eigi*

<sup>847</sup> Manntal 1801, vesturamt, bls. 339.

<sup>848</sup> Lbs. 2368<sup>40</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>849</sup> Manntal 1762.

<sup>850</sup> Ísl. æviskrár V, 234. Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf. Sbr. Manntal 1801, vesturamt, bls. 339.

<sup>851</sup> Manntal 1801 vesturamt, bls. 339.

<sup>852</sup> Vestf. ættir I, 98 og 123-124. Kristján Jónsson frá Garðsstöðum 1960, 6.

<sup>853</sup> Ísl. æviskrár V, 234. Prestsþj.bækur Staðar í Súgandaf. Sbr. Manntal 1801, vesturamt, bls. 351.

<sup>854</sup> Manntal 1816, bls. 639.

<sup>855</sup> Sbr. Manntal 1801, vesturamt, bls. 339.

<sup>856</sup> Ísl. æviskrár V, 234.

<sup>857</sup> Manntal 1816, bls.635-636.

<sup>858</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>859</sup> Manntal 1801.

<sup>860</sup> Ísl. æviskrár V, 234.

<sup>861</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>862</sup> Sama heimild.

*ódyggðugur*.<sup>863</sup> Árið 1793 eða 1794 fluttist Arngrímur burt úr Súgandafirði<sup>864</sup> og árið 1801 var hann orðinn húsmaður norður í Barðsvík í Grunnavíkurhreppi.<sup>865</sup> Hann var þá kvæntur Valgerði Jósepsdóttur og áttu þau tvö börn.<sup>866</sup> Árið 1816 var hann orðinn ekkjumaður og kominn í vinnumennsku að Höfn í Hornvík.<sup>867</sup> Í manntalinu frá því ári er hann sagður 40 ára sem er misritun fyrir 50 ára. Árið 1835 var Arngrímur niðursetningur í Sætúni í Grunnavík.<sup>868</sup>

Þórður eldri Þorsteinsson frá Stað var fæddur um 1760.<sup>869</sup> Árið 1786 var hann farinn að búa á jarðarparti í Bæ í Súgandafirði.<sup>870</sup> Hann var þá kvæntur Guðrúnu Erlingsdóttur frá Bæ og áttu þau eina dóttur, Arnfríði að nafni.<sup>871</sup> Á árunum 1787-1790 bjuggu Þórður og Guðrún kona hans í Bæ en virðast hafa flust burt úr hreppnum árið 1790.<sup>872</sup> Á árunum 1793-1795 settust þau aftur að í Súgandafirði en höfðu þá slitið samvistum.<sup>873</sup> Guðrún fluttist þá til foreldra sinna í Bæ og hafði með sér Arnfríði dóttur sína sem hér var áður nefnd.<sup>874</sup> Þórður gerðist hins vegar húsmaður hjá Jóni bónda Bjarnasyni á Suðureyri.<sup>875</sup> Fardagaárið 1797-1798 var hann reyndar búsettur í Vatnadal því í prestsþjónustubókinni frá Stað er frá því greint að 12. júní 1798 hafi Salbjörg Sigurðardóttir, 27 ára vinnukona í Ytri-Vatnadal, eignast dreng og faðir barnsins sé Þórður Þorsteinsson, *eigingiftur maður í húsmennsku í Vatnadal næstliðið ár*.<sup>876</sup> Að nefndur barnsfaðir sé prestssonurinn frá Stað þarf ekki að efa því enginn annar Þórður kemur til greina. Þessi sonur Þórðar var skírður Viktor en hann dó tæplega hálfis árs gamall.<sup>877</sup> Við skírni drengsins lýstu guðfeðgin hans því yfir að Þórður játaði faðerninu.<sup>878</sup>

Árið 1801 höfðu Þórður eldri og Guðrún kona hans búið sitt í hvoru lagi í a.m.k. sex ár en töldust þó enn vera gift.<sup>879</sup> Í júnímánuði árið 1805 var loks gengið frá skilnaði þeirra með lögformlegum hætti er Jón Johnsoníus sýslumaður kvað upp úrskurð þar að lútandi að loknu réttarhaldi á Suðureyrarþingi.<sup>880</sup>

<sup>863</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>864</sup> Sama heimild.

<sup>865</sup> Manntal 1801.

<sup>866</sup> Sama heimild.

<sup>867</sup> Manntal 1816.

<sup>868</sup> Lýður Björnsson 1992, 109.

<sup>869</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir. Sóknarm.töl Staðar í Súg. Manntal 1801, vesturamt, bls. 303.

<sup>870</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>871</sup> Sama heimild.

<sup>872</sup> Sama heimild.

<sup>873</sup> Sama heimild.

<sup>874</sup> Sama heimild.

<sup>875</sup> Sama heimild.

<sup>876</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>877</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>878</sup> Sama heimild.

<sup>879</sup> Sama heimild. Manntal 1801, vesturamt, bls. 303-304.

<sup>880</sup> Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. IV. 4. Dóma- og þingbók 1790-1805. Þinghald á Suðureyri 22.6.1805.

Í bókun sýslumanns kemur fram að það var Guðrún, eiginkona Þórðar, sem krafðist skilnaðar vegna hins gamla hórdómsbrots er hann eignaðist barnið með Salbjörgu eða með orðum sýslumanns *vegna hans opinberu barneignar með annarri kvensnipt*.<sup>881</sup> Í kæru sinni á hendur Þórði lét Guðrún þess einnig getið að hann hefði ekki leitað neinna sátta við hana eftir brotið en því svaraði Þórður á þann veg að það hefði hann ekki gert vegna þess að hún hefði strax látið sóknarprestinn vita að *hún myndi sinn mann ekki aftur taka*.<sup>882</sup>

Bókun sýslumanns ber með sér að Þórður hafði engar gagnsakir á Guðrúnu og sýslumaður tekur reyndar fram að *alkunnugt* sé að hún muni á *sína síðu vera saklaus af soddan broti*.<sup>883</sup> Úrskurðurinn sem sýslumaður kvað upp á Suðureyrarþingi 22. júní 1805 hljóðaði svo:

*Svo dæmist rétt vera eftir norsku lögum 3-18-15 að hjónaband oftnefndra persóna, mónsjör Þórðar Þorsteinssonar og Guðrúnar Erlingsdóttur, skal héðan af vera í allan máta uppleyst, aðskilið og upphafið, svoleiðis að þau mega hvort um sig gifta sig annarri persónu aftur en hann þó ekki nema með kóngsins sérlegu náðarleyfi*.<sup>884</sup>

Um nokkurra ára skeið var Þórður Þorsteinsson hreppstjóri í Suðureyrarhreppi. Við því embætti tók hann eigi síðar en 1793<sup>885</sup> og fimm árum síðar var hann orðinn lögsagnari Jóns Johnsonúsar sem var sýslumaður í Ísafjarðarsýslu frá 1797-1812 og bjó fyrst í Bolungavík en síðan á Eyri í Skutulsfirði<sup>886</sup> (sjá hér Þingeyri). Sumarið 1798 mætti Þórður sem *fullmektugur* fyrir hönd sýslumanns á manntalsþing á Þingeyri<sup>887</sup> og hefur þá tvímælalaust verið orðinn einhvers konar fulltrúi sýslumanns. Þórður var ekki skólagenginn en hlýtur að hafa kunnað eitthvað fyrir sér í lögum.

Séra Þorsteini á Stað virðist hafa þótt mikið koma til vitsmuna og þekkingar þessa sonar síns því á árunum 1797-1801 lætur hann þess alloft getið að Þórður sé *skýr og skarpur* eða *mikið skýr og vel að sér*.<sup>888</sup> Hjá nýjum presti fékk Þórður svo þá einkunn í marsmánuði árið 1802 að hann væri *framkvæmdasamur* og *í besta máta að sér*.<sup>889</sup>

Þórður Þorsteinsson lögsagnari hafði viðurnefnið *grástakkur*<sup>890</sup> og ekki ólíklegt að hann hafi stundum verið í gráum stakki í ferðum sínum á vegum sýslumanns. Árið 1802 var Þórður enn á Suðureyri en foreldrar

<sup>881</sup> Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. IV. 4. Dóma- og þingbók 1790-1805. Þinghald á Suðureyri 22.6.1805.

<sup>882</sup> Sama heimild.

<sup>883</sup> Sama heimild.

<sup>884</sup> Sama heimild.

<sup>885</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf. – hjónavígslur 1793.

<sup>886</sup> Ísl. æviskrár III, 165.

<sup>887</sup> Henrik Henkel 1799, 68 og tafla sem þar fylgir.

<sup>888</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>889</sup> Sama heimild.

<sup>890</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

hans og systkini voru þá öll farin úr Súgandafirði.<sup>891</sup> Skömmu síðar mun hann hafa flust norður yfir Botnsheiði, átti næstu árin heima í Skutulsfirði og hefur líklega verið lengst í Engidal.<sup>892</sup> Sighvatur Borgfirðingur segir að Þórður hafi kvænst í annað sinn og gengið að eiga konu sem hét Vilborg Jónsdóttir.<sup>893</sup> Svo mikið er víst að árið 1811, þegar Þórður var orðinn liðlega fimmtugur, fæddist honum dóttir og var það Abigael sem ólst upp hjá föðurbróður sínum, Þórði yngra, sem á uppvaxtarárum hennar var prestur í Ögurþingum (sjá hér Holt). Abigael Þórðardóttir giftist séra Sigurði Tómassyni sem í allmörg ár var aðstoðarprestur í Holti í Önundarfirði (sjá hér Holt). Að Abigael hafi verið dóttir Þórðar *grástakks* má telja fullvíst því í sóknarmannatali Eyrarsóknar í Seyðisfirði frá árinu 1820 er hún skráð á heimili séra Þórðar, föðurbróður síns á Eyri, og kynnt með þessum orðum: *Abigael Þórðardóttir, prests bróðurdóttir 8, það er 8 ára.*<sup>894</sup> Af föður sínum mun hún hins vegar hafa haft lítil kynni því hann fluttist til Færeyja um svipað leyti og þessi yngri dóttir hans fæddist.<sup>895</sup> Einna líklegast hefur verið talið að Þórður *grástakkur* hafi farið utan með dönsku kaupskipi haustið 1811 en það skip strandaði við Færeyjar.<sup>896</sup> Með þessu skipi var Sölvi Sveinsson frá Kirkjubóli í Skutulsfirði sem dvaldist um skeið í Færeyjum og náði að eignast þar barn.<sup>897</sup> Sölvi sneri þó fljótlega heim en Þórður ílentist og gerðist *skólameistari* eða barnakennari í Færeyjum.<sup>898</sup> Sumarið 1814 skrifaði Sölvi á Kirkjubóli barnsmóður sinni í Færeyjum bréf og er þar m.a. þessi orð að finna:

... og enda þótt Þórður skólameistari Þorsteinsson sé sagður leggja með barni mínu eina tunnu af rúgi á ári gegn þeirri kröfu hans á hendur mér að ég leggi barni hans hér á landi jafnmikið, þá get ég ekki fallist á það nema ég fái sannanlega að vita hvernig þessu er varið.<sup>899</sup>

Svo virðist sem Þórður og Sölvi hafi samið um að borga með börnum hvors annars, Þórður eina rúgtunnu með barni Sölvu í Færeyjum og Sölvi aðra rúgtunnu með barni Þórðar á Íslandi, sem var dóttirin Abigael eins og hér hefur áður komið fram. Af hagkvæmniástæðum var þetta augskýrlega mjög gott fyrirkomulag því milli Íslands og Færeyja voru engar samgöngur. Líklega veit nú enginn hversu lengi Þórður *grástakkur* lifði í Færeyjum en þess verður hvergi vart að hann hafi komið aftur til Íslands.

Hér hefur enn ekki verið sagt frá Þórði yngri, bróður Þórðar *grástakks*, en hann var einn systkinanna sjö frá Stað í Súgandafirði, barna séra

<sup>891</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>892</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir. Jón Helgason 1987, 30-31 (Vér Íslands börn I).

<sup>893</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>894</sup> Manntal 1816, bls. 716.

<sup>895</sup> Jón Helgason 1987, 30-31.

<sup>896</sup> Sama heimild.

<sup>897</sup> Sama heimild.

<sup>898</sup> Sama heimild. Sýslumannaæfir III, 512.

<sup>899</sup> Jón Helgason 1987, 33-34.



Þorsteins Þórðarsonar og Kristínar konu hans. Svo virðist sem þeir bræður og nafnar hafi verið á mjög líkum aldri því í manntalinu frá 1801 er Þórður eldri sagður vera 41 árs gamall en Þórður yngri 40 ára.<sup>900</sup> Óvíst er hvers vegna yngri Þórður var sendur í skóla en ekki sá eldri sem faðirinn taldi þó síðar að væri bæði *skýr og skarpur* (sjá hér bls. 111).

Þórður Þorsteinsson yngri var tekinn í Skálholtsskóla árið 1776 og útskrifaðist þaðan vorið 1780 með góðum vitnisburði.<sup>901</sup> Þegar Þórður kom í skólann var hann um 16 ára aldur<sup>902</sup> og fullvíst er að faðir hans, séra Þorsteinn, sem þá var á fimmtugsaldri, fylgdi honum alla þessa löngu leið, frá Stað í Súgandafirði suður í Skálholt eða að minnsta kosti að Þingvöllum við Öxará. Þar voru þeir feðgar báðir um alþingistímamannsumarið 1776 eins og sjá má í ævisögu séra Jóns Steingrímssonar, eldprestsins sem þá átti heima á Felli í Mýrdal en seinna á Prestsbakka á Síðu. Séra Jón segir frá á þessa leið:

*Undarlega fer guð að hjálpa og oft þaðan sem engin von var sem þessi dæmi sýna. Eitt sinn tapaði einn piltur máli og sönsum í tvö dægur upp á Alþingi, hvar ég var staddur. Faðir hans heitir síra Þorsteinn á Stað í Súgandafirði, ættaður þó úr Eyjafirði. Hann bað mig með grátandi tárum að gera eitthvað við hann. Lét ég flytja þennan hans son í tjald mitt, opnaði honum gintaggi-æðarnar, með annarri viðgerð, svo honum batnaði með guðshjálp, hvar af faðirinn varð glaður og sagði: „Undarlega fór enn guð að hjálpa mér, vestustum af landinu með manni austast af því og svo segir mér nú hugur um, því ég er búinn að biðja guð að launa þér fyrir mig og barn mitt, að guð muni þér einhvern tíma óforvarandis hjálp senda aftur af Vesturlandinu þó ólíkt þyki.” ... Þessi hans sonur komst þar eftir í skóla því hann var þá að sækja um hann og er nú hans kapellan.<sup>903</sup>*

Til sanns vegar má færa að séra Þorsteinn hafi verið ættaður úr Eyjafirði því móðurmóðir hans, Sigríður Þorsteinsdóttir, kona séra Hjalta í Vatnsfirði var úr Svarfaðardal.<sup>904</sup> Sú fullyrðing séra Jóns Steingrímssonar að Þórður hafi orðið aðstoðarprestur hjá föður sínum er hins vegar ekki rétt en þar munar ekki miklu því á árunum 1780-1785 dvaldist pilturinn, að námi loknu, í foreldrahúsum á Stað í full tvö ár og hefur þá líklega aðstoðað föður sinn við búskapinn fremur en við prestverkin.

Frásögn séra Jóns af veikindum Þórðar á Alþingi er annars býsna merkileg en hér skal ósagt látið hvaða sjúkdómur það var sem svipti drenginn bæði *máli og sönsum* í heilan sólarhring. Vera má að þeir sem

<sup>900</sup> Manntal 1801, vesturamt, bls. 82 og 303.

<sup>901</sup> Ísl. æviskrár V, 125-126.

<sup>902</sup> Sama heimild.

<sup>903</sup> Jón Steingrímsson 1973, 323-324.

<sup>904</sup> Ísl. æviskrár II, 363-364.

fróðastir eru um eðli og auðkenni hinna ýmsu sjúkdóma geti sett fram gáfulega tilgátu um það og gert um leið grein fyrir *gintaggi-æðunum* sem séra Jóni gafst svo vel að opna.

Þórður Þorsteinsson frá Stað, sem svo hætt var kominn við Öxará á ungum aldri, náði að verða gamall maður. Sem ungur stúdent vann hann um skeið við skrifir hjá sýslumanninum í Reykjarfirði við Djúp og kenndi börnum í Holti í Önundarfirði en haustið 1785 var hann vígður til prests á Stað á Snæfjallaströnd og tók við því prestakalli næsta vor.<sup>905</sup> Þar þjónaði hann í tíu ár, síðan í Breiðavíkurbpingum undir Jökli í ellefu ár, á Kvennabrekku í Dölum í fimm ár og loks í Ögurþingum í 27 ár, frá 1810 til 1837, og hafði er hann lét af embætti verið blindur í tólf ár.<sup>906</sup> Hélt þá aðstoðarprest.<sup>907</sup> Af ritstörfum séra Þórðar er kunnust þýðing hans á Felsenborgarsögunum.<sup>908</sup> Með konu sinni, Guðbjörgu Magnúsdóttur frá Súðavík, eignaðist séra Þórður fimm börn sem komust upp og er mikill ættbálkur frá honum kominn. Annar tveggja sona séra Þórðar var séra Magnús Þórðarson, lengst prestur í Ögurþingum, faðir Þórðar Magnússonar, bónda og alþingismanns í Hattardal, og Hjalta, föður Magnúsar Hjaltasonar, alþýðuskálds og dagbókarritara, sem víða kemur við sögu á þessum blöðum.<sup>909</sup> Hinn sonurinn, sem séra Þórður Þorsteinsson frá Stað eignaðist og náði að komast til manns, var Þorsteinn sem varð prestur í Gufudal, alnafni afa síns, séra Þorsteins Þórðarsonar á Stað.<sup>910</sup> Meðal 13 barna séra Þorsteins í Gufudal voru tveir drengir sem báðir hétu Þorsteinn.<sup>911</sup> Annar þeirra, Þorsteinn eldri, varð verslunarstjóri á Þingeyri og síðar bóndi í Æðey en sonur hans, fram hjá eiginkonunni, var Pétur Jens Thorsteinsson, hinn umsvifamikli athafnamaður á Bíldudal.<sup>912</sup> Hinn yngri Þorsteinn Þorsteinsson frá Gufudal, föðurbróðir Péturs, varð hins vegar kaupmaður á Ísafirði og alþingismaður Ísfirðinga á árunum 1881-1885.<sup>913</sup>

Sumir synir séra Þorsteins Þórðarsonar í Gufudal nefndu sig Thorsteinsson og varð að ættarnafni hjá einhverjum hluta niðjanna. Einn þeirra sem ritaði nafn sitt svo var Þorsteinn í Æðey, sem hér var áður nefndur. Eiginkona hans var Hildur, dóttir Guðmundar Scheving, kaupmanns og útgerðarmanns í Flatey.<sup>914</sup> Þeirra niðjar er allt það fólk sem ber ættarnafnið Scheving Thorsteinsson.

Af því sem hér hefur verið ritað má sjá að niðjahópur séra Þorsteins Þórðarsonar á Stað í Súgandafirði er nú orðinn býsna stór og hefur þó aðeins verið minnst á örlítið brot af þeim mikla fjölda fólks. Margir í þeirri ætt hafa orðið miklir framkvæmdamenn og náð að komast í álnir en sjálfur

<sup>905</sup> Ísl. æviskrár V, 125-126.

<sup>906</sup> Sama heimild.

<sup>907</sup> Sama heimild.

<sup>908</sup> Sbr. sömu heimild.

<sup>909</sup> Ísl. æviskrár III, 464. Vestf. ættir I, 400.

<sup>910</sup> Ísl. æviskrár V, 234-235.

<sup>911</sup> Sama heimild.

<sup>912</sup> Ísl. æviskrár IV, 171 og VI, 509-510.

<sup>913</sup> Sama heimild, V, 230.

<sup>914</sup> Sama heimild VI, 509-510.

varð séra Þorsteinn að flýja frá Stað í nauðum og yfirgefa kjól og kall þegar kúgildin tóku að falla úr hor í vorharðindunum árið 1801.

Í marsmánuði árið 1802 var nýr prestur ekki enn kominn að Stað en þá bjuggu á jörðinni hjónin Þórður Jónsson og Margrét Hákonardóttir, liðlega fimmtug að aldri, með átta manna heimili en þau höfðu búið hér á móti séra Þorsteini á hans síðustu árum í prestsembætti.<sup>915</sup>

Þann 5. nóvember 1801 var séra Þorláki Jónssyni veitt Staðarprestakall í Súgandafirði<sup>916</sup> en hann var þá aðstoðarprestur séra Helga Einarssonar á Eyri í Skutulsfirði, þjónaði Hólssókn og bjó í Tröð í Bolungavík.<sup>917</sup> Séra Þorlákur fluttist ekki til Súgandafjarðar fyrr en vorið 1802 en þá settist hann að á Stað og þjónaði Súgfirðingum næstu tíu árin.<sup>918</sup>

Séra Þorlákur er talinn fæddur 1760 og var sonur Jóns Eldjárnssonar, bónda á Garðsstöðum í Ögursveit, og konu hans, Guðbjargar Þorláksdóttur.<sup>919</sup> Guðbjörg á Garðsstöðum, móðir séra Þorláks, var fyrsta lærða ljósmóðirin í Ísafjarðarsýslu sem skipuð var í embætti með bréfi frá landlækni.<sup>920</sup> Ljósmóðurfræði sín lærði hún hjá Bjarna Pálssyni landlækni í Nesi við Seltjörn árið 1764 en skipunarbréfið fékk hún ekki fyrr en 1785.<sup>921</sup>

Þorlákur frá Garðsstöðum hóf skólanám hjá séra Guðlaugi Sveinssyni á Kirkjubóli í Langadal við Djúp en var tekinn í Skálholtsskóla árið 1776 og útskrifaðist þaðan 1780.<sup>922</sup> Næstu árin mun hann hafa dvalist að mestu hjá læriföður sínum, séra Guðlaugi Sveinssyni, sem þá var orðinn prestur í Vatnsfirði.<sup>923</sup> Árið 1787 gekk Þorlákur að eiga Guðrúnu Guðmundsdóttur frá Reykjarfirði í Vatnsfjarðarsveit en foreldrar hennar voru Guðmundur Eiríksson, bóndi og lögréttumaður þar, sem áður var getið, og kona hans, Guðrún Þórðardóttir.<sup>924</sup> Það var Guðrún Þórðardóttir, tengdamóðir séra Þorláks, sem seldi kóngi Reykjarfjörð fyrir Auðkúlu í Arnarfirði árið 1777 (sjá hér Auðkúla). Hún hafði áður verið gift Ara Jónssyni, lögréttumanni í Reykjarfirði, og sonur þeirra var Guðmundur Arason, bóndi á Auðkúlu.<sup>925</sup>

Á árunum 1788-1797 munu Þorlákur og Guðrún kona hans m.a. hafa búið á Uppsölum í Seyðisfirði við Djúp<sup>926</sup> og líklega í Hagakoti í Ögursveit því þar fæddist Jón sonur þeirra árið 1790 eða 1791 ef marka má upplýsingar úr manntalinu frá 1816.<sup>927</sup>

<sup>915</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. Manntal 1801.

<sup>916</sup> Sveinn Níelsson 1950, 194.

<sup>917</sup> Ísl. æviskrár V, 161-162. Manntal 1801.

<sup>918</sup> Sama heimild.

<sup>919</sup> Sama heimild.

<sup>920</sup> Guðm. Guðni Guðmundsson 1987, 105-106 (Ársrit S.Í.).

<sup>921</sup> Sama heimild.

<sup>922</sup> Ísl. æviskrár V, 161-162.

<sup>923</sup> Ísl. æviskrár V, 161-162.

<sup>924</sup> Sama heimild. Lögréttumannatal, bls. 176-177.

<sup>925</sup> Lögréttumannatal, bls. 7 og 176-177.

<sup>926</sup> Ísl. æviskrár V, 161-162.

<sup>927</sup> Manntal 1816, 701. Sbr. Manntal 1801, vesturamt, 316 og Guðm. Guðni Guðmundsson 1987, 107.

Haustið 1797 var Þorlákur Jónsson frá Garðsstöðum loks vígður til prests<sup>928</sup> en þá voru liðin 17 ár frá því hann útskrifaðist úr skóla. Þetta haust gerðist Þorlákur aðstoðarprestur hjá séra Helga Einarssyni á Eyri í Skutulsfirði og átti sem fyrr sagði að þjóna Hólssókn í Bolungavík.<sup>929</sup> Hinn nýi prestur Bolvíkinga og fjölskylda hans settust að á Ósi en þegar manntal var tekið árið 1801 bjó séra Þorlákur í Tröð þar í Víkinni. Þau hjónin voru þá bæði fertug að aldri og hjá þeim voru fimm börn þeirra á aldrinum þriggja til tólf ára.<sup>930</sup> Séra Þorlákur var þá eini ábúandinn í Tröð og var með ellefu manna heimili.<sup>931</sup> Eiginkona séra Þorláks mun hafa dáið fyrir lok ársins 1801<sup>932</sup> og var hann því ekkjumaður er hann tók við Staðarprestakalli í Súgandafirði árið 1802 en að Stað fluttist hann úr Bolungavík þá um vorið eins og hér var áður greint frá.

Um framgöngu séra Þorláks við embættisstörf í Súgandafirði og búskap hans á Stað eru litlar sem engar upplýsingar í boði en þó er kunnugt að yfir dyrunum á Staðarkirkju kom hann fyrir útskorinni og málaðri fjöl með áletrun, öllum þeim sem í kirkjuna gengu til áminningar.<sup>933</sup> Á fjölinu miðja voru ritaðir stafirnir I.H.S. (það er latnesk skammstöfun fyrir orðin Jesús frelsari manna) en sitt hvoru megin við þá stóð *aðvörun til inngangenda af Pred. Bók 51. Capit.*<sup>934</sup> Ætla má að þar sé vísað í *Vajsenhús* – biblíuna sem út var gefin árið 1747 en hún var á fyrstu árum 19. aldar eina íslenska biblían sem Staðarkirkja átti (sjá hér bls. 160). Í *Salomonis predikan*, 5. kapitula, 1. versu stendur þar: *Vakta þinn fót nær þú gengur til guðs húss og kom svo þú kunnir að heyra. Það er betra en fávíss manns offur þar eð þeir vita ekki hvað vont þeir gjöra.*<sup>935</sup>

Fullvíst má telja að fyrri málsgreinin úr þessu versu hafi verið letruð á fjölinu yfir kirkjudyrunum og máske líka sú síðari. Neðan við orðin úr biblíutextanum var svo komið fyrir lítilli stöku sem líka hafði að geyma aðvörun til þeirra sem inn í kirkjuna gengu.<sup>936</sup> Í varðveittum heimildum verður ekki séð hversu lengi fjölin með áminningarorðunum hékk yfir kirkjudyrunum á Stað en hennar er aðeins getið árið 1809, þegar skammt var liðið frá því hún var sett upp, og 1812 þegar séra Þorlákur skilaði kirkjunni í hendur síns eftirmanns.<sup>937</sup>

Sighvatur Borgfirðingur segir að séra Þorlákur Jónsson hafi verið *vel gáfaður og þótt snillingur í prestverkum.*<sup>938</sup> Önnur ummæli Sighvats um hann eru á þessa leið:

<sup>928</sup> Ísl. æviskrár V, 161-162.

<sup>929</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>930</sup> Ísl. æviskrár V, 161-162. Manntal 1801, vesturamt, bls. 316.

<sup>931</sup> Manntal 1801 vesturamt, bls 316.

<sup>932</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>933</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandaf. 21.8.1809. Sama skj.safn XIII. 1. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Súgandaf. 22.6.1812.

<sup>934</sup> Sama heimild.

<sup>935</sup> Biblían, það er heilög ritning. Kph. 1747, bls. 791-792.

<sup>936</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandaf. 21.8.1809.

<sup>937</sup> Sama heimild. Skj.s. próf. XIII, 1. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Súgandaf. 22.6.1812.

<sup>938</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

[Hann var] ... *siðferðisgóður, hagorður vel en orti að kalla aldrei annað en háð og nið og þótti það undarlegt af honum. Margfróður var hann haldinn en þó engum meinsamur.*<sup>939</sup>

Sighvatur segir reyndar líka að séra Þorlákur hafi verið *búsæll* maður og kann svo að hafa verið á einhverju skeiði æfningar en á eina sóknarmannatalinu sem til er frá árum hans í Ségandafirði og geymir nöfn heimilisfólks á Stað sést að árið 1811 var hann hér í húsmennsku og hafði engin eða svo til engin jarðarafnot.<sup>940</sup> Hann var þá 51 árs gamall og á heimili hans voru aðeins fjórar manneskjur, það er sjálfur presturinn, Guðbjörg gamla móðir hans sem orðin var áttæð, Guðmundur sonur hans, 22ja ára, og Guðrún Jósepsdóttir 41 árs sem titluð er *ráðsstúlka*.<sup>941</sup>

Ári síðar fluttist séra Þorlákur burt úr Ségandafirði og gerðist prestur á Stað á Snæfjallaströnd.<sup>942</sup> Þar krenktist hann af meinsemd í kviði og andaðist vorið 1817.<sup>943</sup> Börn séra Þorláks og Guðrúnar konu hans sem upp komust voru fimm<sup>944</sup> og var hið elsta þeirra 13 ára þegar faðir þeirra kom í Ségandafjörð.<sup>945</sup> Eitt þessara barna var Hjalti, sem síðar varð aðstoðarprestur á Stað í Ségandafirði (sjá hér bls. 123-124), en hann mun ekki hafa verið hjá föður sínum hér á Stað á uppvaxtarárum.<sup>946</sup> Óljóst er hvort önnur börn séra Þorláks muni öll hafa fylgt honum til Ségandafjarðar. Þeim sem fræðast vilja um niðja séra Þorláks Jónssonar er bent á ritgerð Guðmundar Guðna Guðmundssonar, *Fyrsta lærða ljósmóðirin í Ísafjardarsýslu*, sem birtist í Ársriti Sögufélags Ísafirðinga árið 1987.<sup>947</sup> Hér skal þess aðeins getið að meðal barna Guðbjargar, dóttur séra Þorláks, og fyrri eiginmanns hennar, Guðmundar skutlara Guðmundssonar í Vigur, var Kristján sterki, bóndi á Borg í Arnarfirði (sjá hér Borg) og Guðrún, eiginkona Jóns bónda Magnússonar í Bæ í Ségandafirði,<sup>948</sup> en hjón þessi í Bæ voru bæði fædd um 1815.<sup>949</sup>

Eins og fyrr var nefnt hafðist séra Þorlákur við í húsmennsku hér á Stað árið 1811 en bóndi sem Guðmundur Sigurðsson hét bjó þá á heimajörðinni og tveir aðrir bændur í hjáleigunum.<sup>950</sup> Vera má að Þorlákur prestur hafi haft þetta lagið á um nokkurt skeið en fullvíst er þó að árið 1805 stóð hann hér sjálfur fyrir búí og var þá með 2 kýr og 24

<sup>939</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>940</sup> Sóknarm.töl Staðar í Ségandaf.

<sup>941</sup> Sama heimild.

<sup>942</sup> Ísl. æviskrár V, 161-162.

<sup>943</sup> Sama heimild. Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>944</sup> Guðm. Guðni Guðmundsson 1987, 107-110 (Ársrit S.Í.).

<sup>945</sup> Sama heimild. Manntal 1801, vesturamt, bls. 316.

<sup>946</sup> Guðm. Guðni Guðmundsson 1987, 107-110.

<sup>947</sup> Guðm. Guðni Guðmundsson 1987, 105-111.

<sup>948</sup> Sama heimild.

<sup>949</sup> Manntal 1845, vesturamt, bls. 291.

<sup>950</sup> Sóknarm.tal Staðar í Ségandafirði 1811.

sauðkindur.<sup>951</sup> Á Guðmund Sigurðsson, sem var bóndi á Stað í nokkur ár í kringum 1810, hefur áður verið minnst í þessu riti og skal til þess vísað (sjá hér bls. 4-5). Árið 1816 var Guðmundur farinn úr Súgandafirði og bjó árið 1820 á Kleifum í Skötufirði.<sup>952</sup>

Árið 1812 höfðu þeir brauðaskipti séra Þorlákur Jónsson á Stað í Súgandafirði og séra Eiríkur Vigfússon á Stað á Snæfjallaströnd.<sup>953</sup> Séra Eiríkur fluttist þá til Súgandafjarðar og var prestur Súgfirðinga frá 1812 til 1838 en hann andaðist hér á Stað þann 8. mars á því ári.<sup>954</sup>

Eiríkur Vigfússon fæddist árið 1764 að Stóra-Ási í Hálsasveit í Borgarfirði en foreldrar hans sem þar bjuggu voru hjónin Vigfús stúdent Eiríksson og Kristín, dóttir séra Sveins Guðlaugssonar í Hvammi í Norðurárdal.<sup>955</sup> Tveggja vetra gamall fluttist Eiríkur með foreldrum sínum að Innra-Hólmi í Innri-Akraneshreppi en þegar hann var níu ára dó móðir hans.<sup>956</sup> Tíu ára gamall yfirgaf hann Borgarfjarðarhérað árið 1774 og fór til móðurbróður síns, séra Guðlaugs Sveinssonar, sem þá var prestur á Kirkjubóli í Langadal við Ísafjarðardjúp, en varð nokkrum árum síðar prestur í Vatnsfirði.<sup>957</sup> Eiríkur ólst síðan upp hjá Guðlaugi frænda sínum og hjá honum lærði hann latínu í fjóra vetur en haustið 1783 settist hann í efri bekk Skálholtsskóla.<sup>958</sup> Guðlaugur fóstri hans kallar hann þá í bréfi *námspilt á skarpleika og næmi, bæði á munn og hendur*.<sup>959</sup>

Þegar Eiríkur lagði upp í ferð sína úr Vatnsfirði suður í Skálholt sumarið 1783 lá móða og mistur yfir öllu landinu. Hin miklu eldsumbrot í Lakagígum á Síðuafretti höfðu hafist þann 8. júní á því ári og á þeim varð lítið lát fyrr en í lok október.<sup>960</sup> Eldmóðan náði alla leið vestur í Ísafjarðardjúp svo grös náðu ekki að gróa en visnuðu og urðu að engu eins og Jón Arnórsson, sýslumaður í Reykjarfirði við Djúp, greinir frá í skýrslu sem hann sendi frá sér haustið 1784.<sup>961</sup> Veturinn 1783-1784 sat Eiríkur frá Vatnsfirði í efri bekk Skálholtsskóla. Mikið hörmungarástand var þá í eldsveitunum og meginþorri fólks sem þar hafði búið kominn á vergang. Þegar leið á árið 1784 tók fólk að falla úr hungri og harðrétti víða um land.<sup>962</sup> Í ágústmánuði á því ári urðu miklir jarðskjálftar á Suðurlandi og hrundi fjöldi bæja.<sup>963</sup> Flestar byggingar í Skálholti, aðrar en dómkirkjan, hrundu í þessum jarðskjálftum eða skemmdust mjög mikið og svo fór að skólahald þar lagðist niður.<sup>964</sup> Eiríkur Vigfússon var því einn af allra

<sup>951</sup> Rtk. Jarðabækur V. 16. Ísafj.sýsla 1805.

<sup>952</sup> Manntal 1816, 697 og 720. Sbr. Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. 1811.

<sup>953</sup> Ísl. æviskrár I, 425.

<sup>954</sup> Sama heimild.

<sup>955</sup> Ól. Þ. Kr. 1945, 146 (Frá ystu nesjum III).

<sup>956</sup> Sama heimild, bls. 146-147.

<sup>957</sup> Sama heimild.

<sup>958</sup> Sama heimild.

<sup>959</sup> Sama heimild.

<sup>960</sup> Skaftáreldar 1783-1784 – Ritgerðir og heimildir – 1984/Sigurður Þórarinnsson, bls. 12-23

<sup>961</sup> Sama rit, bls. 356.

<sup>962</sup> Sama rit/Guðmundur Hálfðánarson, bls. 144-155.

<sup>963</sup> Jón Espólín / Árbækur Espólíns XI, 45. Þorkell Jóhannesson 1950, 144-145.

<sup>964</sup> Þorkell Jóhannesson 1950, 144-149.

síðustu skólapiltunum í Skálholti. Veturinn 1784-1785 og 1785-1786 var enginn skóli starfræktur í Skálholtsbiskupsdæmi en haustið 1786 hófst skólahald að nýju og þá á Hólavelli í Reykjavík.<sup>965</sup> Í þann skóla settist Eiríkur þó aldrei því hann hafði lesið utanskóla þau tvö ár sem skólahald lá niðri og var útskrifaður í Görðum á Álftanesi árið 1786 af Gísla Thorlacius sem þá hafði verið skipaður rektor hins nýja Hólavallaskóla.<sup>966</sup>

Næstu fjögur árin dvaldist Eiríkur í Vatnsfirði hjá fóstura sínum og frænda, séra Guðlaugi Sveinssyni, en 13. júní 1790 var hann vígður til prests, 26 ára gamall, og varð þá aðstoðarprestur séra Hjalta Þorbergssonar á Eyri í Skutulsfirði.<sup>967</sup> Honum var þá ætlað að þjóna annexíunni á Hóli í Bolungavík og það gerði hann í sex ár, frá 1790 til 1796.<sup>968</sup> Á þeim árum bjó séra Eiríkur fyrst á Gili í Bolungavík en síðan í Meirihlíð.<sup>969</sup>

Á sínum Bolungavíkurárum gekk hinn ungi aðstoðarprestur að eiga Ragnheiði Halldórsdóttur frá Látrum í Mjóafirði við Djúp og voru þau gefin saman 23. júní 1792.<sup>970</sup> Ragnheiður var dóttir Halldórs, bónda og hreppstjóra, Eiríkssonar á Látrum.<sup>971</sup> Hún var ekki hjónabandsbarn en ólst upp hjá föður sínum og allt í óvissu um móðernið.<sup>972</sup>

Vorið 1796 fékk séra Eiríkur Vigfússon veitingu fyrir Stað á Snæfjallaströnd og fluttist þá norður yfir Djúpið.<sup>973</sup> Þar þjónaði hann í 16 ár eða allt til ársins 1812 er hann hafði brauðaskipti við séra Þorlák Jónsson og tók við Staðarprestakalli í Súgandafirði.<sup>974</sup> Daði Níelsson, sem menn nefndu hinn fróða, segir að á Snæfjallaströnd hafi Eiríkur prestur verið lítt þokkaður af sóknarfólki sínu<sup>975</sup> en gerir enga grein fyrir hvað því hafi valdið.<sup>976</sup>

Séra Eiríkur og Ragnheiður kona hans náðu að koma upp sjö börnum<sup>977</sup> og voru þau öll hjá foreldrum sínum hér á Stað þegar manntal var tekið árið 1816.<sup>978</sup> Þau voru þá á aldrinum 7-23ja ára og höfðu því öll fæðst áður en foreldrar þeirra fluttust í Súgandafjörð.<sup>979</sup> Um yngsta barnið, dreng sem Kristján hét, er tekið fram í manntalinu að hann sé *þríburabarn*<sup>980</sup> en ætla má að hin börnin tvö, sem fæddust sama dag og hann, hafi látist.

<sup>965</sup> Þorkell Jóhannesson 1950, 144-149.

<sup>966</sup> Ól. Þ. Kr. 1945, 147 (Frá ystu nesjum). Ísl. æviskrár II, 79-80.

<sup>967</sup> Ól. Þ. Kr. 1945, 147.

<sup>968</sup> Sama heimild.

<sup>969</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>970</sup> Ól. Þ. Kr. 1945, 147.

<sup>971</sup> Sama heimild, 150-154.

<sup>972</sup> Sama heimild.

<sup>973</sup> Sama heimild, 147.

<sup>974</sup> Sama heimild, 147-148.

<sup>975</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>976</sup> Ól. Þ. Kr. 1945, 147-148.

<sup>977</sup> Sama heimild, 154-161.

<sup>978</sup> Manntal 1816, 697.

<sup>979</sup> Sama heimild.

<sup>980</sup> Sama heimild.

Öllum heimildum ber saman um að séra Eiríkur Vigfússon hafi verið góður búmaður og prýðilegur smiður<sup>981</sup> en af styrk hans sem kennimanns og vinsældum meðal sóknarbarna fer tvennum sögum. Daði fróði Níelsson segir um séra Eirík að hann hafi verið: *Starfsmaður mikill, mjög hneigður til búsyslu, smiður góður, glímumaður í betra lagi og hraustur til burða en gáfnadaufur og stirður til prestverka.*<sup>982</sup>

Hannes Þorsteinsson Þjóðskjalavörður kemst aftur á móti svo að orði að talið sé að séra Eiríkur hafi verið röskur maður, vel að sér og orðhittinn er því var að skipta.<sup>983</sup> Áður var frá því greint að Daði Níelsson segi Eirík prest hafa verið lítt þokkaðan af sóknarfólki sínu á Snæfjallaströnd. Hins vegar segir Sighvatur Borgfirðingur að þessi sami prestur hafi verið *vinsæll og vel látinn* í Súgandafirði og hefur það eftir gömlum Súgfirðingum sem hann náði að ræða við og mundu eftir séra Eiríki.<sup>984</sup> Sér til styrktar við að semja stólræðurnar hafði sér Eiríkur m.a. predikanasafn Danans N.E. Balles og var það látið af hendi upp í *álag* sem greiða þurfti þegar bæjarhúsin voru tekin út að honum látnum.<sup>985</sup>

Um Eirík prest Vigfússon er sagt að hann hafi *jafnan fengist við smíðar* og til marks um hagleik hans var lengi haft á orði að hann hefði smíðað skrá og lykil að Staðarkirkju og *hafi 16 skerðingar verið í lykilinn.*<sup>986</sup> Allir synir séra Eiríks urðu þjóðhagasmiðir og margir niðjar hans hafa verið hagleiksmenn.<sup>987</sup>

Um aldamótin 1900 var sú saga á kreiki í Súgandafirði að séra Eiríkur Vigfússon hefði verið mjög fjármargur þegar hann bjó á Stað og alið þar 300 fjár.<sup>988</sup> Rétt er og skylt að taka fram að þessi fjártala sýnist vera fjarri lagi. Árið 1821 var bústofn séra Eiríks Vigfússonar þessi ef marka má hinar opinberu búnaðarskýrslur: 3 kýr, 2 aðrir nautgripir, 40 ær, 35 sauðir og hrútar, 18 gemlingar, 12 lömb og 1 hestur.<sup>989</sup> Samkvæmt þessu hafa hausarnir á sauðfénu verið rétt liðlega eitt hundrað sem reyndar var býsna stórt bú á þeirrar tíðar mælikvarða og það stærsta í Suðureyrarhreppi.<sup>990</sup> Hugmyndir síðari tíma manna um þrisvar sinnum stærra sauðfjárnú hjá séra Eiríki hafa að líkindum átt rætur að rekja til þess að hann var síðasti Staðarpresturinn sem ekki lét sér nægja að búa með ær og kýr en var líka með marga sauði eins og tölurnar hér að ofan bera með sér. Á árunum kringum 1825 gafst séra Eiríkur reyndar nær alveg upp á sauðældinu (sjá hér bls. 13-14) og um það leyti urðu umsvif hans í búskapnum mun minni en áður hafði verið. Til marks um það má nefna að á árunum 1827, 1830,

<sup>981</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir. Ól. Þ. Kr. 1945, 148-150. Ísl. æviskrár I, 425-426.

<sup>982</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>983</sup> Ól. Þ. Kr. 1945, 148 (Frá ystu nesjum III).

<sup>984</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>985</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 4. Vísitazíubók 1836-1846. Staður í Súgandaf., úttekt 7.6.1839.

<sup>986</sup> Ól. Þ. Kr. 1945, 149.

<sup>987</sup> Sama heimild, 160.

<sup>988</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 10.

<sup>989</sup> Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1. Búnaðarskýrslur frá árinu 1821.

<sup>990</sup> Sama heimild.



1834 og 1837 var séra Eiríkur að jafnaði aðeins með um 20 ær, 3 sauði og hrúta, 9 gemlinga og eina eða tvær kýr.<sup>991</sup>

Á síðustu árum séra Eiríks voru sambýlismenn hans hér á Stað yfirleitt tveir og stundum þrír, að hjáleigubóndanum meðtöldum, en þá hafði gamli klerkurinn fengið sér aðstoðarprest sem hafði nokkur jarðarhundruð til ábúðar.<sup>992</sup> Á þessum árum var heildarfjöldi sauðkinda, að frátöldum lömbum, þó aldrei nema um og innan við eitt hundrað hér á Stað og fór reyndar niður í liðlega 30 árið 1837 ef marka má skýrslurnar.<sup>993</sup> Fram skal tekið að allar tölur sem hér hafa verið nefndar um fjárfjölda á Stað í tíð séra Eiríks ná ekki aðeins yfir fé á heimajörðinni heldur líka þær fáu kindur sem aldar voru í hjáleigunni Staðarhúsum.

Árið 1821 átti séra Eiríkur þrjá báta, einn áttæring, einn sexæring eða fjöggra manna far og einn minni bát.<sup>994</sup> Greinilegt er að hann hefur þá verið með töluverð umsvif í útgerð og líklegt að svo hafi verið næstu ár á undan. Árið 1827 átti hann enn minni bátana tvo en þremur árum síðar aðeins minnsta bátinn.<sup>995</sup> Ljóst er að útgerð prestsins hefur því dregist mjög saman á þessum árum eins og landbúskapurinn og árin 1834 og 1837 var enginn bátur í eigu séra Eiríks.<sup>996</sup> Bergur Jónsson, sambýlismaður prestsins, átti lítinn bát árið 1821 og eins var það 1827 og 1830 en 1834 og 1837 virðist alls enginn bátur hafa verið til hér á þessum kirkjustað.<sup>997</sup>

Líklegt er að helsta skýringin á minnkandi umsvifum séra Eiríks á árunum kringum 1825 sé sú að þá var hann kominn um sextugt og elli tekin að sækja að. Konu sína, Ragnheiði Halldórsdóttur, missti hann 4. október 1824.<sup>998</sup> Við uppgjör dánarbús hennar voru skuldlausar eignir virtar á 1.316 ríkisdali og 34 skildinga.<sup>999</sup> Á verðlagi þess tíma svaraði sú fjárhæð til nær 60 kúgilda.<sup>1000</sup> Meðal þess sem Ragnheiður átti voru 200 álnir í jörðinni Látrum í Mjóafirði<sup>1001</sup> þar sem faðir hennar hafði búið.

Fáum mánuðum eftir andlát konu sinnar kvæntist séra Eiríkur í annað sinn og gekk þá að eiga Solveigu Halldórsdóttur sem var hálf systir Ragnheiðar, henni samfeðra.<sup>1002</sup> Solveig var þá ekkja á sextugsaldri og hafði áður verið gift Benedikt bónda Þórðarsyni á Blámýrum í Ögursveit.<sup>1003</sup> Sagan segir að Ragnheiður hafi á deyjandi degi beðið mann sinn að líta til með Solveigu systur hennar og *hefði prestur ekki þóst geta orðið betur við bón hennar á annan hátt.*<sup>1004</sup>

<sup>991</sup> Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1. Búnaðarskýrslur 1827, 1830, 1834 og 1837.

<sup>992</sup> Sama askja. Búnaðarskýrslur 1830, 1834 og 1837. Sveinn Níelsson 1950, 194.

<sup>993</sup> Sömu heimildir.

<sup>994</sup> Sama askja. Búnaðarskýrslur 1821, 1827, 1830, 1834 og 1837.

<sup>995</sup> Sömu heimildir.

<sup>996</sup> Sömu heimildir.

<sup>997</sup> Sömu heimildir.

<sup>998</sup> Ól. Þ. Kr. 1945, 148 (Frá ystu nesjum III).

<sup>999</sup> Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XII. 2. Skiptabók 1811-1825.

<sup>1000</sup> Skýrslur um landshagi 1858 I, 262.

<sup>1001</sup> Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XII. 2. Skiptabók 1811-1825.

<sup>1002</sup> Ól. Þ. Kr. 1945, 148 og 152-154.

<sup>1003</sup> Sama heimild.

<sup>1004</sup> Sama heimild.

Eigi síðar en 1826 fékk séra Eiríkur Birni syni sínum part úr heimajörðinni á Stað til ábúðar en Björn kvæntist árið 1825 Valgerði Benediktsdóttur sem var dóttir Solveigar, seinni konu séra Eiríks.<sup>1005</sup> Björn bjó aðeins í fáein ár á Stað því árið 1830 urðu þau umskipti að séra Eiríkur tók sér aðstoðarprest, séra Hjalta Þorláksson, og mun séra Hjalti þá hafa fengið til ábúðar þau jarðarhundruð sem Björn hafði áður.<sup>1006</sup> Hér verður síðar sagt stuttlega frá séra Hjalta en hann var aðstoðarprestur hér á Stað í átta ár, frá 1830 til 1838.

Séra Eiríkur Vigfússon á Stað andaðist þann 8. mars árið 1838 og var þá 74 ára gamall eða því sem næst.<sup>1007</sup> Solveig Halldórsdóttir, seinni eiginkona séra Eiríks, lifði í 17 ár að honum látnum og dvaldist þá lengst af hjá syni sínum, Friðrik Benediktssyni, bónda í Staðarhúsum, hjáleigu frá Stað.<sup>1008</sup> Við andlát séra Eiríks Vigfússonar voru sex barna hans á lífi en þau voru þá öll farin burt úr Súgandafirði og höfðu flest tekið sér bólfestu í Önundarfirði.<sup>1009</sup> Í ritgerð Ólafs Þ. Kristjánssonar skólastjóra *Séra Eiríkur á Stað og ætt hans*, sem birtist í ritinu *Frá ystu nesjum* árið 1945, er að finna allrækilegar upplýsingar um niðja séra Eiríks Vigfússonar og Ragnheiðar konu hans.<sup>1010</sup> Sá fróðleikur verður ekki tekinn upp hér en látið nægja að nefna þau fjögur börn séra Eiríks sem náðu að eignast afkomendur. Þau voru þessi:

1. Halldór Eiríksson, fæddur 1793, dáinn 1863, kvæntur Þórunni Einarsdóttur. Lengst bóndi á Grafargili í Valbjófsdal í Önundarfirði (sjá hér Grafargil).
2. Björn Eiríksson, fæddur 1798, dáinn 1864, kvæntur Valgerði Benediktsdóttur. Bjó m.a. á Mosvöllum og í Neðri-Breiðadal í Önundarfirði (sjá hér Neðri-Breiðadalur).
3. Elín Eiríksdóttir, fædd 1799, dáin 1872. Hún var tvígift. Átti fyrst Jón Ólafsson frá Eyri í Önundarfirði og bjó með honum á Tannanesi og Kaldá, en síðar Einar Jónsson frá Augnavöllum í Hnífsdal og bjó með honum á Kirkjubóli í Korpudal, líka á Kotum og máske víðar í Önundarfirði (sjá hér Kirkjuból í Korpudal og Kaldá).
4. Vigfús Eiríksson, fæddur 1800, dáinn 1855, kvæntur Þorkötlu Ásgeirsdóttur. Vigfús var bóndi í Neðri-Breiðadal en líka smiður og hreppstjóri. Hann fórst í snjóflóði á Breiðadalsheiði 12. nóvember 1855 (sjá hér Fremri-Breiðadalur og Neðri-Breiðadalur).

<sup>1005</sup> Ól. Þ. Kr. 1945, 156. Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1. Búnaðarskýrslur 1827.

<sup>1006</sup> Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1. Búnaðarskýrslur 1827 og 1830.

<sup>1007</sup> Ól. Þ. Kr. 1945, 146-148 (Frá ystu nesjum III).

<sup>1008</sup> Sama heimild. Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>1009</sup> Ól. Þ. Kr. 1945, 154-161.

<sup>1010</sup> Sama heimild.

Af barnabörnum séra Eiríks Vigfússonar settist að minnsta kosti eitt að í Súgandafirði, Albert Jónsson, bóndi á Gilsbrekku (sjá hér Gilsbrekka), en hann var sonur Elínar Eiríksdóttur. Sonur Alberts var Kristján Albertsson á Suðureyri sem lengi var helsti forystumaður Súgfirðinga á ýmsum sviðum (sjá hér Suðureyri).

Í Önundarfirði varð niðjahópur prestshjónanna á Stað, séra Eiríks og Ragnheiðar konu hans, snemma mjög fjölmennur. Óskar Einarsson, sem var læknir á Flateyri frá 1925-1936, segir að þá hafi sjöundi hver maður í Önundarfirði getað rakið ætt sína til séra Eiríks.<sup>1011</sup> Að sögn Ólafs Þ. Kristjánssonar skólastjóra, sem sjálfur var einn af niðjum séra Eiríks, var það tvennt sem lengi vel mátti kallast kynfylgja í þeirri ætt, *hagleikur mikill, bæði á tré og járn, og skortur á söngeyra*.<sup>1012</sup> Segir Ólafur glöggan mann og ættfróðan hafa fullyrt að *þeir einir væru söngmenn meðal niðja séra Eiríks sem ættu að minnsta kosti til eins forsöngvara að telja í hina ættina*.<sup>1013</sup>

Nú (1996) er mun lengra liðið frá ævilokum séra Eiríks Vigfússonar en var þegar Ólafur heyrði þessa fullyrðingu og varla með því að reikna að hún fái staðist eftir alla þá blöndun sem orðin er, þó að sönn kunnir að hafa verið í upphafi.

Séra Hjalti Þorláksson, sem var hér aðstoðarprestur á árunum 1830-1838, fæddist árið 1798 og var sonur séra Þorláks Jónssonar, sem prestur var hér í Súgandafirði á árunum 1802-1812, og konu hans, Guðrúnar Guðmundsdóttur.<sup>1014</sup> Hann ólst upp hjá móðurbróður sínum á Uppsölum í Seyðisfirði við Djúp.<sup>1015</sup> Hjalta gekk illa við skólanám en náði þó að útskrifast úr heimaskóla árið 1826 og fékk prestvígslu 28. febrúar 1830.<sup>1016</sup> Hann gerðist þá aðstoðarprestur séra Eiríks á Stað og fékk part úr jörðinni til ábúðar. Þegar séra Hjalti kom í Súgandafjörð var hann kvæntur fyrri eiginkonu sinni, Raket Þorsteinsdóttur úr Aðalvík,<sup>1017</sup> og bjuggu þau hér með börnum sínum í þau átta ár sem fyrr voru nefnd.<sup>1018</sup> Tengdaforeldrar séra Hjalta voru þá líka hjá honum um nokkurt skeið<sup>1019</sup> og árið 1834 var hann hér með tíu manneskjur í heimili.<sup>1020</sup> Hann bjó þá með 3 kúr, 16 ær, 2 hrúta eða sauði og 6 gemlinga.<sup>1021</sup>

Árið 1861 lét séra Hjalti af embætti sem prestur á Stað á Snæfjöllum en þar hafði hann þjónað í 17 ár.<sup>1022</sup> Skömmu eftir að séra Hjalti lét af embætti var prestakallið á Snæfjallaströnd sameinað Kirkjubólshingum og

<sup>1011</sup> Óskar Ein. 1951, 32.

<sup>1012</sup> Ól. Þ. Kr. 1945, 146 (Frá ystu nesjum III).

<sup>1013</sup> Sama heimild.

<sup>1014</sup> Ísl. æviskrár II, 362-363.

<sup>1015</sup> Sama heimild.

<sup>1016</sup> Sama heimild.

<sup>1017</sup> Kristinn Kristmundsson og Þórleifur Bjarnason 1971, 288.

<sup>1018</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. Manntal 1835.

<sup>1019</sup> Kristinn Kristmundsson og Þórleifur Bjarnason 1971, 288.

<sup>1020</sup> Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1. Búnaðarskýrslur 1834.

<sup>1021</sup> Sama heimild.

<sup>1022</sup> Sveinn Níelsson 1950, 201-202. Ísl. æviskrár II, 362-363.

var hann síðasti presturinn á Snæfjöllum.<sup>1023</sup> Þó að Hjalti prestur væri orðinn embættislaus hélt hann þó hempunni fyrst um sinn en var sviptur henni og öllum eftirlaunum árið 1870, þá á áttæðisaldri, fyrir að gefa Þórð bónda Magnússon í Hattardal og unnustu hans, Guðríði Hafliðadóttur, saman í hjónaband á gamlársdag árið 1868 án þess að öllum lagaskilyrðum hefði verið fullnægt.<sup>1024</sup>

Sighvatur Borgfirðingur segir að séra Hjalti hafi verið *sjófaramaður ... mikill og skipstjórnari með afbrigðum*.<sup>1025</sup> Sjálfur sá Sighvatur þennan aldna drottins þjón í Bolungavík vorið 1865 og lýsir honum svo:

*Hann var óliðlega vaxinn og ófríður, meðalmaður á hæð, gildvaxinn og þreklegur, hafði stórt nef og víðar nasir, brúkaði mikið neftóbak og rann tóbakslögurinn niður í munn.*<sup>1026</sup>

Líkt hefur útlitið verið þegar séra Hjalti þjónaði Súgfirðingum sem aðstoðarprestur en þá var hann reyndar 30 árum yngri.

Sumarið 1838 fékk séra Andrés Hjaltason veitingu fyrir Staðarprestakalli í Súgandafirði<sup>1027</sup> en mun ekki hafa komið hér til starfa fyrr en vorið 1839.<sup>1028</sup> Séra Andrés var fæddur 4. ágúst 1805, sonur hjónanna séra Hjalta Jónssonar á Stað í Steingrímsfirði og Sigríðar Guðbrandsdóttur.<sup>1029</sup> Föðurfadir hans var séra Jón Sveinsson á Stað í Steingrímsfirði en móðurfadir séra Guðbrandur Sigurðsson á Brjánslæk.<sup>1030</sup> Móðurbróðir séra Andrésar var Gunnlaugur Guðbrandsson frá Brjánslæk sem varð sýslumaður á Grund í Eyjafirði og tók fyrstur manna upp ættarnafnið Briem.<sup>1031</sup> Faðir Andrésar, séra Hjalti Jónsson, og séra Eiríkur Vigfússon á Stað í Súgandafirði voru hins vegar systkinasynir því séra Sveinn Guðlaugsson í Hvammi í Norðurárdal var afi beggja.<sup>1032</sup>

Á sínum fyrstu æviárum var Andrés Hjaltason í fóstri á Víðivöllum í Staðardal í Steingrímsfirði, hjá ljósmóður sinni, Þorbjörgu Ólafsdóttur, sem andaðist þegar hann var á áttunda ári.<sup>1033</sup> Fór hann þá aftur til foreldra sinna, prestshjónanna á Stað í Steingrímsfirði, og ólst þar síðan upp.<sup>1034</sup> Skólanám stundaði Andrés í þrjá vetur hjá séra Sigurði Jónssyni á Rafnseyri, föður Jóns forseta, en settist í Bessastaðaskóla haustið 1823 og útskrifaðist þaðan vorið 1828.<sup>1035</sup> Hann dvaldist síðan um nokkurt skeið

<sup>1023</sup> Sveinn Níelsson 1950, 201-202. Ísl. æviskrár II, 362-363.

<sup>1024</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>1025</sup> Sama heimild.

<sup>1026</sup> Sama heimild.

<sup>1027</sup> Sveinn Níelsson 1950, 194.

<sup>1028</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir. Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>1029</sup> Ísl. æviskrár I, 10-11.

<sup>1030</sup> Sama heimild II, 113 og III, 283.

<sup>1031</sup> Ísl. æviskrár II, 210-211.

<sup>1032</sup> Sama heimild III, 283 og IV, 367. Sbr. hér bls. 112-113.

<sup>1033</sup> Sama heimild I, 10-11.

<sup>1034</sup> Sama heimild.

<sup>1035</sup> Ísl. æviskrár I, 10-11.

hjá föðurbróður sínum, séra Daníel Jónssyni í Skörðum í Miðdölum og var líka eitthvað á Breiðabólstað á Skógarströnd en fór vorið 1832 til móður sinnar sem þá var orðin ekkja og bjó í Kálfanesi í Steingreímsfirði.<sup>1036</sup> Frá henni fór hann sem hver annar vermaður norður á Gjögur og var þar í hákarlalegum og vann allt sem fyrir kom.<sup>1037</sup>

Í marsmánuði árið 1834 var Andrés Hjaltason vígður til prests og varð hann þá aðstoðarprestur hjá séra Eyjólf Kolbeinssyni á Eyri í Skutulsfirði.<sup>1038</sup> Því embætti gegndi hann í þrjú ár.<sup>1039</sup> Líklegt verður að telja að hann hafi á þessum árum þjónað Hólssókn í Bolungavík en í febrúarmánuði árið 1835 átti hann þó heima hjá sóknarprestinum á Eyri í Skutulsfirði.<sup>1040</sup>

Árið 1837 varð séra Andrés aðstoðarprestur séra Hjalta Þorbergssonar í Kirkjubólspingum við Ísafjarðardjúp og kvæntist á sama ári Margréti Ásgeirsdóttur, dóttur Ásgeirs bónda Ásgeirssonar á Rauðamýri og konu hans Maríu Pálsdóttur.<sup>1041</sup> Margrét, eiginkona séra Andrésar, var systir Ásgeirs Ásgeirssonar skipherra er síðar gekkst fyrir stofnun Ásgeirsverslunar á Ísafirði<sup>1042</sup> en langafi þeirra systkina var séra Þorsteinn Þórðarson prestur á Stað í Súgandafirði 1755-1763 og 1773-1801 (sjá hér bls. 108-109).

Í Kirkjubólspingum þjónaði séra Andrés aðeins í tvö ár eða tæplega það því 30. júlí 1838 var honum veittur Staður í Súgandafirði<sup>1043</sup> og hingað fluttist hann frá Rauðamýri í Nauteyrarhreppi vorið 1839.<sup>1044</sup> Sóknarprestur Súgfirðinga var séra Andrés í tíu ár, frá 1839 til 1849.<sup>1045</sup> Þegar hann og Margrét kona hans fluttust hingað að Stað voru þau barnlaus en börn þeirra þrjú fæddust öll hér á Stað.<sup>1046</sup> Þau voru: Jón Andrésson Hjaltalín, fæddur 21. mars 1840, lengi bókavörður í Edinborg en síðan skólameistari á Möðruvöllum og á Akureyri frá 1880 til 1908, Sigurður Andrésson, fæddur 14. mars 1841, trésmiður, lengi búsettur á Ísafirði en fluttist síðan til Ameríku, og Andrína María Andrésdóttir, fædd 21. ágúst 1844, lausakona á Ísafirði.<sup>1047</sup> Sigurður, sonur séra Andrésar, eignaðist 13 börn með fjórum konum.<sup>1048</sup> Eitt barna hans var Ásgeir Sigurðsson, konsúll og stórkaupmaður í Reykjavík, fæddur 1864, faðir Haraldar Á. Sigurðssonar leikara.<sup>1049</sup>

<sup>1036</sup> Ísl. æviskrár I, 10-11. Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>1037</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>1038</sup> Sama heimild.

<sup>1039</sup> Sveinn Nielsson 1950, 196 og 200.

<sup>1040</sup> Manntal 1835.

<sup>1041</sup> Ísl. æviskrár I, 10-11. Vestf. ættir I, 98-118.

<sup>1042</sup> Vestf. ættir I, 98-123.

<sup>1043</sup> Sveinn Nielsson 1950, 194.

<sup>1044</sup> Ísl. æviskrár I, 10-11.

<sup>1045</sup> Ísl. æviskrár I, 10-11.

<sup>1046</sup> Vestf. ættir I, 118-123.

<sup>1047</sup> Sama heimild. Ísl. æviskrár III, 40.

<sup>1048</sup> Vestf. ættir I, 118-123.

<sup>1049</sup> Vestf. ættir I, 118-123.

Árið 1840 bjó séra Andrés einn á allri heimajörðinni á Stað, tólf hundruðum, en hjáleigubóndi í Staðarhúsum hafði fjögur hundruð til ábúðar.<sup>1050</sup> Bústofn séra Andrésar samkvæmt búnaðarskýrslu var þá: 1 kýr, 1 kvíga, 1 og ½ kálfur, 22 ær, 6 gemlingar, 7 lömb og 2 hestar.<sup>1051</sup> Baturinn sem séra Andrés átti þá var tveggja eða þriggja manna far og kálgarður þeirra hjóna 7 ferfaðmar.<sup>1052</sup> Árið 1845 voru 10 manneskjur í heimili hjá séra Andrési, prestshjónin, börn þeirra þrjú, tveir vinnumenn og þrjár vinnukonur.<sup>1053</sup>

Sighvatur Borgfirðingur segir að í Súgandafirði hafi séra Andrési vegnað vel og hann verið vel látinn af sóknarbörnum.<sup>1054</sup> Að sögn Sighvats stundaði Andrés prestur sjóróðra og vann alla vinnu sem fyrir féll á sjó og landi á þeim árum sem hann var prestur Súgfirðinga.<sup>1055</sup> Nánar lýsir Sighvatur séra Andrési Hjaltasyni svo:

[Hann] var lærður maður, einkum í latínu, grísku og einkar vel að sér í íslenskri tungu. Hann var gáfumaður mikill og fróður um margt, skáld gott og hefur kveðið eigi allfá kvæði. ... Hann var góður skrifari, góður predikari en enginn raddmaður og var honum því á seinni árum sínum skipað af biskupi að hætta að tóna fyrir altari ... en lagsæll var hann þó röddin væri lítil og stirð. Hann var hinn siðferðisbesti og vandaðasti maður, vel þokkaður og vel liðinn af öllum. Hann var vel meðalmaður á vöxt, stinnvaxinn og útlimagildur og sómdi sér vel, ljós á hár og þykkhærður, spaklyndur og dagfarsgóður og gildur til burða.<sup>1056</sup>

Um Margréti Ásgeirsdóttur, eiginkonu séra Andrésar, segir sami höfundur að hún hafi verið *hin mesta búkona og skörungur mikill*. Reyndar bætir Sighvatur því við að hvað skörungsskapinn snerti hafi hún tekið *mjög fram Andrési presti, manni sínum*, enda hafi hagur hans staðið allvel meðan hún lifði.<sup>1057</sup> Margréti konu sína missti séra Andrés vorið 1859.<sup>1058</sup> Þá voru tíu ár liðin frá því þau fóru úr Súgandafirði.

Eftir séra Andrés liggur í handriti dálítið af sálmum, rímum, brúðkaupskvæðum, erfiljóðum og ljóðabréfum.<sup>1059</sup> Flest eða allt virðist það vera fært í letur á síðari árum séra Andrésar þegar hann var prestur í Flatey á Breiðafirði. Lausleg skoðun á þessu dóti gefur ekki tilefni til viðurkenningar. Lýsingin á Staðarprestakalli í Súgandafirði, sem séra

<sup>1050</sup> VA III, 408, búnaðarskýrsla 1840.

<sup>1051</sup> Sama heimild.

<sup>1052</sup> Sama heimild.

<sup>1053</sup> Manntal 1845.

<sup>1054</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>1055</sup> Sama heimild.

<sup>1056</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>1057</sup> Sama heimild.

<sup>1058</sup> Ísl. æviskrár I, 10-11.

<sup>1059</sup> Lbs. 2384<sup>8vo</sup>.

Andrés lauk við 30. desember árið 1839,<sup>1060</sup> er hins vegar þakkarverð þó hún sé reyndar mun styttri og veigaminni en æskilegt hefði verið. Til hennar er alloft vitnað í þessu riti.

Í marsmánuði árið 1849 fékk séra Andrés veitingu fyrir Gufudal og fluttist þangað þá um vorið.<sup>1061</sup> Frá 1857 til 1864 var hann prestur í Lundi í Borgarfirði.<sup>1062</sup> Þar missti hann Margréti konu sína og kvæntist í annað sinn.<sup>1063</sup> Seinni kona séra Andrésar var Eggþóra, dóttir séra Eggerts Bjarnasonar, prests í Stafholti.<sup>1064</sup> Með henni eignaðist hann eina dóttur.<sup>1065</sup>

Á árunum 1864-1868 var séra Andrés Hjaltason prestur í Garpsdal en síðan í Flatey á Breiðafirði frá 1868-1880.<sup>1066</sup> Þar bjó hann í Garðabæ.<sup>1067</sup> Úr Flatey fór séra Andrés með gufuskipi vorið 1881 og fluttist norður að Möðruvöllum til sonar síns, Jóns Hjaltalín skólameistara.<sup>1068</sup> Þar dó þessi gamli prestur 22. júlí 1882 og var þá rétt að verða 77 ára.<sup>1069</sup>

Séra Andrésí var veittur Gufudalur 6. mars 1849<sup>1070</sup> og 11. maí á sama ári var Oddi stúdent Sveinssyni veitt Staðarprestakall í Súgandafirði.<sup>1071</sup> Oddur nýtti sér hins vegar ekki þessa veitingu og þjónaði aldrei í Súgandafirði<sup>1072</sup> en varð tveimur árum síðar prestur á Rafnseyri (sjá hér Rafnseyri). Séra Andrés og hans fólk mun hafa farið úr Súgandafirði í maímánuði árið 1849 og var séra Sigurður Tómasson settur til að þjóna Staðarprestakalli til bráðabirgða.<sup>1073</sup> Hann hafði þá átt heima á Flateyri um nokkurt skeið. Séra Sigurður hafði verið aðstoðarprestur í Holtsprestakalli í Önundarfirði frá 1836 til 1847 en sumarið 1847 var hann afsagður af sóknarbörnunum vegna óhæfilegs drykkjuskapar (sjá hér Holt). Sumarið 1849 var hann skilinn að borði og sæng við eiginkonu sína, Abigael Þórðardóttur, en var í tygjum við ekkjuna Rósu Guðmundsdóttur á Þorustöðum eins og skýrt kemur fram í dagbók hans (sjá hér Holt). Í dagbókinni sést líka ýmislegt er varðar störf séra Sigurðar í Súgandafirði sumarið 1849 en hér á Stað messaði hann fyrst 3. júní á því ári og síðast 14. október sama ár.<sup>1074</sup> Þetta sumar var ákveðið að Arngrímur Bjarnason tæki við Staðarprestakalli í Súgandafirði og var hann vígður til prests þann

<sup>1060</sup> Sóknalýs. Vestfj. II, 111-120.

<sup>1061</sup> Ísl. æviskrár I, 10-11.

<sup>1062</sup> Sama heimild.

<sup>1063</sup> Sama heimild.

<sup>1064</sup> Sama heimild.

<sup>1065</sup> Sama heimild.

<sup>1066</sup> Sama heimild.

<sup>1067</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>1068</sup> Sama heimild.

<sup>1069</sup> Sama heimild.

<sup>1070</sup> Sveinn Níelsson 1950, 175.

<sup>1071</sup> Ísl. æviskrár IV, 21.

<sup>1072</sup> Ísl. æviskrár IV, 21.

<sup>1073</sup> ÍB. 826<sup>8vo</sup>, Dagbók séra Sigurðar Tómassonar maí – október 1849.

<sup>1074</sup> Sama heimild.

12. ágúst.<sup>1075</sup> Í dagbók séra Sigurðar Tómassonar sést að séra Arngrímur kom vestur um eða upp úr 20. september.<sup>1076</sup>

Segja má að séra Sigurður Tómasson hafi verið með annan fótinn í Súgandafirði sumarið 1849 og virðist þá einna helst hafa haldið til á Suðureyri en hann var mikið á ferðinni yfir Klofningsheiði.<sup>1077</sup> Oft gisti hann hjá Rósu á Þórustöðum en fór líka tvisvar vestur að Gerðhömrum í Dýrafirði að hitta eiginkonu sína og dóttur sem þar dvöldust.<sup>1078</sup> Séra Sigurður var þetta sumar 45 ára eða aðeins yngri<sup>1079</sup> og enn léttur á fæti. Til kynningar á athöfnum þessa íhlaupaprests Súgfirðinga sumarið 1849 verður nú litið nánar á dagbók hans frá þessu sumri:

Þann 1. júní fór Sigurður prestur frá Þórustöðum að Hóli á Hvilftarströnd og þaðan áfram til Súgandafjarðar næsta dag.<sup>1080</sup> Þann 3. júní messaði hann á Stað í fyrsta sinn en fór svo næsta dag til baka að Þórustöðum.<sup>1081</sup> Þann 9. júní skrifar prestur í dagbókina: *Fór tristis frá meam carissima amica að H. og V.*, sem merkir að hann hafi hryggur í huga, farið frá kærustu sinni, líklega að Holti og Vöðlum. Þann 11. júní fór hann að Stað og næsta dag inn á Suðureyri en þar virðist hann svo hafa verið um kyrrt til loka mánaðarins.<sup>1082</sup> Í júnímánuði messaði Sigurður prestur þrisvar sinnum á Stað, 3. júní, 17. júní og 24. júní.<sup>1083</sup> Hann var þó oftast með hugann á Þórustöðum: *Skrifaði ég meam carissimam Rosam* krotar prestur í bók sína þann 14. júní,<sup>1084</sup> sem merkir að þá hafi hann skrifað Rósu kærustu sinni bréf, og 29. júní koma þessi orð: *Skrifaði ég prófasti og meam dilect amic. florem rosarum*,<sup>1085</sup> sem sýnir að þá hefur hann skrifað Rósu sinni á nýjan leik.

Við messuna á Stað þann 24. júní 1849 var að sögn séra Sigurðar margt fólk<sup>1086</sup> og næsta dag kom séra Andrés, hinn fráfarandi prestur Súgfirðinga, og staldraði við í þrjá daga.<sup>1087</sup> Hann hefur þá verið að ganga frá sínum málum í Súgandafirði og fór sjóleiðis til baka.<sup>1088</sup> Ekki gat Sigurður prestur haldið sig alveg frá brennivíninu þennan fyrsta mánuð sem hann þjónaði í Súgandafirði því 26. júní fékk hann 2 *potta af brennivíni frá Olsen*,<sup>1089</sup> líklega Eiríki Ólsen sem þá var verslunarstjóri í Neðstakaupstað á Ísafirði.<sup>1090</sup>

<sup>1075</sup> Sveinn Níelsson 1950, 194.

<sup>1076</sup> ÍB. 826<sup>8vo</sup>, Dagbók séra Sigurðar Tómassonar maí – október 1849.

<sup>1077</sup> Sama heimild.

<sup>1078</sup> Sama heimild.

<sup>1079</sup> Ísl. æviskrár IV, 272.

<sup>1080</sup> ÍB. 826<sup>8vo</sup>, Dagbók séra Sigurðar Tómassonar maí – október 1849.

<sup>1081</sup> Sama heimild.

<sup>1082</sup> Sama heimild.

<sup>1083</sup> Sama heimild.

<sup>1084</sup> Sama heimild.

<sup>1085</sup> ÍB. 826<sup>8vo</sup>, Dagbók séra Sigurðar Tómassonar maí – október 1849.

<sup>1086</sup> Sama heimild.

<sup>1087</sup> Sama heimild.

<sup>1088</sup> Sama heimild.

<sup>1089</sup> Sama heimild.

<sup>1090</sup> Jón Þ. Þór 1984, 129.



Á síðasta degi júnímánaðar fór séra Sigurður vestur að Þórustöðum til fundar við Rósu og kom ekki aftur í Súgandafjörð fyrr en 8. júlí.<sup>1091</sup> – *Kom við á Langhól. NB. NB.*, skrifar klerkur í dagbók sína 8. júlí<sup>1092</sup> en Langhóll var eitt býlanna í Bæ í Staðardal í Súgandafirði. Stafirnir *NB. NB.* merkja líklega að á Langhól hafi prestur hitt á álitlegan kvenmann því táknmál af þessu tagi notar hann yfirleitt aðeins í sambandi við konur eins og dagbókin ber með sér. Hvaða stúlku þarna var um að ræða er hins vegar erfitt að sjá.

Að þessu sinni dvaldist séra Sigurður í Súgandafirði í eina viku.<sup>1093</sup> Þann 13. júlí skrifaði hann Rósu og næsta dag var hann við úttekt á Stað.<sup>1094</sup> Þann 15. júlí söng hann messu en fór eftir embætti vestur að Þórustöðum.<sup>1095</sup> Þann 20. júlí kom hlaupaprestur þessi til baka og staldraði við í ellefu daga.<sup>1096</sup> *Messaði ég á Stað, 10 til altaris*, skrifar séra Sigurður í dagbókina 22. júlí og næsta sunnudag messaði hann líka.<sup>1097</sup> Mánudaginn 30. júlí hófst sláttur á kirkjustaðnum en um heyskapinn þurfti prestur ekkert að hugsa og fór enn vestur að Þórustöðum þann 31. júlí.<sup>1098</sup> Þaðan fór hann næsta dag vestur að Gerðhömrum í Dýrafirði að hitta konu sína og dóttur og var þar í tæpa viku.<sup>1099</sup> Til Súgandafjarðar kom séra Sigurður ekki aftur fyrr en um miðjan ágúst en virðist hafa dvalist samfellt á Suðureyri frá miðjum ágúst og fram í miðjan september.<sup>1100</sup>

Þann 21. ágúst komu dekkbátarnir Ingi og Tréfótur inn á Súgandafjörð.<sup>1101</sup> Tréfót áttu bændur á Ingjaldssandi (sjá hér Sæból) og með einum skipverjanum þar um borð sendi séra Sigurður konu sinni á Gerðhömrum bréf og lykil sem fylgdi með.<sup>1102</sup>

– *Skírði ég Ingibjörgu hér – allt borgað*, skrifar presturinn í dagbók sína 25. ágúst.<sup>1103</sup> Í prestsþjónustubókinni frá Stað sést að barnið sem þarna var skírt hefur verið Ingibjörg Friðbertsdóttir sem fæddist einmitt þennan sama dag á Suðureyri.<sup>1104</sup> Hún var fyrsta barn Friðberts Guðmundssonar, þá vinnumanns á Suðureyri en síðar bónda í Fremri-Vatnadal, og fyrri konu hans, Arnfríðar Guðmundsdóttur.<sup>1105</sup> *Fékk ég einn pott brennivín frá Olsen*, bókar prestur þann 4. september og næsta dag lætur hann þess getið að allar jaktir sem lágu inni á Súgandafirði hafi farið út.<sup>1106</sup> – *Gott.*

<sup>1091</sup> ÍB. 826<sup>8vo</sup>, Dagbók séra Sigurðar Tómassonar maí – október 1849.

<sup>1092</sup> Sama heimild.

<sup>1093</sup> Sama heimild.

<sup>1094</sup> Sama heimild.

<sup>1095</sup> Sama heimild.

<sup>1096</sup> Sama heimild.

<sup>1097</sup> Sama heimild.

<sup>1098</sup> Sama heimild.

<sup>1099</sup> Sama heimild.

<sup>1100</sup> Sama heimild.

<sup>1101</sup> ÍB. 826<sup>8vo</sup>, Dagbók séra Sigurðar Tómassonar maí – október 1849.

<sup>1102</sup> Sama heimild.

<sup>1103</sup> Sama heimild.

<sup>1104</sup> Prestsþj. b. Staðar í Súgandaf.

<sup>1105</sup> Sama heimild. Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>1106</sup> ÍB. 826<sup>8vo</sup>, Dagbók séra Sigurðar Tómassonar maí – október 1849.

*Messaði, allt til altaris úr Dalnum*, ritar klerkur þann 9. september<sup>1107</sup> en fjórum dögum síðar hefur hann skrifað: *Léði ég skóg að Laugum*.<sup>1108</sup> Merking þeirra orða getur vart verið önnur en sú að séra Sigurður hafi veitt ekkjunni Guðfinnu Þorgilsdóttur, sem þá bjó á **Laugum** í Súgandafirði,<sup>1109</sup> heimild til að afla sér eldiviðar í skógarreitnum sem Staðarkirkja átti í landi Gilsbrekku (sjá hér bls. 15 og 32 og Gilsbrekka).

Þann 16. september fór Sigurður prestur enn vestur að Þórustöðum og þaðan áfram að Gerðhömrum þremur dögum síðar.<sup>1110</sup> Til Súgandafjarðar kom hann aftur 27. september og þá var hinn nýi prestur Súgfirðinga, séra Arngrímur Bjarnason, kominn.<sup>1111</sup> Sunnudaginn 30. september messaði séra Arngrímur í Staðarkirkju í fyrsta eða annað sinn.<sup>1112</sup> Séra Sigurður var þá enn í Súgandafirði og skrifar sama dag í bók sína: *Var Ásgeir á Sluppunni inni hér*.<sup>1113</sup> Sá sem þarna er nefndur mun vera enginn annar en Ásgeir Ásgeirsson skipherra á slupskipi sínu Lovísu (sbr. hér Flateyri), sá hinn sama og fáum árum síðar setti á stofn Ásgeirsverslun á Ísafirði og gerðist kaupmaður. Hér var þess áður getið að systir Ásgeirs skipherra, Margrét Ásgeirsdóttir, var í tíu ár prestsfrú á Stað í Súgandafirði og hafði flust þaðan burt vorið 1849 með manni sínum, séra Andrési Hjaltasyni. Hún var þremur árum eldri en Ásgeir bróðir hennar, fædd 1814 en hann 1817.<sup>1114</sup>

Annan október 1849 lagði séra Sigurður Tómasson enn upp í ferðalag yfir Klofningsheiði.<sup>1115</sup> Hann fór þá fyrst að Þórustöðum en síðan vestur á Rafnseyri að finna prófast sinn.<sup>1116</sup> Þann 12. október var hann kominn á Ísafjörð og þaðan lagði hann einu sinni enn leið sína til Súgandafjarðar næsta dag.<sup>1117</sup> Sunnudaginn 14. október 1849 þjónaði séra Sigurður fyrir altari í Staðarkirkju í síðasta sinn og kvaddi Súgfirðinga. *Messað á Stað. Var ég fyrir altari*, skrifar hann þann dag í bók sína og daginn eftir bætir hann við: *Fór ég alfarinn úr Súgandafirði að Þórustöðum*.<sup>1118</sup>

Framtíðin sem blasti við þessum hrösula klerki þegar hann rölti í síðasta sinn yfir Klofningsheiði var ekki björt. *Fór ég inn í Holt ráðalítill*, skrifar hann í dagbók sína 23. október þetta sama haust eftir nokkurra daga dvöl á Þórustöðum.<sup>1119</sup> Allan veturinn sem nú fór í hönd var hann í reiðuleysi í Öundurafirði.<sup>1120</sup> Í síðasta mánuðinum sem hann þjónaði í Súgandafirði hafði séra Sigurði reyndar borist bréf frá biskupi með

<sup>1107</sup> ÍB. 826<sup>8vo</sup>, Dagbók séra Sigurðar Tómassonar maí – október 1849.

<sup>1108</sup> Sama heimild.

<sup>1109</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>1110</sup> ÍB. 826<sup>8vo</sup>, Dagbók séra Sigurðar Tómassonar maí – október 1849.

<sup>1111</sup> Sama heimild.

<sup>1112</sup> Sama heimild.

<sup>1113</sup> Sama heimild.

<sup>1114</sup> Vestf. ættir I, 118-123.

<sup>1115</sup> ÍB. 826<sup>8vo</sup>, Dagbók séra Sigurðar Tómassonar maí – október 1849.

<sup>1116</sup> Sama heimild.

<sup>1117</sup> Sama heimild.

<sup>1118</sup> Sama heimild.

<sup>1119</sup> Sama heimild.

<sup>1120</sup> Sama dagbók 1849 og 1850.

tilkynningu um að hann væri settur til að gegna prestsembætti í Grímsey fyrst um sinn um eins árs tíma (sjá hér Holt). Við þessa orðsendingu varð honum um og ó en ákvað að fara hvergi þá um haustið. Vorið 1850 kom nýtt bréf frá biskupi þann 13. apríl með sama boðskap. *Bréf frá biskupi g.h.m.*, skrifar prestur í bók sína þann dag<sup>1121</sup> og þarf víst ekki að efa að síðustu þrír stafirnir séu skammstöfun fyrir orðin *guð hjálpi mér*. Þann 26. maí þetta sama vor lagði hann upp í hina löngu ferð úr Önundarfirði og norður í Grímsey eins og frá er greint á öðrum stað í þessu riti (sjá hér Holt). Saga hans þar verður ekki rakin hér en þess skal þó getið að þessi fyrrverandi aðstoðarprestur sem Önfirðingar höfðu afsagt og þjónaði Súgfirðingum sumarlangt náði að gegna prestsembættinu í Grímsey í nær 17 ár eða allt til dauðadags vorið 1867.<sup>1122</sup>

Séra Arngrímur Bjarnason, sem tók við Staðarprestakalli í Súgandafirði haustið 1849, var þá 45 ára gamall en hafði þó aldrei fyrr á sinni ævi gegnt prestsembætti.<sup>1123</sup> Arngrímur fæddist á Melum í Melasveit 7. júní 1804 og var sonur hjónanna séra Bjarna Arngrímssonar á Melum og Guðrúnar Sigurðardóttur.<sup>1124</sup> Móðir Arngríms var dóttir Sigurðar Ólafssonar sem var klausturhaldari á Kirkjubæjarklaustri frá 1759-1785 og missti þar allan sinn búfénað í Skaftáreldum.<sup>1125</sup> Föðurfaðir Guðrúnar, móður séra Arngríms, var Ólafur sýslumaður Árnason í Haga á Barðaströnd en föðurmóðir hennar var Guðrún, dóttir séra Hjalta Þorsteinssonar í Vatnsfirði.<sup>1126</sup> Af þessu má sjá að séra Arngrímur átti ættir að rekja til Vestfjarða þó sjálfur væri hann fæddur og uppalinn í Borgarfjarðarhéraði.

Séra Bjarni Arngrímsson á Melum, faðir Arngríms, var lærður vel og ágætur búmaður.<sup>1127</sup> Hann var garðyrkjufrómuður og hlaut minnispening úr gulli fyrir rit sitt *Um garðyrkjunnar nytsemi* sem gefið var út á vegum danska landbúnaðarfélagssins árið 1820.<sup>1128</sup> Í móðurætt séra Bjarna á Melum voru þeir feðgar, hann og Arngrímur sonur hans sem varð rprestur á Stað, komnir af Arngrími lærða Jónssyni og var séra Arngrímur á Stað sjötti maður frá Arngrími lærða.<sup>1129</sup>

Prestssonurinn Arngrímur Bjarnason á Melum var eina barn foreldra sinna sem náði að vaxa úr grasi.<sup>1130</sup> Á ungum aldri byrjaði Arngrímur að læra latínu hjá föður sínum en verr tókst þá til en skyldi. Frá menntun hans og skólaveru greinir Sighvatur Borgfirðingur á þessa leið:

<sup>1121</sup> ÍB. 826<sup>8vo</sup>, Dagbók séra Sigurðar Tómassonar 13.4.1850.

<sup>1122</sup> Ísl. æviskrár IV, 272.

<sup>1123</sup> Sama heimild I, 25-26.

<sup>1124</sup> Sama heimild.

<sup>1125</sup> Sama heimild I, 25-26 og IV, 251.

<sup>1126</sup> Ísl. æviskrár II, 363-364 og IV, 251.

<sup>1127</sup> Sama heimild I, 156-157. Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>1128</sup> Ísl. æviskrár I, 156-157.

<sup>1129</sup> Sama heimild I, 29-31, 156-157 og 190-191.

<sup>1130</sup> Sama heimild I, 156-157.

*Faðir hans [Arngríms] var orðlagður lærdóms- og gáfumaður og tók að kenna þessum einkasyni sínum og sparaði ekkert til menningar hans og er það sögn kunnugra manna að Arngrímur hafi í barnæsku verið hinn efnilegasti og hafi faðir hans ætlast til að þessi einkasonur sinn yrði afbragð annarra manna að lærdómi og ofreynt hann kornungan með latínunámi – og beitti við hann refsingu og of mikilli hörku og einkum að hafa barið hann ógætlega um höfuðið þegar hann fékk ekki skilað því sem honum var sett fyrir.*

*Var hann þó svo langt á veg kominn þegar í skóla kom að hann settist í efri bekk en þar var hann líka um 5 ár með sárlitlum framförum og sýndist á stundum eftir sumum hans atburðum að hann myndi ei með öllum mjalla. ... Sagt er að af þeirri grimmdar meðferð sem Arngrímur varð fyrir af föður sínum í æsku við námið, hafi hann orðið sem hálfvinglaður og aldrei náð sér aftur. Sessunautur hans einn í Bessastaðaskóla, latínumaður mikill, ... hafði sagt að Arngrímur væri sá undarlegasti maður og undarlega gáfaður. Annan daginn væri hann sá hestur í latínu að hann hefði ekkert með hann að gjöra en hinn daginn væri hann það nautshöfuð sem ekkert skildi né vissi.*

*Séra Hannesi Árnasyni, kennara við prestaskólann og latínuskólann var mjög hlýtt til séra Arngríms. Hann sagði eitt sinn ... : „Séra Arngrímur er einn af þeim mönnum sem heimurinn misskilur.” Hvar þeir hafa kynnst veit ég eigi en að líkindum hefur það laðað þessa menn saman að báðir voru sem kallað er „utan við sig” og manna grandvarastir.<sup>1131</sup>*

Þetta voru orð Sighvats Borgfirðings sem margt heyrði talað um séra Arngrím en hann var enn prestur í vesturhluta Ísafjarðarsýslu þegar Sighvatur fluttist til Dýrafjarðar og hóf búskap á Höfða árið 1873.

Í Bessastaðaskóla fór Arngrímur 16 ára gamall árið 1820 og útskrifaðist þaðan vorið 1825 með vitnisburði í *betra meðallagi, dómgreind þó talin dauf*.<sup>1132</sup> Predikunarleyfi fékk hann þá um sumarið.<sup>1133</sup> Á skólaárum sínum missti Arngrímur báða foreldra sína en þau önduðust bæði vorið 1821, móðir hans þann 7. apríl og faðir hans daginn eftir.<sup>1134</sup>

Eftir foreldra sína mun Arngrímur hafa erfð verulega fjármuni og segir Sighvatur Borgfirðingur það hafa verið *auð fjár*.<sup>1135</sup> Hann lætur þess einnig getið að Arngrímur hafi verið bæði *fégjarn og fésár* en hafi hvorki kunnað

<sup>1131</sup> Lbs. 2367<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>1132</sup> Ísl. æviskrár I, 25-26.

<sup>1133</sup> Sama heimild.

<sup>1134</sup> Sama heimild I, 156-157.

<sup>1135</sup> Lbs. 2367<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

að afla fjár né gæta þess, enda hafi margir notað sér *einfeldni hans og barnaskap til ávinnings*.<sup>1136</sup>

Er Arngrímur útskrifaðist úr skólanum á Bessastöðum árið 1825 var hann 21 árs gamall og settist þá að sem húsmáður í Belgsholti í Melasveit,<sup>1137</sup> örskammt frá prestssetrinu Melum þar sem hann hafði alist upp. Einu ári síðar fór hann að Staðastað á Snæfellsnesi til föðursystur sinnar sem þar var prestsfrú og var þar í eitt ár en fluttist árið 1827 að Leirá.<sup>1138</sup> Á þessum árum var Arngrímur stúdent ekki talinn fjár síns ráðandi *vegna sinnuleysis og hjárænuháttar*<sup>1139</sup> en Jónas Scheving, sýslumaður á Leirá, var fjárhaldsmaður hans.<sup>1140</sup> Á Leirá mun Arngrímur hafa verið í fjögur ár en þegar Jónas Scheving andaðist vorið 1831 varð breyting á högum þessa unga manns. Hann gerðist þá skrifari og barnakennari hjá Birni sýslumanni Blöndal í Hvammi í Vatnsdal og var þar í eitt ár en næsta ár var hann um skeið skrifari hjá Grími amtmanni Jónssyni á Möðruvöllum í Hörgárdal.<sup>1141</sup> Í síðari hluta marsmánaðar árið 1833 var Arngrímur farinn frá Möðruvöllum og kominn suður til Reykjavíkur eins og sjá má í bréfi sem Bjarni skáld Thorarensen, þá yfirdómari í landsyfirrétti, skrifaði Grími amtmanni á Möðruvöllum frá Gufunesi þann 20. mars á því ári.<sup>1142</sup> Bréfið er á dönsku en sé kafla úr því snúið á íslensku hljóðar hann svo:

*... Að dóttir þín skyldi ekki þola návist Arngríms get ég vel skilið. Þú getur líka sem best verið án skrifara í hálfu ár og stuðst við börn þín sem hafa svo fallega rithönd. Sjálfur er ég, gamall maðurinn, reyndar svo Arngrímiserður að við liggur að ég finni hjá mér löngun til að kyssa á vissa blekskreytta fingur. Annars get ég sagt þér að Arngrímur er farinn að vinna á skrifstofu Ulstrups landfógeta sem má stríða við að bera af honum blak vegna fávísku drengsins en ýms „spakmæli“ eru nú höfð eftir pilti og ganga manna á milli í Reykjavík. Meðal annars er haft eftir Arngrími að það hafi verið virkilega sárt að vera laminn í höfuðið gegn vilja sínum. Hann segist reyndar sjálfur hafa ákveðið að fara frá Möðruvöllum og aðeins vegna þess að hann hafi ekki þolað höfuðhögg Brynjólfs. Hverjum sem hafa vill sýnir Arngrímur nú kúlur á hausnum á sér og landlæknir ku vera búinn að telja honum trú um að með barsmíðum sínum hafi Br.Sv. lamið úr honum alla kynhvöt.*<sup>1143</sup>

<sup>1136</sup> Lbs. 2367<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>1137</sup> Sama heimild.

<sup>1138</sup> Sama heimild.

<sup>1139</sup> Ísl. æviskrár I, 25-26.

<sup>1140</sup> Lbs. 2367<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>1141</sup> Ísl. æviskrár I, 25-26.

<sup>1142</sup> Bjarni Thorarensen / Bréf I 1943, 101-102.

<sup>1143</sup> Bjarni Thorarensen / Bréf I 1943, 101-102.

Til skýringar skal þess getið að Brynjólfur sá sem þarna er nefndur mun vera Brynjólfur Svenson, sem seinna varð sýslumaður í Barðastrandarsýslu, en hann var líka skrifari á Möðruvöllum í nokkra mánuði veturinn 1832-1833.<sup>1144</sup> Báða þessa skrifara, Arngrím og Brynjólf, rak Grímur amtmaður úr starfi veturinn 1832-1833. Arngrímur var rekinn 5. desember fyrir að hafa skrifað elstu dóttur amtmannsins biðilsbréf.<sup>1145</sup> Hún hét Kristine Frederikke og var 19 ára gömul þegar Arngrímur var á Möðruvöllum.<sup>1146</sup> Í bréfi sem Grímur skrifaði 8. janúar 1833 kveðst hann hafa orðið svo óður þegar hann sá bónorðsbréf Arngríms að hann hafi rifið það í tætlur, fleygt tætlunum í andlit skrifarans og skipað honum að hypja sig burt.<sup>1147</sup>

Frá brottrekstri hins skrifarans á Möðruvöllum þennan sama vetur, Brynjólfs Svenson, segir Bjarni skáld Thorarensen í bréfi er hann ritaði Bjarna Þorsteinssyni, amtmanni á Stapa, 9. mars 1833 og kemst þá svo að orði:

*Amtmaður Johnsson [þ.e. Grímur Jónsson – innsk. K.Ó.] hefir orðið að reka báða skrifara sína burt – Arngrím fyrir asnaskap í super latino [hástigi] en Brynjólf B. Svenson fyrir stakt fantæði. Þessi síðarnefndi hafði 6 sinnum staðið og lagst með konu administrator B. Jónssonar á Möðruvöllum og maðurinn klagað. Var þar hjá fullur þá hann fékk höndum undir komist.*<sup>1148</sup>

Það er Björn Jónsson, síðar ritstjóri blaðanna Norðra og Norðanfara á Akureyri, sem þarna er nefndur B. Jónsson en hann mun hafa verið ráðsmaður á Möðruvöllum á þessum árum.<sup>1149</sup> Kona hans hét Anna Árnadóttir og var frá Reistará.<sup>1150</sup> Sá hinn sami Björn getur líka um brottrekstur Arngríms frá Möðruvöllum í bréfi er hann ritaði 11. febrúar 1833 og segir hann hafa verið rekinn fyrir ódugnað og fyrir það hann hóf bónorð til Rikku.<sup>1151</sup> Að það sé amtmannsdóttirin Kristine Frederikke, sem nefnd hefur verið Rikka, þarf víst ekki að efast um.

Í bréfi sínu frá 20. mars 1833, sem hér var áður vitnað til, getur Bjarni Thorarensen þess að Arngrímur sé farinn að vinna á skrifstofu landfógeta í Reykjavík en þaðan mun þessi fyrrverandi skrifari á Möðruvöllum hafa farið að Leirá í Borgarfjarðarhéraði árið 1833 eða 1834 og keypti hann þá þessa stóru jörð.<sup>1152</sup>

<sup>1144</sup> Ísl. æviskrár I, 287-288.

<sup>1145</sup> Bjarni Thorarensen / Bréf I 1943, 277.

<sup>1146</sup> Sama heimild, 276-277.

<sup>1147</sup> Sama heimild.

<sup>1148</sup> Bjarni Thorarensen / Bréf II 1986, 140.

<sup>1149</sup> Bjarni Thorarensen / Bréf II 1986, 372-373 og 424. Sbr. Ísl. æviskrár I, 229.

<sup>1150</sup> Ísl. æviskrár I, 229.

<sup>1151</sup> Bjarni Thorarensen / Bréf II 1986, 372-373.

<sup>1152</sup> Lbs. 2367<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

Um það leyti sem Arngrímur festi kaup á Leirá eða mjög skömmu síðar ritaði hann annarri stúlku bónorðsbréf sem löngu síðar var birt á prenti.<sup>1153</sup> Sú sem hann þá sneri sér til var Guðlaug Jónsdóttir, liðlega tvítug sýslumannsdóttir á Melum í Hrutafirði.<sup>1154</sup> Hún giftist fáum árum síðar Ásgeiri Einarssyni á Kollafjarðarnesi sem lengi var þingmaður Strandamanna.<sup>1155</sup>

Bréfið sem Arngrímur sendi Guðlaugu hljóðaði svo:

*Innilega bið ég yður, elskaða góða jómfú, að þér ekki álítið yður ofvaxið að taka tilmælum mínum um giftumál okkar, lofi guð, á næstkomandi vori. Af elsku til yðar vil ég sem hentugast er haga högum mínum. Tvo þriðjupartana af Leirá byggji ég góðum ábúendum en einn þriðja partinn eða 20 hundruð ætla ég sjálfum mér til ábúðar. Yður elska ég mikið af góðri afspurn og óska strax að mega sækja yður norður að vori til að ráða fyrir mínu litla búi því skuldabú vil ég ekki hafa. Þrjátíu spesíur nægja mér að láni með rentum hjá föður yðar. Lifið vel,*

*yðar sannur og einlægur elskari*

*A. Bjarnason.<sup>1156</sup>*

Ekki fékk Arngrímur jákvæðar undirtektir frá Guðlaugu á Melum og frá Leirá varð hann brátt að víkja fyrir Stefáni umboðsmanni Scheving, bróður Jónasar sýslumanns sem verið hafði fjárhaldsmaður söguhetju vorrar.<sup>1157</sup>

Vorið 1835 kvæntist Arngrímur tvítugri stúlku sem hét Anna Bjarnadóttir.<sup>1158</sup> Var hún systurdóttir séra Jóhanns Tómassonar á Hesti í Borgarfirði og uppeldisdóttir hans.<sup>1159</sup> Sama ár reistu þau Arngrímur og Anna bú á eignarjörð hans, Ási í Melasveit, og tók Arngrímur nú við öllu erfðafé sínu.<sup>1160</sup> Hjónaband þeirra stóð í átta ár og bjuggu þau allan þann tíma í Ási.<sup>1161</sup> Á þessum átta árum, 1835-1843, ól eiginkona Arngríms sex börn sem öll voru kennd honum en talið var af mörgum að annar maður væri þó réttur faðir að sumum þeirra.<sup>1162</sup> Um þau efni ritar Sighvatur Borgfirðingur svo:

*... en litlu síðar varð það að maður sá komst upp á milli þeirra hjóna er Bergur hét og var Björnsson, kallaður*

<sup>1153</sup> Sagnaþættir Fjallkonunnar 1953, 90.

<sup>1154</sup> Sama heimild. Sbr. séra Jón Guðnason 1955, 227 og Ísl. æviskrár I, 89-90 og III, 198.

<sup>1155</sup> Séra Jón Guðnason 1955, 227.

<sup>1156</sup> Sagnaþættir Fjallkonunnar 1953, 90.

<sup>1157</sup> Sagnaþættir Fjallkonunnar 1953, 90. Ísl. æviskrár III, 339-340 og IV, 332.

<sup>1158</sup> Ísl. æviskrár I, 25-26.

<sup>1159</sup> Sama heimild. Lbs. 2367<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>1160</sup> Ísl. æviskrár I, 25-26.

<sup>1161</sup> Sama heimild.

<sup>1162</sup> Lbs. 2367<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

*Bergur stóri. Var hann drykkjugjarn og hroðamenni. Fóru ærið illar sögur af meðferð þeirra Bergs og Önnu á Arngrími og kom svo að ekki var hann með öllu óhræddur um líf sitt fyrir Bergi og mun á stundum hafa orðið þess var að Bergur ætlaði honum bana. Börn átti Anna nokkur sem öll voru kennd Arngrími en líktust mjög Bergi.*<sup>1163</sup>

Elst þessara barna var Jóhann Bjarni Arngrímsson, fæddur 1. apríl 1836,<sup>1164</sup> en hann fylgdi föður sínum síðar og var um skeið í Súgandafirði (sjá hér bls. 137). Af hinum börnunum fimm dóu þrjú í bernsku en tvær stúlkur komust upp, Guðrún Jóhanna og Júlíana Ólöf.<sup>1165</sup>

Árið 1843 slitnaði upp úr sambúð Arngríms og Önnu Bjarnadóttur.<sup>1166</sup> Tveimur árum síðar fluttist Arngrímur til Reykjavíkur og var þá orðinn liðlega fertugur.<sup>1167</sup> Næstu árin var hann á hálfgerðum flækingi í og við Reykjavík en fékk þó stundum vinnu við skriftir hjá ýmsum embættismönnum.<sup>1168</sup> Oft sótti hann um prestaköll en biskupar hikuðu við að veita honum embætti.<sup>1169</sup> Nefna má að árið 1837 var honum neitað um Grímsey þó að hann væri eini umsækjandinn.<sup>1170</sup>

Loks kom þar að Helgi biskup Thordersen veitti Arngrími Staðarprestakall í Súgandafirði til reynslu í eitt ár og vígði hann til prests 12. ágúst 1849.<sup>1171</sup> Eitthvað mun sú ráðstöfun hafa verið umdeild og svo virðist sem Jón Sigurðsson forseti hafi litið svo á að prestvígsla Arngríms jaðraði við hneyksli. Í bréfi sem hann ritaði Jens bróður sínum 30. júní 1854 kemst Jón svo að orði:

*... Biskup vill láta vígja Sigurð Melsteð en ekki held ég það gangi. Hann má annars vera tæpur í kirkjurétti að hann skuli ekki vita að það er móti protestantiskum sið að vígja menn út í loftið til presta en svona er það af því þetta var ekki sýnt á séra Arngrími ... þegar hann var vígður sem constitueraður [settur] prestur, móti lögum, þá gengur allt þetta eins og ekkert væri móti því.*<sup>1172</sup>

Hér var þess áður getið að séra Arngrímur kom til Súgandafjarðar í síðari hluta september árið 1849. Með honum eða um svipað leyti kom líka fylgikona hans, Guðrún Ingimundardóttir, því bæði voru þau á Suðureyri í

<sup>1163</sup> Lbs. 2367<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>1164</sup> Sama heimild.

<sup>1165</sup> Sama heimild.

<sup>1166</sup> Sama heimild.

<sup>1167</sup> Ísl. æviskrár I, 25-26.

<sup>1168</sup> Sama heimild. Lbs. 2367<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>1169</sup> Ísl. æviskrár I, 25-26.

<sup>1170</sup> Sama heimild.

<sup>1171</sup> Ísl. æviskrár I, 25-26.

<sup>1172</sup> Bréf Jóns Sigurðssonar, úrval, 1911, bls. 210. Bréf Jóns Sigurðssonar 30.6.1854 til Jens Sigurðssonar.



lok ársins 1849 og enn haustið 1850.<sup>1173</sup> Í manntali sem þá var tekið er Guðrún sögð *húskona prests við hönd*.<sup>1174</sup> Í nefndu manntali er Guðrún talin vera 26 ára en presturinn 45 ára,<sup>1175</sup> einu ári yngri en hann var í raun. Að sögn Sighvats Borgfirðings var Guðrún ættuð *að sunnan* og hafði eignast lausaleiks barn áður en hún tók saman við Arngrím.<sup>1176</sup>

Í janúar árið 1851 voru þau komin að Stað og þá er Guðrún sögð vera ráðskona hjá prests en heimilismenn þeirra voru þá sex.<sup>1177</sup> Vorið 1852 var Guðrún enn á Stað.<sup>1178</sup> Séra Arngrímur mun hafa haft hug á að kvænast þessari fylgikonu sinni og keypti hann því á hana jómfrúartítil en eftir það vildi hún ekki með honum ganga og fór burt úr Súgandafirði.<sup>1179</sup> Við brottför Guðrúnar fékk hann sér nýja ráðskonu, sem hét Guðbjörg Pálsdóttir og var hún hjá honum í tvö ár og svo Solveig Benediksdóttir í eitt ár.<sup>1180</sup> Er séra Arngrímur hafði þjónað Súgfirðingum sem settur prestur í þrjú ár fékk hann skipun í embættið<sup>1181</sup> og svo fór að hann sat um kyrrt í Súgandafirði í 14 ár, frá 1849 til 1863.

Haustið 1855 var hann hér með þriggja manna heimili, sagður skilinn við konu sína, en hjá honum voru sonur hans, Jóhann Bjarni, þá 19 ára gamall, og 24 ára gömul vinnukona en engin ráðskona.<sup>1182</sup>

Á fyrstu árum sínum hér á Stað virðist séra Arngrímur hafa verið með alla heimajörðina til ábúðar en bóndi nokkur bjó þá í hjáleigunni Staðarhúsum<sup>1183</sup> sem áður voru nefnd Staðarhús ytri (sjá hér bls. 12 og 263-264). Tómhúsfólk hafðist líka við heima á staðnum á þessum árum.<sup>1184</sup> Fardagaárið 1851-1852 voru hjónin Friðbert Guðmundsson og Arnfríður Guðmundsdóttir, er síðar bjuggu í Vatnadal, í húsmennsku hjá séra Arngrími hér á Stað og fardagaárin 1852-1853 og 1853-1854 hjónin Albert Jónsson og Guðfinna Þorleifsdóttir er síðar bjuggu á Gilsbrekku.<sup>1185</sup>

Vorið 1855 varð sú breyting á að ný fjölskylda fluttist að Stað frá bænum Engidal í Skutulsfirði og voru það hjónin Ólafur Guðmundsson og Rannveig Jósúadóttir ásamt sínu skylduliði.<sup>1186</sup> Við komu þessa fólks í Súgandafjörð segir séra Arngrímur að Ólafur sé *meinhægur í dagfari* og Rannveig *prýðilega siðferðisgóð*.<sup>1187</sup> Haustið 1855 er Ólafur sagður vera

<sup>1173</sup> Sóknarm.tal Staðarpr.kalls des. 1849 og Manntal 1850.

<sup>1174</sup> Manntal 1850.

<sup>1175</sup> Sama heimild.

<sup>1176</sup> Lbs. 2367<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>1177</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>1178</sup> Sama heimild.

<sup>1179</sup> Lbs. 2367<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>1180</sup> Sama heimild. Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>1181</sup> Lbs. 2367<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>1182</sup> Manntal 1855.

<sup>1183</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>1184</sup> Sama heimild.

<sup>1185</sup> Sama heimild.

<sup>1186</sup> Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>1187</sup> Sömu heimildir.

*búandi grashúsmaður á Stað<sup>1188</sup> og bjó hann þá á einum þriðja parti úr heimajörðinni.<sup>1189</sup>*

Þann 26. júní 1856 vísiteraði séra Oddur Sveinsson, prófastur á Rafnseyri, hér á Stað (sjá hér bls. 179). Honum leist þá heldur báglega á ástandið hjá séra Arngrími og sambýlisfólki hans á Stað eins og sjá má í bréfi er hann ritaði biskupi fjórum vikum síðar en þar kemst prófasturinn meðal annars svo að orði:

*Hérmeð er ég nú tilneyddur að tilkynna yður, háæruverðugi herra, að mér er farið að lítast of báglega á ástand séra Arngríms Bjarnasonar á Stað við Súgandaffjörð og finnst mér að honum sé nú naumast trúandi fyrir stað og kirkju lengur.*

*Kirkjan má álitast gjörfallin að öllum viðum ... .*

*... En það er ekki einungis kirkjan á Stað sem er í þessu eyndaástandi, heldur líka staðurinn sjálfur, bæði hvað húsakynni og jörðina snertir, sem ekki mun ofhermt þó sagt sé að allt þetta sé á leiðinni til hinnar mestu niðurníðslu. Það er sorglegt ef önnur eins bújörð og Staður – sem telja má þau bestu og mestu hlunnindi þessa prestakalls – skyldi komast í það ástand að enginn eðlilegur maður fengist til að búa þar.*

*Nú sem stendur býr séra Arngrímur að nafninu á 2/3 staðarins en hefur þó enga manneskju, nema einn líttnýtan dreng, en 1/3 af staðnum byggði hann í fyrravor fátækum barnamanni úr annarri sveit sem ég má fullyrða að engan veginn er fær um að duga staðnum sem skyldi. Þessa byggingu verð ég að álíta í alla staði ómerka þar séra Arngrímur byggði svona staðinn án vitundar og samþykkis viðkomandi prófasts.<sup>1190</sup>*

Í þessu sama bréfi til biskups lét Oddur prófastur á sér skilja að hann teldi heppilegast að fjárhald kirkjunnar yrði tekið af séra Arngrími og fengið gildum bændum í hendur um sinn.<sup>1191</sup> Einnig fór hann þess á leit að fá heimild til að byggja Ólafi Guðmundssyni út af staðnum og fá jörðina í hendur dugandi bónda sem gæti tekið við henni allri án teljandi áhættu fyrir kirkjuna.<sup>1192</sup> Hugmynd sína varðandi byggingu jarðarinnar hafði Oddur prófastur rætt við séra Arngrím sem tók henni miður vel og lét þá sem hann myndi sjálfur taka aftur allan staðinn að vori og hafa svo

<sup>1188</sup> Manntal 1855.

<sup>1189</sup> Bps. C. V. 137 B. Bréf séra Odds Sveinssonar, próf. á Rafnseyri, 25.7.1856 til Helga G.Thordersen bisk.

<sup>1190</sup> Bps. C. V, 137 B. Bréf séra Odds Sveinssonar, próf. á Rafnseyri, 25.7.1856 til Helga G.Thordersen bisk. – liggur með bréfum frá Stað í Súgandafirði.

<sup>1191</sup> Sama heimild.

<sup>1192</sup> Sama heimild.

*áminnstan Ólaf fyrir vinnumann með öllu hyski hans* eins og prófasturinn orðar það í bréfi sínu til biskups.<sup>1193</sup>

Skemmst er frá því að segja að Helgi biskup féllst strax á tillögur prófastsins, bæði hvað varðaði fjárhald kirkjunnar og byggingu staðarins.<sup>1194</sup> Ráðagerðir prófastsins í þá veru að svipta séra Arngrím forræði yfir stað og kirkju komu þó aldrei til framkvæmda, enda kom séra Arngrímur upp nýrri kirkju á Stað þegar leið á sumarið 1856 (sjá hér bls. 157-158) og rak þar með af sér slyðruorðið. Ólaf Guðmundsson og *hyski hans* fékk prestur líka að hafa áfram hjá sér hér á Stað<sup>1195</sup> en á það mun hann hafa lagt mikið kapp af ástæðum sem brátt komu í ljós.

Fyrsta ár sitt á Stað, fardagaárið 1855-1856, voru hjónin Ólafur Guðmundsson og Rannveig Jósúadóttir með sjö manna heimili.<sup>1196</sup> Þau voru þá bæði á fimmtugsaldri og sum börn þeirra enn í foreldrahúsum.<sup>1197</sup> Tvær elstu dæturnar, Rannveig og Málfríður, höfðu þó orðið eftir í Skutulsfirði, enda voru þær, er hér var komið sögu, komnar um og yfir tvítugt. Var Rannveig á Fossum en Málfríður í Engidal.<sup>1198</sup> Á árunum 1855-1857 virðist Málfríður Ólafsdóttir aldrei hafa verið heimilisföst hjá foreldrum sínum á Stað.<sup>1199</sup> Líklegt er hins vegar að hún hafi komið til þeirra í heimsókn og fullvíst er að séra Arngrímur, sem kominn var á sextugsaldur, varð hugfanginn af þessari ungu stúlku og reyndi með öllum ráðum að fá hana fyrir konu.<sup>1200</sup> Málfríður var árið 1856 liðlega tvítug, fædd 1834 eða 1835.<sup>1201</sup>

Frá kvonbænum prestsins og því hvernig hann hagaði áhlaupi sínu er sagt á ýmsum stöðum, m.a. í Prestaæfum Sighvats Grímssonar Borgfirðings<sup>1202</sup> og í Sagnabáttum Fjallkonunnar.<sup>1203</sup> Í öllum meginatriðum ber þessum frásögnum saman.

Í Sagnabáttum Fjallkonunnar er frásögnin á þessa leið:

*Á heimili hans [séra Arngríms] á Stað voru hjón nokkur er áttu efnilega dóttur er Málfríður hét. Vildi séra Arngrímur fá hennar en þær mæðgur tóku því fjarri. Þá var það eitt sinn að móðir stúlkunnar var í fjósinu að mjólka. Birtist henni þá hvítur engill er sagði henni með ógnandi röddu að ef hún ekki gæfi guðsmanninum, honum séra Arngrími, hana Málfríði þá færi hún til helvítis. Eftir það hvarf engillinn.*

<sup>1193</sup> Bps. C. V, 137 B. Bréf séra Odds Sveinssonar, próf. á Rafnseyri, 25.7.1856 til Helga G.Thordersen bisk. – liggur með bréfum frá Stað í Súgandafirði.

<sup>1194</sup> Bps. C. III, 40. Bréf Helga G.Thordersen bisk. 19.8.1856 til séra Odds Sveinssonar, próf. á Rafnseyri.

<sup>1195</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>1196</sup> Sama heimild.

<sup>1197</sup> Sama heimild.

<sup>1198</sup> Manntal 1855. Sbr. Vestf. ættir II, 462-463 og Jóhann Eiríksson / Sifjaskrá Einars Þorsteinssonar, skipstjóra frá Eyri við Skötufjörð, fjölrít frá árinu 1958, bls. 24.

<sup>1199</sup> Manntal 1855. Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>1200</sup> Lbs. 2367<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>1201</sup> Sama heimild. Manntal 1845, vesturamt, bls. 310.

<sup>1202</sup> Lbs. 2367<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>1203</sup> Sagnabættir Fjallkonunnar 1953, 90-91.

*Konan varð dauðhrædd sem von var og heldur en að fara í kvalastaðinn lét hún nú til leiðast og fékk talið dóttur sína á sitt mál. Gárungarnir sögðu að ekki hefði verið sem hreinastur faldurinn á rykkilíni prests næsta sunnudag á eftir. Svo lauk að prestur fékk konunnar og áttu þau mörg börn og efnileg sem líktust öll móðurfrændum sínum.<sup>1204</sup>*

Sighvatur Borgfirðingur segir beinum orðum að séra Arngrímur hafi verið í rykkilíninu úr Staðarkirkju þegar hann lék engilinn í fjósinu og bætir við: *Sagði hann síðar frá því sjálfur, svo var hann einfaldur og hreinskilinn.*<sup>1205</sup>

Séra Arngrímur og Málfríður Ólafsdóttir hafa líklega verið þússuð saman haustið 1857 því í marsmánuði á því ári var karlinn enn einn síns liðs en ári síðar var hjónavígslan um garð gengin og Málfríður komin að Stað.<sup>1206</sup> Í embættisbók séra Arngríms sést reyndar enginn stafur um þessa hjónavígslu og ekki heldur í prestsþjónustubókunum frá Eyri í Skutulsfirði og Holti í Önundarfirði.<sup>1207</sup> Líklegt er að einhver nágrannaprestur hafi gift þau Arngrím og Málfríði en svo virðist sem gleymst hafi að færa það embættisverk til bókar.

Næstu árin bjuggu presturinn og hin unga kona hans búi sínu á Stað. Er þau fóru héðan árið 1863 höfðu þau eignast þrjú börn og lifðu tvö þeirra.<sup>1208</sup> Um Málfríði Ólafsdóttur segir Sighvatur Borgfirðingur að hún hafi verið *stjórnsöm mjög, háttprúð og valkvendi hið mesta* en bæði hafi hjónin verið gestrisin og ágæt heim að sækja. Árið 1860 bjó Arngrímur prestur á Stað með 2 kúr, 7 ær, 5 gemlinga, 1 hest og 1 tryppi ef marka má búnaðarskýrslur.<sup>1209</sup> Enn minna var þó búið hjá Ólafi tengdaföður hans, aðeins 1 kúr, 3 gemlingar og eitt tryppi.<sup>1210</sup> Þriðji bóndinn á Stað bjó þá í hjáleigunni Staðarhúsum og var með álíka stórt bú og presturinn.<sup>1211</sup> Húsmenn sem höfðust við í tveimur öðrum hjáleigum frá Stað, Lækjarhúsum og Keravíkurbökkum, voru hvor um sig með eina kú, svo alls voru sex kúr á þessum fimm heimilum árið 1860.<sup>1212</sup> Enginn bátur var þá til á Stað, ef marka má búnaðarskýrsluna, nema eitt tveggja eða þriggja manna far sem Ari Sigurðsson á Keravíkurbökkum átti.<sup>1213</sup>

Heldur sýnist nú búskapurinn hjá séra Arngrími hafa verið fátæglegur en vera má að um 1860 hafi enn verið eitthvað eftir af erfðagóssi hans og það auðvaldað honum að komast af. Líklega hefur þessi svolítið sérkennilegi prestur ekki kunnað mikið fyrir sér á sviði fjármála. Að sögn

<sup>1204</sup> Sagnaþættir Fjallkonunnar 1953, 90-91.

<sup>1205</sup> Lbs. 2367<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>1206</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>1207</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf., Eyrar í Skutulsf. og Holts í Önundarf.

<sup>1208</sup> Lbs. 2367<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>1209</sup> VA III, 417, búnaðarskýrslur 1860.

<sup>1210</sup> Sama heimild.

<sup>1211</sup> Sama heimild.

<sup>1212</sup> Sama heimild. Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>1213</sup> Sömu heimildir.

hafði hann þó eina hagfræðikenningu á takteinum en hún var þessi: *Fátækir eiga ekki að smakka smér.*<sup>1214</sup>

Sighvatur Borgfirðingur hittir marga sem þekkt höfðu séra Arngrím á hans prestskaparárum í Súgandafirði og síðar í Arnarfirði og lýsir honum svo:

*Séra Arngrímur var ljúfmenni við alla, ávarpsgóður og einlægur en þótti féggjarn og féfastur en svo hreinskilinn og oft fávíslega hégómlegur að slíks eru fá dæmi, – smásmugulegur og heimskulegur í háttum svo oft varð að spotti en prestverk sín öll vandaði hann eftir ýtrasta megni, þar var ekkert af dregið því sem til var og ræður hans voru óaðfínanlegar. Hann ritaði fagurt settletur og uppdrætti með snilld. Hann var þreklegur á vöxt og gildur til burða og vel á fót kominn, breiðleitur og svipurinn meinleysislegur eins og hann var sjálfur. Hann var við alla óáleitinn en sumir aðrir höfðu hann að spotti.*<sup>1215</sup>

Heimili séra Arngríms og Málfríðar konu hans á Stað var aldrei fjölmennt.<sup>1216</sup> Flest mun heimilisfólkið hafa orðið fardagaárið 1860-1861 en þá náði það tölunni níu.<sup>1217</sup> Með eiginkonunni ungu komu bæði amma hennar og bróðir inn á heimili prestsins, þau Málfríður (eða Málmfríður) Þorkeldsdóttir, sem komin var um sjötugt, og Jón Ólafsson sem árið 1858 var aðeins tíu ára gamall.<sup>1218</sup>

Þann 7. febrúar 1863 var séra Arngrími veitt Álftamýrarprestakall í Arnarfirði<sup>1219</sup> og þá um vorið fluttist hann ásamt fjölskyldu sinni frá Stað að Álftamýri. Tengdforeldrar hans, þau Ólafur Guðmundsson og Rannveig Jósúadóttir, fóru þá líka frá Stað<sup>1220</sup> og fluttust þá þegar eða mjög skömmu síðar að Kirkjubóli í Skutulsfirði til Rannveigar dóttur sinnar sem þar var húsfreyja, gift Jóni Halldórssyni, bónda og hreppstjóra.<sup>1221</sup> Ólafur, tengdafaðir séra Arngríms, var talinn *hraustmenni hið mesta* og hafði hann viðurnefnið *staupi*.<sup>1222</sup> Hér á Stað er nú fátt sem minnir sérstaklega á séra Arngrím því kálgarður hans, sem nefndur var **Stórigarður**,<sup>1223</sup> er nú horfinn. Kristján G. Þorvaldsson segir að garðurinn hafi verið á hægri hönd við heimreiðina að gamla bænum á Stað<sup>1224</sup> og er

<sup>1214</sup> Guðmundur G. Hagalín 1951, 54.

<sup>1215</sup> Lbs. 2367<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>1216</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. 1858-1863.

<sup>1217</sup> Sama heimild.

<sup>1218</sup> Sama heimild. Sbr. Jóhann Eiríksson / Sifjaskrá Einars Þorsteinssonar skipstjóra frá Eyri við Skötufjörð, fjölrít 1958, 24 og 57.

<sup>1219</sup> Sveinn Níelsson 1950, 188.

<sup>1220</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>1221</sup> Sóknarm.tal Eyra í Skutulsf. 31.12.1866. Sbr. Jóhann Eiríksson / Sifjaskrá Einars Þorsteinssonar skipstjóra frá Eyri við Skötufjörð, fjölrít 1958, 24.

<sup>1222</sup> Jóhann Eiríksson / Sifjaskrá Einars Þorsteinssonar skipstjóra frá Eyri við Skötufjörð, fjölrít 1958, 24.

<sup>1223</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 68.

<sup>1224</sup> Sama heimild.

þá líklegt að hann hafi verið í brekkunni neðan við íbúðarhúsið sem nú (1999) er búið í. Þar sáust um miðbik 20. aldar ummerki um gamlan kálgarð og var hlaðinn garður umhverfis hann.<sup>1225</sup> Örnefnið **Ólafshóll** eða **Ólafshaugur**, sem dregið er af nafni Ólafs *staupa*,<sup>1226</sup> lifir enn góðu lífi<sup>1227</sup> og er nafn á ysta og efsta hluta gamla bæjarhólsins.<sup>1228</sup> Þar stóð á sínum tíma bær Ólafs *staupa*, örfáum metrum fyrir vestan hið forna bæjarstæði prestanna<sup>1229</sup> (sbr. hér bls. 9, 150-151 og 288).

Á Álftamýri var séra Arngrímur Bjarnason prestur í 18 ár, frá 1863 til 1881, og var síðasti presturinn sem þar sat.<sup>1230</sup> Á árunum 1865-1870 var prestlaust á Söndum í Dýrafirði og þjónaði séra Arngrímur þá Sandaprestakalli frá Álftamýri.<sup>1231</sup> Átti hann þá margar ferðir yfir Álftamýrarheiði þó kominn væri á sjötugsaldur. Sighvatur Borgfirðingur segir að séra Arngrími og fjölskyldu hans hafi vegnað vel á Álftamýri og greinir frá á þessa leið:

*Meðan hann var prestur á Álftamýri vegnaði honum vel því Jón Ólafsson, bróðir Málfríðar konu hans, var þar á vist með honum og var formaður fyrir skipi hans og aflaði vel því oft er þar aflasælt í Arnarfirði og synir séra Arngríms og Málfríðar tóku að verða hinir röskustu menn. Sjálfur lagði Arngrímur prestur mikla stund á garðyrkju og kartöflurækt og vann að því sjálfur.<sup>1232</sup>*

Ekki er kunnugt um að séra Arngrímur hafi verið kenndur við galdra meðan hann var í Súgandafirði en á þeim árum sem hann bjó á Álftamýri fékk hann á sig galdraorð í fjarlægum héruðum eins og títt var um Arnfirðinga. Sú þjóðsaga fór á kreik og komst síðar á prent að Arngrímur prestur hefði sent sex hrafna að vestan til að ráðast á Guðbrand Sturlaugsson ríka í Hvítadal í Saurbæ í Dalasýslu og komið þannig fram hefndum fyrir óleik sem Guðbrandur hafði gert honum þegar séra Arngrímur var á heimleið úr ferð til Reykjavíkur.<sup>1233</sup>

Frá árás hrafnanna á Guðbrand er sagt á þessa leið:

*En þegar hann [Guðbrandur] kemur þangað er hann skildi við síra Arngrím sumarið áður fljúga að honum 6 hrafnar. Eigi veit hann hvaðan þeir koma. Ráðast þeir nú að Guðbrandi með grimmd mikilli og fólsku. Hjuggu þeir hatt hans sundur í tætlur og síðan, er hann var hattlaus orðinn,*

<sup>1225</sup> Þóra Þórðardóttir. – Viðtal K.Ó. við hana 27.6.1996.

<sup>1226</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 68.

<sup>1227</sup> Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 8.7.1995.

<sup>1228</sup> Sama heimild.

<sup>1229</sup> Sama heimild. Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 68.

<sup>1230</sup> Sveinn Níelsson 1950, 187-188 og 179.

<sup>1231</sup> Sama heimild, 187-189.

<sup>1232</sup> Lbs. 2367<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>1233</sup> Guðni Jónsson / Ísl. sagnaþættir og þjóðsögur 1957, XII, 24-28.

*rédust þeir á beran skalla karlsins með heift og kergju svo hann fékk með naumindum borgið sér til næsta bæjar við illan leik, allur löðrandi í blóði og flakandi í sárum.*

*... Varð Guðbrandur að hafa vörð á sér gegn hröfnunum svo hann yrði eigi ofurliði borinn. Gekk svo allan veturinn og fram á vor að hann fékk ekkert að heiman farið vegna ofsóknar hrafnanna. ... Var það einróma álit manna þeirra er þá voru uppi að Arngrímur prestur hafi fengið hrafnana magnaða kyngikrafti og sent síðan Guðbrandi.<sup>1234</sup>*

Sumarið 1881 var séra Arngrími veitt Brjánslækjarprestakall<sup>1235</sup> og fór hann þangað þá þegar en bú hans stóð þó á Álftamýri til vorsins 1882.<sup>1236</sup> Þegar séra Arngrímur kom að Brjánslæk var hann orðinn 77 ára gamall og gat þá enn komist skammlaust frá sínum embættisverkum. Skipun hans í þetta nýja prestsembætti í allgóðu brauði hlýtur að hafa falið í sér viðurkenningu kirkjuyfirvalda á því að þessi svarti sauður sem áður var talinn hafi, þegar á hólminn kom, reynst fullfær um að rækja hinar almennu starfsskyldur sem prestum var ætlað að gegna. Þó Arngrímur fengi ekki vígslu fyrr en hann var orðinn 45 ára gamall náði hann samt að starfa sem prestur í fullan þriðjung aldar. Haustið 1883 fékk hann lausn frá embætti<sup>1237</sup> en þjónaði samt Brjánslækjarsókn allan næsta vetur uns nýr prestur tók við vorið 1884.<sup>1238</sup>

Séra Arngrímur dó á Brjánslæk 13. apríl 1885<sup>1239</sup> og var þá orðinn áttræður. Ekkja hans, Málfríður Ólafsdóttir, bjó næstu ár með sumum barna þeirra í Moshlíð á Barðaströnd, kirkjujörð frá Brjánslæk, en fluttist vorið 1894 í Trostansfjörð í Arnarfirði, til Bjarna sonar síns, og dó þar sama vor.<sup>1240</sup> Börn séra Arngríms og Málfríðar konu hans sem upp komust voru fjögur. Synirnir þrír voru Kristján bóndi á Sellátrum í Tálknafirði, Bjarni bóndi í Trostansfirði og Jón Albert sem var einhleypur alla æfi og dvaldist löngum hjá systkinum sínum.<sup>1241</sup> Systir þeirra bræðra var Málfríður María sem giftist Ólafi Björnssyni og bjuggu þau á ýmsum bæjum, m.a. á Eysteinsyri og í Norðurbotni í Tálknafirði.<sup>1242</sup> Synir séra Arngríms, þeir Kristján og Bjarni, voru báðir taldir heljarmenni að burðum.<sup>1243</sup> Um niðja séra Arngríms og Málfríðar konu hans er ýmsan fróðleik að finna í riti Jóhanns Eiríkssonar er hann nefnir *Sifjaskrá Einars*

<sup>1234</sup> Guðni Jónsson / Ísl. sagnabættir og þjóðsögur 1957, XII, 24-28.

<sup>1235</sup> Sveinn Níelsson 1950, 179.

<sup>1236</sup> Lbs. 2367<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>1237</sup> Sveinn Níelsson 1950, 179.

<sup>1238</sup> Lbs. 2367<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>1239</sup> Sama heimild.

<sup>1240</sup> Sama heimild.

<sup>1241</sup> Jóhann Eiríksson / Sifjaskrá Einars Þorsteinssonar skipstjóra frá Eyri við Skötufjörð, fjölrít 1958,41-48.

<sup>1242</sup> Sama heimild.

<sup>1243</sup> Sbr. Lbs. 2367<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir og Guðni Jónsson / Ísl sagnabættir og þjóðsögur 1957, XII, 28 og 33-34.

*Þorsteinssonar skipstjóra frá Eyri við Skötufjörð en til þess rits hefur áður verið vísað hér.*

Við brottför séra Arngríms Bjarnasonar frá Stað vorið 1863 varð prestlaust í Súgandafirði og stóð svo allt til ársins 1901.<sup>1244</sup> Öll þessi 38 ár var Staðarsókn þjónað frá Holti í Önundarfirði<sup>1245</sup> en hér á Stað bjuggu bændur sem fengu jörðina til ábúðar. Í riti þessu er þeirra getið á öðrum stað (sjá hér bls. 207-241). Árið 1876 var séra Einari Vernharðssyni á Stað í Grunnavík veitt Staðarprestakall í Súgandafirði.<sup>1246</sup> Kom hann einu sinni og messaði en fékk svo leyfi landshöfðingja til að vera kyrr í Grunnavík.<sup>1247</sup> Með lögum frá 27. febrúar 1880 var prestakallið í Súgandafirði sameinað Holtsprestakalli í Önundarfirði og stóð sú skipan óbreytt í nær 20 ár.<sup>1248</sup>

Á árunum 1863-1901 þjónuðu aðeins tveir prestar í Súgandafirði, þeir séra Stefán P. Stephensen, sem var prestur í Holti frá 1855 til 1884, og eftirmaður hans, séra Janus Jónsson í Holti.

Að sögn Sighvats Borgfirðings messaði séra Stefán ósköp sjaldan í Súgandafirði og gekk prestsþjónusta hans hér eitthvað *skrikkjótt*.<sup>1249</sup> Frá samskiptum Súgfirðinga við séra Stefán í Holti greinir Sighvatur nánar á þessa leið:

*... og oft stóðu þar [í Súgandafirði] lík uppi ójarðsett svo mánuðum skipti, einkum á vetrum, og var nær því að Súgfirðingar ákærðu hirðuleysi hans um embætti sitt áður hann fór frá Holti.*<sup>1250</sup>

Á öðrum stað segir Sighvatur að á þeim árum sem Staðarprestakalli var þjónað frá Holti hafi sú prestsþjónusta lítil verið *nema að nafni til*.<sup>1251</sup>

Þessi orð Sighvats eiga þó tæplega við rök að styðjast sé litið á árin 1884-1901 en þá var séra Janus Jónsson prestur í Holti og þjónaði sókninni í Súgandafirði. Svo virðist sem margir Súgfirðingar hafi metið séra Janus mikils og verið ánægðir með störf hans. Á prestskaparárum séra Janusar var Guðmundur Guðmundsson, síðar bóndi á **Gelti**, að alast upp í Vatnadal en hann var fæddur árið 1876. Í lítilli ritgerð sem Guðmundur skrifaði þegar hann var um sjötugt segir hann frá á þessa leið:

*Ég man hvað allir litu upp til séra Janusar Jónssonar. Hann var svo mikið þrúðmenni, söng og tónaði með ágætum, ræðumaður góður og bar það svo fram að allir urðu að*

<sup>1244</sup> Sveinn Níelsson 1950, 193-194.

<sup>1245</sup> Sama heimild.

<sup>1246</sup> Sama heimild.

<sup>1247</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir. Sbr. Ísl. æviskrár I, 390-391.

<sup>1248</sup> Sveinn Níelsson 1950, 193.

<sup>1249</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>1250</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>1251</sup> Sama heimild.



*hlusta. Ég heyrði að það þóttu mikil umskipti eða séra Stefán.*<sup>1252</sup>

Að sögn Guðmundar kom séra Janus stundum ríðandi niður Vatnadal á leið sinni til kirkjunnar á Stað og staldraði við í **Hraunakoti** (sjá hér Fremri-Vatnadalur, Hraunakot þar) hjá afa sögumannsins, Friðbert Guðmundssyni<sup>1253</sup> sem þar bjó, gamall maður með sinni ungu konu. Fylgdarmaður séra Janusar í þessum ferðum var oftast Þórður Sigurðsson sem þá var vinnumaður prestsins, síðar bóndi í Neðri-Breiðadal.<sup>1254</sup> Tilkomumikill þótt drengnum í Vatnadal söngur séra Janusar og bróður prestsins, Bergþórs bónda í Lambadal í Dýrafirði, við barnsskírni í Súgandafirði árið 1886.<sup>1255</sup> Guðmundur frá Vatnadal var eitt af fermingarbörnum séra Janusar og greinir hann frá því að börnin úr Súgandafirði sem fermd voru árið 1890 hafi farið vestur í Holt til séra Janusar og dvalist hjá honum í eina viku til undirbúnings fermingunni.<sup>1256</sup> Síðan voru þau fermd í Staðarkirkju.<sup>1257</sup> Líklegt er að séra Janus hafi haft þennan hátt á öll eða flest árin sem hann þjónaði í Súgandafirði.

Valdimar Þorvaldsson frá **Selárdal** fermdist vorið 1893.<sup>1258</sup> Þá voru börnin úr Súgandafirði líka í fáeina daga vestur í Holti, hjá séra Janusi, fyrir ferminguna.<sup>1259</sup> Á þessum árum var venjulega fermt hér á Stað á *trinitatis* og Valdimar segir frá því að á fermingardaginn hafi hann farið með vinum sínum út í kirkjugarð – *og þar reyktum við pípu*, bætir hann við.<sup>1260</sup>

Vitnisburðurinn sem séra Janus fékk hjá Súgfirðingum, þegar Hallgrímur biskup Sveinsson vísitaraði Staðarkirkju árið 1896, var mjög jákvæður. Í vísitazúgerðinni frá Stað kemst biskup svo að orði:

*Presturinn bar söfnuðinum góðan vitnisburð fyrir kristilega háttsemi og söfnuðurinn lýsti yfir sérstakri ánægju sinni með skyldurækni prestsins og góða embættisfærslu prestsins og hegðun í öllum greinum.*<sup>1261</sup>

Vel má vera að yfirlýsing af þessu tagi sé lítt marktæk en hið sama gæti átt við um þau ummæli Sighvats Borgfirðings að þjónusta séra Stefáns og séra Janusar við Súgfirðinga hafi engin verið *nema að nafni til*.

Fyrir að sinna prestsþjónustu í Súgandafirði höfðu þeir Stefán og Janus svolitlar aukatekjur. Nefna má að bændur í Súgandafirði munu hafa

<sup>1252</sup> Guðm. Guðmundsson / Minningar úr Staðarkirkju í Súgandaf. – Ópr. ritg. frá 1949, ljósr. í vörslu K.Ó.

<sup>1253</sup> Sama heimild.

<sup>1254</sup> Sama heimild.

<sup>1255</sup> Sama heimild.

<sup>1256</sup> Sama heimild.

<sup>1257</sup> Sama heimild.

<sup>1258</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>1259</sup> Lbs. 4407<sup>4to</sup>, Valdimar Þorvaldsson, bls. 276.

<sup>1260</sup> Sama heimild, bls. 286.

<sup>1261</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919. Vísitazúgerð Hallgríms biskups Sveinssonar 30.7.1896.

alið lömb fyrir báða þessa Holtspresta og fullvíst er að séra Janus var jafnan með prestslömb í eldi hjá Súgfirðingum þau 17 ár sem hann var prestur þeirra.<sup>1262</sup> Á þessum árum hafði séra Janus umsjón með fjárreiðum Staðarkirkju og árið 1901 var hún í 270,- króna skuld við prestinn.<sup>1263</sup> Þessa skuld, sem nam liðlega hálfu þriðja kýrverði,<sup>1264</sup> gaf séra Janus eftir þá um haustið þegar nýr prestur tók við.<sup>1265</sup>

Fyrir roska preta var ekki auðvelt að brjótast yfir Klofningsheiði eða fyrir Sauðanes að vetrarlagi svo þess var ekki að vænta að oft væri messað á Stað yfir vetrarmánuðina þegar prestur Súgfirðinga sat í Holti. Er Hallgrímur biskup Sveinsson vísiteraði á Vestfjörðum sumarið 1896 báru Súgfirðingar fram við hann þá eindregnu ósk sína að Staðarsókn yrði á ný gerð að sérstöku prestakalli.<sup>1266</sup> Biskup tók strax vel í þessa málaleitan.<sup>1267</sup> Á almennum hreppsfundi, sem haldinn var á Suðureyri 20. febrúar 1897, var málið rætt nánar og þetta bókað:

[Rætt var] *um hvort þingmennirnir eigi að reyna að útvega okkur prest þar herra Hallgrímur Sveinsson hefur lofað því hér á síðast liðnu sumri, 1896, að mæla með því á þingi 1897 að útvega hingað prest ef kostur væri og var leitað atkvæða um hvort nokkur væri á móti því.*<sup>1268</sup>

Af 18 fundarmönnum studdu að minnsta kosti 15 tillöguna um að reynt yrði að fá prest í byggðarlagið.<sup>1269</sup> Þeir Steinþór Sigurðsson í **Botni** og Sturla Jónsson á Stað sátu hins vegar hjá og svo virðist sem það hafi Guðmundur Ásgrímsson á Gelti líka gert.<sup>1270</sup> Sturla átti þarna hagsmuna að gæta því hann var þá fyrirvinna móður sinnar sem var ábúandi á Stað (sjá hér bls. 224-237).

Með lögum frá 5. desember 1899 var Suðureyrarhreppur gerður að sérstöku prestakalli eins og áður hafði verið og Staðarprestakall endurvakið.<sup>1271</sup> Jafnframt var ákveðið að prestur Súgfirðinga skyldi fá 300,- króna launauppbót úr landssjóði og var þá talið að heildartekjur hans fyrir embættisstörf gætu numið 608,- krónum á ári.<sup>1272</sup> Hið endurreista Staðarprestakall var auglýst til veitingar 19. mars árið 1900 og átti að veitast frá fardögum á því ári.<sup>1273</sup> Allengi dróst þó að ganga frá málinu. Séra Janus Jónsson í Holti segir í bréfi er hann ritaði 24. október árið 1900:

<sup>1262</sup> Þórður Sigurðsson 1986, 31 (Ársrit. Sögufél. Ísf.).

<sup>1263</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919. Úttekt 5.10.1901.

<sup>1264</sup> Stjórnartíðindi 1901 B, 40-41.

<sup>1265</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919. Úttekt 5.10.1901.

<sup>1266</sup> Sami kirkjustóll. Vísitazíugerð Hallgríms biskups Sveinssonar 30.7.1896.

<sup>1267</sup> Sama heimild.

<sup>1268</sup> Skjöl Suðureyrarhr., varðv. þar. *Fundabók fyrir Suðureyrarhrepp 1889-1919*, fundargerð almenns hreppsfundar 20.2.1897.

<sup>1269</sup> Sama heimild.

<sup>1270</sup> Sama heimild.

<sup>1271</sup> Sveinn Níelsson 1950, 193.

<sup>1272</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>1273</sup> Sama heimild.

*Súgfirðingar eru ekki á eitt sáttir hvort þeir eiga heldur að taka Þorvarð Brynjólfsson eða Magnús franska þegar hann fái uppreisnina.*<sup>1274</sup>

Magnús franski, sem þarna er nefndur, er án vafa Magnús Runólfur Jónsson, síðar prestur á Stað í Aðalvík sem hér hefur áður verið minnst á (sjá hér Brekka á Ingjaldssandi og Flateyri). Árið 1900 var hann óvígður guðfræðingur, hálfertugur að aldri og búsettur hjá foreldrum sínum á Flateyri.<sup>1275</sup> Hann var ókvæntur en árið 1894 hafði honum orðið það á að eignast barn og fyrir það brot varð hann að bíða uppreisnar í sjö ár svo hann gæti tekið prestvígslu. Orðin úr bréfi séra Janusar, sem hér var vitnað til, sýna að ýmsir Súgfirðingar hafa viljað fá þennan nágranna sinn á Flateyri fyrir prest.<sup>1276</sup> Niðurstaðan varð samt að lokum sú að séra Þorvarði Brynjólfssyni var veitt embættið en ekki fyrr en sumarið 1901.<sup>1277</sup>

Séra Þorvarður var þá 38 ára gamall, fæddur á Ísafirði 15. maí 1863, og hafði um fimm ára skeið verið prestur fríkirkjusafnaða á Austurlandi.<sup>1278</sup> Þann 22. september 1901 tók hann vígslu sem þjóðkirkjuprestur en tæpum mánuði fyrr hafði honum verið veitt Staðarprestakall.<sup>1279</sup> Séra Þorvarður fluttist til Súgandafjarðar haustið 1901 ásamt konu sinni, frú Önnu Stefánsdóttur, og tveimur ungum börnum.<sup>1280</sup> Komu þau vestur með gufuskipinu Skálholti.<sup>1281</sup> Er séra Þorvarður messaði í fyrsta skipti á Stað fékk hann, að sögn Magnúsar Hjaltasonar, *kjöll* svo mikinn að orðlagt var.<sup>1282</sup> Fyrsta vetur sinn í Súgandafirði bjuggu séra Þorvarður og hans fólk hjá Kristjáni Albertssyni á Suðureyri<sup>1283</sup> en í fardögum vorið 1902 settust þau að á Stað, hinu forna prestssetri.<sup>1284</sup> Þá voru liðin 39 ár frá því séra Arngrímur Bjarnason fór og allan þann tíma hafði verið prestlaust á staðnum.

Á Stað bjó séra Þorvarður í tvíbýli fyrstu árin en frá vorinu 1909 hafði hann alla jörðina til ábúðar (sjá hér bls. 240-241). Prestur Súgfirðinga var hann í nær aldarfjórðung og allt til dauðadags.<sup>1285</sup>

Er séra Þorvarður tók við Staðarprestakalli var 20. öldin gengin í garð og af þeim ástæðum verður mjög lítið frá honum sagt á þessum blöðum. Hann var sýslunefndarmaður og oddviti Suðureyrarhrepps í mörg ár og sinnti auk prestsstarfanna ýmsum félagsmálum.<sup>1286</sup> Hann gekk líka sjálfur að bústörfum og reri stundum til fiskjar á sínum fyrstu árum hér í Súgandafirði.<sup>1287</sup>

<sup>1274</sup> Lbs. 4191<sup>4to</sup>, Bréf séra Janusar Jónssonar 24.10.1900 til Halldórs Daníelssonar bæjarfógeta.

<sup>1275</sup> Ísl. æviskrár VI, 348. Sóknarm.töl Holts í Öfundarf.

<sup>1276</sup> Sbr. Gunnar M. Magnúss 1977, 216-217.

<sup>1277</sup> Sveinn Níelsson 1950, 194.

<sup>1278</sup> Björn Magnússon 1947, 305 (Ísl. guðfræðingar 1847-1947).

<sup>1279</sup> Sveinn Níelsson 1950, 194.

<sup>1280</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir. Manntal 1901.

<sup>1281</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

<sup>1282</sup> Lbs. 2220<sup>4to</sup>, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 15.11.1901.

<sup>1283</sup> Manntal 1901.

<sup>1284</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandafirði.

<sup>1285</sup> Ísl. æviskrár V, 251.

<sup>1286</sup> Gunnar M. Magnúss 1977, 221. Ísl. æviskrár V, 251.

<sup>1287</sup> Gunnar M. Magnúss 1977, 222. Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir.

Séra Þorvarður tók upp ýmsar nýjungar í búskap. Eigi síðar en 1913 hætti hann að færa lömbin frá ánum en lét þær ganga með dilk.<sup>1288</sup> Haustið 1915 átti hann á annað hundrað dilka og seldi kjötpundið á 45 aura.<sup>1289</sup> Sóknarpresturinn á Stað var líka annar tveggja Súgfirðinga sem hófu súrheysverkun sumarið 1916.<sup>1290</sup> Hinn var Guðmundur Ág. Halldórsson, bóndi í Botni, en slík meðferð á heyi var þá alger nýjung í þessu byggðarlagi.<sup>1291</sup>

Magnús Hjaltason segir að séra Þorvarður Brynjólfsson hafi kennt Veturliða H. Guðnasyni, síðar bónda í Vatnadal, að sprauta kýr við doðasótt<sup>1292</sup> og benda þau ummæli mjög eindregið til þess að prestur hafi kunnað eitthvað fyrir sér í dýralækningum.

Séra Þorvarður andaðist af völdum blóðeitrunar 9. maí 1925.<sup>1293</sup> Sighvatur Borgfirðingur, fræðimaður á Höfða í Dýrafirði, segir prestinn hafi verið að gera við gaddavírsgirðingu og hafi hann meiðst á hendi við það verk en blóðeitrun hlaupið í sárið.<sup>1294</sup> Um meiðsl séra Þorvarðar hefur Sighvatur alls ekki fengið réttar upplýsingar því það var ekki gaddavír sem meiðslunum olli heldur dráttarvír á gangspili sem notað var til að setja báta.<sup>1295</sup> Haraldur Þorvarðarson, sonur séra Þorvarðar á Stað, var um 10 ára aldur þegar faðir hans andaðist, fæddur 1915. Vorið 1996 mundi hann enn alveg nákvæmlega hvernig faðir hans hlaut þau meiðsl sem urðu honum að bana. Séra Þorvarður var ásamt fleirum niðri í Keravík að setja bát.<sup>1296</sup> Við það verk notuðu menn gangspil (vinduspil) með dráttarvír eins og algengt var á þeim tíma<sup>1297</sup> (sbr. hér bls. 274). Séra Þorvarður hrasaði og rakst í fallinu á vírinn sem strengdur var frá spilinu í bátinn.<sup>1298</sup> Meiðslin sem hann hlaut af dráttarvírnunum voru á hálsinum og í þau hljóp blóðeitrun.<sup>1299</sup>

Börnin sem áttu að fermast vorið 1925 biðu séra Þorvarðar á Suðureyri daginn sem hann dó því hann hafði ætlað að taka þau til spurninga.<sup>1300</sup> Þau tók að lengja eftir presti og ákváðu að fara á móti honum en voru aðeins komin skamman spöl er þau mættu manni frá Stað sem sagði þeim að séra Þorvarður væri dáinn.<sup>1301</sup> Eins og nærri má geta varð þetta börnunum eftirminnilegt.

Hér hefur áður verið gerð grein fyrir eignum Staðarkirkju á árunum 1324-1570 (sjá hér bls. 15-17 og 31-32). Á árunum upp úr 1570 átti hún

<sup>1288</sup> Lbs. 2231<sup>4to</sup>, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 25.6.1913.

<sup>1289</sup> Lbs. 2233<sup>4to</sup>, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 9.10.1915.

<sup>1290</sup> Lbs. 2234<sup>4to</sup>, Dagbók M.Hj. 12.8.1916.

<sup>1291</sup> Sama heimild.

<sup>1292</sup> Lbs. 2233<sup>4to</sup>, Dagbók M.Hj. 5.2. 1915.

<sup>1293</sup> Ísl. æviskrár V, 251. Haraldur Þorvarðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 22.4.1996.

<sup>1294</sup> Lbs. 2368<sup>4to</sup>, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir. Sbr. Gunnar M. Magnúss 1977, 221.

<sup>1295</sup> Haraldur Þorvarðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 22.4.1996.

<sup>1296</sup> Sama heimild.

<sup>1297</sup> Sama heimild.

<sup>1298</sup> Sama heimild.

<sup>1299</sup> Sama heimild.

<sup>1300</sup> Sigríður Pétursdóttir frá Laugum. – Viðtal K.Ó. við hana 9.9.1995.

<sup>1301</sup> Sama heimild.

allt heimaland á Stað, hálfan Vatnadal, 3 kýr, 12 ær með lömbum og 1 hest sem allt er talið í Gíslamáldaga (sjá hér bls. 30-31). Auk þess má telja víst að í nýnefndum máldaga hafi gleymst að nefna skógarteig í landi Gilsbrekku sem Staðarkirkja hafði eignast fyrir árið 1324 (sjá hér bls. 15. Sbr. Gilsbrekka) og átti enn árið 1852.<sup>1302</sup>

Eftir 1570 eignaðist Staðarkirkja engar nýjar jarðir og engin ný ítök af neinu tagi<sup>1303</sup> og forráðamönnum þessarar fátæku kirkju tókst ekki einu sinni að halda í þær litlu eignir sem hún þó átti á árunum kringum 1570. Það er jarðeign kirkjunnar í Vatnadal, 8 hundruð að dýrleika, sem hún virðist hafa misst fyrir 1639 því í vísitazíugerð Brynjólfs biskups Sveinssonar frá því ári er ekki minnst á þessi hundruð í Vatnadal þegar eignir Staðarkirkju eru taldar upp.<sup>1304</sup>

Óljóst er með hvaða hætti kirkjan tapaði jarðeign sinni í Vatnadal, sem var Neðri-Vatnadalur (sjá hér bls. 48), en ljóst að tilraun sem gerð var á árunum upp úr 1660 til að ná eign þessari aftur undir kirkjuna bar engan árangur (sjá hér bls. 46-48).

Heimalandinu á Stað og skógarteignum í landi Gilsbrekku náði Staðarkirkja hins vegar að halda alla tíð svo og flestum þeim kúgildum sem á er minnst í Gíslamáldaga frá árunum upp úr 1570. Í vísitazíugerðum frá 17., 18. og 19. öld sést að skógarteigur kirkjunnar var fyrir utan Gilsbrekku og var nefndur Staðarteigur.<sup>1305</sup> Í úttekt sem séra Sigurður prófastur Jónsson á Rafnseyri stóð fyrir sumarið 1839 segir reyndar að þetta skógarítak Staðarkirkju í landi Gilsbrekku sé *að allra sögn* ónýtt orðið<sup>1306</sup> og má telja ólíklegt að kirkjan hafi síðar haft af því nokkurt gagn.

Hér var áður frá því greint að um 1570 hefði búfjáreign Staðarkirkju verið 3 kýr, 12 ær með lömbum og einn hestur. Árið 1639 voru kýr kirkjunnar orðnar fjórar en að öðru leyti var búfjáreignin óbreytt.<sup>1307</sup> Fjórðu kúna mun kirkjan hafa fengið að gjöf á árunum 1570-1639.<sup>1308</sup> Árið 1761 var bústofn kirkjunnar enn óbreyttur frá því sem verið hafði árið 1639<sup>1309</sup> en þegar séra Þorsteinn Þórðarson tók við Staðarprestakalli af séra Gísla Bjarnasyni sumarið 1773 fékk hann aðeins í hendur 2 kýr og 18 ær auk hestsins.<sup>1310</sup> Þetta var einu kúgildi minna en vera átti. Sex ær, loðnar og lembdar, voru í hverju kúgildi svo þau voru nú fimm í stað sex og þar að auk átti kirkjan einn hest eins og lengi hafði verið.

<sup>1302</sup> Bps. C. I, 2. Vísitazíugerð Helga biskups Thordersen, Staður í Súgandafirði 10.7.1852.

<sup>1303</sup> Bps. Biskupsvísitazíur frá Stað í Súgandaf. 1639, 1689, 1700, 1725, 1761, 1775, 1790, 1852 og 1896. Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1773-1838 og 1839-1919.

<sup>1304</sup> Bps. A. II, 6. Vísitazíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar. Staður í Súgandaf. 15. ág. 1639.

<sup>1305</sup> Sama heimild. Bps. A. II, 14. Vísitazíubók Jóns biskups Vídalín. Staður í Súgandaf. 22.8.1700.

Bps. A. II, 21. Vísitazíubók Finns biskups Jónssonar. Staður í Súgandaf. 27.8.1761. Bps. A. II, 24. Vísitazíubók Hannesar biskups Finnssonar. Staður í Súgandaf. 12.8.1790. Bps. C. I, 2. Vísitazíubók Helga biskups Thordersen. Staður í Súgandaf. 10.7.1852.

<sup>1306</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 4. Vísitazíubók 1836-1846. Úttektargerð frá Stað í Súgandaf. 7.6.1839.

<sup>1307</sup> Bps. A. II, 6. Vísitazíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar. Staður í Súgandaf. 15.8.1639.

<sup>1308</sup> Bps. A. II, 11. Vísitazíubók Þórðar biskups Þorlákssonar 1675-1695 B. Staður í Súgandaf. 9.9.1689, vísitazíugerð Þorsteins prófests Gunnarssonar í umboði Þórðar biskups.

<sup>1309</sup> Bps. A. II, 21. Vísitazíubók Finns biskups Jónssonar. Staður í Súgandaf. 27.8.1761.

<sup>1310</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1773-1838. Úttekt 18.6.1773.

Við úttektina 1773 lét séra Þorsteinn gott heita að þetta eina kúgildi vantaði og svo mun hafa verið litið á að hann tæki að sér að bæta kirkjunni það síðar. Að svo hafi verið má ráða af vísitazíugerð Hannesar biskups Finnssonar frá árinu 1790 því þar er enn talið að kirkjan eigi 4 kúr, 12 ær með lömbum og einn hest.<sup>1311</sup> Nú fór svo að séra Þorsteinn flosnaði upp og yfirgaf prestakallið í harðindunum árið 1801 (sjá hér bls. 101-102) en þá voru kúgildi kirkjunnar á Stað tekin að falla úr hor. Við úttekt sem gerð var í júnímánuði árið 1802 átti séra Þorsteinn að skila af sér 2 kúm og 24 ám með lömbum (eða 4 kúm og 12 ám með lömbum). Fulltrúi hans við úttektina var sonur hans, Þórður eldri Þorsteinsson, sem nefndur var *grástakkur*, en hann gat aðeins bent á 2 kúr og 11 ær sem kirkjan ætti<sup>1312</sup> svo 13 kindur vantaði og líka hestinn sem kirkjan hafði átt. Um kúr Staðarkirkju segir í þessari úttektargerð að önnur sé *ung og ófengin* en hin *miðaldra, snemmbær og meinast krönk*.<sup>1313</sup> Af ánum sem eftir lifðu voru þrjár í höndum bóndans Þórðar Jónssonar á Stað en um hinar átta segir í úttektinni að fjórar þeirra séu með lömbum en hinar lamblausar og reyndar *óvísar*.<sup>1314</sup> Kúrnar tvær og þessar ellefu ær hafa þó allar verið teknar gildar því niðurstaða úttektarmannanna var sú að aðeins vantaði 13 ær og einn hest. Þetta orða þeir sjálfir svo: *Brestur þá upp á kirkjunnar málhnyttju 2 1/6 kúgildi og hest sem að forngildu hefur henni reiknast í hundrad*.<sup>1315</sup>

Tapið sem Staðarkirkja hafði þarna orðið fyrir tókst forráðamönnum hennar að bæta upp að mjög verulegu leyti á næstu árum. Hest eignaðist hún á ný og tala kúgildanna hækkaði úr tæplega fjórum í fimm.<sup>1316</sup> Á 17. og 18. öld höfðu þau löngum verið sex eins og hér hefur áður verið rakið. Um miðbik 19. aldar vantaði því enn eitt kúgildi upp á fulla tölu og svo var einnig árið 1883.<sup>1317</sup> Um sauðfé Staðarkirkju skal þess að lokum getið að á árunum fyrir og um 1850 voru sex ær sem kirkjan átti, eitt kúgildi, oftast í leigu hjá hjáleigubóndanum í Staðarhúsum.<sup>1318</sup>

Timburkirkjan sem enn stendur á Stað í Súgandafirði var reist árið 1886<sup>1319</sup> en allar eldri kirkjur sem hér hafa staðið munu hafa verið torfkirkjur. Kirkjan frá 1886 var byggð á nýjum stað, 70-80 metrum norðar en hinar eldri kirkjur stóðu og aðeins austar. Nokkrum árum síðar, það er að segja í janúarmánuði árið 1900, var líka tekinn í notkun nýr kirkjugarður og stendur kirkjan frá 1886 í honum.<sup>1320</sup> Í gamla

<sup>1311</sup> Bps. A. II, 24. Vísitazíubók Hannesar biskups Finnssonar, bls. 34-36. Staður í Súgandaf. 12.8.1790.

<sup>1312</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandaf. tekinn út 14.6.1802.

<sup>1313</sup> Sama heimild.

<sup>1314</sup> Sama heimild.

<sup>1315</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandaf. tekinn út 14.6.1802.

<sup>1316</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919. Úttekt 14.7.1849.

<sup>1317</sup> Sami kirkjustóll, úttekt 1.5.1883.

<sup>1318</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Úttektargerð 7.6.1839 frá Stað í Súgandafirði. Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919. Úttekt 14.7.1849.

<sup>1319</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919. Reikningar Staðarkirkju 1886 og 1887. Vísitazíugerð Hallgríms biskups Sveinssonar 30.7.1896.

<sup>1320</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

kirkjugarðinum mun síðast hafa verið jarðað árið 1899 en enn (1999) sér þó móta fyrir honum og kirkjutóttin frá árinu 1856 (sbr. hér bls. 157-158) nokkuð greinileg í honum miðjum.

Í varðveittum heimildum sést að hér á Stað var komin kirkja á árunum kringum 1200<sup>1321</sup> og ekki er ólíklegt að fyrsta kirkjan sem hér var byggð hafi risið allöngu fyrr, máske á elleftu öld. Um stærð og útlit kirknanna sem hér stóðu í kaþólsku liggja því miður ekki fyrir neinar skjallugar upplýsingar en nær fullvíst má telja að þetta hafi jafnan verið lítil hús því fólkið í Súgandafirði var fátt.

Í heimildum frá fyrri hluta 17. aldar gefst okkur fyrst kostur á að fræðast lítið eitt um ásigkomulag torfkirkjunnar sem þá stóð hér og frá síðari hluta sömu aldar eru í boði allgóðar vísbendingar um stærð kirkjunnar og útlit. Þegar séra Gils Ólafsson tók við Staðarprestakalli árið 1615 var kirkjan í heldur bágbornu ástandi. Hún var þá *fallin að viðum* en framgaflinn þó sæmilega heillegur því hann hafði nýlega verið gerður upp af séra Erlendi Snæbjörnssyni sem prestur var á Stað næstur á undan Gils Ólafssyni.<sup>1322</sup> Heil voru líka *þrjú langþil sunnantil og svo bak við altarið* en norðantil í kirkjunni var timbrið *víða í burt*.<sup>1323</sup> Af þessu má ráða að torfkirkjan sem stóð hér á Stað í byrjun sautjándu aldar hafi verið með timburgafla og þiljuð innan þegar hún var ný.

Árið 1639 vísiteraði Brynjólfur biskup Sveinsson hér á Stað og þá var komin ný súð í kirkjuna.<sup>1324</sup> Aðra viði kirkjunnar segir hann vera gamla nema þilið á annarri hliðinni og tvo stöpla.<sup>1325</sup>

Í júníbyrjun árið 1653 voru kirkja og bæjarhús á Stað tekin út í hendur séra Ólafs Jónssonar.<sup>1326</sup> Séra Gils Ólafsson var þá látinn en sonur hans, Bjarni Gilsson, skilaði stað og kirkju í hendur nýja prestsins fyrir hönd síns látna föður.<sup>1327</sup> Í þessari úttekt segir að kirkjan sé mjög *gengin* svo skjótrar viðréttingar sé þörf.<sup>1328</sup> Flestir fjalviðir voru þó taldir bærilegir en syllur ónýtar.<sup>1329</sup> Í úttektinni frá 1653 er tekið fram að kirkjan sé alþiljuð og tvær *bekkarfjalir* sín hvoru megin í framkirkjunni.<sup>1330</sup> Kvennamegin, það er að norðanverðu, var þil á milli kórs og kirkju og í kirkjudyrum góð hurð á járnum með hespu.<sup>1331</sup>

Í þessari sömu úttektargerð er bókað að Bjarni Gilsson lofi *á sinn kostnað kirkjuna til helminga að forbetra móts við séra Ólaf*.<sup>1332</sup> Við þetta loforð mun Bjarni hafa staðið því í úttekt frá árinu 1661 segir að hann hafi

<sup>1321</sup> D.I. XII, 14.

<sup>1322</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. B. 1. Skjalabók frá Holti í Önundarf. frá árunum 1333-1708, bls. 99.

<sup>1323</sup> Sama heimild.

<sup>1324</sup> Bps. A. II, 6. Vísitazíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar. Staður í Súgandaf. 15.8.1639.

<sup>1325</sup> Sama heimild.

<sup>1326</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. B. 1. Skjalabók frá Holti í Önundarf., bls. 100-102. Staður í Súg., úttekt 2.6.1653.

<sup>1327</sup> Sama heimild.

<sup>1328</sup> Sama heimild.

<sup>1329</sup> Sama heimild.

<sup>1330</sup> Sama heimild.

<sup>1331</sup> Sama heimild.

<sup>1332</sup> Sama heimild.

endurbætt kirkjuna og byggt hana upp fyrir nærri sjö árum.<sup>1333</sup> Er því ljóst að kirkjan hefur verið endurbyggð árið 1654.

Árið 1661 var þessi sjö ára gamla kirkja að heita mátti alþiljuð og í henni allri fjalagólf.<sup>1334</sup> Þil með litlum pílárum var kvennamegin milli kórs og kirkju.<sup>1335</sup> Um sæti í kirkjunni segir svo í úttektinni frá 1661:

*Albekkjuð karlmannamegin, bæði kórin og framkirkjan  
nema vantar fjöl framan fyrir í króknum við dyrnar.  
Kvennamegin bekkjarlaus kórin, bekkur fyrir kórdrum í  
kirkjunni og bekkjarfjöl sem nær yfir tvö stafgólfi.<sup>1336</sup>*

Þegar sagt er að kirkjan sé *albekkjuð karlmannamegin* er merkingin líklega sú að innan við suðurvegg kirkjunnar hafi staðið einn langbekkur sem náði að heita mátti gafla á milli.

Haustið 1689 fór Þorsteinn Gunnarsson, kirkjuprestur og prófastur í Skálholti, í vísitazíuferð um Vestfirði í umboði Þórðar biskups Þorlákssonar og vísiteraði þá m.a. hér á Stað í Súgandafirði. Í vísitazíugerð hans er frá því greint að Staðarkirkja sé í fjórum stafgólfum og af þeim séu þrjú í framkirkjunni og eitt í kórnum.<sup>1337</sup> Er þetta elsta heimildin um fjölda stafgólfa í kirkjunni og gefur vísbendingu um stærð hennar. Árið 1828 var Staðarkirkja í sex stafgólfum og hvert stafgólf var þá aðeins 2,06 álnir á lengd,<sup>1338</sup> það er 1,29 metrar. Hafi lengdin á hverju stafgólfi verið hin sama árið 1689 hefur kirkjan sem þá stóð hér aðeins verið 5,16 metrar á lengd. Vel getur hins vegar verið að árið 1689 hafi hin einstöku stafgólfi í kirkjunni verið eitthvað lengri en þau voru árið 1828 þó að hvergi sjáist neitt um það í skjölum. Mjög ólíklegt verður þó að telja að gamla fjögurra stafgólfa kirkjan hafi verið lengri en sex stafgólfa kirkjan sem reist var 1827 en hún var um það bil 7,8 metrar á lengd (sjá hér bls. 156).

Haustið 1689 höfðu veggir kirkjunnar á Stað nýlega verið hlaðnir upp og voru þeir vel standandi.<sup>1339</sup> Kórin og framkirkjan voru bæði *undir sama formi*.<sup>1340</sup> Inn af kórnum var *sanctuarium*,<sup>1341</sup> það er *hið allra helgasta* og þar mun altarið hafa staðið. Yfir því var glergluggi og málverk.<sup>1342</sup> Framan við nýnefnt *sanctuarium* voru standþil og bjórþil og yfir þeim annar glergluggi en þriðji glerglugginn og sá minnsti var yfir predikunarstólnum.<sup>1343</sup> Innan við kirkjudyrnar var gisið standþil og ofan

<sup>1333</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. B. 1. Skjalabók frá Holti í Önundarf. bls. 102-105. Staður í Súgandaf., úttekt 1661.

<sup>1334</sup> Sama heimild.

<sup>1335</sup> Sama heimild.

<sup>1336</sup> Sama heimild.

<sup>1337</sup> Bps. A. II, 11. Vísitazíubók Þórðar biskups Þorlákssonar 1675-1695 B. Staður í Súgandaf. 9.9.1689.

<sup>1338</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Súgandaf., vísitazía 1.11.1828.

<sup>1339</sup> Bps. A. II, 11. Vísitazíubók Þórðar biskups Þorlákssonar 1675-1695 B. Staður í Súgandaf. 9.9.1689.

<sup>1340</sup> Sama heimild.

<sup>1341</sup> Sama heimild.

<sup>1342</sup> Sama heimild.

<sup>1343</sup> Sama heimild.



við það annað bjórþil.<sup>1344</sup> Í kórnum voru höggsperrur og í framkirkjunni *súðpak* sem náði upp í rjáfur.<sup>1345</sup> Til beggja hliða í framkirkjunni voru fóðraðir bekkir og auk þess föst *bríkarsæti* kvennamegin við kórdir *með pílárum, brík og fóðrum bekk til að falla fram á*.<sup>1346</sup> Öll var kirkjan þiljuð í hólf og gólf.<sup>1347</sup>

Jón biskup Vídalín vísiteraði Staðarkirkju árið 1700 og af vísitazíugerð hans má ráða að þá stóð hér sama kirkjan og lýst var í vísitazíugerðinni frá 1689.<sup>1348</sup> Einstaka atriði koma þó skýrar fram hjá meistara Jóni og nefnir hann m.a. hálfþil milli kórs og kirkju.<sup>1349</sup> Það sem Þorsteinn prófastur Gunnarsson kallaði *sanctuarium* nefnir Jón Vídalín altarisstúku.<sup>1350</sup> Annan glergluggann í kórnum segir hann vera yfir altarinu en hinn yfir stúkudyrum.<sup>1351</sup> Jón biskup getur um gluggann yfir predikunarstólnum og nefnir líka fjórða gluggann sem hann segir vera framan á kirkjunni.<sup>1352</sup> Allt voru þetta litlir gluggar.<sup>1353</sup>

Árið 1700 var Staðarkirkja stæðilegt hús að veggjum og viðum með hurð á járnum.<sup>1354</sup> Á hurðinni var skrá með lykli og koparhringur sem séra Jón Torfason, þáverandi prestur á Stað, hafði lagt kirkjunni til.<sup>1355</sup> Þessi koparhringur var mjög lengi á kirkjuhurðinni og hans er getið í úttekt frá árinu 1863 en þar segir: *Í henni [kirkjuhurðinni] er sélegur koparhringur gamall*.<sup>1356</sup> Þessi gamli koparhringur er nú varðveittur í Þjóðminjasafni Íslands og ber þar safnnúmerið 8686.<sup>1357</sup>

Árið 1725 var komin ný kirkja á Stað og var hún í sex stafgólfum<sup>1358</sup> en sú gamla hafði verið í fjórum stafgólfum eins og hér hefur áður verið nefnt. Í vísitazíugerð sinni frá sumrinu 1725 tekur Jón biskup Árnason fram að séra Torfi Ísleifsson, þáverandi prestur hér á Stað, hafi nýlega látið byggja kirkjuna upp *mestanpart af nýjum viðum* en gömlu fjalirnar höfðu þó verið notaðar í þil hinnar nýju kirkju.<sup>1359</sup> Þessi sex stafgólfa kirkja mun hafa verið byggð á árunum 1720-1725 því séra Torfi Ísleifsson tók ekki við prestakallinu fyrr en 1720 (sjá hér bls. 63-64).

Sunnan megin í kirkjunni átti reyndar eftir að þilja tvö fremstu stafgólfin þegar biskup reið í hlað síðla sumars árið 1725.<sup>1360</sup> Fjalagólf var

<sup>1344</sup> Bps. A. II, 11. Vísitazíubók Þórðar biskups Þorlákssonar 1675-1695 B. Staður í Súgandaf. 9.9.1689.

<sup>1345</sup> Sama heimild.

<sup>1346</sup> Sama heimild.

<sup>1347</sup> Sama heimild.

<sup>1348</sup> Bps. A. II, 14. Vísitazíubók Jóns biskups Vídalín. Staður í Súgandaf. 22.8.1700.

<sup>1349</sup> Sama heimild.

<sup>1350</sup> Sama heimild.

<sup>1351</sup> Sama heimild.

<sup>1352</sup> Sama heimild.

<sup>1353</sup> Sama heimild.

<sup>1354</sup> Bps. A. II, 14. Vísitazíubók Jóns biskups Vídalín. Staður í Súgandaf. 22.8.1700.

<sup>1355</sup> Sama heimild.

<sup>1356</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919. Úttekt 23.6.1863.

<sup>1357</sup> Safnskrá Þjóðminjasafns Íslands.

<sup>1358</sup> Bps. A. II, 17. Vísitazíubók Jóns biskups Árnasonar. Staður í Súgandaf. 26.8.1725.

<sup>1359</sup> Sama heimild.

<sup>1360</sup> Sama heimild.

komið í kórinn en í framkirkjunni höfðu lausar fjalir verið lagðar á moldargólfid.<sup>1361</sup> Árið 1733 var búið að bæta úr þessum ágöllum og kirkjan alþiljuð í hólf og gólf með björpili fyrir ofan og neðan bita.<sup>1362</sup> Milli kórsins og framkirkjunnar var þil sem náði upp að þverslá.<sup>1363</sup> Framan við þetta hálfþil voru tveir stólar með bríkum, bakslám og pílárum og hafa þeir líklega verið að norðanverðu, það er kvennamegin, því árið 1749 voru þar tvö slík þversæti ætluð konum.<sup>1364</sup> Engir bekkir voru komnir í þessa nýju kirkju árið 1725 en séra Torfi tjáði biskupi að hann hefði í ráði að láta smíða bekki og þilja það sem óþiljað var.<sup>1365</sup> Þess verður líka að geta að séra Torfi virðist aðeins hafa látið endurnýja viði kirkjunnar en látið gömlu torfveggina standa því í vísitazíugerð sinni lætur Jón biskup Árnason þess getið að norðurveggur kirkjunnar sé *genginn* og sá syðri *kominn að lotum*.<sup>1366</sup>

Svo virðist sem sex stafgólfa kirkjan frá dögum séra Torfa Ísleifssonar hafi um langt skeið jafnan verið byggð upp í sama formi.<sup>1367</sup> Staðarkirkja var byggð upp árið 1790 eða mjög skömmu fyrr og aftur árið 1827 en í bæði skiptin í sama formi og verið hafði á gömlu kirkjunni sem reist var um 1720.<sup>1368</sup>

Í vísitazíugerðum og úttektum frá árunum 1749-1820 er ýmsan fróðleik að finna um útlit og ásigkomulag kirkjunnar sem þá stóð hér.<sup>1369</sup> Kirkja þessi var torfkirkja með timburgöflum, öll undir súð og þiljuð til beggja hliða.<sup>1370</sup> Á kórgaflinum var tvöfalt þil, hið ytra með sléttum vindskeiðum.<sup>1371</sup> Framanfyrr var standþil og einfalt björpil og útskornar vindskeiðar á gaflinum yfir dyrum kirkjunnar.<sup>1372</sup> Hálfþil var milli kórsins og framkirkjunnar og yfir því kvennamegin tvísættir pílárar, *málaðir* og *gagnskornir*.<sup>1373</sup> Karlmannamegin voru aðeins þrjár pílárar út frá

<sup>1361</sup> Bps. A. II, 17. Vísitazíubók Jóns biskups Árnasonar. Staður í Súgandaf. 26.8.1725.

<sup>1362</sup> Sama heimild. Staður í Súgandafirði 13.9. 1733 (bls. 934-936)

<sup>1363</sup> Sama heimild. Staður í Súgandafirði 26.8. 1725.

<sup>1364</sup> Bps. A. II, 19. Vísitazíubók Ólafs biskups Gíslasonar. Staður í Súgandaf. 6.9.1749.

<sup>1365</sup> Bps. A. II, 17. Vísitazíubók Jóns biskups Árnasonar. Staður í Súgandaf. 26.8.1725.

<sup>1366</sup> Sama heimild.

<sup>1367</sup> Bps. A. II, 21. Vísitazíubók Finns biskups Jónssonar, bls. 229-231, Staður í Súgandaf. 27.8.1761.

Bps. A. II, 24. Vísitazíubók Hannesar biskups Finnssonar, bls. 34-36, Staður í Súgandaf. 12.8.1790.

Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandaf. 14.6.1802.

<sup>1368</sup> Bps. A. II, 24. Vísitazíubók Hannesar biskups Finnssonar. Staður í Súgandaf. 12.8.1790.

Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1773-1838, vísitazíugerð 23.9.1791.

Skj.s. próf. XIII. 1. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Súgandaf. 1.11.1828.

Sama skj.safn XIII. 1. A. 4. Vísitazíubók 1836-1846. Staður í Súgandaf. 7.6.1839.

<sup>1369</sup> Bps. A. II. 19. Vísitazíubók Ólafs biskups Gíslasonar. Staður í Súgandaf. 6.9.1749.

Bps. A. II, 21. Vísitazíubók Finns biskups Jónssonar, bls. 229-231. Staður í Súgandaf. 27.8.1761.

Bps. A. II, 24. Vísitazíubók Hannesar biskups Finnssonar, bls. 34-36. Staður í Súgandaf. 12.8.1790.

Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1773-1838. Úttekt 18.6.1773.

Sami kirkjustóll, úttektir 14.6.1802 og 22.6.1812.

<sup>1370</sup> Sömu heimildir.

<sup>1371</sup> Sömu heimildir.

<sup>1372</sup> Sömu heimildir.

<sup>1373</sup> Sömu heimildir.

predikunarstólnum.<sup>1374</sup> Í kórnum miðjum voru höggsperrur.<sup>1375</sup> Umhverfis hann allan voru fódraðir eða hálfódraðir bekkir.<sup>1376</sup> Framan við kórinu voru tvö þversæti kvennamegin en að sunnanverðu hálfódraður langbekkur og fódraður þverbekkur við dyrnar.<sup>1377</sup>

Tvö ný konusæti voru sett í kirkjuna árið 1793 eða 1794 en annað hinna eldri, sem verið höfðu kvennamegin í kirkjunni, mun þá hafa verið orðið ónýtt.<sup>1378</sup>

Sá sem gaf kirkjunni ný konusæti á árunum upp úr 1790 var Markús Jónsson, bóndi í Botni, og fylgdi gjöfinni það skilyrði að hann mætti sjálfur ráða þar *tveggja kvenmanna sessi* (sjá hér Botn).

Árið 1802 voru bæði langbekkurinn og þverbekkurinn sunnanvert í kirkjunni orðnir ónýtir en einhver fjalastykki úr þeim voru enn til.<sup>1379</sup> Tíu árum síðar voru sams konar bekkir komnir í kirkjuna á ný en þá voru þeir ófódraðir.<sup>1380</sup> Fjalagólf var í kórnum og að nokkru leyti í framkirkjunni.<sup>1381</sup> Yfir altarinu var 9 rúðna glergluggi og árið 1790 voru þeir orðnir tveir, sinn hvorum megin við altarið og misstórir.<sup>1382</sup> Yfir predikunarstólnum var 4 rúðna glergluggi og annar á framstafni kirkjunnar.<sup>1383</sup> Í nær öllum vísitazíugerðum biskupa og úttektum frá þessu tímabili, 1760-1820, er líka getið um koparhringinn á kirkjuhurðinni<sup>1384</sup> sem hér var áður nefndur.

Þegar Ásgeir Jónsson prófastur vísiteraði á Stað í júnímánuði árið 1816 var kirkjan orðin léleg og lét hann bóka að slíkt hús væri *varla ... til messugjörðar hæfilegt*.<sup>1385</sup> Á næstu árum var lappað svolítið upp á kirkjuna<sup>1386</sup> en árið 1825 var engu að síður talið mjög aðkallandi að ráðast í endurbyggingu hennar.<sup>1387</sup> Sú endurbygging fór fram árið 1827 eins og hér

- 
- <sup>1374</sup> Bps. A. II, 19. Vísitazíubók Ólafs biskups Gíslasonar. Staður í Súgandaf. 6.9.1749.  
Bps. A. II, 21. Vísitazíubók Finns biskups Jónssonar, bls. 229-231. Staður í Súgandaf. 27.8.1761.  
Bps. A. II, 24. Vísitazíubók Hannesar biskups Finnssonar, bls. 34-36. Staður í Súgandaf. 12.8.1790.  
Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1773-1838. Úttekt 18.6.1773.  
Sami kirkjustóll, úttektir 14.6.1802 og 22.6.1812.
- <sup>1375</sup> Sömu heimildir.
- <sup>1376</sup> Bps. A. II, 19. Vísitazíubók Ólafs biskups Gíslasonar. Staður í Súgandaf. 6.9.1749.  
Bps. A. II, 21. Vísitazíubók Finns biskups Jónssonar, bls. 229-231. Staður í Súgandaf. 27.8.1761.  
Bps. A. II, 24. Vísitazíubók Hannesar biskups Finnssonar, bls. 34-36. Staður í Súgandaf. 12.8.1790.  
Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1773-1838. Úttekt 18.6.1773.  
Sami kirkjustóll, úttektir 14.6.1802 og 22.6.1812.
- <sup>1377</sup> Sömu heimildir.
- <sup>1378</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2, Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandaf. 27.5.1794.  
Sbr. Bps. A. II, 24. Vísitazíubók Hannesar biskups Finnssonar, Staður í Súgandaf. 12.8.1790 og Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandaf. 14.6.1802.
- <sup>1379</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2, Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandaf. 27.5.1794.  
Sbr. Bps. A. II, 24. Vísitazíubók Hannesar biskups Finnssonar, Staður í Súgandaf. 12.8.1790 og Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandaf. 14.6.1802.
- <sup>1380</sup> Sömu heimildir.
- <sup>1381</sup> Sömu heimildir.
- <sup>1382</sup> Sömu heimildir.
- <sup>1383</sup> Sömu heimildir.
- <sup>1384</sup> Sömu heimildir.
- <sup>1385</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Súgandaf. 16.6.1816.
- <sup>1386</sup> Sama vísitazíubók. Staður í Súgandaf. 9.8.1818 og 9.10.1821.
- <sup>1387</sup> Sama vísitazíubók. Staður í Súgandaf. 21.8.1825.

hefur áður verið nefnt. Kirkjan sem þá var byggð virðist hafa verið mjög lík hinni eldri kirkju, sem staðið hafði lítt breytt á aðra öld, og fjöldi stafgólfanna var sá sami.<sup>1388</sup> Í kórnum voru tvö stafgólf og fjögur í framkirkjunni.<sup>1389</sup>

Með kirkjunni frá 1827 gefst okkur hins vegar í fyrsta sinn kostur á að sjá hversu stór grunnflötur Staðarkirkju var en í vísitazíugerð Ásgeirs prófasts Jónssonar frá haustinu 1828 segir að lengd hinnar nýju kirkju á Stað sé 12 álnir og 1½ kvartil en breiddin 5 álnir og 1½ kvartil.<sup>1390</sup> Fram kemur að prófastur er þarna að greina frá innanmáli kirkjunnar.<sup>1391</sup> Sé þessum tölum breytt í metra kemur í ljós að lengdin hefur verið 7,77 metrar og breiddin 3,36 metrar svo flatarmál þessa litla guðshúss hefur verið um það bil 26 fermetrar.

Um svipað leyti og kirkjan frá 1827 var reist fjölgaði dálítið sætum fyrir kirkjugesti.<sup>1392</sup> Umhverfis kórinn voru árið 1828 langbekkir og þverbekkir eins og áður.<sup>1393</sup> Norðantil í framkirkjunni voru þá komin fjögur kvensæti en sunnantil voru þrjú langbekkir með krókbekk við dyr og svo tvö þversæti næst predikunarstól.<sup>1394</sup> Langbekkjum virðist því hafa fjölgað úr einum í þrjú og þversætum úr tveimur í sex. Fullyrðingunni um þrjú langbekki að sunnanverðu ber samt að taka með fyrirvara því í úttekt frá árinu 1839 og vísitazíugerð frá 1852 var bara einn langbekkur sunnantil í kirkjunni.<sup>1395</sup> Árið 1852 hafði þversætunum kvennamegin í kirkjunni hins vegar fjölgað og voru þau orðin sjö, þar af eitt við kirkjudyr.<sup>1396</sup> Öll voru þessi sæti með *bekkjum, bríkum og bakslám* og kvennamegin í kirkjunni var þá líka kominn alfóðraður langbekkur sem náði *framúr*.<sup>1397</sup> Karlamegin var tala þversætanna óbreytt. Þar voru þau tvö eins og áður, bæði með *bekkjum, bríkum og bakslám*.<sup>1398</sup> Í vísitazíugerð sinni frá árinu 1852 lætur Helgi biskup Thordersen þess einnig getið að kórduyrnar séu með stöfum beggja megin og *hvelfdri fjöl yfir*, undir bita.<sup>1399</sup> Í kórduyrum var líka þröskuldur.<sup>1400</sup>

Að ytra útliti var kirkjan sem reist var 1827 mjög lík hinni eldri kirkju sem hér hafði staðið næstu hundrað árin á undan. Þó var sá munur á að á gömlu kirkjunni var lítill gluggi á framstafni eins og fyrr var nefnt en þar

<sup>1388</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Súgandaf. 1.11.1828. Bps. C. I, 2. Vísitazíubók Helga biskups Thordersen. Staður í Súgandaf. 10.7.1852.

<sup>1389</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 4. Vísitazíubók 1836-1846. Staður í Súgandaf. 7.6.1839.

<sup>1390</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Súgandaf. 1.11.1828.

<sup>1391</sup> Sama heimild.

<sup>1392</sup> Sama heimild.

<sup>1393</sup> Sama heimild.

<sup>1394</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Súgandaf. 1.11.1828.

<sup>1395</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 4. Vísitazíubók 1836-1846. Staður í Súgandaf. 7.6.1839.

Bps. C. I, 2. Vísitazíubók Helga biskups Thordersen. Staður í Súgandaf. 10.7.1852.

<sup>1396</sup> Bps. C. I, 2. Vísitazíubók Helga biskups Thordersen. Staður í Súgandaf. 10.7.1852.

<sup>1397</sup> Sama heimild.

<sup>1398</sup> Sama heimild.

<sup>1399</sup> Sama heimild.

<sup>1400</sup> Sama heimild.

var enginn gluggi á nýju kirkjunni.<sup>1401</sup> Svo virðist sem 9 rúðna gluggarnir, sem voru yfir altari gömlu kirkjunnar, hafi hins vegar báðir verið settir á sama stað í nýju kirkjunni árið 1827. Í vísitazíugerð prófests frá haustinu 1828 segir svo um glugga í Staðarkirkju: *Á kórþili eru 2 gluggar, sinn hvoru megin altaris, litlir þó, af 9 glerrúðum hvor, hvaraf 2 brotnar*<sup>1402</sup> og í vísitazíugerð frá árinu 1839 sést að yfir predikunarstólnum var 4 rúðna gluggi<sup>1403</sup> eins og verið hafði í gömlu kirkjunni. Árið 1833 eða 1834 var skipt um báða gluggana í kórnum og settir þar 6 rúðna gluggar í stað hinna eldri sem voru með 9 rúðum hvor.<sup>1404</sup> Fyrir þá sem vilja koma sér upp mynd af kirkjunni sem byggð var hér á Stað árið 1827 skal minnt á að þetta var torfkirkja með timburgöflum. Venja var að tjarga báða gaflana og í vísitazíugerðum prófesta er oft talað um að gaflarnir þarfnist bikunar eða frá því greint að búið sé að bika gaflana.<sup>1405</sup>

Árið 1850 var kirkjan sem reist hafði verið árið 1827 orðin það léleg að hún var varla talin messufær *nema í góðu veðri*<sup>1406</sup> og fimm árum síðar segir Oddur prófastur Sveinsson hana vera orðna *mjög svo hrörlega*.<sup>1407</sup> Í júnímánuði árið 1856 segir sami prófastur að Staðarkirkja sé *gjörfallin ... hvað alla viði hennar snertir* en síðar á því sumri var reist ný kirkja.<sup>1408</sup>

Kirkjan sem byggð var sumarið 1856 var *í sama formi* og sú næsta á undan en nokkru minni þó að fjöldi stafgólfa væri hinn sami og áður.<sup>1409</sup> Lengd kirkjunnar frá 1856 var 7,22 metrar og breiddin 2,98 metrar.<sup>1410</sup> Flatarmál þessarar kirkju var því um það bil 21,5 fermetrar en kirkjan sem byggð var 1827 hafði verið 26 fermetrar (sjá hér bls. 156). Bygging hinnar nýju Staðarkirkju sumarið 1856 kostaði 244 ríkisdali og 66 skildinga<sup>1411</sup> eða sem svaraði um það bil sjö og hálfu kyrverði.<sup>1412</sup> Þegar hafist var handa við kirkjubygginguna átti kirkjan 112 ríkisdali og 29 skildinga í sjóði,<sup>1413</sup> eða nær helming þess sem kirkjubyggingin reyndist kosta.

Óþarft virðist að lýsa nánar kirkjunni sem séra Arngrímur Bjarnason byggði hér á Stað árið 1856 því vísitazíugerð frá árinu 1857 og úttekt frá árinu 1863 sýna að hús þetta var nánast alveg eins og gamla kirkjan, sem áður hefur verið lýst, nema bara svolítið minna.<sup>1414</sup> Bekkjum og sætum var líka komið fyrir með að heita má sama hætti og verið hafði í gömlu

<sup>1401</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Súgandaf. 5.8.1833.

<sup>1402</sup> Sama vísitazíubók Staður í Súgandaf. 1.11.1828.

<sup>1403</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 4. Vísitazíubók 1836-1846. Staður í Súgandaf. 7.6.1839.

<sup>1404</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Súgandaf. 17.8.1834.

<sup>1405</sup> Sama vísitazíubók, 5.8.1833 og 17.8.1834. Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919. Staður í Súgandaf. 27.9.1851, 20.6.1857, 31.8.1861 og 11.9.1864.

<sup>1406</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919. Vísitazíugerð 30.6.1850.

<sup>1407</sup> Sami kirkjustóll, vísitazíugerð 14.7.1855.

<sup>1408</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, vísitazíugerðir 26.6.1856 og 20.6.1857.

<sup>1409</sup> Sami kirkjustóll, vísitazíugerð 20.6.1857 og úttekt 23.6.1863.

<sup>1410</sup> Sömu heimildir.

<sup>1411</sup> Sami kirkjustóll, vísitazíugerð 8.10.1859.

<sup>1412</sup> Skýrslur um landshagi IV, 486 (Kph. 1870).

<sup>1413</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919. Vísitazíugerð 26.6.1856.

<sup>1414</sup> Sami kirkjustóll, vísitazíugerð 20.6.1857 og úttekt 23.6.1863.

kirkjunni en ný hurð var sett í kirkjudyrnar.<sup>1415</sup> Á hana var þó settur gamli koparhringurinn<sup>1416</sup> sem séra Jón Torfason gaf kirkjunni á 17. öld (sjá hér bls. 153).

Haustið 1864 voru átta ár liðin frá byggingu kirkjunnar og þá var hún sögð vera *torfhús í góðu standi*.<sup>1417</sup> Nokkrum árum síðar var hún hins vegar farin að lasnast töluvert og á árinu 1873 var sett í hana nýtt gólf með tilheyrandi aurslám.<sup>1418</sup> Einnig voru þiljur lagfærðar og nýtt torf sett á þakið.<sup>1419</sup> Um leið og þessar endurbætur voru gerðar á kirkjunni voru tveir þverbekkir settir í framkirkjuna<sup>1420</sup> en áður var þar bara langbekkur við suðurvegg, krókbekkur við dyrnar, sjö þversæti kvennamegin og tvö karlamegin.<sup>1421</sup>

Árið 1882 var Staðarkirkja orðin mjög lasburða. Séra Stefán P. Stephensen, prófastur í Holti, kom þá að Stað í vísitazíuferð þann 4. júlí.<sup>1422</sup> Hann skoðaði kirkjuna og lýsir henni meðal annars með þessum orðum:

*Hefur stórmikið hrörnað í illviðrum síðast liðins vetrar  
eins og edlilegt er þar eð húsið var upphaflega í jörðu grafið  
svo vatn rennur inn á gólfið í hverjum blota og feygir  
það.*<sup>1423</sup>

Sama dag fól séra Stefán Þorbirni Gissurarsyni á Suðureyri að hefjast handa um endurbætur á kirkjunni svo hún yrði messufær.<sup>1424</sup>

Þorbjörn lagfærði kórgaflinn, gólfið og gluggana og kostaði sú aðgerð tæplega 20,- krónur<sup>1425</sup> en svo fór þó að örfáum árum síðar var ráðist í að byggja alveg nýja kirkju hér á Stað, timburkirkjuna sem enn stendur. Kirkjan sem séra Arngrímur Bjarnason kom upp árið 1856 varð því síðasta torfkirkjan á þessum forna kirkjustað.

Timburkirkjan sem nú stendur hér var vígð árið 1886 og kostaði 1.445,51 kr.<sup>1426</sup> Sú upphæð svaraði þá til um það bil 14 kúgilda.<sup>1427</sup> Til samanburðar má nefna að kostnaður við byggingu torfkirkjunnar sem reist var sumarið 1856 var um það bil helmingi minni eða sem svaraði sjö og hálfu kúrverði eins og hér hefur áður verið nefnt. Ef marka má hinar opinberu tölur hefur kirkjan sem hér var reist árið 1790 eða litlu fyrr hins vegar verið dýrust þessara þriggja kirkna því hún kostaði 85 ríkisdali og 68

<sup>1415</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, vísitazíugerð 20.6.1857 og úttekt 23.6.1863.

<sup>1416</sup> Sami kirkjustóll, vísitazíugerð 20.6.1857 og úttekt 23.6.1863.

<sup>1417</sup> Sami kirkjustóll, vísitazíugerð 11.9.1864.

<sup>1418</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919. Vísitazíugerð 16.8.1874.

<sup>1419</sup> Sama heimild.

<sup>1420</sup> Sama heimild.

<sup>1421</sup> Sami kirkjustóll, úttekt 23.6.1863.

<sup>1422</sup> Sami kirkjustóll, vísitazíugerð 4.7.1882.

<sup>1423</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919. Vísitazíugerð 4.7.1882

<sup>1424</sup> Sama heimild.

<sup>1425</sup> Sami kirkjustóll, *portionsreikningur* kirkjunnar í fardögum 1883.

<sup>1426</sup> Sami kirkjustóll, reikningur kirkjunnar í fardögum 1887.

<sup>1427</sup> Stjórnartíðindi 1875 B, bls. 14-15. Verðlagsskrá fyrir Ísafj.sýslu árið 1887.

skildinga<sup>1428</sup> en eitt hundrað í landaurum, sem var sama og kýrverð, taldist þá aðeins vera fjögurra ríkisdala virði.<sup>1429</sup> Kirkjan frá 1790 ætti því að hafa kostað sem svaraði liðlega 21 kúgildi og auk þess er tekið fram í vísitazíugerðinni frá 1791, sem hér er byggt á, að um sé að ræða byggingarkostnað *ad fráskyldu pliktarbeiði*.<sup>1430</sup> Það sýnir okkur að menn hafa unnið að þeirri kirkjubyggingu í kvaðavinnu og kauplaust. Rétt er að taka fram að þennan tölulega samanburð á kostnaði við byggingu þriggja kirkna hér á Stað má ekki taka mjög háttíðlega því almennt verðlag breyttist stundum með talsvert öðrum hætti en hið opinbera kýrverð. Engu að síður er vísbendingin sterk og gefur til kynna að timbur hafi verið mun dýrara um 1790 en það var nær 100 árum síðar.

Þegar hafist var handa við byggingu kirkjunnar sem nú stendur hér á Stað átti kirkjan í sjóði 693,92 krónur sem reyndist duga fyrir nær helmingi af öllum kostnaði við byggingu hennar.<sup>1431</sup> Fyrstu árin eftir 1886 var Staðarkirkja jafnan þó nokkuð skuldug<sup>1432</sup> og þegar Hallgrímur biskup Sveinsson vísiteraði hér árið 1896 mæltist hann til þess að sóknarmenn skytu þá þegar saman nokkurri fjárhæð til að létta á skuldum kirkjunnar.<sup>1433</sup> Tuttugu sóknarmenn og einum betur lofuðu þá að styrkja kirkjuna með ákveðnu framlagi sem var lægst ein króna en hæst fimmtán krónur.<sup>1434</sup> Samtals námu þessi samskot 78,50 kr. en hæsta framlaginu frá einum manni, fimmtán krónum, lofaði Jens Arnbjörnsson, smiður á **Þverá**.<sup>1435</sup>

Grunnflötur timburkirkjunnar sem Súgafirðingar reistu á Stað árið 1886 er 5,7 x 8,2 metrar (utanmál) eða tæplega 47 fermetrar.<sup>1436</sup> Hún er því mun stærri en tvær síðustu torfkirkjurnar en þær voru 26 og 21,5 fermetrar svo sem fyrr var nefnt. Á árunum kringum 1890 var lokið við ýmsa frágangsvinnu við nýju timburkirkjuna. Nefna má að 1890 eða 1891 voru settar á hana járnfestur til að varna foki og kostuðu þær 15,- krónur.<sup>1437</sup> Um svipað leyti voru þiljurnar drifnar, þakið bætt og turninn listaður.<sup>1438</sup> Að því vann Jens Arnbjörnsson smiður, sem hér var nýlega nefndur, í sjö daga og fékk greiddar 12,- krónur auk fæðis sem kostaði eina krónu á dag.<sup>1439</sup>

Í vísitazíugerð Hallgríms biskups Sveinssonar frá árinu 1896 er Staðarkirkju lýst á þessa leið:

*Kirkjan er byggð 1886, öll úr timbri, með tvöföldu  
pappaþaki á einfaldri borðasúð. Lítill turn er á kirkjunni.*

<sup>1428</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1773-1838, vísitazíugerð 23.9.1791.

Bps. A. II, 24. Vísitazíubók Hannesar biskups Finnssonar. Staður í Súgandaf. 12.8.1790.

<sup>1429</sup> Jón J. Aðils 1971, 418. Gísli Gunnarsson 1987, 258.

<sup>1430</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1773-1838, vísitazíugerð 23.9.1791.

<sup>1431</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, reikningar kirkjunnar 1886 og 1887.

<sup>1432</sup> Sami kirkjustóll, reikningar kirkjunnar 1887-1896.

<sup>1433</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, vísitazíugerð Hallgríms biskups Sveinssonar 30.7.1896.

<sup>1434</sup> Sama heimild, ásamt meðfylgj. skrá yfir þá sem lofuðu framlögum til Staðarkirkju 30.7.1896.

<sup>1435</sup> Sama heimild.

<sup>1436</sup> Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 26.6.1996.

<sup>1437</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1829-1919, reikningur kirkjunnar frá fardögum 1890 til loka ársins 1891.

<sup>1438</sup> Sama heimild.

<sup>1439</sup> Sama heimild.

*Kirkjan er máluð utan en ómáluð innan og undir heflaðri súð. Einn skambita vantar í kirkjuna og gólfíð að framan er töluvert bilað af leka með turninum sem nauðsyn er á að endurbæta sem best og tryggilegast. Að öðru leyti telst kirkjan í góðu standi og fest niður með járnfestum sem þó eru farnar að slakna. Grunnurinn er ósementeraður og aðeins einföld hurð fyrir kirkjunni og er nauðsynlegt að bæta hvort tveggja svo fljótt sem efni kirkjunnar með nokkru móti leyfa.<sup>1440</sup>*

Sumarið 1901 var kirkjan máluð og þak hennar bikað<sup>1441</sup> en járn mun ekki hafa verið sett á þakið fyrr en árið 1906 og kostaði sú framkvæmd 253,37 krónur.<sup>1442</sup> Sama ár var turn kirkjunnar klæddur með járn en járn kom ekki á vegg hennar og gafla fyrr en 1911.<sup>1443</sup>

Yfirsmiður við byggingu Staðarkirkju árið 1886 var Bergþór Jónsson sem þá var bóndi í Lambadal í Dýrafirði en fluttist skömmu síðar til Ameríku.<sup>1444</sup> Hann var bróðir séra Janusar Jónssonar í Holti (sjá hér Ytri-Lambadalur) sem var prestur Súgafirðinga frá 1884 til 1901.

Guðmundur Guðmundsson frá Vatnadal, sem fæddur var árið 1876 og lengst bjó á Gelti í Súgandafirði, skrifaði á gamals aldri svolitla ritgerð er hann nefndi *Minningar úr Staðarkirkju í Súgandafirði* og greinir þar meðal annars frá undirbúningi kirkjubyggingarinnar. Hann segir þar:

*Ekki man ég neitt um hvenær talað var um að byggja nýja kirkju en haustið 1884 komu menn saman og tóku upp mikið af grjóti upp á Dalakóng. Seinni part vetrar 1885 var það dregið heim. Voru þar margir að verki og kátína mikil. Voru við það marga daga eftir ástæðum. Um sumarið (1885) var trjávið komið heim og byrjað á smíði.*

*Yfirsmiður var Bergþór Jónsson og sonur hans Jón. Átti Bergþór þá heima í Lambadal í Dýrafirði (flutti síðar til Ameríku). Hvort fleiri voru við að koma henni undir þak man ég ekki.<sup>1445</sup>*

Guðmundur bóndi Guðmundsson, sem hér hefur verið vitnað í, var um tíu ára aldur þegar hin nýja Staðarkirkja var tekin í notkun árið 1886. Hann mundi glöggst hverjir höfðu fast sæti í kórnum á fyrstu árum nýju kirkjunnar og hvar hver og einn þessara kórmanna sat. Teikning hans ásamt greinargerð sem henni fylgir sýnir þetta.<sup>1446</sup> Þar kemur líka fram hvaða fólk sat á fjórum innstu bekkjum framkirkjunnar, það er að segja á

<sup>1440</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1829-1919, vísitazíugerð Hallgríms biskups Sveinssonar 30.7.1896.

<sup>1441</sup> Sami kirkjustóll, vísitazíugerð 5.10.1901.

<sup>1442</sup> Sami kirkjustóll, reikningar kirkjunnar árið 1906.

<sup>1443</sup> Sami kirkjustóll, vísitazíugerð 4.7.1909 og reikningar kirkjunnar 1911.

<sup>1444</sup> Guðm. Guðmundsson / Minningar úr Staðarkirkju í Súgandaf. – Ópr. ritg. frá 1949, ljósr. í vörslu K.Ó.

<sup>1445</sup> Sama heimild.

<sup>1446</sup> Teikning G.G. af sætaskipan í Staðarkirkju ásamt meðfylgjandi greinargerð hans (ljósrít í vörslu K.Ó.).



tveimur bekkjum hvoru megin, en í framkirkjunni voru alls sjö bekkir að sunnanverðu og sjö að norðanverðu ef marka má uppdrátt Guðmundar. Með hinni gömlu sætaskipan virðist kirkjan hafa tekið liðlega eitt hundrað manns í sæti.

Valdimar Þorvaldsson frá Selárdal var tveimur árum yngri en Guðmundur, fæddur 1878. Í endurminningum sínum greinir hann stuttlega frá kirkjusiðum Súgfirðinga á árunum kringum 1890.<sup>1447</sup> Þegar kirkjuklukkunum var hringt fyrir messuna lyftu karlmenn höfuðfötum sínum.<sup>1448</sup> Hringingarnar voru þrjár.<sup>1449</sup> Um tilburði fólks þegar farið var með *faðir vor* ritar Valdimar svo: *Allir voru með hvítan klút og höfðu hann í hendinni fyrir enni og augum þegar lesið var „faðir vor“ bæði af stól og úr kórdurom.*<sup>1450</sup>

Þess hefur áður verið getið að nýja kirkjan, sem vígð var árið 1886 og enn stendur, var byggð á nýjum stað en ekki á gamla kirkjustæðinu (sjá hér bls. 150-151). Á árunum 1886-1899 var þó jarðað áfram í gamla kirkjugarðinum sem liggur umhverfis eldra kirkjustæðið.<sup>1451</sup> Útlínur þessa eldri kirkjugarðs eru enn sæmilega skýrar og kirkjutóttin á sínum stað.

Eitt af skylduverkum bænda í hverri sókn var á fyrri tíð að halda sínum kirkjugarði í sómasamlegu lagi og hlaða hann upp þegar þörf var á. Í úttektum og vísitazíugerðum prófasta og biskupa frá 18. og 19. öld er stundum minnst á gamla kirkjugarðinn hér á Stað og ásigkomulag hans. Þar sést að garðurinn var lagfærður haustið 1784<sup>1452</sup> en þá þurfti víða að koma mörgum líkum í mold vegna móðuharðindanna sem ollu miklum mannfelli. Árið 1802 var garðurinn allur uppistandandi en prófastur taldi að víða þyrfti samt að lagfæra kirkjugarðsveggina og hlaða ofan á þá.<sup>1453</sup>

Á árunum milli 1840 og 1850 kvartaði séra Sigurður prófastur Jónsson á Rafnseyri oft yfir ástandi kirkjugarðsins hér á Stað.<sup>1454</sup> Árið 1841 hafði *grindarhurð* þó verið sett í sáluhlíðið en hliðin á garðinum voru tvö og hitt enn galopið.<sup>1455</sup> Í þeim efnum varð engin breyting á næstu árum og sumarið 1846 lét Sigurður prófastur bóka að nauðsyn beri til að setja grind í þetta opna hlið *svo fénaður ekki træði eður ósæmdi helgan reit.*<sup>1456</sup> Þetta dróst þó úr hömlu og næsta ár lagði prófasturinn á Rafnseyri til að hlaðið yrði upp í þetta gamla *óþarfa op* á kirkjugarðinum.<sup>1457</sup>

<sup>1447</sup> Lbs. 4407<sup>4to</sup>, Valdimar Þorvaldsson, bls. 104-105.

<sup>1448</sup> Sama heimild.

<sup>1449</sup> Sama heimild.

<sup>1450</sup> Sama heimild.

<sup>1451</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>1452</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 1. Vísitazíubók 1782-1789. Staður í Súgandaf. 13.9.1785.

<sup>1453</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandaf. 14.6.1802.

<sup>1454</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 4. Vísitazíubók 1836-1846. Staður í Súgandaf. 26.6.1841.

Kirkjustóll Staðar í Súgandafirði 1839-1919, vísitazíugerðir 21.6.1845, 27.6.1846 og 26.6.1847.

<sup>1455</sup> Sömu heimildir.

<sup>1456</sup> Sömu heimildir.

<sup>1457</sup> Sömu heimildir.

*Kirkjugarðurinn er uppistandandi með grind í sálhliði með grindarhurð á hjörum, segir Helgi biskup Thordersen í sinni vísitazíugerð héðan frá Stað en hann skoðaði kirkjuna ári 1852.<sup>1458</sup> Líklegt er að þá hafi verið búið að fylla upp í þetta aukahlið sem gerði Sigurði prófasti svo gramt í geði.*

Árið 1861 var grindin í sálhliðinu orðin gjörsamlega fúin og við brottför séra Arngríms Bjarnasonar frá Stað vorið 1863 lýsti Stefán P. Stephensen, prófastur í Holti, ástandi þessa sama kirkjugarðs svo:

*Kirkjugarðurinn er að vísu víðast hvar uppistandandi en fallinn þvínær, einkum í suðausturhorni hans. Í sálhliðinu er engin grind komin ennþá en mun innan skamms verða gjörð að nýju í stað hinnar sem fyrir tveimur árum síðan var gjörsamlega fúin.<sup>1459</sup>*

Síðar á því ári (1863) var ráðist í nokkrar endurbætur á kirkjugarðinum.<sup>1460</sup> Þá voru líka bikaðir báðir gaflar kirkjunnar og nýtt torf sett á kirkjupakið.<sup>1461</sup> Að öllum þessum framkvæmdum unnu 16 menn í einn og hálfan dag og þurfti kirkjusjóðurinn að borga átta ríkisdali í mat og kaffi ofan í þá sem að verkinu unnu, það er hálfan ríkisdal á mann.<sup>1462</sup> Um kaup var ekki að ræða.

Árið 1868 segir Stefán prófastur að kirkjugarðurinn á Stað sé *mjög ólaglegur* og enn vanti grind í sálhliðið.<sup>1463</sup> Þjóðhátíðarárið 1874 sést fyrst haft á orði að *afstaða* kirkjugarðsins sé *óheppileg*<sup>1464</sup> og er þá að líkindum átt við staðsetningu hans. Garðurinn var þá í slæmu ástandi og enn vantaði grind í sálhliðið.<sup>1465</sup> Árið 1896 voru komnar upp ráðagerðir um nýjan kirkjugarð.<sup>1466</sup> Sá garður var þó ekki tekinn í notkun fyrr en árið 1900.<sup>1467</sup>

Í vísitazíugerð frá haustinu 1901 er tekið fram að hinn nýi kirkjugarður sé *girtur með laglegri, sterkri trégirðingu*.<sup>1468</sup> Ætla má að trégirðingin hafi verið sett upp áður en garðurinn var tekinn í notkun því 17. júní 1898 fóru ellefu menn á tveimur bátum frá Suðureyri með *kirkjugarðsviðinn* út í Keravík<sup>1469</sup> en þar var lending Staðarmanna. Nýja kirkjugarðinum var valinn staður umhverfis kirkjuna sem reist hafði verið

<sup>1458</sup> Bps. C. I, 2. Vísitazíubók Helga biskups Thordersen. Staður í Súgandaf. 10.7.1852.

<sup>1459</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttekt 23.6.1863.

<sup>1460</sup> Sami kirkjustóll, vísitazíugerð 11.9.1864.

<sup>1461</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, vísitazíugerð 11.9.1864.

<sup>1462</sup> Sama heimild.

<sup>1463</sup> Sami kirkjustóll, vísitazíugerð 16.7.1868.

<sup>1464</sup> Sami kirkjustóll, vísitazíugerð 16.8.1874.

<sup>1465</sup> Sama heimild.

<sup>1466</sup> Sami kirkjustóll, vísitazíugerð 30.7.1896.

<sup>1467</sup> Prestsþj. b. Staðar í Súgandaf.

<sup>1468</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, vísitazíugerð 5.10.1901.

<sup>1469</sup> Lbs. 3860<sup>4to</sup>, Dagbók Einars Jónssonar 17.6.1898.

á nýjum stað árið 1886. Þessi garður hefur nú (1997) verið í notkun í nær heila öld og hefur jafnan verið stækkaður þegar nauðsyn bar til.

Síðustu fullorðnu heimamennirnir sem fengu hinstu hvílu í gamla kirkjugarðinum á Stað voru þeir Friðbert Guðmundsson í Hraunakoti, áður bóndi í Vatnadal, og Friðrik Verner Gíslason, bóndi á **Kvíanesi**.<sup>1470</sup> Útför þeirra beggja var gerð 6. maí 1899.<sup>1471</sup> Síðar í sama mánuði var strokumaðurinn Stefán Valdason, sem andaðist á Gelti (sjá hér Göltur), jarðsettur í gamla garðinum<sup>1472</sup> og þann 1. október 1899 voru tvö fárra daga gömul stúlkubörn jörðuð þar,<sup>1473</sup> síðust allra í hinum forna garði. Báðar hétu þær Sigríður og voru Jónsdætur.<sup>1474</sup>

Fyrsta manneskjan sem hlaut leg í nýja kirkjugarðinum var ekkjan Guðlaug Sigmundsdóttir, síðast sveitarómagi í Selárdal, sögð 87 ára gömul.<sup>1475</sup> Útför hennar fór fram þann 7. janúar árið 1900 og sama dag var garðurinn vígður.<sup>1476</sup>

Enn gefst kostur á að skoða gamla kirkjugarðinn á Stað, þann sem síðast var jarðað í árið 1899, og kirkjutóttina í honum miðjum (sjá hér bls. 150-151). Í þessum forna garði var mikill raki og er sagt að vatn hafi jafnan streymt inn í nýteknar grafir. Frá því gröf var tekin og þar til kistan var látin síga niður urðu menn að standa vakt og ausa upp vatni svo gröfin fylltist ekki (sjá. hér Gilsbrekka). Allur þessi vatnsagi var talinn eiga rætur að rekja til *Duggholufólksins* sem átti að hafa verið jarðað í suðausturhorni garðsins (sjá hér Gilsbrekka).

Sagan um Duggholufólkið er þjóðsagnakennd og tímalaus en Valdimar Þorvaldsson segir að *löngu síðar* hafi maður sem talinn var rammgöldróttur verið grafinn þarna í suðausturhorninu.<sup>1477</sup> Að sögn Valdimars var það Finnbjörn í Vatnadal<sup>1478</sup> og þarf vart að efa að hann eigi þar við Finnbjörn Ólafsson sem dó í Ytri-Vatnadal 10.2. 1822 (sjá hér Ytri-Vatnadalur). *Menn langaði ekki til að lenda á beinum galdramannsins*, skrifar Valdimar, og var því rekinn þollur úr hvalbeini niður í leiði hans.<sup>1479</sup> Mun það varúðarmerki hafa staðið í suðausturhorni garðsins fram yfir miðja nítjándu öld.<sup>1480</sup>

Í gömlum vísitazíugerðum biskupa og prófesta er mikinn fróðleik að finna um gripi kirkjunnar á Stað í Súgandafirði, áhöld hennar og skruða. Af öllu því sem þar er skráð verður aðeins fátt eitt kynnt lesendum þessa rits. Hér hefur áður verið greint frá gripum Staðarkirkju árið 1324 (sjá hér

<sup>1470</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>1471</sup> Sama heimild.

<sup>1472</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>1473</sup> Sama heimild.

<sup>1474</sup> Sama heimild.

<sup>1475</sup> Sama heimild.

<sup>1476</sup> Sama heimild.

<sup>1477</sup> Guðni Jónsson/Valdimar Þorvaldsson 1941, 119-123 (Ísl. sagnaþættir og þjóðsögur II).

<sup>1478</sup> Sama heimild.

<sup>1479</sup> Sama heimild.

<sup>1480</sup> Sama heimild.

bls. 15-16) en þá var þáfinn í Róm enn æðsti yfirmaður alls kristnihalds á landi hér og frammar í riti þessu er einnig að finna skrá yfir gripi og skróða þessarar sömu kirkju á árunum upp úr 1570 þegar skammt var liðið frá siðaskiptum (sjá hér bls. 30-31).

Hér verður nú valinn sá kostur að birta þrjár greinargerðir um kirkjugripi, áhöld og skróða Staðarkirkju, eina frá sautjándu, aðra frá átjándu og þá þriðju frá nítjándu öld. Í vísitaziugerð Brynjólfs biskups Sveinssonar héðan frá Stað, sem dagsett er 15. ágúst 1639, er þetta talið upp:

*Einn hökull rauður með ísaumuðum krossi, heill og bærilegur. Einn sloppur í sama máta, duglegur. Eitt altarisklæði gamalt. Einn dúkur yfir altari. Ein koparpípa með tveimur pípum og stjaka fyrir vaxkerti, önnur verri. Altari ... predikunarstóll. Einn silfurkaleikur með patínu. Einn koparhjálmur með þremur pípum. Tvær biblíur, ein dönsk en önnur norræn. Lítið rifrildi af gamalli bók „Te tempore”. Einn járnkarl, ein pálreka. Ein lítil klukka, önnur brotin.<sup>1481</sup>*

Sumarið 1790 vísiteraði Hannes biskup Finnsson hér á Stað. Í vísitaziugerð hans segir svo um gripi Staðarkirkju, áhöld og skróða:

*Altari innlæst með gráðu fyrir og upp af því útskorinni málaðri brík ... . Predikunarstóll málaður, vel sæmilegur.*

*Hökull af mislitu gogas með bláröndóttu léreftsfóðri og svörtum klæðiskrossi, annar af gulu og bleikblómuðu silki og bómullartauí með rauðu og bláröndóttu léreftsfóðri og ljósbláum taftkrossi. Þriðji af bláþrykktu lérefsti, brostinn, með strigafóðri mjög slitnu og hvítum léreftskrossi, óbrúkanlegur. Rykkilín af hvítu lérefsti, sæmilegt, annað brostið, þó brúkanlegt. Altarisklæði af rauðþrykktu fínu sirsi með viðfestum litlum altarisdúk af hvítu lérefsti. Annað altarisklæði af tvöföldu lérefsti með mislitum ísaum, sæmileg bæði. Þriðja [altarisklæðið] af svartþrykktu kattúni [bómullarefni – innsk. K.Ó.], bætt og slitið. Altarisdúkur af hvítu lérefsti með lítilli brún af rauðu ullardamaski, lagður með svörtum flauelsborða og mislitum silkifrunsum að neðan. Annar af hvítu lérefsti, brostinn með hvítu tvinnakögri. Þriðji af rauðþrykktu kattúni.*

*Kaleikur af silfri, gylltur innan, með patínu af sama, nokkuð gylltri. Þar til er corporall [dúkur] af hvítu og bláu blómuðu silki með bláu taftfóðri örslitnu og gulmórauðum silkiskúfum. Baksturskál af tré með loki og baksturstokkur. Baksturjárn lítt brúkanleg. Skírnarfát, grunnt en stórt, af*

<sup>1481</sup> Bps. A. II, 6. Vísitaziubók Brynjólfs biskups Sveinssonar. Staður í Súgandaf. 15.8.1639.

*messing. Altarispípur af kopar á lausum þrístrendum tréstéttum. Járnstjaki með tveimur pípum og skálum. Kopararmur í kórstaf með skál og pípu. Ljósasöx ein af kopar og járn. Ljósberi af tré og horni, lítt brúkanlegur. Ein klukka á rambalda og önnur mjög lítil einnig. Báðar heilar og hljóðgóðar. Í bókum á kirkjan Gerhardi postillu, biblíu, versionis vulgata, defect [gölluð] og óbrúkanleg, Rambachs monita Catechetica [þ.e. barnalærdómskver eftir Rambach – innsk. K.Ó.], og kammersekretera Olavi Reisubók yfir Ísland.*

*Í graftólum: Einn járnkarl brotinn og tvær varrekur. Tvö lítil koparljón eru inn í klukknastringjunum. Til er og sóknarkaleikur af tini með patínu af sama, líka og hvítur leirkarl með tinloki, brúkaður undir skírnavatn.<sup>1482</sup>*

Hannes Finnsson getur líka um sérstakt skriftasæti með bríkum í kór Staðarkirkju<sup>1483</sup> en um 1800 voru slíkir skriftastólar enn í ýmsum kirkjum á Vestfjörðum (sjá hér Holt) og sjálfsagt víðar. Vera má að Súgfirðingar hafi þá enn verið teknir til skrifta.

Sumarið 1852 lagði Helgi G. Thordersen biskup leið sína til Súgandafjarðar og vísiteraði kirkjuna á Stað. Í vísitazíugerð hans er að finna upplýsingar um gripi kirkjunnar og skróða um miðbik nítjándu aldar og segir þar svo:

*Hökull af mislitu gulgasi með bláröndóttu léreftsfóðri slitnu með svörtum klæðiskrossi. Annar [hökull] af rauðu flaueli með hálfekta gulum vírbörða, lagður allt um kring, með krossi af sama en breiðari, fóðradur með rauðu fóðri. Rykkilín af hvítu grófu lérefti og annað af fínu hvítu kattúni. Altarisklæði af rauðþrykktu fínu sirsi með viðfestum litlum altarisdúk af fínu lérefti, fornfálegt. Annað [altarisklæði] af tvöföldi lérefti með mislitum ísaum með ártalinu 1773, prýðilegt. Altarisdúkur af hvítu lérefti með lítilli brún af rauðu ullardamaski, lagður með svörtum flauelsbörða og mislitum silkifrunsum að neðan. Annar af hvítu [lérefti] með hvítu tvinnakögri og mislitum flauelsbörða fyrir ofan.*

*Kaleikur af silfri, gylltur innan, með patínu af sama, nokkuð gylltri. Brauðbaukur þokkalegur af tré. Bakstursjárn. Skírnarfat stórt af messing, útpuklað [dældum skreytt] á börmum. Tvær altarispípur, mjög litlar, af kopar á lausum þrístrendum tréstéttum. Tvær tinpípur litlar. Tvær pípur af kopar, mjög litlar, hvar af önnur er með tréstétt en vantar stéttina undir aðra. Lítilfjörleg pípumynd með skál af kopar til að hafa á predikunarstól. Ljósasöx af kopar og járn. Enginn ljóshjálmur er til. Tvær klukkur í framkirkju, önnur*

<sup>1482</sup> Bps. A. II, 24. Vísitazíubók Hannesar biskups Finnssonar. Staður í Súgandaf. 12.8.1790.

<sup>1483</sup> Bps. A. II, 24. Vísitazíubók Hannesar biskups Finnssonar. Staður í Súgandaf. 12.8.1790.

*mjög lítil en önnur stærri með koparljónum í hringingarstrengjum, báðar heilar og hljóðgóðar. Ljósberi af blikki og horni.*

*Í graftólum á kirkjan tvær varrekur góðar, prestaspaða, pál og tilhlýðilegan járnkarl. Í bókum Vejsenhússbiblíu í tveimur þörtum, ei vel í standi. Olavii Reisubók, einn gamlan grallara í quarto [þ.e. í fjöggra blaða broti – innsk. K.Ó.].<sup>1484</sup>*

Helgi biskup nefnir líka málaðan predikunarstól, skriftasætið sem fyrr var frá sagt, altari með hurð og skrá og lítilfjörlegri píláralausri gráðu fyrir framan, svo og útskorna málaða brík yfir altarinu.<sup>1485</sup> Ekki er alveg víst að allir kirkjugripirnir sem til voru séu nefndir í hverri vísitazíugerð. Stundum kynni eitthvað að hafa gleymst.

Hér verður nú hugað að nokkrum gripum sem Staðarkirkja átti lengi og reynt að átta sig betur á þeim. Af gripum sem kirkjan átti árið 1324 (sjá hér bls. 15-16) koma þessir til álita: Þrjár klukkur, tvær bökur [bakstursjár] og kertastika úr kopar. Í Gíslamáldaga frá árunum upp úr 1570 sjáum við að Staðarkirkja átti þá aðeins eina klukku og tvær bjöllur (sjá hér bls. 30-32). Hafi klukkan sem til var um 1570 verið ein þeirra þriggja sem hér voru árið 1324 kynni hún að hafa enst fram yfir 1700 en árið 1725 var minni klukkan í Staðarkirkju *rifin* og sú stærri *brotin*.<sup>1486</sup>

Árið 1740 var komin ný klukka í stað hinnar brotnu því Jón biskup Árnason segir í vísitazíugerð sinni frá því ári að stærri klukkan í Staðarkirkju sé *heil og hljóðgóð* en sú minni var þá enn *rifin*.<sup>1487</sup> Í annarri vísitazíugerð frá árinu 1749 er þess getið að séra Bergsveinn Hafliðason, sem þá var prestur á Stað, hafi þá alveg nýlega lagt kirkjunni til aðra hljóðgóða klukku sem var lítil og með kólfi.<sup>1488</sup> Þessa litlu klukku hafði séra Bergsveinn látið umsteypa úr *þeirri litlu og rifnu klukku sem hér áður var*, segir Ólafur biskup Gíslason í nýnefndri vísitazíugerð.<sup>1489</sup> Kostnaður við að *umsteypa* litlu klukkuna var 1 ríkisdalur og 52 skildingar.<sup>1490</sup>

Vísitazíugerðir biskupanna Jóns Árnasonar og Ólafs Gíslasonar, sem hér hefur verið vitnað til, sýna að á árunum 1725-1749 eignaðist kirkjan á Stað tvær nýjar klukkur en að minnsta kosti önnur þeirra, sú minni, var stept upp úr málm langtum eldri klukku sem hér hafði verið. Sú stærri þessara nýju klukkna var hins vegar enn kólflaus árið 1749<sup>1491</sup> en árið 1791 eignaðist Staðarkirkja nýjan klukkukólf sem kostaði 27 skilinga<sup>1492</sup> og má vera að stærri klukkan hafi beðið kólflaus þangað til.

<sup>1484</sup> Bps. C. I, 2. Vísitazíubók Helga G. Thordersen biskups. Staður í Súgandaf. 10.7.1852.

<sup>1485</sup> Sama heimild.

<sup>1486</sup> Bps. A. II, 17. Vísitazíubók Jóns biskups Árnasonar. Staður í Súgandaf. 26.8.1725.

<sup>1487</sup> Bps. A. II, 16. Vísitazíubók Jóns biskups Árnasonar I. Staður í Súgandaf. 9.8.1740.

<sup>1488</sup> Bps. A. II, 19. Vísitazíubók Ólafs biskups Gíslasonar. Staður í Súgandaf. 6.9.1749.

<sup>1489</sup> Sama heimild.

<sup>1490</sup> Sama heimild.

<sup>1491</sup> Sama heimild.

<sup>1492</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1773-1838, vísitazíugerð 23.9.1791.

Allt þar til timburkirkjan var byggð árið 1886 héngu klukkur Staðarkirkju á rambalda í framkirkjunni.<sup>1493</sup> Því á torfkirkjunum sem hér stóðu áður var enginn turn. Á kirkjunni sem enn stendur og byggð var 1886 er hins vegar turn og í hann voru klukkurnar fluttar.<sup>1494</sup>

Klukkurnar tvær frá fyrrihluta 18. aldar eru enn í Staðarkirkju.<sup>1495</sup> Á stærri klukkunni stendur ártalið 1727 og áletrunin *Gloria deo in excelsis* sem útleggst *Dýrð sé guði í upphæðum*. Á minni klukkunni sem steipt var upp úr mun eldri klukku skömmu fyrir 1750 er engin áletrun.

Meðal áhalda sem Staðarkirkja átti árið 1324 voru tvær *bökur* eins og hér hefur áður verið nefnt en þar mun vera átt við bakstursjárni sem notuð voru þegar altarisbrauðið var bakað. Í máldaganum frá árunum kringum 1570, sem hér hefur áður verið nefndur, er ekki minnst á þessar bökur (sjá hér bls. 30-32) og ekki heldur í vísitazíugerð Brynjólfs biskups Sveinssonar frá árinu 1639.<sup>1496</sup> Nær fullvíst verður því að telja að þær hafi ónýst fyrir siðaskipti eða skömmu eftir þau. Séra Jón Torfason, sem prestur var á Stað frá 1661 til 1719, gaf kirkjunni síðar *lítill bakstursjárni* og er þeirra fyrst getið í vísitazíugerð frá árinu 1689.<sup>1497</sup> Líklegt er að þau hafi enn verið hér í notkun um miðbik 19. aldar.<sup>1498</sup>

Eini gripurinn sem Staðarkirkja átti árið 1324 og hægt er að telja mjög líklegt að varðveist hafi fram undir 1700 er sú *kertastika ... með kopar* sem nefnd er í máldaganum frá því ári (sjá hér bls. 15-16). Í Gíslamáldaga frá árunum upp úr 1570 er Staðarkirkja sögð eiga eina kertastiku *með kopar* (sjá hér bls. 30-32) og í úttekt frá árinu 1615 er *ein koparpípa* nefnd meðal eigna kirkjunnar<sup>1499</sup> en orðin kertastika og kertarpípa virðast á fyrri tíð hafa merkt eitt og hið sama. Í vísitazíugerð Brynjólfs biskups Sveinssonar frá árinu 1639 er talin upp meðal gripa Staðarkirkju *ein koparpípa með tveimur pípum og stjaka fyrir vaxkerti og önnur verri*.<sup>1500</sup> Vera má að gamla kertastikan frá 1324 hafi verið þessi *önnur verri* en einnig er hugsanlegt að það sé hún sem Brynjólfur nefnir eina koparpípu *með tveimur pípum og stjaka*. Eina litla tvíarmaða koparpípu átti Staðarkirkja árið 1653 og í vísitazíugerð frá árinu 1689 segir að í kirkjunni sé *ein*

<sup>1493</sup> Bps. A. II, 24. Vísitazíubók Hannesar biskups Finnssonar. Staður í Súgandaf. 12.8.1790.

Skj.s. próf. XIII. 1. A. 4. Vísitazíubók 1836-1846. Staður í Súgandaf. 7.6.1839.

Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, vísitazíugerð 23.6.1863.

<sup>1494</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, vísitazíugerð 30.7.1896.

<sup>1495</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf., vísitazíugerðir prófasta frá árunum 1773-1909 og vísitazíugerð Hallgríms biskups Sveinssonar 30.7.1896.

Bps. A. II, 21. Vísitazíubók Finns biskups Jónssonar. Staður í Súgandaf. 27.8.1761.

Bps. A. II, 24. Vísitazíubók Hannesar biskups Finnssonar. Staður í Súgandaf. 12.8.1790.

Bps. C. I, 2. Vísitazíubók Helga G. Thordersen biskups. Staður í Súgandaf. 10.7.1852.

<sup>1496</sup> Bps. A. II, 6. Vísitazíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar. Staður í Súgandaf. 15.8.1639.

<sup>1497</sup> Bps. A. II, 11. Vísitazíubók Þórðar biskups Þorlákssonar 1675-1695 B. Staður í Súgandaf. 9.9.1689.

<sup>1498</sup> Bps. A. II, 21. Vísitazíubók Finns biskups Jónssonar. Staður í Súgandaf. 27.8.1761.

Bps. A. II, 24. Vísitazíubók Hannesar biskups Finnssonar. Staður í Súgandaf. 12.8.1790.

Skj.s. próf. XIII. 1. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Súgandaf. 22.6.1812.

Bps. C. I, 2. Vísitazíubók Helga biskups Thordersen. Staður í Súgandaf. 10.7.1852.

<sup>1499</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. B. 1. Skjalabók frá Holti í Ön.f. 1333-1708, bls. 99, Staður í Súg., úttekt 1615.

<sup>1500</sup> Bps. A. II, 6. Vísitazíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar. Staður í Súgandaf. 15.8.1639.

*koparpípa gömul með tveimur pípum og stjaka þar í millum undir vaxkerti.*<sup>1501</sup>

Ekkert verður hér um það fullyrt hvort kertapípan úr kopar, sem nefnd er í vísitaziugerðunum frá 1639 og 1689, sé sú gamla frá 1324 en það sýnist alls ekki útilokað. Í vísitaziugerð Jóns biskups Vídalín frá ári 1700 er hins vegar bókað: *Litla koparpípu undir vaxljós eftirlætur biskupinn að presturinn til sín taki*<sup>1502</sup> og má telja býsna líklegt að þarna hafi Staðarkirkja tapað sinni hundgömlu kertapípu frá 1324 nema ef vera kynni að hún hafi áður verið horfin úr eigu kirkjunnar. Ástæðan fyrir því að Jón biskup Vídalín ráðstafaði hinni *litlu kertapípu* til séra Jóns Torfasonar, sem þá var sóknarprestur á Stað, hefur að líkindum verið sú að presturinn hafði þá á undanförunum árum lagt Staðarkirkju til býsna marga góða gripi eins og hér er sagt frá á öðrum stað (sjá hér bls.164-168) og biskup hafi viljað sýna honum þakklætisvott fyrir það.

Einn þeirra gripa sem Staðarkirkja átti um 1570 var silfurkaleikur (sjá hér bls. 30-32). Ekkert verður nú séð hvenær kirkjan eignaðist þennan kaleik en líklegt er að það sé hann sem margoft er nefndur í vísitaziugerðum og úttektum frá 17. og 18. öld. Orðalag í lýsingum er a.m.k. nokkuð á einn veg eins og þessi dæmi sýna: *Kaleikur stór með patínu,*<sup>1503</sup> *einn silfurkaleikur með patínu,*<sup>1504</sup> *silfurkaleikur stór með patínu og húsinu,*<sup>1505</sup> *silfurkaleikur með patínu og kaleikshúsinu,*<sup>1506</sup> *silfurkaleikur með patínu, hvort tveggja óbrúkað,*<sup>1507</sup> *silfurkaleikur vænn með patínu af sama,*<sup>1508</sup> *silfurkaleikur með patínu af sama, hvort tveggja gyllt að nokkru leyti,*<sup>1509</sup> *kaleikur af silfri, gylltur innan, með patínu af sama, nokkuð gylltri.*<sup>1510</sup>

Verulegar líkur benda til þess að allt sé þetta sami kaleikurinn. Jón biskup Vídalín segir reyndar árið 1700 að bæði silfurkaleikurinn og patínan sem honum fylgdi sé *óbrúkað* og mætti ef til vill skiljast svo að hvort tveggja hafi þá verið nýtt. Sá skilningur virðist þó mjög hæginn og hitt líklegra að ástæðulaust hafi þótt að *brúka* svo merkan grip sem silfurkaleikurinn var nema við mjög hátíðleg tækifæri. Í vísitaziugerðum frá 18. öld sést að kirkjan átti þá líka lítinn tinkaleik sem stundum er nefndur *sóknarkaleikur*<sup>1511</sup> og má ætla að hann hafi oftast verið notaður við útteilingu sakramentis. Árið 1653 var silfurkaleikurinn í Staðarkirkju sagður vera *stór* og 1725 var hann talinn *vænn* eins og hér hefur áður verið nefnt. Árið 1761 var tekið fram að hann sé gylltur innan og vel gæti það

<sup>1501</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. B. 1. Skjalabók frá Holti í Ön.f. 1333-1708, bls. 100, Staður í Ség., úttekt 2.6.1653. Bps. A. II, 11. Vísitaziúbók Þórðar biskups Þorlákssonar 1675-1695 B. Staður í Ségandaf. 9.9.1689.

<sup>1502</sup> Bps. A. II, 14. Vísitaziúbók Jóns biskups Vídalín. Staður í Ségandaf. 22.8.1700.

<sup>1503</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. B. 1. Skjalabók frá Holti í Ön.f. 1333-1708, bls. 99, Staður í Ség., úttekt 1615.

<sup>1504</sup> Bps. A. II, 6. Vísitaziúbók Brynjólfs biskups Sveinssonar. Staður í Ségandaf. 15.8.1639.

<sup>1505</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. B. 1. Skjalabók frá Holti í Ön.f. 1333-1708, bls. 100, Staður í Ség., úttekt 2.6.1653.

<sup>1506</sup> Bps. A. II, 11. Vísitaziúbók Þórðar biskups Þorlákssonar 1675-1695 B. Staður í Ségandaf. 9.9.1689.

<sup>1507</sup> Bps. A. II, 14. Vísitaziúbók Jóns biskups Vídalín. Staður í Ségandaf. 22.8.1700.

<sup>1508</sup> Bps. A. II, 17. Vísitaziúbók Jóns biskups Árnasonar. Staður í Ségandaf. 26.8.1725.

<sup>1509</sup> Bps. A. II, 21. Vísitaziúbók Finns biskups Jónssonar. Staður í Ségandaf. 27.8.1761.

<sup>1510</sup> Bps. A. II, 24. Vísitaziúbók Hannesar biskups Finnssonar. Staður í Ségandaf. 12.8.1790.

<sup>1511</sup> Bps. A. II, 17 – A. II, 21 og A. II, 24. Staður í Ségandaf. 26.8.1725, 27.8.1761 og 12.8.1790.



verið sami kaleikurinn sem kirkjan átti enn árið 1863 og þá er kynntur svo: *Kaleikur af silfri, gylltur innan, með patínu af sama.*<sup>1512</sup> Aftur á móti má slá því föstu að árið 1896 hafi Staðarkirkja verið búin að tapa stóra silfurkaleikum sem hún átti á 17. öld því í vísitazíugerð biskups frá því ári er hún aðeins sögð eiga *lítinn silfurkaleik* og patínu og tréhulstur fyrir hann.<sup>1513</sup>

Um 1570 var í kirkjunni á Stað í Súgandafirði *einn hjálmur er séra Ari gaf* eins og það er orðað í Gíslamáldaga (sjá hér bls. 30-32). Um gefandann þarf vart að efast því hann mun hafa verið Ari Jónsson, síðasti kaþólski presturinn hér á Stað. Líklegt er að ljósahjálmurinn sem Ari prestur gaf kirkjunni hafi prýtt hana í a.m.k. 150 ár því í úttektum og vísitazíugerðum frá árunum 1615, 1639, 1653, 1689 og 1700 er jafnan getið um koparhjálm með þremur *pípum* eða *liljum* og stundum tekið fram að aðrar þrjár vanti.<sup>1514</sup> Í einni vísitazíugerðinni frá 17. öld eru *pípur* á koparhjálmnum þó sagðar vera fjórar<sup>1515</sup> sem ef til vill er misritun en hitt þó líklegra að fjórðu pípunni eða liljunni hafi verið bætt við og hún komið í stað einnar þeirra þriggja sem vantaði.

Í vísitazíugerð Jóns biskups Árnasonar frá árinu 1725 er koparhjálmurinn ekki nefndur<sup>1516</sup> og aldrei síðan. Í úttekt frá árinu 1773 er þess hins vegar getið að í kirkjunni á Stað sé *lítill koparlilja með pípu við predikunarstól*<sup>1517</sup> og gæti sem best verið einn armurinn af gamla koparhjálmnum. Í vísitazíugerð sinni frá árinu 1790 getur Hannes biskup Finnsson líka um *kopararm í kórstafl með skál og pípu*<sup>1518</sup> svo verið getur að leifar af gamla koparhjálmnum sem gefinn var kirkjunni í kaþólsku hafi enst fram á 19. öld. Þeirri kenningu til styrktar má nefna að í úttekt frá árinu 1812 er getið um *koparlilju á kórstafl með skál og pípu* en haldið sagt vera brotið af.<sup>1519</sup> Svo virðist sem þessi koparlilja eða *lítillfjörlega pípmynd með skál af kopar* hafi enn verið í kirkjunni árið 1863<sup>1520</sup> en 1896 er hennar ekki getið.<sup>1521</sup>

Hér hefur áður komið fram að sjálfur ljósahjálmurinn, sem Staðarkirkja eignaðist um miðbik 16. aldar, er síðast nefndur í vísitazíugerð frá árinu 1700. Í stað hans kom enginn annar gripur af sama tagi og frá fyrsta fjórðungi átjándu aldar og allt til ársins 1897 var alls enginn ljósahjálmur í kirkjunni. Að svo hafi verið sést í vísitazíugerðum

<sup>1512</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttekt 23.6.1863.

<sup>1513</sup> Sami kirkjustóll, vísitazíugerð Hallgríms biskups Sveinssonar 30.7.1896.

<sup>1514</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. B. 1. Skjalabók frá Holti í Ön.f. 1333-1708, bls. 99-100, Staður í Súg., úttektir 1615 og 2.6.1653. Bps. A. II, 6. – A. II, 11 og A. II, 14. Staður í Súg. 15.8.1639, 9.9.1689 og 22.8.1700.

<sup>1515</sup> Bps. A. II, 11. Vísitazíubók Þórðar biskups Þorlákssonar 1675-1695 B. Staður í Súgandaf. 9.9.1689.

<sup>1516</sup> Bps. A. II, 17. Vísitazíubók Jóns biskups Árnasonar. Staður í Súgandaf. 26.8.1725.

<sup>1517</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1773-1838, úttekt 18.6.1773.

<sup>1518</sup> Bps. A. II, 24. Vísitazíubók Hannesar biskups Finnssonar. Staður í Súgandaf. 12.8.1790.

<sup>1519</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Súgandaf., úttekt 22.6.1812.

<sup>1520</sup> Bps. C. I, 2. Vísitazíubók Helga G. Thordersen biskups. Staður í Súgandaf. 10.7.1852.

Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttekt 23.6.1863.

<sup>1521</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919. Vísitazíugerð Hallgríms biskups Sveinssonar, 30.7.1896.

biskupa sem hér hefur áður verið vitnað til og í gögnum Staðarkirkju frá árunum 1773 til 1919.<sup>1522</sup>

Séra Sigurður Jónsson, prófastur á Rafnseyri, segir árið 1839 með beinum orðum að enginn ljósa hjálmur sé í kirkjunni á Stað<sup>1523</sup> og hið sama nefna Helgi biskup Thordersen árið 1852 og Hallgrímur biskup Sveinsson árið 1896.<sup>1524</sup> Árið 1901 var hins vegar kominn í kirkjuna *laglegur ljósa hjálmur* með lampa<sup>1525</sup> og í reikningum hennar sést að hann var keyptur árið 1897.<sup>1526</sup> Þessi nýi ljósa hjálmur kostaði 24,60 kr.<sup>1527</sup> og hefur nú (1997) prýtt kirkjuna á Stað í heila öld.<sup>1528</sup>

Á síðari öldum mun enginn prestur hafa lagt Staðarkirkju til fleiri gripi en séra Jón Torfason, enda sat hann hér allra presta lengst eða í 58 ár, frá 1661 til 1719. Frá séra Jóni er sagt á öðrum stað í þessu riti (sjá hér bls. 42-64) en skrá yfir gripina sem hann lagði til kirkjunnar er að finna í vísitazíugerðum frá árunum 1689 og 1700. Óvíst er þó hvort þar muni allt vera talið.

Haustið 1689 vísiteraði Þorsteinn Gunnarsson, kirkjuprestur og prófastur í Skálholti, Staðarkirkju í umboði Þórðar biskups Þorlákssonar og í vísitazíugerð hans segir svo:

*Þetta eftirskrifað hefur séra Jón Torfason kirkjunni til lagt: Eitt bílæti af billed snikkverki og eins fljúgandi engils mynd af sama verki yfir kórðyrum. Item eitt lítið líkneski af eik með gamallri gyllingu, eitt lítið [fyrir eina litla – innsk. K.Ó.] bakstursdós af framandi tré, lítil bakstursjárn, nýtt leirfat sem brúkast fyrir skírnarsá, eitt lítið bríkarstólkorn.<sup>1529</sup>*

Þá dagstund sem kirkjupresturinn í Skálholti staldraði við á Stað dró séra Jón Torfason svo fram fleiri gripi og gaf kirkjunni. Um það segir svo í sömu vísitazíugerð:

*Gefur nú séra Jón Torfason kirkjunni nýjar messingspípur með þrístrendri stétt, hvörjar hann hefur keypt af dönskum nú í sumar fyrir 32 fiska og fyrirskilur að þær skuli ekki kirkjunni reiknast til skuldar, svo og lítinn corporalisdúk af hvítu lérefsti með tvöföldum glitsaum og*

<sup>1522</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1773-1838 og 1839-1919.

<sup>1523</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 4. Vísitazíubók 1836-1846. Staður í Súgandaf. 7.6.1839.

<sup>1524</sup> Bps. C. I, 2. Vísitazíubók Helga G. Thordersen biskups. Staður í Súgandaf. 10.7.1852.

Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919. Vísitazíugerð Hallgríms biskups Sveinssonar, 30.7.1896.

<sup>1525</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, vísitazíugerð 5.10.1901.

<sup>1526</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, reikningar kirkjunnar 1897.

<sup>1527</sup> Sama heimild.

<sup>1528</sup> Séra Gísli Kolbeins. – Viðt. K.Ó. við hann 22.4.1996. Þorv. H. Þórðars. – Viðt. K.Ó. við hann 26.6.1996.

<sup>1529</sup> Bps. A. II. 11. Vísitazíubók Þórðar biskups Þorlákssonar 1675-1695 B. Staður í Súgandaf. 9.9.1689.

*krosssaum. ... Ítem lítið koparljón sem hangir á klukkustrengnum.*<sup>1530</sup>

Alls eru þetta 9 gripir sem séra Jón Torfason ýmist lagði kirkjunni til eða gaf henni fyrir utan *corporalisdúkinn* sem er hið latneska nafn á patínudúk.

Í vísitazíugerð Jóns biskups Vídalín frá árinu 1700 er svo getið um sitt hvað annað sem séra Jón Torfason lagði einnig til kirkjunnar á Stað<sup>1531</sup> Má þar nefna koparhringinn sem nú er í Þjóðminjasafni og hér er sagt frá á öðrum stað (sjá hér bls. 153), vænan altarisdúk, fóður undir hökul, kross á annan hökul og nýjan slopp fyrir gamlan.<sup>1532</sup>

Sumir gripanna sem séra Jón lagði Staðarkirkju til voru lengi í hennar eigu en aðrir skemur. Það sem nefnt er *bílæti af billed snikkverki* í vísitazíugerðinni frá 1689 hlýtur að hafa verið tréskurðarmynd sem líklega hefur verið komið fyrir í nánd við altarið. Í vísitazíugerð Jóns biskups Vídalín frá árinu 1700 er myndverk þetta nefnt *eitt úthöggvið bílæti*.<sup>1533</sup>

Aldarfjórðungi síðar nefnir Jón biskup Árnason gamalt altari í Staðarkirkju *með gráðu fyrir framan og vængjum yfir og líkneski*<sup>1534</sup> og má ætla að líkneskið sem þar er nefnt sé einmitt útskorna *bílætið* sem séra Jón Torfason gaf kirkjunni. Orðalag Jóns Árnasonar bendir til þess að þetta hafi verið vængjabrík, það er útskorin altaristafla með vængjahurðum. Í vísitazíugerð frá árinu 1733 er talað um brík yfir altarinu með trélíkneski og vængjahurðum.<sup>1535</sup> Þar er reyndar getið um tvö slík líkneski í kirkjunni á Stað, annars vegar það sem var yfir altarinu og svo *eitt jungfrú líkneski af eik úthöggvið*<sup>1536</sup> sem ætla má að hafi verið Maríumynd. Minnt skal á að í kaþólsku var Staðarkirkja helguð guði og Maríu guðsmóður. Sjö árum síðar greinir Jón biskup Árnason frá líkneskjunum í Staðarkirkju með þessum orðum: *Til eru tveir vængir sem verið hafa yfir altari. Ítem líkneski. Annað stærra er neglt á búninginn norðanfram milli kórs og kirkju.*<sup>1537</sup> Þegar Jón biskup festi þessi orð á blað sumarið 1740 hefur líkneskið með vængjahurðunum sem lengi hafði verið yfir altarinu í Staðarkirkju verið orðið lasburða og menn búnir að taka það niður.

Hjá Hannesi biskupi Finnssyni sjáum við að bríkin yfir altarinu í Staðarkirkju var árið 1790 bæði útskorin og máluð.<sup>1538</sup> Slík brík var enn í Staðarkirkju árið 1863<sup>1539</sup> en hvort hún var sú sama og séra Jón Torfason lagði kirkjunni til á síðari hluta sautjándu aldar er erfitt að segja til um. Vel

<sup>1530</sup> Bps. A. II. 11. Vísitazíubók Þórðar biskups Þorlákssonar 1675-1695 B. Staður í Súgandaf. 9.9.1689.

<sup>1531</sup> Bps. A. II. 14. Vísitazíubók Jóns biskups Vídalín. Staður í Súgandaf. 22.8.1700.

<sup>1532</sup> Sama heimild.

<sup>1533</sup> Bps. A. II. 14. Vísitazíubók Jóns biskups Vídalín. Staður í Súgandaf. 22.8.1700.

<sup>1534</sup> Bps. A. II. 17. Vísitazíubók Jóns biskups Árnasonar. Staður í Súgandaf. 26.8.1725.

<sup>1535</sup> Bps. A. II. 17. Vísitazíubók Jóns biskups Árnasonar. bls. 934-936. Staður í Súgandaf. 13.9.1733.

<sup>1536</sup> Sama heimild.

<sup>1537</sup> Bps. A. II. 16. Vísitazíubók Jóns biskups Árnasonar I. Staður í Súgandaf. 9.8.1740.

<sup>1538</sup> Bps. A. II. 24. Vísitazíubók Hannesar biskups Finnssonar. Staður í Súgandaf. 12.8.1790.

<sup>1539</sup> Bps. C. I. 2. Vísitazíubók Helga G. Thordersen biskups. Staður í Súgandaf. 10.7.1852.

Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttekt 23.6.1863.

getur það þó verið. Árið 1896 var hins vegar engin brík eða altaríafla í kirkjunni<sup>1540</sup> og má ætla að gamla bríkin hafi þá verið orðin úr sér gengin.

Myndin af fljúgandi engli sem Staðarkirkja fékk frá séra Jóni Torfasyni og komið var fyrir yfir kórðyrum virðist ekki hafa verið lengi í eigu kirkjunnar og sömu sögu er að segja af litla eikarlíkneskinu með gamalli gyllingu sem hann lagði kirkjunni til. Um engilinn er síðast getið í vísitazíugerð frá árinu 1700 en litla eikarlíkneskið er síðast nefnt árið 1725.<sup>1541</sup>

Af þeim níu gripum sem séra Jón Torfason lagði til Staðarkirkju á síðari hluta 17. aldar sýnist líklegt að a.m.k. þrír hafi enn verið í kirkjunni árið 1863, það er litla bakstursdósin, sem var af *framandi tré*, koparljónið í klukkustrengnum og messingspípurarnar með hinni þrístrendu stétt. Um *bakstursdósina* er getið í flestum vísitazíugerðum og úttektum frá 18. og 19. öld en stundum er hún nefnd baksturshús,<sup>1542</sup> eða baksturkál<sup>1543</sup> ellegar brauðbaur.<sup>1544</sup> Allt virðist þetta þó vera sama *dósin* eða *baukurinn* og þess alloft getið að gripurinn sé úr tré. Í úttekt frá árinu 1773 er getið um tvö *baksturslát* og tekið fram að annað þeirra sé rennt.<sup>1545</sup> Í úttektinni frá 1863 er líka nefndur *renndur brauðbaur af tré*<sup>1546</sup> og virðist býsna líklegt að þetta sé sú *bakstursdós af framandi tré* sem kirkjunni var gefin á síðari hluta 17. aldar. Þessi baukur finnst nú ekki meðal gripa kirkjunnar.<sup>1547</sup>

Koparljónið sem séra Jón Torfason gaf Staðarkirkju árið 1689 og festi í klukkustrenginn (sjá hér bls. 170-171) entist líka lengi. Á árunum 1700-1725 bættist annað koparljón við<sup>1548</sup> og þaðan í frá héngu þau jafnan bæði í klukkustrengnum sem gripið var um þegar hringt var til tíða hér á Stað.<sup>1549</sup> Í úttekt frá árinu 1863 er þessara gömlu koparljóna enn getið – *koparljónin sem síðasta biskupsvísitazía getur um að séu í hringingarstrengnum eru til*, segir þar.<sup>1550</sup> Í biskupsvísitazíugerðinni frá 1896 er koparljónanna hins vegar ekki getið<sup>1551</sup> svo ætla má að þau hafi þá verið glötuð.

Eitt af því sem séra Jón Torfason gaf Staðarkirkju árið 1689 voru *nýjar messingspípur með þrístrendri stétt* (sjá hér bls. 170-171). Um þessar kertapípur er getið í nær öllum úttektum og vísitazíugerðum héðan frá Stað

<sup>1540</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf, vísitazíugerð Hallgríms biskups Sveinssonar 30.7.1896.

<sup>1541</sup> Bps. A. II, 14., 17., 21. og 24. Staður í Súgandaf. 22.8.1700, 26.8.1725 27.8.1761 og 12.8.1790.

<sup>1542</sup> Bps. A. II, 17. Vísitazíubók Jóns biskups Árnasonar. Staður í Súgandaf. 26.8.1725.

<sup>1543</sup> Bps. A. II, 24. Vísitazíubók Hannesar biskups Finnssonar. Staður í Súgandaf. 12.8.1790.

<sup>1544</sup> Bps. C. I, 2. Vísitazíubók Helga G. Thordersen biskups. Staður í Súgandaf. 10.7.1852.

<sup>1545</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1773-1838, úttekt 18.6.1773.

<sup>1546</sup> Sami kirkjustóll 1839-1919, úttekt 23.6.1863.

<sup>1547</sup> Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 26.6.1996.

<sup>1548</sup> Bps. A. II, 17. Vísitazíubók Jóns biskups Árnasonar. Staður í Súgandaf. 26.8.1725.

Sbr. Bps. A. II, 14. Vísitazíubók Jóns biskups Vídalín. Staður í Súgandaf. 22.8.1700.

<sup>1549</sup> Bps. A. II, 21 og 24 og C. I, 2. Staður í Súgandaf. 27.8.1761, 12.8.1790 og 10.7.1852.

<sup>1550</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttekt 23.6.1863.

<sup>1551</sup> Sami kirkjustóll, vísitazíugerð 30.7.1896.

næstu 200 árin og líka árið 1896.<sup>1552</sup> Á þessari fullyrðingu verður þó að hafa þann fyrirvara að í fyrstu eru kertapíurnar sagðar vera úr messing en síðar úr kopar.<sup>1553</sup> Mjög líklegt er samt að þetta séu alltaf sömu píurnar því þess er jafnan getið að þær séu með *þrístrendri stétt*<sup>1554</sup> og í málmböndunni *messing*, sem einnig er nefnd látún, er oftast mikið af kopar en líka eitthvað af sinki. Nýnefndar kertapípur stóðu löngum á altarinu í Staðarkirkju<sup>1555</sup> og í vísitazíugerð frá árinu 1784 lætur Jón Ásgeirsson, prófastur á Rafnseyri, þess getið að kirkjan á Stað hafi fengið *þríhyrnings Cheridoner undir altarispípur* sem í framtíðinni *ættu að farvast*.<sup>1556</sup> Orðið *Cheridoner*, sem prófastur notar þarna, hlýtur að merkja einhvers konar *fót* eða *stétt* sem kertapíurnar hafa staðið á og í vísitazíugerð frá árinu 1896 segir að Staðarkirkja eigi tvo smáa altarisstjaka úr kopar á *þrístrendum fæti með tréstétt undir*.<sup>1557</sup> Þessir stjakar eru enn í kirkjunni.<sup>1558</sup>

Engin kirkja er án altaris og í heimildum er oft getið um altarið í Staðarkirkju. Nákvæma lýsingu á því mun þó hvergi vera að finna. – *Altari með gráðum*, segir í úttekt frá árinu 1653 þar sem munir kirkjunnar eru taldir upp,<sup>1559</sup> og átta árum síðar er tekið fram í annarri heimild að séra Ólafur Jónsson, sem var prestur hér á Stað frá 1653 til 1661, hafi endurbætt bæði altarið og predikunarstólinn.<sup>1560</sup> Árið 1725 er þess getið að altarið í Staðarkirkju sé orðið gamalt og árið 1740 var það sagt vera *afgamalt og fúid*.<sup>1561</sup> Árið 1749 eða litlu fyrr lagði séra Bergsveinn Hafliðason kirkjunni til nýtt altari *innlæst með gráðu fyrir*.<sup>1562</sup> Um 1790 lagði séra Þorsteinn Þórðarson, þáverandi prestur á Stað, kirkjunni svo til annað nýtt altari,<sup>1563</sup> og árið 1844 eða 1845 fékk kirkjan aftur nýtt altari sem séra Andrés Hjaltason lét smíða og lagði henni til.<sup>1564</sup> Í vísitazíugerð prófests frá árinu 1845 er það sagt vera *rétt þokkalegt*.<sup>1565</sup> Séra Andrés hafði þá líka lagt kirkjunni til eina messusöngsbók og tvær glerrúður í kórglugga.<sup>1566</sup> Í tíð séra Arngríms Bjarnasonar, það er að segja árið 1860 eða 1861, fékk Staðarkirkja svo nýja gráðu og knéfall.<sup>1567</sup> Við úttekt sem hér fór fram

<sup>1552</sup> Bps. A. II, 17, 21 og 24 Staður í Ségandaf. 26.8.1725, 27.8.1761 og 12.8.1790. Bps. C. I, 2. Staður í Ségandaf. 10.7.1852. Kirkjustóll Staðar í Ségandaf. 1773-1838, úttekt 18.6.1773. Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809, úttekt 14.6.1802. Kirkjustóll Staðar í Ségandaf. 1839-1919, úttektir 7.6.1839 og 23.6.1863 og vísitazíugerð biskups 30.7.1896.

<sup>1553</sup> Sömu heimildir.

<sup>1554</sup> Sömu heimildir.

<sup>1555</sup> Sömu heimildir.

<sup>1556</sup> Kirkjustóll Staðar í Ségandaf. 1773-1838, vísitazíugerð 2.9.1784.

<sup>1557</sup> Sami kirkjustóll 1839-1919, vísitazíugerð Hallgríms biskups Sveinssonar 30.7.1896.

<sup>1558</sup> Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 26.6.1996.

<sup>1559</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. B. 1. Skjalabók frá Holti í Ön.f. 1333-1708, bls. 100. Staður í Ség., úttekt 2.6.1653.

<sup>1560</sup> Sama skjalabók, bls. 102-103. Staður í Ségandaf., úttekt frá árinu 1661.

<sup>1561</sup> Bps. A. II, 16. Vísitazíubók Jóns biskups Arnasonar. Staður í Ségandaf. 9.8.1740.

<sup>1562</sup> Bps. A. II, 17, 19 og 21. Staður í Ségandaf. 26.8.1725, 6.9.1749 og 27.8.1761.

<sup>1563</sup> Kirkjustóll Staðar í Ségandaf. 1773-1838, vísitazíugerð 23.9.1791.

<sup>1564</sup> Sami kirkjustóll 1839-1919, vísitazíugerð 21.6.1845.

<sup>1565</sup> Sama heimild.

<sup>1566</sup> Sama heimild.

<sup>1567</sup> Sami kirkjustóll, vísitazíugerð 31.8.1861.

sumarið 1863 lét Stefán P. Stephensen prófastur bóka að altarið væri gamalt<sup>1568</sup> þó að aldur þess væri innan við 20 ár. Séra Stefán tekur reyndar fram að það sé með hurð og skrá og *brúkanlegt* og lætur þess getið að fyrir framan það sé nýleg gráða með pílárum umhverfis.<sup>1569</sup>

Líklega hefur það verið þetta gamla altari frá árinu 1845 sem Suðureyrarhreppur keypti af Staðarkirkju árið 1896. Í reikningum hreppsins frá því ári er bókað að hreppurinn hafi keypt af Staðarkirkju *fornt altari* sem ætlunin sé að nota fyrir *bókaskáp handa hreppsnefndinni* og kostaði það fimm krónur.<sup>1570</sup>

Hér var áður minnst á *skriftasætið* sem heimildir sýna að var í kór Staðarkirkju árið 1790 (sjá hér bls. 164-165). Í vísitazíugerðum og öðrum kunnnum heimildum frá 17. og 18. öld er reyndar hvergi getið um þetta skriftasæti fyrr en í vísitazíugerð Hannesar biskups Finnssonar frá árinu 1790. Má það merkilegt heita og gæti bent til þess að enginn skriftastóll hafi verið í kirkjunni um langt skeið og í þeim efnum fyrst orðið breyting á eftir 1761.<sup>1571</sup> Um þetta er þó ekki hægt að vera alveg viss því hugsanlegt er að láðst hafi að geta um skriftasætið í vísitazíugerðunum.

Árið 1818 var keyptur nýr skriftastóll fyrir Staðarkirkju.<sup>1572</sup> Ætla má að séra Eiríkur Vigfússon hafi haft forgöngu um þau kaup en hann hafði þá verið prestur hér í sex ár (sjá hér bls. 118). Árið 1852 er getið um skriftasæti í kór Staðarkirkju<sup>1573</sup> og í úttekt frá árinu 1863 segir að *gamalt skriftasæti, ekki óþekkilegt* standi á *hægri hönd við altarið* í Staðarkirkju.<sup>1574</sup> Gaman hefði verið að geta upplýst hvenær menn voru síðast teknir til skrifta í Staðarkirkju en heimildir um það liggja því miður ekki á lausu. Sú staðreynd að nýr skriftastóll var settur í kirkjuna árið 1818 bendir þó eindregið til þess að sá gamli siður að játa syndir sínar fyrir prestri hafi verið iðkaður hér um slóðir á fyrstu áratugum nítjándu aldar og máske lengur.

Um predikunarstólinn í Staðarkirkju er getið í vísitazíugerð Brynjólfs biskups Sveinssonar frá árinu 1639<sup>1575</sup> og ekki langt frá 1680 mun kirkjan hafa fengið nýjan. Að svo hafi verið sést m.a. á því að í vísitazíugerð frá árinu 1689 er þess getið að búið sé að gera lítinn skáp úr gamla predikunarstólnum.<sup>1576</sup> Nýr predikunarstóll hefur því komið í kirkjuna fyrir 1689 en er þó talinn nýr árið 1700.<sup>1577</sup> Þá fyrst er þess getið að hann sé

<sup>1568</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf., úttekt 23.6.1863.

<sup>1569</sup> Sama heimild.

<sup>1570</sup> Skjöl Suðureyrarhrepps, varðv. þar. *Bók fyrir Suðureyrarhrepp* 1888-1902. Reikningar hreppsins 1896.

<sup>1571</sup> Bps. A. II, 24. Vísitazíubók Hannesar biskups Finnssonar. Staður í Súgandaf. 12.8.1790.

Sbr. Bps. A. II, 14, 17 og 21. Staður í Súgandaf. 22.8.1700, 26.8.1725 og 27.8.1761.

<sup>1572</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835, vísitazíugerð 9.8.1818.

<sup>1573</sup> Bps. C. I, 2. Vísitazíubók Helga G. Thordersen biskups. Staður í Súgandaf. 10.7.1852.

<sup>1574</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttekt 23.6.1863.

<sup>1575</sup> Bps. A. II, 6. Vísitazíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar. Staður í Súgandaf. 15.8.1639.

<sup>1576</sup> Bps. A. II. 11. Vísitazíubók Þórðar biskups Þorlákssonar 1675-1695 B. Staður í Súgandaf. 9.9.1689.

<sup>1577</sup> Bps. A. II, 14. Vísitazíubók Jóns biskups Vídalín. Staður í Súgandaf. 22.8.1700.

málaður.<sup>1578</sup> Árið 1740 var predikunarstóllinn sem kirkjan eignaðist um 1680 talinn *afgamall*.<sup>1579</sup>

Árið 1763 fékk Staðarkirkja nýjan predikunarstól og kostaði hann eitt hundrað á landsvísu og 30 álum betur<sup>1580</sup> eða sem svaraði einu kýrverði og einum fjórða parti úr öðru. Árið 1790 var predikunarstóllinn í Staðarkirkju sagður vera málaður og *vel sæmilegur*.<sup>1581</sup> Árið 1850 eða 1851 var gert við hann<sup>1582</sup> og árið 1863 er hann sagður vera *málaður og sómasamlegur*.<sup>1583</sup> Þessi gamli predikunarstóll frá árinu 1763 er enn í Staðarkirkju.<sup>1584</sup>

Árið 1896 átti Staðarkirkja í Súgandafirði fátt gripa ef marka má vísitazíugerð Hallgríms biskups Sveinssonar frá því ári en hann greinir svo frá að kirkjuna vanti þá *algerlega altaristöflu, hæfileg ílát undir brauð og vín á altarið og ljósa hjálm*.<sup>1585</sup> Hallgrímur biskup nefnir samt nokkra gripi sem kirkjan átti<sup>1586</sup> og hér hefur áður verið minnst á suma þeirra. Einu ljósaáhöldin voru tveir litlir altarisstjakar úr kopar *á þrístrendum fæti með tréstétt undir*, er hér hafa áður verið nefndir (sbr. bls. 165 og 170) og svo þrír bilaðir stjakar sem biskup taldi réttast að selja.<sup>1587</sup>

Einn er sá gripur frá 18. öld sem Staðarkirkja átti árið 1896 og hér hefur enn ekkert verið fjallað um en það er skírnarfat úr látúni sem Hallgrímur biskup segir vera stórt og í góðu standi.<sup>1588</sup> Eldri skírnersáir sem kirkjan átti og um er kunnugt eru sár sem séra Jón Torfason lagði kirkjunni til á árunum 1661-1689 (sjá hér bls. 170) og annar sem kirkjan eignaðist árið 1725.<sup>1589</sup> Báðir þessir skírnersáir voru úr leir og a.m.k. annar þeirra málaður.<sup>1590</sup> Árið 1775 eða 1776 fékk Staðarkirkja svo *vænt skírnarfat af messing ... með stimpilverki á börmunum* að gjöf frá Hans Hjaltalín.<sup>1591</sup> Þá hefur leirfatið frá 1725 líklega verið orðið lélegt eftir 50 ára notkun. Á síðasta fjórðungi 18. aldar og í byrjun þeirrar nítjándu átti kirkjan hins vegar *leirkarl með tinloki yfir til skírnavatns* eins og það er orðað í vísitazíugerð frá árinu 1779.<sup>1592</sup>

Hans Hjaltalín, sem gaf Staðarkirkju í Súgandafirði skírnarfat úr látúni (messing) um 1775, mun að líkindum vera sá maður með því nafni sem nokkrum árum síðar varð kaupmaður á Arnarstapa á Snæfellsnesi. Afí

<sup>1578</sup> Bps. A. II, 14. Vísitazíubók Jóns biskups Vídalín. Staður í Súgandaf. 22.8.1700.

<sup>1579</sup> Bps. A. II, 16. Vísitazíubók Jóns biskups Árnasonar I. Staður í Súgandaf. 9.8.1740.

<sup>1580</sup> Bps. A. II, 21. Vísitazíubók Finns biskups Jónssonar. Staður í Súgandaf. 20.6.1775.

<sup>1581</sup> Bps. A. II, 24. Vísitazíubók Hannesar biskups Finnssonar. Staður í Súgandaf. 12.8.1790.

<sup>1582</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, vísitazíugerð 27.9.1851.

<sup>1583</sup> Sami kirkjustóll, úttekt 23.6.1863.

<sup>1584</sup> Séra Gísli Kolbeins. – Viðtal K.Ó. við hann 22.4.1996.

<sup>1585</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, vísitazíugerð Hallgríms biskups Sveinssonar 30.7.1896.

<sup>1586</sup> Sama heimild.

<sup>1587</sup> Sama heimild.

<sup>1588</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, vísitazíugerð Hallgríms biskups Sveinssonar 30.7.1896.

<sup>1589</sup> Bps. A. II, 17. Vísitazíubók Jóns biskups Árnasonar. Staður í Súgandaf. 26.8.1725.

<sup>1590</sup> Sama heimild.

<sup>1591</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1773-1838, vísitazíugerð 25.8.1776.

<sup>1592</sup> Sami kirkjustóll, vísitazíugerð 7.8.1779. Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandaf., úttekt 14.6.1802.

Þessa Hans Hjaltalín, Jón Oddsson sem fæddur var um 1686, tók fyrstur upp ættarnafnið Hjaltalín<sup>1593</sup> og um 1775 höfðu aðeins tveir menn sem hétu Hans Hjaltalín náð þeim aldri að koma til greina sem gefendur.<sup>1594</sup> Sá eldri þeirra var sonur Jóns Oddssonar Hjaltalín<sup>1595</sup> sem varla hefur verið fæddur seinna en 1736. Hann sigldi, lærði látúnssmíði og dó ókvæntur utanlands.<sup>1596</sup> Hugsanlegt er að hann sé gefandinn en það verður samt að teljast ólíklegt því engar líkur benda til nokkurra tengsla hans við Vestfirði. Mun líklegri er sá Hans Hjaltalín sem síðar varð kaupmaður á Arnarstapa en hann var sonur Odds lögréttumans Hjaltalín sem bjó á Rauðará austan við gömlu Reykjavík<sup>1597</sup> en við þann bæ er gatan Rauðarárstígur kennd.

Faðir Odds lögréttumans á Rauðará og föðurfaðir Hans kaupmanns á Arnarstapa var Jón Oddsson Hjaltalín sem tók upp nafnið Hjaltalín og gerði það að ættarnafni en hann var síðasti ábúandinn á hinni fornu bújörð Reykjavík og um skeið sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu.<sup>1598</sup> Þegar farið var að reisa *innréttungarnar* árið 1752, fyrir forgöngu Skúla Magnússonar landfógeta, vék hann frá<sup>1599</sup> og þá hófst myndun þéttbylis í Reykjavík sem nú er höfuðborg. Jón Hjaltalín í Reykjavík var gleðimaður og átti danska konu sem hét Metta Hansdóttir.<sup>1600</sup> Um sýslumann þennan var kveðinn ágætur bragur sem hefst á þessum línunum:

*Hjá honum Jóni Hjaltalín  
hoppa menn sér til vansa.  
Allan veturinn eru þeir að dansa.*<sup>1601</sup>

Hans Hjaltalín frá Rauðará, sonarsonur sýslumannsins í Reykjavík, mun hafa fæðst árið 1743 eða þar um bil því hann var sagður 79 ára gamall er hann andaðist árið 1822.<sup>1602</sup> Um tvítugsaldur réðst Hans í þjónustu Almenna verslunarfélagsins<sup>1603</sup> sem þá sá um allan verslunarrekstur á Íslandi samkvæmt gildandi einokunarlögum. Hjá því félagi starfaði hann allt til ársins 1774 og var þá einn af fimm Íslendingum sem voru í föstu starfi hjá þessu félagi hinna dönsku einokunarkaupmanna.<sup>1604</sup> Þegar konungsverslunin síðari tók við af Almenna verslunarfélaginu árið 1774 gekk Hans Hjaltalín í þjónustu hennar og varð árið 1783 forstjóri útibús konungsverslunarinnar.<sup>1605</sup> Sex árum síðar festi hann kaup á eignum

<sup>1593</sup> Bogi Benediktsson / Sýslumannaæfir IV, 139-141.

<sup>1594</sup> Sama heimild, 139-155.

<sup>1595</sup> Sama heimild.

<sup>1596</sup> Sama heimild.

<sup>1597</sup> Lögréttumannatal, bls. 398.

<sup>1598</sup> Klemenz Jónsson 1944, I, 52-54.

<sup>1599</sup> Sama heimild.

<sup>1600</sup> Sama heimild.

<sup>1601</sup> Sama heimild.

<sup>1602</sup> Bogi Benediktsson / Sýslumannaæfir IV, 139-141.

<sup>1603</sup> Sigfús Haukur Andrésson 1988, I, 99.

<sup>1604</sup> Sama heimild.

<sup>1605</sup> Sama heimild.



konungsverslunarinnar þar og á Búðum og gerðist sjálfstæður kaupmaður en þá hafði verslunarfyrikomulaginu verið breytt og *fríhöndlun*, sem svo var nefnd, tekið við af einokun.<sup>1606</sup>

Óljóst er hvar Hans Hjaltalín starfaði sem verslunarþjónn á árunum 1765-1775 en vel mætti hugsa sér að hann hafi þá verið á Ísafirði um lengri eða skemmri tíma og þannig hafi hann komist í kynni við Ségfirðinga. Slíkt er þó aðeins tilgáta sem ekki er unnt að rökstyðja og líka getur verið að gefandi skírnarfatsins hafi aldrei á Vestfirði komið en ákveðið af einhverju tilefni að gefa einni fátækustu kirkju landsins góðan grip. Hafi undanfarinn verið sá gat tilviljun svo ráðið því að Staðarkirkja í Ségandafirði varð fyrir valinu. Við leit að gefandanum verður þó að telja líklegra að hann hafi haft einhver tengsl við Vestfirðinga og af þeim ástæðum kemur verslunarþjónninn, sem síðar varð kaupmaður á Arnarstapa, fremur til mála en föðurbróðir hans og nafni sem sigldi ungur til Kaupmannahafnar og ílentist utanlands. Báðir hétu þeir Hans Hjaltalín og fullvíst má telja að annar hvor þeirra hafi gefið kirkjunni þetta skírnarfat því aðrir menn með þessu nafni voru ekki til árið 1775 nema þá á barnsaldri.<sup>1607</sup>

Um nýnefnt skírnarfat er oft getið í úttektum og vísitazíugerðum frá 19. öld.<sup>1608</sup> Árið 1802 stóð Jón Ásgeirsson, prófastur í Holti í Öndarfirði, fyrir úttekt hér á Stað. Hann segir þá um skírnarfatið og leirkrúsina sem því fylgdi: *Skírnarfat stórt og grunnt af messing og ítem leirkrús með loki af tini undir skírnavatn.*<sup>1609</sup> Í yngri úttektum og vísitazíugerðum er skírnarfatinu jafnan lýst með svipuðum orðum.<sup>1610</sup>

Eins og áður sagði var skírnarfat þetta enn í Staðarkirkju árið 1896 en haustið 1904 var búið að selja það fyrir skitnar 20,- krónur.<sup>1611</sup> Óljóst er hver keypti hið gamla skírnarfat. Menn hafa látið sér detta í hug að það hafi komist í eigu kirkjunnar á Kirkjubóli í Valþjófsdal en svo er ekki. Skírnarfatið sem sú kirkja á er hins vegar alveg eins og það sem var í Staðarkirkju en í vísitazíugerðum Hallgríms biskups Sveinssonar sést að bæði þessi skírnarföt voru þá enn hvort í sinni kirkju.<sup>1612</sup> Hallgrímur biskup vísiteraði þá á Stað 30. júlí en á Kirkjubóli næsta dag og er hann

<sup>1606</sup> Sigfús Haukur Andrésson 1988, I, 356.

<sup>1607</sup> Bogi Benediktsson / Sýslumannaæfir IV, 139-155.

<sup>1608</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Ségandaf., úttekt 14.6.1802. Sama skj.safn XIII. 1. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Ségand., úttekt 22.6.1812. Sama skj.safn XIII. 1. A. 4. Vísitazíubók 1836-1846. Staður í Ségandaf. 7.6.1839. Bps. C. I, 2. Vísitazíubók Helga G. Thordersen biskups. Staður í Ségandaf. 10.7.1852. Kirkjustóll Staðar í Ségandaf. 1839-1919, úttekt 23.6.1863.

<sup>1609</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Ségandaf., úttekt 14.6.1802. Sama skj.safn XIII. 1. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Ségand., úttekt 22.6.1812. Sama skj.safn XIII. 1. A. 4. Vísitazíubók 1836-1846. Staður í Ségandaf. 7.6.1839. Bps. C. I, 2. Vísitazíubók Helga G. Thordersen biskups. Staður í Ségandaf. 10.7.1852. Kirkjustóll Staðar í Ségandaf. 1839-1919, úttekt 23.6.1863.

<sup>1610</sup> Sömu heimildir.

<sup>1611</sup> Kirkjustóll Staðar í Ségandaf. 1839-1919, vísitazíugerð 3.9.1904.

<sup>1612</sup> Sami kirkjustóll, vísitazíug. Hallgríms bisk. Sveinssonar 30.7.1896. Bps. *Vísitazíubók Íslands biskups-dæmis 1868-1898*, vísitazíugerð Hallgríms biskups Sveinssonar um Kirkjuból í Valþjófsdal 31.7.1896.

lýsir skírnarfatinu þar kemst hann svo að orði: *Skírnarfat stórt og fornt úr látúni (sömu tegundar sem að Stað í Ségandafirði)*.<sup>1613</sup>

Um messuklæði og annan skruða Staðarkirkju á liðnum öldum verður fátt ritað hér umfram það sem fram kemur í vísitazíugerðum frá árunum 1639, 1790 og 1852 (sjá hér bls. 164-166) og í máldögum frá árunum 1324 og 1570-1575 (sjá hér bls. 15-16 og 30-31).

Vegna fátæktar kirkjunnar í Ségandafirði urðu Staðarprestarnir stundum að draga í lengstu lög að endurnýja það sem slitið var orðið af skruðanum. Sem dæmi má nefna að á 17. öld var gamall hökull lengi hafður fyrir altarisklæði í kirkjunni. *Lasinn hökull hafður til altarisklæðis*, segir í úttekt frá árinu 1615,<sup>1614</sup> og í annarri úttekt frá árinu 1653 er sagt að rifrildi af gömlum hökli sé haft fyrir altarisklæði<sup>1615</sup> svo gamli hökullinn hefur gegnt þessu nýja hlutverki eigi skemur en í nær fjóra áratugi. Vera má að hann hafi enn verið í sömu notkun árið 1661 en í vísitazíugerð frá því ári segir að altarisklæðið sé lasið, *mjög svo*.<sup>1616</sup> Árið 1689 var hins vegar komið í Staðarkirkju *rauðbrykkt* altarisklæði úr lérefsti og í vísitazíugerð frá því ári er tekið fram að það hafi *gudhræddur maður* gefið kirkjunni.<sup>1617</sup>

Annað altarisklæði lagði prestsekkjan Þuríður Jónsdóttir kirkjunni til árið 1773 og var það ári síðar virt á 80 álnir<sup>1618</sup> eða sem svaraði fjórum ærgildum. Eiginmaður Þuríðar, séra Gísli Bjarnason, andaðist hér á Stað árið 1773 en hún átti þá enn 28 ár ólifðu (sjá hér bls. 99-101). Séra Björn Halldórsson, prófastur í Sauðlauksdal, vísiteraði á Stað sumarið 1775 í umboði Finns biskups Jónssonar og segir hann að Þuríður hafi sjálf *tilbúið* þetta altarisklæði sem sé *með artugu saumverki í fínu lérefsti*.<sup>1619</sup> Þetta altarisklæði á Staðarkirkja enn (1996). Það er úr tvöföldu lérefsti með mislitum ísaum og ártalinu 1773.<sup>1620</sup>

Um altarisdúka kirkjunnar á Stað er margt ritað í vísitazíugerðum biskupa og prófaste en hér skal þess aðeins getið að árið 1795 var brugðið á það ráð að gera einn slíkan dúk úr þremur fornum.<sup>1621</sup>

Árið 1855 átti Staðarkirkja tvo hökla en annar þeirra var þá talinn *óbrúkanlegur*.<sup>1622</sup> Á næsta ári var kirkjunni, með biskupsleyfi, gefinn hökull sem Rafnseyrarkirkja hafði átt.<sup>1623</sup> Milligöngu um þetta hafði séra Oddur Sveinsson á Rafnseyri en hann gegndi þá störfum prófaste í

<sup>1613</sup> Kirkjustóll Staðar í Ségandaf. 1839-1919, vísitazíug. Hallgríms bisk. Sveinssonar 30.7.1896. Bps. *Vísitazíubók Íslands biskupsdæmis 1868-1898*, vísitazíugerð Hallgríms biskups Sveinssonar um Kirkjuból í Valbjófsdal 31.7.1896.

<sup>1614</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. B. 1. Skjalabók frá Holti í Ö.n.f. 1333-1708, bls. 99. Staður í Ség., úttekt frá 1615.

<sup>1615</sup> Sama skjalabók, bls. 100. Staður í Ségandaf., úttekt 2.6.1653.

<sup>1616</sup> Sama skjalabók, bls. 102. Staður í Ségandaf., úttekt frá árinu 1661.

<sup>1617</sup> Bps. A. II. 11. Vísitazíubók Þórðar biskups Þorlákssonar 1675-1695 B. Staður í Ségandaf. 9.9.1689.

<sup>1618</sup> Kirkjustóll Staðar í Ségandaf. 1773-1838, úttekt 28.7.1774.

<sup>1619</sup> Bps. A. II, 21. Vísitazíubók Finns biskups Jónssonar. Staður í Ségandaf. 20.6.1775.

<sup>1620</sup> Kirkjustóll Staðar í Ségandaf. 1839-1919, úttekt 23.6.1863.

Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 26.6.1996.

<sup>1621</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Ségandaf., vísitazíugerð 8.6.1795.

<sup>1622</sup> Kirkjustóll Staðar í Ségandaf. 1839-1919, vísitazíugerð 14.7.1855.

<sup>1623</sup> Sami kirkjustóll, vísitazíugerð 26.6.1856.

vesturparti Ísafjarðarsýslu. Séra Oddur vísiteraði á Stað 26. júní 1856 og þann dag var gamli *óbrúkanlegi* hökullinn boðinn upp.<sup>1624</sup> Sá sem hæst bauð var Jóhannes Jónsson, bóndi á Laugum, og fékk hann hökulinn fyrir einn ríkisdal og tuttugu skildinga<sup>1625</sup> eða sem svaraði liðlega fjórum hundraðshlutum úr kýrverði.<sup>1626</sup>

Þennan sama dag, 26. júní 1856, sá Oddur prófastur ástæðu til að láta í ljós óánægju sína með þrif á messuskrúða Staðarkirkju og lét bóka þessi umvöndunarorð:

*Messuskrúðinn er engan veginn vel þrifinn því hátíðahökullinn er of illa útlítandi af óþrifalegri meðferð, hvort sem það kann að vera prestinum eða meðhjálparanum að kenna.*<sup>1627</sup>

Á þessum árum var Arngrímur Bjarnason prestur Súgfirðinga og er vert að minnast þess að fardagaárið 1855-1856 var hann hér kvenmannslaus að heita mátti (sjá hér bls. 135-137).

Orð prófastsins um óhreinindin á messuskrúðanum minna líka á það uppátæki séra Arngríms að fara dulbúinn í fjósið á Stað og leika þar hvítan engil til að hafa sitt fram í kvonbænum (sjá hér bls. 139-140). Vera má að þarna sé samhengi á milli. Svo virðist reyndar sem þrifin á messuskrúðanum hafi ekki komist í lag fyrr en Málfríður Ólafsdóttir tók við hússtjórn á þessum kirkjustað en henni kvæntist séra Arngrímur árið 1857 eins og fyrr var getið. – *Messuskrúði og áhöld mætavel þrifið*, segir Oddur prófastur er hann greinir frá ásigkomulagi Staðarkirkju og eigna hennar sumarið 1858<sup>1628</sup> svo umskiptin hafa verið mjög greinileg.

Síðasti níttjándu aldar biskupinn sem vitjaði Staðarkirkju var Hallgrímur Sveinsson sem fór um Vestfirði sumarið 1896. Í vísitazíugerð hans frá 30. júlí 1896 segir að kirkjan á Stað eigi *einn skrúða brúklegan* en þar að auk *gamlan óbrúklegan hökul* og *gamalt rykkilín*<sup>1629</sup> en þessi gömlu og *óbrúklegu* messuklæði taldi biskup réttast að selja.<sup>1630</sup> Um altarisklæði og altarisdúk getur hann ekki en eitthvað af því tagi hlýtur þessi fátæka kirkja þó að hafa átt við lok níttjándu aldar.

Hökullinn frá Rafnseyri sem prófasturinn, séra Oddur Sveinsson, færði Staðarkirkju árið 1856 á hún enn. Að svo muni vera sést á útliti hans og því hvernig honum er lýst í gömlum vísitazíugerðum og ekki síst á ártalinu 1692 sem enn blasir við augum á þessari gömlu flík.

Í biskupsvísitazíum er fyrst getið um þennan hökul árið 1700. Þá um sumarið fór Jón biskup Vídalín um Vestfirði og skoðaði kirkjuna á Rafnseyri þann 1. september. Hún átti þá þrjá hökla og var þessi sá yngsti.

<sup>1624</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, vísitazíugerð 26.6. 1856..

<sup>1625</sup> Sami kirkjustóll, vísitazíugerð 26.6.1856.

<sup>1626</sup> Skýrslur um landshagi IV, bls. 486 (Kph. 1870).

<sup>1627</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, vísitazíugerð 26.6.1856.

<sup>1628</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, vísitazíugerð 21.7.1858.

<sup>1629</sup> Sami kirkjustóll, vísitazíugerð Hallgríms biskups Sveinssonar 30.7.1896.

<sup>1630</sup> Sama heimild.

Um hann ritar Jón Vídalín svo: ... *þriðja hökul af rauðmerktum silkiofnum dúk með gulum atlaski krossi, undirfóðraðan með rauðu lérefsti, hefur Marin Erik Munchis kirkjunni gefið.*<sup>1631</sup>

Fram skal tekið að orðið atlask merkir slikjusilki. Um gefandann, sem Jón Vídalín kallar *Marin Erik Munchis*, er varla hægt að vera alveg viss en mjög líklegt verður þó að telja að þetta sé sama kona og í Eyrarannál er nefnd Marin Hansdóttir og þar sögð hafa verið gift Eiríki Munk sem lengi rak verslun á Þingeyri og Skutulsfjarðareyri og einnig á Reyðarfirði.<sup>1632</sup> Kaupmannsekkja þessi andaðist í Danmörku árið 1694 eða 1695 og lét eftir sig 35.000 ríkisdali (sjá hér Þingeyri) en fyrir slíka fjárhæð var þá hægt að kaupa um það bil 8.750 kýr.<sup>1633</sup> Fróðlegt hefði verið að vita hversu stór hluti þessara miklu auðæfa var hagnaður af viðskiptum við Vestfirðinga.

Þann 17. ágúst 1790 vísiteraði Hannes biskup Finnsson á Rafnseyri og lýsir þá nýnefndum hökli svo: *Hökull af lifrauðu silki og tvinnatöji með bleiku lérefstfóðri og gulum silkikrossi, brostinn.*<sup>1634</sup>

Rafnseyrarkirkja átti þá líka annan hökul sem biskup taldi vera *auðvirðilegan.*<sup>1635</sup> Árið 1852 var hökullinn sem nú er á Stað enn í Rafnseyrarkirkju en hún átti þá líka tvo aðra hökla.<sup>1636</sup> Helgi G.Thordersen biskup, sem fór á því ári í vísitazíuferð um Ísafjarðarsýslu, gerir góða grein fyrir messuskrúðanum á Rafnseyri og lýsir títtnefndum hökli svo: *Hökull af lifrauðu silki tvinnatöji með bleiku lérefstfóðri og gulum silkikrossi, gamall, með ártalinu 1692.*<sup>1637</sup>

Þegar Helgi biskup vísiteraði á Rafnseyri sumarið 1852 var séra Oddur Sveinsson nýlega tekinn við því prestakalli en hann hafði áður verið ritari biskups.<sup>1638</sup> Árið 1855 tók séra Oddur vð störfum prófasts í vesturparti Ísafjarðarsýslu<sup>1639</sup> og þann 18. desember á því ári ritar hann Helga biskupi bréf.<sup>1640</sup> Í bréfinu segist hann hafa gefið kirkjunni á Stað í Súgandafirði einn af þremur höklum Rafnseyrarkirkju þá um haustið upp á *væntanlegt samþykki herra biskupsins.*<sup>1641</sup> Í sama bréfi tekur séra Oddur fram hvaða hökull þetta var og lýsir honum með sömu orðum og Helgi biskup hafði gert í vísitazíugerð sinni frá sumrinu 1852.<sup>1642</sup>

Hér fer því ekkert á milli mála. Óhætt mun líka að slá því föstu að hökullinn með gula silkikrossinum og ártalinu 1692, sem Staðarkirkja á nú, sé sá sem henni var gefinn frá Rafnseyri haustið 1855 þó að rauði liturinn hafi dofnað, því ljóst er að þessi hökull var ekki í Staðarkirkju árið 1852. Í

<sup>1631</sup> Bps. A. II, 14. Vísitazíubók Jóns biskups Vídalín, bls. 67-68, Rafnseyri 1.9.1700.

<sup>1632</sup> Annálar III, 384. Sbr. Jón J. Aðils 1971, 266.

<sup>1633</sup> Jón J. Aðils 1971, 418.

<sup>1634</sup> Bps. A. II, 24. Vísitazíubók Hannesar biskups Finnssonar, Rafnseyri 17.8.1790.

<sup>1635</sup> Bps. A. II, 24. Vísitazíubók Hannesar biskups Finnssonar, Rafnseyri 17.8.1790.

<sup>1636</sup> Bps. C. I, 2. Vísitazíubók Helga G. Thordersen biskups, Rafnseyri 16.7.1852.

<sup>1637</sup> Sama heimild.

<sup>1638</sup> Ísl. æviskrár IV, 21.

<sup>1639</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 5. Vísitazíubók 1847-1855.

<sup>1640</sup> Bps. C. V, 137B, bréf séra Odds Sveinssonar á Rafnseyri 18.12.1855 til Helga G. Thordersen biskups.

<sup>1641</sup> Sama heimild.

<sup>1642</sup> Sama heimild.

vísitazíugerð sinni frá því ári lýsir Helgi biskup báðum höklunum sem kirkjan hér á Stað átti þá og þeir voru annarrar gerðar.<sup>1643</sup> Annar þeirra var þremur árum síðar dæmdur *óbrúkanlegur* og seldur á uppboði eins og hér hefur áður verið nefnt.

Hinn gamli hökull frá Rafnseyri, sem nú er varðveittur hér á Stað, er merkileg flík, bæði vegna síns háa aldurs og þeirra manna sem hann hafa borið. Í þeim hópi eru Rafnseyrarprestarnir Sigurður Jónsson og Jón Sigurðsson, faðir og afi Jóns Sigurðssonar forseta, en þeir feðgar þjónuðu Rafnseyrarprestakalli í 66 ár, frá 1785-1851.<sup>1644</sup>

Í Gíslamáldaga frá árunum upp úr 1570 segir að Staðarkirkja í Súgandafirði eigi eina messubók og *þar til 13 bókaskræður* (sjá hér bls. 30-31). Líklegt er að þessar þrettán skræður hafi allar verið úr kaþólsku og orðið eyðingu að bráð á fyrstu öld hins nýja síðar lúterstrúarmanna. Árið 1615 átti kirkjan á Stað *gamla messubók* og árið 1639 lætur Brynjólfur biskup Sveinsson þess getið að Staðarkirkja eigi einhver slitur af gamalli bók sem hann nefnir *De tempore*.<sup>1645</sup> Líklegt er að þarna sé um að ræða sömu messubók og nefnt var í Gíslamáldaga að Staðarkirkja ætti.

Úttekt frá árinu 1615 sýnir að þá hafði Staðarkirkja eignast tvær biblíur, aðra íslenska en hina á dönsku máli.<sup>1646</sup> Sú íslenska hlýtur að hafa verið Guðbrandsbiblía sem út kom árið 1584 og var fyrsta heildarútgáfa af biblíunni sem prentuð var á íslensku máli. Árið 1615 var hún enn eina biblían sem út hafði verið gefin í íslenskri þýðingu og kemur því engin önnur útgáfa til greina þegar litið er á bækur Staðarkirkju það ár. Guðbrandsbiblía var aðeins gefin út í 500 eintökum og kostaði hvert eintak sem svaraði 2-3 kúgildum.<sup>1647</sup> Slík bók mátti því kallast dýrgripur í veraldlegum skilningi en svo virðist sem hennar hafi ekki verið gætt eins vel og skyldi. Árið 1653 var þessi merkilega bók orðin *mjög leruð utan og innan* og *upplímd til beggja enda*.<sup>1648</sup> Hún var þá virt á eitt hundrað<sup>1649</sup> á landsvísu, það er eitt kyrverð. Átta árum síðar var matið á þessari sömu bók komið niður í 100 álnir,<sup>1650</sup> það er fimm sjöttu hluta úr einu kyrverði. Eintak Staðarkirkju af Guðbrandsbiblíu er þá sagt vera bæði rotið og lerað með tíu doppum og tveimur spenslum.<sup>1651</sup>

Árið 1689 ákvað umboðsmaður biskups að selja séra Jóni Torfasyni, þáverandi sóknarpresti á Stað, þessa íslensku biblíu sem þá var orðin *forrotin* og *öll í blöðum* og lofaði séra Jón að greiða fyrir hana 60 álnir,<sup>1652</sup> það er hálf kyrverð. Hvarf hún þar með úr eigu kirkjunnar.

<sup>1643</sup> Bps. C. I, 2. Vísitazíubók Helga G. Thordersen biskups. Staður í Súgandaf. 10.7.1852.

<sup>1644</sup> Ísl. æviskrár III, 263 og IV, 239-240.

<sup>1645</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. B. 1. Skjalabók frá Holti í Ö.n.f. 1333-1708, bls. 99. Staður í Súg., úttekt frá 1615. Bps. A. II, 6. Vísitazíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar. Staður í Súgandaf. 15.8.1639.

<sup>1646</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. B. 1. Skjalabók frá Holti í Ö.n.f. 1333-1708, bls. 99. Staður í Súg., úttekt frá 1615.

<sup>1647</sup> Páll E. Ólason 1944, 333-334.

<sup>1648</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. B. 1. Skjalabók frá Holti í Ö.n.f. 1333-1708, bls. 100. Staður í Súg., úttekt 2.6.1653.

<sup>1649</sup> Sama heimild.

<sup>1650</sup> Sama skjalabók, bls. 102. Staður í Súgandaf., úttekt frá árinu 1661.

<sup>1651</sup> Sama heimild.

<sup>1652</sup> Bps. A. II. 11. Vísitazíubók Þórðar biskups Þorlákssonar 1675-1695 B. Staður í Súgandaf. 9.9.1689.

Danska biblían sem Staðarkirkja átti árið 1615 entist svolítið lengur og hún var enn í eigu kirkjunnar árið 1700.<sup>1653</sup> Fyrsta útgáfa af danskri þýðingu á biblíunni kom fyrir sjónir lesenda árið 1550 og í vísitazíugerðum frá 17. öld sést að danska biblían sem Staðarkirkja átti var einmitt prentuð á því ári og var í arkarbroti.<sup>1654</sup> Ekki er alveg ljóst hvort það var þessi biblía frá 1550 sem kirkjan á Stað átti enn árið 1725 en í vísitazíugerð frá því ári segir svo um einu biblíuna sem sýnd var biskupi í Staðarkirkju:

*Biblía rotin í blöðum (Sc. spámannaþækurnar og nýjateamentið) er að sönnu til sem kirkjan hefur átt en fram kemur að með ráði biskupsins sáluga Vídalín hafi hún átt að falla til erfingja sáluga séra Ólafs Jónssonar fyrir postillu Gerhaldi í tveimur bindum sem nú er ogsvo til hér fyrir sjónum og presturinn segir sér hagi betur. Þar fyrir samþykkir biskupinn, magister Jón Árnason, þessi umskipti vegna kirkjunnar.*<sup>1655</sup>

Skammstöfunin Sc, sem þarna kemur fyrir, mun standa fyrir latneska orðið scilicet sem merkir *það er að segja*.

Ólafur Jónsson, sem hér var nefndur, getur ekki verið sá prestur með því nafni sem þjónaði hér á Stað á árunum 1653-1661 og dó árið 1661 (sjá hér bls. 41-42) því of langt er um liðið frá andláti hans árið 1725. Miklu líklegra og nær fullvíst er að átt sé við prestinn Ólaf Jónsson sem andaðist á Stað í Grunnavík haustið 1707 en hann var sonur séra Jóns Torfasonar á Stað í Súgandafirði og fæddur hér og uppallinn (sjá hér bls. 49-52 og 55-58). Má því gera ráð fyrir að séra Ólafur á Stað í Grunnavík hafi fyrir andlát sitt lagt Staðarkirkju í Súgandafirði til Gerhards postilluna sem getið er um í vísitazíugerðinni frá 1725 en Jón Vídalín biskup hafi ákveðið að í staðinn skyldu erfingjar séra Ólafs fá þá gömlu og rotnu biblíu sem kirkjan í Súgandafirði átti. Þessir erfingjar voru synir hans tveir, þeir Erlendur Ólafsson, síðar sýslumaður í Ísafjarðarsýslu, og Jón Ólafsson, síðar fræðimaður í Kaupmannahöfn, jafnan kenndur við Grunnavík (sjá hér bls. 58-64). Sá fyrrnefndi þessara tveggja bræðra hafði reyndar alist upp hjá Jóni biskupi Vídalín frá sex ára aldri<sup>1656</sup> svo hér voru nán tengsl á milli. Haustið 1725 voru þeir Ólafssynir úr Grunnavík aðeins 19 og 20 ára gamlir og höfðu því ekki tekið að fullu við eignum sínum. Mun þar komin skýring á því að þessi biblía bræðranna lá enn í kirkjunni á Stað í Súgandafirði haustið 1725, í vörslu náins ættingja þeirra, séra Torfa Ísleifssonar, sem hér var prestur, en hann var eins og þeir barnabarn séra Jóns Torfasonar, forvera síns í prestsembætti hér á Stað (sjá hér bls. 63-64).

<sup>1653</sup> Bps. A. II, 14. Vísitazíubók Jóns biskups Vídalín. Staður í Súgandaf. 22.8.1700.

<sup>1654</sup> Sama heimild. Bps. A. II. 11. Vísitazíubók Þórðar biskups Þorlákssonar 1675-1695 B. Staður í Súgandaf. 9.9.1689.

<sup>1655</sup> Bps. A. II, 17. Vísitazíubók Jóns biskups Árnasonar. Staður í Súgandaf. 26.8.1725.

<sup>1656</sup> Ísl. æviskrár I, 443-444.

Hér hefur nú verið minnst á allar þær bækur sem sjáanlegt er í skjölum að Staðarkirkja hafi eignast fyrir 1700. Líklega hefur Gerhards postilla, sem hér var áður nefnd, verið fyrsta bókin sem Staðarkirkja eignaðist eftir 1700. Í vísitazíugerð frá því ári er hennar ekki getið<sup>1657</sup> en með vísun til þess sem hér var áður sagt má ætla að kirkjan hafi fengið hana til eignar eigi síðar en 1707. Höfundur þessarar postillu var þýskur guðfræðingur, Johann Gerhard, sem fæddist árið 1582 og varð árið 1616 guðfræðiprófessor við háskólann í Jena.<sup>1658</sup> Í vísitazíugerðinni frá 1725 er tekið fram að Gerhards postillan, sem Staðarkirkja átti, sé í tveimur bindum en ekki nefnt hvar hún sé gefin út og á hvaða tungumáli.<sup>1659</sup> Postilla þessi var hins vegar enn í eigu kirkjunnar árið 1802 og í úttekt frá því ári er tekið fram að þetta sé latnesk útgáfa. – *Í bókum á kirkjan Gerhards postillu latinska í 2ur tomis* (þ.e. í tveimur bindum – innsk. K.Ó.), segir þar og í úttekt frá árinu 1812 er talað um þá *latinsku Gerhards postillu*.<sup>1660</sup> Hér fer því ekkert á milli mála. Ljóst er að Staðarkirkja hefur átt Gerhards postillu í liðlega 100 ár en árið 1839 var hún ekki lengur meðal bóka kirkjunnar.<sup>1661</sup>

Postilla Gerhards mun aldrei hafa verið þýdd á íslensku en hugvekjur hans, sem hétu á latínu *Meditationes sacre*, þýddi Þorlákur biskup Skúlason og voru þær fyrst gefnar út hérlendis árið 1630.<sup>1662</sup> Síðar var hin íslenska þýðing á hugvekjunum endurprentuð hvað eftir annað og náðu þær mikilli útbreiðslu.<sup>1663</sup> Johann Gerhard var hreintrúarmaður og mun ýmsum hafa þótt boðskapur hans vera nokkuð harðsnúinn. Bók hans, sem Þorlákur biskup sneri á íslensku, var því stundum nefnd *glerhörðu hugvekjurnar*.<sup>1664</sup> Hér ber þó einnig að hafa í huga að orðin gerharður og glerharður hljóma bæði nokkuð líkt.

Á 18. öld eignaðist Staðarkirkja aðeins fjórar guðsorðabækur svo séð verði. Auk Gerhards postillu voru það þessar: Latnesk biblíu, íslensk útgáfa af biblíunni, prentuð í Kaupmannahöfn árið 1747, og kver til notkunar við fermingarundirbúning eftir Johann Jakob Rambach.<sup>1665</sup>

Latnesku biblíuna eignaðist kirkjan á árunum 1725-1761 og er hún í vísitazíugerð frá árinu 1761 nefnd *Biblia vulgatae versionis* og árið 1773

<sup>1657</sup> Bps. A. II, 14. Vísitazíubók Jóns biskups Vídalín. Staður í Súgandaf. 22.8.1700.

<sup>1658</sup> Páll E. Ólason 1942, 240. Neue deutsche Biographie 1964, VI, 281.

<sup>1659</sup> Bps. A. II, 17. Vísitazíubók Jóns biskups Árnasonar. Staður í Súgandaf. 26.8.1725.

<sup>1660</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandaf. úttekt 14.6.1802. Sama skj.s. XIII. I. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Súg., úttekt 22.6.1812. Sbr. einnig Bps. A. II, 21 og A. II, 24. Staður í Súgandaf. 27.8.1761 og 12.8.1790.

<sup>1661</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 4. Vísitazíubók 1836-1846. Staður í Súgandaf., úttekt 7.6.1839.

<sup>1662</sup> Páll E. Ólason 1942, 240.

<sup>1663</sup> Sama heimild.

<sup>1664</sup> Páll E. Ólason 1942, 240.

<sup>1665</sup> Bps. A. II, 17, A. II. 21 og A. II, 24. Staður í Súgandaf., vísitazíug. 26.8.1725, 27.8.1761 og 12.8.1790. Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandaf. 14.6.1802.

*Biblia latina versionis vulgatae.*<sup>1666</sup> Þessi latneska biblía er síðast nefnd meðal bóka kirkjunnar árið 1812 en árið 1839 var hún ekki lengur til.<sup>1667</sup>

Íslensku biblíuna, sem prentuð var í Kaupmannahöfn árið 1747, eignaðist Staðarkirkja á árunum 1761-1773.<sup>1668</sup> Þessi útgáfa biblíunnar var almennt nefnd *vajsenhúss* biblían og á titilblaði hennar er tekið fram að bókin sé prentuð í því konunglega *Waysen-huuse*.<sup>1669</sup> Merking danska orðsins *vajsenhus* er munaðarleysingjahæli. *Vajsenhúss*-biblían mun hafa verið gefin út í 1000 eintökum en danskur kaupmaður, Laurits Christensen Stierstrup að nafni, keypti meira en helming af upplaginu og gaf íslenskum kirkjum og öðrum hérlandum stofnunum og einstaklingum.<sup>1670</sup> Biblíu þessa mun Staðarkirkja hafa fengið að gjöf frá honum og er þess getið í úttekt frá árinu 1802.<sup>1671</sup> Þá var *Vajsenhúss*-biblía þessi orðin *spilt af vatni*<sup>1672</sup> og sex áratugum síðar var hún sögð vera *rotin og defect*.<sup>1673</sup>

Lærdómskverið eftir J. J. Rambach eignaðist kirkjan um svipað leyti og *Vajsenhúss*-biblíuna, það er að segja á árunum 1761-1773.<sup>1674</sup> Kver þetta hefur líklega verið á latínu því að í úttektum og vísitazíugerðum frá Stað er það jafnan nefnt *Monita Catechetica*.<sup>1675</sup> Höfundur þessa fermingarkvers, Johann Jakob Rambach, fæddur 1693, var virtur guðfræðingur og prófessor við háskólana í Jena og Giessen.<sup>1676</sup> Eitt kunnasta rit hans, *Erbauliches Handbuch für Kinder*, var þýtt á mörg tungumál<sup>1677</sup> og má telja líklegt að kverið sem Staðarkirkju átti hafi verið latnesk þýðing á þeirri bók. Slíka bók hafa latínulærðir prestar getað notfært sér við kennslu fermingarbarna. Í úttekt frá árinu 1812 er þess getið að barnalærdómskverið eftir Rambach sé gengið úr og ekki framar til.<sup>1678</sup>

Auk guðsorðabókanna eignaðist Staðarkirkja í Súgandafirði eina merkilega bók á síðari hluta átjándu aldar og var það Ferðabók Ólafs Olavíusar.<sup>1679</sup> Olavíus fór á vegum stjórnvalda í Danmörku í

<sup>1666</sup> Bps. A. II, 21. Vísitazíubók Finns biskups Jónssonar. Staður í Súgandaf. 27.8.1761. Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1773-1838, úttekt 18.6.1773.

<sup>1667</sup> Skj.s. próf. XIII. I. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Súgandaf., úttekt 22.6.1812. Sama skjalas. XIII. I. A. 4. Vísitazíubók 1836-1846. Staður í Súgandaf. 7.6.1839.

<sup>1668</sup> Bps. A. II, 21. Vísitazíubók Finns biskups Jónssonar. Staður í Súgandaf. 27.8.1761. Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1773-1838, úttekt 18.6.1773.

<sup>1669</sup> Biblíu, það er öll heilög ritning. Kaupm.höfn 1747.

<sup>1670</sup> Jónas Jónsson frá Hrafnagili 1961, 363.

<sup>1671</sup> Skj.s. próf. XIII. I. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandaf. 14.6.1802.

<sup>1672</sup> Sama heimild.

<sup>1673</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttekt 23.6.1863.

<sup>1674</sup> Bps. A. II, 21. Vísitazíubók Finns biskups Jónssonar. Staður í Súgandaf. 27.8.1761. Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1773-1838, úttekt 18.6.1773.

<sup>1675</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1773-1838, úttekt 18.6.1773. Bps. A. II, 24. Vísitazíub. Hannesar biskups Finnssonar. Staður í Súgandaf.12.8.1790. Skj.s. próf. XIII. I. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Súgandaf. 22.6.1812.

<sup>1676</sup> Encyclopedia of the Lutheran Church. Vol. III.

<sup>1677</sup> Encyclopedia of the Lutheran Church. Vol. III.

<sup>1678</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1773-1838, úttekt 18.6.1773. Bps. A. II, 24. Vísitazíub. Hannesar biskups Finnssonar. Staður í Súgandaf.12.8.1790. Skj.s. próf. XIII. I. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Súgandaf. 22.6.1812.

<sup>1679</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1773-1838, vísitazíugerð 2.9.1784.



rannsóknarferðir um Vestfirði, Norðurland og Austurland á árunum 1775-1777 og var megintilgangurinn sá að kanna atvinnuhætti og finna leiðir til úrbóta. Ferðabók hans kom út í Kaupmannahöfn árið 1780 og heitir í frumútgáfu *Oeconomisk Rejse igiennem de nordvestlige, nordlige og nordöstlige Kanter af Island*. Bók þessi sem er hið merkasta ritverk var löngu síðar þýdd á íslensku og gefin út í tveimur bindum á árunum 1964 og 1965.

Ólafur Olavíus var Vestfirðingur að ætt og uppruna, sonur Ólafs Jónssonar, lögsagnara á Eyri í Seyðisfirði við Djúp, og konu hans, Guðrúnar Árnadóttur.<sup>1680</sup> Um svipað leyti og Ferðabók Ólafs Olavíusar kom út í Kaupmannahöfn árið 1780 var ákveðið að senda öllum kirkjum í þeim héruðum landsins sem þar er fjallað um eitt eintak hverri að gjöf.<sup>1681</sup> Haustið 1784 vísiteraði Jón Ásgeirsson, prófastur á Söndum í Dýrafirði, kirkjuna hér á Stað og afhenti það eintak af bók Olavíusar sem henni var ætlað. Sóknarpresturinn, séra Þorsteinn Þórðarson, veitti bókinni viðtöku og í vísitazíugerðinni sem bæði prestur og prófastur skrifuðu undir segir svo:

*Það exemplar af hr. secretair Olavis Reise igiennem Island sem destinerað var til þessa Ségandafjarðarprestakalls eftir þess háa Rentu- og General Toldkammers fyrirskipan hefur nú presturinn, séra Þorsteinn, allareidu meðtekið og qwitterar prófastinn fyrir þess afhending.*<sup>1682</sup>

Heimildin sýnir að Staðarkirkja fékk Ferðabók Olavíusar afhenta 2. september árið 1784 og í úttektum og vísitazíugerðum frá síðustu árum 18. aldar og frá 19. öld er þess mjög oft getið að kirkjan eigi þessa bók.<sup>1683</sup> Sumarið 1996 var þetta gamla eintak af Ferðabók Olavíusar enn í eigu Staðarkirkju og geymt í altarinu.<sup>1684</sup>

Svo virðist sem mjög fáar eða engar bækur hafi bæst við bókakost Staðarkirkju á fyrri hluta 19. aldar. Í vísitazíugerð frá árinu 1852 er getið um gamlan *grallara* sem kirkjan er sögð eiga<sup>1685</sup> og má ætla að það sé *messusöngsbókin* sem séra Andrés Hjaltason lagði henni til á árunum upp úr 1840 (sjá hér bls. 173). Í úttekt frá sumrinu 1863 sést að *grallarinn* var þá ein þeirra þriggja bóka sem kirkjan átti við brottför séra Arngríms Bjarnasonar.<sup>1686</sup> Hinar tvær voru *Vajsenhúss*-biblían og Ferðabók

<sup>1680</sup> Ísl. æviskrár IV, 72-73.

<sup>1681</sup> Steindór Steindórsson / Ferðabók Olavíus 1964, I, bls. XIV.

<sup>1682</sup> Kirkjustóll Staðar í Ségandaf. 1773-1838, vísitazíugerð 2.9.1784.

<sup>1683</sup> Bps. A. II, 24. Vísitazíub. Hannesar bisk. Finnssonar. Staður í Ség. 12.8.1790. Bps. C. I, 2. Vísitazíub. Helga bisk. Thordersen. Staður í Ség. 10.7.1852. Skj.s. próf. XIII. 1. A. 3. Vísitazíub. 1810-1835. Staður í Ség., úttekt 22.6.1812. Sama skj.s. XIII. 1. A. 4. Vísitazíub. 1836-1846. Staður í Ség., úttekt 7.6.1839 Kirkjustóll Staðar í Ségandaf. 1839-1919, úttektir 14.7.1849 og 23.6.1863.

<sup>1684</sup> Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 26.6.1996.

<sup>1685</sup> Bps. C. I. 2. Vísitazíubók Helga biskups Thordersen. Staður í Ségandaf. 10.7.1852.

<sup>1686</sup> Kirkjustóll Staðar í Ségandaf. 1839-1919, úttekt 23.6.1863.

Olavíusar.<sup>1687</sup> Engar sálmbækur voru þá í eigu kirkjunnar nema þetta eina eintak af *grallaranum*. Fyrstu sálmbækurnar í nýjum stíl mun kirkjan hafa eignast árið 1884 en í reikningum hennar frá því ári sést að þá voru keyptar þrjár sálmbækur og kostuðu 3,- krónur hver.<sup>1688</sup> Árið 1898 eignaðist kirkjan svo átta sálmbækur sem kostuðu tvær krónur hver<sup>1689</sup> og í prófastsvísitazíu frá árinu 1909 segir að Staðarkirkja eigi átta sálmbækur í *góðu standi*.<sup>1690</sup> Tvær þessara sálmbóka frá árinu 1898 voru enn í Staðarkirkju sumarið 1996.<sup>1691</sup>

Af eignum Staðarkirkju frá fyrri tíð er nú aðeins eftir að minnst á graftólin en þau voru oftast járnkarl og ein eða tvær rekur. Árið 1639 átti kirkjan á Stað járnkarl og pálreku.<sup>1692</sup> Fjórtán árum síðar höfðu bæði þessi verkfæri verið endurnýjuð því árið 1653 átti hún nýja pálreku og járnkarl með haldi sem hafði verið keyptur fyrir vætt,<sup>1693</sup> það er einn sjötta hluta úr kýrverði. Í úttekt frá árinu 1661 sést að nýnefndur járnkarl var tveggja álna hár (um 125 sentimetrar) og þá var haldið á honum orðið brákað.<sup>1694</sup>

Árið 1761 átti Staðarkirkja einn járnkarl og tvær rekur<sup>1695</sup> en 1790 brotinn járnkarl og reurnar tvær.<sup>1696</sup> Allra lakast var ástandið í þessum eignum árið 1802. Séra Þorsteinn Þórðarson á Stað var þá nýlega flosnaður upp vegna harðinda og farinn burt úr prestakallinu (sjá hér bls. 106-108) og fór úttekt fram þann 14. júní. Séra Jón Ásgeirsson, prófastur í Holti, stóð fyrir úttektinni og lét bóka: *Graftól framkomu engin*.<sup>1697</sup> Úr þessum skorti á graftólum var bætt skömmu síðar og árið 1812 átti Staðarkirkja tvær varrekur, eina pálreku og járnkarl *stálsleginn* sem vó 10 pund.<sup>1698</sup> Þessi góðu verkfæri átti kirkjan þegar séra Eiríkur Vigfússon tók við Staðarprestakalli en á prestskaparárum hans hér í Súgandafirði, 1812-1838, bættist prestaspaði við.<sup>1699</sup> Um miðbik 19. aldar bjó Staðarkirkja álíka vel að graftólum og verið hafði 1812<sup>1700</sup> en breytingar sem síðar hafa orðið, hvað þetta varðar, verða ekki raktar hér.

Ekkert hljóðfæri var í Staðarkirkju um aldamótin 1900 en fyrsta orgelið kom til Súgandafjarðar árið 1901<sup>1701</sup> (sbr. hér bls. 146-148). Eigandi þess var frú Anna Stefánsdóttir, eiginkona séra Þorvarðar Brynjólfssonar en hann tók við prestakallinu í Súgandafirði það ár. Árið 1907 eða skömmu síðar var farið að nota orgelið við guðsþjónustur og það

<sup>1687</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttekt 23.6.1863.

<sup>1688</sup> Sama heimild, reikningar Staðarkirkju.

<sup>1689</sup> Sama heimild.

<sup>1690</sup> Sami kirkjustóll, vísitazíugerð 4.7.1909.

<sup>1691</sup> Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 26.6.1996.

<sup>1692</sup> Bps. A. II, 6. Vísitazíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar. Staður í Súgandaf. 15.8.1639.

<sup>1693</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. B. 1. Skjalabók frá Holti í Önundarf., bls. 100. Staður í Súgandaf., úttekt 2.6.1653.

<sup>1694</sup> Skj.s. próf. XIII. 1.B.1. Skjalabók frá Holti í Ön.f., bls. 102. Staður í Súgandaf., úttekt frá árinu 1661.

<sup>1695</sup> Bps. A. II, 21. Vísitazíubók Finns biskups Jónssonar. Staður í Súgandaf. 27.8.1761.

<sup>1696</sup> Bps. A. II, 24. Vísitazíubók Hannesar biskups Finnssonar. Staður í Súgandaf. 12.8.1790.

<sup>1697</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandaf., úttekt 14.6.1802.

<sup>1698</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Súgandaf., úttekt 22.6.1812.

<sup>1699</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 4. Vísitazíubók 1836-1846. Staður í Súgandaf., úttekt 7.6.1839.

<sup>1700</sup> Bps. C. I, 2. Vísitazíubók Helga biskups Thordersen. Staður í Súgandaf. 10.7.1852.

<sup>1701</sup> Gunnar M. Magnuss 1977, 232.

borið út í kirkjuna þegar messað var.<sup>1702</sup> Friðrik Hjartar, sem tók við starfi barnakennara á Suðureyri árið 1907, var *fyrsti maður sem lék á orgel í Staðarkirkju*.<sup>1703</sup>

Í gömlum úttektum sem varðveist hafa er mikinn fróðleik að finna um bæjarhúsin á Stað á fyrri tímum. Elsta úttektin sem hægt er að skoða er frá árinu 1615 en þá var séra Gils Ólafsson að setjast hér að en séra Erlendur Snæbjörnsson nýlega látinn.

Í bænnum voru þá fjögur hús eða herbergi - skáli, skálabúr, klefi og baðstofa og svo göngin.<sup>1704</sup> Greinilegt er að skálinn hefur þá verið stærsta húsið því þar voru sex rúm, þrjú við hvorn vegg.<sup>1705</sup> Gera má ráð fyrir að tólf manneskjur hafi sofið í skálanum því almenna reglan var sú að tveir svæfu í hverju rúmi. Hugsanlegt er að einhver rúm hafi líka verið í baðstofunni en þess er ekki getið í úttektinni. Baðstofan var tvískipt því þar voru tveir pallar og tvær pallskarir.<sup>1706</sup> Í baðstofunni var moldargólf nema hvað 7 fjalir höfðu verið lagðar á annan pallinn en 9 smáfjalir fornar voru á hinum.<sup>1707</sup> Skálabúrið, sem nefnt er í úttektinni frá 1615, hefur án efa verið matargeymsla eins og öll önnur búr í gömlu torfbæjunum. *Klefinn*, sem svo var nefndur, var í *göngunum*. Líklegast er að hann hafi verið einhvers konar geymsla en um það er þó ekki hægt að fullyrða. Öll voru þessi hús í býsna góðu standi þegar úttektin fór fram.

Fjögur útihús fylgdu prestssetrinu árið 1615, skemma, fjós, hjallur og lítið lambhús.<sup>1708</sup> Skemmuna og fjósið hafði séra Erlendur byggt upp skömmu áður en hann andaðist og voru þau *með sterkum viðum og moldum*.<sup>1709</sup> Hjallurinn var hins vegar spelalaus og lambhúsið lítið.<sup>1710</sup> Í þessari sömu úttekt er tekið sérstaklega fram að á Staðarbænum séu fjórar hurðir, og svo ein hurð á fjósinu og ein á lambhúsinu.<sup>1711</sup>

Tvær úttektir sem hér voru gerðar á síðari hluta 17. aldar hafa varðveist, önnur frá árinu 1653 en hin frá árinu 1661.<sup>1712</sup> Árið 1653 töldust bæjarhúsin á Stað vera sex ef göngin eru ekki talin með og ekki heldur útihús.<sup>1713</sup> Hús þessi voru: Skáli, baðstofa, litla baðstofa, eldhús, búr og klefi.<sup>1714</sup>

Skálinn var þá orðinn *gamall og genginn* en þó enn sterklegur og í honum voru eins og áður sex rúm.<sup>1715</sup> Fyrir ofan tvö innstu rúmin var

<sup>1702</sup> Gunnar M. Magnuss 1977, 232.

<sup>1703</sup> Sama heimild.

<sup>1704</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. B. 1. Skj.bók frá Holti í Ön.f. 1333-1708, bls. 99. Staður í Súg., úttekt árið 1615.

<sup>1705</sup> Skj.s. próf. XIII. 1.B.1.Skj.bók frá Holti í Ön.f. 1333-1708, bls. 99. Staður í Súg.f., úttekt árið 1615.

<sup>1706</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. B. 1. Skj.bók frá Holti í Ön.f. 1333-1708, bls. 99. Staður í Súg., úttekt árið 1615.

<sup>1707</sup> Sama heimild.

<sup>1708</sup> Sama heimild.

<sup>1709</sup> Sama heimild.

<sup>1710</sup> Sama heimild.

<sup>1711</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. B. 1. Skj.bók frá Holti í Ön.f. 1333-1708, bls. 99. Staður í Súg., úttekt árið 1615.

<sup>1712</sup> Sama skjalabók, bls. 100-102 og 102-104.

<sup>1713</sup> Sama skjalabók, bls. 100-102. Staður í Súgandaf., úttekt 2.6.1653.

<sup>1714</sup> Sama heimild.

<sup>1715</sup> Sama heimild.

piljað<sup>1716</sup> og er ekki ólíklegt að prestshjónin hafi sofið þar. Milli skála og búrs var timburpil sem náði *upp úr öllu*.<sup>1717</sup> Búrið var í þremur stafgólfum með fjórum bitum og sperrum, tveimur hillufjöllum, hurð og dyrastöfum.<sup>1718</sup> Klefinn var stæðilegur og hafði nýlega verið gerður upp. Hann var með fjórum bitum, sperrum og syllum, hurð og dyrastöfum.<sup>1719</sup> Innan við klefann var *litla baðstofa* með einum sperrum, einni pallslá, bita og lasinni mænitróðu sem var gamall greniraftur.<sup>1720</sup> Í dyrum litlu baðstofu voru hurð og *gættir*<sup>1721</sup> sem þarna mun merkja dyrastafir.

Baðstofan, sú stærri, var í þremur stafgólfum.<sup>1722</sup> Í henni var bæði *pallur* og *bekkur*.<sup>1723</sup> Upp í bekkinn lágu tröppur.<sup>1724</sup> Í baðstofudyrnunum var hurð með hjörum og klinku.<sup>1725</sup> Ætla má að baðstofan hafi verið innsta húsið í bænum. Eldhúsið var innanbæjar.<sup>1726</sup> Það var í þremur stafgólfum með fjórum bitum og sperrum og vænni hurð á járnum.<sup>1727</sup> Frá baðstofunni lágu göng að litlu baðstofu og voru þau með mæniás og tveimur stöfum.<sup>1728</sup> Frá litlu baðstofu lágu göng að klefanum og að því er virðist önnur að skálanum.<sup>1729</sup> Skálagöngin voru með tveimur sperrum, tveimur bitum og fjórum stöfum.<sup>1730</sup> Árið 1653 voru þau orðin *lasin að moldum*.<sup>1731</sup>

Inn í bæinn var gengið á tveimur stöðum. Um *skálaönd*, það er anddyri á skálanum, var hægt að ganga beint inn í hann en aðalinnangangur var um *portið* sem svo var nefnt. Á skálaöndinni var gamalt reisipak.<sup>1732</sup> Portið með bæjardyrnunum var svolítil útbygging eða forstofa með *syllum, sperrum, grenirafti, sterkum áfellum, hurð kostulegri, drótt og dyrastöfum, piljað fyrir ofan bita*.<sup>1733</sup>

Árið 1653 voru þrjú útihús á Stað, skemma, hjallur og fjós en ekkert hús sem ætlað var sauðfé ef marka má úttektina frá því ári.<sup>1734</sup> Skemmuna sem stóð á hlaðinu hafði séra Gils Ólafsson látið stækka og var hún *vel standandi, bæði að viðum og veggjum*.<sup>1735</sup> Í skemmunni voru tvö stafgólf og hún var með timburgafla og hurð á járnum með dyrastöfum og

<sup>1716</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. B. 1. Skj.bók frá Holti í Önundarf. frá árunum 1333-1708, bls. 100-102. Staður í Súgandaf., úttekt 2.6.1653.

<sup>1717</sup> Sama heimild.

<sup>1718</sup> Sama skjalabók, bls. 100-102. Staður í Súgandaf., úttekt 2.6.1653.

<sup>1719</sup> Sama heimild.

<sup>1720</sup> Sama heimild.

<sup>1721</sup> Sama heimild.

<sup>1722</sup> Sama heimild.

<sup>1723</sup> Sama heimild. Sbr. Jónas Jónasson frá Hrafnagili 1961, 459-461.

<sup>1724</sup> Sama heimild.

<sup>1725</sup> Sama heimild.

<sup>1726</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. B. 1. Skj.bók frá Holti í Ön.f. 1333-1708, bls. 100-102. St. í Súg., úttekt árið 1653.

<sup>1727</sup> Sama heimild.

<sup>1728</sup> Sama heimild.

<sup>1729</sup> Sama heimild.

<sup>1730</sup> Sama heimild.

<sup>1731</sup> Sama heimild.

<sup>1732</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. B. 1. Skj.bók frá Holti í Ön.f. 1333-1708, bls. 100-102. St. í Súg., úttekt árið 1653.

<sup>1733</sup> Sama heimild.

<sup>1734</sup> Sama heimild.

<sup>1735</sup> Sama heimild.

hespu.<sup>1736</sup> Hjallurinn var spelahjallur og í honum voru líka tvö stafgólf.<sup>1737</sup> Í honum voru þrír bitar og hurð í hjalldyrum.<sup>1738</sup> Fjósið var stæðilegt en þó lasið að veggjum í tveimur básum.<sup>1739</sup> Óljóst er hvað básarnir hafa verið margir en færri en fjórir munu þeir ekki hafa verið því við úttektina 2. júní 1653 voru nýjum prestri afhentar þrjár kýr og ein kvíga.<sup>1740</sup> Allt timbur í fjósinu var úr greniraftri,<sup>1741</sup> m.a. níu súlur og tveir hliðásar.<sup>1742</sup> Í fjósdyrunum voru tvær hurðir á járnnum.

Á þeim átta árum sem séra Ólafur Jónsson var prestur hér á Stað, árunum 1653-1661, varð lítil breyting á húsaskipaninni.<sup>1743</sup> Í úttekt frá árinu 1661 sést að búið var *innar af skálanum* og að klefinn, sem fyrr var nefndur, var í þremur stafgólfum.<sup>1744</sup> Hann var þá orðinn *gamall og genginn*.<sup>1745</sup> Litla baðstofa hefur þá líka verið farin að lasnast því árið 1661 er talað um *kofa* sem kallaður hafi verið *litla baðstofa*.<sup>1746</sup> Sjálfa baðstofuna hafði séra Ólafur hins vegar látið endurbæta.<sup>1747</sup> *Bekkurinn* í henni mun þó hafa orðið útundan við þær endurbætur því úttektarmennirnir frá 1661 segja að í baðstofunni sé *forn bekkur lasinn með tröppum litlum og gömlum*.<sup>1748</sup>

Presturinn sem settist að á Stað árið 1661 var séra Jón Torfason og meðal þess sem hann fékk í hendur frá erfingjum forvera síns voru *borð og borðstólar*, hvort tveggja gamalt.<sup>1749</sup> Eru það fyrstu húsgögnin sem um er kunnugt á þessu prestssetri.

Útihúsin sem séra Jóni voru afhent árið 1661 voru þau sömu og forveri hans, séra Ólafur Jónsson, hafði tekið við átta árum fyrr nema hvað bæst hafði við *húskofi lítill inn á vellinum*.<sup>1750</sup> Timbrið í hjallinum hafði séra Ólafur endurnýjað en fjósið var *komið að fallanda*.<sup>1751</sup>

Engin útekt bæjarhúsanna á Stað sem gerð var á 18. öld hefur fundist við lauslega leit og er það miður en hin fyrsta af sex úttektum sem gerðar voru á 19. öld er frá árinu 1802. Þá var 141 ár liðið frá því staðurinn var tekinn út í hendur séra Jóns Torfasonar árið 1661 og á því langa skeiði höfðu bæjarhúsin tekið ýmsum breytingum.<sup>1752</sup> Árið 1802 voru *litla*

<sup>1736</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. B. 1. Skj.bók frá Holti í Ön.f. 1333-1708, bls. 100-102. St. í Sóg., úttekt árið 1653.

<sup>1737</sup> Sama heimild.

<sup>1738</sup> Sama heimild

<sup>1739</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. B. 1. Skj.bók frá Holti í Ön.f. 1333-1708, bls. 100-102. St. í Sóg., úttekt árið 1653.

<sup>1740</sup> Sama heimild.

<sup>1741</sup> Sama heimild.

<sup>1742</sup> Sama heimild.

<sup>1743</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. B. 1. Skj.b. frá Holti í Ön.f. 1333-1708, bls. 102-104. Staður í Sóg., úttekt 1661.

<sup>1744</sup> Sama heimild.

<sup>1745</sup> Sama heimild.

<sup>1746</sup> Sama heimild.

<sup>1747</sup> Sama heimild.

<sup>1748</sup> Sama heimild.

<sup>1749</sup> Sama heimild.

<sup>1750</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. B. 1. Skj.b. frá Holti í Ön.f. 1333-1708, bls. 102-104. Staður í Sóg., úttekt 1661.

<sup>1751</sup> Sama heimild.

<sup>1752</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandaf., úttekt 14.6.1802.

*baðstofa* og *klefinn* horfin en í staðinn var komin *stofa*.<sup>1753</sup> Svo virðist sem bærinn, er séra Þorsteinn Þórðarson bjó í um aldamótin 1800, hafi verið talsvert miklu minni en sá sem séra Jón Torfason tók við árið 1661.<sup>1754</sup> Klefinn í sautjándu aldar bænum var þrjú stafgólf eins og fyrr var nefnt og litla baðstofa eitt eða tvö stafgólf. Stofan sem kom í staðinn fyrir bæði þessi hús var hins vegar ekki nema tvö stafgólf og auk þess hafði stafgólfum í skálanum fækkað úr þremur í tvö og stafgólfum í búrinu hafði líka fækkað um eitt.<sup>1755</sup> Aðeins baðstofan og eldhúsið náðu að halda óbreyttum fjölda stafgólfa, þremur stafgólfum hvort hús.

Vegna skorts á heimildum er ekki unnt að sjá hvenær á tímabilinu frá 1661 til 1802 *klefinn* og *litla baðstofa* hurfu úr sögunni og stofuhúsið kom í staðinn. Ljóst er þó að þessi breyting hefur átt sér stað eigi síðar en nokkuð snemma á 18. öld því að í úttektinni frá 1802 er talað um stofu svokallaða *að fornildu*.<sup>1756</sup>

Hér verður nú reynt að draga upp mynd af bæjarhúsunum á Stað við upphaf 19. aldar og þróun þeirra allt til loka hennar en frá útihúsunum segir síðar. Árið 1802 voru bæjarhúsin á prestssetrinu fimm, baðstofa, eldhús, stofa, skáli og búr en séu göngin og bæjarportið flokkuð sem sérstök hús hækkar talan úr fimm í sjö.<sup>1757</sup>

Baðstofan, sem var í þremur stafgólfum, var innst í bænum.<sup>1758</sup> Hún var með þremur sperrum á bitum og tveimur höggsperrum og stöfum.<sup>1759</sup> Frá baðstofunni lágu *krókgöng* til eldhúss *fram að þeim sem liggja beint til útidyra*.<sup>1760</sup> Til að halda uppi þakinu á nýnefndum krókgöngum voru m.a. notuð tvö hvalbein.<sup>1761</sup> Eldhúsið var í þremur stafgólfum eins og hér hefur áður verið nefnt og löngum hafði verið. Frá því lágu göng fram að bæjarportinu og voru þau í tveimur *löngum* stafgólfum.<sup>1762</sup> Um skálann og búrið, sem var inn af honum, hefur þegar verið getið. Bæjarportið innan við útidyrnar var í þremur *stuttum* stafgólfum *með tvennum sperrum yst og innst og tvennum höggsperrum þar í milli, átta stöfum* og tveimur bitum *undir lang súð* sem var bæði forn og ný.<sup>1763</sup> Fyrir sjálfum útidyrnum var *slagþil með járnseymdum smálistum utanvert og með vindskeiðum að ofan*.<sup>1764</sup> Allur dyraumbúningur var með hefðbundnum hætti en gadd til að loka bænum með vantaði.<sup>1765</sup>

Þegar úttekt var gerð á bæjarhúsunum á Stað 14. júní 1802 var um það bil eitt ár liðið frá því presturinn, séra Þorsteinn Þórðarson, flosnaði upp frá

<sup>1753</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandaf., úttekt 14.6.1802.

<sup>1754</sup> Sama heimild.

<sup>1755</sup> Sama heimild.

<sup>1756</sup> Sama heimild.

<sup>1757</sup> Sama heimild.

<sup>1758</sup> Sama heimild.

<sup>1759</sup> Sama heimild.

<sup>1760</sup> Sama heimild.

<sup>1761</sup> Sama heimild.

<sup>1762</sup> Sama heimild.

<sup>1763</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandaf., úttekt 14.6.1802.

<sup>1764</sup> Sama heimild.

<sup>1765</sup> Sama heimild.

búskap vegna harðinda og flýði úr Súgandafirði á náðir sonar síns sem var þjónandi prestur undir Jökli á Snæfellsnesi (sjá hér bls. 106-108). Við slíkar aðstæður var tæplega við því að búast að húsakynnin á prestssetrinu væru í góðu standi, enda segir í úttektinni frá 1802 að nær allir viðir í baðstofunni séu fúnir og baðstofuhúsið megi kallast *fallið til viðna og veggja*.<sup>1766</sup> Í álag vegna fyrningar á baðstofunni var séra Þorsteini gert að greiða 30 ríkisdali en heildarálagið, sem hann var krafinn um vegna bæjarhúsanna og útihúsa á Stað, nam liðlega 60 ríkisdöllum.<sup>1767</sup> Vart þarf að taka fram að hinn uppflosnaði prestur var með öllu ófær um að greiða þá kröfu.

Séra Þorlákur Jónsson, sem var prestur Súgfirðinga frá 1802 til 1812, byggði hér nýja baðstofu og breytti *stofunni* í eldhús.<sup>1768</sup> Baðstofan sem hann kom upp var portbyggð og í henni voru fjögur stafgólf,<sup>1769</sup> einu fleira en verið höfðu í gömlu baðstofunni sem hann tók við í slæmu ástandi. Í baðstofu séra Þorláks voru átta stafir, þrír bitar og fjórar sperrur.<sup>1770</sup> Yfir tveimur stafgólfum var súð úr fjöllum og hálflettum borðum en yfir hinum tveimur voru langbönd og mænitróða.<sup>1771</sup> Árefti var úr birki.<sup>1772</sup> Eins og áður sagði var þessi baðstofa *portbyggð* og verður þá að telja að í henni hafi verið loft en það er ekki nefnt með beinum orðum í úttektinni.<sup>1773</sup>

Önnur bæjarhús en baðstofan voru í tíð séra Þorláks eldhús, búr og skáli.<sup>1774</sup> Eldhúsið var þar sem *stofan* hafði áður verið og var í tveimur stafgólfum.<sup>1775</sup> Framan við það var gisið hálfpil og í dyrunum hurð á járnum.<sup>1776</sup> Í skálanum, sem líka var í tveimur stafgólfum, var slagpil fyrir neðan bita og hurð á járnum í skáladyrum.<sup>1777</sup> Búrið var inn af skálanum og *afdeilt* frá honum með timburþili.<sup>1778</sup> Það var einnig tvö stafgólf.<sup>1779</sup>

Göng í tveimur stafgólfum lágu frá baðstofunni til skáladyra og önnur göng í *portbyggingarformi* lágu frá skálanum til útidyra.<sup>1780</sup> Þau voru líka í tveimur stafgólfum.<sup>1781</sup> Fyrir dyrunum var slagpil og í þeim dyrastafir ásamt hurð á járnum með járngaddi og snerli.<sup>1782</sup> Vindskeiðar voru yfir dyrunum. Á þessum bæ séra Þorláks var líka *önd*, það er anddyri, milli

<sup>1766</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandaf., úttekt 14.6.1802.

<sup>1767</sup> Sama heimild.

<sup>1768</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Súgandaf., úttekt 22.6.1812.

<sup>1769</sup> Sama heimild.

<sup>1770</sup> Sama heimild.

<sup>1771</sup> Sama heimild.

<sup>1772</sup> Sama heimild.

<sup>1773</sup> Sama heimild.

<sup>1774</sup> Sama heimild.

<sup>1775</sup> Sama heimild.

<sup>1776</sup> Sama heimild.

<sup>1777</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Súgandaf., úttekt 22.6.1812.

<sup>1778</sup> Sama heimild.

<sup>1779</sup> Sama heimild.

<sup>1780</sup> Sama heimild.

<sup>1781</sup> Sama heimild.

<sup>1782</sup> Sama heimild.

eldhúss og skála.<sup>1783</sup> Sú önd var bara eitt stafgólf.<sup>1784</sup> Þar hlýtur að hafa verið annar inngangur í bæinn.

Á árunum 1812-1838 var séra Eiríkur Vigfússon prestur á Stað (sjá hér bls. 118-123). Í hans tíð leið skálinn gamli undir lok<sup>1785</sup> og var aldrei reistur við á ný. Á móti kom nokkur stækkun á búi og eldhúsi. Búrið, sem verið hafði tvö stafgólf árið 1812, var orðið fjögur stutt stafgólf árið 1839 og í eldhúsinu, þar sem *stofan* var fyrir 1812, voru nú komin þrjú stafgólf í stað tveggja.<sup>1786</sup>

Baðstofan virðist hins vegar hafa tekið litlum breytingum í tíð séra Eiríks og var hún árið 1839 í fjórum stafgólfum eins og verið hafði 1812.<sup>1787</sup> Við brottfall stofunnar á árunum 1802-1812 og síðan skálans á árunum 1812-1839 fækkaði bæjarhúsum á Stað úr fimm í þrjú. Eftir stóðu baðstofan, búr og eldhús. Í úttektinni frá 1839 sést að baðstofan var þá fjögur stafgólf *fullläng* og að breidd hennar var 4 og ½ alin.<sup>1788</sup> Allar líkur benda til að lengd hennar og breidd hafi þá verið sú sama og 1812.

Í úttektinni frá 1812 er ekki getið sérstaklega um loft í baðstofunni en árið 1839 var alveg tvímælaust komið í hana loft og segir í úttektinni frá því ári að það sé úr fínum við.<sup>1789</sup> Á baðstofuloftinu var eitthvað af rúmum, að minnsta kosti tvö. Í baðstofuhúsinu, líklega niðri, var eitt stafgólfið þiljað af.<sup>1790</sup> Á því var gluggi og tvær hurðir og þar var líka lítið borð innan veggja.<sup>1791</sup> Líklegt er að séra Hjalti Þorláksson, sem var aðstoðarprestur séra Eiríks frá árinu 1830, hafi búið ásamt fjölskyldi sinni í þessu afþiljaða kamesi því í úttektinni frá 1839 er á einum stað nefnt *loft yfir stafgólfi séra Hjalta*.<sup>1792</sup> Yfir tveimur stafgólfum á baðstofuloftinu var *súðarmynd* en greniárefti yfir hinum tveimur.<sup>1793</sup>

Göng lágu árið 1839 frá baðstofunni og fram að eldhúsdýrum.<sup>1794</sup> Þau voru tveir og hálfur faðmur á lengd,<sup>1795</sup> það er 4,7 metrar, og tvær álnir á breidd, um 1,25 metrar.<sup>1796</sup> Eldhúsið, sem var í þremur stafgólfum, var 6 álnir á breidd<sup>1797</sup> svo grunnflötur þess hefur að líkindum verið um það bil 17 fermetrar (sbr. hér bls. 195). Búr og eldhús voru árið 1839 sitt hvorum megin við göng sem lágu til útidyra því sagt er að *öndin*, þar sem gengið

<sup>1783</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Súgandaf., úttekt 22.6.1812.

<sup>1784</sup> Sama heimild.

<sup>1785</sup> Sama heimild.

<sup>1786</sup> Sama heimild.

<sup>1787</sup> Sama heimild.

<sup>1788</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 4. Vísitazíubók 1836-1846. Staður í Súgandaf., úttekt 7.6.1839.

<sup>1789</sup> Sama heimild.

<sup>1790</sup> Sama heimild.

<sup>1791</sup> Sama heimild.

<sup>1792</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 4. Vísitazíubók 1836-1846. Staður í Súgandaf., úttekt 7.6.1839.

<sup>1793</sup> Sama heimild.

<sup>1794</sup> Sama heimild.

<sup>1795</sup> Sama heimild.

<sup>1796</sup> Sama heimild.

<sup>1797</sup> Sama heimild.



var inn, hafi verið milli búrs og eldhúss.<sup>1798</sup> Göngin sem lágu að útidyrum voru ásamt *öndinni*, það er anddyrinu, tvö löng stafgólf.<sup>1799</sup>

Séra Eiríkur Vigfússon hafði þjónað Staðarprestakalli í röska aldarfjórðung er hann andaðist árið 1838. Hann var góður smiður eins og hér hefur áður verið nefnt (sjá hér bls. 118-123). Samt náði hann ekki að halda bæjarhúsunum við og hefur máske verið heilsulítill síðustu árin. Viðir í baðstofunni voru árið 1839 taldir *óbrúkanlegir* til endurbyggingar á henni, m.a. vegna fúa.<sup>1800</sup> Á eldhúsinu voru veggir *gjörfallnir* og húsið snarað.<sup>1801</sup> Enginn dyraumbúningur var fyrir því húsi.<sup>1802</sup> Í búrinu var engin spýta talin nothæf í endurbyggingu en timburpilið með bæjardyrnum og útidyrahurðin þótti úttektarmönnum vera nokkuð fornfáleg.<sup>1803</sup>

Í álag vegna fyrningar á bæjarhúsum og útihúsum var ekkju séra Eiríks gert að greiða 129 ríkisdali og 32 skildinga.<sup>1804</sup> Upp í það gat hún lagt fram eða vísað á verðmæti sem metin voru á 53 ríkisdali og 24 skildinga<sup>1805</sup> og stóðu þá eftir 76 ríkisdalir og 8 skildingar sem hún gat með engu móti greitt. Sú upphæð svaraði þá til tveggja kúgilda og liðlega hálfu betur.<sup>1806</sup>

Það kom í hlut séra Andrésar Hjaltasonar að byggja upp bæjarhúsin hér á Stað en hann tók við prestakallinu árið 1839 og þjónaði því í 10 ár.

Baðstofan sem séra Andrés byggði kynni að hafa verið álíka stór og sú eldri þó stafgólfunum fjölgaði úr fjórum í fimm.<sup>1807</sup> Í úttektinni frá 1849 er ekki getið um lengd hennar en í úttektum frá 1863 og 1883 er baðstofan á Stað sögð 12 álnir á lengd og í fimm stafgólfum.<sup>1808</sup> Hvert stafgólf í henni hefur því verið 2,4 álnir, það er einn og hálfur metri. Ekki verður annað séð en sú baðstofa sem fólkið á Stað bjó í 1863 og 1883 hafi verið hin sama og séra Andrés kom upp á árunum milli 1840 og 1850. Baðstofa séra Andrésar hefur líklega verið aðeins breiðari en sú gamla því að í úttektinni frá 1849 er komist svo að orði að baðstofan sé *nú orðin 5 álnir á breidd*,<sup>1809</sup> það er hálfri alin breiðari en sú gamla hafði verið (sjá hér bls. 194). Þessi stækkun virðist hins vegar hafa gengið til baka mjög skömmu eftir brottför séra Andrésar frá Stað því í úttektum frá 1863 og 1883 er baðstofan á þessu sama prestssetri sögð vera 4,5 álnir á breidd.<sup>1810</sup> Gólfplötur baðstofunnar hefur því verið 21-24 fermetrar. Um hæð hennar er

<sup>1798</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 4. Vísitazíubók 1836-1846. Staður í Súgandaf., úttekt 7.6.1839.

<sup>1799</sup> Sama heimild.

<sup>1800</sup> Sama heimild.

<sup>1801</sup> Sama heimild.

<sup>1802</sup> Sama heimild.

<sup>1803</sup> Sama heimild.

<sup>1804</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 4. Vísitazíubók 1836-1846. Staður í Súgandaf., úttekt 7.6.1839.

<sup>1805</sup> Sama heimild.

<sup>1806</sup> Skýrslur um landshagi, Kph. 1858, I, 262.

<sup>1807</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttektir 14.7.1849, 23.6.1863 og 1.5.1883.

<sup>1808</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttektir 14.7.1849, 23.6.1863 og 1.5.1883.

<sup>1809</sup> Sömu heimildir.

<sup>1810</sup> Sömu heimildir.

ekki rætt í úttektinni frá 1849 en árið 1863 er hún sögð 6 álnir,<sup>1811</sup> það er 3,77 metrar, og mun þá vera átt við hæðina frá jörð og alveg upp í mæni.

Á þeim tíu árum sem séra Andrés Hjaltason var prestur á Stað byggði hann upp a.m.k. fjögur hús sem þar voru fyrir og bætti tveimur nýjum við.<sup>1812</sup> Gömlu húsin sem hann endurreisti voru baðstofan, búr, hjallur og fjós og þau tvö nýju, sem hann byggði frá grunni, voru fjárhús niðri á bökkunum við sjóinn og hesthús.<sup>1813</sup>

Í tíð séra Andrésar virðast þó engar verulegar breytingar hafa orðið á húsaskipan í Staðarbænum. Vistarverunum þar fjölgaði ekki og fjöldi stafgólfa í búi og eldhúsi hélst óbreyttur frá því sem verið hafði árið 1839.<sup>1814</sup> Einhver breyting kynni að vísu að hafa orðið á göngunum því í úttektinni frá 1839 er talað um göng (frá baðstofunni) fram að eldhúsdryum og önnur sem virðast hafa legið frá eldhúsinu til bæjardyra en í úttektinni frá 1849 verður ekki séð að göngin hafi verið tvískipt með þessum hætti.<sup>1815</sup>

Í úttektinni, sem hér var síðast nefnd, er baðstofunni sem séra Andrés Hjaltason byggði lýst með þessum orðum:

*Baðstofan í 5 stafgólfum nú orðin 5 álnir á breidd með öllum tilhlýðilegum viðum, syllum, sperrum, stöfum í hvörju stafgólfi og 3 bitum, allt góðir viðir að sjá, nýlegir. Veggir allir prýðilega álitnir í standi. Loft úr nýlegum borðum er yfir allri baðstofunni. Stofuhús er í hennar öðrum enda, þiljað allt í kring úr nýjum við, vel vandað og umgengið með panelverks hurð fyrir dryum og góðri skrá, einnig stórum glugga á gafli og gluggakistu.<sup>1816</sup>*

Stofuhúsið, sem þarna er talað um, mun hafa verið niðri, undir baðstofupallinum því í úttekt frá árinu 1863 er talað um *húsið á gólfinu*<sup>1817</sup> en húsaskipan virðist þá hafa verið óbreytt frá 1849. Uppi á baðstofuloftinu voru hins vegar fimm rúmstæði.<sup>1818</sup>

Þeir sem tóku baðstofuna út árið 1849 virtu hana á 50 ríkisdali,<sup>1819</sup> það er tæplega tvö kúgildi<sup>1820</sup> en lækkuðu þá upphæð svo um 8 ríkisdali þar eð langbönd á yfirgrindinni reyndust vera úr *fornum viðum* og sums staðar sýndist *sperruverkið* hallast.<sup>1821</sup>

<sup>1811</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttektir 14.7.1849, 23.6.1863 og 1.5.1883.

<sup>1812</sup> Sömu heimildir.

<sup>1813</sup> Sömu heimildir.

<sup>1814</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttektir 14.7.1849, 23.6.1863 og 1.5.1883. Sbr. hér bls. 186.

<sup>1815</sup> Kirkjustóll Staðar í Súg.f. 1839-1919, úttekt 14.7.1849.

<sup>1816</sup> Sama heimild.

<sup>1817</sup> Sami kirkjustóll, úttekt 23.6.1863.

<sup>1818</sup> Sami kirkjustóll, úttekt 14.7.1849.

<sup>1819</sup> Sama heimild.

<sup>1820</sup> Skýrslur um landshagi 1858, I, 262.

<sup>1821</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttekt 14.7.1849.

Í tíð séra Arngríms Bjarnasonar, sem var prestur Súgfirðinga frá 1849 til 1863, var lítið um húsbyggingar á Stað og öll húsaskipan hélt óbreytt nema ef vera kynni að baðstofan hafi mjókkað um hálfu alin eins og hér var áður minnst á. Í úttektinni sem gerð var við brottför séra Arngríms sumarið 1863 sjáum við hins vegar í fyrsta sinn hvert var flatarmál bæjarganganna, búrs og eldhúss.<sup>1822</sup> Um stærð baðstofunnar var áður rætt.

Lengd ganganna var 13 álnir, það er 8,16 metrar, og breidd 2 álnir eða 1,26 metrar.<sup>1823</sup> Flatarmál þeirra hefur því verið 10,28 fermetrar eða því sem næst. Lengd búrsins var 7 álnir, það er 4,4 metrar, og breidd 4 álnir eða 2,5 metrar.<sup>1824</sup> Flatarmál þess hefur því verið rétt um 11 fermetrar. Eldhúsið og búrið voru alveg jafn stór.<sup>1825</sup> Baðstofan var eins og áður 12 x 4,5 álnir<sup>1826</sup> eða 7,53 x 2,82 metrar og flatarmálið því 21,23 fermetrar. Þessi fjögur bæjarhús voru því til samans 53,5 fermetrar og er það stærð bæjarins því fleiri voru bæjarhúsin ekki. *Stofuhúsið* undir baðstofuloftinu náði árið 1863 yfir tvö af stafgólfunum fimm.<sup>1827</sup> Þetta herbergi var alþiljað og með fjalagólfi.<sup>1828</sup> Það var skrálæst og í því var eitt rúm.<sup>1829</sup> Uppi á baðstofuloftinu voru svo fjögur rúm og þar var komið skilrúm svo loftið var tvískipt.<sup>1830</sup>

Í úttektinni frá 1863 er þess getið að ekki sé nema tæplega hálf baðstofan undir súð en yfir hinum hluta baðstofuloftsins séu bara langbönd og árefti.<sup>1831</sup> Árið 1863 voru bæjarhúsin enn í sæmilegu standi þó að viðir væru byrjaðir að fúna í búri og baðstofu.<sup>1832</sup> Einna lakast var ástandið á göngunum sem voru *svo að segja fallin að veggjum* og viðir í þeim fúnir.<sup>1833</sup> Fyrir bæjardyrnum voru tvær hurðir á járnum með klinku.<sup>1834</sup>

Álagið sem séra Arngrími var gert að greiða við brottför hans frá Stað árið 1863 nam 70 ríkisdöllum, 34 ríkisdalir vegna fyrningar á bæjarhúsum og 36 ríkisdalir vegna fyrningar á útihúsum.<sup>1835</sup> Stóð hann skil á því öllu daginn sem úttekt fór fram nema 12 ríkisdöllum og 88 skildingum er hann lofaði að greiða innan viku.<sup>1836</sup> Meðal þess sem séra Arngrímur lét af hendi eða vísaði á upp í álagið voru tveir nýir gluggar á bæjarhúsunum, sem virtir voru á 1 ríkisdal og 64 skildinga, og *ný kvörn í stökk, stór og væn*

<sup>1822</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf., úttekt 23.6.1863.

<sup>1823</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttekt 23.6. 1863.

<sup>1824</sup> Sama heimild.

<sup>1825</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttekt 23.6.1863.

<sup>1826</sup> Sama heimild.

<sup>1827</sup> Sama heimild.

<sup>1828</sup> Sama heimild.

<sup>1829</sup> Sama heimild.

<sup>1830</sup> Sama heimild.

<sup>1831</sup> Sama heimild.

<sup>1832</sup> Sama heimild.

<sup>1833</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttekt 23.6.1863.

<sup>1834</sup> Sama heimild.

<sup>1835</sup> Sama heimild.

<sup>1836</sup> Sama heimild.

sem virt var á 8 ríkisdali.<sup>1837</sup> Má hafa það til marks um að korn hafi verið malað á Stað í tíð séra Arngríms.

Frá því séra Arngrímur fór frá Stað sumarið 1863 og til vorsins 1902 sat hér enginn prestur. Á því skeiði bjuggu hér bændur, fyrst Kristín Þórarinsdóttir frá 1863 til 1883, svo Jón Ólafsson frá 1883 til 1892, þá ekkja hans, Guðrún Sturludóttir, frá 1892 til 1898 og loks Eiríkur Egilsson frá 1898 til 1903, síðasta árið á móti nýjum presti.<sup>1838</sup> Úttektir frá árunum 1883 og 1902 sýna að á þessu skeiði varð engin breyting á húsaskipan í Staðarbænum.<sup>1839</sup> Lengd og breidd á búi, eldhúsi og göngum hélst óbreytt en þegar baðstofan var byggð upp árið 1885 var hún breikkuð úr 4,5 í 4,75 álnir og hækkuð úr 6 álnum í tæpar 7 álnir.<sup>1840</sup> Lengd baðstofunnar hélst hins vegar óbreytt, 12 álnir, svo og fjöldi stafgólfa en þau voru fimm.

Árið 1863 hafði aðeins annar helmingur baðstofunnar verið undir súð en 1883 var komin súð í alla baðstofuna.<sup>1841</sup> Úttektin frá vorinu 1883 sýnir líka að viðir baðstofunnar voru þá orðnir ærið fúnir og húsið nær komið að falli.<sup>1842</sup> Sex rúmstokkar voru þá á baðstofuloftinu og fimm gluggar.<sup>1843</sup> Eitt rúm var í herberginu sem innréttað hafði verið undir baðstofuloftinu og á því herbergi var a.m.k. einn gluggi.<sup>1844</sup> Árið 1902 voru fjórir gluggar á baðstofuloftinu og þrír niðri.<sup>1845</sup> Timburgafl var þá á suðurenda baðstofunnar.<sup>1846</sup>

Búrið var skrálæst og allt undir súð árið 1883 og árið 1902 voru komnar í það þiljur og timburgólf.<sup>1847</sup> Það var þá 6 álna hátt,<sup>1848</sup> um 3,77 metrar. Á síðustu áratugum nítjándu aldar var eldhúsið á Stað jafnan hurðarlaust og var árið 1902 í löku standi.<sup>1849</sup> Framan við bæjargöngin en innan við útidyrnar var alla nítjándu öldina timburþil, – *slagþil* sem svo var nefnt,<sup>1850</sup> ætlað til skjóls.

Valdimar Þorvaldsson smiður, sem fæddist í Selárdal árið 1878 og átti heima í Súgandafirði alla sína löngu ævi, skrifaði á efri árum dálitla greinargerð um gömlu bæina í Súgandafirði, það er um stærð þeirra og alla húsaskipan við lok 19. aldar.<sup>1851</sup> Hann lýsir þar m.a. bænum sem Jón

<sup>1837</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttekt 23.6.1863.

<sup>1838</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>1839</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttektir 1.5.1883 og 5.6.1902.

<sup>1840</sup> Sama heimild.

<sup>1841</sup> Sama heimild.

<sup>1842</sup> Sama heimild.

<sup>1843</sup> Sama heimild.

<sup>1844</sup> Sama heimild.

<sup>1845</sup> Sama heimild.

<sup>1846</sup> Sama heimild.

<sup>1847</sup> Sama heimild.

<sup>1848</sup> Sama heimild.

<sup>1849</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttektir 1.5.1883 og 5.6.1902.

<sup>1850</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandaf., úttekt 14.6.1802. Sama skj.s. XIII. 1. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Súgandaf., úttekt 22.6.1812. Sama skj.s. XIII. 1. A. 4. Vísitazíubók 1836-1846. Staður í Súgandaf., úttekt 7.6.1839. Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttektir 17.7.1849, 23.6.1863, 1.5.1883 og 5.6.1902.

<sup>1851</sup> Lbs. 4410<sup>4to</sup>, Valdimar Þorvaldsson.

Ólafsson byggði upp á Stað árið 1885 og telur baðstofuna hafa verið einni alin breiðari en frá er greint í úttektinni frá 1902.<sup>1852</sup> Um lengd baðstofunnar reynist hann hins vegar vera sammála úttektarmönnum því báðir nefna 12 álnir<sup>1853</sup> (sbr. hér bls. 190-196).

Valdimar lýsir bæjarhúsunum nánar og segir þá m.a.:

*Göngin inn [í bæinn] voru frekar löng og rúmgóð með þilgólfi milli hurða fremst á um 10 feta [5 álna] bili. Þar fyrir innan var búr til hægri. Það var að miklu þiljað og eldhús til vinstri. Þessi hús voru allstór og sneru enda að ganginum. Hann kom inn í miðja baðstofuna og var gólfíð þar hærra um rúmt fet. Þar var trégólf ... . Þegar inn var komið [í baðstofuna] var herbergi til hægri, alþiljað. Það var notað sem betra- eða gestaherbergi og um 10 fet (5 álnir) af lengdinni. Til vinstri var afþiljað herbergi en óþiljað. Það var 6 fet af lengdinni. Þar sváfu vinnumenn. Uppi var óskilrúmað. Þilgafl var í báða enda, í fremri jafnt neðri glugga en hinn að lofti.*<sup>1854</sup>

Valdimar Þorvaldsson greinir einnig frá því að árið 1885 eða mjög skömmu síðar hafi Eiríkur Egilsson byggt herbergi við neðri endann á baðstofunni, út á uppfyllingunni sem baðstofan var grafin inn í.<sup>1855</sup> Eiríkur var tengdasonar Guðrúnar Sturludóttur, eiginkonu Jóns bónda Ólafssonar, og varð síðar bóndi á Stað (sjá hér bls. 237-241 og 274). Árið 1902 reisti séra Þorvarður Brynjólfsson, sem þá hóf búskap á Stað, svo timburhús við fremri enda baðstofunnar með samgang við hana uppi og niðri.<sup>1856</sup> Grunnflötur þessa húss var 6 x 7 álnir.<sup>1857</sup> Með þessum tveimur viðbyggingum lengdist baðstofuhúsið úr 12 álnum í 23 álnir,<sup>1858</sup> það er í 14,4 metra.

Í þessum húsakynnum bjó séra Þorvarður Brynjólfsson og annað heimilisfólk á Stað allt þar til nýtt portbyggt timburhús var reist árið 1909.<sup>1859</sup> Því stóra húsi, sem búið var í uns það brann að morgni 5. janúar 1976,<sup>1860</sup> verður ekki lýst hér. Trésmiðjan „Víkingur“ á Ísafirði sá um byggingu þess og byggingarmeistarinn var Ólafur Halldórsson á Ísafirði.<sup>1861</sup>

<sup>1852</sup> Lbs. 4410<sup>4to</sup>, Valdimar Þorvaldsson.

<sup>1853</sup> Sama heimild.

<sup>1854</sup> Lbs. 4409<sup>4to</sup>, Valdimar Þorvaldsson, bls. 30-31.

<sup>1855</sup> Sama heimild, 32.

<sup>1856</sup> Sama heimild.

<sup>1857</sup> Sama heimild.

<sup>1858</sup> Lbs. 4409<sup>4to</sup>, Valdimar Þorvaldsson, bls. 30-31.

<sup>1859</sup> Sama heimild. Hsk. Ísaf. nr. 190. Kristján G. Þorvaldsson: *Saga Suðureyrar og Suðureyrarkauptúns*, bls. 84. Manntal 1940. Sbr. Gunnar M. Magnúss 1977, 146.

<sup>1860</sup> Morgunblaðið 6.1.1976.

<sup>1861</sup> Lbs. 4409<sup>4to</sup>, Valdimar Þorvaldsson, bls. 76. Sbr. Jón Þ. Þór 1988, 149.

Þegar nýja húsið hafði verið byggt var gömlu baðstofunni breytt í fjós og timburhúsið sem reist hafði verið við baðstofuendann nokkrum árum fyrir var gert að hlöðu.<sup>1862</sup>

Prestsbústaðurinn sem byggður var árið 1909 stóð á **Smiðjuflöt**<sup>1863</sup> um 60 metrum fyrir sunnan og austan íbúðarhúsið sem nú (1996) er búið í.<sup>1864</sup> Bærinn sem Jón Ólafsson byggði árið 1885 og breytt var í fjós árið 1909 stóð hins vegar aðeins frammar en nýnefndur prestsbústaður og heldur nær fjallinu.<sup>1865</sup> Þar eru nú útihús.<sup>1866</sup> Líklegt er að bæjarstæðið hafi mjög lengi verið þar sem bærinn frá 1885 stóð. Til þess bendir meðal annars gamall öskuhaugur.<sup>1867</sup> Örfáum metrum vestar er Ólafshaugur, sem líka er nefndur Ólafshóll, en þar mun hafa staðið bær Ólafs Guðmundssonar *staupa*, tengdaföður séra Arngríms Bjarnasonar sem var prestur Súgfirðinga frá 1849-1863 (sjá hér bls. 138-143).

Hér hefur áður verið gerð grein fyrir þeim útihúsum sem úttektir frá 17. öld sýna að þá voru hér á Stað. Þessi útihús voru skemma á hlaðinu, fjós og hjallur og stundum lítið lambhús eða húskofi (sjá hér bls. 189). Í byrjun 19. aldar stóð skemman næst kirkjunni<sup>1868</sup> og er líklegt að svo hafi verið um mjög langt skeið. Hún var þá í tveimur stafgólfum, 6 álnir á lengd, með þremur sperrum og þremur bitum, gisnu timburþili, vindskeiðum og hurð á hjörum.<sup>1869</sup> Árið 1839 var hún jafn löng og áður en stafgólfunum hafði þó fjölgað úr tveimur í þrjú.<sup>1870</sup> Þessi gamla skemma var þá orðin *fornfáleg að viðum og veggjum*. Í úttekt frá árinu 1849 er tekið fram að skemman sé næst kirkjugarðinum<sup>1871</sup> sem bendir til þess að hún hafi þá staðið á sama stað og í byrjun aldarinnar. Stærð hennar var þá óbreytt.<sup>1872</sup> Í hinum eldri úttektum er það reyndar aðeins lengd skemmunnar sem er nefnd og var hún sem áður sagði 6 álnir en í úttekt frá árinu 1863 sést að breiddin var 3,25 álnir<sup>1873</sup> svo flatarmál skemmunnar hefur verið 3,77 x 2,04 metrar, það er 7,7 fermetrar. Seinna virðist hún

<sup>1862</sup> Haraldur Þorvarðarson frá Stað. – Viðtal K.Ó. við hann 22.4.1996.

<sup>1863</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 68.

<sup>1864</sup> Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 26.6.1996.

<sup>1865</sup> Haraldur Þorvarðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 22.4.1996. Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 26.6.1996.

<sup>1866</sup> Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 26.6.1996.

<sup>1867</sup> Sama heimildir.

<sup>1868</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandaf., úttekt 14.6.1802.

<sup>1869</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandaf., úttekt 14.6.1802. Sama skj.s. XIII. 1. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Súgandaf., úttekt 22.6.1812. Sama skj.s. XIII. 1. A. 4. Vísitazíubók 1836-1846. Staður í Súgandaf., úttekt 7.6.1839. Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttektir 17.7.1849, 23.6.1863, 1.5.1883 og 5.6.1902.

<sup>1870</sup> Sömu heimildir.

<sup>1871</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandaf., úttekt 14.6.1802. Sama skj.s. XIII. 1. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Súgandaf., úttekt 22.6.1812. Sama skj.s. XIII. 1. A. 4. Vísitazíubók 1836-1846. Staður í Súgandaf., úttekt 7.6.1839. Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttektir 17.7.1849, 23.6.1863, 1.5.1883 og 5.6.1902.

<sup>1872</sup> Sömu heimildir.

<sup>1873</sup> Sömu heimildir.

hafa verið breikkuð um fjórðung úr alin,<sup>1874</sup> það er 16 sentimetra eða því sem næst, og hefur grunnflötur hennar þá náð að verða 8,3 fermetrar.

Sú var stærð skemmunnar árið 1902 ef marka má úttekt frá því ári<sup>1875</sup> en í annarri heimild er þessi skemma sögð hafa verið talsvert stærri eða 4,4 x 2,8 metrar.<sup>1876</sup> Undir lok 19. aldar stóð skemman enn að sögn *skammt frá innganginum í kirkjugarðinn*<sup>1877</sup> og mun þá átt við gamla garðinn en síðast var jarðað í honum árið 1899. Loft var þá í skemmunni og framþil hennar sneri upp að hlíðinni.<sup>1878</sup> Bæjardyrnar voru 9 til 10 metrum vestar og sneru líka upp að hlíðinni.<sup>1879</sup>

Spelahjallurinn hér á Stað var í byrjun 19. aldar nokkru stærri en skemman eða 9 x 4 álnir.<sup>1880</sup> Hann hefur því verið 5,61 x 2,51 metrar að flatarmáli eða liðlega 14 fermetrar. Á árunum milli 1840 og 1850 lét séra Andrés Hjaltason byggja hjallinn upp og hafði hann í 4 stafgólfum.<sup>1881</sup> Árið 1883 var sá hjallur orðinn ónýtur en í stað hans kominn hjallur niður við sjó og var hann virtur á 18,- krónur.<sup>1882</sup> Í úttektinni frá 1902 er ekki getið um að nokkur hjallur hafi þá verið á Stað en Valdimar Þorvaldsson segir að um 1890 hafi staðið hjallur og eldiviðarkofi á Ólafshól,<sup>1883</sup> það er rétt hjá bænum (sjá hér bls. 142).

Fjós fyrir sex nautgripi átti að fylgja prestssetrinu en í byrjun 19. aldar var það *næstum niðurfallið*.<sup>1884</sup> Árið 1812 var búið að koma upp nýju fjósi sem aðeins var með þremur básum og fullri stærð náði fjósið ekki fyrr en á árunum milli 1840 og 1850 er séra Andrés Hjaltason lét reisa nýtt sex kúa fjós.<sup>1885</sup> Árið 1883 var fjósið aftur *fallið að viðum og veggjum að mestu leyti* og taldist þá aðeins vera fyrir fjórar kúr.<sup>1886</sup> Nýtt sex kúa fjós var

<sup>1874</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandaf., úttekt 14.6.1802. Sama skj.s. XIII. 1. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Súgandaf., úttekt 22.6.1812. Sama skj.s. XIII. 1. A. 4. Vísitazíubók 1836-1846. Staður í Súgandaf., úttekt 7.6.1839. Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttektir 17.7.1849, 23.6.1863, 1.5.1883 og 5.6.1902.

<sup>1875</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttekt 5.6.1902.

<sup>1876</sup> Lbs. 4410<sup>4to</sup>, Valdimar Þorvaldsson, bls. 30-31.

<sup>1877</sup> Sama heimild.

<sup>1878</sup> Lbs. 4410<sup>4to</sup>, Valdimar Þorvaldsson, bls. 30-31.

<sup>1879</sup> Sama heimild.

<sup>1880</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandaf., úttekt 14.6.1802. Sama skj.s. XIII. 1. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Súgandaf., úttekt 22.6.1812. Sama skj.s. XIII. 1. A. 4. Vísitazíubók 1836-1846. Staður í Súgandaf., úttekt 7.6.1839. Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttektir 17.7.1849, 23.6.1863, 1.5.1883 og 5.6.1902.

<sup>1881</sup> Sömu heimildir.

<sup>1882</sup> Sömu heimildir.

<sup>1883</sup> Lbs. 4410<sup>4to</sup>, Valdimar Þorvaldsson, bls. 32.

<sup>1884</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandaf., úttekt 14.6.1802. Sama skj.s. XIII. 1. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Súgandaf., úttekt 22.6.1812. Sama skj.s. XIII. 1. A. 4. Vísitazíubók 1836-1846. Staður í Súgandaf., úttekt 7.6.1839. Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttektir 17.7.1849, 23.6.1863, 1.5.1883 og 5.6.1902.

<sup>1885</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandaf., úttekt 14.6.1802. Sama skj.s. XIII. 1. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Súgandaf., úttekt 22.6.1812. Sama skj.s. XIII. 1. A. 4. Vísitazíubók 1836-1846. Staður í Súgandaf., úttekt 7.6.1839. Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttektir 17.7.1849, 23.6.1863, 1.5.1883 og 5.6.1902.

<sup>1886</sup> Sömu heimildir.

byggt skömmu síðar og stóð hér árið 1902. Þetta fjós mun hafa verið suður frá gamla bænum þar sem nú hefur lengi verið kálgarður.<sup>1887</sup>

Á 17. öld munu engin fjárhús hafa verið til fyrir sauðfé prestanna á Stað nema eitt lítið lambhús (sjá hér bls. 187-190) og svo að líkindum eitt eða fleiri þaklaus sauðabyrgi út um hagann (sjá hér bls. 4-6). Á síðari hluta 18. aldar var hér lambhús *niðri á vellinum* og fjárhús *fram á túninu* en bæði þessi hús voru fallin í tótt árið 1802.<sup>1888</sup> Í stað lambhússins var þá kominn *húskofi* suður af baðstofunni.<sup>1889</sup>

Í tíð séra Þorláks Jónssonar, sem var prestur á Stað frá 1802 til 1812, var reist 36 kinda fjárhús fram á túninu og hús fyrir 10 lömb á Vandræðastöðum<sup>1890</sup> en það var hjáleiga í túnfætinum og féll hún í eyði við brottför séra Þorláks (sjá hér bls. 241-248). Við fjárhúsið fram á túninu mun séra Þorlákur hafa komið upp lítilli heyhlöðu *með sperrum* og er hún fyrst nefnd í úttektinni frá 1812.<sup>1891</sup> Árið 1839 var *hlöðuhúsið* á Stað virt á 5 ríkisdali og 48 skildinga<sup>1892</sup> en 1849 og 1863 er ekki minnst á hlöðuna svo líklegt er að hún hafi fallið í tótt fyrir 1850 og ekki verið byggð upp á ný.

Fjárhúsið sem séra Þorlákur Jónsson byggði fyrir 36 kindur á fyrsta áratug 19. aldar stóð ekki mjög lengi því í stað þess var árið 1839 komið annað sem ekki tók nema 24 kindur.<sup>1893</sup> Það hús var þó ekki eina fjárhúsið á Stað því til var annað sem aðstoðarpresturinn, séra Hjalti Þorláksson, taldist eiga.<sup>1894</sup> Það hús var virt á sex ríkisdali árið 1839 og hefur að líkindum tekið sex kindur. Lambhús var ekkert á Stað er séra Andrés Hjaltason tók við vorið 1839 en í stað þess komið hesthús fyrir tvo hesta.<sup>1895</sup> Á árunum um eða upp úr 1840 stækkaði séra Andrés hesthúsið svo það tók þrjá hesta<sup>1896</sup> og hann byggði fyrstur manna svo séð verði fjárhús *við sjóinn*<sup>1897</sup> niðri á Bökkunum. Það hús tók 24 kindur<sup>1898</sup> og við brottför séra Andrésar árið 1849 stóð líka uppi annað 24 kinda fjárhús, sem

<sup>1887</sup> Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 26.6.1996.

<sup>1888</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandaf., úttekt 14.6.1802. Sama skj.s. XIII. 1. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Súgandaf., úttekt 22.6.1812. Sama skj.s. XIII. 1. A. 4. Vísitazíubók 1836-1846. Staður í Súgandaf., úttekt 7.6.1839. Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttektir 17.7.1849, 23.6.1863, 1.5.1883 og 5.6.1902.

<sup>1889</sup> Sömu heimildir.

<sup>1890</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandaf., úttekt 14.6.1802. Sama skj.s. XIII. 1. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Súgandaf., úttekt 22.6.1812. Sama skj.s. XIII. 1. A. 4. Vísitazíubók 1836-1846. Staður í Súgandaf., úttekt 7.6.1839. Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttektir 17.7.1849, 23.6.1863, 1.5.1883 og 5.6.1902.

<sup>1891</sup> Sömu heimildir.

<sup>1892</sup> Sömu heimildir.

<sup>1893</sup> Sömu heimildir.

<sup>1894</sup> Sömu heimildir.

<sup>1895</sup> Sömu heimildir.

<sup>1896</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandaf., úttekt 14.6.1802. Sama skj.s. XIII. 1. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Súgandaf., úttekt 22.6.1812. Sama skj.s. XIII. 1. A. 4. Vísitazíubók 1836-1846. Staður í Súgandaf., úttekt 7.6.1839. Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttektir 17.7.1849, 23.6.1863, 1.5.1883 og 5.6.1902.

<sup>1897</sup> Sömu heimildir.

<sup>1898</sup> Sömu heimildir.



líklega hefur staðið í túninu, og forveri hans hafði látið reisa.<sup>1899</sup> Lambhús var hins vegar ekkert.<sup>1900</sup>

Svo virðist sem séra Arngrímur Bjarnason, er hóf búskap á Stað árið 1851, hafi haft lítinn hug á að nýta sér þessi stóru fjárhús. Árið 1860 var sauðfénaður hans aðeins 7 ær og 5 gemlingar (sjá hér bls. 140). Þegar hann fór frá Stað þremur árum síðar var fjárhúsið, sem átti að fylgja prestssetrinu, ekki lengur til<sup>1901</sup> og svo virðist sem þá hafi líka verið hætt að nota fjárhúsið sem séra Andrés hafði á sínum tíma byggt niðri á Bökkunum.<sup>1902</sup> Líklegt er að því hafi í tíð séra Arngríms verið breytt í mannabústað því þarna niður við sjóinn hóf ungur kotbóndi hjáleigubúskap árið 1858 og í hjáleigunni á Bökkunum var búið næstu sex árin (sjá hér bls. 265-269). Eina húsið sem séra Arngrímur notaði fyrir sauðfé á sínum síðustu árum á Stað var *lútilfjörlegur lambhúskofi* sem ætlaður var fyrir 15 lömb.<sup>1903</sup>

Þegar Kristín Þórarinsdóttir skilaði jörðinni af sér árið 1883, eftir 20 ára búskap á Stað, var þessi sami *lambhúskofi* enn eina fjárhúsið en hún hafði hins vegar látið reisa *nautahlöðu* sem var virt á 25,- krónur og aðra hlöðu niðri á Bökkum sem var virt á 18,- krónur.<sup>1904</sup> Auk þessa kom Kristín upp sjávarhúsi og hesthúsi<sup>1905</sup> en svo virðist sem ekkert hesthús hafi verið til þegar séra Arngrímur fór frá árið 1863.<sup>1906</sup>

Á árunum 1883-1902 voru reist tvö fjárhús niðri á Bökkum og voru þau bæði með grindum árið 1902.<sup>1907</sup> Annað þeirra tók 24 kindur en hitt 15.<sup>1908</sup> Heima á túni voru þá engin fjárhús ef marka má úttektina frá því ári.<sup>1909</sup> Einu gripahúsin þar voru fjósið og *hesthúskofi*.<sup>1910</sup> Við hesthúskofann var *hlöðukró* og nautahlaðan, sem byggð var á árunum 1863-1883, stóð enn uppi.<sup>1911</sup> Líklegt er að hún hafi verið í nánd við fjósið.

<sup>1899</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandaf., úttekt 14.6.1802. Sama skj.s. XIII. 1. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Súgandaf., úttekt 22.6.1812. Sama skj.s. XIII. 1. A. 4. Vísitazíubók 1836-1846. Staður í Súgandaf., úttekt 7.6.1839. Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttektir 17.7.1849, 23.6.1863, 1.5.1883 og 5.6.1902.

<sup>1900</sup> Sömu heimildir.

<sup>1901</sup> Sömu heimildir.

<sup>1902</sup> Sömu heimildir.

<sup>1903</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandaf., úttekt 14.6.1802. Sama skj.s. XIII. 1. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Súgandaf., úttekt 22.6.1812. Sama skj.s. XIII. 1. A. 4. Vísitazíubók 1836-1846. Staður í Súgandaf., úttekt 7.6.1839. Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttektir 17.7.1849, 23.6.1863, 1.5.1883 og 5.6.1902.

<sup>1904</sup> Sömu heimildir.

<sup>1905</sup> Sömu heimildir.

<sup>1906</sup> Sömu heimildir.

<sup>1907</sup> Sömu heimildir.

<sup>1908</sup> Sömu heimildir.

<sup>1909</sup> Sömu heimildir.

<sup>1910</sup> Sömu heimildir.

<sup>1911</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandaf., úttekt 14.6.1802. Sama skj.s. XIII. 1. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Súgandaf., úttekt 22.6.1812. Sama skj.s. XIII. 1. A. 4. Vísitazíubók 1836-1846. Staður í Súgandaf., úttekt 7.6.1839. Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttektir 17.7.1849, 23.6.1863, 1.5.1883 og 5.6.1902.

Í úttekum frá Stað verður aldrei vart við smiðjuhús.<sup>1912</sup> Skýringin á því er sú að smiðjan var í eldhúsinu. Að svo hafi verið er að vísu aðeins nefnt í úttektinni frá 1849<sup>1913</sup> en engu að síður er líklegt að sá háttur hafi verið hafður á um langt skeið, m.a. í tíð séra Eiríks Vigfússonar, sem hér var prestur frá 1812 til 1838, en hann þótti ágætur smiður. Við úttekt bæjarhúsanna sem fram fór að honum látnum vísaði ekkja hans m.a. á belg, steðja og hamar er ásamt fleiri eignum dánarbúsins áttu að ganga upp í greiðslu á *álaginu* sem henni var gert að greiða.<sup>1914</sup> Járnið mun prestur hafa hamrað í eldhúsinu.

Hér var áður sagt nokkuð frá öllum prestunum á Stað í Súgandafirði sem þjónuðu Staðarprestakalli fyrir 1900 og um er kunnugt (sjá hér bls. 17-30 og 34-144) en enn er eftir að fjalla um bændurna sem hér bjuggu, sumir á örfáum hundruðum í sambylí við prest en aðrir á allri jörðinni þegar prestlaust var. Bændunum á Stað virðist eðlilegt að skipta í tvo flokka, annars vegar þá sem bjuggu á sjálfri heimajörðinni og svo hina sem fengu einhverja af hjáleigunum til ábúðar og bjuggu þar. Liggur þá næst fyrir að gera stuttlega grein fyrir þeim mönnum sem urðu bændur á sjálfri heimajörðinni og um er kunnugt en þeir eru reyndar fáir.

Um bændur sem kynnu að hafa búið hér á Stað fyrir 1700 er ekkert vitað og heimildir frá 18. öld benda til þess að þá hafi prestarnir yfirleitt búið á allri heimajörðinni en bændur bjuggu þá annað veifið í einni eða fleiri hjáleigum. Í marsmánuði árið 1793 voru býlin á heimajörðinni þó tvö og var séra Þorsteinn Þórðarson húsráðandi á öðru þeirra en ung ekkja, Ragnheiður Þorleifsdóttir að nafni, á hinu.<sup>1915</sup> Hún var þá 24 ára gömul og hjá henni voru synir hennar tveir, Andrés Björnsson 2ja ára og Þórður Björnsson 1 árs.<sup>1916</sup> Fjórði heimilismaðurinn var gömul barnfóstra og er þá allt talið.<sup>1917</sup> Ragnheiður mun aðeins hafa staðið fyrir búi á Stað í mjög skamman tíma því vorið 1791 bjó séra Þorsteinn einn á allri heimajörðinni og í marsmánuði árið 1795 var hún farin.<sup>1918</sup> Þá var séra Þorsteinn á Stað búinn að fá sér aðstoðarprest, séra Guðmund Þorvaldsson (sjá hér bls. 99 og Ytri-Hjarðardalur), og er líklegast að ekkjan unga hafi orðið að víkja þegar séra Guðmundur kom, vorið 1794.

Á árunum 1797-1800 fékk Þórður bóndi Jónsson ábúð á einhverjum parti úr heimajörðinni hér á Stað og bjó í tvíbylí á móti séra Þorsteini Þórðarsyni þegar átjándi öldin rann sitt skeið á enda.<sup>1919</sup> Vorið 1801

<sup>1912</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 2. Vísitazíubók 1793-1809. Staður í Súgandaf., úttekt 14.6.1802. Sama skj.s. XIII. 1. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Súgandaf., úttekt 22.6.1812. Sama skj.s. XIII. 1. A. 4. Vísitazíubók 1836-1846. Staður í Súgandaf., úttekt 7.6.1839. Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttektir 17.7.1849, 23.6.1863, 1.5.1883 og 5.6.1902.

<sup>1913</sup> Sömu heimildir.

<sup>1914</sup> Sömu heimildir.

<sup>1915</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>1916</sup> Sama heimild.

<sup>1917</sup> Sama heimild.

<sup>1918</sup> Sama heimild.

<sup>1919</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

flosnaði séra Þorsteinn upp og vék burt eins og hér var áður greint frá en Þórður bjó áfram á Stað og sat þá einn á heimajörðinni næsta árið.<sup>1920</sup> Árið 1801 var Þórður 52ja ára gamall en kona hans, Margrét Hákonardóttir, var einu ári yngri.<sup>1921</sup> Á heimilinu voru þá þrjú börn þeirra á aldrinum 10-23ja ára, eitt barnabarn og tvö tókubörn.<sup>1922</sup> Áður en hjónin Þórður og Margrét fóru að búa heima á staðnum höfðu þau hokrað við búskap í hjáleigunum um eitthvert skeið, bæði í Bakkakoti og Fremri-Staðarhúsum.<sup>1923</sup> Árið 1805 voru þau farin frá Stað og bjuggu þá í Keflavík.<sup>1924</sup>

Séra Þorlákur Jónsson, sem var prestur á Stað frá 1802 til 1812, bjó einn á heimajörðinni árið 1805<sup>1925</sup> en í marsmánuði árið 1811 var hann kominn í húsmennsku og maður að nafni Guðmundur Sigurðsson farinn að búa á jörðinni.<sup>1926</sup> Hér var áður sagt lítið eitt frá honum (sjá hér bls. 4-5) en óljóst er hversu mörg ár Guðmundur muni hafi búið á Stað. Þau hafa þó ekki verið fleiri en tíu því árið 1805 var hann ekki sestur hér að búi<sup>1927</sup> og árið 1816 var hann farinn úr Súgandafirði.<sup>1928</sup> Líklegast er að hann hafi farið vorið 1812 þegar nýr prestur kom að Stað.

Guðmundur Sigurðsson var fæddur um 1765 en kona hans, Elín Vilhjálmsdóttir, var tveimur árum eldri.<sup>1929</sup> Árið 1801 bjuggu þau á Kleifum í Skötufirði við Ísafjarðardjúp.<sup>1930</sup> Hjá þeim voru þá fimm börn þeirra á aldrinum 7-14 ára.<sup>1931</sup> Tíu árum síðar voru þau komin hingað að Stað ásamt sex börnum sínum sem sum voru komin á unglingsár og önnur orðin fullorðin.<sup>1932</sup> Í sóknarmannatalinu frá marsmánuði árið 1811 gefur séra Þorlákur Jónsson Guðmundi bónda þá einkunn að hann sé *góðsamur og greindur í andlegu*.<sup>1933</sup> Í annarri heimild er þessi sami bóndi nefndur Guðmundur sterki og sagður hafa verið *annálaður þrekmaður og kraftajötunn*.<sup>1934</sup> Árið 1820 voru þau Guðmundur Sigurðsson og Elín kona hans farin að búa á Kleifum í Skötufirði í annað sinn<sup>1935</sup> og þar var Guðmundur enn árið 1845 hjá syni sínum, Jóhannesi Guðmundssyni, bónda á Kleifum.<sup>1936</sup> Fimm börn Jóhannesar voru þá þar heima og elstir í þeim hópi Hannibal, síðar bóndi á Neðri-Bakka í Langadal við Djúp, Reginald, síðar bóndi á Eiríksstöðum í Laugardal, og Hafliði, síðar bóndi

<sup>1920</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>1921</sup> Manntal 1801.

<sup>1922</sup> Sama heimild.

<sup>1923</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. mars 1793 og mars 1795.

<sup>1924</sup> Rtk. Jarðabækur V. 16. Ísafj.sýsla 1805. Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>1925</sup> Rtk. Jarðabækur V. 16. Ísafj.sýsla 1805.

<sup>1926</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>1927</sup> Rtk. Jarðabækur V. 16. Ísafj.sýsla 1805.

<sup>1928</sup> Manntal 1816.

<sup>1929</sup> Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. 1811. Sbr. Vestf. ættir I, 118 og 296.

<sup>1930</sup> Manntal 1801.

<sup>1931</sup> Sama heimild.

<sup>1932</sup> Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. 1811.

<sup>1933</sup> Sama heimild.

<sup>1934</sup> Vestf. ættir I, 296 og IV, 562.

<sup>1935</sup> Manntal 1816, bls. 720.

<sup>1936</sup> Manntal 1845.

í Kálfavík í Ögursveit.<sup>1937</sup> Guðmundur Sigurðsson sterki komst á níraðisaldur og mun hafa andast 26. febrúar 1848.<sup>1938</sup>

Í tíð séra Eiríks Vigfússonar og séra Andrésar Hjaltasonar, á árunum 1812-1849, var heldur fátítt að bændur fengju einhvern skika af heimajörðinni á Stað til ábúðar. Bergur Jónsson, sem lengi bjó í hjáleigunni Ytri-Staðarhúsum, er í sóknarmannatölum frá árunum í kringum 1820 sagður búa á Stað (sjá hér bls. 260-261) en ætla má að þar sé aðeins um ónákvæma skráningu að ræða og hann hafi þá verið í hjáleigunni eins og bæði fyrr og síðar. Fardagaárin 1826-1827 og 1827-1828 voru hjónin Björn Eiríksson og Valgerður Benediksdóttir með einhvern part úr heimajörðinni á Stað til ábúðar.<sup>1939</sup> Björn var sonur séra Eiríks Vigfússonar, fæddur 1798.<sup>1940</sup> Þau Björn og Valgerður kona hans fluttust frá Stað að Gelti vorið 1828<sup>1941</sup> en síðar bjuggu þau allengi í Önundarfirði, m.a. í Neðri-Breiðadal (sjá hér Neðri-Breiðadalur).

Á árunum 1855-1863 hafði Ólafur Guðmundsson, sem hér hefur áður verið nefndur, fáein hundruð úr heimajörðinni á Stað til ábúðar (sjá hér bls. 138-142). Hann var frá árinu 1857 tengdafaðir séra Arngríms Bjarnasonar á Stað og bjuggu þeir hér í tvíbýli. Ólafur bóndi Guðmundsson, sem nefndur var Ólafur *staupi*, og kona hans, Rannveig Jósúadóttir, fluttust að Stað frá Engidal í Skutulsfirði árið 1855 eins og hér hefur áður verið rakið.

Ólafur var fæddur árið 1811 á bænum Eiði í Hestfirði í Súðavíkurbreppi, sonur hjónanna Guðmundar Egilssonar og Málmfríðar Þorkelsdóttur sem þar bjuggu.<sup>1942</sup> Rannveig kona hans var lengra að komin, fædd að Bæ í Miðdölum 27. ágúst 1807, dóttir Jósúa Jónssonar, bónda í Bæ, og konu hans Kristínar Jónsdóttur.<sup>1943</sup> Þau Ólafur Guðmundsson og Rannveig Jósúadóttir voru gefin saman á Eyri í Skutulsfirði 6. júní 1835<sup>1944</sup> og voru þá búsett á Kirkjubóli í Skutulsfirði.<sup>1945</sup> Er þau fluttust að Stað höfðu þau Ólafur og Rannveig verið í hjónabandi í tuttugu ár og höfðu þá búið á ekki færri en fjórum jörðum, það er að segja Kirkjubóli í Skutulsfirði, Engidal í Skutulsfirði, Hóli í Bolungavík og Kamsnesi í Álftafirði.<sup>1946</sup> Um veru þeirra hér á Stað hefur áður verið fjallað og ekki þörf á að bæta þar neinu við.

Þegar Ólafur og Rannveig fóru frá Stað árið 1863 voru þau á sextugsaldri og settust þá þegar eða mjög skömmu síðar að hjá Rannveigu

<sup>1937</sup> Manntal 1845. Prestsþj.b. og sóknarm.töl Ögurþinga og Kirkjubólþinga. Manntöl 1870 og 1880. Vestf. ættir I, 118 og 305.

<sup>1938</sup> Vestf. ættir I, 118.

<sup>1939</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>1940</sup> Ól. Þ. Kr. / 1945, 156-157 (Frá ystu nesjum III).

<sup>1941</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>1942</sup> Jóhann Eiríksson / Sifjaskrá Einars Þorsteinssonar, skipstj. frá Eyri við Skötufjörð, fjölr. frá 1958, 24.

<sup>1943</sup> Sama heimild.

<sup>1944</sup> Sama heimild.

<sup>1945</sup> Sama heimild, bls. 24 og 41.

<sup>1946</sup> Jóhann Eiríksson / Sifjaskrá Einars Þorsteinssonar, skipstj. frá Eyri við Skötufjörð, fjölr. frá 1958, bls. 24, 41, 48, 52, 57 og 62. Sbr. Manntal 1845, vesturamt, bls. 310.

dóttur sinni og manni hennar, Jóni Halldórssyni á Kirkjubóli í Skutulsfirði. Rannveig Jósúadóttir dó á Kirkjubóli árið 1875 en Ólafur, eiginmaður hennar, lifði fram á árið 1888 og dó á Kirkjubóli 9. mars á því ári.<sup>1947</sup>

Árið 1863 urðu mikil umskipti á Stað en þaðan í frá og allt til ársins 1902 var hér prestlaust og bændur með ábúð á allri jörðinni (sjá hér bls. 144 og 147). Frá þeim sem þá bjuggu á hinu forna prestssetri verður sagt hér litlu aftar en áður en sú frásögn hefst sýnist rétt að minnast aðeins á húsfólkið sem hér hafðist við í þurrabúð á árunum 1785-1863. Í sóknarmannatölum Staðarprestakalls frá árunum 1785-1800 er aðeins einu sinni getið um húsmann á Stað en sá hét Ari Guðmundsson og átti hér heima ásamt Þuríði dóttur sinni vorið 1791.<sup>1948</sup> Ari var þá 58 ára gamall en dóttirin 17 ára.<sup>1949</sup> Á prestssetrinu munu þau aðeins hafa verið í húsmennsku í eitt eða tvö ár.<sup>1950</sup> Líklega er það þessi sama Þuríður Aradóttir sem var vinnukona í Keflavík árið 1801, þá talin vera 27 ára gömul.<sup>1951</sup> Ari Guðmundsson er reyndar eini húsmáðurinn sem um er kunnugt að búsettur hafi verið á sjálfu prestssetrinu á 18. öld því Ketill Brandsson, sem átti hér heima árið 1703, er í manntalinu frá því ári sagður vera lausamaður.<sup>1952</sup> Í því góða manntali er tekið fram að Ketill, sem var 42ja ára gamall, *nærast á sjóróðrum*.<sup>1953</sup> Líklegt verður að telja að á 18. öld hafi ýmsir fleiri húsmenn og lausamenn átt sér bólfestu á Stað um lengri eða skemmri tíma en nöfn þeirra er ekki að finna í varðveittum heimildum.

Á 19. öld verður fyrst vart við húsfólk á Stað fardagaárið 1831-1832 en þá voru hjónin Þorsteinn Jónsson og Solveig Jónsdóttir hér í húsmennsku, bæði talin 58 ára gömul vorið 1832.<sup>1954</sup> Þessi húshjón dvöldust áfram á Stað allt til ársins 1836 og máskje eitt ár í viðbót.<sup>1955</sup> Önnur húshjón, Jón Hallsson og Vilborg Þorsteinsdóttir, voru þeim samtíða hér á staðnum fardagaárið 1834-1835.<sup>1956</sup> Í mars árið 1835 var Jón sagður 39 ára gamall en Vilborg kona hans 29 ára.<sup>1957</sup> Í marsmánuði árið 1838 andaðist séra Eiríkur Vigfússon á Stað og nýr prestur tók við vorið 1839 (sjá hér bls. 122 og 124). Ekkja séra Eiríks, Solveig Halldórsdóttir, dvaldist áfram á Stað næstu árin og var þá í húsmennsku en fluttist ásamt syni sínum af fyrra hjónabandi að Ytri-Staðarhúsum árið 1843 eða 1844.<sup>1958</sup> Hún var þá liðlega sjötug.<sup>1959</sup> Þessi sonur Solveigar hét Friðrik Benediktsson og var lengi bóndi í Ytri-Staðarhúsum (sjá hér bls. 263-264)

<sup>1947</sup> Jóhann Eiríksson / Sifjaskrá Einars Þorsteinssonar, skipstj. frá Eyri við Skötufjörð, fjölr. frá 1958, 24.

<sup>1948</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>1949</sup> Sama heimild.

<sup>1950</sup> Sama heimild.

<sup>1951</sup> Manntal 1801.

<sup>1952</sup> Manntal 1703.

<sup>1953</sup> Manntal 1703.

<sup>1954</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>1955</sup> Sama heimild.

<sup>1956</sup> Sama heimild.

<sup>1957</sup> Sama heimild.

<sup>1958</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>1959</sup> Sama heimild.

en fardagaárið 1842-1843 var hann einhleypur húsmáður á Stað, tæplega þrítugur að aldri.<sup>1960</sup>

Fardagaárið 1837-1838 var Arnfríður Þórðardóttir húskona á Stað, þá á sextugsaldri,<sup>1961</sup> en hún var dóttir Þórðar Þorsteinssonar, sem nefndur var Þórður *grástakkur*, og frá er sagt á öðrum stað í þessu riti (sjá hér bls. 109-112). Faðir hans og afi Arnfríðar var séra Þorsteinn Þórðarson sem var prestur hér á Stað frá 1755 til 1763 og frá 1773 til 1801. Árið 1835 var Arnfríður húskona í hjáleigunni Ytri-Staðarhúsum og löngu fyrr var hún um skeið búandi ekkja í Bæ (sjá hér Bær). Önnur kona, Guðbjörg Þorgilsdóttir að nafni, var í húsmennsku á Stað árið 1844, sögð 68 ára gömul á sóknarmannatali frá því ári.<sup>1962</sup> Guðbjörg var ekkja og haustið 1845 var hún vinnukona í Botni.<sup>1963</sup> Líklega er þetta sama Guðbjörg Þorgilsdóttir og var í Bæ árið 1816, þá gift Filippusi Illugasyni vinnumanni þar.<sup>1964</sup>

Fardagaárin 1847-1848 og 1848-1849 voru hjónin Jóhannes Jónsson og Rósa Guðmundsdóttir í húsmennsku á Stað.<sup>1965</sup> Þau voru þá um fertugt og höfðu skömmu áður verið við búskap í Botni.<sup>1966</sup> Seinna bjuggu þau um nokkurt skeið á Laugum (sjá hér Laugar).

Á prestskaparárum séra Arngríms Bjarnasonar hér í Súgandafirði, árunum 1849-1863, var oftast eitthvað af húsfólki á Stað.<sup>1967</sup> Fardagaárið 1851-1852 voru hjónin Friðbert Guðmundsson og Arnfríður Guðmundsdóttir hér í húsmennsku og næstu tvö ár hjónin Albert Jónsson og Guðfinna Þorleifsdóttir.<sup>1968</sup> Friðbert og Arnfríður bjuggu síðar í Fremri-Vatnadal (sjá hér Fremri-Vatnadalur) en Albert og Guðfinna á Gilsbrekku (sjá hér Gilsbrekka). Fardagaárið 1854-1855 voru hjónin Jón Guðmundsson og Ástríður Úlfisdóttir þurrabúðarfólk á Stað.<sup>1969</sup> Þau höfðu áður búið í Fremri-Vatnadal.<sup>1970</sup> Síðustu hjónin sem gerðust húsfólk á Stað í tíð séra Arngríms Bjarnasonar voru Kristján Bjarnason og Sigríður Jónsdóttir en þau voru hér í húsmennsku fardagaárið 1855-1856.<sup>1971</sup> Kristján var þá hálfsextugur að aldri en kona hans um það bil tuttugu árum yngri.<sup>1972</sup> Síðustu sex árin sem séra Arngrímur Bjarnason réði húsum á Stað voru allengi tvær húskonur hér á prestssetrinu, þær Solveig Benediktsdóttir og Sigurlaug Jónsdóttir.<sup>1973</sup> Árið 1860 var Sigurlaug 38 ára en Solveig 49 ára. Sigurlaugu fylgdi sonur hennar sem í manntalinu frá 1.

<sup>1960</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>1961</sup> Sama heimild.

<sup>1962</sup> Sama heimild.

<sup>1963</sup> Manntal 1845.

<sup>1964</sup> Manntal 1816.

<sup>1965</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>1966</sup> Manntal 1845.

<sup>1967</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>1968</sup> Sama heimild.

<sup>1969</sup> Sama heimild.

<sup>1970</sup> Manntal 1845.

<sup>1971</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>1972</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>1973</sup> Sama heimild.

október 1860 er sagður fimm ára gamall en þar er tekið fram að hún lifi á eignum sínum.<sup>1974</sup>

Þann 23. júní 1863 stóð séra Stefán P. Stephensen, prófastur í Holti, fyrir úttekt bæjarhúsanna á Stað en séra Arngrímur Bjarnason hafði þá fengið veitingu fyrir Álftamýri og var að flytjast þangað (sjá hér bls. 141). Við lok úttektarinnar þennan júnídag bókaði prófasturinn yfirlýsingu sem hljóðar svo:

*Þar eð engin ástæða virtist til að ímynda sér að prestur kæmi til Staðarprestakalls fardagaárið 1863-1864 sá viðkomandi prófastur ekki annars úrkosti en fela einhverjum í sókninni á hendur að annast kúgildi og hús staðarins næstkomandi ár og tókst búandi ekkja í Botni, Kristín Þórarinsdóttir, það á hendur svo jörðin með húsum og kúgildum er á hennar ábyrgð næstkomandi ár.<sup>1975</sup>*

Þarna var ekki tjaldað til einnar nætur því svo fór að búskaparár Kristínar hér á Stað urðu tuttugu og allan þann tíma, frá 1863 til 1883, var hún eini ábúandinn á jörðinni.<sup>1976</sup> Öll þau ár var hér prestlaust og í þeim efnum varð engin breyting á fyrr en vorið 1902 eins og hér hefur áður verið rakið.

Þegar Kristín Þórarinsdóttir byrjaði búskap sinn á Stað var hún 56 ára gömul og hafði mátt þola sitt af hverju um dagana. Að Stað kom hún frá Botni í Súgandafirði en hafði áður búið í Hjarðardal í Öfundarfirði, á Látrum í Mjóafirði við Djúp og á Keldu í Mjóafirði.<sup>1977</sup> Ýmislegt bendir til þess að Kristín, sem var af almúgafólki komin, hafi verið hinn skörulegasti kvenmaður, stórráð og djarfhuga þegar á reyndi. Til þess bendir m.a. sú ákvörðun hennar að taka sjálft prestssetrið á leigu og hefja hér, þó roskin væri, búskap á allri jörðinni.

Kristín Þórarinsdóttir var fædd í Hörgshlíð við Mjóafjörð í Vatnsfjarðarsveit 25. júlí 1807, dóttir hjónanna Þórarins Jónssonar og Arnfríðar Björnsdóttur sem þar bjuggu.<sup>1978</sup> Nítján ára gömul giftist hún Þórarni Sigurðssyni, bóndasyni frá Látrum í Mjóafirði, sem var fjórum árum eldri en hún.<sup>1979</sup> Þórarinn var sonur hjónanna Sigurðar Narfasonar og Helgu Halldórsdóttur á Látrum.<sup>1980</sup> Helga, tengdamóðir Kristínar, var dóttir Halldórs Eiríkssonar, bónda og hreppstjóra á Látrum,<sup>1981</sup> og þess má geta að tvær systur hennar höfðu verið prestsfrúr hér á Stað, þær Ragnheiður og Solveig Halldórsdætur sem báðar gengu að eiga séra Eirík Vigfússon.

<sup>1974</sup> Manntal 1860.

<sup>1975</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttekt 23.6.1863.

<sup>1976</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>1977</sup> Sóknarm.töl og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf., Holts í Öfundarf. og Vatnsfjarðar.

<sup>1978</sup> Sóknarm.töl og prestsþj.b. Vatnsfjarðar.

<sup>1979</sup> Sóknarm.töl og prestsþj.b. Vatnsfjarðar.

<sup>1980</sup> Sóknarm.töl og prestsþj.b. Vatnsfjarðar.

<sup>1981</sup> Sömu heimildir. Sbr. Ól. Þ. Kr. 1945, 152 (Frá ystu nesjum III).

Þau Kristín Þórarinsdóttir og Þórarinn Sigurðsson voru gefin saman í hjónaband 4. september 1826<sup>1982</sup> og byrjuðu ekki löngu síðar búskap á Keldu í Vatnsfjarðarsveit, sex hundraða koti við austanverðan Mjóafjörð.<sup>1983</sup> Þaðan fluttust þau á árunum milli 1835 og 1840 að Bjarnastöðum í Ísafirði, innan sama hrepps.<sup>1984</sup> Árið 1845 voru þau komin að Látrum í Mjóafirði og bjuggu þar í tvíbýli fram yfir 1850.<sup>1985</sup> Börn Kristínar og Þórarins urðu þrettán og af þeim náðu níu að komast upp.<sup>1986</sup> Hið elsta þeirra sem lifðu var fætt árið 1828 en hið yngsta 1850.<sup>1987</sup>

Árið 1845 voru Kristín og Þórarinn með 14 manna heimili.<sup>1988</sup> Auk hjónanna sjálfra voru þá á heimilinu sex börn þeirra, tvö fósturbörn, tveir vinnumenn og tvær vinnukonur.<sup>1989</sup> Þrjú barnanna sem þau eignuðust voru þá enn ófædd.<sup>1990</sup>

Árið 1850 voru hjón þessi á Látrum með þriðja stærsta búið í Vatnsfjarðarsveit og næstfjölmennasta heimilið þar.<sup>1991</sup> Heimilismennirnir voru þá sautján og bústofninn 3 kýr, 1 naut, 102 sauðkindur (fyrir utan lömb) og 4 hestar.<sup>1992</sup> Þau áttu þá líka bát, sennilega sexæring, og fiskilóðir.<sup>1993</sup> Ljóst er að þetta var myndarþú á þeirrar tíðar mælikvarða. Tveimur árum síðar var samkomulag hjónanna hins vegar orðið svo brogað að þau ákváðu að slíta sambúðinni. Þann 14. október 1852 boðaði sáttanefndin í Reykjarfjarðarhreppi þau Kristínu og Þórarin til fundar og þar var þetta bókað:

*Anno 1852 þann 14. október var forlíkun fyrir tekin ... milli hjónanna á Látrum, Þórarins og Kristínar, ... eftir mörg eða fá orð töluð gjörðist að Látrahjónin vildu strax sækja um skilnað til borðs og sængur, vilja láta yfirlíta fjárhag búsins nú í haust. Vegna kringumstæðna bíða fullkomin fjárskipti til vors. Lofar Þórarinn (til friðar) um næstkomandi vetur að víkja burt frá Látrum til ákveðins tíma og er svo þeirra mál hér með um tíma til lykta leitt að öllum hans, Þórarins, rétti fullkomlega óskertum, bæði til jarðar og lausafjár.<sup>1994</sup>*

Undir þetta skrifaði fyrstur séra Arnór Jónsson, prófastur í Vatnsfirði, sem þá var kominn fast að áttæðu. Nöfn hjónanna, Kristínar og Þórarins,

<sup>1982</sup> Sóknarm.töl og prestsþj.b. Vatnsfjarðar.

<sup>1983</sup> Sömu heimildir. Manntal 2.2.1835. Sbr. Jarðab. Á. og P. VII, 212.

<sup>1984</sup> Manntal 2.11.1840.

<sup>1985</sup> Manntöl 1845 og 1850.

<sup>1986</sup> Sóknarm.töl og prestsþj.b. Vatnsfjarðar, Holts í Önundarf. og Staðar í Súgandaf.

<sup>1987</sup> Sömu heimildir.

<sup>1988</sup> Manntal 1845.

<sup>1989</sup> Sama heimild.

<sup>1990</sup> Sóknarm.töl og prestsþj.b. Vatnsfjarðar, Holts í Önundarf. og Staðar í Súgandaf.

<sup>1991</sup> Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Reykjarfj.hr. 2. Hreppsók 1831-1855, tíundartafla haustið 1850.

<sup>1992</sup> Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Reykjarfj.hr. 2. Hreppsók 1831-1855, tíundartafla haustið 1850.

<sup>1993</sup> Sama heimild.

<sup>1994</sup> Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XIX. 1. Sáttaskýrslur 1833-1876. Eftirrit af bókun 14.10.1852 úr *sáttabók* Reykjarfjarðarhrepps.



hafa líka verið sett undir plaggið, bæði handsöluð,<sup>1995</sup> og má vera að þau hafi ekki kunnað að skrifa.

Líklega veit nú enginn hvað olli sambúðarslitum þessara hjóna á Látrum en býsna alvarleg hljóta ágreiningsefnin að hafa verið því um miðbik nítjándu aldar voru hjónaskilnaðir enn mjög fátíðir á landi hér.

Þann 25. október 1852, fáeinum dögum eftir sáttatilraunina, var bú hjónanna skrifað upp og virt á 1.199 ríkisdali og 48 skildinga.<sup>1996</sup> Skuldir búsins námu hins vegar 447 ríkisdöllum svo upphæðin sem kom til skipta var 752 ríkisdalir og 48 skildingar.<sup>1997</sup> Sú fjárhæð svaraði til rétt liðlega 29 kúgilda ef marka má opinberar verðlagsskrár<sup>1998</sup> og er því ljóst að þau Látrahjón höfðu nóg fyrir sig að leggja og máttu kallast allvel efnuð á bændavísu.

Þann 21. mars 1853 var búinu skipt og sama dag fór fram úttekt á bæjarhúsunum.<sup>1999</sup> Í úttektinni sést að þau Kristín og Þórarinn hafa búið á *ytri partinum* á Látrum<sup>2000</sup> og tündartafla frá 1850 sýnir að þau höfðu þá 12 hundruð til ábúðar, það er hálfa jörðina.<sup>2001</sup> Í þessum gögnum kemur líka fram að Látrahjónin áttu verbúð í Bolungavík og auk fiskveiðanna voru bæði selveiðar og hákarlaveiðar stundaðar frá Látrum.<sup>2002</sup> Að svo hafi verið sést á því að meðal þess sem kom til skipta voru vöðubátur og selanót, hákarlahneif og ífæra.<sup>2003</sup>

Baðstofan sem Kristín Þórarinsdóttir yfirgaf þegar hún fór frá Látrum virðist hafa verið lík því sem algengt var.<sup>2004</sup> Hún var í þremur stafgölfum, 8,5 álnir á lengd og 4,5 álnir á breidd.<sup>2005</sup> Gólfhlöturinn hefur því verið um það bil 15 fermetrar. Hæðin var 5,75 álnir,<sup>2006</sup> það er 3,61 metri, svo meðalmenn hafa getað gengið uppréttir bæði niðri og uppi en þó því aðeins að þeir héldu sig alveg undir mæninum þegar upp á baðstofupallinn var komið. Eitt stafgölf í baðstofunni var undir súð en hin tvö undir *súðarmynd* með *skipsflökum og fjöllum* eins og segir í úttektinni.<sup>2007</sup>

Í skiptagerðinni frá 21. mars 1853 er talað um *stofuhús* á Látrum<sup>2008</sup> og hefur það að líkindum verið sérstök bygging. *Stofuhúsið* var virt á 60 ríkisdali.<sup>2009</sup> Dyraloft var líka í bænum,<sup>2010</sup> svo og búr, eldhús og

<sup>1995</sup> Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XIX. 1. Sáttaskýrslur 1833-1876. Eftirrit af bókun 14.10.1852 úr *sáttabók* Reykjarfjarðarhrepps.

<sup>1996</sup> Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XII. 8. Skiptabók 1848-1854. Skipti á *skilnaðarbúi* hjónanna Þórarins Sigurðssonar og Kristínar Þórarinsdóttur á Látrum 21.3.1853.

<sup>1997</sup> Sama heimild.

<sup>1998</sup> Skýrslur um landshagi Kph. 1858, I, 262.

<sup>1999</sup> Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Reykjarfj.hr. 4. Úttektabók 1836-1882. Látrar í Mjóafirði, úttekt 1853.

<sup>2000</sup> Sama heimild.

<sup>2001</sup> Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Reykjarfjarðarhr. 2. Hreppsbook 1831-1855, tündartafla frá árinu 1850.

<sup>2002</sup> Sama skj.s. Ís. Reykjarfjarðarhr. 4. Úttektabók 1836-1882. Látrar í Mjóafirði, úttekt 1853.

<sup>2003</sup> Sama heimild.

<sup>2004</sup> Sama heimild.

<sup>2005</sup> Sama heimild.

<sup>2006</sup> Sama heimild.

<sup>2007</sup> Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Reykjarfjarðarhr. 4. Úttektabók 1836-1882. Látrar í Mjóafirði, úttekt 1853.

<sup>2008</sup> Sama skj.s. Ís. XII. 8. Skiptabók 1848-1854. Skiptagerð Látrum í Mjóafirði 21.3. 1853.

<sup>2009</sup> Sama heimild.

bæjargöng,<sup>2011</sup> en fleiri virðast vistarverurnar ekki hafa verið. Búrið var 5,25 álnir á lengd og 3 álnir á breidd<sup>2012</sup> eða liðlega 6 fermetrar og eldhúsið jafn langt búrinu<sup>2013</sup> en óvíst um breiddina. Lengd bæjarganganna var 9 álnir,<sup>2014</sup> 5,65 metrar, og þau voru 3 álnir á breidd.<sup>2015</sup>

Við skiptin þann 21. mars 1853 var öllum eignum búsin skipt upp nema búfénaði og nokkrum hluta þess sem hjónin áttu í jörðinni á Látrum.<sup>2016</sup> Búfénaði var ákveðið að skipta að vori þegar *gjafatíð* væri úti.<sup>2017</sup> Svo virðist sem hjónin, er þarna voru að skilja, hafi átt milli 5 og 6 hundruð í jörðinni sem þau bjuggu á<sup>2018</sup> eða um það bil einn fjórða úr Látrum og var sú eign þeirra virt á 174 ríkisdali og 16 skildinga.<sup>2019</sup>

Hið verðmætasta sem kom í hlut Kristínar við skiptin þann 21. mars 1853 var alþiljað stafgólf í baðstofunni með tveimur rúmum, virt á 20 ríkisdali.<sup>2020</sup> Annað sem kom í hennar hlut og talið var meira en 10 ríkisdala virði hvert um sig var þetta: Suðurskemma er svo var nefnd, nautahlaða, 12 fjórðunga bræðslupottur, 40 kinda fjárhús með 7 grindum og hlöðu, rauðröndótt *boldangssæng* og svo baðstofuloftið með 7 rúmstæðum.<sup>2021</sup> Líklegt verður að telja að tvö af þeim níu rúmstæðum sem Kristín fékk í hendur hafi verið á dyraloftinu því ekki var pláss fyrir þau öll á baðstofuloftinu. Alls fékk Kristín 70 númer í sinn hlut við skiptin og kennir þar margra grasa.<sup>2022</sup> Nefna má hálfu verbúð í Bolungavík, sem var virt á 5 ríkisdali, sjóarhús á Látrum, virt á 7 ríkisdali, smiðju með steðja og belg virta á 4 ríkisdali, vefstól, virtan á 9 ríkisdali, og fjögur pör af reipum sem voru virt á 2 ríkisdali.<sup>2023</sup> Fjöldamargt er þá ótalið svo sem fötur, trog, dallar og sáir, þrír kaffibollar, fjórar undirskálar og fjórir hvítir diskar.<sup>2024</sup> Merkilegt er að sjá hversu mikið af guðsorðabókum var til á Látrum. Alls voru þær 26 og fékk Þórarinn 14 en 12 komu í hlut Kristínar.<sup>2025</sup> Bækurnar sem hún fékk voru þessar: Vídalínspostilla, Anonymi predikanir, Upprisusálmar gefnir út árið 1771, Sigurhróssshugvekjur, Vikuoffur, Píslarþankar Vigfúsar Erlendssonar, Flokkabók gefin út árið 1834, Hugvekjusálmar, Sálmbók sjöunda útgáfa, Krossskólasálmar,

<sup>2010</sup> Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Reykjarfjarðarhr. Ís. XII. 8. Skiptabók 1848-1854. Skiptagerð Látrum í Mjóafirði 21.3. 1853.

<sup>2011</sup> Sama skj.s. Ís. Reykjarfjarðarhr. 4. Úttektabók 1836-1882. Látrar í Mjóafirði, úttekt 1853.

<sup>2012</sup> Sama heimild.

<sup>2013</sup> Sama heimild.

<sup>2014</sup> Sama heimild.

<sup>2015</sup> Sama heimild.

<sup>2016</sup> Sama skj.s. Ís. XII. 8. Skiptabók 1848-1854. Skiptagerð Látrum í Mjóafirði 21.3.1853.

<sup>2017</sup> Sama heimild.

<sup>2018</sup> Sama heimild.

<sup>2019</sup> Sama heimild.

<sup>2020</sup> Sama heimild.

<sup>2021</sup> Sama skj.s. Ís. XII. 8. Skiptabók 1848-1854. Skiptagerð Látrum í Mjóafirði 21.3.1853.

<sup>2022</sup> Sama heimild.

<sup>2023</sup> Sama heimild.

<sup>2024</sup> Sama heimild.

<sup>2025</sup> Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XII. 8. Skiptabók 1848-1854. Skiptagerð Látrum í Mjóafirði 21.3.1853.

Fæðingarhugvekjur og Vajsenhússtestamenti.<sup>2026</sup> Hér eru nöfn bókanna rituð með sama hætti og í skiptagerðinni en þar segja til sín ýmsar styttingar sem gripið var til við daglega brúkun.

Hér var þess áður getið að eignir búins á Látrum voru virtar á um það bil 1.200 ríkisdali en á móti komu skuldir upp á 447 ríkisdali (sjá hér bls. 209). Lánardrottinn voru 15 og sá sem átti mest inni hjá búinu var Guðmundur Sturluson en honum skulduðu Látrahjónin 135 ríkisdali.<sup>2027</sup> Guðmundur hafði verið vinnumaður Kristínar og Þórarins í að minnsta kosti 22 ár því hann var hjá þeim á Keldu árin 1831 og 1835, á Bjarnastöðum árið 1840 og á Látrum 1845 og 1850.<sup>2028</sup> Ætla má að hann hafi látið vera að taka út kaupíð sitt en þess í stað komið sér upp innstæðu hjá búinu. Guðmundur var tveimur árum yngri en Kristín húsfreyja, fæddur í Bolungavík árið 1809 sé rétt farið með aldur hans í manntalinu 1845.<sup>2029</sup> Í manntali frá árinu 1840 er tekið fram að vinumaður þessi á Bjarnastöðum sé bæði *skutlari og skytta*<sup>2030</sup> svo líklegt má telja að hann hafi verið þarfari búinu en flestir aðrir og ef til vill vertíðarformaður í Bolungavík á skipi húsbænda sinna. Við skiptin á búi Þórarins og Kristínar 21. mars 1853 fékk Guðmundur allt greitt sem hann átti inni.<sup>2031</sup> Hann fékk þá í sinn hlut sexæring *með tilheyrandi*, sem var virtur á 70 ríkisdali, 11 gamlar og nýjar lóðir, sem metnar voru á 37 ríkisdali,<sup>2032</sup> sitthvað smálegt og hálfa verbúðina í Bolungavík<sup>2033</sup> en hinn helmingurinn af búðinni kom í hlut Kristínar húsfreyju eins og hér hefur áður verið nefnt. Sú staðreynd að Guðmundur fékk sexæringinn og líka hálfa verbúðina á móti Kristínu bendir eindregið til þess að hann en ekki Þórarinn hafi verið Bolungavíkurformaður Látraheimilisins

Skömmu eftir að búinu á Látrum var skipt vék Kristín Þórarinsdóttir burt þaðan og fluttist vestur í Önundarfjörð þar sem hún settist að í Hjarðardal.<sup>2034</sup> Af níu börnum Kristínar og Þórarins fóru sex með henni vestur, eitt fór til dvalar hjá fjarskyldari ættingjum um skeið en tvö elstu börnin, sem komin voru yfir tvítugt, urðu eftir hjá föður sínum á Látrum.<sup>2035</sup>

Sú saga lifði lengi á vörum fólks í Önundarfirði að Kristín hefði komið þangað sjóleiðis frá Látrum með börn sín og búslóð og komið á *þorranum á opnu skipi fyrir alla núpa* (sjá hér Innri-Hjarðardalur). Slíkt ferðalag þótti sæta miklum tíðindum því yfirleitt fluttist fólk ekki búferlum nema um fardagaleytið, þegar komið var fram í júní, og í annan stað var leiðin frá Látrum að Hjarðardal mun lengri en algengt var í

<sup>2026</sup> Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XII. 8. Skiptabók 1848-1854. Skiptagerð Látrum í Mjóafirði 21.3.1853.

<sup>2027</sup> Sama heimild.

<sup>2028</sup> Manntöl 1835, 1840, 1845 og 1850. Sóknarm.töl Vatnsfjarðarpr.kalls.

<sup>2029</sup> Manntal 1845, vesturamt, bls. 327.

<sup>2030</sup> Manntal 1840.

<sup>2031</sup> Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XII. 8. Skiptabók 1848-1854. Skiptagerð Látrum í Mjóafirði 21.3.1853.

<sup>2032</sup> Sama heimild.

<sup>2033</sup> Sama heimild.

<sup>2034</sup> Prestsþj.b. og sóknarm.töl Holts í Önundarf.

<sup>2035</sup> Sömu heimildir. Prestsþj.b. og sóknarm.töl Vatnsfjarðar. Manntal 1855.

búferlaflutningum á sjó eða um það bil 45 sjómílur. Í prestsþjónustubók frá Holti í Önundarfirði er staðfest að Kristín og fylgdarlið hennar fluttist til Önundarfjarðar árið 1853.<sup>2036</sup> Nær óhugsandi má hins vegar kalla að hún hafi farið í þá langferð áður en búinu var skipt þann 21. mars svo að sagan um komu hennar til Önundarfjarðar á miðjum vetri fær tæplega staðist. Með vísun til þeirrar gömlu sögu og þess hve trúverðugur heimildarmaðurinn er (sjá hér Innri-Hjarðardalur) má hins vegar telja mjög líklegt að Kristín hafi farið frá Látrum snemma á einmánuði, strax og búíð var að skipta búinu, og ekki verið farið að vora þegar hún steig á land við Hjarðardalssjó.

Um búferlaflutninga Kristínar árið 1853 og sjóferð hennar á vetrardegi frá Látrum í Mjóafirði að Hjarðardal í Önundarfirði hefur áður verð ritað á þessum blöðum (sjá hér Innri-Hjarðardalur). Aðeins skal rifjað upp að auk hennar voru fjórar fullorðnar manneskjur með í þeirri för, þau Guðmundur Sturluson, sem hér var nýlega nefndur, Herdís Þórarinsdóttir, sem var systir Kristínar, Sigurður Þórarinsson, sonur Kristínar, og Þórður Þórðarson, systursonur hennar og fóstursonur. Þeir Sigurður og Þórður voru báðir um tvítugsaldur árið 1853 og fluttust síðar með Kristínu til Súgandafjarðar (sjá hér bls. 213 og 220 og Ytri-Vatnadalur). Á bátnum voru líka 5 börn Kristínar innan við fermingaraldur, hið yngsta 3ja ára eða tæplega það.<sup>2037</sup>

Við skiptin á búi þeirra Kristínar og Þórarins á Látrum fékk Guðmundur Sturluson, vinnumaður þeirra, sexæringinn sem þau áttu í sinn hlut og gekk hann upp í greiðslu á skuld búsins við Guðmund eins og hér var áður nefnt. Fullvíst má telja að á því skipi hafi Kristín og þau sem með henni fóru lagt upp í hinn langa róður út Ísafjarðardjúp og *fyrir alla núpa* að Hjarðardalssjó í Önundarfirði. Guðmundur vinnumaður, sem átti bátinn, var tryggur Kristínu. Hann fluttist með henni til Önundarfjarðar og starfaði á búi hennar þar næstu árin. Saman áttu þau verbúð í Bolungavík, höfðu fengið sinn helming búðarinnar hvort við skipti búsins á Látrum eins og fyrr var getið. Ýmsum kann að detta í hug að Guðmundur Sturluson muni hafa átt nokkurn þátt í að upp úr sambúð hjónanna á Látrum slitnaði og síðari tíma menn hafa jafnvel látið hvarfla að sér að ef til vill hafi hann í raun verið faðir sumra barna húsfreyjunnar. Um það veit þó enginn nú því tíminn hefur fært líf þessa fólks inn í móðu og mistur fjarlægðarinnar. Aftur á móti liggur ljósar fyrir að þau Kristín og Guðmundur rugluðu saman reitum sínum að meira eða minna leyti eftir brottför þeirra úr Mjóafirði. Til marks um það má nefna að fyrsta árið sem Kristín bjó í Önundarfirði var hún í tíundartöflu talin eigandi að sexæring (sjá hér Innri-Hjarðardalur) sem ætla má að hafi verið sá hinn sami og Guðmundur fékk í sinn hlut við skipti búsins á Látrum nokkrum mánuðum fyrr og áður hefur verið nefndur. Enn sterkari vísbending um sambúð Kristínar og Guðmundar er þó að finna í heimildum úr Súgandafirði eins og brátt

<sup>2036</sup> Prestsþj.b. Holts í Önundarf.

<sup>2037</sup> Prestsþj.b. og sóknarm.töl Holts í Önundarf og Vatnsfjarðar.

verður að vikið en hingað í Súgandafjörð fluttust þau bæði eftir fárra ára dvöl í Önundarfirði.

Í Önundarfirði bjó Kristín Þórarinsdóttir aðeins í fjögur ár, frá 1853 til 1857, fyrst í Ytri-Hjarðardal en síðan í Innri-Hjarðardal og þaðan fluttist hún að Botni í Súgandafirði vorið 1857, þá rétt um fimmtugt. Með henni fluttust þangað ráðsmaðurinn Guðmundur Sturluson og börn hennar sex sem farið höfðu með henni frá Látrum fjórum árum fyrr.<sup>2038</sup> Þau voru Sigurður, fæddur 25.12.1832, Kristín, fædd 3.5.1840, Guðmundur, fæddur 9.5.1841, Arnfríður, fædd um 1845, Helga, fædd um 1847, og Anna fædd 4.4.1850.<sup>2039</sup> Faðir allra þessara barna var eiginmaður Kristínar, Þórarinn Sigurðsson á Látrum, sem hún sleit samvistir við árið 1853. Börn þeirra tvö, sem þá urðu eftir á Látrum, voru Þórarinn, fæddur 1828, og Friðgerður, fædd 1830.<sup>2040</sup> Enn er þá ótalið eitt barn þessara hjóna sem upp komst, Jón Þórarinsson, fæddur um 1848, en hann fluttist innan úr Djúpi til móður sinnar árið 1859.<sup>2041</sup>

Það voru 14 manneskjur sem komu frá Innri-Hjarðardal og settust að í Botni vorið 1857, allt heimilisfólk Kristínar.<sup>2042</sup> Auk Guðmundar Sturlusonar og barna Kristínar, sem hér hafa áður verið nefnd, fylgdu henni enn þau Herdís systir hennar og Þórður Þórðarson, frændi Kristínar og fóstursonur, sem orðinn var 26 ára gamall<sup>2043</sup> en þau höfðu bæði komið með henni frá Látrum í Önundarfjörð fjórum árum fyrr eins og hér var áður nefnt. Nú var líka með í för Guðrún Þórarinsdóttir, 11 ára sonardóttir Kristínar,<sup>2044</sup> dóttir Þórarins Þórarinssonar sem varð eftir á Látrum þegar móðir hans fór þaðan. Seinna kom bróðir Guðrúnar, Þórarinn Þórarinsson yngri, líka í Súgandafjörð, til ömmu sinnar, og ólust bæði þessi systkini upp hjá henni að miklu leyti.<sup>2045</sup>

Þegar Kristín Þórarinsdóttir og Guðmundur Sturluson fluttust að Botni frá Innri-Hjarðardal var Guðmundur sagður vera *forverksmaður* hennar.<sup>2046</sup> Í sóknarmannatali frá marsmánuði 1858 er hann talinn bóndi í Botni en hún *fyrirráðandi*.<sup>2047</sup> Í sóknarmannatölum frá næstu árum er Guðmundur yfirleitt sagður vera *bóndi* eða *húsbóndi* í Botni en Kristín *fyrirráðandi* eða *húsfreyja* og eitt árið kölluð *ráðskona* hjá Guðmundi.<sup>2048</sup> Í búnaðarskýrslu frá árinu 1860 er Guðmundur líka talinn fyrir búi þeirra í Botni og sagður vera bóndi.<sup>2049</sup> Allt sýnir þetta að þau Kristín og Guðmundur hafa slegið sér saman og gerst sambúðarfólk þó ekki væru þau gift. Líklegt er reyndar

<sup>2038</sup> Sóknarm.töl og prestsþj.b. Staðar í Súgandafirði og Holts í Önundarfirði.

<sup>2039</sup> Sömu heimildir. Framætt og niðjar Eiríks Kristjánssonar og Önnu Þórarinsdóttur frá Önundarfirði, fjölrít 1960 án höfundarnafns, bls. 3.

<sup>2040</sup> Prestsþj.b. og sóknarm.töl Vatnsfjarðar. Manntöl 1845, 1850, 1855 og 1860.

<sup>2041</sup> Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2042</sup> Sömu heimildir.

<sup>2043</sup> Sömu heimildir.

<sup>2044</sup> Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2045</sup> Sömu heimildir.

<sup>2046</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2047</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2048</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2049</sup> VA III, 417, búnaðarskýrslur 1860.

að hún hafi aldrei skilið við Þórarinn, eiginmann sinn á Látrum, með lögformlegum hætti þó að upp úr sambúð þeirra slitnaði og búíð væri tekið til skipta.

Þegar Kristín samdi árið 1863 um að fá ábúð á Stað segir prófastur hana vera ekkju.<sup>2050</sup> Það stendur líka heima hafi hún talist vera gift Þóarni allt þar til hann andaðist en andlát hans bar að haustið 1859.<sup>2051</sup>

Í Botni bjó Kristín í 7 ár, frá 1857 til 1864, og síðasta árið í þeirri lotu var hún með ábúð á tveimur jörðum, Botni og Stað.<sup>2052</sup> Árið 1860 var bústofn Kristínar og Guðmundar Sturlusonar 4 kýr, 2 aðrir nautgripir, 20 ær, 9 gemlingar, 2 hestar og 2 tryppi.<sup>2053</sup> Þau áttu þá enn sexæring eða fjöggra manna far og líka annan minni bát.<sup>2054</sup> Tvíbýli var þá í Botni og sé litið á bústofninn má ætla að þau hafi haft um það bil tvo þriðju hluta jarðarinnar til ábúðar, það er 16 hundruð. Þau Kristín og Guðmundur voru þá með fleiri nautgripi en aldir voru á nokkru öðru býli í Suðureyrarhreppi<sup>2055</sup> en af 17 bændum í hreppnum voru 5 með fleiri sauðkindur.<sup>2056</sup>

Guðmundur Sturluson fæddist í Þjóðólfstungu í Bolungavík árið 1809 og var sonur hjónanna Sturlu Sturlusonar og Valgerðar Þorkelsdóttur sem þar bjuggu.<sup>2057</sup> Fæðing Guðmundar er reyndar ekki skráð í prestsþjónustubók Eyrar í Skutulsfirði því þar er eyða sem nær yfir allmörg ár en við fermingu hans vorið 1823 er sagt að hann sé sonur þessara hjóna<sup>2058</sup> svo ekki er um að villast. Valgerður, móðir Guðmundar, var seinni kona föður hans og 33 árum yngri en hann.<sup>2059</sup> Guðmundur missti ungur föður sinn og árið 1816 var hann 7 ára gamall í fóstri á Grundarhóli í Bolungavík.<sup>2060</sup> Í manntalinu frá því ári er tekið fram að hann sé fæddur í Tungu,<sup>2061</sup> það er Þjóðólfstungu. Við fermingu var Guðmundur á Ósi í Bolungavík.<sup>2062</sup>

Guðmundur Sturluson andaðist 1. febrúar 1861<sup>2063</sup> og var þá kominn lítið eitt yfir fimmtugt. Hann hafði þá búíð með Kristínu Þórarinsdóttur í Botni í tæplega fjögur ár. Frá andláti Guðmundar greinir séra Arngrímur Bjarnason svo í prestsþjónustubókinni: *Var því nær bráðkvaddur á förnum vegi frá heimili sínu.*<sup>2064</sup> Séra Arngrímur lætur þess einnig getið að Guðmundur hafi verið jarðsettur 15. febrúar í *Holtskirkjugarði án þess*

<sup>2050</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttekt 23.6.1863.

<sup>2051</sup> Vestf. ættir IV, 390.

<sup>2052</sup> Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. Kirkjustól Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttekt 23.6.1863.

<sup>2053</sup> VA III, 417, Ís. Suðureyrarhreppur, búnaðarskýrsla 1860.

<sup>2054</sup> Sama heimild.

<sup>2055</sup> Sama heimild.

<sup>2056</sup> Sama heimild.

<sup>2057</sup> Prestsþj.b. Eyrar í Skutulsfirði.

<sup>2058</sup> Prestsþj.b. Eyrar í Skutulsfirði.

<sup>2059</sup> Manntal 1801, vesturamt, bls. 317. Vestf. ættir II, 678.

<sup>2060</sup> Manntal 1816.

<sup>2061</sup> Sama heimild.

<sup>2062</sup> Prestsþj.b. Eyrar í Skutulsfirði.

<sup>2063</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2064</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

viðkomandi prestur leyfði eða samþykkti.<sup>2065</sup> Þessi viðkomandi prestur hlýtur að vera hann sjálfur því varla hefur *forverksmanni* Kristínar Þórarinsdóttur verið holað niður í Holti án þess að prófasturinn sem þar sat leyfði. Um ástæður þess að Kristín lét flytja lík Guðmundar vestur í Holt til greftrunar er ekki kunnugt en líklegast er að því hafi valdið einhver ágreiningur við sóknarprest Súgafirðinga, séra Arngrím. Andlát Guðmundar bar að á þorranum og varla einfalt mál að koma líkinu vestur í Holt um hávetur. Synir Kristínar voru hins vegar vaskir menn og má ætla að þeir hafi staðið fyrir þessum líkflutningi. Varla hafa þeir farið yfir Grímsdalsheiði en hitt líklegra að kistan hafi verið flutt á sjó, máske á sama sexæringnum og sá látni flutti þau á, Kristínu og hennar fólk, átta árum fyrr, hina löngu leið fyrir *alla núpa*, frá Látrum í Mjóafirði í Önundarfjörð.

Hér var áður á það minnst að fardagaárið 1863-1864 hefði Kristín Þórarinsdóttir verið ábúandi á tveimur jörðum í Súgandafirði, Botni og Stað. Sjálf sat hún áfram í Botni þetta ár en sonur hennar, Guðmundur Þórarinsson, sá um búskapinn á Stað.<sup>2066</sup> Hann var þá orðinn 22ja ára gamall og er nefndur ráðsmaður í sóknarmannatalinu frá 31.12.1863.<sup>2067</sup> Veturinn 1863-1864 voru aðeins sex heimilismenn á Stað<sup>2068</sup> og stýrði Guðmundur því liði til verka. Vorið 1864 fluttist móðir hans svo úr Botni með allt sitt og settist að á hinu forna prestssetri.<sup>2069</sup> Hún var þá að verða 57 ára gömul en átti þó eftir að standa hér fyrir búi í 19 ár.<sup>2070</sup>

Á síðustu árum séra Arngríms Bjarnasonar í Súgandafirði og allt til vorsins 1864 var búið í þremur hjáleigum í landi Staðar, Lækjarhúsum, Ytri-Staðarhúsum og Keravíkurbökkum og allt til vorsins 1863 var líka tvíbýli heima á staðnum.<sup>2071</sup> Við komu Kristínar Þórarinsdóttur að Stað varð allt fólkið úr hjáleigunum að víkja þaðan<sup>2072</sup> og bjó hún síðan ein á allri jörðinni til loka.<sup>2073</sup> Ein þurrabúðarfjölskylda fékk þó að hafast við í Lækjarkoti, þar sem áður hétu Lækjarhús, síðustu fjögur árin sem Kristín stóð fyrir búi á Stað.<sup>2074</sup>

Heimili Kristínar á Stað var jafnan fjölmenn. Oft voru heimilismennirnir um það bil 15 og veturinn 1875-1876 voru þeir 18.<sup>2075</sup> Á síðustu búskaparárum Kristínar fækkaði heimilisfólkinu nokkuð.<sup>2076</sup> Ef marka má búnaðarskýrslur bjó Kristín árið 1870 með 2 kýr, 2 aðra nautgripi, 30 ær, 8 sauði og hrúta, 30 gemlinga og 2 hesta.<sup>2077</sup> Þetta var þá

<sup>2065</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2066</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2067</sup> Sama heimild.

<sup>2068</sup> Sama heimild.

<sup>2069</sup> Sama heimild.

<sup>2070</sup> Sama heimild.

<sup>2071</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2072</sup> Sama heimild.

<sup>2073</sup> Sama heimild.

<sup>2074</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2075</sup> Sama heimild.

<sup>2076</sup> Sama heimild.

<sup>2077</sup> VA III, 421, búnaðarskýrslur 1870.

stærsta búíð í Súgandafirði.<sup>2078</sup> Í búnaðarskýrslunni frá 1880 er búkona þessi á Stað sögð vera með 4 kúr, 2 aðra nautgripi, 32 ær, 24 gemlinga, 2 hesta og 1 tryppi.<sup>2079</sup> Bú hennar var þá enn annað stærsta búíð í hreppnum.<sup>2080</sup> Árið 1870 átti Kristín tvo báta, sem voru annað hvort sexæringar eða fjöggra manna för, og tíu árum síðar var bátæignin óbreytt.<sup>2081</sup> Ætla má að synir hennar hafi verið formenn á bátum þessum þegar róíð var til fiskjar og bátarnir verið gerðir út frá Keravík sem er í landi Staðar. Árið 1882 fékk Kristín þrjá og hálfan hlut við uppgjör fyrir fiskinn frá Stað sem lagður hafði verið inn í verslun Hjálmars Jónssonar á Flateyri það ár.<sup>2082</sup>

Húsakynnum sem Kristín bjó í hér á Stað hefur áður verið lýst en baðstofuhúsið var liðlega 20 fermetrar og grunnflötur allra bæjarhúsanna til samans, það er baðstofu, búrs, eldhúss og bæjarganga, um það bil 53,5 fermetrar (sjá hér bls. 194-196).

Í sóknarmannatölum Staðarprestakalls fær Kristín Þórarinsdóttir lofsamlega einkunn hjá séra Stefáni P. Stephensen, prófasti í Holti, sem þjónaði Staðarkirkju á þeim árum sem hún réð hér húsum.<sup>2083</sup> Árið 1875 lætur prófastur þess getið að hún sé *vel að sér* og nefnir tveimur árum síðar að hún sé *vel uppfædd*.<sup>2084</sup> Þegar prófasturinn kannaði bókakost Kristínar árið 1875 átti hún að hans sögn *nægar guðsorðabækur af hinum tíðkanlegu og fleiri biblíur af hinum ensku*.<sup>2085</sup> Ætla má að þessar svokölluðu *ensku biblíur* séu sú útgáfa biblíunnar á íslenskri tungu sem prentuð var í Englandi snemma á 19. öld og náði mikilli útbreiðslu.

Í Súgandafirði virðist Kristín Þórarinsdóttir hafa notið vinsælda og virðingar því á þeim 26 árum sem hún átti hér heima var hún skírnavottur 50 barna.<sup>2086</sup> Ljós móðurstörfum gegndi hún líka í viðlögum.<sup>2087</sup>

Við búskapinn á Stað hafði Kristín mikla stoð af börnum sínum. Yngsta barnið var 14 ára þegar hún fluttist að Stað. Á þeim árum sem Kristín bjó í Botni voru jafnan sex af börnum hennar á heimilinu og sjö þegar flest var.<sup>2088</sup> Engin breyting varð á í þessum efnum við búferlaflutningana að Stað og voru sex börn hennar heimilisföst hjá móður sinni allt til ársins 1868.<sup>2089</sup> Þá kvæntist elsti sonurinn á heimilinu, Sigurður Þórarinsson, sem var orðinn 35 ára gamall, og fluttist að Fremri-

<sup>2078</sup> VA III, 421, búnaðarskýrslur 1870.

<sup>2079</sup> VA III, 424, búnaðarskýrslur 1880.

<sup>2080</sup> Sama heimild.

<sup>2081</sup> VA III, 421 og 424, búnaðarskýrslur 1870 og 1880.

<sup>2082</sup> Hsk. á Ísaf. nr. 240. Skiptabók 1881-1886 frá verslun Hjálmars Jónssonar á Flateyri.

<sup>2083</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2084</sup> Sama heimild.

<sup>2085</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2086</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2087</sup> Sama heimild.

<sup>2088</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2089</sup> Sama heimild.



Vatnadal.<sup>2090</sup> Hin fimm börnin, sem fylgt höfðu móður sinni, voru öll á Stað fram á árið 1873 en þá tók að fækka.<sup>2091</sup>

Allt frá andláti Guðmundar Sturlusonar árið 1861 og til ársins 1868 mun Sigurður Þórarinsson hafa verið ráðsmaður á búi móður sinnar,<sup>2092</sup> fyrst í Botni en síðan á Stað frá 1864. Hann var þá líka formaður á bát sem Kristín móðir hans átti<sup>2093</sup> og mun þá stundum hafa róið frá Bolungavík því þar var hann sannanlega formaður vorið 1862.<sup>2094</sup> Sigurður var að sögn *afburða sjómaður*<sup>2095</sup> og stundaði bæði almennar fiskveiðar og hákarlaveiðar á opnu skipi á þeim árum sem hann átti heima í Súgandafirði.<sup>2096</sup> Valdimar Þorvaldsson segir að hákarlaskip Dalmanna í Súgandafirði á þessum árum hafi heitið Norðri og Sigurður verið formaður á því.<sup>2097</sup> Í hákarlalegurnar var jafnan farið að vetrarlagi<sup>2098</sup> og mun hver leguferð oftast hafa tekið nokkra daga. Til slíkra sjóferða gátu minni skip en sexæringar vart komið til greina en árið 1870 voru aðeins til þrjú bátar í Súgandafirði sem töldust vera sexæringar eða fjöggra manna för.<sup>2099</sup> Tvo þessara báta átti Kristín Þórarinsdóttir á Stað, móðir Sigurðar, og má ætla að hákarlaskipið Norðri hafi verið annar þeirra.

Þegar Sigurður Þórarinsson var liðlega fertugur fluttist hann til Bolungavíkur og lauk þar ævi sinni um áttæðisaldur (sjá hér bls. 220 og Fremri-Vatnadalur). Finnbogi Bernóðusson, sem var ungur maður í Bolungavík á efri árum Sigurðar, lýsti honum með þessum orðum:

*Sigurður var meðalmaður á allan vöxt, snarmenni mikið á yngri árum og svo glíminn að honum varð ekki af fótum komið. Bolvíkingar vissu engan þann er honum hefði fengið jarðvarpað. ... Töluðu margir gamlir menn um hina miklu glímuleikni og skerpu og liðleik Sigurðar af mikilli hrifni og aðdáun.*<sup>2100</sup>

Sigurður fór frá Stað árið 1868 og þá mun Guðmundur bróðir hans hafa orðið ráðsmaður á búi móður þeirra.<sup>2101</sup> Næstu fimm árin var hann helsta stoð hennar og stytta við búskapinn en ævi hans lauk 18. desember 1873 er bátur úr Staðardal fórst í lendingu og allir drukknuðu sem á honum voru (sjá hér Bær). Svo er sagt að Guðmundur Þórarinsson hafi *verið talinn mest hraustmenni þeirra allra.*<sup>2102</sup> Þegar hann fórst var hann liðlega

<sup>2090</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2091</sup> Sama heimild.

<sup>2092</sup> Valdimar Þorvaldsson 1963, 58 (Ársrit S.Í.).

<sup>2093</sup> Sama heimild.

<sup>2094</sup> Eyjólfur Jónsson 1980, 131 (Ársrit S.Í.).

<sup>2095</sup> Valdimar Þorvaldsson 1963, 58.

<sup>2096</sup> Sama heimild.

<sup>2097</sup> Valdimar Þorvaldsson 1953, 64. (Frá ystu nesjum VI). Sami 1963, 58.

<sup>2098</sup> Sami 1953, 64.

<sup>2099</sup> VA III, 421, búnaðarskýrslur 1870.

<sup>2100</sup> Finnbogi Bernóðusson 1969, 13.

<sup>2101</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2102</sup> Valdimar Þorvaldsson 1963, 61 (Ársrit S.Í.).

þrítugur að aldri og lét eftir sig ekkju og þrjú ung börn.<sup>2103</sup> Að Guðmundi látnum varð Jón bróðir hans forverksmaður á búi móður þeirra, Kristínar á Stað, og er hann stundum nefndur *ráðsmaður* í heimildum frá árunum 1874-1883.<sup>2104</sup> Hann eignaðist árið 1878 soninn Þórarinn með Guðbjörgu Guðmundsdóttur, ekkju Guðmundar bróður síns.<sup>2105</sup>

Síðustu árin sem Kristín bjó á Stað voru tvö af börnum hennar hér enn, þau Jón Þórarinsson og Helga, sem varð ekkja árið 1881 eftir fárra ára hjúskap og fluttist þá aftur heim til móður sinnar.<sup>2106</sup> Helgu fylgdu þá þrjár ungar dætur hennar en þær dóu allar hér á Stað í mislingunum sumarið 1882 (sjá hér Göltur). Helga Þórarinsdóttir varð seinna húsfreyja í Öndurarfirði (sjá hér bls. 219 og Fremri-Vatnadalur, Hraunakot þar) eins og systur hennar, þær Kristín, Arnfríður og Anna<sup>2107</sup> (sbr. einnig hér Vífilsmýrar, Hóll í Firði og Fremri-Breiðadalur).

Vorið 1883 var Kristín Þórarinsdóttir orðin nær 76 ára gömul og hætti þá loks sínu búskaparbasli.<sup>2108</sup> Hún andaðist á þriðja degi jóla það sama ár og hafði verið húskona hér á Stað síðasta hálfu árið sem hún lifði.<sup>2109</sup> Stefán P. Stephensen, prófastur í Holti, var þá prestur Súgufirðinga en sagt er að hann hafi oft verið tregur til að leggja upp í vetrarferðir fyrir Sauðanes eða yfir Klofningsheiði (sjá hér bls. 144) og sannaðist það hér því lík Kristínar stóð uppi í 52 daga.<sup>2110</sup> Þann 17. febrúar 1884 var hún loks jarðsett.<sup>2111</sup> Þegar prófasturinn í Holti fór loks í Súgandafjörð til að jarða voru líkin sem biðu greftrunar orðin þrjú<sup>2112</sup> svo honum var ekki til setunnar boðið.

Svo virðist sem búskap Kristínar hafi hnignað nokkuð síðustu árin sem hún stóð fyrir búi. Hún var þá komin á áttæðisaldur og kraftarnir á þrotum. Þegar hún gafst upp á búskapnum vorið 1883 voru viðir í baðstofunni orðnir mjög fúnir og fjósið að falli komið.<sup>2113</sup> *Álagið*, sem henni var gert að greiða svo hægt yrði að koma baðstofunni og öðrum jarðarhúsum í fyrra horf, nam 172,- krónum og stóð sú gamla skil á því öllu og afhenti kúgildi jarðarinnar þegar nýr ábúandi tók við.<sup>2114</sup> Upp í *álagið* lét hún m.a. af hendi nýlegar byggingar sem reistar höfðu verið á hennar búskaparárum, skemmu, nautahlöðu, sjávarhús, hlöðu við sjóinn og hjall þar niður frá.<sup>2115</sup> Samtals voru þessar byggingar virtar á 126,- krónur.<sup>2116</sup>

<sup>2103</sup> Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2104</sup> Sömu heimildir.

<sup>2105</sup> Sömu heimildir. Sbr. Vestf. ættir II, 728.

<sup>2106</sup> Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2107</sup> Eyjólfur Jónsson 1967, 16, 30, 37, 49, 50, 69 og 111.

<sup>2108</sup> Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2109</sup> Sömu heimildir.

<sup>2110</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2111</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2112</sup> Sama heimild.

<sup>2113</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttekt 1.5.1883.

<sup>2114</sup> Kirkjustóll Staðar í Súgandaf. 1839-1919, úttekt 1.5.1883.

<sup>2115</sup> Sama heimild.

<sup>2116</sup> Sama heimild.

Með allt sem var jörðinni á Stað viðkomandi tókst Kristínu að standa í skilum en henni auðnaðist hins vegar ekki að greiða skuldir sínar við verslunina á Flateyri. Til þeirra skulda hafði verið stofnað er Hjálmar Jónsson átti Flateyrarverslun og Torfi Halldórsson var verslunarstjóri en Ásgeirsverslun á Ísafirði tók við rekstri hennar fáum mánuðum áður en Kristín hætti að búa (sjá hér Flateyri). Þann 31. desember 1884 skuldaði dánarbú Kristínar Þórarinsdóttur útibúi Ásgeirsverslunar á Flateyri 575,14 krónur og fimm árum síðar var sú skuld óbreytt.<sup>2117</sup> Nær fullvíst má telja að þessi skuld hafi aldrei verið greidd og dánarbú Kristínar hafi því verið þrotabú. Mælt í landaurum nam skuld dánarbúsins við verslunarútibúið á Flateyri liðlega fimm kúgildum.<sup>2118</sup>

Öll börn Kristínar sem fluttust með móður sinni til Súgandafjarðar vorið 1857 voru enn á lífi þegar hún andaðist nema Guðmundur sem drukknaði tíu árum áður en móðir hans lést. Við andlát Kristínar var samt ekkert barna hennar enn í Súgandafirði nema Helga og svo Jón sem komið hafði til móður sinnar skömmu eftir að hún fluttist í Súgandafjörð.<sup>2119</sup>

Þau Jón og Helga fluttust líka burt úr Súgandafirði skömmu eftir lát móður þeirra.<sup>2120</sup> Helga fór fyrst til Skutulstjarðar og svo í Önundarfjörð þar sem hún giftist í annað sinn og varð húsfreyja á Flateyri.<sup>2121</sup> Jón Þórarinsson fluttist til Bolungavíkur árið 1884<sup>2122</sup> og var sjómaður á Bolungavíkurmölum 1890 og enn 1901.<sup>2123</sup> Í manntölunum frá 1890 og 1901 er hann þó sagður vera aðkomumaður í Bolungavík og eiga heima á Stað í Súgandafirði<sup>2124</sup> en Súgfirðingar virðast ekki hafa kannast við það og talið hann fluttan burt því nafn Jóns er ekki að finna í íbúaskráum þeirra frá þessum sömu árum.<sup>2125</sup>

Vegna burtflutnings barna Kristínar á Stað voru niðjar hennar í Suðureyrarhreppi mjög fáir um nokkurt skeið en á fyrsta þriðjungi nýrrar aldar fjölgaði þeim mjög verulega á ný. Þar átti nokkurn hlut að máli Valgerður Þórarinsdóttir, sonardóttir Kristínar, en hún var dóttir Þórarins Þórarinssonar,<sup>2126</sup> þess sonar Kristínar sem varð eftir á Látrum í Mjóafirði þegar móðir hans fór þaðan (sjá hér bls. 213). Þrjár dætur Valgerðar voru um skeið búsettar á Suðureyri, giftar konur þar með hóp af börnum.<sup>2127</sup> Sjálf fluttist Valgerður líka til Suðureyrar, þá rosín kona.

Önnur sonardóttir Kristínar húsfreyju á Stað átti þó enn stærri þátt í að fjölga niðjum ömmu sinnar í Suðureyrarhreppi en það var Guðrún Sigurðardóttir sem giftist Guðna Egilssyni og varð húsfreyja á Kvíanesi og

<sup>2117</sup> Hsk. á Ísaf. nr. 0123. Höfuðbók frá verslunarútibúi Ásgeirsverslunar á Flateyri.

<sup>2118</sup> Stjórnartíðindi 1885 B, bls. 38-40 og 1890 B, bls. 23-25.

<sup>2119</sup> Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2120</sup> Sömu heimildir.

<sup>2121</sup> Sömu heimildir. Eyjólfur Jónsson 1967, 50.

<sup>2122</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2123</sup> Manntöl 1890 og 1901.

<sup>2124</sup> Manntöl 1890 og 1901.

<sup>2125</sup> Sömu heimildir.

<sup>2126</sup> Vestf. ættir IV, bls. 390.

<sup>2127</sup> Sama heimild, 390-397. Sbr. Gunnar M. Magnúss 1977, 410 og 437-444.

síðar í Bæ<sup>2128</sup> (sbr. hér Kvíanes, Bær og Fremri-Vatnadalur, Hraunakot þar).

Guðrún var dóttir Sigurðar Þórarinssonar og Guðnýjar Jónsdóttur frá Tannanesi í Önundarfirði<sup>2129</sup> en Sigurður var elsta barnið sem fylgdi Kristínu móður sinni við brottför hennar frá Látrum í Mjóafirði árið 1853 (sjá hér bls. 213 og Innri-Hjarðardalur). Hann var þá tvítugur að aldri. Á árunum 1862-1867 eignaðist Sigurður a.m.k. þrjú börn, sitt með hverri konunni, ýmist í Önundarfirði eða í Bolungavík þó búsettur væri hjá móður sinni í Súgandafirði.<sup>2130</sup> Tvö þessara barna komust upp, Guðrún, sem hér var nefnd, og Guðbjörg Sveinfríður sem giftist Kristjáni Friðrikssyni Mosdal, skútuskipstjóra á Eyri í Önundarfirði, og bjó að honum látnum með Sigurði Jóhannssyni sem menn nefndu Sigurð skurð (sjá hér Eyri og Gilsbrekka). Á þessum árum var a.m.k. eitt barn enn kennt Sigurði, drengurinn Kristján Guðríðarson sem hann sór fyrir.<sup>2131</sup>

Árið 1868 kvæntist Sigurður<sup>2132</sup> og lauk þá lausagöngu hans. Stúlkan sem hann kvæntist hét Sigríður Jóhannesdóttir og átti heima í Vatnadal.<sup>2133</sup> Næstu sex árin voru þau um kyrrt í Súgandafirði en árið 1874 fluttust þau til Bolungavíkur.<sup>2134</sup> Þaðan hafði Sigurður róið einhverjar vertíðir og verið formaður.<sup>2135</sup> Í Bolungavík bjuggu Sigurður og Sigríður kona hans á Hóli frá 1875 til 1894 en síðan í Miðdal þar í sveit og þar andaðist hann árið 1913.<sup>2136</sup> Með eiginkonunni eignaðist Sigurður Þórarinsson nokkur börn og komust sum þeirra upp.<sup>2137</sup>

Sigurður Þórarinsson, sonur Kristínar á Stað, var sem áður gat lengi talinn með glímnustu mönnum og kunnri Finnbogi Bernódusson í Bolungavík af honum ýmsar sögur er hann birti sumar í bók sinni *Sögur og sagnir úr Bolungavík*.<sup>2138</sup>

Bóndinn sem hóf búskap hér á Stað vorið 1883 hét Jón Ólafsson. Hann fékk þá ábúð á allri jörðinni og fluttist hingað ásamt konu sinni, Guðrúnu Etilríði Sturludóttur, og börnum þeirra frá Ytri-Hjarðardal í Önundarfirði.<sup>2139</sup> Jón fæddist í Innri-Hjarðardal 24. desember 1831<sup>2140</sup> og var því liðlega fimmtugur er hann fór að búa á Stað en kona hans var tíu árum yngri.<sup>2141</sup> Þau voru bæði Önfirðingar.

<sup>2128</sup> Vestf. ættir II, 530-535.

<sup>2129</sup> Prestsþj.b. og sóknarm.töl Holts í Önundarf. og Staðar í Súgandaf.

<sup>2130</sup> Sömu heimildir og prestsþj.b. og sóknarm.töl Hólssóknar í Bolungavík.

<sup>2131</sup> Eyjólfur Jónsson 1980, 127-138 (Ársrit S.Í.).

<sup>2132</sup> Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2133</sup> Sömu heimildir.

<sup>2134</sup> Sömu heimildir.

<sup>2135</sup> Eyjólfur Jónsson 1980, 127-138.

<sup>2136</sup> Prestsþj.b. og sóknarm.töl Eyrar í Skutulsfirði (Hólssókn í Bolungavík).

<sup>2137</sup> Sömu heimildir.

<sup>2138</sup> Finnbogi Bernódusson 1969, 13-19.

<sup>2139</sup> Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. og Holts í Önundarf.

<sup>2140</sup> Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

<sup>2141</sup> Sama heimild.

Foreldrar Jóns Ólafssonar voru hjónin Ólafur Jónsson og Guðfinna Ebenezersdóttir sem bjuggu í Innri-Hjarðardal á árunum kringum 1830 en seinna á Álfadal á Ingjaldssandi.<sup>2142</sup> Jón fluttist með foreldrum sínum á Ingjaldssand árið 1837 og ólst þar upp frá fimm ára aldri.<sup>2143</sup> Foreldrar Guðrúnar Sturludóttur, eiginkonu Jóns, voru hjónin Sturla Jónsson, bóndi og hreppstjóri í Dalshúsum í Valbjófsdal, og kona hans, Kristín Ebenezersdóttir.<sup>2144</sup> Mæður Jóns Ólafssonar og Guðrúnar konu hans, þær Guðfinna og Kristín Ebenezersdætur, voru systur og var Guðfinna fædd á Kvíanesi í Súgandafirði árið 1806 en Kristín í Innri-Hjarðardal í Önundarfirði árið 1810.<sup>2145</sup> Bróðir þeirra var Kristján Ebenezersson, bóndi og dannebrogsmaður í Reykjarfirði við Djúp<sup>2146</sup> en frá foreldrum þessara systkina hefur áður verið sagt lítið eitt í þessu riti (sjá hér Innri-Hjarðardalur).

Guðrún Etilríður Sturludóttir, sem varð húsfreyja á Stað vorið 1883, giftist Jóni Ólafssyni vorið 1871 en áður hafði hún verið gift bróður Jóns, Daníel Ólafssyni, sem hún gekk að eiga 16. október 1863, þá 22ja ára gömul.<sup>2147</sup> Daníel var þrettán árum eldri en hún, fæddur 1828.<sup>2148</sup> Hann var skútuskipstjóri og átti árið 1858 heima í Dalshúsum hjá foreldrum Guðrúnar.<sup>2149</sup> Daníel Ólafsson varð skammlífur því hann fórst með skonnortunni *Pröven* frá Ísafirði í maímánuði árið 1865 og átti þá enn heima í Dalshúsum.<sup>2150</sup> Þau Guðrún Sturludóttir höfðu þá aðeins verið í hjónabandi í tæplega tvö ár en áttu þó saman tvö börn sem lifðu föður sinn, Guðfinnu Ólöfu fædda 1863 og Daníel Ágúst fæddan 1864.<sup>2151</sup>

Þegar tvö eða þrjú ár voru liðin frá drukknun Daníels tók ekkjan Guðrún saman við bróður hans, Jón Ólafsson, frænda sinn sem hér var áður nefndur, og byrjuðu þau sinn búskap í Ytri-Hjarðardal árið 1867 eða 1868.<sup>2152</sup> Elsta barn þeirra, Ólína Jónsdóttir, fæddist 19. desember 1869<sup>2153</sup> en í hjónaband gengu foreldrar hennar ekki fyrr en 2. apríl 1871.<sup>2154</sup> Þau Jón og Guðrún bjuggu í Ytri-Hjarðardal frá 1868 til 1883 og eignuðust á því skeiði sjö börn.<sup>2155</sup> Þrjú þessara barna létust á ungum aldri<sup>2156</sup> en fjögur náðu að flytjast með þeim hingað að Stað vorið 1883 og komust öll upp.<sup>2157</sup> Þessi börn voru: Ólína fædd 1869, Sturla fæddur 1871,<sup>2158</sup>

<sup>2142</sup> Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar. Manntöl 1845 og 1850.

<sup>2143</sup> Sömu heimildir.

<sup>2144</sup> Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

<sup>2145</sup> Sama heimild.

<sup>2146</sup> Sama heimild.

<sup>2147</sup> Sama heimild.

<sup>2148</sup> Sama heimild.

<sup>2149</sup> Sama heimild.

<sup>2150</sup> Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

<sup>2151</sup> Sama heimild. Vestf. ættir I, 224-226.

<sup>2152</sup> Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

<sup>2153</sup> Prestsþj.b. Holts í Önundarf.

<sup>2154</sup> Vestf. ættir I, 226.

<sup>2155</sup> Sama heimild. Manntöl 1870 og 1880.

<sup>2156</sup> Vestf. ættir I, 226-228.

<sup>2157</sup> Sama heimild. Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

Guðbjörg fædd 1875 og Jóna fædd 1882.<sup>2159</sup> Með móður sinni og stjúpa fluttust þá líka í Súgandafjörð börn Guðrúnar af hennar fyrra hjónabandi, þau Guðfinna Daníelsdóttir og Daníel Á. Daníelsson<sup>2160</sup> sem bæði voru farin að nálgast tvítugt. Daníel átti þá skammt eftir ólifað því hann druknaði þegar þilskipið Skarphéðinn fórst um sumarmál árið 1887 og var þá háseti á því skipi<sup>2161</sup> (sbr. hér Flateyri). Hann var þá enn búsettur á Stað.<sup>2162</sup> Í hópnunum sem fluttist að Stað vorið 1883 voru alls 15 manneskjur og ein þeirra var tengdamóðir bóndans, Kristín Ebenezersdóttir, lengi húsfreyja í Dalshúsum.<sup>2163</sup> Hún var þá komin á áttæðisaldur og andaðist hér á Stað 29. mars 1896.<sup>2164</sup>

Á þeim árum sem Jón Ólafsson bjó í Ytri-Hjarðardal var hann yfirleitt með 3 eða 4 kýr og um 50 sauðkindur ef marka má búnaðarskýrslur.<sup>2165</sup> Fyrstu árin sem Jón bjó á Stað mun bú hans varla hafa verið miklu stærra en þetta því árið 1888 var hann með 3 kýr, 1 kvígu og 62 sauðkindur að meðtöldum gemlingum.<sup>2166</sup> Á árunum 1888 til 1891 fjölgaði hann fénu hins vegar verulega eða úr 62 í 118.<sup>2167</sup> Lambærnar voru þá 52, geldar ær og lambgotur 16, sauðir þrevetra og eldri 10 og gemlingar 40.<sup>2168</sup> Er þessi skýrsla var gefin var bóndinn á Stað hins vegar aðeins með eina mjólkandi kú en þrjá aðra nautgripi.<sup>2169</sup>

Ef marka má opinberar skýrslur var Jón Ólafsson ríkasti bóndinn í Suðureyrarhreppi á árunum kringum 1890. Árið 1888 var honum gert að greiða lausafjártíund af 7 hundruðum og 25 og 5/7 úr alin en árið 1891 af 10 hundruðum og 109 álum.<sup>2170</sup> Bæði þessi ár var hann hæsti gjaldandinn í hreppnum og greiddi fardagaárið 1888-1889 26,70 kr. í opinber gjöld en 33,12 kr. fardagaárið 1891-1892.<sup>2171</sup>

Þegar Jón Ólafsson festi ráð sitt og fór að búa í Ytri-Hjarðardal var hann kominn undir fertugt en líklegt má telja að hann hafi á yngri árum verið sjómaður á þilskipum eins og Daníel bróðir hans. Hann var tvímælalaust orðinn allvel efnaður er hann fluttist til Súgandafjarðar vorið 1883 og sama ár réðst hann ásamt fleiri Súgfirðingum í kaup á skonnortunni Sjófluglinum sem þeir gerðu út í nokkur ár. Jón átti um sinn einn þriðja part í því skipi (sjá hér Suðureyrarhreppur, inngangskafli).

<sup>2158</sup> Prestsþj.b. Holts í Öndarf.

<sup>2159</sup> Vestf. ættir I, 226-229.

<sup>2160</sup> Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2161</sup> Sömu heimildir. Vestf. ættir I, 226.

<sup>2162</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2163</sup> Sama heimild.

<sup>2164</sup> Sama heimild. Vestf. ættir I, 236.

<sup>2165</sup> VA III, 421 og 424, búnaðarskýrslur 1870 og 1880.

<sup>2166</sup> Skjöl Suðureyrarhrepps, varðveitt þar. *Bók fyrir Suðureyrarhrepp* 1888-1902. Skýrsla um framtal til lausafjártíundar 23.6.1888.

<sup>2167</sup> Sama *Bók fyrir Suðureyrarhrepp*. Skýrsla um framtal til lausafjártíundar 23.6.1891.

<sup>2168</sup> Sama heimild.

<sup>2169</sup> Sama *Bók fyrir Suðureyrarhrepp*. Skýrsla um framtal til lausafjártíundar 23.6.1891.

<sup>2170</sup> Sama *Bók fyrir Suðureyrarhrepp*.

<sup>2171</sup> Sama heimild.

Tveimur árum síðar keypti hann ásamt þremur öðrum nýtt þilskip frá Noregi sem hlaut nafnið Ísafold (sjá hér Flateyri). Meðeigendur hans að því skipi voru Helgi Andrésson og Sveinn Rósinkransson, skipstjórar á Flateyri, og svo Eiríkur Egilsson á Stað (sjá hér Flateyri) sem hafði alist upp á heimili Jóns Ólafssonar frá ellefu ára aldri<sup>2172</sup> og kvæntist haustið 1885 Guðfinnu Daníelsdóttur er bæði var stjúpdóttir Jóns og bróðurdóttir.<sup>2173</sup> Allir þessir fjórir eigendur áttu jafnan hlut í Ísafold (sjá hér Flateyri) svo þeir Staðarmenn, Jón og Eiríkur, áttu saman fullan helming í þessu nýja skipi. Eiríkur var á þessum árum stýrimaður á þilskipum og stundum skipstjóri.<sup>2174</sup> Í marsmánuði árið 1892 áttu þeir Jón og Eiríkur á Stað enn liðlega einn fjórða part í Ísafold, báðir til samans, en skip þetta var gert út frá Flateyri (sjá hér Flateyri). Hlut sinn í Sjófuglinum mun Jón hins vegar hafa selt eigi síðar en árið 1888.<sup>2175</sup> Á þeim árum sem umsvif Jóns í þilskipaútgerð voru mest átti hann þriðjung í einu þilskipi og fjórðung í öðru eins og hér hefur verið rakið og mun því hafa lagt meiri fjármuni í slíka útgerð en nokkur annar Súgafirðingur á 19. öld (sbr. hér Flateyri).

Jón Ólafsson átti jafnan mikil viðskipti við verslunarútibú Ásgeirsverslunar á Flateyri og má sem dæmi nefna að árið 1885 tók hann þar út vörur fyrir 1.022,72 kr. (sjá hér Flateyri). Enginn annar Súgafirðingur átti þá svona mikil viðskipti við verslunina á Flateyri og aðeins örfáir Önfirðingar (sjá hér Flateyri). Að vetrarlagi fór Jón stundum sjóleiðis í verslunarferðir til Flateyrar eins og hér hefur áður verið nefnt dæmi um (sjá hér Flateyri). Bát átti hann, sexæring eða fjöggra manna far,<sup>2176</sup> og voru sjóróðrar stundaðir á honum frá Keravík í landi Staðar.<sup>2177</sup>

Heimili Jóns og Guðrúnar konu hans á Stað var fjölmennt. Haustið 1883 voru heimilismennirnir 18 en 22 við lok ársins 1884.<sup>2178</sup> Húsfólk, sem ætla má að hafi verið sér um matseld, er þá ekki talið með. Haustið 1886 réðu hjónin á Stað til sín heimiliskennara sem sinni barnakennslu á Stað næstu fimm árin (sjá hér Suðureyrarhreppur, inngangskafli). Í þessum efnum urðu þau brautryðjendur því þá hafði enginn barnakennari verið ráðinn til Súgandafjarðar um langt skeið en óljósar sagnir herma að einn maður hafi áður fengist við slíka kennslu í þessu byggðarlagi og þá um miðbik 19. aldar (sjá hér Suðureyrarhreppur, inngangskafli).

Haustið 1891 kom nýr barnakennari að Stað og var það Álfur Magnússon<sup>2179</sup> sem þá hafði átt heima í Önundarfirði um nokkurt skeið og hér hefur áður verið sagt frá (sjá hér Vaðlar). Álfur var þá þrítugur að aldri.

<sup>2172</sup> Gunnar M. Magnúss 1977, 106.

<sup>2173</sup> Vestf. ættir I, 224-226.

<sup>2174</sup> Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar. Vestf. ættir I, 224. Gunnar M. Magnúss 1977, 106.

<sup>2175</sup> Skjöl Suðureyrarhrepps, varðveitt þar. *Bók fyrir Suðureyrarhrepp* 1888-1902. Skýrsla um framtal til lausafjártíundar 23.6.1888.

<sup>2176</sup> Skjöl Suðureyrarhrepps, varðveitt þar. *Bók fyrir Suðureyrarhrepp* 1888-1902. Skýrsla um framtal til lausafjártíundar 23.6.1888.

<sup>2177</sup> Gunnar M. Magnúss 1977, 286.

<sup>2178</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2179</sup> Lbs. 4407<sup>4to</sup>, Valdimar Þorvaldsson, bls. 19-20, 265-266 og 271.

Hann kom að Stað í októbermánuði og kenndi í 10 vikur en kennslunni lauk fyrir jól.<sup>2180</sup> Einn nemenda Álfs þennan vetur var Valdimar Þorvaldsson sem þá var 13 ára gamall og átti heima í Selárdal.<sup>2181</sup> Hann var að þessu sinni á Stað í rúmar 7 vikur.<sup>2182</sup>

Er Valdimar tók að reskjast færði hann í letur ýmsar endurminningar sínar frá fyrri tíð og segir þar nokkuð frá kennslu Álfs Magnússonar. Nemendurnir voru átta, fjórir í barnaflokki og fjórir í unglingaflokki.<sup>2183</sup> Sjálfur var Valdimar í yngri flokknum.<sup>2184</sup> Álfur kenndi þeim kverið, lestur, skrift og reikning og í *rökkrunum kenndi hann að syngja*.<sup>2185</sup> Að sögn Valdimars tók allt yngra fólk á Stað þátt í söngnum.<sup>2186</sup> Hann getur þess líka að suma dagana hafi Álfur kennt *glímur, dans og ýmsar íþróttæfingar*.<sup>2187</sup> Sú kennsla fór fram í *rökkrunum og venjulega niðri í kirkju því heima var svo þröngt*.<sup>2188</sup> Þessi vitnisburður Valdimars sætir reyndar þó nokkrum tíðindum því varla hafa margar kirkjur verið notaðar til dansæfinga á síðasta áratug nítjándu aldar. Í annarri heimild sést að þremur árum síðar var Álfur með harmóniku og lék á hana fyrir dansi í brúðkaupsveislu á Suðureyri (sjá hér Suðureyri). Líklegt má telja að hann hafi þanið þetta sama hljóðfæri á dansæfingunum í Staðarkirkju en Valdimar nefnir það ekki.

Kirkjan sem Álfur notaði til danskennslu og glímuæfinga stendur enn enda þótt sú í Hruna sykki í jörð, forðum tíð, þegar dansgleðin stóð sem hæst.<sup>2189</sup>

Í marsmánuði árið 1893 var Álfur líka við kennslu á Stað og þá var Valdimar hér við nám í annað sinn en bara í þrjár vikur.<sup>2190</sup> Hann var þá að læra kverið undir ferminguna og að þessu sinni kenndi Álfur honum meðal annars dönsku og einnig þríliðu í reikningsbók Eiríks Briem.<sup>2191</sup> Álfur kennari átti byssu og fór stundum á fuglaveiðar sér til skemmtunar.<sup>2192</sup> Valdimar og fleiri nemendur fengu einu sinni að fara með honum á bát út undir Stórhól á skyttirí.<sup>2193</sup>

Vorið 1892 hafði Jón Ólafsson búið á Stað í 9 ár en búskaparár hans hér urðu ekki fleiri því hann andaðist 30. september á því ári, sextugur að aldri.<sup>2194</sup> Síðustu árin sem Jón lifði átti hann sæti í hreppsnefnd

<sup>2180</sup> Lbs. 4407<sup>4to</sup>, Valdimar Þorvaldsson, bls. 19-20, 265-266 og 271.

<sup>2181</sup> Sama heimild.

<sup>2182</sup> Sama heimild.

<sup>2183</sup> Sama heimild, 19-20.

<sup>2184</sup> Sama heimild.

<sup>2185</sup> Sama heimild.

<sup>2186</sup> Sama heimild.

<sup>2187</sup> Sama heimild.

<sup>2188</sup> Sama heimild.

<sup>2189</sup> Sbr. Þjóðsögur Jóns Árnasonar II, 10-12.

<sup>2190</sup> Lbs. 4407<sup>4to</sup>, Valdimar Þorvaldsson, bls. 271 og 274.

<sup>2191</sup> Sama heimild, 271.

<sup>2192</sup> Sama heimild.

<sup>2193</sup> Lbs. 4407<sup>4to</sup>, Valdimar Þorvaldsson, bls. 271 og 274.

<sup>2194</sup> Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.



Suðureyrahrepps.<sup>2195</sup> Dánarbúi Jóns var ekki skrifað upp fyrr en 1896 en þá var það virt á 3.391,35 kr.<sup>2196</sup> Kýrverðið var þá um 108,- krónur<sup>2197</sup> svo virðingarmennirnir hafa talið að fá mætti liðlega 31 kúgildi fyrir búið. Jarðeignir Jóns við ævilok voru þessar:

6 hundruð í Fremri-Vatnadal í Súgandafirði.  
3 hundruð í Dalshúsum í Valþjófsdal í Önundarfirði.  
6 hundruð í Tungu í Valþjófsdal í Önundarfirði.<sup>2198</sup>

Þegar Jón bóndi á Stað andaðist átti hann líka enn einn áttunda part í þilskipinu Ísafold, sem gert var út frá Flateyri, og var sá eignarhlutur virtur á 375,- krónur.<sup>2199</sup>

Að Jóni Ólafssyni látnum hélt ekkja hans, Guðrún Etilríður Sturludóttir, áfram búskapnum á Stað með tilstyrk barna sinna.<sup>2200</sup> Guðfinna, dóttir hennar af fyrra hjónabandi, hafði gift Eiríki Egilssyni árið 1885 eins og hér var áður nefnt (sjá hér bls. 223) og voru þau í húsmennsku á Stað á síðustu árum Jóns Ólafssonar og fyrstu árunum eftir andlát hans.<sup>2201</sup> Sum börn Jóns og Guðrúnar voru líka uppkomin þegar faðir þeirra lést, Ólína 22ja ára, Sturla 21 árs og Guðbjörg 17 ára.<sup>2202</sup> Öll styrktu þau móður sína við búskapinn og einnig Jóna, sem var yngsta barnið, en hún var aðeins 10 ára þegar faðir hennar andaðist.<sup>2203</sup> Þessi yngsta dóttir hjónanna á Stað varð seinna húsfreyja á Skjaldfönn í Nauteyrahreppi við Djúp.<sup>2204</sup> Líklega hefur Jóna verið orðin nokkuð stórvaxin um tvítugsaldur en hún var þá vinnukona á Ísafirði.<sup>2205</sup> Magnús Hjaltason getur hennar í dagbók sinni frá haustinu 1901 og þar má sjá að einhverjir kaupstaðarbúar leyfðu sér að nefna hana *Tangabrikk* en aðrir létu sér detta í hug að kalla þennan stæðilega kvenmann *Íslandströll*.<sup>2206</sup>

Svo virðist sem Guðrún Sturludóttir og hennar fólk hafi í engu dregið úr sínum búskaparumsvifum þó að húsbóndinn félli frá. Árið 1895 bjó Guðrún með 2 kýr og 107 sauðkindur en Eiríkur, tengdasonur hennar, var þá með aðrar 2 kýr og 40 sauðkindur þó kallaður væri húsmáður og því ekki í bændatölu.<sup>2207</sup> Guðrún húsfreyja á Stað átti þá líka hænur því haustið

<sup>2195</sup> Skjöl Suðureyrahrepps, varðveitt þar. *Fundabók fyrir Suðureyrahrepp* 1889-1919.

<sup>2196</sup> Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Suðureyrahrr. 3. Uppskrifta- og uppboðsbók 1881-1913. Uppskrift á dánarbúi Jóns Ólafssonar á Stað, dagsett 16. júlí 1896.

<sup>2197</sup> Stjórnartíðindi 1897 B, bls. 41-42.

<sup>2198</sup> Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Suðureyrahrr. 3. Uppskrifta- og uppboðsbók 1881-1913. Uppskrift á dánarbúi Jóns Ólafssonar á Stað, dagsett 16. júlí 1896.

<sup>2199</sup> Sama heimild.

<sup>2200</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2201</sup> Sama heimild.

<sup>2202</sup> Prestsþj.b. Holts í Önundarf. Vestf. ættir I, 226-228.

<sup>2203</sup> Vestf. ættir I, 226-228. Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2204</sup> Vestf. ættir I, 228.

<sup>2205</sup> Lbs. 2220<sup>4to</sup>, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 1.10.1901.

<sup>2206</sup> Sama heimild.

<sup>2207</sup> Skjöl Suð.hr., varðv. þar. *Bók fyrir Suðureyrahrepp* 1888-1902. Sk. um framtal til lausafj.t. 22.6.1895.

1894 sendi hún Guðrínu Þórðardóttur á Suðureyri nokkra hænuunga.<sup>2208</sup> Árið 1895 var bú Guðrúnar Sturludóttur enn hið stærsta í hreppnum<sup>2209</sup> og saman áttu þau Eiríkur fimm sextánduhluta í þilskipi eins og áður,<sup>2210</sup> líklega í *Ísafold* sem hér var áður nefnd. Þau voru þá einu Súgfirðingarnir sem áttu hlut í þilskipi.<sup>2211</sup>

Sturla Jónsson á Stað þótti álitlegur ungur maður og líklegur til afreka bæði á sjó og landi. Hann varð um tvítugsaldur forverksmaður á búi móður sinnar og formaður á báti hennar í róðrum frá Keravík.<sup>2212</sup> Hann var með stærstu mönnum og sterkur að sama skapi, sagður verkmaður ef með þurfti.<sup>2213</sup> Átján ára gamall vó hann 180 pund og *þótti af mörgum mjög fallegur maður*.<sup>2214</sup> Haustið 1894 eignaðist Sturla dóttur með Vigdísi Karvelsdóttur sem var vinnukona á Stað fardagaárið 1893-1894<sup>2215</sup> en orðin vinnukona á Flateyri þegar barnið fæddist.<sup>2216</sup> Þessi dóttir Sturlu, sem skírð var Mikkalína, komst upp og á nú marga niðja.<sup>2217</sup> Seinna lagði hann lag sitt við Jóhönnu Gottfreðlínu Guðmundsdóttur sem kom fyrst í Súgandafjörð haustið 1895 og þá sem barnakennari (sjá hér Suðureyrarhreppur, inngangskafli). Þau bundust heitum og mun hafa verið í ráðum að þau tækju við búsföráðum á Stað vorið 1898.<sup>2218</sup> Af því varð þó ekki.

Veturinn 1897-1898 var Sturla formaður á bát sem reri frá Keravík í landi Staðar. Valdimar Þorvaldsson, sem þá var ungur maður í Súgandafirði, segir í ritgerð frá árinu 1963 að bátur þessi hafi verið stórt fjöggra manna far með sex manna áhöfn.<sup>2219</sup> Í opinberri skýrslu frá árinu 1897 er bátur fólksins á Stað hins vegar sagður vera sexæringur (sjá hér Suðureyrarhreppur, inngangskafli) og mun hyggilegast að fullyrða ekkert um ástæðuna fyrir þessu misræmi. Allir hásetar Sturlu þennan vetur voru frá bæjunum í Staðardal.<sup>2220</sup> Þrír aðrir bátar reru þá líka úr Súgandafirði, tveir frá Suðureyri og einn frá Gelti.<sup>2221</sup> Formenn á þessum bátum voru Jón Einarsson á Suðureyri, Guðmundur Sigurðsson, bóndi á Laugum, síðar í Bæ, og Guðmundur Ásgrímsson bóndi á Gelti.<sup>2222</sup>

Í nýnefndri ritgerð sinni greinir Valdimar Þorvaldsson frá á þessa leið:

<sup>2208</sup> Lbs. 3859<sup>4to</sup>, Dagbók Einars Jónssonar 8.11.1894.

<sup>2209</sup> Skjöl Suð.hr., varðv. þar. *Bók fyrir Suðureyrarhrepp* 1888-1902. Sk. um framtal til lausafj.t. 22.6.1895.

<sup>2210</sup> Sama heimild.

<sup>2211</sup> Sama heimild.

<sup>2212</sup> Sbr. Valdimar Þorvaldsson 1963, 66-67 (Ársrit S.Í.).

<sup>2213</sup> Valdimar Þorvaldsson 1963, 66-67.

<sup>2214</sup> Sama heimild.

<sup>2215</sup> Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. 31.12.1893.

<sup>2216</sup> Prestsþj.b. Holts í Öndurarf.

<sup>2217</sup> Vestf. ættir I, 227-229.

<sup>2218</sup> Gunnar M. Magnúss 1977, 456. Lbs. 2217<sup>4to</sup>, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 28.2.1898.

Sbr. Lbs. 3859<sup>4to</sup>, Dagbók Einars Jónssonar 18.7.1897.

<sup>2219</sup> Valdimar Þorvaldsson 1963, 64-65 (Ársrit S.Í.).

<sup>2220</sup> Sama heimild.

<sup>2221</sup> Valdimar Þorvaldsson 1963, 64-65 (Ársrit S.Í.).

<sup>2222</sup> Sama heimild.

*Tuttugasta og áttunda febrúar [1898], sem var mánudagur í annarri viku sjöviknaföstu, var hæglátt veður með skýjabólstrum og þeir sem á sjó voru sögðu að hefði að mestu verið logn og bárulaust. Þar sem fiskirí var frekar gott var almennt róið við Djúp og bátar úr Súgandafirði fóru allir á sjóinn. Sturla á Stað fór síðastur þeirra eða klukkan 9 og þegar hann kom norður [líklega norður að Djúpálnum – innsk. K.Ó.<sup>2223</sup>] voru hinir byrjaðir að draga því lega var höfð stutt og hraðað sem auðið var þar sem leiðin var svo löng. Þeir sáu mikið af skipum Djúpmanna, öll á landleið.*

*... Fyrstur var Guðmundur á Gelti búinn að draga, svo Guðmundur Sigurðsson, þá Jón Einarsson og Sturla nokkru síðar – og undraði menn hvað allt gekk fljótt hjá honum þar sem hann fór svo seint. En þetta voru úrvalsmenn á litlu skipi.*

*Bilið milli þeirra í land var ekki meira en það að þeir sáu vel hver til annars í logninu. Þegar fyrsti báturinn kom að Galtartöngum gerði svo mikið dimmviðri með snjókomu að varla sá út fyrir árablöðin en lognið hélst enn um stund. En er þeir voru búnir að setja í Landinu [þ.e. Galtarlandi, lendingu frá Gelti – innsk. K.Ó.] og taka skipið inn í naustið og átti að fara að taka úr því afla og veiðarfæri, þá kom allt í einu stórviðri út fjörðinn, næstum ódrægt. Þetta veður mun hafa verið norðan. Þá var Guðmundur Sigurðsson að fara þar inn hjá. Jón Einarsson fór inn hjá nokkru síðar en til Sturlu gátu þeir ekki séð.<sup>2224</sup>*

Báturinn frá Stað kom ekki að landi þetta kvöld og aldrei síðan. Hann fór undan Öskubak í því ofurmagni stórsjóa og hvassviðris sem allt í einu dundi yfir.<sup>2225</sup> Þar biðu hel formaðurinn Sturla á Stað og allir hans vösku skipverjar.<sup>2226</sup> Allir sem þarna fórust voru búsettir í Staðardal. Þeir voru:

Sturla Jónsson á Stað, 26 ára, lét eftir sig unnustu og eitt barn.

Guðmundur Jónsson, 30 ára, ókvæntur lausamaður á Stað.

Guðni Egilsson, bóndi í Bæ, nær 40 ára að aldri, lét eftir sig ekkju og fimm börn (sjá hér Bær).

Jón Guðmundsson, bóndi í Bæ, nær 35 ára að aldri, lét eftir sig ekkju og tvö börn (sjá hér Bær).

Magnús Jónsson, bóndi á Langhól, 57 ára, lét eftir sig ekkju og þrjú börn, hið yngsta þrettán ára (sjá hér Bær, Langhóll þar).

<sup>2223</sup> Sbr. Valdimar Þorvaldsson 1963, 64 (Ársrit S.Í.).

<sup>2224</sup> Valdimar Þorvaldsson 1963, 65.

<sup>2225</sup> Sama heimild, 66 og 71.

<sup>2226</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

Marías Þórðarson, bóndi í Ytri-Vatnadal, 29 ára, lét eftir sig ekkju, tvö börn og hið þriðja á leiðinni (sjá hér Ytri-Vatnadalur).<sup>2227</sup>

Sama dag og báturinn frá Stað fórst týndist líka sexæringur sem reri úr Bolungavík og drukkuðu allir sem á honum voru. Í þeirri skipshöfn voru tveir menn úr Súgandafirði, þeir Steinn Kristjánsson á Stað, sem var 24 ára og lét eftir sig ekkju og tvö börn og hið þriðja á leiðinni, og Sigurður Sigurðsson er búið hafði á Gilsbrekku en fluttist þaðan til Ísafjarðar vorið 1897.<sup>2228</sup> Hann var 43ja ára og lét eftir sig ekkju og tvö börn (sjá hér Gilsbrekka). Steinn Kristjánsson var kvæntur Ólínu Jónsdóttur, systur Sturlu á Stað, og voru þau hjónin í húsmennsku á Stað þegar Steinn druknaði.<sup>2229</sup>

Þennan dimma dag, 28. febrúar 1898, fórust því sjö menn úr Staðardal sem létu eftir sig fimm ekkjur og fimmtán börn. Það var ógnvænleg blóðtaka því í dalnum voru aðeins tíu heimili og íbúarnir ekki nema 70 við lok ársins 1897.<sup>2230</sup> *Við þennan mannskaða eyðilagðist Suðureyrarhreppur næstum því þar sem þetta voru mestu og bestu bændur sveitarinnar*, skrifaði Magnús Hjaltason í dagbók sína er hann frétti af mannskaðanum en hann var þá heimiliskennari á Brekku á Ingjaldssandi.<sup>2231</sup> Fyrir fólkíð í Staðardal var áfallið enn þyngra en ella vegna þess að aðeins voru liðin 24 ár frá því bátur frá Bæ fórst í lendingu og fimm menn úr dalnum drukkuðu (sjá hér Bær).

Einar Jónsson var árið 1898 ekkjumaður í húsmennsku á Suðureyri, þá 57 ára gamall. Hann hafði lengi búið í Skálavík en fluttist þaðan að Suðureyri árið 1887.<sup>2232</sup> Sonur Einars, Jón Einarsson, var kvæntur Kristínu, dóttur Kristjáns Albertssonar, bónda á Suðureyri,<sup>2233</sup> og var Jón formaður á einum bátanna sem reru úr Súgandafirði á vetrarvertíðinni árið 1898 (sjá hér bls. 226-227). Einar faðir hans hélt dagbók og þau fáu orð sem hann skrifaði í hana á góu og einmánuði það ár segja mikla sögu.<sup>2234</sup> Sjálfur fór Einar alloft í róður þennan vetur sem aukamaður eða í forföllum annarra en var ekki í föstu skiprúmi.<sup>2235</sup> Hér verða nú birtar nokkrar glefsur úr dagbók Einars Jónssonar frá mánuðunum febrúar og mars árið 1898. Innan hornklofa er skotið inn ýmsum skýringum sem höfundur þessa rits ber ábyrgð á. Einar skrifar:

<sup>2227</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf. Valdimar Þorvaldsson 1963, 66-70. Vestf. ættir I, 227 og 400 og II, 473 og 500.

<sup>2228</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf. Valdimar Þorvaldsson 1963, 69-70 (Ársrit S.Í.). Vestf. ættir I, 226. Lbs. 3860<sup>4to</sup>,

Dagbók Einars Jónssonar 1.4.1898. Gunnar M. Magnúss 1977, 291.

<sup>2229</sup> Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2230</sup> Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. 31.12.1897.

<sup>2231</sup> Lbs. 2217<sup>4to</sup>, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 28.2.1898.

<sup>2232</sup> Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. og Eyrar í Skutulsfirði (Hólssóknar).

<sup>2233</sup> Gunnar M. Magnúss 1977, 172.

<sup>2234</sup> Lbs. 3860<sup>4to</sup>, Dagbók Einars Jónssonar 1898.

<sup>2235</sup> Sama heimild.

- 17.2. *Friðgeir [Guðmundsson í Vatnadal] kom til sjóferða og sagði að Sturla á Stað hefði farið á sjó en hér varð ekkert farið fyrir lagnaðarís, fyrr en þá svo seint.*
- 19.2. *Elín [Þorbjarnardóttir] sótti Guðmund Sigurðsson [formann á Laugum] meðan við vorum að beita. Svo fórum við á sjó því Friðgeir kom ekki og við snerum aftur á Mölvík [hún er norðan við miðjan Öskubak sem er fjallið milli Keflavíkur og Skálavíkur] því bæði var hann hvass og suðurfallið komið en baráttu alla leið norður.*
- 21.2. *Jón minn og Guðmundur á Laugum fóru á sjó. Ég fór með Guðmundi, sá sjötti. Við fengum hvoru tveggja baráttu alla leið að norðan og komum ekki fyrr en í myrkri. Við fiskuðum 120, mest ýsa, og eina skötu. Jón minn fiskaði 320. ... Þeir höfðu snúið aftur Sturla á Stað og Guðmundur Ásgrímsson þegar vindaði vestan.*
- 25.2. *Þeir komu eftir kálfi inn í bæinn [Suðureyrarbæinn] Hannibal [Hálfðánarson] og Guðmundur Jónsson á Stað en Sturla og Guðmundur komu með hann aftur.*
- 28.2. *[Mánudagur] Heiðbjartur fyrst nema í hafið og hægur norðan. Með sólinni þyknaði í hann uppnorðan og hálfdimmdi með kafaldshjaldi um hádegið en birti aftur. Um kvöldið setti hann á norðan moldbyl, dimmdi eftir nónið með kafaldi svo ekki sá yfrum [það er yfir fjörðinn]. Svo setti hann á allt í einu veðrið í dimmunni þegar hún var búin að vera framundir tíma [klukkutíma]. Ég var að berja bein og höggva niður. Allir fóru á sjó. Jón minn fiskaði 240, Guðmundur [Sigurðsson] 260. Þeir voru komnir hér á fjörðinn þegar hann setti á veðrið.*
- 1.3. *Hvass hányrðingur með moldéljum allan daginn, þó oftari hálfbjartur með skafmold en skjaldan vel bjartur. ... Hannibal [Hálfðánarson, þá 17 ára vinnupiltur,] á Stað kom að spyrja um Sturlu. Hann hafði ekki komið þar í gærkveldi af sjónum. Þó sáu þeir hérna [þ.e. formennirnir Jón Einarsson og Guðmundur Sigurðsson] til hans á eftir sig þegar hann setti á dimmuna og þeir voru á Skálavík en þegar þeir lentu hérna gerðu þeir honum að vera kominn að Töngum [Galtartöngum] eða Bustarurð [sem er undir fjallinu Galti þar sem það gengur lengst fram], hefði hann haft sama gang og þeir. Guðmundur Ásgrímsson [á Galti] kom hér á Malirnar með dáldið af blautum fiski. Hann fiskaði 120 í gær.*

2.3. *Útnorðan hæglátur og oftast mikið heiðbjartur. Gott veður allan daginn. Ég fór á sjó með Guðmundi Sigurðssyni því Kristján Guðmundsson [lausamaður á Kvíanesi] kom ekki. Við fiskuðum 350. Jón minn fiskaði 440. ... Hannibal á Stað kom hér og sagði að Sturla hefði ekki komið að vestan, sem sumir giskuðu á að hann hefði hleypt á Önundarfjörð, svo það er víst að hann hefur farist í moldinni og veðrinu í fyrradag þó þeir hérna sæu hann rétt að kalla á eftir sig áður en hann gerði moldina og kominn nálægt landi.*<sup>2236</sup>

Næsta dag, þann 3. mars, kom Sveinbjörn Pálsson í Botni á Suðureyri og greindi frá því að bátur sem reri frá Bolungavík og Magnús Einarsson var formaður á hefði farist og með honum þeir Steinn Kristjánsson á Stað og Sigurður Sigurðsson sem hér voru áður nefndir.<sup>2237</sup> Fjórða mars fóru þeir Jón Einarsson og Guðmundur Sigurðsson á sjó.<sup>2238</sup> Þeir fylgdust að á landleiðinni og fundu þá skip á hvolfi, ætluðu að venda því en tókst ekki og gátu ekki takið það í slef því komið var norðurfall.<sup>2239</sup> Þetta var báturinn Haukur sem róið hafði frá Bolungavík og fórst 28. febrúar.<sup>2240</sup> Um það var Guðmundur Sigurðsson ekki í vafa því hann þekkti bátinn.<sup>2241</sup>

Þann 9. mars komu *Norðureyringar* yfir fjörðinn og sögðu að rekið hefði *brot af skipi* í Skálavík.<sup>2242</sup> Þeir greindu einnig frá því að þrír Skálvíkingar hefðu gengið fjörur og fundið eitt lík vestantil við Bakkaófæru.<sup>2243</sup> Ófæra þessi er undir fjallinu Öskubak, mjög norðarlega, og kennd við bæinn Meiri-Bakka í Skálavík. Þeir sem fundu líkið töldu það vera af Jóni Guðmundssyni í Bæ, einum skipverja Sturlu.<sup>2244</sup> Líkið grófu þeir í skafli og sendu boð til Súgandafjarðar um líkfundinn.<sup>2245</sup> Sunnudaginn 13. mars skrifar Einar í dagbókina:

*Jón minn [Einarsson], Þórður [Þórðarson], Örnólfur [Jóhannesson], Guðmundur [líklega Guðmundsson á Suðureyri], Friðbert [Guðmundsson] og Kristján Maríasson fóru á sexahringnum norður að Bakkaófæru að sækja líkið sem Skálvíkingar fundu um daginn. Þeir tóku Guðmund Ásgrímsson og Jón son hans í Landinu [sem er lending í Galtarlandi] svo þeir voru átta. Þeir lentu með líkið í*

<sup>2236</sup> Lbs. 3860<sup>4to</sup>, Dagbók Einars Jónssonar 1898.

<sup>2237</sup> Sama dagbók 3.3.1898.

<sup>2238</sup> Sama dagbók 4.3.1898.

<sup>2239</sup> Sama heimild.

<sup>2240</sup> Sama heimild.

<sup>2241</sup> Sama heimild.

<sup>2242</sup> Sama dagbók 9.3.1898.

<sup>2243</sup> Sama heimild.

<sup>2244</sup> Sama heimild.

<sup>2245</sup> Sama heimild.

*Keravík. Þá var Kristján Albertsson [á Suðureyri] þar fyrir með kistuna svo þeir komu því í kirkjuna og kistulögðu. Kristján fór úteftir héðan eftir lesturinn.*<sup>2246</sup>

Þeir sem fóru að sækja líkið áttu allir eða nær allir heima á Suðureyri nema feðgarnir á Gelti.<sup>2247</sup>

Valdimar Þorvaldsson, sem hér var áður vitnað til, segir að þeir sem fundu lík Jóns Guðmundssonar hafi látið í ljós grun um að hann hefði komist með lífi í land, enda lá líkið að sögn þar sem sjór hafði gengið hæst.<sup>2248</sup> Valdimar getur þess líka að *gamall maður* sem verið hafi viðstaddur kistulagninguna þann 13. mars hefði sagt svo frá að *hann hefði ekki getað séð líkið í neinu öðruvísi en af manni sem dáði hefði í landi.*<sup>2249</sup>

Magnús Hjaltason var staddur hjá Vigdísi Kristjánsdóttur, móðursystur sinni á Langhól, sem var eitt býlanna í Bæ, daginn sem lík Jóns Guðmundssonar var kistulagt á Stað<sup>2250</sup> en hún var ein af ekkjunum sem misst höfðu menn sína í sjóinn tveimur vikum fyrr. Fréttirnar sem bárust Magnúsi yfir ána hafa greinilega gefið mjög sterklega til kynna að þessi skipverji Sturlu á Stað hafi dáði á þurru landi því hann skrifar í dagbók sína sama dag:

*Hafði hann [Jón] fyrir fáum dögum fundist rekinn, vestanvert við Öskubaksóferu [annað nafn á Bakkaóferu – innsk. K.Ó.]. Voru líkur til að hann hefði komist lifandi á land því brók hans og skinnstakkur og skinnsokkur og togsokkur af hægri fæti lá haglega látið við hægri hlið líksins.*<sup>2251</sup>

Þessar frásagnir Valdimars og Magnúsar benda eindregið til þess að í fárviðrinu þann 28. febrúar hafi báturinn frá Stað hrakist upp í brimgarðinn og fjörugrjótið vestantil við Bakkaóferu og má telja líklegt að honum hafi hvólt skammt undan landi þegar allt var komið í óefni.

Undan Bakkaóferu hlýtur Staðarbáturinn líka að hafa verið þegar veðrið skall á því Einar Jónsson segir í dagbók sinni daginn eftir slysið að þegar bátarnir tveir frá Suðureyri lentu hefði Sturla átt að vera út af Galtartöngum *hefði hann haft sama gang og þeir* (sjá hér bls. 229). Þetta hefur Einar vafalaust haft beint frá Jóni syni sínum og skipverjum hans sem sáu síðast til Sturlu á eftir sér er þeir voru á Skálavík. Þá dimmdi snögglega og tæpum klukkutíma síðar skall fárviðrið á að sögn Einars (sjá hér bls. 229). Þá var bátur Jóns Einarssonar að skriða fyrir Galtartangana<sup>2252</sup> og átti eftir tæplega tvær og hálfu sjómílu í lendinguna á

<sup>2246</sup> Lbs. 3860<sup>4to</sup>, Dagbók Einars Jónssonar, 13.3.1898.

<sup>2247</sup> Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. 31.12.1897.

<sup>2248</sup> Valdimar Þorvaldsson 1963, 71-72 (Ársrit S.Í.).

<sup>2249</sup> Sama heimild.

<sup>2250</sup> Lbs. 2217<sup>4to</sup>, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 13.3.1898.

<sup>2251</sup> Sama heimild.

<sup>2252</sup> Sbr. Valdimar Þorvaldsson 1963, 65.

Suðureyri. Orðin sem Einar Jónsson hefur eftir syni sínum og skipverjum hans sýna að Sturla hefur verið sem því svaraði á eftir Jóni og því tvímælalaust staddur mjög skammt frá Bakkaófæru þegar Jón var við Galtartanga og fárviðrið skall á. Þar skildi milli feigs og ófeigs því rétt innan við Tangana voru menn komnir í var.

Orð Valdimars Þorvaldssonar í ritgerð hans frá árinu 1963 um slys og mannskaða *úr Staðardal* má skilja á þann veg að Sturla hafi verið kominn að Galtartöngum þegar fárviðrið skall á<sup>2253</sup> en taka verður fram að sú hugmynd fær alls ekki staðist sé tillit tekið til þess sem Einar Jónsson skrifar í dagbók sína daginn eftir slysið og hér hefur verið rakið. Til að hnekkja frásögn Einars duga ekki heldur orð Janusar prófests Jónssonar sem segir í prestsþjónustubók Staðar að Sturla og menn hans hafi druknað *framundan Galtartöngum*.<sup>2254</sup>

Þann 19. mars var Jón Guðmundsson jarðsettur og ekkjan Helga Sigurðardóttir, áður húsfreyja í Vatnadal, sem andast hafði á Suðureyri þann 4. mars.<sup>2255</sup> *Við gerðum allir eina gröf að báðum líkunum*, ritaði Einar Jónsson í dagbók sína daginn þann.<sup>2256</sup> Séra Janus Jónsson í Holti jarðsöng og næsta dag, sem var sunnudagur, messaði hann á Stað.<sup>2257</sup> Einar fór ekki til kirkju en um kvöldið skrifar hann í bók sína að margt fólk hafi verið við messuna og þar hafi ekkjunnar Guðrúnar Sigurðardóttur *verið minnst*.<sup>2258</sup> Líklega merkir það að fólkið, sem fór til kirkjunnar, hafi skotið einhverju saman fyrir hana en Guðrún sem misst hafði mann sinn, Guðna Egilsson, í sjóinn stóð uppi með fimm börn þeirra ung, hið elsta að verða 12 ára.<sup>2259</sup>

– *Það komu hér allir, bændur og búlausir, á fund að ræða um ekkjurnar*, skrifar Einar Jónsson í dagbók sína 25. mars<sup>2260</sup> og valt ekki á litlu fyrir sveitarfélagið að finna ráð til að tryggja forsjá ekknanna og barna þeirra svo ekki lenti allt á framfæri sveitarinnar.

Næsta dag segir Einar okkur þær fréttir að mæðginin Ástríður Halldórsdóttir og Kristján Maríasson, sonur hennar, sem búsett voru á Suðureyrarmölum (sjá hér Suðureyri) fari til ekkjunnar Herdísar Þórðardóttur í Ytri-Vatnadal<sup>2261</sup> og þar með mun heimili hennar hafa verið talið sæmilega borgið fyrst um sinn. Ástríður var þá um sextugt en Kristján sonur hennar tvítugur.<sup>2262</sup>

Í Bæ voru ekkjurnar þrjár, þær Vigdís Kristjánsdóttir, Guðrún Sigurðardóttir og Guðríður Kristjánsdóttir. Hjá Vigdísi, ekkju Magnúsar Jónssonar, voru börnin orðin stálpuð og Jón sonur hennar fær um að veita

<sup>2253</sup> Valdimar Þorvaldsson 1963, 66 (Ársrit S.Í.).

<sup>2254</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2255</sup> Lbs. 3860<sup>4to</sup>, Dagbók Einars Jónssonar 19.3.1898.

<sup>2256</sup> Sama heimild.

<sup>2257</sup> Sama dagbók 20.3.1898.

<sup>2258</sup> Sama heimild.

<sup>2259</sup> Vestf. ættir II, 530-535.

<sup>2260</sup> Lbs. 3860<sup>4to</sup>, Dagbók Einars Jónssonar 25.3.1898.

<sup>2261</sup> Sama dagbók, 26.3.1898.

<sup>2262</sup> Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.



búinu forstöðu með móður sinni.<sup>2263</sup> Tveir ungir menn tóku hins vegar að sér að ganga í búverkin hjá þeim Guðrínu og Guðríði og hétu þeir báðir Halldór Guðmundsson (sjá hér Bær). Með góðri samhjálp tókst að forða því að ekkjurnar í Dalnum flosnuðu upp af búum sínum<sup>2264</sup> en einstaka barni varð þó að ráðstafa til vandalausra. *Þorbjarnardætur fóru út að Stað og komu með Ólínubarnið*, skrifar Einar 19. apríl og segir Þorbjörn ætla að taka það um tíma.<sup>2265</sup> Það eru Þorbjörn Gissurarson á Suðureyri og dætur hans sem þarna koma við sögu og Ólína Jónsdóttir á Stað, systir Sturlu og ekkja Steins Kristjánssonar húsmanns sem áður var nefndur. Hún gekk með þriðja barn þeirra hjóna þegar eiginmaður hennar drukknaði og var komin sjö mánuði á leið. Barnið fæddist 29. apríl og hlaut nafn föður síns.<sup>2266</sup>

Þegar fullur mánuður var liðinn frá hinu hörmulega slysi hafði aðeins fundist eitt lík og verið jarðað í Staðarkirkjugarði eins og fyrr var nefnt. Dalmennirnir sem fórust 28. febrúar voru hins vegar sjö og Sigurður frá Gilsbrekku sá áttundi úr Súgandafirði eins og hér var áður nefnt. Öll viðleitni til að leita líkanna hlaut að kosta mikla fyrirhöfn því um alllangan veg og mikið torleiði var að fara til að komast á landi í fjöruna undir Öskubak og sjaldan fært af sjó að vetrarlagi.

Þann 31. mars fóru þeir Jón Einarsson og Þórður Þórðarson á Suðureyri í leitarferð ásamt Jóni H. Guðmundssyni á Gelti og Jóni Pálmasyni í Keflavík.<sup>2267</sup> Allt voru þetta ungir menn og hraustir og gengu þeir norður að Bakkaófæru.<sup>2268</sup> Þeir fundu þá eitt lík sem þeir töldu vera af Magnúsi Jónssyni á Langhól eða Sigurði Sigurðssyni frá Gilsbrekku og grófu það í skafl.<sup>2269</sup> Lík þetta, sem reyndist vera af Sigurði, fannst á alveg sömu slóðum og hitt líkið sem áður hafði fundist, það er að segja norður undir Bakkaófæru.<sup>2270</sup>

Næsta dag, þann 1. apríl, var farið á bát norður undir Ófæruna til að sækja líkið og hyggja að hvort fleiri fyndust.<sup>2271</sup> Í þeirri för voru fjórir menn frá Suðureyri, dagbókkarritarinn Einar Jónsson, Jón sonur hans, Þórður Þórðarson og Örnólfur Jóhannesson en líka feðgarnir á Gelti, þeir Guðmundur Ásgrímsson og Jón H. Guðmundsson.<sup>2272</sup> Einar greinir frá þessari ferð í dagbókinni og segir þá meðal annars:

*Svo sáum við nýrekið lík í Illubót [hún er rétt vestan við Háuskriður en þær mynda nes sem gengur fram úr miðjum Öskubak – innsk. K.Ó.] sem hrafnarnir voru farnir að ganga*

<sup>2263</sup> Sbr. Vestf. ættir I, 400-403.

<sup>2264</sup> Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2265</sup> Lbs. 3860<sup>4to</sup>, Dagbók Einars Jónssonar 19.4.1898.

<sup>2266</sup> Sama dagbók, 29.4.1898. Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2267</sup> Lbs. 3860<sup>4to</sup>, Dagbók Einars Jónssonar 31.3.1898.

<sup>2268</sup> Sama heimild.

<sup>2269</sup> Lbs. 3860<sup>4to</sup>, Dagbók Einars Jónssonar 31.3.1898.

<sup>2270</sup> Sama dagbók, 31.3. og 1.4.1898.

<sup>2271</sup> Sama dagbók, 1.4.1898.

<sup>2272</sup> Sama heimild.

*á. Skutum þar upp Jóni mínum og Þórði og drógum svo fram til okkar líkið. ... Líkin voru látin í skúrinn [á Suðureyri]. ... Svo fóru Jón minn og Þórður út í Dal með fatagarmana og það þekkti að líkið sem var í Illubót var Sturla heitinn Jónsson frá Stað en líkið sem þeir fundi í gær var Sigurður heitinn Sigurðsson sem fór frá Gilsbrekku í vor eð var.*<sup>2273</sup>

Fleiri lík fundust ekki og hvíla því fimm Dalmannanna sem fórust í febrúarveðrinu mikla 1898 enn í votri gröf.

Hinn 3. apríl voru lík Sturlu og Sigurðar kistulögð.<sup>2274</sup> Þeir Kristján Albertsson á Suðureyri og Guðmundur Sigurðsson á Laugum höfðu þá smíðað kistu sem lík Sigurðar var lagt í en kistan sem lík Sturlu fór í var tekin til láns hjá Guðmundi Ásgrímssyni, bónda á Gelti, en þá kistu átti hann í góðri geymslu í *naustinu* á Suðureyri<sup>2275</sup> og mun hafa ætlað sjálfum sér er þar að kæmi. Næsta dag var farið með líkin út að Stað og 16. apríl voru þau jarðsett þar í gamla kirkjugarðinum.<sup>2276</sup> Að kvöldi útfarardagsins fórust Einarí Jónssyni orð á þessa leið er hann settist við að skrifa í dagbókina:

*Þorleifur [Sigurðsson] á Norðureyri vakti okkur hér svo Jón minn [Einarsson], ég, Þórður [Þórðarson] hérna og Guðmundur [Sigurðsson] á Laugum fórum með honum út að Stað að taka gröfina að Sigurði heitnum á Gilsbrekku. Þegar við vorum rétt farnir kom Jóhann [Þórðarson] í Selárdal að hjálpa okkur, sá sjötti. Þeir voru fjórir í öðrum stað að taka gröfina að Sturlu heitnum ... . Þeir voru að enda við gröfina þegar dampskipið *Barðinn* [frá hvalveiðistöðinni á Sólbakka í Önundarfirði – innsk. K.Ó.] kom hér inn að Keravík með prófast Janus og Kristján Albertsson af sýslufundinum. Dampurinn var að flytja sýslumann og Þorvald lækni á Ísafirði. Við vorum löngu búnir með gröfina þegar prófastur kom. Þó var sungið yfir báðum líkunum undireins. Halldóra, börnin bæði, og Sigríður Friðbertsdóttir í Selárdal komu hér að vera við greftrunina.*<sup>2277</sup>

Halldóra, sem þarna er nefnd, mun án vafa vera Halldóra Þórðardóttir, ekkja Sigurðar á Gilsbrekku sem verið var að jarða, en hún var nú orðin vinnukona á Laugum og greinir Einar frá því í dagbókinni þann 7. apríl.<sup>2278</sup> Halldóra mætti við útförina með bæði börn sín, þau Guðmundu og Helga,<sup>2279</sup> og með henni var Sigríður í Selárdal en orð Einars verður líklega

<sup>2273</sup> Lbs. 3860<sup>4to</sup>, Dagbók Einars Jónssonar 1.4.1898.

<sup>2274</sup> Sama dagbók, 3.4.1898.

<sup>2275</sup> Sama heimild.

<sup>2276</sup> Sama dagbók, 16.4.1898.

<sup>2277</sup> Sama heimild.

<sup>2278</sup> Lbs. 3860<sup>4to</sup>, Dagbók Einars Jónssonar, 7.4.1898.

<sup>2279</sup> Sbr. Gunnar M. Magnúss 1977, 268 og 291.

að skilja á þá leið að auk þeirra hafi aðeins líkmennirnir og heimafólk á Stað verið við jarðarförina. Svo virðist sem séra Janus Jónsson, prófastur í Holti, hafi gengið beint að sínu verki þegar hann kom í land af *dampskipinu* en enginn var síminn og því ólíklegt að Súgfirðingar hafi vitað hvenær dagsins var von á skipinu.

Þeir Sturla á Stað og Sigurður, sem búið hafði á Gilsbrekku, voru jarðsettir á laugardegi. Daginn eftir sat séra Janus um kyrrt á Stað en ekkert varð úr messu, enda var þá *grófasti norðan fannaksmoldbylur*.<sup>2280</sup>

Við upphaf ársins 1898 voru fimm vinnufærir karlmenn á Stað<sup>2281</sup> en tveimur mánuðum síðar voru þeir aðeins tveir, annar sextugur og hinn 17 ára unglíngur,<sup>2282</sup> en þrír drukknuðu 28. febrúar eins og hér hefur áður verið nefnt, allir á aldrinum 24-30 ára. Elstur þessara þriggja manna var Guðmundur Jónsson lausamaður, þritugur að aldri.<sup>2283</sup> Hann hafði alist upp að einhverju leyti í Haga á Barðaströnd en frá 1894 hafði hann átt heima á Stað.<sup>2284</sup> Guðmundur var ókvæntur.<sup>2285</sup> Hann var að sögn *í minna lagi meðalmaður að stærð, vel greindur og skýr og liðugur í hreyfingum*.<sup>2286</sup> Á öðrum stað er þess getið að hann hafi verið *stilltur maður, viðkvæmur í lund og dagfarsgóður*.<sup>2287</sup> Magnús Hjaltason segir að menn hafi kallað lausamann þennan Guðmund *spritt*.<sup>2288</sup>

Steinn Kristjánsson, húsmáður á Stað, var aðeins 24 ára gamall er hann drukknaði<sup>2289</sup> og yngstur allra Súgfirðinganna sem týndu lífi í febrúarveðrinu 1898.<sup>2290</sup> Hann var sonur Kristjáns Þorgilssonar, bónda í Botni í Súgandafirði, sem andaðist á Botnsdal árið 1875 (sjá hér Botn) og konu hans, Sigríðar Sigurðardóttur, er síðar varð bústýra hjá Þórði Jónssyni í Ytri-Vatnadal og þar átti hún heima árið 1898.<sup>2291</sup> Steinn kvæntist Ólínu Jónsdóttur haustið 1894 og gerðist húsmáður á Stað en Ólína var dóttir Guðrúnar Sturludóttur, ekkjunnar sem á þessum árum stóð fyrir búi á Stað og réði hér húsum. Þegar Steinn drukknaði hafði hann eignast tvö börn með konu sinni og hið þriðja var á leiðinni<sup>2292</sup> eins og hér hefur áður verið nefnt. Steinn Kristjánsson var að sögn *meðalmaður að stærð, lipur í orði og hreyfingum og sagt* er að hann hafi verið *fríðleiksmaður*.<sup>2293</sup> Þegar Steinn andaðist var hann mjög skuldugur og vantaði mikið á að eignir dánarbúsins nægðu til að greiða skuldarnar.<sup>2294</sup> Við uppskrift sem fram fór

<sup>2280</sup> Lbs. 3860<sup>4to</sup>, Dagbók Einars Jónssonar 16.-18.4.1898.

<sup>2281</sup> Sóknarm.tal Staðarsóknar í Súgandaf. 31.12.1897.

<sup>2282</sup> Sama heimild.

<sup>2283</sup> Valdimar Þorvaldsson 1963, 66-69 (Ársrit S.Í.).

<sup>2284</sup> Sama heimild.

<sup>2285</sup> Sama heimild.

<sup>2286</sup> Sama heimild.

<sup>2287</sup> Þjóðviljinn ungi VIII, 20.10.1898.

<sup>2288</sup> Lbs. 2217<sup>4to</sup>, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 28.2.1898.

<sup>2289</sup> Vestf. ættir I, 226.

<sup>2290</sup> Valdimar Þorvaldsson 1963, 66-70.

<sup>2291</sup> Sama heimild. Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2292</sup> Vestf. ættir I, 226-227.

<sup>2293</sup> Valdimar Þorvaldsson 1963, 69-70.

<sup>2294</sup> Skj.s. sýslum og sv.stj. Ís. Suðureyrarhreppur. 3. Uppskrifta- og gjörðabók 1881-1913.

vorið 1898 voru eignir dánarbúsins virtar á 551,80 kr. en skuldir þess námu hins vegar 910,89 kr.<sup>2295</sup> Mismunurinn var 359,09 kr. eða sem svaraði þremur til fjórum kúgildum.<sup>2296</sup> Verðmætasta eignin sem Steinn hafði átt voru 4 hundruð í jörðinni Vatnadal (Fremri-Vatnadal), virt til peningaverðs á 392,- kr.<sup>2297</sup> (sbr. hér Fremri-Vatnadalur). Ekkja Steins Kristjánssonar, Ólína Jónsdóttir, lifði mann sinn í nær hálföld en hún andaðist í Súgandafirði 26. janúar 1947.<sup>2298</sup>

Um Sturlu Jónsson á Stað, hinn unga bátsformann sem einnig hvarf í hafið en skolaði síðar dauðum á land í Illubót, hefur þegar verið fjallað (sjá hér bls. 226-227) og þarf litlu við að bæta. Í minningarorðum sem birtust 20. október 1898 í blaðinu Þjóðviljanum unga er út var gefið á Ísafirði segir svo um Sturlu:

*Hann var sonur Jóns heitins Ólafssonar á Stað og Guðrúnar Sturludóttur. Eftir lát föður síns 1892 gerðist hann fyrirvinna hjá móður sinni en tók jörðina í fyrra vor, ásamt heitmey sinni, Jóhönnu Guðmundsdóttur. Hann var maður bráðþroska, alvarlegur og stilltur, velviljaður dugnaðar- og ráðdeildarmaður og þótti í hvívetna koma fram til góðs.*

*Hann var mikill maður vexti og styrkur vel. Hann var aðalstoð móður sinnar, bjó við allgóð efni og lét eftir sig unnustu og eitt barn er hann átti.*<sup>2299</sup>

Þarna er staðhæft að Sturla hafi tekið við búsför ráðum af móður sinni á Stað vorið 1897 og Valdimar Þorvaldsson segir líka í ritgerð sinni frá árinu 1963 að Sturla hafi verið orðinn bóndi á *allri jörðinni* á Stað.<sup>2300</sup> Í sóknarmannatali frá 31. desember 1897 er Guðrún, móðir Sturlu, hins vegar enn talin fyrir búinu á Stað<sup>2301</sup> og Gunnar M. Magnúss segir í Súgfirðingabók að áformað hafi verið að Sturla og unnusta hans tækju við búinu vorið 1898.<sup>2302</sup> Misræmið í þessum frásögnum bendir til þess að fardagaárið 1897-1898 hafi Guðrún á Stað verið að afhenda Sturlu syni sínum öll umráð yfir búinu en líklega hefur þó ekki veriðúið að ganga frá þeim málum með formlegum hætti þegar Sturla týndi lífi.

Þann 16. maí vorið 1898 voru eignir dánarbús Sturlu skrifaðar upp og virtar til fjár.<sup>2303</sup> Eignirnar voru metnar á 723,85 kr. en á móti komu skuldir að upphæð 399,87 kr.<sup>2304</sup> Verðmæti skuldlausra eigna dánarbúsins reyndist

<sup>2295</sup> Skj.s. sýslum og sv.stj. Ís. Suðureyrarhreppur. 3. Uppskrifta- og gjörðabók 1881-1913.

<sup>2296</sup> Stjórnartíðindi 1899 B, bls. 33-34.

<sup>2297</sup> Skj.s. sýslum og sv.stj. Ís. Suðureyrarhreppur. 3. Uppskrifta- og gjörðabók 1881-1913.

<sup>2298</sup> Vestf. ættir I, 226-227. Prestsbj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2299</sup> Þjóðviljinn ungi VIII, 20.10.1898.

<sup>2300</sup> Valdimar Þorvaldsson 1963, 64 (Ársrit S.Í.).

<sup>2301</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2302</sup> Gunnar M. Magnúss 1977, 456.

<sup>2303</sup> Skj.s. sýslum og sv.stj. Ís. Suðureyrarhreppur. 3. Uppskrifta- og gjörðabók 1881-1913.

<sup>2304</sup> Sama heimild.

því vera 323,98 kr. en sú fjárhæð svaraði til liðlega þriggja kúgilda samkvæmt opinberri verðlagsskrá fyrir Ísafjarðarsýslu.<sup>2305</sup>

Við mannskaðann 28. febrúar 1898 var höggvið nærri öllu fólkinu í Staðardal. Eitt þyngsta áfallið hlaut Guðrún Sturludóttir á Stað sem missti bæði son sinn og tengdason, þá Sturlu og Stein. Hún var þá 56 ára og hafði veitt búinu á Stað forstöðu þau liðlega fimm ár sem liðin voru frá því eiginmaður hennar, Jón Ólafsson, andaðist (sjá hér bls. 221 og 224-225). Árið 1865 hafði hún misst fyrri eiginmann sinn, Daníel Ólafsson, í sjóinn og 22 árum síðar eldri son sinn, Daníel Á. Daníelsson (sjá hér bls. 221-222). Nú var Sturla farinn sömu leið og enginn sonur lengur á lífi sem hægt var að halla sér að og binda vonir við. Harma sína hefur þessi margreynda kona þó orðið að bera með reisu því á heimili hennar voru tvær ungar konur sem ætla má að hafi þurft huggunar við, Ólína dóttir hennar, sem nú hafði misst sinn eiginmann, og Jóhanna Gottfredlína sem misst hafði unnusta sinn, Sturlu, son Guðrúnar.

Í þessum raunum átti, Guðrún húsfreyja á Stað, líka enn hauk í horni þrátt fyrir allt sem orðið var, tengdason sinn Eirík Egilsson sem kvæntur var dóttur hennar af fyrra hjónabandi, Guðfinnu Daníelsdóttur. Þau Eiríkur og Guðfinna höfðu bæði flust með Jóni bónda Ólafssyni og Guðrúnu konu hans frá Ytri-Hjarðardal í Önundarfirði að Stað árið 1883 og hér voru þau gefin saman í hjónaband haustið 1885 (sjá hér bls. 223). Á þeim árum sem síðan voru liðin höfðu þau átt heima á Stað 1885-1886 og 1888-1897.<sup>2306</sup> Frá 1886 til 1888 voru þau á Ísafirði en vorið 1897 hófu þau búskap á Sæbóli á Ingjaldssandi og bjuggu þar í tvíbýli.<sup>2307</sup> Eiríkur hafði lengi verið stýrimaður á skútum og stundum skipstjóri eins og hér hefur áður verið nefnt. Vorið 1898 var hann 41 árs en Guðfinna kona hans að verða 35 ára.

Þegar liðnir voru tíu dagar frá drukknun Sturlu á Stað og manna hans kom Eiríkur að vestan, gisti nótt á Suðureyri og fór síðan út á Stað til fundar við tengdamóður sína.<sup>2308</sup> Ætla má að þá þegar hafi talast svo til milli þeirra að Eiríkur flyttist að Stað með vorinu og tæki hér við öllum búsför ráðum. Einar Jónsson, dagbókarritari á Suðureyri, skrifar í bók sína 16. apríl 1898 og segir þá að Eiríkur Egilsson hafi komið að vestan á skipi daginn áður og ætli að færa sig á Staðinn og í Keravík í vor.<sup>2309</sup> Orðalagið gefur til kynna að Eiríkur hyggist hefja búskap á Stað og ætlun hans sé að stunda róðra frá Keravík. Allt gekk þetta eftir og bjó Eiríkur hér frá 1898 og til dauðadags árið 1903.<sup>2310</sup>

Eiríkur Egilsson var fæddur á Arnarnesi við norðanverðan Dýrafjörð 30. maí árið 1857 og hét fullu nafni Eiríkur Egill Egilsson.<sup>2311</sup> Foreldrar hans voru hjónin Egill Egilsson frá Klukkulandi í Dýrafirði og Kristín Eiríksdóttir, dóttir Eiríks bónda Tómassonar í Hrauni á Ingjaldssandi (sjá

<sup>2305</sup> Stjórnartíðindi 1899 B, bls. 33-34.

<sup>2306</sup> Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2307</sup> Sömu heimildir og sóknarm.töl Dýrafjarðarþinga. Vestf. ættir I, 224.

<sup>2308</sup> Lbs. 3860<sup>4to</sup>, Dagbók Einars Jónssonar 10. og 11.3.1898.

<sup>2309</sup> Sama dagbók, 16.4.1898.

<sup>2310</sup> Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2311</sup> Prestsþj.b. Dýrafjarðarþinga. Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

hér Hraun á Ingjaldssandi) og konu hans, Kristínar Nikulásdóttur.<sup>2312</sup> Eiríkur Egilsson missti ungur móður sína en hún andaðist sumarið 1860, þá húsfreyja á Arnarnesi, aðeins 28 ára gömul.<sup>2313</sup> Faðir drengsins fluttist átta árum síðar frá Alviðru í Dýrafirði til Flateyrar og var síðan í allmörg ár húsmáður á Eyri í Önundarfirði (sjá hér Eyri). Hann er sagður hafa verið skipstjóri.<sup>2314</sup>

Eiríkur mun ekki hafa fylgt föður sínum til Flateyrar því ellefu ára gamall varð hann árið 1868 léttadrengur hjá Jóni Ólafssyni og Guðrúnu Sturludóttur sem þá bjuggu í Ytri-Hjarðardal í Önundarfirði.<sup>2315</sup> Hjá þeim ólst hann síðan upp<sup>2316</sup> og fluttist með þeim að Stað í Súgandafirði árið 1883, þá orðinn 26 ára gamall vinnumaður.<sup>2317</sup> Hér var áður frá því greint að haustið 1885 kvæntist Eiríkur Guðfinnu Daníelsdóttur sem var dóttir Guðrúnar, húsmóður hans, af fyrra hjónabandi hennar, en bæði stjúpdóttir og bróðurdóttir Jóns bónda Ólafssonar á Stað (sjá hér bls. 223). Eiríkur var þá orðinn skipstjóri á þilskipi<sup>2318</sup> en óljóst er hvaða skipi hann stýrði til veiða.

Árið 1886 fluttust Eiríkur og Guðfinna kona hans frá Stað á Ísafjörð en komu aftur að Stað tveimur árum síðar og voru hér í húsmennsku næstu árin.<sup>2319</sup> Þó Eiríkur teldist vera húsmáður á Stað á árunum 1888-1896 og hefði sjómennsku að aðalstarfi var hann samt með dálítið bú, a.m.k. hin síðari ár á þessu skeiði. Árið 1895 átti hann 3 nautgripi og 40 sauðkindur hér á Stað<sup>2320</sup> en vera má að það hafi einkum verið Guðfinna kona hans sem sinnti búrekstrinum vegna starfa Eiríks sem stýrimanns á þilskipum og þar af leiðandi fjarvista hans frá heimilinu. Minnt skal á að árið 1895 átti Eiríkur þrjá sextánda hluta í þilskipi og hafði þá verið þátttakandi í skútuútgerð í tíu ár (sjá hér bls. 222-223). Fardagaárið 1895-1896 voru tíu manneskjur í heimili hjá Eiríki og Guðfinnu á Stað en þá áttu þau þrjú börn á lífi.<sup>2321</sup> Seinna fjölgaði börnunum. Alls urðu þau sjö og af þeim náðu fimm að verða fullorðin.<sup>2322</sup>

Þegar Eiríkur og Guðfinna fóru frá Stað árið 1896 mun að öllum líkindum hafa legið ljóst fyrir að það yrði Sturla, hálfbróðir Guðfinnu, sem innan skamms tæki við búsföráðum af móður þeirra. Eiríkur var þá kominn fast að fertugu og má ætla að hann hafi litið svo á að ekki yrði pláss fyrir þá báða á Stað til lengdar, hann og Sturlu. Báðir voru stórhuga og hvorugum nægði að búa á hálfri jörðinni, átta hundruðum. Eiríkur hlaut því að fara og vorið 1896 fluttist hann ásamt fjölskyldu sinni að Sæbóli á

<sup>2312</sup> Vestf. ættir I, 224. Jóhannes Davíðsson 1976, 84-85 (Ársrit Sögufél. Ísf.).

<sup>2313</sup> Prestsþj.b. Dýrafjarðarþinga.

<sup>2314</sup> Gunnar M. Magnúss 1977, 106.

<sup>2315</sup> Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

<sup>2316</sup> Gunnar M. Magnúss 1977, 106. Manntöl 1870 og 1880.

<sup>2317</sup> Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

<sup>2318</sup> Sama heimild.

<sup>2319</sup> Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2320</sup> Skjöl Suð.hr., varðv. þar. *Bók fyrir Suðureyrarhrepp* 1888-1902. Sk. um framtal til lausafj.t. 22.6.1895.

<sup>2321</sup> Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. 31.12.1895. Vestf. ættir I, 224-226.

<sup>2322</sup> Vestf. ættir I, 224-226.

Ingjaldssandi eins og hér var áður nefnt. En skjótt skipast veður í lofti og þegar Sturla drukknaði kom Eiríkur aftur og hafði þá aðeins verið á Sæbólí í tæp tvö ár.<sup>2323</sup> Vorið 1898 tóku þau Eiríkur og Guðfinna kona hans við öllum búsföráðum hér á Stað og höfðu ein alla jörðina til ábúðar næstu fjögur árin.<sup>2324</sup> Guðrún Sturludóttir, móðir Guðfinnu, er búið hafði á Stað frá 1883, síðustu sex árin sem ekkja, lét nú af búskap en sat um kyrrt í skjóli dóttur sinnar og tengdasonar.<sup>2325</sup>

Aldamótaárið 1900 var Eiríkur sá bóndi í Súgandafirði sem átti mest lausafé ef marka má tíundarskýrslu og niðurjöfnunarskrá frá því ári. Tíundarhöfuðstóll lausafjár Eiríks var þá 9 hundruð en næstir honum voru Guðmundur Ásgrímsson á Gelti og Kristján Albertsson á Suðureyri með 6 hundruð hvor.<sup>2326</sup>

Þann 1. nóvember árið 1901 voru 17 manneskjur í heimili hjá Eiríki og Guðfinnu á Stað og þau voru þá með stærsta búið í Súgandafirði, 6 nautgripi, 46 ær, 12 sauði og hrúta, 40 gemlinga og 3 hesta.<sup>2327</sup> Hann var þá hættur þátttöku í skútuútgærð en átti bát sem var sexæringur.<sup>2328</sup>

Eiríkur Egilsson var maður sem munaði um í litlu samfélagi, enda var hann kosinn í hreppsnefnd Suðureyrahrepps skömmu eftir endurkomu sína til Súgandafjarðar.<sup>2329</sup> Hann var áhugasamur um allar framfarir og þegar löggilding hafnarinnar á Suðureyri komst á dagskrá sáu þeir mágur, Eiríkur og Sturla Jónsson, um að mæla dýpið og lögðu fram nákvæmar tölur þar að lútandi.<sup>2330</sup> Þetta verk unnu þeir í febrúarmánuði árið 1896<sup>2331</sup> og var það undanfari þess að höfnin var löggilt árið 1899 og strandferðaskip fóru að hafa viðkomu í Súgandafirði.<sup>2332</sup>

Alþýðuskáldið Magnús Hjaltason dvaldist oft langdvölum í Súgandafirði á árunum kringum aldamótin 1900 og hefur skrifað marga um fólkið sem þá átti heima í þessu byggðarlagi. Hann segir Eirík bónda á Stað hafa verið *allhygginn* og stilltan vel og lýsir honum síðan með þessum orðum: *... meðalmaður að hæð eða vel það og gildur eftir því, þykkleitur nokkuð, með sléttar kinnar, lét sér spretta lítið skegg (rakaði sig), freknóttur nokkuð.*<sup>2333</sup>

Um Guðfinnu, eiginkonu Eiríks, kemst Magnús svo að orði að hún hafi verið *há og grönn, hjartleit í andliti og frísk mjög.*<sup>2334</sup>

Með lögum frá 5. desember 1899 var ákveðið að gera Staðarsókn í Súgandafirði að sérstöku prestakalli eins og áður hafði verið<sup>2335</sup> en þá hafði

<sup>2323</sup> Prestsþj. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2324</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2325</sup> Sama heimild.

<sup>2326</sup> Skjöl Suðureyrahrr., varðv. þar. *Bók fyrir Suðureyrahrepp* 1888-1902. Niðurjöfnunarskrá 1900.

<sup>2327</sup> Sama *Bók fyrir Suðureyrahrepp*. Skýrsla um framtal til lausafjártíundar 22.6.1901.

<sup>2328</sup> Sama heimild.

<sup>2329</sup> Sömu skjöl: *Fundabók fyrir Suðureyrahrepp* 1889-1919. Fundarg. almenns hreppsfundar 24.10.1903.

<sup>2330</sup> Gunnar M. Magnúss 1977, 283.

<sup>2331</sup> Sama heimild.

<sup>2332</sup> Sama heimild.

<sup>2333</sup> Lbs. 2736<sup>4to</sup>, Magnús Hjaltason, bls. 40.

<sup>2334</sup> Sama heimild.

<sup>2335</sup> Sveinn Níelsson 1950, 193.

enginn prestur setið á Stað síðan 1863 (sjá hér bls. 144). Haustið 1901 kom svo nýr prestur í Súgandafjörð, séra Þorvarður Brynjólfsson (sjá hér bls. 146-148), og var þá auðsýnt að brátt myndi þrengja nokkuð að Eiríki bónda á Stað. Veturinn 1901-1902 dvaldist séra Þorvarður í húsmennsku á Suðureyri en vorið 1902 settist hann að búi á Stað eins og hér hefur áður verið rakið. Svo fór að hann tók þó ekki við nema hálfri jörðinni en Eiríkur bjó áfram á hinni hálfendunni.<sup>2336</sup> Stóð sú skipan nokkuð á annað ár en gat varla gengið til frambúðar. Á það fékk þó aldrei að reyna því haustið 1903 andaðist Eiríkur bóndi og var þá aðeins 46 ára gamall.<sup>2337</sup>

Kviðslit og afleiðingar þess urðu honum að bana en úrslitum réð að engin læknishjálp barst í tæka tíð. Styst var að vitja lækni á Ísafjörð og var það gert en sá sem þar sat neitaði að koma af því í gildandi lögum um niðurskipan læknishéraða var út frá því gengið að læknirinn á Þingeyri annaðist Súgfirðinga (sjá hér Suðureyrarhreppur, inngangskafli). Þangað var mun lengra að fara og þegar Andrés Fjeldsted, læknir á Þingeyri, kom að Stað var allt um seinan. Eiríkur dó 20. október, á brúðkaupsdegi þeirra Guðfinnu, en þau höfðu þá verið 18 ár í hjónabandi.<sup>2338</sup>

Í bréfi sem María Össurardóttir á Flateyri skrifaði dóttur sinni, Guðrúnu Torfadóttur, 26. október 1903 greinir hún frá andláti bóndans á Stað og hvernig reynt var að tryggja honum nauðsynlega læknishjálp en án árangurs þó að um lífið væri að tefla. María segir þar:

*Þennan sama miðvikudag er boðið í begrafelsi Eiríks á Stað sem dó í næstu viku úr kviðsliti. Var fyrst sent til doktors norður. Það tók sólarhring. Hann fékkst ekki. Svo var sent vestur og sagðist Andrés [Fjeldsted] hafa komið 60 tímum of seint til að gæti verið nokkur lífs von. Það var samt sent aftur og aftur vestur og þurfti okkar hestur ... að vera í förum.<sup>2339</sup>*

Þegar Eiríkur Egilsson lést átti hann sex börn á lífi.<sup>2340</sup> Elsta barnið var þá 17 ára en það yngsta 2ja ára.<sup>2341</sup> Ekkja Eiríks, Guðfinna Daníelsdóttir, sat um kyrrt á Stað veturinn 1903-1904 en um vorið hóf hún búskap í Botni og fluttist þangað ásamt börnum sínum.<sup>2342</sup> Hún var þá tæplega 41 árs að aldri en móðir hennar, Guðrún Sturludóttir, sem fylgdi dóttur sinni í þessum búferlaflutningum var nær 62ja ára gömul. Þann 19. júní 1904 flutti Guðmundur Jónsson, bóndi á Görðum í Önundarfirði,

<sup>2336</sup> Skjöl Suðureyrarhrepps varðveitt þar: Bók án titils með ýmsu efni frá árunum 1901-1914.

Niðurföfnunarskrá Suðureyrarhrepps fardagaárið 1902-1903.

<sup>2337</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2338</sup> Vestf. ættir I, 224. Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2339</sup> Torfaættarbók 1991, 41. Bréf Maríu Össurardóttur 26.10.1903 til Guðrúnar Torfadóttur.

<sup>2340</sup> Vestf. ættir I, 224-226.

<sup>2341</sup> Sama heimild.

<sup>2342</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.



*eldamaskínu* Guðfinnu frá Stað inn í Botn.<sup>2343</sup> og má ætla að hann hafi þá verið við sjóróðra í Súgandafirði (sbr. hér Garðar).<sup>2344</sup>

Í desembermánuði árið 1908 giftist Guðfinna Daníelsdóttir í annað sinn.<sup>2345</sup> Seinni maður hennar var Guðmundur Á. Halldórsson sem verið hafði ráðsmaður hennar í Botni, allt frá árinu 1905.<sup>2346</sup> Eina barnið sem þau eignuðust fæddist vorið 1907 en Guðfinna andaðist í Botni sumarið 1912.<sup>2347</sup> Guðrún móðir hennar, sem lifði lengur, dvaldist áfram í Botni, hjá tengdasyni sínum, Guðmundi Á. Halldórssyni, og þar tók hún síðustu andvörpin 23. október 1923.<sup>2348</sup>

Hér hefur nú verið sagt nokkuð frá bændunum sem bjuggu á Stað á árunum 1863-1904 og þeirra fólki. Þess skal að lokum getið að þegar Guðfinna Daníelsdóttir fór héðan í Botn vorið 1904 hóf Jóhannes Hannesson hreppstjóri búskap á Stað.<sup>2349</sup> Hann hafði búið allengi í Botni (sjá hér Botn) og kom þaðan. Þegar Jóhannes fluttist að Stað var hann farinn að nálgast sextugt og hefur líklega viljað minnka við sig því hér fékk hann aðeins einn fjórða part af jörðinni til ábúðar, fjögur hundruð að fornu mati.<sup>2350</sup> Jóhannes bjó á Stað í fimm ár en hætti búskap þegar kona hans, Guðrún Ólafsdóttir, andaðist árið 1909.<sup>2351</sup> Sóknarpresturinn, séra Þorvarður Brynjólfsson, bætti þá við sig partinum sem Jóhannes hafði búið á og bjó einn á allri jörðinni næstu sextán árin.<sup>2352</sup>

Harla fátt hefur enn verið sagt um hjáleigurnar fjórar á Stað og verður nú reynt að bæta úr því. Nöfnin á hjáleigunum, sem um er kunnugt, hafa áður verið nefnd en þær hétu Staðarhús ytri, Staðarhús fremri, Bakkakot og Lækjarhús (sjá hér bls. 12).

Heimildir sýna að í tímans rás voru allar þessar hjáleigur reyndar nefndar fleiri nöfnum. Staðarhús fremri voru líka kölluð Vandræðastaðir eða Vandræðakot.<sup>2353</sup> Staðarhús ytri voru stundum nefnd Ytrihús<sup>2354</sup> og svo yfirleitt bara Staðarhús þegar Staðarhús fremri voru fallin úr byggð<sup>2355</sup> en líka Staðarkot.<sup>2356</sup> Bakkakot var á stundum nefnt Bakkar eða

<sup>2343</sup> Lbs. 3861<sup>4to</sup>, Dagbók Einars Jónssonar 19.6.1904

<sup>2344</sup> Sbr. Sama dagbók 24.3.1905.

<sup>2345</sup> Vestf. ættir I, 226.

<sup>2346</sup> Gunnar M. Magnúss 1977, 83.

<sup>2347</sup> Vestf. ættir I, 224-226.

<sup>2348</sup> Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

<sup>2349</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2350</sup> Skjöl Suðureyrarhrepps varðveitt þar: Bók án titils með ýmsu efni frá árunum 1901-1914.

Niðurföfnunarskrá Suðureyrarhrepps fardagaárið 1908-1909. Sbr. Jarðab. Á. og P. VII, 128.

<sup>2351</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. Gunnar M. Magnúss 1977, 83.

<sup>2352</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2353</sup> Sama heimild apríl 1787 og mars 1788. Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2354</sup> Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. mars 1802.

<sup>2355</sup> Manntal 1845. Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2356</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf., fæddar meyjar 1815. Manntal 1816, vesturamt, bls. 697.

Keravíkurbakkar ellegar Keravíkurbær.<sup>2357</sup> Lækjarhús, sem svo voru nefnd um 1860, voru tuttugu árum síðar yfirleitt nefnd Lækjarkot.<sup>2358</sup>

Enn fleiri nöfn mætti ef til vill tína til en þó nöfnin séu mörg voru hjáleigurnar samt aldrei fleiri en fjórar. Af þessum fjórum hjáleigum voru yfirleitt ekki nema ein eða tvær í byggð samtímis. Fyrir kom þó að búið væri í þremur hjáleigum í senn<sup>2359</sup> en aldrei í fjórum svo kunnugt sé. Eins og nærri má geta var bústofn fólksins í hjáleigunum oft mjög lítt og sumt af því var þurrabúðarfólk, sem hafði engin ábúðarréttindi, en fékk máskæ fyrir náð að heyja fyrir örfáum kindum. Um eiginlegan búskap var helst að ræða í Staðarhúsum ytri en þar bjuggu menn stundum allgöðu búi eins og hér verður síðar vikið að (sjá bls. 253-265).

Þrjár af hjáleigunum á Stað voru rétt fyrir ofan gamla túnið, nær fjallshlíðinni, en sú fjórða var niður á Bökkunum við sjóinn eins og nafn hennar bendir til. Fremst var Vandræðakotið (Fremri-Staðarhús), þá Lækjarhús, nær beint upp af íbúðarhúsinu sem nú er búið í, og yst voru Staðarhús ytri, neðst í Hólunum sem svo heita.<sup>2360</sup> Í öllum þessum þremur hjáleigum sér enn til tóttu og nöfnin Vandræðakot og Lækjarkotstún lifa í munni fólksins sem nú (1996) býr á Stað.<sup>2361</sup> Hjáleigan Bakkakot eða Keravíkurbær mun án efa hafa verið á sjávarbökkunum ofan við Keravík, skammt vestan við Árósin, þar sem nú er ræktað tún. Þar voru fjárhús fram yfir miðja 20. öld og stóðu þau örskammt frá bakkabrúninni. Mjög líklegt má telja að kofinn sem fólkið í Bakkakoti bjó í hafi staðið á sama stað og fjárhúsin sem hér voru nefnd eða þar rétt hjá. Til að finna staðinn sem fjárhúsin stóðu á er gott að hafa í huga að þegar komið var innan að, frá Suðureyri, sáust hús þessi ofan við bakkabrúnina fyrst þegar komið var á **Kýrnes** en það er lítið nes rétt fyrir innan Stöðina (sjá hér Bær).

Í Jarðabók Árna og Páls er frá því greint að um 1670 hafi fólk fyrst sest að í Staðarhúsum<sup>2362</sup> og mun þar átt við Staðarhús ytri því í sömu bók sést að landskuld var helmingi lægri af hinum Staðarhúsunum, sem þar er sagt að hafi byggst á árunum kringum 1700,<sup>2363</sup> og hljóta það að vera Staðarhús fremri sem voru mun rýrara kot.

Í Staðarhúsum ytri var búið frá því um 1670 og til 1864 en þó með talsverðum hléum (sjá hér bls. 253-265). Í Staðarhúsum fremri hófst byggð um 1700 eins og fyrr var getið og þar var síðast búið á árunum upp úr 1810 en mörg árin á því skeiði var ekkert fólk í koti þessu (sjá hér bls. 237-242). Í Lækjarhúsum hófst búskapur árið 1857. Í þeirri lotu var búið þar í sjö ár og svo aftur á árunum 1879-1889 (sjá hér bls. 249-253). Í Bakkakoti eða Keravíkurbæ hafðist fólk við svo kunnugt sé árið 1793 og líka 1801 svo og á árunum 1858-1864 (sjá hér bls. 265-270). Um hjáleigubúskap í landi Staðar fyrir 1670 er ekki vitað. Samt getur verið að eitthvert fólk hafi

<sup>2357</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. mars 1801, mars 1859 og mars 1860. Manntal 1801.

<sup>2358</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.. Manntöl 1.10.1860 og 1.10.1880.

<sup>2359</sup> Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. 1793. Manntal 1.10.1860.

<sup>2360</sup> Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 7.7.1995.

<sup>2361</sup> Sama heimild.

<sup>2362</sup> Jarðab. Á. og P. VII, 129.

<sup>2363</sup> Sama heimild.

bollokað hér í slíku koti um lengri eða skemmri tíma enn fyrr. Til þess benda þó engar sérstakar líkur og hafi svo verið þá eru nöfnin gleymd og grafin og engin vitneskja í boði.

Um fólkið sem bjó í hjáleigunum á 18. og 19. öld er hins vegar sitthvað á boðstólum og mun ráðlegast að líta á tóttirnar og sjá hvað rifjast upp. Verður þá fyrst haldið að Staðarhúsum fremri sem einnig voru nefnd Vandræðastaðir eða Vandræðakot. Tóttirnar er auðveldast að finna með því að fylgja **Undirtúnslæknum** sem svo heitir og rennur alveg rétt fyrir framan Staðartúnið. Girðing er ofan við túnið en rétt neðan við hana og aðeins örskammt frá nýnefndum læk er Vandræðakotið. Tóttirnar kúra þar ofantil í þýfðri túnbrekku. Lítið eitt vestar er önnur lækjarkvísl og má ætla að tún fólksins sem hér bjó hafi verið milli þessara tveggja kvísla. Frá kotinu eru 100-150 metrar fram að Þverá.

Tótt sem snýr frá austri til vesturs eða suðaustri til norðvesturs virðist vera baðstofutóttin og hafa dyrnar verið á þeirri hlið sem sneri frá fjallinu ofan við bæinn. Nærri lætur að tótt þessi sé 4 x 2,5 metrar að flatarmáli svo húsið sem hér stóð hefur verið um það bil 10 fermetrar. Við hliðina á þessari tótt og alveg við lækinn er önnur minni, 3,5 x 2 metrar, og kynni að hafa verið búr eða eldhús. Örfáum metrum vestar er þriðja tóttin og sú fjórða rétt ofan við girðinguna. Báðar þessar tóttir munu vera af útihúsum og önnur þeirra líklega af hesthúsi sem sagt er að hér hafi verið reist á árunum upp úr 1890 þegar margir áratugir voru liðnir frá því hætt var að búa í koti þessu.<sup>2364</sup> Framan við Undirtúnslækinn og örskammt frá Vandræðakoti er svo enn ein tótt, um það bil 6 x 2 metrar að flatarmáli.

Bændurnir sem bjuggu í Staðarhúsum árið 1703 hétu Jón Guðmundsson og Jón Sigmundsson en í manntalinu frá því ári verður ekki séð hvor þeirra bjó í ytri og hvor í fremri húsunum.<sup>2365</sup> Þó er líklegt að Jón Guðmundsson, sem talinn er á undan, hafi verið í eldri hjáleigunni sem betur var fallin til búskapar, það er að segja í Staðarhúsum ytri, enda var hann með tvö vinnuhjú og húskonu að auk en hjá Jóni Sigmundssyni var aðeins eitt hjú.<sup>2366</sup> Þeir Jónar eru fyrstu hjáleigubændurnir á Stað sem hægt er að nefna með nafni. Jón Sigmundsson var árið 1703 sagður 48 ára gamall en kona hans, Steinunn Tómasdóttir, 37 ára.<sup>2367</sup> Hjá þeim voru fimm börn þeirra á aldrinum eins til ellefu ára og vinnumaður um fimmtugt.<sup>2368</sup> Líklegt er að margt af þessu fólki hafi dáið í stórubólu árið 1707 því þá fóru Staðarhús fremri í eyði.<sup>2369</sup> Um eyðikot þetta segir svo í Jarðabókinni frá 1710:

*Staðarhús, önnur hjáleiga, í eyði síðan bóluna, byggð fáein ár þar fyrir. Landskuld var ein vætt fiska. Leigukúgildi*

<sup>2364</sup> Lbs. 4410<sup>4to</sup>, Valdimar Þorvaldsson, bls. 33.

<sup>2365</sup> Manntal 1703.

<sup>2366</sup> Sama heimild.

<sup>2367</sup> Sama heimild.

<sup>2368</sup> Sama heimild.

<sup>2369</sup> Jarðab. Á. og P. VII, 129.

*eitt, leigan í smjöri. Grasnautnin er áður talin hinni hjáleigunni og brúkast þaðan. ... Ekki má þetta grenkot aftur byggja fyrir heyskaparleysi.*<sup>2370</sup>

Um 1735 bjuggu tveir bændur í Staðarhúsum. Þeir hétu Ólafur Ólafsson og Sigurður Sigurðsson<sup>2371</sup> og verður að teljast mjög líklegt að annar þeirra hafi verið hér í Fremri-Staðarhúsum. Árið 1753 var séra Bergsveinn Hafliðason hins vegar með alla jörðina til ábúðar og engin byggð í hjáleigunum.<sup>2372</sup> Þannig var það líka á hinum fyrri prestskaparárum séra Þorsteins Þórðarsonar hér á Stað því í manntalinu frá 1762 er tekið fram að hjáleigurnar tvær séu í eyði.<sup>2373</sup>

Óljóst er nú hvenær Vandræðakotið byggðist á ný en það hefur ekki verið síðar en árið 1785 því að í janúarmánuði árið 1786 höfðust hér við hjónin Nathanael Þorsteinsson og Svanborg Hákonardóttir, bæði á fertugsaldri.<sup>2374</sup> Sumarið 1787 voru þau enn hér á Vandræðastöðum og misstu þá sitt unga barn, drenginn Þorstein Nathanaelsson sem dó þriggja mánaða gamall.<sup>2375</sup> Árið 1788 fóru Nathanael og Svanborg burt héðan og fluttust að Selárdal í Súgandafirði.<sup>2376</sup> Þar bjuggu þau í tvíbýli næstu ár en þegar Nathanael dó 21. febrúar 1794 átti hann heima á Nordureyri.<sup>2377</sup> Dauða hans bar brátt að og segir séra Þorsteinn Þórðarson að hann hafi dáið *hastarlega á heimferð sinni héðan*, það er frá Stað, og hafi aðeins verið kominn lítið *uppfyrir Áros*.<sup>2378</sup> Árið 1801 var ekkjan Svanborg Hákonardóttir vinnukona hjá séra Þorsteini Þórðarsyni á Stað og henni fylgdi þá sonur hennar, Þorsteinn Nathanaelsson, sagður 13 ára.<sup>2379</sup> Hjón þessi á Vandræðastöðum hafa því verið fljót að leggja drög að öðrum dreng í stað þess sem dó sumarið 1787 og hét líka Þorsteinn. Dóttur eignuðust þau sem Margrét hét og var hún árið 1801 átta ára gömul í dvöl hjá systur Svanborgar, Margréti Hákonardóttur sem var gift Þórði Jónssyni en þau Þórður og Margrét bjuggu þá á Stað í tvíbýli á móti prestinum<sup>2380</sup> (sbr. hér bls. 202-203).

Þegar Nathanael og Svanborg fluttust í Selárdal vorið 1788 fóru Staðarhús fremri í eyði en árið 1789 settust hér að hjónin Jósep Torfason og Halldóra Guðmundsdóttir.<sup>2381</sup> Jósep, sem var kominn um sjötugt er hann fluttist hingað, hafði áður búið í Bæ.<sup>2382</sup> Hann var sonur séra Torfa Ísleifssonar, fyrrum sóknarprests hér á Stað (sjá hér bls. 63-64), og konu

<sup>2370</sup> Jarðab. Á. og P. VII, 129.

<sup>2371</sup> Bændatöl og skuldaskrár 1720-1765, Ísafj.s. um 1735, eftirrit.

<sup>2372</sup> Jarða- og bændatöl 1752-1767, Ísafj.sýsla 1753.

<sup>2373</sup> Manntal 1762.

<sup>2374</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2375</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2376</sup> Sama heimild og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2377</sup> Sömu heimildir.

<sup>2378</sup> Sama heimild og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2379</sup> Manntal 1801.

<sup>2380</sup> Sama heimild.

<sup>2381</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2382</sup> Sama heimild.

hans Guðrúnar Eiríksdóttur.<sup>2383</sup> Jósep og konu hans fylgdu hingað á Vandræðakotið tvö börn þeirra milli tvítugs og þrítugs og tvö gamalmenni.<sup>2384</sup> Í sóknarmannatölum fær Jósep þá einkunn hjá presti að hann sé *ráðvandur maður*.<sup>2385</sup>

Jósep Torfason og hans fólk hokraði hér á Vandræðastöðum í fjögur eða fimm ár<sup>2386</sup> en líklega hafa þau verið komin að Staðarhúsum ytri þegar Jósep dó 29. desember 1794 því ekkjan var þar í marsmánuði árið 1795.<sup>2387</sup> Er Jósep andaðist hafði hann þjáðst lengi af brjóstveiki.<sup>2388</sup>

Árið 1795 bjuggu hér hjónin Þórður Jónsson og Margrét Hákonardóttir sem áður höfðu bollokað skamma hríð í Bakkakoti í landi Staðar (sjá hér bls. 266) en bjuggu síðar á parti úr heimajörðinni á Stað og fengu hana til ábúðar þegar prestlaust varð árið 1801 (sjá bls. 266). Hér í Staðarhúsum fremri voru þau aðeins í eitt eða tvö ár því í aprílmánuði árið 1797 voru þau farin.<sup>2389</sup> Þá bjó hér enginn en vorið 1800 eða máskje einu ári fyrir settust hér að hjónin Sigurður Sigurðsson og Þórunn Jónsdóttir.<sup>2390</sup> Í manntalinu 1801 er Sigurður þessi reyndar sagður vera Jónsson<sup>2391</sup> en í sóknarmannatölum Staðarpresta er hann jafnan skráður Sigurðsson<sup>2392</sup> og má ætla að það sé rétt. Árið 1801 var Sigurður talinn 28 ára gamall en Þórunn kona hans 25 ára.<sup>2393</sup> Þau voru þá hér í Staðarhúsum fremri með tvö ung börn, Jón og Guðrúnu, og vinnukonu sem var 18 ára.<sup>2394</sup> Þriðja barnið, drengur sem Þórður hét, misstu þau á þessu ári og þegar prestur skráir andlát barnsins í embættisbók sína segir hann það vera frá Efri-Staðarhúsum<sup>2395</sup> og kemur þar enn eitt nafn á þessu sama koti.

Þórunn var dóttir hjónanna Jóns Þórðarsonar og Helgu Guðmundsdóttur sem bjuggu allengi í Fremri-Vatnadal og þar var hún tíu ára gömul í foreldrahúsum í janúar árið 1786.<sup>2396</sup> Hún giftist Sigurði 17. apríl 1796<sup>2397</sup> en hann var fæddur á Ingjaldssandi.<sup>2398</sup> Fyrsta barnið sem Þórunn og Sigurður eignuðust fæddist andvana í Fremri-Vatnadal í júnímánuði árið 1797 en 3. nóvember á sama ári fæddist piltbarn á Gelti sem móðirin kenndi Sigurði í Vatnadal, eiginmanni Þórunnar, *hvörju hann þó í safnaðarins viðurvist ... vill ei viðgöngu veita*, skrifar prestur.<sup>2399</sup>

<sup>2383</sup> Ísl. æviskrár V, 26.

<sup>2384</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2385</sup> Sama heimild.

<sup>2386</sup> Sama heimild.

<sup>2387</sup> Sama heimild og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2388</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2389</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2390</sup> Sama heimild og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2391</sup> Manntal 1801.

<sup>2392</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2393</sup> Sama heimild. Manntal 1801.

<sup>2394</sup> Sömu heimildir.

<sup>2395</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2396</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. janúar 1786 og mars 1835.

<sup>2397</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2398</sup> Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. mars 1835.

<sup>2399</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

Móðir þessa drengs hét Þuríður Aradóttir og var hún vinnukona á Gelti þegar barnið fæddist.<sup>2400</sup> Hún var þá 23ja ára gömul eða þar um bil því vorið 1791 var hún 17 ára á Stað með föður sínum, Ara Guðmundssyni, er þá var í húsmennsku hjá presti.<sup>2401</sup> Seinna varð hún vinnukona í Keflavík og var þar 1801 en sonur hennar var þá niðursetningur í Staðarhúsum ytri.<sup>2402</sup> Pilturinn sem Þuríður eignaðist haustið 1797 og ekki tókst að feðra var skírður Sigurður og var á uppvaxtarárum jafnan nefndur Sigurður Þuríðarson (sjá hér Botn). Ætla má að með Sigurðarnafninu hafi móðirin viljað merkja hann hinum meinta barnsföður sínum eins rækilega og hún gat.

Þegar drengurinn, sem Sigurður Sigurðsson sór fyrir í Staðarkirkju, fæddist var hinn meinti faðir enn búsettur í Vatnadal en þaðan færðu þau hjónin sig hingað á Vandræðakotið vorið 1799 eða 1800 og munu hafa búið hér allt til vorsins 1805.<sup>2403</sup> Þau Sigurður Sigurðsson og Þórunn eiginkona hans eignuðust fjölda barna en flest þeirra dóu ung.<sup>2404</sup>

Svo virðist sem séra Þorsteini Þórðarsyni hafi verið eitthvað í nöp við þennan nábúa sinn í Vandræðakotinu því við húsvitjun í marsmánuði árið 1801 færir hann til bókar að Sigurður sé *misjafnt kynntur*.

Árið 1811 voru þau Sigurður og Þórunn komin að Laugum þar sem þau bjuggu í nokkur ár<sup>2405</sup> en fimm árum síðar var Þórunn hjá bróður sínum, Guðmundi bónda Jónssyni í Fremri-Vatnadal.<sup>2406</sup> Í manntalinu frá 1816 er tekið fram að hún sé gift kona en samt er hún þarna mannlaus,<sup>2407</sup> líklega skilin að borði og sæng. Um þær mundir virðist Sigurður alls ekki hafa verið skráður til heimilis í Súgandafirði<sup>2408</sup> og er óljóst hvar hann muni hafa verið. Árið 1830 fór Þórunn burt úr Súgandafirði og fluttist að Sæbóli á Ingjaldssandi.<sup>2409</sup> Prestur segir hana þá vera *húskonu* og tekur fram að hún sé *skilin við sinn ektamann*.<sup>2410</sup> Þau Þórunn og Sigurður tóku þó fljótlega saman á ný og árið 1835 voru þau bæði í Fremri-Vatnadal, hann 62ja ára en hún 59 ára.<sup>2411</sup> Í manntali frá því ári er sagt að Sigurður sé húsmáður sem lifi *að mestu af fiskiríu* en Þórunn sé *vistráðin að hálfu*.<sup>2412</sup> Illa hefur Sigurði gengið að losna við stimpilinn sem hann fékk hjá séra Þorsteini árið 1801, þá ungur bóndi á Vandræðastöðum, því aldarþriðjungi síðar bókar séra Eiríkur Vigfússon enn á ný að þessi húsmáður í Fremri-Vatnadal sé *miskynntur*.<sup>2413</sup> Líklega hefur karlinn verið prestunum eitthvað

<sup>2400</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2401</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2402</sup> Manntal 1801, vesturamt, bls. 300 og 305.

<sup>2403</sup> Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. Sbr. Rtk. Jarðabækur V. 16. Ísafj.sýsla 1805.

<sup>2404</sup> Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2405</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2406</sup> Manntal 1816.

<sup>2407</sup> Manntal 1816.

<sup>2408</sup> Sama heimild.

<sup>2409</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2410</sup> Sama heimild.

<sup>2411</sup> Manntal 2.2.1835.

<sup>2412</sup> Sama heimild.

<sup>2413</sup> Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. mars 1835.

erfiður en hitt gæti líka verið að þeir hafi aldrei fyrirgefið að hann skyldi í viðurvist safnaðarins sverja fyrir barnið sem Þuríður Aradóttir kenndi honum haustið 1797.

Árið 1845 var Þórunn enn á lífi en Sigurður látinn.<sup>2414</sup> Hún var þá hjá Jóhannesi syni þeirra, bónda í Ytri-Vatnadal, og konu hans Jórinni Jónsdóttur.<sup>2415</sup> Annar sonur þessara sömu hjóna var Jón Sigurðsson er bjó um skeið á Gilsbrekku (sjá hér Gilsbrekka) Hér verður engin grein gerð fyrir niðjum Sigurðar og Þórunnar en þess má geta að Sigríður Jóhannesdóttir frá Vatnadal, sem giftist Sigurði Þórarinssyni á Stað árið 1868 og fluttist með honum til Bolungavíkur árið 1874 (sjá hér bls. 217 og 220) var sonardóttir þeirra.<sup>2416</sup>

Síðust allra bjuggu hér á Vandræðastöðum (Staðarhúsum fremri) hjónin Torfi Jónsson og Sigríður Snjólfsdóttir.<sup>2417</sup> Þau voru þússuð saman í hjónaband árið 1807, þá vinnuhjú í Bæ,<sup>2418</sup> og árið 1811 voru þau sest að hér í hjáleigunni.<sup>2419</sup> Í sóknarmannatali frá marsmánuði á því ári segir séra Þorlákur Jónsson um Torfa að hann sé *kofum ráðandi* í þessu koti.<sup>2420</sup> Torfi var þá talinn 36 ára gamall en Sigríður kona hans 42ja ára.<sup>2421</sup> Veturinn 1810-1811 voru þau hér með Jón son sinn, tveggja ára gamlan, en fleira var heimilisfólkið ekki. Óljóst er hversu lengi þau Torfi og Sigríður hírdust á Vandræðakotinu. Engin sóknarmannatöl úr Súgandafirði eru til frá árunum 1812-1816 en tvímælalaust er að árið 1816 var hjáleiga þessi fallin úr byggð<sup>2422</sup> og ekkert fólk settist hér að síðar.<sup>2423</sup> Þegar séra Þorlákur Jónsson fór frá Stað vorið 1812 voru öll bæjarhús tekin út.<sup>2424</sup> *Húskofi á Vandræðastöðum*, sem upp hafði verið byggður í tíð séra Þorláks, var þá virtur á 1 ríkisdal og 24 skildinga.<sup>2425</sup> Lambhús, sem tók 10 lömb, hafði þá líka verið byggt nýlega hér í fremri hjáleigunni.<sup>2426</sup> Ljóst er að þau Torfi Jónsson og Sigríður Snjólfsdóttir hafa hafst hér við í skjóli séra Þorláks, enda hafði Sigríður verið vinnukona hans nokkrum árum fyrr er hann þjónaði í Bolungavík og bjó þar í Tröð.<sup>2427</sup> Líklegast er að Torfi og Sigríður hafi yfirgefið kofana á Vandræðastöðum vorið 1812 þegar séra Þorlákur fór frá Stað og eigi síðar en 1816 fóru þau að búa á Laugum.<sup>2428</sup>

<sup>2414</sup> Manntal 1845, vesturamt, bls. 291.

<sup>2415</sup> Sama heimild.

<sup>2416</sup> Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2417</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2418</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2419</sup> Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. mars 1811.

<sup>2420</sup> Sama heimild.

<sup>2421</sup> Sama heimild.

<sup>2422</sup> Manntal 1816

<sup>2423</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2424</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 3. Vísitazíubók 1810-1835. Staður í Súgandaf., úttekt 22.6.1812.

<sup>2425</sup> Sama heimild.

<sup>2426</sup> Sama heimild.

<sup>2427</sup> Manntal 1801, vesturamt, bls. 316.

<sup>2428</sup> Manntal 1816.

Sigríður Snjólfsdóttir var fædd á Skarði á Snæfjallaströnd um 1770 og eigi síðar en 1775.<sup>2429</sup> Um fæðingarstað eiginmanns hennar, síðasta húsráðandans á Vandræðastöðum, er ekki getið í manntalinu frá 1816<sup>2430</sup> og hvergi er í boði alveg ótvíráð vitneskja um uppruna hans. Í sóknarmannatali frá mars 1811 er Torfi sagður vera 36 ára gamall og 41 árs í öðru sóknarmannatali frá mars 1817.<sup>2431</sup> Hann ætti því að hafa fæðst á árunum 1774-1776. Hann hefur því verið 25 til 27 ára eða því sem næst árið 1801. Í manntalinu frá því ári er aðeins einn Torfi Jónsson finnanlegur á þeim aldri, bóndasonur í Krossholti í Kolbeinsstaðahreppi í Hnappadalssýslu, sagður 26 ára árið 1801.<sup>2432</sup> Nær fullvíst má telja að það sé þessi Torfi sem settist að í Súgandafirði fáum árum síðar því aðrir Torfar Jónssynir, sem nefndir eru í manntalinu frá 1801 og til greina gátu komið með hliðsjón af aldri, voru enn búsettir í sínum heimahögum á Suðurnesjum og í Árnassýslu árið 1816.<sup>2433</sup> Sá næsti sem líta bæri á er Torfi Jónsson, sem árið 1801 var 34 ára í Lambhúsum á Akranesi,<sup>2434</sup> en þar skeikar átta árum í aldri. Á þessum árum gætti oft mikillar ónákvæmni við skráningu á aldri fólks en líkur á svona stórri villu hjá þetta ungum manni eru þó alveg hverfandi og þess vegna má telja nær fullvíst að það hafi verið Torfi Jónsson frá Krossholti sem fluttist vestur í Súgandafjörð og varð *kofum ráðandi* á Vandræðastöðum.

Þau Torfi og Sigríður kona hans bjuggu á Laugum í Súgandafirði frá því á árunum 1812-1816 og allt þar til Torfi dó á árunum 1820-1822.<sup>2435</sup> Að Torfa látnum var Sigríður áfram á Laugum með Jón son þeirra, ýmist við búskap eða í húsmennsku, allt til vorsins 1826.<sup>2436</sup> Árið sem hún fluttist frá Laugum segir prestur að hún sé *skýr í andlegu*.<sup>2437</sup>

Svo virðist sem kona þessi af Snæfjallaströnd hafi búið yfir merkilegri seiglu. Þegar hún fór frá Laugum vorðið 1826, komin á sextugsaldur, settist hún að á gamla selinu frá Suðureyri<sup>2438</sup> sem er einum kílómetra utan við Lauga (sjá hér Suðureyri). Þar hafðist hún við í tvö ár<sup>2439</sup> en ekki er kunnugt um að fólk hafi haft þar fasta búsetu áður eða síðar. Úr selinu eða **Selhúsum** eins og vistarvera Sigríðar var nefnd<sup>2440</sup> fór hún í **Klúku**, hjáleigu frá Botni.<sup>2441</sup> Í Klúkunni hélt hún sig í 20 ár, frá 1828 til 1848, og verður síðar sagt lítið eitt nánar frá því lífsstríði sem þar var háð á hennar dögum (sjá hér Botn, Klúka þar). Sonur Sigríðar, Jón Torfason, sem

<sup>2429</sup> Manntal 1816, 698. Manntal 1801, vesturamt, 316. Sóknarm.töl Staðar í Súg. mars 1811 og mars 1833.

<sup>2430</sup> Manntal 1816, bls. 698.

<sup>2431</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2432</sup> Manntal 1801, vesturamt, bls. 50. Sbr. Nafnalykill fyrir manntalið 1801.

<sup>2433</sup> Manntöl 1801 og 1816 og nafnalyklar fyrir þau.

<sup>2434</sup> Sömu heimildir.

<sup>2435</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2436</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2437</sup> Sama heimild.

<sup>2438</sup> Sama heimild.

<sup>2439</sup> Sama heimild.

<sup>2440</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2441</sup> Sama heimild.



fæddist 19. júní 1809 og var einkabarn foreldra sinna<sup>2442</sup> fylgdi jafnan móður sinni og varð í fyllingu tímans bóndi í Botni.<sup>2443</sup> Með honum fluttist þessi gamla kona úr Klúku í Botn árið 1848 og er um þær mundir sögð vera *vel að sér*.<sup>2444</sup> Hún dó í Botni 2. apríl 1856 og var þá á níraðisaldri.<sup>2445</sup> Hundruðin sem hún bjó á, fyrst með manni sínum og síðar með syni þeirra, voru jafnan fá, aldrei fleiri en fjögur, en samt tókst henni með einum eða öðrum hætti að bjargast af og ná hærri aldri en flestir sveitungar hennar á þeirri tíð.

Frá Vandræðakotinu röltum við nú að hjáleigunni Lækjarhúsum sem var framantil við bæjarlækinn og nær beint upp af bænum á Stað.<sup>2446</sup> Spödurinn milli þessara tveggja kota er stuttur og sumarið 1995 lá girðingin ofan við túnið á Stað rétt við Lækjarhúsatóttirnar. Í Lækjarhúsum hafðist fólk við á árunum 1857-1864 og frá 1879-1889 eins og hér hefur áður verið nefnt (sjá hér bls. 242). Á fyrra skeiðinu var hjáleiga þessi nefnd Lækjarhús en Lækjarkot á því síðara, árunum 1879-1889.<sup>2447</sup> Það nafn hefur haldið velli sem örnefni.<sup>2448</sup> Á árunum 1857-1864 bjó hér Bergur Lárentíusson en sá hét Andrés Sakaríasson sem settist hér að árið 1879.<sup>2449</sup> Frá þeim báðum verður brátt sagt lítið eitt nánar. Svo virðist sem Andrés hafi reyndar ekki byggt upp á tóttinni frá dögum Bergs heldur fáeinum metrum utar, nær læknum. Valdimar Þorvaldsson frá Selárdal, sem var ellefu ára gamall þegar byggð lagðist af í Lækjarkoti árið 1889, segir í ritgerð að Lækjarkot hafi staðið *hjá læknum upp af bænum, í brekkunni neðan við hlíðina*.<sup>2450</sup> Hann tekur fram að kotbær þessi hafi staðið *fyrir framan lækinn* og dyrnar hafi snúið *niður á við, nær ytri gaffli*.<sup>2451</sup> Valdimar getur þess líka að bæjartóttin frá dögum Andrésar sé *allstór* og segir að fyrir neðan Lækjarkot hafi um 1890 verið lambhús sem Eiríkur Egilsson á Stað átti.<sup>2452</sup>

Svo virðist sem lítið sé nú eftir af bæjartóttinni sem Valdimar greinir frá og má ætla að hún hafi fordjarfast við vatnsveituframvæmdir fyrir nokkrum áratugum.<sup>2453</sup> Þarna við lækinn er nú aðeins tóttarbrot en örfáum metrum framar eru heillegar tóttir af þremur sambyggðum húsum sem kynnu að vera frá dögum Bergs Lárentíussonar en gætu þó verið enn eldri. Nærri lætur að stærsta tóttin í þessari samstæðu sé 3 x 2 metrar.

Bergur Lárentíusson, sem reisti bú í Lækjarhúsum árið 1857, fæddist 9. janúar 1824 (sjá hér Norðureyri). Foreldrar hans, sem þá voru ógift en

<sup>2442</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2443</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2444</sup> Sama heimild.

<sup>2445</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2446</sup> Lbs. 4410<sup>4to</sup>, Valdimar Þorvaldsson, bls. 33.

<sup>2447</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2448</sup> Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 7.7.1995.

<sup>2449</sup> Sama heimild.

<sup>2450</sup> Lbs. 4410<sup>4to</sup>, Valdimar Þorvaldsson, bls. 33.

<sup>2451</sup> Lbs. 4410<sup>4to</sup>, Valdimar Þorvaldsson, bls. 33.

<sup>2452</sup> Sama heimild.

<sup>2453</sup> Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 7.7.1995.

áttu bæði heima á Norðureyri, hétu Lárentíus Hallgrímsson og Sigurborg Bergsdóttir. Þau gengu síðar í hjónaband og bjuggu lengi í Ytri-Vatnadal en síðan á Gelti (sjá hér Ytri-Vatnadalur og Göltur). Móðir Bergs Lárentíussonar var dóttir Bergs Jónssonar sem lengi bjó í Staðarhúsum ytri og þar ólst drengur þessi upp hjá afa sínum.<sup>2454</sup> Tveimur árum áður en Bergur Lárentíusson reisti kot sitt hér við bæjarlækinn á Stað hafði hann kvænst ungri stúlku sem hét Margrét Eiríksdóttir.<sup>2455</sup> Hún fæddist í Bæ 1. febrúar 1835, dóttir ógiftra vinnuhjúa, Ástríðar Úlfsdóttur og Eiríks Bjarnasonar, en móðir hennar giftist síðar Jóni Guðmundssyni, bónda í Vatnadal, og þar var Margrét 14 ára gömul hjá móður sinni og stjúpa í lok ársins 1849.<sup>2456</sup> Þau Bergur og Margrét bjuggu fyrst tvö ár í Bæ en fóru síðan að bolloka hér í þessari nýju hjáleigu sem fékk nafnið Lækjarhús.<sup>2457</sup> Bergur var þá 34 ára en Margrét kona hans aðeins 22ja ára. Eina dóttur sem Sigríður hét eignuðust Bergur og Margrét áður en þau færðu sig hingað og fylgdi hún foreldrunum í þennan nýja bústað vorið 1857.<sup>2458</sup>

Sá sem leyfði Bergi að koma sér upp húskofa hér við bæjarlækinn og ofan við túnið var séra Arngrímur Bjarnason, er þá var prestur á Stað, en engin trygg jarðarafnot mun Bergur hafa náð að semja um við prestinn. Í búnaðarskýrslu frá árinu 1860 er hann því flokkaður með þeim búlausu.<sup>2459</sup> Hann var þó í fardögum á því ári með eina kú, 5 ær og 2 gemlinga og átti reyndar líka hest.<sup>2460</sup> Engan bát átti Bergur í Lækjarhúsum en ætla má að hann hafi verið í skiprúmi hjá öðrum og náð með því móti að bjarga sér og fjölskyldu sinni frá sultinum sem jafnan vofði yfir kotafólkinu.

Í marsmánuði árið 1863 var fimm manna heimili hér í Lækjarhúsum. Hér voru þá auk hjónanna, Bergs og Margrétar, tvær dætur þeirra, Sigríður 8 ára og Guðrún 1 árs, og líka Ástríður Úlfsdóttir, móðir húsfreyjunnar, sögð 67 ára gömul.<sup>2461</sup> Við brottför séra Arngríms Bjarnasonar frá Stað árið 1863 breyttust allar aðstæður hér (sjá hér bls. 144 og 215) og vorið 1864 urðu Bergur og Margrét að fara frá Lækjarhúsum.<sup>2462</sup> Þau bjuggu síðar á jarðarparti í Bæ allt þar til Bergur druknaði er bátur frá Bæ fórst í lendingu 18. desember 1873 (sjá hér Bær).

Fyrstu fimmtán árin eftir brottför Bergs Lárentíussonar frá Lækjarhúsum bjó hér enginn en árið 1879 settist nýtt fólk að í tómhúsi á Stað.<sup>2463</sup> Í manntali frá árinu 1880 er bústaður þessa fólks nefndur Lækjarkot<sup>2464</sup> og má gera ráð fyrir að fjölskyldan sem hér um ræðir hafi byrjað á að koma upp þessu koti er hún fluttist til Súgandafjarðar árið

<sup>2454</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2455</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2456</sup> Sama heimild og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2457</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2458</sup> Sama heimild. og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2459</sup> VA III, 417, búnaðarskýrslur 1860.

<sup>2460</sup> Sama heimild.

<sup>2461</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2462</sup> Sama heimild.

<sup>2463</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2464</sup> Manntal 1880.

1879. Hjónin sem settust hér að árið 1879 (eða 1880) hétu Andrés Sakaríasson og Helga Guðmundsdóttir.<sup>2465</sup> Þau voru bæði úr Önundarfirði og hér hefur áður verið frá þeim sagt (sjá hér Hvilft). Í Súgandafjörð komu þau árið 1872 og voru fyrst í vinnumennsku í Vatnadal en höfðu áður búið um skeið á Hvilft og á Görðum í Önundarfirði (sjá hér Garðar og Hvilft).

Andrés Sakaríasson var kominn hátt á fimmtugsaldur er hann settist að í Lækjarkoti og kona hans var um það bil tíu árum eldri.<sup>2466</sup> Heimild til að reisa Lækjarkotið við hljóta þau að hafa fengið hjá Kristínu Þórarinsdóttur sem þá bjó á Stað og hafði ábúð á allri jörðinni. Í varðveittum heimildum er ekki unnt að sjá hvað varð þess valdandi að Andrés Sakaríasson og kona hans ákváðu að byggja Lækjarkotið upp og setjast þar að. Vel má vera að þau hafi verið orðin þreytt á vinnumenskunni og talið sér henta betur að fara í húsmennsku og ráða sér sjálf. Hugsanlegt er að Andrés hafi verið sjómaður á skútum á þeim árum sem hann var búsettur í Lækjarkoti og svo mikið er víst að sonur þessara hjóna, Helgi Andrés�on, varð, er tímar liðu, einn aflasælasti skipstjórinn á þilskipaflota Vestfirðinga og stýrði m.a. til veiða skútunum Ísafold frá Flateyri og Sigríði frá Ísafirði (sjá hér Flateyri). Helgi átti mjög lengi heima á Flateyri og þar stendur enn Helgahús, íbúðarhúsið sem hann byggði árið 1896 í félagi við mág sinn, Friðrik Bjarnason, stýrimann (sjá hér Flateyri).

Helgi Andrés�on var fæddur árið 1858 og á árunum kringum 1880 átti hann heima hjá foreldrum sínum hér í Lækjarkoti.<sup>2467</sup> Systir hans, Elísabet María Andrésdóttir, var hér líka haustið 1880, þá 15 ára gömul.<sup>2468</sup> Hún varð seinna eiginkona Friðriks Bjarnasonar, stýrimanns á Flateyri,<sup>2469</sup> sem átti síðustu ár ævinnar heima á Suðureyri og börn þeirra ílentust þar.

Helgi Andrés�on var liðlega tvítugur þegar hann fluttist ásamt foreldrum sínum að Lækjarkoti og má telja líklegt að hann hafi þá þegar verið orðinn háseti á skútu eða fengið sitt fyrsta pláss á slíku skipi mjög skömmu síðar. Vel getur verið að orð Helga hafi ráðið mestu um það að Kristín Þórarinsdóttir á Stað veitti foreldrum hans heimild til að setjast að í Lækjarkotinu og reisa það úr rústum. Hjá henni hafði hann verið vinnumaður í þrjú ár, frá 1873 til 1876, þá innan við tvítugt.<sup>2470</sup> Í sóknarmannatölum frá þeim árum lætur prestur þess jafnan getið að þessi ungi maður á Stað sé *vel að sér*.<sup>2471</sup> Hjá Kristínu hefur Helgi án vafa komið sér vel og verið talinn álitlegur unglíngur og meiri verkmaður en flestir aðrir. Viðskipti hans á þeim árum við verslun Hjálmars Jónssonar á Flateyri voru talsvert meiri en almennt var um unglínga.<sup>2472</sup> Sumarið 1874 greiddi *maddama Kristín á Stað* 12 ríkisdali inn á reikning Helga hjá

<sup>2465</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. Manntal 1880.

<sup>2466</sup> Sóknarm.töl Holts í Önundarf. og Staðar í Súgandaf.

<sup>2467</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. Manntal 1880.

<sup>2468</sup> Manntal 1880.

<sup>2469</sup> Prestsþj.b. Holts í Önundarf. *Fæddar meyjar 1865*. Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

<sup>2470</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2471</sup> Sama heimild.

<sup>2472</sup> Hsk. á Ísaf. nr. 089. Höfuðbók nr. 5 frá Versl. Hjálmars Jónssonar á Flateyri, viðskiptam.reikn. bls. 13.

versluninni á Flateyri.<sup>2473</sup> Þá var hann aðeins 16 ára. Næsta sumar komu 16 ríkisdalir inn á reikning hans frá Kristínu og seint í ágúst kom svo dálítið af saltfiski svo heildarinnleggið á árinu 1875 varð nær 18 ríkisdalir.<sup>2474</sup> Árið sem Helgi varð 18 ára hækkaði peningainnleggið frá Kristínu svo upp í 40,- krónur<sup>2475</sup> en sú upphæð var andvirði 20 ríkisdala. Fiskhluturinn var þá sá sami og árið áður.<sup>2476</sup>

Fyrir alla þessa peninga keypti hinn ungi vinnumaður sér eitt og annað í búðinni á Flateyri. Nefna má 100 knallhettur, eitt pund af höglum og svolítið af púðri<sup>2477</sup> en allt sýnir þetta að hann hefur tamið sér að fara með byssu. Helgi keypti líka þó nokkuð af álnavöru á þessum árum, tvinna og skæri, sykur og brauð, þjalir, hnífa og sporjárn, buddu og hatt sem kostaði 1 ríkisdal og 28 skildinga.<sup>2478</sup> Margt er hér ótalið en þess skal getið að af tóbaki og brennivíni keypti Helgi lítið. Þó prófaði hann bæði reyktóbak og snúss innan við 18 ára aldur og þegar hann var 16 og 17 ára fékk hann sér eina þriggja pela flösku af brennivíni á ári.<sup>2479</sup> Árið 1876 varð hann 18 ára og tók þá út tvo potta af brennivíni í búðinni á Flateyri.<sup>2480</sup> Allt fór það vel.

Í nóvembermánuði árið 1882 var Helgi hér enn, þegar séra Stefán í Holti kom að húsvitja, og þá færir prestur til bókar að þessi sonur hjónanna í kotinu sé sjómaður.<sup>2481</sup>

Þau Andrés Sakariásson og Helga kona hans munu hafa verið búsett hér í Lækjarkoti í sex eða sjö ár því þau töldust enn eiga hér heima í lok ársins 1885 en voru þá um það bil að flytjast til Flateyrar<sup>2482</sup> (sbr. hér Hvilft). Þar dóu þau bæði árið 1907.<sup>2483</sup> Hér í Lækjarkoti bjuggu þau Andrés og Helga í þurrabúð því engin var hjá þeim kýrin.<sup>2484</sup> Allur bústofn þeirra haustið 1880 var 6 ær og 5 gemlingar ef taka má mark á búnaðarskýrslunni.<sup>2485</sup>

Þegar Andrés og Helga fluttust til Flateyrar árið 1886 munu hjónin Marías Þorgilsson og Ástríður Halldórsdóttir hafa sest að í Lækjarkoti. Í sóknarmannatölum eru þau jafnan sögð vera húsfólk á Stað á árunum 1886-1889<sup>2486</sup> en í dagbókarskrifum frá árinu 1889 er Ástríður Halldórsdóttir nefnd *Ástríður í Lækjarkoti* (sjá hér Suðureyri) svo hér er ekki um að villast. Valdimar Þorvaldsson, sem á þessum sömu árum var að alast upp í Súgandafirði, fullyrðir líka að Marías og Ástríður hafi búið í

<sup>2473</sup> Hsk. á Ísaf. nr. 089. Höfuðbók nr. 5 frá Versl. Hjálmars Jónssonar á Flateyri, viðskiptam.reikn. bls. 13.

<sup>2474</sup> Sama heimild.

<sup>2475</sup> Sama heimild.

<sup>2476</sup> Sama heimild.

<sup>2477</sup> Sama heimild.

<sup>2478</sup> Sama heimild.

<sup>2479</sup> Sama heimild.

<sup>2480</sup> Sama heimild.

<sup>2481</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2482</sup> Sama heimild.

<sup>2483</sup> Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

<sup>2484</sup> VA III, 424, búnaðarskýrslur 1880.

<sup>2485</sup> Sama heimild.

<sup>2486</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

Lækjarkoti<sup>2487</sup> og benda má á að í sóknarmannatölum prestsins eru þau Andrés Sakariásson og Helga kona hans ætíð sögð vera húsfólk á Stað á árunum 1879-1886<sup>2488</sup> þó að manntalið frá 1880 sýni að þau áttu heima í Lækjarkoti (sjá hér bls. 251-252).

Marías Þorgilsson og Ástríður Halldórsdóttir voru síðasta hjáleigufólkið á Stað. Þau fóru héðan sumarið 1889 og settust þá að í verbúð á Suðureyrarmölum (sjá hér Suðureyri). Þar áttu þau heima í allmörg ár og urðu fyrstu íbúar þorpsins sem brátt tók að myndast á Mölunum í landi Suðureyrar. Frá þeim Maríasi og Ástríði segjum við nánar síðar þegar staldrað verður við á Suðureyrarmölum (sjá hér Suðureyri). Er Marías og Ástríður tóku sig upp og fluttust burt héðan féll síðasta kotið í landi Staðar í eyði en aldarfjórðungur var þá liðinn frá því síðast var búið á öðrum kotum í landi prestssetursins<sup>2489</sup> (sbr. hér bls. 264 og 269).

Frá Lækjarkoti liggur leið okkar að Staðarhúsum ytri, elstu hjáleigunni á Stað en hún er hér svolítið utar, neðst í Hólunum sem svo heita en þeir eru út og upp af bænum á Stað,<sup>2490</sup> rétt ofan við túnið. Spölurinn frá Lækjarkoti að Staðarhúsum ytri er varla nema liðlega 200 metrar. Valdimar Þorvaldsson, sem var 12 ára drengur í Súgandafirði árið 1890, segir í ritgerð að þá hafi lambhús, hlaða og hesthús staðið þar sem áður var bærinn í Staðarhúsum ytri.<sup>2491</sup> Líklega eru það tóttir þessara húsa sem nú gefst kostur á að skoða og eru allar upp á allháum hól neðantil í Hólunum og alveg við túngirðinguna. Hér mun bærinn í Staðarhúsum ytri hafa verið því Valdimar staðhæfir að um 1890 hafi engar leifar af honum verið sjáanlegar en fyrrnefnd útihús komin í staðinn. Ein tóttanna þriggja er þó talsvert ellilegri en hinar tvær og má vera að hún hafi sloppið við umrót þegar farið var að byggja útihús á rústum þessa gamla eyðibýlis. Mjög skammt frá nýnefndum tóttum eru líka leifar af grjóthlöðnum túngarði sem kynni að hafa verið hlaðinn áður en byggð lagðist af hér í hjáleigunni.

Í byrjun 18. aldar kunnu menn frá því að segja að á Stað hefði hjáleigubúskapur hafist um 1670 og þá í Staðarhúsum.<sup>2492</sup> Að þar sé átt við Staðarhús ytri er vart nokkurt vafamál eins og hér hefur áður verið bent á (sjá bls. 243). Fólkið sem síðast bjó hér fluttist hins vegar brott árið 1864<sup>2493</sup> en þá voru liðin nær 200 ár frá því fyrstu íbúarnir byggðu hér kofa sinn. Á allöngu skeiði, um og eftir miðja 18. öld, lá kotið þó í eyði en allar líkur benda til þess að fólk hafi hafst hér við í um það bil 150 ár og ef til vill í svolítið lengri tíma. Staðfest er að hér var búið 1703, 1710 og

<sup>2487</sup> Lbs. 4410<sup>4to</sup>, Valdimar Þorvaldsson, bls. 33.

<sup>2488</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2489</sup> Sama heimild.

<sup>2490</sup> Örn.stofnun / Kr. G. Þorvaldsson 1949, 68. Þorv. H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 7.7.1995.

<sup>2491</sup> Lbs. 4410<sup>4to</sup>, Valdimar Þorvaldsson, bls. 32.

<sup>2492</sup> Jarðab. Á. og P. VII, 129.

<sup>2493</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

1735.<sup>2494</sup> Árin 1753 og 1762 var hér hins vegar mannlaust<sup>2495</sup> og óvíst hvort byggt hefur verið upp á ný fyrir um eða upp úr 1780. Frá 1785 til 1864 var ætíð búið í þessari hjáleigu og stöku sinnum höfðust hér við tvær fjölskyldur í senn.<sup>2496</sup>

Í Jarðabók Árna og Páls frá árinu 1710 segir að hjáleigan Staðarhús sé byggð á fornu stöðulsstaði staðarins og hér hafi búskapur hafist fyrir um það bil 40 árum.<sup>2497</sup> Landskuld af koti þessu var árið 1710 tvær vættir fiska og því fylgdu tvö kúgildi (12 ær) sem kirkjan átti.<sup>2498</sup> Fiskinn bar hjáleigubóndanum að leggja inn í kaupstað á Ísafirði en leiguna af kúgildunum átti hann að greiða prestinum á Stað í smjöri.<sup>2499</sup>

Á bændurna tvo sem bjuggu í Staðarhúsum, ytri og fremri, árið 1703, þá Jón Guðmundsson og Jón Sigmundsson, hefur áður verið minnst og bent á að líklega hafi það verið Jón Guðmundsson sem bjó í Staðarhúsum ytri (sjá hér bls. 243). Hann var þá 26 ára en kona hans, Ingibjörg Egilsdóttir, var tuttugu árum eldri.<sup>2500</sup> Á heimili þeirra var líka móðir bóndans, Katrín Halldórsdóttir, sögð 67 ára gömul<sup>2501</sup> og ætti hún þá að hafa verið fædd árið 1636 eða því sem næst. Af öllu hjáleigufólkinu á Stað er hún sú elsta sem hægt er að nefna með nafni. Árið 1703 var einnig hér í Staðarhúsum húskonan Guðrún Björnsdóttir og dóttir hennar, Guðrún Gísladóttir, sem þá var 19 ára gömul.<sup>2502</sup> Sú síðarnefnda var vístráðin að hálfu hjá Jóni bónda Guðmundssyni en annars nærðust þær mæðgur, af ölmusugjörðum góðra manna.<sup>2503</sup>

Árið 1710 var bóndinn Jón Guðmundsson farinn héðan og vera má að hann hafi dáið í stórubólu árið 1707. Þegar Árni Magnússon kom í Súgandafjörð í jarðabókarerindum árið 1710 bjó maður að nafni Þorsteinn Jónsson hér í hjáleigunni<sup>2504</sup> og virðist enginn kotungur hafa verið. Hann bjó með 5 kýr, 24 ær, 25 sauði en af þeim voru 12 tvævetra eða eldri, 20 lömb og 1 hest.<sup>2505</sup> Stærð búans bendir til þess að Þorsteinn hafi haft umtalsverð afnot af heimajörðinni á Stað því þessi hjáleigubóndi var árið 1710 með meira en þriðjung af öllum bústofni á Stað og lætur nærri að bú hans hafi aðeins verið þriðjungi minna en bú prestsins.<sup>2506</sup> Þorsteinn í Staðarhúsum var um þessar mundir annar tveggja hreppstjóra í Súgandafirði eins og sjá má í skjali sem dagsett er 6. mars 1710.<sup>2507</sup>

<sup>2494</sup> Manntal 1703. Jarðab. Á. og P. VII, 129. Bændatöl og skuldaskrár 1720-1765, Ísafj.s. um 1735, eftirrit.

<sup>2495</sup> Jarða- og bændatöl 1752-1767, Ísafj.sýsla 1753. Manntal 1762.

<sup>2496</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2497</sup> Jarðab. Á. og P. VII, 129.

<sup>2498</sup> Sama heimild.

<sup>2499</sup> Sama heimild.

<sup>2500</sup> Manntal 1703.

<sup>2501</sup> Sama heimild.

<sup>2502</sup> Sama heimild.

<sup>2503</sup> Sama heimild.

<sup>2504</sup> Jarðab. Á. og P. VII, 129.

<sup>2505</sup> Sama heimild.

<sup>2506</sup> Sama heimild, 128-129.

<sup>2507</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. B. 2, bls. 246-247. Sbr. Jarðab. Á. og P. VII, 128-139.

Hreppstjórinn í hjáleigunni var ekki eignalaus maður því auk búpenings og annars lausafjár átti hann jarðarpart norður í Jökulfjörðum, það er hálfja jörðina Höfðaströnd í Grunnavíkurbreppi, átta hundruð að fornu mati.<sup>2508</sup>

Allt sýnir þetta að Þorsteinn Jónsson var engin venjulegur hjáleigubóndi, enda var hann af eignamönnum kominn. Faðir hans var Jón bóndi Þorsteinsson á Melgraseyri við Djúp, sonur séra Þorsteins Jónssonar á Stað í Aðalvík<sup>2509</sup> sem þar var prestur frá 1596 og a.m.k. til 1643.<sup>2510</sup> Ein af systurum Þorsteins, hreppstjóra í Staðarhúsum, hét Ingveldur og giftist hún um tvítugt séra Sigurði Gíslasyni, presti á Stað í Grunnavík sem var 50 árum eldri en hún.<sup>2511</sup> Árið 1710 var hún orðin ekkja og átti þá heima hér í Staðarhúsum hjá bróður sínum.<sup>2512</sup> Í Jarðabók Árna og Páls er þess getið að Ingveldur Jónsdóttir eigi eitt hundruð í jörðinni Þverdal í Aðalvík og tekið fram að hún sé búsett í Staðarhúsum í Súgandafirði<sup>2513</sup> svo hér er ekki um að villast. Þar eru líka nefndar tvær systur hennar og Þorsteins og áttu þær sitt hundruðið hvor í Þverdal.<sup>2514</sup> Önnur þeirra hét Krístrún og var gift Jóni Þormóðssyni, bónda á Melgraseyri,<sup>2515</sup> en hin Valgerður og var gift Sæmundi Magnússyni, lögréttumanni og lögsagnara á Hóli í Bolungavík.<sup>2516</sup> Móðir Valgerðar á Hóli var Sigríður, dóttir Sveins bónda Ólafssonar á Bæjum á Snæfjallaströnd,<sup>2517</sup> og hefur hún að líkindum einnig verið móðir Þorsteins sem hér bjó. Í Íslenskum æviskrám er Ingveldur systir þeirra sögð vara dóttir Jóns í Bæjum á Snæfjallaströnd Þorsteinssonar<sup>2518</sup> sem bendir til þess að foreldrar systkinanna hafi búið um skeið í Bæjum áður en þau fluttust að Melgraseyri. Ekki liggur ljóst fyrir hvenær Þorsteinn fluttist til Súgandafjarðar en árið 1703 bjó hann í tvíbýli í Ytri-Vatnadal og var þá 48 ára gamall.<sup>2519</sup> Konan, sem þá var gift Þorsteini, hét Gróa Jónsdóttir og var hún líka 48 ára.<sup>2520</sup> Svo virðist sem þau hafi ekki átt barn saman en á heimili þeirra voru árið 1703 þrjú *bóndans börn* og eitt *barn húsfreyjunnar*.<sup>2521</sup> Öll voru þessi fjögur börn þá á aldrinum 7 til 12 ára.<sup>2522</sup> Sonur Gróu hét Bjarni Andrésón en börn Þorsteins báru nöfnin Jón, Guðmundur og Halldóra.<sup>2523</sup> Guðmundur þessi Þorsteinsson varð seinna bóndi í Vatnadal.<sup>2524</sup>

<sup>2508</sup> Jarðab. Á. og P. VII, 269.

<sup>2509</sup> Ættartölur Ólafs Snóksdalín I, 220 og III, 707.

<sup>2510</sup> Ísl. æviskrár V, 212.

<sup>2511</sup> Sama heimild IV, 218-219.

<sup>2512</sup> Jarðab. Á. og P. VII, 292.

<sup>2513</sup> Sama heimild.

<sup>2514</sup> Sama heimild.

<sup>2515</sup> Sama heimild. Manntal 1703.

<sup>2516</sup> Sömu heimildir. Sbr. Lögréttumannatal, bls. 504-505 og Ísl. æviskrár IV, 385.

<sup>2517</sup> Lögréttumannatal, bls. 504-506.

<sup>2518</sup> Ísl. æviskrár IV, 218-219.

<sup>2519</sup> Manntal 1703, bls. 211. Ættartölur Ólafs Snóksdalín III, 707.

<sup>2520</sup> Manntal 1703, bls. 211.

<sup>2521</sup> Sama heimild.

<sup>2522</sup> Sama heimild.

<sup>2523</sup> Manntal 1703, bls. 211.

<sup>2524</sup> Ættartölur Ólafs Snóksdalín III, 707.

Tveir bændur bjuggu í Staðarhúsum árið 1735<sup>2525</sup> og má ætla að annar þeirra hafi verið hér í ytri Húsunum en hinn í þeim fremri. Nöfn þeirra hafa áður verið nefnd (sjá hér bls. 244).

Ekki er kunnugt um hjáleigufólk í landi Staðar á árunum 1740-1780 og fullvíst að enginn bjó hér 1753 og ekki heldur 1762.<sup>2526</sup> Í þessari gömlu hjáleigu, Staðarhúsum ytri, hófst búskapur á ný eigi síðar en 1784 og í janúarmánuði árið 1786 voru hér tvær fjölskyldur, hjónin Brandur Jónsson og Guðrún Bjarnadóttir og ekkjan Ólöf Þórðardóttir með tvö börn sín, annað uppkomið og hitt á unglingsaldri.<sup>2527</sup> Brandur þessi andaðist 23. mars 1793 og var þá enn búsettur hér.<sup>2528</sup>

Ólöf Þórðardóttir, sem hafðist hér við á dögum móðuharðindanna, var systir séra Þorsteins Þórðarsonar sem þá var prestur á Stað.<sup>2529</sup> Hún var prestsekkja og hafði verið gift séra Jóni Sigurðssyni, presti í Ögurþingum, sem andaðist haustið 1781<sup>2530</sup> en hann var reyndar frá Vatnadal í Súgandafirði (sjá hér Ytri-Vatnadalur). Líklegt er að Ólöf hafi sest að í Staðarhúsum mjög skömmu síðar og fullvíst að hún var komin hingað árið 1784. Sönnun fyrir því að svo hafi verið er að finna í dagbók séra Jóns Ásgeirssonar sem þá var prestur á Söndum í Dýrafirði en áður á Mýrum og síðar í Holti í Önundarfirði. Séra Jón hafði þann sið að krota hjá sér hverjum hann lánaði bækur og á blaði einu í dagbók hans sést að árið 1784 lánaði hann Ólöfu Þórðardóttur í Staðarhúsum *Donat*<sup>2531</sup> (sbr. hér Mýrar) sem var kennslubók í latneskri málfræði.

Árið 1786 voru tvö börn Ólafar hjá henni í Staðarhúsum, Margrét Jónsdóttir, sem var 26 ára, og Zacharías Jónsson, 14 ára.<sup>2532</sup> Þriðja barn Ólafar og eiginmanns hennar, séra Jóns Sigurðssonar, var svo Gísli.<sup>2533</sup> Hann var í Skálholtsskóla veturinn 1782-1783.<sup>2534</sup> Að sögn varð hann að hætta skólanámi *vegna tornæmis* en fór síðan af landi brott.<sup>2535</sup> Líklegt er að þessi sonur Ólafar hafi verið hér heima hjá móður sinni árið 1784 og honum hafi verið ætlað að stagma í latnesku málfræðinni sem hún fékk lánaða hjá séra Jóni Ásgeirssyni. Gísli mun hafa verið eldri sonur Ólafar en Zacharías, sem var yngri, dó hér í Staðarhúsum ytri 16. desember 1786 og var þá á fermingaraldri.<sup>2536</sup> Margrét dóttir hennar giftist hins vegar Þorgils Erlingssyni, bónda í Bæ,<sup>2537</sup> og til þeirra fluttist Ólöf árið 1787.<sup>2538</sup> Hún var

<sup>2525</sup> Bændatöl og skuldaskrár 1720-1765, Ísafj.sýsla um 1735, eftirrit.

<sup>2526</sup> Jarða- og bændatöl 1752-1767, Ísafj.sýsla 1753. Manntal 1762.

<sup>2527</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2528</sup> Sama heimild og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2529</sup> Ísl. æviskrár III, 262-263 og V, 234.

<sup>2530</sup> Sama heimild.

<sup>2531</sup> Lbs. 2671<sup>8vo</sup>, Dagbók séra Jóns Ásgeirssonar á Mýrum.

<sup>2532</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2533</sup> Ísl. æviskrár III, 262-263.

<sup>2534</sup> Ísl. æviskrár III, 262-263.

<sup>2535</sup> Sama heimild.

<sup>2536</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2537</sup> Ísl. æviskrár III, 262-263.

<sup>2538</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.



þá 53ja ára eða því sem næst.<sup>2539</sup> Við húsvitjun árið 1788 gefur séra Þorsteinn Þórðarson þessari systur sinni þá einkunn að hún sé *ei ófród*.<sup>2540</sup> Hjá dóttur sinni í Bæ lifði Ólöf í 13 ár og þar andaðist hún 10. desember 1800.<sup>2541</sup> Þá hefur dótturdóttir hennar, Karitas Þorgilsdóttir í Bæ, verið 12 eða 13 ára gömul<sup>2542</sup> en hún eignaðist síðar drenginn Ólaf Teitsson sem varð bóndi í Sviðnum í Vestureyjum Breiðafjarðar<sup>2543</sup> og miklar ættir eru frá komnar.

Þegar Ólöf Þórðardóttir fluttist héðan yfir í Bæ árið 1787 komu í hennar stað hjónin Illugi Jónsson og Arngerður Árnadóttir.<sup>2544</sup> Þau bjuggu hér síðan í tvíbýli við Brand Jónsson, sem fyrr var nefndur, í sex ár og vera má að þau hafi ekki farið héðan úr hjáleigunni fyrr en 1794.<sup>2545</sup> Í marsmánuði árið 1788 voru þau Illugi og Arngerður bæði talin vera 32ja ára gömul.<sup>2546</sup> Þau fluttust að Staðarhúsum frá Bæ og voru þá með börn sín þrjú, Bjarna 7 ára, Filippus 5 ára og Sigríði á fyrsta ári.<sup>2547</sup> Héðan fóru þau að Laugum árið 1793 eða 1794 og bjuggu þar í a.m.k. tíu ár.<sup>2548</sup> Árið 1811 var Arngerður vinnukona hjá Guðmundi Sigurðssyni, bónda á Stað,<sup>2549</sup> en þá hefur Illugi líklega verið dáinn. Filippus sonur þeirra var þá líka á Stað, kvæntur vinnumaður.<sup>2550</sup>

Á árunum 1793 og eða 1794 skipti alveg um fólk hér í Staðarhúsum ytri. Brandur Jónsson dó en Illugi fór að Laugum. Tvíbýli hélst þó áfram því hingað komu Jósep Torfason og kona hans, Halldóra Guðmundsdóttir, sem verið höfðu í Staðarhúsum fremri síðustu árin, og líka hjónin Kristófer Kolbeinsson og Ásdís Hákonardóttir sem áður bjuggu á Gelti.<sup>2551</sup> Jósep var kominn að fótum fram er hann fluttist hingað og dó fyrir lok ársins 1794 (sjá hér bls. 244-245) en ekkja hans lafði hér fram yfir aldamót.<sup>2552</sup> Árið 1795 var sonur hennar, Guðmundur Jósepsson, búsettur hjá móður sinni, þá liðlega þrítugur að aldri.<sup>2553</sup>

Árið 1797 stóð Halldóra Guðmundsdóttir ekkja Jóseps, enn fyrir búi hér í hjáleigunni en þá var hún komin talsvert á sjötugsaldur.<sup>2554</sup> Fjórum árum síðar virðist hún hins vegar vera orðin vinnukona hjá Kristófer

<sup>2539</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2540</sup> Sama heimild.

<sup>2541</sup> Ísl. æviskrár III, 262.

<sup>2542</sup> Manntal 1801, vesturamt, bls. 304.

<sup>2543</sup> Manntal 1845, vesturamt, bls. 210-211.

<sup>2544</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2545</sup> Sama heimild.

<sup>2546</sup> Sama heimild.

<sup>2547</sup> Sama heimild.

<sup>2548</sup> Sama heimild.

<sup>2549</sup> Sama heimild.

<sup>2550</sup> Sama heimild.

<sup>2551</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2552</sup> Sama heimild. Manntal 1801, vesturamt, bls. 305.

<sup>2553</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2554</sup> Sama heimild.

Kolbeinssyni hér í Staðarhúsum<sup>2555</sup> og þær mæðgur báðar, hún og Guðrún Jósepsdóttir, önnur 69 ára en hin liðlega þrítug.<sup>2556</sup>

Kristófer Kolbeinsson, sem bjó hér á síðustu árum 18. aldar, hafði áður búið á Gelti (sjá hér Göltur) en fluttust hingað eins og fyrr var getið árið 1793 eða 1794 ásamt konu sinni, Ásdís Hákonardóttur, og þau voru hér enn árið 1811.<sup>2557</sup> Þau munu því hafa hokrað hér í um það bil 20 ár, fyrst í tvíþýli og síðast í einhvers konar húsmennsku.

Svo virðist sem Kristófer hafi stundum verið dálítið erfiður yfirvöldunum, a.m.k. meðan hann bjó á Gelti en þar var hann 1785 og hafði part úr jörðinni til ábúðar. Þegar séra Jón Ásgeirsson, prófastur á Söndum í Dýrafirði, vísiteraði á Stað haustið 1785 greindi prestur Súgfirðinga honum frá því að Kristófer hefði hvorki með *blíðu né stríðu* fengist til að greiða lögboðna tíund af ábyli sínu.<sup>2558</sup> Gegn þessari uppreisn taldi prófastur rétt að beita því straffi sem lög gerðu ráð fyrir<sup>2559</sup> og mun það að líkindum hafa dugað til að bæla uppreisnarhug kotbóndans. Fáum mánuðum síðar húsvitjaði sóknarpresturinn hjá Kristófer og bókar þá að hann hegði sér *sæmilega* en kristindómsþekking hans sé *ei sem best*.<sup>2560</sup>

Árið 1801 var Kristófer orðinn 54 ára gamall en Ásdís kona hans stóð þá á sextugu.<sup>2561</sup> Þau höfðu þá verið hér í Staðarhúsum ytri í sjö eða átta ár og taldist Kristófer vera búandi maður.<sup>2562</sup> Fardagaárið 1800-1801 voru þau með átta manna heimili<sup>2563</sup> og í þeim hópi vinnukonurnar tvær, sem hér voru áður nefndar, mæðgurnar Halldóra Guðmundsdóttir og Guðrún Jósepsdóttir. Aðrir heimilismenn voru þá Nikulás, sonur hjónanna, sem var þrítugur að aldri, Guðrún Nathanaelsdóttir, sem var systurdóttir húsfreyju, 10 ára, og svo tveir sveitarómagar.<sup>2564</sup> Annar þeirra var 75 ára kerling, Guðrún Jónsdóttir að nafni, en hinn var drengurinn Sigurður Þuríðarson,<sup>2565</sup> sem hér er getið um á öðrum stað (sjá hér bls. 245-247), og var hann þriggja ára.<sup>2566</sup>

Árið 1805 var bústofn Kristófers í Staðarhúsum ein kýr og tólf ær.<sup>2567</sup> Sex árum síðar hárðust þau hér enn, Kristófer og eiginkona hans og tökupilturinn, Sigurður Þuríðarson, sem orðinn var 14 ára.<sup>2568</sup> Í sóknarmannatali frá árinu 1811 er Kristófer sagður vera *karl í kofa*<sup>2569</sup> hér í Staðarhúsum ytri sem sýnir að hann hefur ekki flust inn í bæ bóndans sem

<sup>2555</sup> Manntal 1801.

<sup>2556</sup> Sama heimild.

<sup>2557</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2558</sup> Skj.s. próf. XIII. 1. A. 1. Vísitazíubók 1782-1789. Staður í Súgandaf. 13.9.1785.

<sup>2559</sup> Sama heimild.

<sup>2560</sup> Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. janúar 1786.

<sup>2561</sup> Manntal 1801, vesturamt, bls. 304-305.

<sup>2562</sup> Sama heimild.

<sup>2563</sup> Sama heimild.

<sup>2564</sup> Sama heimild.

<sup>2565</sup> Manntal 1801, vesturamt, bls. 304-305.

<sup>2566</sup> Sama heimild.

<sup>2567</sup> Rtk. Jarðabækur V. 16. Ísafj.sýsla 1805.

<sup>2568</sup> Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. mars 1811.

<sup>2569</sup> Sama heimild.

þá hafði fyrir nokkru hafið búskap í þessari sömu hjáleigu.<sup>2570</sup> Sá maður var Bergur Jónsson en hann átti hér langa framtíð fyrir höndum og mun hafa búið lengur en nokkur annar í þessari gömlu hjáleigu frá Stað.

Bergur fæddist á Gelti árið 1775 eða því sem næst.<sup>2571</sup> Hann var sonur Kristínar Bergsdóttur, húsfreyju þar, og fyrri eiginmanns hennar, sem Jón hét,<sup>2572</sup> en ekki liggur á lausu hvers son sá maður var. Faðir Bergs mun hafa andast eigi síðar en 1783 því í janúarmánuði árið 1786 var móðir hans gift öðrum manni og þá var elsta barn þeirra orðið eins árs gamalt.<sup>2573</sup> Þau bjuggu þá á Gelti en þessi seinni maður Kristínar og stjúpaðir Bergs hét Þorkell Jónsson.<sup>2574</sup> Bergur var þá á Gelti hjá móður sinni og stjúpa, sagður 10 ára gamall, og þar voru líka bræður hans Hákon Jónsson 6 ára og Jón Jónsson 4 ára og svo hálf systir hans, Kristín Þorkelsdóttir, sögð eins árs.<sup>2575</sup> Fáum árum síðar fluttust þau Þorkell og Kristín að Norðureyri og þar fjölgaði börnunum.<sup>2576</sup> Eitt þessara hálf systkina Bergs í Staðarhúsum var Þorleifur Þorkelsson, bóndi á Suðureyri (sjá hér Suðureyri), en hann fæddist á Norðureyri árið 1795.

Sumarið 1800 fórust þeir báðir í hákarlalegu, Hákon bróðir Bergs og Þorkell stjúpaðir þeirra, en skyndilegur lasleiki, sem leið fljótt hjá, varð til þess að Bergur náði ekki að mæta til skips þegar lagt var upp í þá feigðarför (sjá hér Norðureyri). Næstu árin var Bergur áfram á Norðureyri hjá móður sinni sem nú var orðin ekkja í annað sinn.<sup>2577</sup> Hann kvæntist 8. nóvember 1801 og gekk að eiga Guðrúnu Jónsdóttur en bæði áttu þá heima á Norðureyri.<sup>2578</sup> Hún var lítið eitt eldri en Bergur, sögð 28 ára við hjónavígsluna, og var fædd á Veðrará í Önundarfirði.<sup>2579</sup> Móðir Guðrúnar hét Hallbera Bjarnadóttir og var fædd á Vöðlum í Önundarfirði árið 1737 eða því sem næst.<sup>2580</sup> Um föður stúlkunnar sem Bergur kvæntist er ekki kunnugt en stjúpaðir hennar hét Jón Þorleifsson.<sup>2581</sup>

Í marsmánuði árið 1806 voru Bergur og Guðrún enn á Norðureyri ef marka má sóknarmannatal.<sup>2582</sup> Er prestur bókar fæðingu Hallberu, dóttur þeirra, sem fæddist 16. mars 1806, bregður hins vegar svo undarlega við að hann segir barnið vera fætt í Vatnadal.<sup>2583</sup> Hugsanlegt er að þetta séu hrein pennaglöp hjá klerki, enda er sama barn sagt vera fætt á Norðureyri í manntalinu frá 1816.<sup>2584</sup> Hitt gæti þó líka verið að Bergur og fjölskylda

<sup>2570</sup> Sóknarm.tal Staðar í Ségandaf. mars 1811.

<sup>2571</sup> Sóknarm.tal Staðar í Ségandaf. janúar 1786. Manntal 1816, bls. 697.

<sup>2572</sup> Sóknarm.tal Staðar í Ségandaf. janúar 1786. Kristján G. Þorvaldsson 1983, 130 (Ársrit S.Í.).

<sup>2573</sup> Sóknarm.tal Staðar í Ségandaf. janúar 1786.

<sup>2574</sup> Sama heimild. Kristján G. Þorvaldsson 1983, 130.

<sup>2575</sup> Sömu heimildir.

<sup>2576</sup> Manntal 1801, vesturamt, bls. 301.

<sup>2577</sup> Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Ségandaf.

<sup>2578</sup> Prestsþj.b. Staðar í Ségandaf.

<sup>2579</sup> Sama heimild og sóknarm.tal Staðar í Ségandaf. mars 1838.

<sup>2580</sup> Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar. Manntal 1816, bls. 697.

<sup>2581</sup> Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

<sup>2582</sup> Sóknarm.töl Staðar í Ségandaf.

<sup>2583</sup> Prestsþj.b. Staðar í Ségandaf.

<sup>2584</sup> Manntal 1816, 697.

hans hafi flust frá Norðureyri að Vatnadal vorið 1806 og prestur ekki fært barnsfæðinguna til bókar fyrr en komið var fram á sumar og búferlaflutningar um garð gengnir. Aftur á móti fær tæplega staðist að fólkið hafi flust búferlum í marsmánuði og átt heima á Norðureyri þann 1. mars en í Vatnadal 16. sama mánaðar. Óvíst verður að telja hvort Bergur Jónsson og fjölskylda hans munu nokkru sinni hafa verið búsett í Vatnadal en hafi þau hafst þar við þá hefur það aðeins verið í eitt ár því hingað, að Staðarhúsum ytri, komu þau eigi síðar en vorið 1807. Að svo hafi verið sést á því að hér átti Bergur heima þegar Sigurborg dóttir hans fæddist í aprílmánuði árið 1808<sup>2585</sup> en búferlaflutningar áttu sér jafnan stað í fardögum, ár hvert, það er að segja í byrjun júní.

Dótturina Sigurborgu, sem hér var nefnd, eignaðist Bergur Jónsson fram hjá konu sinni með Bergljótu Össurardóttur, 17 ára gamalli yngismey í Bæ.<sup>2586</sup> Fyrir þetta barneignarbrot var honum gert að greiða 11 ríkisdali í sekt og var sá úrskurður sýslumanns kveðinn upp á manntalsþingi á Suðureyri 18. júní 1808.<sup>2587</sup> Bergljót giftist síðar Magnúsi Guðmundssyni og varð húsfreyja í Bæ.<sup>2588</sup> Liðlega fertug varð hún ekkja en bjó áfram í Bæ<sup>2589</sup> og þótti hinn mesti kvenskörungur.<sup>2590</sup> Frá henni segir hér nokkru nánar á öðrum stað (sjá hér Bær). Frá Sigurborgu, dóttur þeirra Bergljótar í Bæ og hjáleigubóndans í Staðarhúsum, er líka sagt lítið eitt á öðrum stað í þessu riti (sjá hér Norðureyri og Göltur) en þess skal getið strax að hún náði að verða 97 ára gömul. Sigurborg var enn á lífi þegar 20. öldin gekk í garð og átti þá þegar mikinn fjölda niðja.<sup>2591</sup>

Árið 1811 bjuggu þau Bergur Jónsson og Guðrún kona hans hér í Staðarhúsum ytri með börn sín þrjú og höfðu eina vinnukonu.<sup>2592</sup> Móðir Guðrúnar og stjúpfaðir, þau Jón Þorleifsson og Hallbera Bjarnadóttir, voru þá líka hér og töldust vera húsfólk.<sup>2593</sup> Þriðju hjónin, sem þá áttu heima í þessari hjáleigu, voru svo Kristófer Kolbeinsson og Ásdís Hákonardóttir, sem hér hefur áður verið sagt frá, en þau bjuggu alveg sér í sínum kofa.

Hallbera gamla Bjarnadóttir mun hafa dvalist hér í allmörg ár hjá dóttur sinni og átti heima í Staðarhúsum þegar hún andaðist á níraðisaldri 3. nóvember 1820.<sup>2594</sup> Jón Þorleifsson, eiginmaður hennar, sem fæddur var á Hóli í Önundarfirði árið 1746, mun hins vegar hafa flust til Önundarfjarðar á árunum 1811-1816 og dó þar, niðursetningur í Ytri-Hjarðardal, árið 1819.<sup>2595</sup>

<sup>2585</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2586</sup> Sama heimild og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2587</sup> Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. IV. 5. Dóma- og þingbók 1805-1817, 49.

<sup>2588</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2589</sup> Sama heimild.

<sup>2590</sup> Kristján G. Þorvaldsson 1983, 132-133 (Ársrit S.Í.).

<sup>2591</sup> Sóknarm.töl og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2592</sup> Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. mars 1811.

<sup>2593</sup> Sama heimild. Sbr. Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

<sup>2594</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf. Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar. Manntal 1816, vesturamt, bls. 697.

<sup>2595</sup> Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

Í manntalinu frá 1816 er Bergur Jónsson sagður vera bóndi á Stað<sup>2596</sup> og hinu sama bregður fyrir í sóknarmannatölum frá árunum kringum 1820.<sup>2597</sup> Fullvíst er þó að þar er aðeins um að ræða ónákvæmni við skráningu og að Bergur bjó á þeim árum í Staðarhúsum ytri eins og bæði áður og síðar. Á þessum árum var hann oft vottur við barnsskírni og hjónavígslur eins og sjá má í prestsþjónustubókinni og þar er hann ætíð sagður vera bóndi í Staðarhúsum eða Staðarkoti.<sup>2598</sup> Hjáleigan var hins vegar í landi Staðar og mátti því til sanns vegar færa að bóndinn þar byggi á Stað.

Þess var áður getið að Bergur Jónsson hefði hafið búskap í Staðarhúsum ytri árið 1806 eða 1807 og héðan fór hann ekki fyrr en vorið 1845.<sup>2599</sup> Árin hans í hjáleigunni urðu því 38 eða 39. Allan þann tíma taldist hann vera bóndi nema síðasta árið en þá var hann húsmáður.<sup>2600</sup>

Hjónin Bergur og Guðrún í Staðarhúsum eignuðust nokkur börn. Elstur þeirra var sonurinn Hákon, fæddur á Norðureyri, en dætur þeirra þrjár hétu Hallbera, María og Kristín.<sup>2601</sup> Öll munu þau hafa komist upp en virðast hafa verið farin úr Súgandafirði þegar faðir þeirra hætti búskap<sup>2602</sup> (sbr. hér Norðureyri).

Á þeim árum sem Bergur Jónsson bjó í Staðarhúsum var hann jafnan eini bóndinn hér í hjáleigunni en stundum hafðist hér líka við húsfólk.<sup>2603</sup> Á sumt af því hefur áður verið minnst (sjá hér bls. 251-253) en líka má nefna Bjarna Jónsson, sem var hér húsmáður árið 1835 og 1839-1841, þá gamall maður, og ekkjuna Arnfríði Þórðardóttur sem var húskona hjá Bergi á árunum 1834-1836.<sup>2604</sup>

Í búnaðarskýrslu frá árinu 1837 er Bergur sagður hafa 4 jarðarhundruð til ábúðar og hann sagður búa á einum þriðja úr landi Staðar.<sup>2605</sup> Þetta tvennt passar reyndar ekki saman því Staður var talinn 16 hundruð að fornu mati (sjá hér bls. 11) og hafi Bergur búið á 4 hundruðum hefur það aðeins verið einn fjórði partur úr allri jörðinni sem hann hafði til umráða.

Búið hjá Bergi var aldrei stórt en gat stundum talist í meðallagi. Sé litið í búnaðarskýrslur frá árunum 1820-1840 sést að hann var þá oft með 2 kýr.<sup>2606</sup> Árið 1830 var Bergur þó kýrlaus en þá var Hákon sonur hans kominn í bændatölu og taldist eiga einu kúna í Staðarhúsum.<sup>2607</sup> Þá var sauðféð hins vegar allt á nafni Bergs, 36 kindur.<sup>2608</sup> Á árunum 1820-1840 var hann þó yfirleitt með miklu færra fé, 17 kindur 1821, 26 árið 1827 og

<sup>2596</sup> Manntal 1816.

<sup>2597</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2598</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2599</sup> Sama heimild og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2600</sup> Sömu heimildir.

<sup>2601</sup> Manntal 1816, vesturamt, bls. 697.

<sup>2602</sup> Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. Manntal 1845.

<sup>2603</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2604</sup> Sama heimild.

<sup>2605</sup> Skj. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1., búnaðarskýrslur 1837.

<sup>2606</sup> Sama skj.s., búnaðarskýrslur 1821, 1827, 1830, 1834 og 1837. VA III, 408, búnaðarskýrslur 1840.

<sup>2607</sup> Sömu heimildir.

<sup>2608</sup> Sama skj.s., búnaðarskýrslur 1821, 1827, 1830, 1834 og 1837. VA III, 408, búnaðarskýrslur 1840.

18 árið 1834 svo nokkur dæmi séu nefnd en lömb eru þá ekki talin með.<sup>2609</sup> Seinna fækkaði fénu hjá Bergi. Árið 1837 átti hann bara 6 kindur og 9 árið 1840.<sup>2610</sup> Þá var hann orðinn hálfsjötugur. Á þessu skeiði, 1820-1840, átti Bergur í Staðarhúsum alltaf einn hest og fram yfir 1830 átti hann jafnan lítinn bát, tveggja eða þriggja manna far.<sup>2611</sup> Síðustu tíu búskaparárin mun hann hins vegar hafa verið bátlaus.<sup>2612</sup>

Hjá sóknarprestunum á Stað fær þessi bóndi í hjáleigunni yfirleitt heldur góða dóma og má sem dæmi nefna að um 1820 segir séra Eiríkur Vigfússon að Bergur sé *skikkanlegur* og *vel að sér í kristindómsþekkingu*.<sup>2613</sup> Um 1840 var hann gerður að meðhjálpara og hafði það embætti með höndum um okkurt skeið.<sup>2614</sup> Um svipað leyti fékk hann titilinn monsjör hjá séra Andrési Hjaltasyni<sup>2615</sup> en með því hefur prestur líklega viljað votta meðhjálpara sínum sérstaka virðingu því aðrir en hreppstjórar og stórbændur voru sjaldan titlaðir með þessum hætti. Vorið 1842 andaðist Guðrún í Staðarhúsum, eiginkona Bergs bónda,<sup>2616</sup> og fór þá að stytast í búskapnum hjá honum. Vorið 1844 hætti hann að búa en var eitt ár enn í Staðarhúsum, kallaður húsmáður.<sup>2617</sup> Svo hvarf hann á braut vorið 1845.

Þegar Bergur fór frá Staðarhúsum var hann um sjötugt en ekki dauður úr öllum æðum. Hann settist þá að í Bæ, hjá barnsmóður sinni frá fyrri tíð, Bergljótu Össurardóttur sem þar var húsum ráðandi.<sup>2618</sup> Í manntalinu frá 2. nóvember 1845 er hann sagður vera húsmáður í Bæ *í kosti húsmóður*.<sup>2619</sup> Bergljót húsfreyja var þá orðin 55 ára gömul og hafði verið ekkja í 12 ár.<sup>2620</sup> Hún var þá farin að draga saman seglin og er í þessu manntali sögð vera húskona sem lifi *af grasnyt*.<sup>2621</sup>

Ein heimild sýnir að það var ekki fyrir gustukasakir sem hin stórráða húsfreyja í Bæ tók sinn gamla barnsföður til sín þegar makar beggja voru horfnir undir græna torfu. Þessi heimild er manntalið frá 1850 en þar er Bergur sagður vera *fyrirvinna* húsmóður sinnar í Bæ<sup>2622</sup> svo ekki hefur hann verið örvasa.

<sup>2609</sup> Skj. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, búnaðarskýrslur 1821, 1827, 1830, 1834 og 1837. VA III, 408, búnaðarskýrslur 1840.

<sup>2610</sup> Sömu heimildir.

<sup>2611</sup> Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, bún.sk. 1821, 1827, 1830, 1834 og 1837. VA III, 408, bún.sk. 1840.

<sup>2612</sup> Sömu heimildir.

<sup>2613</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2614</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2615</sup> Sama heimild.

<sup>2616</sup> Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

<sup>2617</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2618</sup> Manntal 1845.

<sup>2619</sup> Sama heimild.

<sup>2620</sup> Sama heimild. Vestf. ættir I, 396.

<sup>2621</sup> Sömu heimildir.

<sup>2622</sup> Manntal 1850.

Hjá barnsmóður sinni í Bæ entist karlinn úr hjáleigunni í 12 ár og dó ekki fyrir en 7. október 1857.<sup>2623</sup> Hann mun þá hafa verið 82ja ára gamall (sjá hér bls. 259) en virðist síðustu árin hafa talið sig vera tveimur til þremur árum eldri en hann var.<sup>2624</sup> Frá því hann fór til Bergljótar árið 1845 skildi hann aldrei við hana<sup>2625</sup> og að Bergi látnum lifði hún aðeins í þrjú ár.<sup>2626</sup> Síðustu árin sem bæði lifðu nutu þau þess að hafa á næstu þúfu dótturson sinn, Berg Lárentíusson sem þá var orðinn bóndi í Bæ<sup>2627</sup> (sbr. hér bls. 249-250).

Vorið 1844 fóru Friðrik Benediktsson og Helga Þorsteinsdóttir að búa í Staðarhúsum ytri en Bergur Jónsson hætti.<sup>2628</sup> Þau bjuggu hér í 20 ár, allt til vorsins 1864, og var Friðrik síðasti bóndinn í kotinu.<sup>2629</sup>

Þegar Friðrik Benediktsson byrjaði búskap sinn í Staðarhúsum var hann 29 ára gamall eða því sem næst<sup>2630</sup> og Helga kona hans um það bil tveimur árum yngri.<sup>2631</sup> Friðrik var sonur hjónanna Benedikts Þórðarsonar og Solveigar Halldórsdóttur sem bjuggu um skeið á Blámýrum í Ögursveit.<sup>2632</sup> Föðurfaðir hans var Þórður stúdent í Vigur Ólafsson, sonur Ólafs lögsagnara á Eyri í Seyðisfirði Jónssonar.<sup>2633</sup> Móðurforeldrar Friðriks voru Halldór Eiríksson, bóndi á Látrum í Mjóafirði, og kona hans, Friðgerður Þórarinsdóttir.<sup>2634</sup> Á ungum aldri missti Friðrik föður sinn<sup>2635</sup> en þegar hann var um tíu ára aldur giftist móðir hans séra Eiríki Vigfússyni á Stað í Súgandafirði, sem þá var nýlega orðinn ekkjumaður, en fyrri kona hans var hálf systir þeirrar seinni (sjá hér bls. 121-122).

Með Solveigu móður sinni fluttist Friðrik til Súgandafjarðar og ólst að mestu leyti upp á Stað. Þegar séra Eiríkur Vigfússon andaðist, árið 1838, var þessi stjúpsonur hans kominn yfir tvítugt. Fimm árum síðar voru Friðrik og móðir hans enn á Stað, húsfólk hjá séra Andrési Hjaltasyni.<sup>2636</sup> Vorið 1844 fór Friðrik að búa í Staðarhúsum.<sup>2637</sup> Gamla prestsekkjan, móðir hans, var þá komin á áttæðisaldur en fluttist hingað með syni sínum og dó hér nær ellefu árum síðar.<sup>2638</sup>

Þegar Friðrik byrjaði búskapinn var hann ókvæntur en hafði fest sér bústýru og kvæntist henni haustið 1845.<sup>2639</sup> Kona þessi hét Helga

<sup>2623</sup> Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2624</sup> Manntöl 1850 og 1855.

<sup>2625</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2626</sup> Vestf. ættir I, 396.

<sup>2627</sup> Manntal 1855.

<sup>2628</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2629</sup> Sama heimild.

<sup>2630</sup> Manntal 1816, bls. 722. Manntal 1845, vesturamt, bls. 290.

<sup>2631</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2632</sup> Ól. Þ. Kr. 1945, 148 (Frá ystu nesjum III).

<sup>2633</sup> Sama heimild, 148-152.

<sup>2634</sup> Sama heimild.

<sup>2635</sup> Manntal 1816, bls. 722.

<sup>2636</sup> Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. mars 1843.

<sup>2637</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2638</sup> Sama heimild. Ól. Þ. Kr. 1945, 148.

<sup>2639</sup> Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar. Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

Þorsteinsdóttir og var fædd í Skáladal í Aðalvík árið 1817 eða því sem næst.<sup>2640</sup> Foreldrar hennar hafa að öllum líkindum verið Þorsteinn Jónsson, sem bjó í Skáladal 1815-1821 og 1825-1830, og kona hans, Solveig Jónsdóttir.<sup>2641</sup> Helga hefur þá verið systir Rakelar Þorsteinsdóttur, eiginkonu séra Hjalta Þorlákssonar, en þau áttu heima á Stað á árunum 1830-1838 þegar Hjalti var aðstoðarprestur séra Eiríks Vigfússonar (sjá hér bls. 123-124).

Eins og fyrr var nefnt bjuggu þau Friðrik Benediktsson og Helga kona hans í Staðarhúsum í tuttugu ár, frá 1844 til 1864. Þau eignuðust fimm börn og komust þrjú þeirra upp.<sup>2642</sup> Fjöldi heimilismanna hér í hjáleigunni á búskaparárum Friðriks var yfirleitt á bilinu frá fimm og upp í sjö og árið 1855 voru þeir átta sé ekkjan Solveig Benediktsdóttir, sem var húskona, talin með.<sup>2643</sup> Árið 1850 bjó Friðrik með 2 kýr, 25 sauðkindur og einn hest<sup>2644</sup> en 1860 var búið mun minna eða 1 kýr, 16 sauðkindur og einn hestur.<sup>2645</sup>

Síðustu ár sín í Staðarhúsum bjuggu þau Friðrik og Helga kona hans hér í skjóli séra Arngríms Bjarnasonar á Stað en þegar Kristín Þórarinsdóttir fékk umráð yfir jörðinni varð allt hjáleigufólkið að víkja (sjá hér bls. 215). Vorið 1864 tóku þau Friðrik og Helga saman þjónkur sínar og yfirgáfu kotið sem þau höfðu búið á í tuttugu ár.<sup>2646</sup> Við brottför þeirra fór þessi gamla hjáleiga endanlega í eyði því á þeim árum sem síðan eru liðin hefur enginn maður sest hér að.<sup>2647</sup>

Á árunum 1864-1870 var Friðrik ýmist í Súgandafirði, Önundarfirði eða Bolungavík en frá 1870-1877 var hann yfirleitt vinnumaður hjá Þorbirni Gissurarsyni á Suðureyri.<sup>2648</sup> Eitt árið á því skeiði taldist hann þó vera húsmáður.<sup>2649</sup>

Oft var þröngt í búi hjá fólkinu í Staðarhúsum ytri en líklega hefur það alltaf haft nóg af vatni því hér var að sögn Gvendarbrunnur.<sup>2650</sup> Ofan við túngirðinguna, sem nú ver Staðartúnið, og örskammt frá tóttunum í Staðarhúsum ytri streyma fram kaldar lindir og má ætla að í þær hafi fólkið í hjáleigunni sótt sitt neysluvatn. Ekki er lengur alveg fullvíst hvar á þessu svæði Gvendarbrunnurinn var<sup>2651</sup> en fljótt á litið virðist ein nýnefndra linda vera líklegust. Hún sprettur fram um það bil 50 metrum ofan við túngirðinguna og horft frá tóttunum í Staðarhúsum er það næstysti lækurinn á þessu lindasvæði sem úr henni rennur. Svolítið neðar og alveg

<sup>2640</sup> Manntal 1845, vesturamt, bls. 290. Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. desember 1849.

<sup>2641</sup> Sbr. Kristinn Kristmundsson og Þórleifur Bjarnason 1971, 288.

<sup>2642</sup> Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

<sup>2643</sup> Manntöl 1845, 1850, 1855 og 1860.

<sup>2644</sup> VA III, 412, búnaðarskýrslur 1850.

<sup>2645</sup> VA III, 417, búnaðarskýrslur 1860.

<sup>2646</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2647</sup> Sama heimild.

<sup>2648</sup> Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2649</sup> Sömu heimildir.

<sup>2650</sup> Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 7.7.1995.

<sup>2651</sup> Sama heimild.



rétt ofan við túngirðinguna er lítil tjörn en sá pollur er nútímafyrirbæri, gerður af manna höndum fyrir fáum áratugum.<sup>2652</sup>

Gvendarbrunnar finnast sem kunnugt er víða á landinu og í Staðardal voru þeir a.m.k. tveir því önnur lind, sem er í landi Bæjar, ber einnig þetta nafn (sjá hér Bær). Allir eru Gvendarbrunnarnir tengdir nafni Guðmundar Arasonar, sem biskup var á Hólum á 13. öld og menn kölluðu hinn *góða*, en margir trúðu því að hann hefði vígt þá alla. Í slíkri uppsprettulind þraut sjaldan eða aldrei vatn.

Hér á Stað í Súgandafirði hefur fornri trú á mátt Guðmundar karlsins góða verið sýndur sérstakur sómi um langt skeið og þá á þann hátt að borða jafnan hangikjöt eða annað sérstakt góðmeti á Gvendardag, þann 16. mars,<sup>2653</sup> en það er dánardagur Guðmundar biskups. Doktor Árni Björnsson segir í bók sinni, *Sögu daganna*, að á norðanverðum Vestfjörðum hafi lengi eimt eftir af helgi Gvendardags og nefnir dæmi frá Hornströndum og af Ingjaldssandi.<sup>2654</sup> Annað þessara dæma er frá síðari hluta 19. aldar en hitt frá tveimur fyrstu áratugum 20. aldarinnar.<sup>2655</sup> Í nýnefndri bók er hins vegar ekki greint frá neinum yngri dæmum um þetta og má því teljast í frásögur færandi að heimilisfókið á Stað skuli enn halda við slíkum sið. Fullvíst er að síðustu 50-60 árin hefur jafnan verið haldið upp á Gvendardag á þessum bæ og þá með þeim hætti sem hér var áður nefnt.<sup>2656</sup> Kunnugt er einnig að á árunum milli 1920 og 1940 var þessi sami siður í heiðri hafður í Vatnadal, hér í nágrenni Staðar.<sup>2657</sup> En þar bjuggu þá jafnan nánir ættingjar bóndans sem bjó á Stað frá 1941-1983 og foreldrar hans um skeið.<sup>2658</sup> Líklegt má því telja að þarna sé um óslitinn þráð að ræða hjá ættmönnum bóndans sem nú (1996) býr á Stað og tók við búi af föður sínum árið 1983. Sá þráður kynni að ná langt aftur í aldir þó ekki sé hann sýnilegur.

Vel gæti líka verið að í Staðardal hafi minning Gvendar góða verið í heiðri höfð á hverjum bæ á árunum kringum aldamótin 1900. Sem kunnugt er vígði sá gamli Hólabiskup ekki aðeins brunna heldur líka björg og á hinni varasömu leið fyrir fjallið Spilli, sem Dalmenn urðu jafnan að fara ættu þeir erindi við aðra Súgfirðinga, gat verið betra að hafa Gvend frekar með sér en á móti.

Frá tóttunum í Staðarhúsum ytri horfum við einu sinni enn yfir lindirnar fögru sem tengjast nafni Guðmundar biskups en örkum síðan af stað og tökum stefnu niður á Bakkana, þar sem hjáleigan Bakkakot stóð á árum áður.

Vegalengdin frá bæjarhlaðinu á Stað og niður á Bakkana við sjóinn er varla nema 800 metrar eða svo og héðan frá Hólunum, þar sem áður voru Staðarhús ytri, er hægt að ganga niður á Bakka á tíu mínútum. Leiðin

<sup>2652</sup> Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 7.7.1995.

<sup>2653</sup> Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 7.7.1995.

<sup>2654</sup> Árni Björnsson 1993, 596.

<sup>2655</sup> Sama heimild.

<sup>2656</sup> Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 7.7.1995.

<sup>2657</sup> Guðni Ólafsson. – Viðt. K.Ó. við hann 8.7.1995. Ólafur Veturliðason. Viðt. K.Ó. við hann 11.2.1996.

<sup>2658</sup> Prestsþj. b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

liggur um Móana er svo heita.<sup>2659</sup> Á Bökkunum er nú ræktað tún. Á leið okkar niður Móana sjáum við Staðará til hægri handar. Lægðin meðfram ánni heitir **Árdalir**<sup>2660</sup> en Móarnir og Bakkarnir liggja talsvert hærra.

Ekki er nú vitað með fullri vissu hvar á Bökkunum hjáleigan Bakkakot stóð en líklegast er að henni hafi verið fundinn staður þar sem fjárhús voru síðar, á bakkabrúninni, örskammt frá sjó og aðeins fáum metrum vestan við brún Árdalanna (sjá hér bls. 241-242). Neðan við Bakkatúnið er Keravík en hún er fyrsta víkin sem komið er að sé gengið frá Áros í áttina út á Sauðanes. Vegna nálægðar við Keravík var kotið hér á Bökkunum stundum nefnt Keravíkurbær en einnig Keravíkurbakkar eða bara Bakkar (sjá hér bls. 241-242). Elsta nafnið sem um er kunnugt er þó Bakkakot en svo nefnir prestur kot þetta árið 1793.<sup>2661</sup> Í marsmánuði á því ári áttu hér heima hjónin Þórður Jónsson og Margrét Hákonardóttir<sup>2662</sup> en ekki er kunnugt um að fólk hafi áður sest að hér á Bökkunum vestan við ós Staðarár. Vel gæti það þó hafa skeð því sóknarmannatöl Staðarprestakalls í Súgandafirði ná aðeins aftur til ársins 1786.

Þau Þórður og Margrét höfðust hér aðeins við í örfá ár eða máské bara í fáeina mánuði því þau voru ekki komin hingað í apríl 1791 og í marsmánuði árið 1795 voru þau farin héðan og komin í aðra hjáleigu í landi Staðar, Staðarhús fremri.<sup>2663</sup> Veturinn 1792-1793 voru hjón þessi hins vegar hér í Bakkakoti með börn sín þrjú, Guðrúnu 15 ára, Hákon 13 ára og Árna 1 árs.<sup>2664</sup> Seinna bjuggu Þórður og Margrét um tíma á sjálfri heimajörðinni á Stað og höfðu hana alla til ábúðar í eitt ár þegar prestlaust var (sjá hér bls. 115 og bls. 202-203). Þau voru líka um skeið við búskap í Keflavík norðan Galtar (sjá hér Keflavík). Þann 1. febrúar 1801 voru þau á Stað með börnin, sem hér voru áður nefnd, og sonarson sinn, Þorstein Hákonarson, er þá var sagður eins árs.<sup>2665</sup> Fimmtán árum síðar var enginn af því fólki enn í Súgandafirði,<sup>2666</sup> nema ef vera kynni í kirkjugarðinum, en annar sonarsonur Þórðar Jónssonar og Margrétar konu hans var þá hjá móður sinni í Bæ, Þórður Hákonarson sem þá var átta ára gamall.<sup>2667</sup>

Í marsmánuði árið 1795 bjó enginn í Bakkakoti og ekki heldur í apríl árið 1797 en á fyrstu mánuðum ársins 1801 bjuggu hér hjónin Bjarni Jónsson og Ingibjörg Bjarnadóttir með börn sín tvö, Eirík 6 ára og Oddhildi sem var eins árs.<sup>2668</sup> Þannig er aldur barnanna skráður í sóknarmannatali frá mars 1801 og þar eru þau Bjarni og Ingibjörg bæði sögð vera 40 ára.<sup>2669</sup> Í aðalmanntalinu frá 1801, þar sem miðað er við

<sup>2659</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 67.

<sup>2660</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 67.

<sup>2661</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2662</sup> Sama heimild.

<sup>2663</sup> Sama heimild.

<sup>2664</sup> Sama heimild.

<sup>2665</sup> Manntal 1801.

<sup>2666</sup> Manntal 1816.

<sup>2667</sup> Sama heimild, 698. Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2668</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2669</sup> Sama heimild.

búsetu 1. febrúar þetta sama ár, er Bjarni hins vegar sagður 24 ára, Ingibjörg 37 ára, Eiríkur 8 ára og Oddhildur 5 ára.<sup>2670</sup> Í heimildum frá þessum tíma gætir oft umtalsverðrar ónákvæmni hvað varðar aldur fólks en svo herfilegur ruglingur sem þarna blasir við er þó sem betur fer fátíður. Ekki er nú unnt að fullyrða neitt um það hvort aldur Bakkafólksins sé gefinn upp nær réttu lagi í sóknarmannatalinu frá 1801 eða í aðalmanntalinu frá sama ári. Eitt bendir þó til þess að fremur beri að taka sóknarmannatalið alvarlega hvað þetta varðar en það er að í öðru sóknarmannatali frá árinu 1817 er Oddhildur Bjarnadóttir, sem þá var vinnustúlka á Suðureyri, sögð vera 17 ára.<sup>2671</sup> Ætla verður að þetta sé sama stúlkan og líklega er það Eiríkur bróðir hennar sem þá var vinnupiltur í Bæ, sagður 19 ára.

Í báðum heimildunum frá árinu 1801, sem hér var vitnað til, er kot þetta í landi Staðar nefnt Bakkar og í manntalinu er þess getið að Bjarni bóndi sé seinni eiginmaður Ingibjargar húsfreyju.<sup>2672</sup>

Stutt varð í dvöl þessara hjóna hér á Bökkum því á útmánuðum ársins 1802 voru þau komin í búð á Suðureyri<sup>2673</sup> og hafa þá fengið inni í verbúð á Suðureyrarmölum. Bjarni Jónsson og fjölskylda hans eru reyndar eina fólkið sem um er kunnugt að skráð hafi verið til heimilis á Suðureyrarmölum á fyrri tíð (sjá hér Suðureyri), löngu áður en þorpsmyndun hófst þar á Mölunum. Í verbúðinni munu Bjarni og hans fólk þó aðeins hafa hafst við skamma hríð og hingað á Bakkana kom enginn þegar Bjarni fór.

Frá 1801 til 1857 var aldrei búið á Bökkunum en vorið 1858 settust hér að hjónin Ari Sigurðsson og Elísabet Guðmundsdóttir.<sup>2674</sup> Þau voru þá bæði innan við þrítugt og komu hingað frá Botni en þar bjuggu þau í tvíbylí fardagaárið 1857-1858.<sup>2675</sup> Ari var fæddur í Ytri-Vatnadal 16. júlí 1830, sonur hjónanna Sigurðar Bjarnasonar og Guðnýjar Nikulásdóttur sem þá bjuggu þar<sup>2676</sup> en þau hófu búskap á Norðureyri árið 1838, fyrst manna eftir snjóflóðið sem þar olli miklum mannskaða árið 1836 (sjá hér Norðureyri). Ari ólst upp á Norðureyri og kvæntist haustið 1851 Guðfinnu Þorgilsdóttur sem þá var þar vinnukona.<sup>2677</sup> Hann var þá 21 árs en hún að verða 45 ára, fædd í nóvember 1806.<sup>2678</sup> Þetta hjónaband stóð stutt því Guðfinna andaðist 74 dögum eftir brúðkaupið.<sup>2679</sup> Hún var dóttir Þorgils Erlingssonar, bónda í Bæ, og konu hans, Solveigar Gísladóttur.<sup>2680</sup>

<sup>2670</sup> Manntal 1801, vesturamt, bls. 305.

<sup>2671</sup> Manntal 1816, bls. 698.

<sup>2672</sup> Manntal 1801. Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. mars 1801.

<sup>2673</sup> Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. mars 1802.

<sup>2674</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2675</sup> Sama heimild.

<sup>2676</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2677</sup> Sama heimild og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2678</sup> Sömu heimildir.

<sup>2679</sup> Sömu heimildir.

<sup>2680</sup> Sömu heimildir. Manntal 1816, bls. 698.

Haustið 1853 kvæntist Ari í annað sinn og gekk þá að eiga stúlkuna Elísabet Guðmundsdóttur sem fæddist 29. janúar 1829 á Hóli á Hvilftarströnd í Önundarfirði.<sup>2681</sup> Foreldrar Elísabetar voru hjónin Guðmundur Pálsson og Halldóra Guðmundsdóttir sem bjuggu á Hóli.<sup>2682</sup> Árið 1852 fluttist þessi unga stúlka frá Hvilft í Önundarfirði að Vatnadal í Súgandafirði<sup>2683</sup> til systur sinnar og mágs, þeirra Arnfríðar Guðmundsdóttur og Friðberts Guðmundssonar, en þau voru þá að hefja búskap í Vatnadal (sjá hér Fremri-Vatnadalur). Nokkur systkini Elísabetar fluttust til Súgandafjarðar og áttu hér heima um lengri eða skemmri tíma. Auk Arnfríðar má nefna Helgu, sem gift var Andrésí Sakaríassyni í Lækjarhúsum (sjá hér bls. 251-252), Jóhönnu, móður Halldóru Þórðardóttur, húsfreyju á Gilsbrekku (sjá hér Gilsbrekka) og Guðmund sem bjó í Bæ og á Þverá (sjá hér Bær og Þverá þar). Í Vatnadal var Elísabet aðeins í eitt ár því þegar hún giftist Ara haustið 1853 var hún komin að Norðureyri.<sup>2684</sup>

Fyrstu hjónabandsárin héldu þau Ari og Elísabet kyrru fyrir á Norðureyri og voru síðan eitt ár í Botni en fluttust hingað á Bakkana vorið 1858 og höfðust hér við næstu þrjú árin.<sup>2685</sup> Kotið þeirra nefnir séra Arngrímur, sem þá var prestur á Stað, ýmist Keravíkurbæ eða Keravíkurbakka.<sup>2686</sup> Í búnaðarskýrslu frá árinu 1860 er Ari ekki flokkaður með bændum en fyllir þar flokk hinna búlausu.<sup>2687</sup> Hann var þó með 1 kú, 10 ær, 1 gemling og 1 hest, ef marka má þessa sömu skýrslu, og átti lítinn bát sem var tveggja eða þriggja manna far.<sup>2688</sup>

Þau Ari og Elísabet munu hafa eignast þrjú börn en tvö þeirra dóu á fyrsta ári.<sup>2689</sup> Eina barn þeirra, sem hér komst á legg, var sonurinn Finnbogi en hjá þeim dvöldust líka í Keravíkurbæ báðir foreldrar Ara sem þá voru um sextugt.<sup>2690</sup> Allt fluttist þetta fólk héðan norður að Meiri-Bakka í Skálavík vorið 1861 og er Ari þá sagður vera *búandi húsmadur*.<sup>2691</sup>

Engin gæfa beið fólksins úr Keravíkurbæ í Skálavík. Áður en þrjú ár voru liðin frá því þau fluttust þangað andaðist Elísabet húsfreyja. Hún dó 21. janúar 1864, þá húsfreyja á Meiri-Bakka í Skálavík.<sup>2692</sup> Séra Hálfðan Einarsson, prestur á Eyri í Skutulsfirði, segir að hún hafi líklega dáðið úr taugaveiki, sem margir á heimilinu hafi veikst af, og tekur fram, er hann skráir andlátíð, að þetta hafi verið *væn kona*.<sup>2693</sup> Hún var 35 ára.

<sup>2681</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf. Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

<sup>2682</sup> Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

<sup>2683</sup> Sama heimild.

<sup>2684</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2685</sup> Sama heimild og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2686</sup> Sömu heimildir.

<sup>2687</sup> VA III, 417, búnaðarskýrslur 1860.

<sup>2688</sup> Sama heimild.

<sup>2689</sup> Ól. Þ. Kr. 1953, 153-154 (Frá ystu nesjum VI).

<sup>2690</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. Manntal 1860.

<sup>2691</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2692</sup> Prestsþj.b. Eyrar í Skutulsf.

<sup>2693</sup> Sama heimild.

Ari Sigurðsson frá Norðureyri, sem búið hafði í þrjú ár á Keravíkurbökkum, var nú orðinn ekkjumaður og beið örlaga sinna í Skálavík. Við lok ársins 1866 var hann vinnumaður hjá Þorláki bónda Einarssyni á Meiri-Bakka og með honum druknaði Ari 25. mars árið 1867, 36 ára gamall.<sup>2694</sup>

Fáum mánuðum fyrir sitt endadægur hafði hann misst einkabarn sitt, Finnboga Arason, sem dó 3. nóvember 1866 á 13. ári.<sup>2695</sup> Steinn Emilsson, sem var kennari og skólastjóri í Bolungavík frá 1928 til 1953, heyrði gamalt fólk segja frá því að piltur þessi hefði verið *óvenjulega vel gefið barn* og talinn hagamæltur.<sup>2696</sup> Eina stuðlaða gátu í átján vísuorðum var Steini sagt að drengurinn Finnbogi hefði ort og er um tóbakspontu. Sá kveðskapur er birtur í sjötta bindi ritsins *Frá ystu nesjum*.<sup>2697</sup>

Við brottför Ara og Elísabetar konu hans frá Keravíkurbæ vorið 1861 komu hingað hjónin Friðrik Axel Axelsson og Helga Guðmundsdóttir.<sup>2698</sup> Þau höfðust hér við í þrjú ár, 1861-1864, og síðasta árið á því skeiði voru hér einnig í húsmennsku hjónin Gunnar Bjarnason og Ingibjörg Ebenzersdóttir<sup>2699</sup> en þau höfðu áður verið stuttan tíma í húsmennsku í Keflavík hér í Suðureyrarhreppi (sjá hér Keflavík). Þau Friðrik Axel og Helga voru hér með fjögur börn sín á ungum aldri en hjón þessi bjuggu síðar allengi í Keflavík þar sem Galtarviti stendur nú og verður nánar frá þeim sagt er við komum þangað (sjá hér Keflavík). Þess skal þó getið strax að vorið 1863 átti Friðrik Axel bara 4 ær og voru þær allur hans bústofn því engin var þá kýrin á Keravíkurbökkum.<sup>2700</sup> Tómhúsmaður þessi átti hins vegar lítinn bát, líklega tveggja manna far,<sup>2701</sup> og á honum mun hann hafa róið til fiskjar frá Keravík að fá í soðið fyrir sína svöngu munna. Við brottför Friðriks Axels fór kotið hér á Bökkunum endanlega í eyði.<sup>2702</sup>

Engar tóttir frá dögum Ara Sigurðssonar og Friðriks Axels eru nú sjáanlegar á Bökkunum, enda búið að slétta hér allt fyrir löngu og komið stórt tún. Hitt getur verið að það sé nafn Ara Sigurðssonar sem geymist í örnefninu **Aralág** en svo heitir lægð ein hér rétt hjá.<sup>2703</sup> Gömul rétt blasir hér við augum nálægt bakkabrúninni ofan við Keravík. Sagt er að hún hafi verið byggð upp úr gömlum fjárhúsum á fyrstu árum tuttugustu aldar en fallið úr notkun um 1955.<sup>2704</sup> Örskammt frá réttarveggnum fellur lækur til sjávar. Þetta er bæjarlækurinn á Stað og var honum veitt hingað um 1960 en áður rann hann í sínum upphaflega farvegi mjög skammt frá

<sup>2694</sup> Ól. Þ. Kr. 1953, 153-154.

<sup>2695</sup> Sama heimild.

<sup>2696</sup> Sama heimild.

<sup>2697</sup> Ól. Þ. Kr. 1953, 153-154 (Frá ystu nesjum VI).

<sup>2698</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2699</sup> Sama heimild.

<sup>2700</sup> VA III, 418, búnaðarskýrslur 1863.

<sup>2701</sup> Sama heimild.

<sup>2702</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2703</sup> Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 7.7.1995.

<sup>2704</sup> Þórður Ágúst Ólafsson. Minnisblöð hans frá árinu 1980 um örnefni í Staðardal, ljósrit í eigu K.Ó.

Þjóðveginum þar sem vegurinn liggur frá Árdölunum upp á Móana.<sup>2705</sup> Aralág er lægðin sem lækurinn fellur nú um og blasir við augum af réttarveggnum.

Ari Sigurðsson og Elísabet Guðmundsdóttir settust hér að vorið 1858 eins og áður var frá greint. Líklegast er að þau hafi þá reist sér kot upp úr tóttunum af fjárhúsi séra Andrésar Hjaltasonar er hann lét reisa hér niður frá á árunum um eða upp úr 1840 (sjá hér bls. 200-201). Séra Arngrímur Bjarnason, sem sat að búi á Stað frá 1851-1863, virðist ekki hafa notað þetta hús (sjá hér bls. 201) en hugsanlegt er að það hafi hangið uppi vorið 1858 og þau Ari og Elísabet aðeins þurft að lagfæra það til að geta flutt inn.

Hér hefur áður verið minnst á hlöðu og sjávarhús, sem Kristín Þórarinsdóttir kom upp hér á Bökkunum á sínum búskaparárum á Stað, árunum 1863-1883, og einnig verið getið um húsin sem Jón Ólafsson, bóndi á Stað, lét reisa skömmu eftir 1883 (sjá hér bls. 201).

Valdimar Þorvaldsson lýsir þeim mun nánar í ritgerð sinni um torfbæina í Súgandafirði á árunum kringum aldamótin 1900 og útihúsin sem þeim fylgdu. Hann segir þar að um 1890 hafi verið hér á Bökkunum tvö fjárhús, fyrir 30 fjár hvort, hlaða og hrútakofi.<sup>2706</sup> Neðan við Bakkana voru svo, að sögn Valdimars, *tíu smáhús* og kindur í þeim öllum nema einu.<sup>2707</sup> Um þessi *smáhús* kemst Valdimar svo að orði:

*Í öllum þessum var jatan með öðrum veggnum og í þeim voru 10-15 kindur nema í einu sem hafði jötur með báðum hliðum. Í því voru 20 kindur. ... Heyið var allt uppi á Bökkum, í hlöðunni, og svo voru um 10 smáhey, um 30 hesta, á dreif um Bakkatúnið, vel umbúin og stóðu oft 6 eða 7 eftir óhreyfð að vorinu.<sup>2708</sup>*

Líklegt er að Valdimar greini hér rétt frá í aðalatriðum því hann sá þetta allt með eigin augum á sínum unglingsárum. Sjálfsagt er þó að hafa á nokkurn fyrirvara hvað varðar stærð húsanna, sem eftir lýsingu hans áttu að geta hýst 160-200 sauðkindur, öll til samans. Líkur benda til að þær tölur séu of háar því ef marka má framtalsskýrslur voru aðeins 130 sauðkindur á Stað árið 1891 og 147 árið 1895.<sup>2709</sup> Þann mismun látum við þó liggja milli hluta en fetum okkur nú þegar þessi fáu skref af bakkabrúninni niður í Keravík þar sem bátum Staðarmanna var áður ýtt á flot og síðan lent þegar komið var úr róðri.

<sup>2705</sup> Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 7.7.1995.

<sup>2706</sup> Lbs. 4410<sup>4to</sup>, Valdimar Þorvaldsson, bls. 34.

<sup>2707</sup> Sama heimild.

<sup>2708</sup> Sama heimild.

<sup>2709</sup> Skjöl Suðureyrarhrepps, varðveitt þar. *Bók fyrir Suðureyrarhrepp* 1888-1902. Skýrsla um framtal til lausafjártúndar 23.6.1891 og 22.6.1895..

Frá Keravík munu Staðarmenn að líkindum hafa róið til fiskjar allt frá landnámstíð og hér höfðu þeir jafnan uppsátur fyrir báta sína. Á síðari hluta 19. aldar voru hér alloft einn eða fleiri bátar úr Önundarfirði við róðra á vorin og stundum áttu Vatnadalsbændur verbúð í Keravík.<sup>2710</sup> Yfirleitt munu þeir þó hafa róið frá Stöðinni eða frá Árósi<sup>2711</sup> en þær lendingar eru báðar nokkru innar (sjá hér Bær). Vegalengdin frá Árósi, þar sem Staðará fellur til sjávar, og út í Keravík er varla nema 200 metrar eða svo og aðeins lítið eitt lengra frá ósnum og inn að Stöð sem er í landi Bæjar (sjá hér Bær).

Keravík dregur nafn af **Keranum** sem er allstór klettur hér skammt undan landi. Á háfjöru sést að Kerinn er innst í víkinni en sé horft yfir hana frá vissu sjónarhorni á flæðinni virðist þessi sami klettur vera fyrir miðri vík.<sup>2712</sup> Aðeins utar með ströndinni og nær landi stendur annar klettur upp úr sjó og heitir hann **Ytrikeri**.<sup>2713</sup>

Kristján G. Þorvaldsson, sem mest hefur ritað um örnefni í Súgandafirði, segir að eitthvað af Keranum hafi ætíð staðið upp úr sjó, hvort sem var flóð eða fjara,<sup>2714</sup> en sé þar rétt með farið hefur þetta breyst því nú fer hann nálega á kaf á hverri flæði, að sögn kunnugra, og þegar stórstreymt er fellur alveg yfir hann.<sup>2715</sup> Oftast brýtur þó á honum.<sup>2716</sup> Ytrikeri, sem hér var áður nefndur, fer aftur á móti aldrei í kaf en hann stendur skammt frá landi og vantar lítið á að hægt sé að ganga út að honum á stórstraumsfjöru.<sup>2717</sup> Sjálfur Kerinn er lengra frá landi. Út í hann eru líklega 50-100 metrar frá efstu flæðarmörkum. Fyrir framan Kera eru engin sker.<sup>2718</sup> Sé lítið yfir sviðið úr fjörunni í Keravík virðist augljóst að bátunum hafi verið róið að og frá landi rétt utan við Kera og lendingin hafi verið beint niður af fornu nausti sem vel sést móta fyrir í sjávarbakkanum (sbr. hér bls. 274). Segja má að orð Valdimars Þorvaldssonar sem hér var kunnugur á árunum kringum aldamótin 1900 staðfesti þetta en hann lýsir Keravík svo:

*Þá er Keravík. Hún er utantil við ána. Þar er stórgrýtt fjara og sker á báða vegu og mikið hlé fyrir vestan brimi. Í seinni tíð var vörin eingöngu höfð inn við skerin. Þar tók Kerinn, sem er sker framan við hin skerin, um 60-70 metra frá fjöru, mikið úr haf- og norðanbáru. Hann fer í kaf í stærri flæðum. Þaðan hafa róið tvö skip. Fyrir ofan eru háir grasbakkar sem bátar voru settir upp í ef með þurfti.<sup>2719</sup>*

<sup>2710</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 66-67.

<sup>2711</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, bls. 11.

<sup>2712</sup> Pétur E. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 16.12.1995.

<sup>2713</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 67.

<sup>2714</sup> Sama heimild.

<sup>2715</sup> Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 7.7.1995.

<sup>2716</sup> Sama heimild.

<sup>2717</sup> Sama heimild.

<sup>2718</sup> Sama heimild.

<sup>2719</sup> Valdimar Þorvaldsson 1963, 57 (Ársrit S.Í.).

Um 1890 voru að sögn Valdimars tíu *smáhús* hér neðan við Bakkana og þá var fé haft í þeim öllum að vetrinum, nema í einu en það var *söltunarhús fyrir fiskinn*.<sup>2720</sup> Eitt þessara húsa segir Valdimar hafa verið *inni á hryggnum* en tvö þeirra voru, að hans sögn, notuð sem verbúðir á vorin.<sup>2721</sup> Öll húsin sem Valdimar minnst á munu hafa staðið rétt innan við Keravík því þar gefur enn að líta einn húsgrunn og tóttir níu annarra húsa sem sýnir að tala Valdimars er hárrétt. Húsgrunnurinn er ystur, næst sjálfri víkinni, og svolítið uppi í bökkunum. Nærri lætur að flatarmál hans sé 5 x 3,5 metrar og ætla má að þarna hafi söltunarhúsið staðið. Tóttirnar níu standa allar aðeins innar. Innsta tóttin, sú sem er *inni á hryggnum*, stendur ein sér, svolítið fjær Keravík en hinar og mjög skammt utan við Áró. Þetta er stór tótt, líðlega 5 metrar á lengd og röskir 3 metrar á breidd. Munnmæli herma að þarna hafi verið verbúð frá Vatnadal<sup>2722</sup> og kann að vera rétt (sbr. hér bls. 271).

Hinar tóttirnar standa allar mjög skammt hver frá annarri. Flest húsanna sem þarna voru hafa snúið gaffli til sjávar en ein tóttin stendur þvert á hinar. Þessi tótt er 4 x 2 metrar að flatarmáli og rúmlega það. Hinar tóttirnar sjö eru sumar álíka stórar en aðrar nokkru minni. Ætla má að það hafi ekki verið minnstu húsin sem notuð voru sem verbúðir á árunum um og upp úr 1890.

Lendingin í Keravík þótti aldrei góð því hér er flesta daga mikill súgur við ströndina.<sup>2723</sup> Á fyrri tíð munu heimamenn á Stað þó hafa róið héðan til fiskjar árið um kring. Um sjósókn Staðarmanna segir svo í Jarðabókinni frá árinu 1710:

*Heimræði er hér ár um kring og lending ein sem bæði er brimasöm og hættuleg þegar að amar og ganga hér skip staðarhaldarans, eitt eður tvö, eftir sem hann fær við komið. Fleiri mætti ganga ef fólk til fengist.*<sup>2724</sup>

Athygli vekur að þarna er ekki nefnt að önnur skip hafi róið frá Keravík en þau sem Staðarmenn réðu fyrir. Í heimildum frá 18. öld er þess reyndar hvergi getið að bátar frá öðrum bæjum hafi róið héðan. Ólafur Olavíus, sem ferðaðist um Vestfirði árið 1775, getur um fjórar verstöðvar í Súgandafirði, það er Suðureyri, Norðureyri, Stöð og Vatnadalsós en nefnir ekki Keravík.<sup>2725</sup> Þessum ágætu heimildum frá 1710 og 1775 ber því saman um að Staðarmenn einir hafi róið frá Keravík. Vatnadalsós, sem Olavíus kallar reyndar, fyrir misskilning eða vegna misritunar,

<sup>2720</sup> Lbs. 4410<sup>4to</sup>, Valdimar Þorvaldsson, bls. 34.

<sup>2721</sup> Lbs. 4410<sup>4to</sup>, Valdimar Þorvaldsson, bls. 34.

<sup>2722</sup> Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 7.7.1995.

<sup>2723</sup> Þórður Ágúst Ólafsson. Minnisblöð hans frá árinu 1980 um örnefni í Staðardal, ljósrít í eigu K.Ó.

<sup>2724</sup> Jarðab. Á. og P. VII, 129.

<sup>2725</sup> Ól. Olavíus, I, 1964, 185.



Vatnsdalsós, er án vafa Áróss í Staðardal en kunnugt er úr öðrum heimildum að þaðan var róið til fiskjar.

Í sóknarlýsingu séra Andrésar Hjaltasonar frá árinu 1839 er getið um lendingarnar þrjár á ströndinni fyrir mynni Staðardals og tekið fram að sú við *Vatnadalsós* sé hin lakasta.<sup>2726</sup> Um Keravík segir þar:

*Þriðja lendingin heitir Keravík fyrir utan Vatnadalsá, rétt niður undan Stað. Dregur hún nafn af skerklakk nokkrum fyrir miðri vikinni er Keri heitir. Lending þessi er að sönnu ekki eins brimasöm og hin næst undantalda [það er „Vatnadalsós”] en þar er fjara mjög stórgrýtt. Þykir því sú lending allill, helst um haust og vetur, þá mestum brimum er að sæta.*<sup>2727</sup>

Séra Andrés nefnir ekki hvort einhverjir aðkomubátar sæki sjó frá lendingunum í Staðardal og er óljóst hvort svo hafi verið á fyrri hluta 19. aldar. Á síðari hluta hennar reru einstaka menn úr Önundarfirði stundum frá verstöðvum í Súgandafirði á vorin. Til marks um að svo hafi verið á árunum kringum 1870 má nefna að vorið 1871 fórust þrír menn úr Önundarfirði í fiskiróðri úr Súgandafirði (sjá hér Kirkjuból í Bjarnardal). Allar líkur benda til að þessir þrír Önfirðingar hafi verið á sínum eigin báti því enginn Súgfirðingur druknaði þennan sama dag.<sup>2728</sup>

Fullvíst er að á síðustu árum 19. aldar reri einn og einn bátur frá Önundarfirði héðan úr Keravík á vorin og Valdimar Þorvaldsson segir reyndar að um 1890 hafi *ávallt* verið hér aðkomubátar að vorinu.<sup>2729</sup> Nefna má Guðmund Jónsson, bónda á Görðum í Önundarfirði, sem reri úr Keravík 1898 og 1899. Að svo hafi verið sést í dagbókum Einars Jónssonar og Magnúsar Hjaltasonar.<sup>2730</sup> Í aprílmánuði vorið 1898 getur Einar oftast en einu sinni um komu *útróðrarmanna* úr Keravík til Suðureyrar<sup>2731</sup> og kynnu það að hafa verið hásetar Guðmundar á Görðum. Hjá Magnúsi Hjaltasyni sjáum við að vorið 1899 var Guðmundur byrjaður að róa úr Keravík þann 12. apríl.<sup>2732</sup>

Árið 1896 var bátur úr Önundarfirði líka við róðra frá Keravík að sumarlagi og færði sig ekki hingað fyrr en seint í júlí.<sup>2733</sup> Formaður á honum var Friðrik Guðmundsson, tvítugur bóndasonur á Selakirkjubóli, og svo virðist sem skipverjar hafi aðeins verið þrír.<sup>2734</sup>

Með vísan til þess sem hér hefur verið sagt má Keravík alveg tvímælalaust kallast verstöð en heimildir sem fyrir liggja benda til þess að

<sup>2726</sup> Sóknalýs. Vestfj. II, 116-117.

<sup>2727</sup> Sóknalýs. Vestfj. II, 117.

<sup>2728</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2729</sup> Lbs. 4410<sup>4to</sup>, Valdimar Þorvaldsson, bls. 34.

<sup>2730</sup> Lbs. 3860<sup>4to</sup>, Dagb. E. Jónssonar 27.4.1898. Lbs. 2218<sup>4to</sup>, Dagb. M. Hjaltasonar 12.4. og 18.4.1899.

<sup>2731</sup> Lbs. 3860<sup>4to</sup>, Dagbók Einars Jónssonar 20.4. og 28.4.1898.

<sup>2732</sup> Lbs. 2218<sup>4to</sup>, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 12.4.1899.

<sup>2733</sup> Lbs. 3859<sup>4to</sup>, Dagbók Einars Jónssonar 24.7.1896.

<sup>2734</sup> Sama heimild. Sbr. Eyjólfur Jónsson 1967, 84 (Niðjatal Sveins á Hesti).

héðan hafi þó aldrei róið nema einn eða í mesta lagi tveir aðkomubátar í senn og ef til vill aðeins á síðari hluta 19. aldar og árunum kringum aldamótin 1900. Staðarmenn sóttu hins vegar sjó úr Keravík öld fram af öld og hér var þeirra heimavör.

Í byrjun 18. aldar var róið héðan *ár um kring* þegar færi gafst (sjá hér bls. 12-13) og eins var það undir lok 19. aldar. Vel má vera að svo hafi einnig verið á árunum kringum 1840 þó að séra Andrés Hjaltason, þáverandi prestur á Stað, segi að í Súgandafirði sé ekki *haldin regluleg vertíð utan á vorum*.<sup>2735</sup> Menn gátu farið á sjó þegar vel viðraði þó ekki væri *regluleg vertíð* en vera má að um miðbik 19. aldar hafi Staðarmenn einkum farið í hákarlaróðra að vetrinum. Sturla Jónsson á Stað reri héðan á vetrarvertíðinni árið 1898 og druknaði þá ásamt öllum hásetum sínum eins og hér hefur áður verið rakið en skipverjar hans voru allir frá bæjunum í Staðardal, Stað, Bæ og Vatnadal (sjá hér bls. 226-233). Þennan vetur reri aðeins þessi eini bátur úr Staðardal en fáum árum áður höfðu Dalmenn sótt sjóinn á tveimur bátum að vetrinum.<sup>2736</sup> Líklegt er að hinn báturinn hafi þá róið frá Stöðinni.

Halldór Guðmundsson, sem fæddur var 23. desember 1872 og hafði mjög lengi átt heima á Suðureyri er hann andaðist 19. desember 1951, var á Stað aldamótaárið 1900-1901.<sup>2737</sup> Hann fékkst þar við barnakennslu og sitthvað fleira, fór m.a. á sjó með Eiríki bónda Egilssyni þegar róið var.<sup>2738</sup> Þeir reru á sexæringnum Elliða, sem Eiríkur átti, en róðarnir munu ekki hafa orðið margir því Halldór tekur fram að þennan vetur hafi verið *skjaldfarið á sjó* úr Keravík.<sup>2739</sup>

Eiríkur Egilsson varð bóndi á Stað árið 1898 en hafði áður verið þar alllengi í húsmennsku (sjá hér bls. 223 og 237-241). Halldór greinir meðal annars frá því að Eiríkur hafi látið bæta lendinguna í Keravík.<sup>2740</sup> Um þessar framkvæmdir kemst Halldór svo að orði að Eiríkur hafi látið *sprengja upp úr vörinni hæstu klampirnar og stórgrýtið* og sett upp vinduspil til að draga bátana undan sjó.<sup>2741</sup> Sami höfundur fræðir okkur líka á því að *inn með bökkunum*, fyrir ofan fjöruna, hafi verið gömul tótt eftir bátanaust (sjá hér bls. 271) og þangað upp hafi báturinn verið settur á kvöldin þegar ekki var útlit fyrir að gæfi á sjó að morgni. Að sögn Halldórs var talið ólendandi í Keravík ef ekki var hægt að bíða ofan við Kerann eftir lagi.<sup>2742</sup>

Kristján G. Þorvaldsson lýsir sjósókn Súgfirðinga á síðari hluta 19. aldar í ritgerð sinni *Örnefni og sagnir úr Súgandafirði* og segir:

<sup>2735</sup> Sóknalýs. Vestfj. II, 118-119.

<sup>2736</sup> Valdimar Þorvaldsson 1963, 64 (Ársrit S.Í.).

<sup>2737</sup> Lbs. 3152<sup>4to</sup>, Halldór Guðmundsson / *Ævisaga. Upphaf*, bls. 118-121.

<sup>2738</sup> Sama heimild, 118-128.

<sup>2739</sup> Sama heimild, 126.

<sup>2740</sup> Sama heimild, 127.

<sup>2741</sup> Lbs. 3152<sup>4to</sup>, Halldór Guðmundsson / *Ævisaga. Upphaf*, bls. 118-121.

<sup>2742</sup> Sama heimild, 128.

*Á vetrum var langróið og sjaldan á sjó farið. Voru menn þá venjulega heima en gengu til skipa sinna þegar leit úr fyrir gæftir. Staðarmenn reru frá Keravík en Bæjarmenn og Vatnadsals frá Áróis og Stöð. Voru á báðum stöðunum verbúðir sem verið var í vor og haust.*<sup>2743</sup>

Þessi orð Kristjáns mætti ef til vill skilja á þá leið að verbúðir hafi aðeins verið við Áróis og ofan við Stöðina en sú er þó varla meaning hans. Aðrar heimildir sýna að í Keravík voru fjárhús notuð sem verbúðir á vorin eins og algengt var og hér hefur áður verið rakið (sjá hér bls. 272). Athyglisverð eru hins vegar þau orð Kristjáns að í sumum eða öllum verbúðum Dalmanna hafi menn ekki aðeins hafst við á vorin heldur líka á haustin.<sup>2744</sup> Þau ummæli gefa til kynna að áhöfnin á Staðarskipinu hafi a.m.k. stundum legið hér við bæði haust og vor því ætla má að sami háttur hafi verið hafður á hjá heimamönnum á Stað sem reru frá Keravík og nágrönnunum í Bæ sem reru frá Stöðinni. Vegalengdin til sjávar er að vísu lítið eitt lengri frá Bæ en munurinn þó svo lítill að hann hefur varla skorið úr. Hér var áður nefnt að heiman frá hlaðinu á Stað sé aðeins tæpur kílómetri niður í Keravík og má því ætla að heimamenn hafi aðeins legið við þegar gæftir voru mjög góðar og róið dag hvern. Öðru máli gegnir um Önfirðingana, sem voru hér við róðra, en Magnús Hjaltason segir að þeir hafi farið heim til sín á hálfsmánaðar fresti.<sup>2745</sup> Magnús minnst á þetta í ritgerð frá árinu 1913 og segir að á árunum kringum aldamótin 1900 hafi fleiri eða færri Önfirðingar verið við róðra í Súgandafirði á hverju vori *flestir á Suðureyri en líka í Keravík, Stöð, Gelti og Norðureyri.*<sup>2746</sup> Um róðra Önfirðinga frá Suðureyri er reyndar uppi nokkur ágreiningur því Kristján G. Þorvaldsson staðhæfir að þeir hafi ekki róið frá Suðureyri á þessum árum, aðeins frá öðrum verstöðvum í Súgandafirði.<sup>2747</sup> Líklegt er að frásögn Kristjáns sé traustari hvað þetta varðar.

Í sjóferðum, sem farnar voru héðan úr Keravík að áliðnum vetri á árunum kringum 1890, var í logni oftast um það bil tveggja klukkustunda róður á miðin.<sup>2748</sup> Á allra síðustu árum nítjándu aldarinnar var róið með lóðir að vetrinum og menn fóru þá að fara lengra, alveg *norður að Ál, á ystu mið Bolvíkinga.*<sup>2749</sup> Þangað var þriggja tíma róður í logni og með straum *en ófarandi ef vindur var vestan.*<sup>2750</sup> Í þessum róðrum náðu menn stundum að fylla bátinn þó ekki væru lagðar nema 8-12 lóðir.<sup>2751</sup>

<sup>2743</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 11.

<sup>2744</sup> Sbr. Gunnar M. Magnúss 1977, 256.

<sup>2745</sup> Lbs. 2736<sup>4to</sup>, Magnús Hjaltason, bls. 39.

<sup>2746</sup> Sama heimild.

<sup>2747</sup> Örn.stofnun/Kristján G. Þorvaldsson 1949, 11.

<sup>2748</sup> Valdimar Þorvaldsson 1963, 64 (Ársrit S.Í.).

<sup>2749</sup> Sama heimild.

<sup>2750</sup> Sama heimild.

<sup>2751</sup> Sama heimild.

Skömmu eftir aldamótin 1900 dofnaði mjög yfir allri sjósókn frá Keravík. Súgfirðingar fóru þá eins og aðrir að koma sér upp vélbátum sem ekki hentaði að gera út frá þessari veiðistöð.

Séra Þorvarður Brynjólfsson bjó á Stað frá 1902 til 1925 (sjá hér bls. 147-148). Haraldur Þorvarðarson, sonur séra Þorvarðar, fæddur 1915, segir að á dögum föður síns hafi Staðarmenn stundað hrognkelsaveiðar frá Keravík á vorin og farið héðan í einn og einn róður að sumarlagi.<sup>2752</sup> Árabátur séra Þorvarðar hét Halley og bar nafn enska stjörnufræðingsins Edmunds Halley, þess sem halastjarnan, er sást á lofti árið 1910, var kennd við.<sup>2753</sup> Bátinn smíðaði Valdimar Þorvaldsson á Suðureyri.<sup>2754</sup> Að vetrinum var báturinn geymdur á hvolfi beint upp af Keravík.<sup>2755</sup>

Séra Þorvarður Brynjólfsson andaðist vorið 1925 (sjá hér bls. 148). Á því ári mun öll útgerð frá Keravík hafa lagst niður því á dögum séra Halldórs Kolbeins, sem prestur var á Stað frá 1926-1941, var aldrei róíð til fiskjar.<sup>2756</sup> Eitt vor á árunum kringum 1965 voru synir þáverandi bónda á Stað þó með árabát í Keravík og gerðu út á grásleppu sér til gamans.<sup>2757</sup>

Hér skal að lokum á það minnt að á fyrri tíð fóru Staðarmenn í ýmsar sjóferðir héðan úr Keravík, aðrar en fiskiróðra og hákarlalegur. Þar er helst að nefna kaupstaðarferðirnar sem á 19. öld voru farnar til Flateyrar en áður til Ísafjarðar. Á fyrri hluta 20. aldar var þungavara einnig flutt á bátum frá Suðureyri út í Keravík, allt þar til bílfært varð fyrir Spilli og heim að Stað haustið 1948.<sup>2758</sup>

Í tíð séra Halldórs Kolbeins var lagður kerruvegur niður í víkina<sup>2759</sup> og varð hann til mikilla þæginda við alla flutninga frá sjó og til sjávar. Þegar séra Halldór fluttist burt árið 1941 var öll búslóð hans flutt á báti frá Keravík inn á Suðureyri og þaðan í skip.<sup>2760</sup>

Við kveðjum nú þessa fornu veiðistöð en rennum þó fyrst augum til Kerans í síðasta sinn og köllum fram myndina af Sturlu á Stað og skipverjum hans sem ýttu hér úr vör einn vetrarmorgun fyrir hundrað árum. Heilir og hraustir lögðu þeir upp í sína hinstu för. Við Kerann sjáum við þá enn í daufri skímunni. Þeir leggjast fast á árar, allir sex, og róa knálega til hafs, norður til miða uns myndin hverfur í sorta þessa dimma febrúardags.

Frá Bakkatúninu ofan við Keravík leggjum við nú lykkju á leið okkar og göngum til baka út í Kleifarvík. Sá spölur er aðeins tveir kílómetrar eða því sem næst. Á leið okkar fyrir Sauðanes, frá Eyri í Önundarfirði að Stað,

<sup>2752</sup> Haraldur Þorvarðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 22.4.1996.

<sup>2753</sup> Haraldur Þorvarðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 22.4.1996.

<sup>2754</sup> Sama heimild.

<sup>2755</sup> Sama heimild.

<sup>2756</sup> Gísli Kolbeins. – Viðtal K.Ó. við hann 22.4.1996.

<sup>2757</sup> Pétur E. Þorðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 16.12.1995.

<sup>2758</sup> Sama heimild. Gísli Kolbeins. – Viðtal K.Ó. við hann 22.4.1996.

<sup>2759</sup> Gísli Kolbeins. – Viðtal K.Ó. við hann 22.4.1996.

<sup>2760</sup> Sama heimild.

létum við bíða að staldra þar við og þess vegna hverfum við þangað nú til að líta á staðhætti og minnst hins hörmulega atburðar er þilskipið Talisman strandaði þar að kvöldi föstudagsins 24. mars árið 1922 og tólf af sextán skipverjum týndu lífi. Við stöldrum við hjá Landdísarsteini og röltum síðan sem leið liggur út grónar grundir ofan við sjávarbakkana, fram hjá Hnísuvík, Leitisvík, Fornastekksvík og Básavík (sjá hér bls. 8-9).

Þegar komið er á Básabarð, rétt utan við Básavík, blasir Kleifarvíkin við og er hún næsta vík fyrir utan Básavík. Hér eru sjávarbakkarnir orðnir mun hærri en innar á Nesinu. Þeir eru líka ákaflega brattir svo erfitt hlýtur að vera að komast upp úr víkinni að vetrarlagi þegar snjór og svellalög torvelda uppgöngu. Kleifarvíkin er nokkuð stór, líklega hátt í 200 metrar á breidd, og nær frá Kleifarvíkurbarði innra, sem einnig er nefnt Básabarð, og að Kleifarvíkurbarði ytra. Innan við víkina gengur skerjaklasi í sjó fram en ofan við hina háu bakka, sem liggja í bugðu fyrir botni víkurinnar, er hár og brattur urðarhryggur, illur yfirferðar.

Skipið Talisman var gamall tvímastra kúttur, smíðaður úr eik og furu í Brixham á suðurströnd Englands árið 1876.<sup>2761</sup> Þetta enska seglskip, sem var 46 rúmlestir, var keypt frá Liverpool til Akureyrar árið 1898<sup>2762</sup> en var látið halda sínu gamla nafni og fékk aldrei íslenskt nafn.<sup>2763</sup> Ásgeir Pétursson, útgerðarmaður á Akureyri, keypti Talisman árið 1917 og lét setja 40 hestafla hjálparvél í þennan gamla kúttur.<sup>2764</sup> Veturinn 1921-1922 voru miklar endurbætur gerðar á skipinu og hugðist Ásgeir senda það á handfæraveiðar fyrir Suðurlandi.<sup>2765</sup> Skipstjóri var ráðinn Mikael Guðmundsson frá Hrísey, sem þá var búsettur á Akureyri, en stýrimaður Þorsteinn Jónsson frá Grímsnesi á Látraströnd.<sup>2766</sup> Lagt var af stað frá Akureyri í besta veðri aðfaranótt mánudagsins 20. mars.<sup>2767</sup> Í áhöfninni voru fimmtán menn. Einn farþegi fékk líka að fljóta með svo sextán voru á skipinu þegar ósköpin dundu yfir. Allir voru þeir úr byggðum Eyjafjarðar, tveir reyndar frá Siglufirði<sup>2768</sup> en sá verslunarstaður taldist enn vera í Eyjafjarðarsýslu árið 1922.

Um Talismanslysið hefur margt verið skrifað. Auk blaðafréttar frá árinu 1922 er vert að nefna hér þessar ritgerðir eða bókarkafla: *Talismanslysið*, ritgerð Gils Guðmundssonar í 5. bindi af ritverki hans, Skútuöldinni,<sup>2769</sup> *Talismanslysið*, frásögn Arinbjörns Árnasonar, skráð af Kristjáni Jónssyni og birt í 2. bindi safnritsins *Því gleymi ég aldrei*,<sup>2770</sup> *Talisman ferst*, frásögn Jakobs Einarssonar, skráð af Þorsteini Matthíassyni

<sup>2761</sup> Aðalskipaskrá frá 6.9.1895 til 17.6.1920, B 141.

<sup>2762</sup> Aðalskipaskrá frá 6.9.1895 til 17.6.1920, B 141. Skútuöldin V, 274.

<sup>2763</sup> Skútuöldin V, 274.

<sup>2764</sup> Sama heimild.

<sup>2765</sup> Sama heimild.

<sup>2766</sup> Kristján Jónsson / Arinbjörn Árnason 1963, 12-13 (*Því gleymi ég aldrei* II).

<sup>2767</sup> Skútuöldin V, 275.

<sup>2768</sup> Kristján Jónsson / Arinbjörn Árnason 1963, 12-13 (*Því gleymi ég aldrei* II).

<sup>2769</sup> Skútuöldin V, 274-289.

<sup>2770</sup> Arinbjörn Árnason / Kristján Jónsson 1963, 9-32.

og birt í bók hans *Gengin spor*,<sup>2771</sup> *Hörmulegt sjóslys við Sauðanes*, ritgerð Snorra Sigfússonar, birt sem bókarkafli í 2. bindi af ritverki hans *Ferðin frá Brekku*,<sup>2772</sup> og ritgerð Páls Hallbjörnssonar, án sérheitis, birt í bók hans *Flotið á fleyjum tólf*.<sup>2773</sup> Enn má nefna stutta frásögn eftir Kristján G. Þorvaldsson sem birt er í *Súgfirðingabók*, er Gunnar M. Magnúss setti saman,<sup>2774</sup> og vel má vera að sitthvað fleira hafi verið skrifað um sama efni.

Hér verður sá kostur tekinn að byggja á ritgerð Gils Guðmundssonar og frásögn Arinbjörns Árnasonar sem sjálfur var háseti á Talisman þegar skipið fórst. Þessar tvær greinargerðir eru ýtarlegri en önnur skrif sem birst hafa um þetta hörmulega slys og svo má heita að höfundum þeirra beri alveg saman um allt sem máli skiptir. Flest sem hér fer á eftir um Talismanstrandið er sótt í þessar tvær meginheimildir, án þess að til þeirra sé vísað hverju sinni, en til annarra heimilda er hins vegar jafnan vísað þá sjaldan til þeirra er gripið.

Eins og fyrr var nefnt lagði Talisman af stað frá Akureyri aðfaranótt mánudagsins 20. mars en þá hafði lest skipsins verið fyllt af frosinni beitusíld sem fara átti til Vestmannaeyja. Þangað var ferðinni heitið og var ætlunin að hefja færaveiðar fyrir Suðurlandi strax og síldarfarminum hefði verið skipað í land. Á leiðinni út Eyjafjörð var komið við í Hrísey en Mikael skipstjóri vildi kveðja foreldra sína og systkini sem þar voru búsett. Skömmu eftir að farið var frá Hrísey varð vart við bilun í vélinni og var þá ákveðið að koma við á Siglufirði til að fá viðgerð. Að kvöldi næsta dags lauk viðgerðinni en þá var kominn sortabyllur af norðaustri og ákvað Mikael skipstjóri að bíða í höfn uns veður lægði.

Að morgni fimmtudagsins 23. mars lögðu þeir af stað frá Siglufirði. Þá var blæjalogn en mikil fannkoma svo að ekki sást nema rétt úr fyrir borðstokkinn. Brátt tók að hvessa og síðdegis þennan sama dag skall á iðulaus stórhrið með grimmdarfrosti. Illt var líka í sjóinn og ekki leið á löngu uns flestir af hásetunum voru orðnir algerlega ófærir til verka vegna sjóveiki. Auk skipstjóra og stýrimanns stóðu aðeins tveir menn í fæturna, þeir Arinbjörn Árnason og Jóhann Sigvaldason. Undir miðnætti var veðurofsinn orðinn slíkur að ekki þótti ráðlegt að halda siglingunni áfram. Var skipinu þá lagt til drifs og taldi skipstjórinn að þeir ættu þá eftir um það bil 11 mílur að Horni. Mikill klaki var nú tekinn að hlaðast á skipið því frost var ærið.

Klukkan sjö á föstudagsmorgun fékk skipið á sig brotsjó sem lagði það á hliðina. Þannig lá það nokkra stund en náði síðan að rétta sig við. Í þessum hamförum brotnaði bakborðslunningin og bugspjótið kubbaðist í sundur, rétt við stefnið. Með bugspjótinu fór klýfirinn. Skömmu seinna reyndu skipverjar að heisa stórseglið en það tættist þá í sundur í veðurofsanum og á sömu leið fór með afturseglið. Þá var fokkan ein eftir

<sup>2771</sup> Þorsteinn Matthíasson 1969, 16-21.

<sup>2772</sup> Snorri Sigfússon 1969, 224-229.

<sup>2773</sup> Páll Hallbjörnsson 1969, 194-199.

<sup>2774</sup> Gunnar M. Magnúss/Kristján G. Þorvaldsson 1977, 319-321.

af öllum seglabúnaði þessa aldna skips og eftir áfallið sem það varð fyrir að morgni föstudags fór vélin aldrei í gang.

Frá baráttu mannanna fjögurra, sem enn voru verkfærir, við að ná skipinu undan vindi þegar hér var komið sögu greindi Arinbjörn Árnason síðar á þessa leið:

*Nú var fokkan ein eftir til bjargar. Hún var rammlega bundin niður frammi í stafni og til að sjá sem klakahrúga. Þó að enginn segði neitt hefur okkur öllum vafalaust verið ljóst á þessu augnabliki að líf okkar var undir því komið að takast mætti að snúa skipinu með fokkunni. Enn á ný réðumst við til atlögu við klakann og börðum og spörkuðum honum utan af fokkunni þar til hún var laus. Loks tókst okkur að lyfta henni upp til hálf. Örmagna af þreytu og vosi biðum við þess hvort hún myndi standast raunina eða ekki og nú tókst betur til en áður. Við horfðum á hvernig fokkan þandist út undan æðisgengnum átökum veðurofsans. Hún hrísti af sér klakann en skaut og falur héldu og hægt og hægt seig skipið undan veðrinu.<sup>2775</sup>*

Fulla þrjá klukkutíma tók að ná skipinu frá vindi og koma því á skrið. Síðan hófst siglingin fyrir Horn og valt nú allt á því að fokkan héldi uns sjór stilltist og veður lægði.

Mikael skipstjóri stóð jafnan við stýrið á þessari erfiðu siglingu og vék ekki þaðan en stýrimaður og hásetarnir tveir, sem áður voru nefndir, sinntu verkum á þilfari. Ekkert stýrishús var á Talisman en stýrishjólið undir berum himni aftan við káetukappann. Er siglt hafði verið í um það bil eina klukkustund þennan föstudagsmorgun reis hrikalegur brotsjór aftan við skipið, kastaðist yfir það af heljarafli og færði allt í kaf. Mennirnir fjórir sem á þilfarinu stóðu náðu þó allir að grípa í eitthvað fast og halda sér innanborðs meðan holskeflan reið yfir. Brotsjórinn náði hins vegar að laska káetukappann og brjóta hurðir káetunnar svo hún hálfylltist af sjó. Ólagið hreif líka með sér áttavitann sem festur hafði verið við káetukappann svo ekki var lengur hægt að fylgjast með breytingum á vindáttinni eða gera sér grein fyrir hvar skipið var statt. Á stórvíðrinu var hins vegar ekkert lát og hvergi sá til lands.

Allir skipverjar á Talisman voru nú orðnir mjög þrekaðir, sumir af sjóveiki en aðrir af þreytu og vosbúð. Er leið á föstudaginn fór hungur líka að sverfa að þeim því frá því veðrið skall á höfðu engin tiltök verið að kveikja upp eld til að matbúa eitthvað, enda var allt sem geymt hafði verið í hásetaklefanum komið í einn hrærigraut, matvælin þar á meðal. Þeir sem hressastir voru nærðust þó eitthvað á brauði nema Mikael skipstjóri sem stóð eins og gróinn við stýrið og lét aðeins færa sér eitthvað að drekka einu sinni eða tvisvar. Að hér væri teflt um líf og dauða var öllum ljóst en

<sup>2775</sup> Arinbjörn Árnason / Kristján Jónsson 1963, 17-18.

Mikael skipstjóri og Þorsteinn stýrimaður létu aldrei bilbug á sér finna en töldu kjark í skipverja og létu þeim með fordæmi sínu þunga þraut.

Þegar leið á föstudagskvöldið fór loks að draga eitthvað úr veðrinu og þess varð vart að sjór var aðeins farinn að kyrrast. Einni klukkustund fyrir miðnætti eða því sem næst greindu þeir sem stóðu á þilfari skipsins dauft ljós á bakborða. Það leiftraði nokkrum sinnum svo þetta hlaut að vera viti. Mikael skipstjóri taldi það vera Straumnesvita norðantil við Aðalvík. Sú staðarákvörðun gat þó ekki byggst á öðru en ágiskun því aldrei hafði sést til lands frá því farið var frá Siglufirði og hálfur sólarhringur liðinn frá því áttavítinn, sem var eina siglingatækið, hvarf í hafið.

Sú hugmynd skipstjórans að ljósmerkið sem sést hafði á bakborða hlyti að vera frá vitanum á Straumnesi leiddi til þess að hann breytti nú stefnu skipsins og beindi því í suðurátt. Að líkindum hefur ætlun hans verið sú að komst í var undir Grænuhlíð eða inn á Ísafjarðardjúpi. Allt fór þó á annan veg því staðarákvörðunin var röng. Ljósið, sem hinir örþreyttu skipverjar á Talisman höfðu séð, var frá nýjum vita sem reistur hafði verið í Keflavík norðan Súgandafjarðar árið 1920, fyrir aðeins einu og hálfu ári. Mjög skömmu eftir að stefnunni var breytt urðu skipverjar þess varir að þeir voru komnir á að heita mátti sléttan sjó. Enginn vissi hins vegar hvar þeir voru staddir og ekki sást til lands fyrir náttmyrkri og dimmviðri. Þegar sjóinn kyrrði fóru þeir sem legið höfðu illa haldnir af sjóveiki að skreiðast á fætur. Matsveinninn hófst líka handa við að undirbúa matseld og vélstjórinn náði að koma í gang vélinni sem ekkert þúst hafði gefið frá sér síðasta sólarhringinn.

Mikael skipstjóri ákvað nú að bíða birtingar og þegar klukkan var 23:30 eða því sem næst var skipinu lagt til drifs. Menn héldu sig nú vera komna í öruggt var en þegar aðeins voru liðnar örfáar mínútur frá því skipinu hafði verið lagt reið yfir það brotsjór sem engu eirði. Þetta var grunnbrot sem fleygði skipinu á hliðina og upp í brimgarðinn. Þar sat það fast í ógnargreipum brimsins og enginn skipbrotsmannanna hafði minnstu hugmynd um hvar þeir væru staddir eða hvar mannabyggða væri að leita.

Fyrsta ólagið á strandstað varð engum mannanna að fjörtjóni og þeir hófust handa við að losa skipsbátinn í þeirri von að færi gæfist til að komast á honum í land. Frost var mikið og báturinn eitt klakastykki svo illa gekk að losa hann. Það tókst þó um síðir en í sama mund reið annað ólag yfir skipið og sópaði bátnum fyrir borð svo hann hvarf í sortann. Hér var nú ekki margra kosta völ á neyðarstund. Þorsteinn stýrimaður var syndur vel og reyndi þrisvar að synda í land með kaðal en ógnarkraftur brimsins hrakti hann jafnan til baka. Reynt var að saga framsigluna af í von um að hægt yrði að fleyta sér á henni í land en þegar losna fór um siglutréð kubbaði enn einn brotsjór það í sundur svo það hrökk útbyrðis en losnaði þó ekki alveg frá skipinu.

Þegar Talisman strandaði var háfjara en nú var farið að falla að svo hættan fór vaxandi. Enn stóðu skipverjarnir allir í hnapp við kátukappann aftarlega á þilfarinu, holdvotir og nær örmagna af kulda og hungri í blindhríð og náttmyrkri. Í nær fimm klukkustundir biðu þeir þess sem



verða vildi. Síðla nætur tók skipið að brotna og ólögin, sem yfir það riðu, urðu tíðari en verið hafði í fyrstu. Svo kom sjálf banabáran, eitt heljarólag sem fleygði þeim öllum fyrir borð og á augabragði færðust þeir hver og einn upp í brimgarðinn þar sem fátt gat orðið til bjargar.

Siglutréd hafði nú losnað frá skipinu og náðu fimm menn að fleyta sér á því í átt til lands. Af þeim komust fjórir lifandi upp í fjöruna en voru þá orðnir illa marðir og lemstraðir. Þeir sem þannig náðu landi voru Mikael Guðmundsson skipstjóri, Stefán Ásgrímsson vélstjóri, Einar Guðbjartsson háseti og Sigurður Þorkelsson sem ekki var í áhöfn skipsin en hafði fengið far með því að norðan. Aðrir þrír náðu skömmu síðar að skríða upp í fjöruna en það voru hásetarnir Arinbjörn Árnason, Jakob Einarsson og Jóhann Sigvaldason. Í von um að fleiri bæri að landi biðu mennirnir sjö í fjörunni nokkra stund en innan skamms lögðu þrír þeirra af stað og hugðust leita bæja, þeir Einar, Jóhann og Sigurður. Hinir fjórir biðu nokkru lengur en þegar öll von um að fleiri úr skipshöfninni kæmst lifandi í land var talin úti fóru þeir að fíkra sig upp háa og bratta sjávarbakkana.

Það var hér við Kleifarvíkina sem Talisman strandaði undir miðnætti að kvöldi föstudagsins 24. mars árið 1922. Páll Hallbjörnsson var annar þeirra tveggja sem fyrstir komu á strandstað þann 25. mars (sjá hér bls. 283). Hann ritaði síðar dálitla frásögn af þessum atburði og segir þar að það litla sem eftir var af skipinu hafi setið fast á grjótnibbu *utantil við brimsorfna víkina*.<sup>2776</sup> Snorri Sigfússon, þá skólastjóri á Flateyri, kom á strandstaðinn næsta dag og segir hann skipið hafa strandað á *klettarimanum* yst í Kleifarvík eða alveg rétt utan við hana.<sup>2777</sup> Með hliðsjón af orðum Páls og Snorra virðist mega slá því föstu að Talisman hafi strandað á skerjum fram undan Kleifarvíkurbarði ytra, sem hér var áður nefnt (sjá bls. 277) en það lokar víkinni að utan. Séra Þorvarður Brynjólfsson, sem var prestur hér í Súgandafirði árið 1922, ritar líka að Talisman hafi strandað *hjá Kleifarvík*<sup>2778</sup> sem hefur svolítið aðra merkingu en orðin í Kleifarvík. Allar varðveittar umsagnir staðkunnugra sjónarvotta benda því til hins sama um strandstaðinn.

Í hatrömmum átökum við fárviðrið á hafi úti hafði þrek og þrautseigja Mikael skipstjóra dugað honum og mönnum hans til sigurs en þegar kom að staðarákvörðun og skipið var statt rétt norðan við mynni Súgandafjarðar, þá brast honum bogalístin. Þess vegna fór sem fór. Þegar skipbrotsmennirnir hófu þrautagöngu sína í leit að mannabyggð þurfti enn að taka nýja ákvörðun sem ráðið gat úrslitum um líf og dauða. Um tvennt var að velja, að ganga út á við, með sjóinn á hægri hönd, eða inn á við, með sjóinn á vinstri hönd. Þeir ákváðu að ganga út á við og varð sú ákvörðun örlagarík. Frá strandstaðnum er í góðri færð aðeins þriggja stundarfjórðunga gangur heim að prestssetrinu á Stað og enn styttra að fjárhúsunum á Bökkunum neðan við Stað. Leiðin frá Kleifarvík út með sjónum liggur hins vegar fyrir Sauðanes og engin byggð á þeim slóðum

<sup>2776</sup> Páll Hallbjörnsson 1969, 198 (*Flotið á fleyjum tólf*).

<sup>2777</sup> Snorri Sigfússon 1969, 225.

<sup>2778</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

fyrir en komið er á Flateyri. Nærri lætur að vegalengdin frá Kleifarvík að Flateyri sé 12 kílómetrar og er sú leið seinfarin því víða þarf að hækka sig eða lækka og fjaran stórgrýtt á köflum. Óljóst er nú hvers vegna mennirnir ákváðu að ganga út á við en vera má að vindáttin hafi ráðið þar nokkru um því með slíkri stefnu gengu þeir undan veðrinu.<sup>2779</sup> Eins og áður sagði voru það þrír menn sem fyrstir lögðu af stað en fjórir hófu gönguna skömmu síðar. Í þeim hópi var Arinbjörn Árnason sem komst lífs af og sagði frá atburðum síðar. Í frásögn hans er m.a. þessi orð að finna:

*Ennþá leituðum við um stund í fjörunni þar til öll von var úti. Fyrir ofan okkur var hár melbakk. Lögðum við á þennan bratta sem varð okkur erfíður uppgöngu. Þegar við komum upp á brúnina gengum við fram á Sigurð Þorkelsson sem lá þar í snjóskafli og virtist örendur. Heldur rofaði nú til og sáum við að framundan voru skriður og lausagrjót sem virtist illfært, jafnvel ófært yfirferðar. Því snerum við aftur niður í fjöruna og leituðum þar litla stund en héldum síðan áleiðis eftir henni með sjóinn á hægri hönd.*

*Fjaran sem við fórum eftir var stórgrýtt og hál en ofan við flæðarmál, við bakkann, voru skaflar. Brátt var okkur ljóst að kraftar Mikael's voru á þrotum. Hann hrasaði í öðru hvoru spori en braust þó áfram nokkra stund. Lagðist hann loks fyrir og kvaðst ekki komast lengra.<sup>2780</sup>*

Staðurinn þar sem Mikael skipstjóri örmagnaðist mun vera í nánd við Hánes, lítið eitt norðan við Nestá sem er yst á Sauðanesi. Þar urðu félagar hans þrír að yfirgefa hann en hann hvatti þá til að halda áfram því enn væri von og bað fyrir kveðjur til fólksins síns fyrir norðan. Þegar hann tók síðustu andvörpin voru þeir farnir en vera má að sjávarniðurinn við útnes þetta hafi fært honum hinsta frið.

Þeir Arinbjörn, Jakob og Stefán vélamaður héldu nú áfram þessari mjög svo erfíðu göngu en hér yst á nesinu var fjaran *eins og íshraun* og svo hál að þeir urðu að skríða í stað þess að ganga. Samt mjökuðust þeir áfram en nokkru eftir að þeir skildu við Mikael þraut síðustu krafta Stefáns og biðu þeir tveir, sem enn voru uppi standandi, hjá honum litla stund uns hann gaf upp andann. Veður fór nú stöðugt batnandi og orðið var bjart í lofti. Mennirnir tveir hertu nú gönguna og sáu brátt að leið þeirra lá inn með firði sem þeir vissu reyndar ekkert hver var. Handan fjarðarins sáu þeir bæina á Ingjaldssandi og brátt urði þeir varir við nýlegar fjárlóðir í fjörunni. Allt vakti þetta vonir um að skammt kynni að vera til byggða. Arinbjörn og Jakob fylgdust jafnan að en enn höfðu þeir ekki séð féлага sína tvo sem fyrstir lögðu af stað frá strandstaðnum, þá Einar Guðbjartsson og Jóhann Sigvaldason.

<sup>2779</sup> Þorsteinn Matthíasson / Jakob Einarsson 1969, 20.

<sup>2780</sup> Arinbjörn Árnason / Kristján Jónsson 1963, 26-27.

Nú leið á morguninn og er þeir höfðu gengið allengi inn með fjarðarströndinni, yst í Önundarfirði, sáu þeir hvar Jóhann lá í fjörunni. Hann hafði lagst þar fyrir til hvíldar, örþreyttur en óbugaður. Einar sáu þeir ekki því hann var kominn lengra. Jakob og Arinbjörn reistu Jóhann á fætur og leiddu hann á milli sín í næsta áfangastað. Þannig mjökudust þeir áfram skref fyrir skref.

Þennan vetur var Hinrik Guðmundsson frá Görðum í Önundarfirði fjármaður fyrir Kristján Torfason á Sólbakka en fé hans gekk til beitar á Sauðanesi. Daginn sem Talisman var síðast á floti hafði verið blindbylur og hörkufrost í Önundarfirði. Hinrik fór þá út á Sauðanes að leita fjárins en tókst ekki að finna sumar kindurnar. Hann lagði því aftur af stað mjög snemma næsta dag. Frostið var þá enn um tíu stig en eitthvað hafði dregið úr veðurofsanum og þegar leið á morguninn fór veðrið batnandi eins og hér hefur áður verið nefnt. Þegar Hinrik var kominn rétt út fyrir Björgin og hafði gengið um það bil fimm kílómetra frá Flateyri brá honum allnokkuð í brún því þá sá hann geysistöran mann í olústakk og klostígvélum standa í fjörinni. Var þar kominn Einar Guðbjartsson, sá skipbrotsmannanna sem lengst náði á þrautagöngu þeirra inn með Önundarfirði. Hinrik var með nestisbita og gat gefið hinum sjóhrakta manni að borða og látið hann hafa þurra sokka. Einar var þrekaður mjög en óbugaður og gat sagt greinilega frá öllum atvikum. Frá staðnum þar sem Hinrik og Einar mættust var aðeins einn kílómetri eða því sem næst inn að Kálfeyri og brá Hinrik á það ráð að fylgja Einari þangað og koma honum í húsaskjól í einni af verbúðunum sem þar voru. Síðan hljóp hann inn á Flateyri að sækja hjálp til að leita að öðrum strandmönnum sem enn kynnu að vera á lífi. Skammt innan við Kálfeyri mætti hann tveimur mönnum sem voru á leið til Súgandafjarðar og hugðust ganga fyrir Sauðanes. Það voru þeir Kristján Kristjánsson á Flateyri og Páll Hallbjörnsson á Suðureyri. Sagði Hinrik þeim tíðindin en þeir ákváðu að halda þegar áfram út fjörun í von um að geta orðið einhverjum strandmannanna að liði.

Á Hvannökrum, sem eru tæplega sex kílómetrum utan við Flateyri, mættu þeir Arinbirni, Jakobi og Jóhanni og sögðu þeim að nú væri brátt hjálpar að vænta því á Flateyri væri verið að safna liði þeim til bjargar. Ákveðið var að skipverjarnir þrír af Talisman héldu kyrru fyrir á Hvannökrum uns hjálpin bærist en Kristján og Páll hröðuðu för sinni fyrir Nes í von um að einhverjir fleiri af skipbrotsmönnum kynnu að finnast á lífi. Yst á Sauðanesi fundu þeir fyrst Stefán vélamann og síðan Mikael skipstjóra. Eitthvert líf virtist þeim bærast með Stefáni en gátu ekkert gert til að glæða það og Mikael var alveg tvímælalaust andaður.

Þegar Kristján og Páll komu á bakkana við Kleifarvík sáu þeir að þar hlyti skipið að hafa strandað. Viði þessa gamla skips hafði brimið að vísu náð að mola mélinu smærra en fjaran meðfram víkinni var alþakin braki og sáust þar meðal annars koffort, sængurföt og síldarleifar. Sjö lík fundi þeir á víð og dreif milli kletta og skerja í Kleifarvík og það áttunda alllangt fyrir ofan fjöruna. Það lík reyndist vera af Þorsteini stýrimanni og var ljóst að hann hafði seint og um síðir komist lifandi í land en dáíð hér í víkinni.

Páll og Kristján voru fyrstu mennirnir sem komu á strandstaðinn. Þeir báru öll líkin sem þar var að finna á einn stað, lögðu þau hlið við hlið og breiddu segldúk yfir. Síðan skunduðu þeir inn á Suðureyri en þangað er aðeins liðlega klukkutíma gangur frá Kleifarvík. Í þorpinu á Suðureyri var safnað liði og brátt lagði 40 manna flokkur þaðan af stað út í Kleifarvík. Þeir höfðu með sér nokkra sleða og fluttu öll líkin úr vikinni í Staðarkirkju og einnig lík Sigurðar Þorkelssonar. Hann var einn þeirra þriggja sem fyrstir lögðu upp til að leita byggða um morguninn en hafði aðeins komist skamman spöl (sjá hér bls. 281) og andaðist innan við Stórhól.<sup>2781</sup> Alls voru þetta 9 lík.

Haraldur Þorvarðarson, sem var sex ára drengur á Stað þegar Talisman fórst, segir að einn úr hópi þeirra skipverja sem bornir voru heim að Stað hafi verið lagður á borðstofuborðið og þar hafi Veturliði H. Guðnason, bóndi í Vatnadal, reynt að lífga hann við<sup>2782</sup> en Veturliði fékkst talsvert við lækningar. Sú tilraun bar ekki árangur.

Á Flateyri var strax safnað liði þegar Hinrik Guðmundsson kom þangað á hlaupum utan af Sauðanesi og sagði tíðindin. Farið var með hest til að sækja Einar Guðbjartsson út á Kálfeyri, eina skipbrotsmanninn sem Hinrik hafði séð. Til að leita hinna fóru tveir flokkar af stað frá Flateyri, annar gangandi en hinn á mótorbát. Með bátnum fór lækurinn, Halldór Georg Stefánsson. Þegar mótorbáturinn nálgadist Hvannakra sáu björgunarmennirnir skipbrotsmennina, sem þar biðu þeirra í fjörunni, þá Arinbjörn, Jakob og Jóhann. Frá mótorbátnum var farið í land á lítilli kænu þó enn væri nokkurt brim. Önfirðingarnir sem í land fóru höfðu meðferðis heitt kaffi sem þeir gáfu hinum langhröktu strandmönnum en síðan voru þeir fluttir um borð í mótorbátinn. Þar beið lækurinn og færði þeim strax staup af brennivíni. Síðan var haldið til Flateyrar.

Sá hópur björgunarmanna frá Flateyri sem fór gangandi út fjöru og fyrir Nes kom á strandstað nokkru seinna en Súgfirðingarnir.<sup>2783</sup> Þar báru menn saman bækurnar. Ljóst var að fjórum mönnum hafði tekist að bjarga og fundin voru ellefu lík. Einn skipbrotsmannanna vantaði hins vegar enn. Nú var dagur að kvöldi kominn en að morgni næsta dags, sem var sunnudagur, mættu allmargir menn úr Súgandafirði og frá Flateyri á strandstað og hófu leit að líki sextánda skipverjans af Talisman. Ekki leið á löngu uns það fannst í vog einum, skammt utan við Kleifarvík.<sup>2784</sup> Snorri Sigfússon, skólastjóri á Flateyri, var einn leitarmanna þennan dag. Sjálfur var hann Eyfirðingur að uppruna og kannaðist strax við manninn þegar líkið fannst en það var af Benedikt Jónssyni sem átti heima á Akureyri.<sup>2785</sup>

Þennan seinni leitardag höfðu Snorri og nokkur hópur Flateyringa komið á mótorbát til Súgandafjarðar. Þeir fluttu lík Benedikts með sér til

<sup>2781</sup> Gunnar M. Magnúss / Kristján G. Þorvaldsson 1977, 319-320.

<sup>2782</sup> Haraldur Þorvarðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 22.4.1996.

<sup>2783</sup> Snorri Sigfússon 1969, 226.

<sup>2784</sup> Sama heimild, 228.

<sup>2785</sup> Snorri Sigfússon 1969, 226.

Flateyrar og þangað voru einnig flutt lík Mikael skipstjóra og Stefáns vélamanns<sup>2786</sup> sem andast höfðu yst á Sauðanesi.

Skipbrotsmennirnir fjórir sem lifðu af hresstust furðu fljótt en þó var talið að Einar Guðbjartsson hefði aldrei náð sér til fulls. Allir dvöldust þeir á Flateyri í hálfan mánuð eða svo og rómuðu síðar mjög móttökurnar þar, ekki síst alla framgöngu Snorra skólastjóra.<sup>2787</sup> Þann 7. apríl voru líkin þrjú sem flutt höfðu verið til Flateyrar jarðsett þar.<sup>2788</sup> Skipbrotsmennirnir fjórir sem lifðu af voru þá enn á Flateyri og báru þeir Mikael skipstjóra til grafar. Talið var að allir íbúar Flateyrar, sem orðnir voru fullorðnir, hefðu verið viðstaddir jarðarförina. Á Stað í Súgandafirði fór útför níu skipverja af Talisman fram þann 11. apríl<sup>2789</sup> og voru þeir allir lagðir í eina gröf. Sú jarðarför mun hafa verið ein sú fjölmennasta sem þar hafði sést.<sup>2790</sup> Allöngu síðar var reistur minnisvarði á gröf hinna eyfirsku sjómanna í Staðarkirkjugarði.

Hér hefur nú verið gerð nokkur grein fyrir hinu hörmulega sjóslysi er þilskipið Talisman strandaði í Kleifarvík 24. mars 1922 og tólf menn týndu lífi. Þeir sem fórust voru:

1. Mikael Marteinn Guðmundsson, skipstjóri frá Hrísey, 35 ára, búsettur á Akureyri. lét eftir sig konu og þrjú ung börn.
2. Þorsteinn Jónsson, stýrimaður frá Grímsnesi á Látraströnd, nær 27 ára gamall. Ókvæntur.
3. Stefán Ásgrímsson, vélamaður Akureyri, 31 árs. lét eftir sig konu og fimm börn.
4. Stefán J. Jóhannesson, matsveinn frá Nunnuhóli í Arnarneshreppi, 23ja ára. Ókvæntur.
5. Sæmundur Friðriksson, háseti frá Grímsey, 44 ára. búsettur að Holti í Glerárþorpi. lét eftir sig konu og fjögur börn.
6. Benedikt Jónsson, háseti Akureyri, 41 árs. lét eftir sig konu og fjögur börn. Þeir Benedikt og Stefán Ásgrímsson (nr.3) voru mágar.
7. Sigurður Þorkelsson, Siglufirði, 21 árs og ókvæntur. Hann var farþegi með skipinu.
8. Jóhannes Jóhannesson, háseti Kúgili í Þorvaldsdal, Árskógshreppi, 35 ára. Ókvæntur.
9. Ásgeir Sigurðsson, háseti Akureyri, 19 ára. Hann var fóstursonur eiganda skipsins.
10. Bjarni Emilsson, háseti Hjalteyri, 20 ára. Ókvæntur.
11. Gunnar S. Vigfússon, háseti Siglufirði, 15 ára.
12. Sigtryggur Davíðsson, háseti Dalvík, 44 ára. lét eftir sig konu og þrjú börn.

Þeir sem komust af þegar Talisman strandaði voru:

1. Arinbjörn Árnason, háseti Skriðulandi, Arnarneshreppi, 32 ára.
2. Einar Guðbjartsson, háseti frá Skeri á Látraströnd, 25 ára. búsettur 1.12.1920 í Grenivíkurkoti í Grýtubakkahreppi.

<sup>2786</sup> Snorri Sigfússon 1969, 226-228.

<sup>2787</sup> Arinbjörn Árnason / Kristján Jónsson 1963, 29-30.

<sup>2788</sup> Prestsþj.b. Holts í Öndarf.

<sup>2789</sup> Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

<sup>2790</sup> Gunnar M. Magnúss / Kristján G. Þorvaldsson 1977, 321.

3. Jakob Einarsson, háseti, Akureyri, 27 ára, fæddur 25. júlí 1894 á Finnastöðum í Grýtubakkahreppi.
4. Jóhann Sigvaldason, háseti frá Rauðalæk neðri í Glæsibæjarhreppi, 32ja ára að aldri. Búsettur í Byrgi í Glerárþorpi.

Upplýsingar þær um nöfn skipbrotsmannanna, aldur þeirra, heimilisföng og fjölskylduaðstæður, sem hér eru birtar, eru fengnar úr ýmsum áttum. Þar er fyrst að nefna þær prentuðu heimildir sem hér var áður getið um (sjá bls. 277-278) en einnig blaðafréttir frá mars og apríl 1922 í þremur Akureyrarblöðum, Verkamanninum, Íslendingi og Degi. Til þess að skera úr álitamálum varðandi aldur manna og heimilisföng þeirra þurfti líka alloft að fletta upp í prestsþjónustubókum og sóknarmannatölum úr byggðum Eyjafjarðar. Stundum voru aðrar heimildir þó teknar gildar og því má vera að í skránni hér að framan leynist einhvers staðar lítil villa en allt mun þetta þó vera mjög nærri lagi.

Að lokum skal þess getið að árið 1963, þegar liðlega fjörutíu ár voru liðin frá því Talisman strandaði, voru tveir þeirra sem björguðust enn á lífi, þeir Arinbjörn Árnason og Jakob Einarsson.<sup>2791</sup> Einar Guðbjartsson andaðist rétt liðlega þrítugur að aldri 13. nóvember 1927 og var þá kvæntur húsmáður á Grenivík.<sup>2792</sup> Jóhann Sigvaldason lifði talsvert lengur. Árið 1950 var hann bóndi á Ytri-Reistará í Arnarneshreppi við Eyjafjörð.<sup>2793</sup> Hann var þá kvæntur og átti a.m.k. sex börn á lífi.<sup>2794</sup> Jakob Einarsson átti þá heima á Laugarvegi 12 á Siglufirði.<sup>2795</sup> Arinbjörn Árnason átti heima á Akureyri 1944<sup>2796</sup> og mun enn hafa verið búsettur þar árið 1963.<sup>2797</sup>

Við höfum nú dvalist um sinn hjá Kleifarvík og mál til komið að röлта til baka inn grundirnar ofan við sjávarbakkana. Hér hefur áður verið fjallað um það helsta sem fyrir augu ber á þeirri leið (sjá hér bls. 7-9 og 270-276) en að þessu sinni flýtum við för okkar og nemum hvergi staðar fyrr en við Staðará (Langá) þar sem þjóðvegurinn liggur yfir brú á ánni, örskammt frá sjó. Þetta er eina langáin í Staðardal en á leið sinni til sjávar veitir hún þverá viðtöku skammt framan við túnið á Stað. Nafn árinna hefur verið dálítið á reiki eins og hér hefur áður verið gerð grein fyrir en síðustu hundrað árin hefur sá partur árinna sem rennur á landamerkjum Staðar og Bæjar ýmist verið nefndur Langá eða Staðará (sjá hér bls. 9-10).

Á fyrri tíð gat áin verið nokkur farartálmi en yfir hana þurftu m.a. að fara allir sem komu gangandi til kirkju frá Suðureyri og bæjunum innantil í Súgandafirði. Óljóst er nú hvenær göngubrú var fyrst byggð á Staðará en svo mikið er víst að hér var reist einhvers konar brú árið 1888. Að svo hafi verið sést í reikningum Suðureyrarhrepps frá því ári en þar stendur:

<sup>2791</sup> Arinbjörn Árnason / Kristján Jónsson 1963, 29.

<sup>2792</sup> Prestsþj. b. og sóknarm.töl Grenivíkurprestakalls.

<sup>2793</sup> Manntal 1.12.1950.

<sup>2794</sup> Manntal 1.12.1950.

<sup>2795</sup> Sama heimild. Sbr. Skútuöldin V, 289.

<sup>2796</sup> Skútuöldin V, 289.

<sup>2797</sup> Sbr. Arinbjörn Árnason / Kristján Jónsson 1963, 32.

*Borgast Jóhannesi Hannessyni, ein brú á Staðará á 10 kr. 35 aura.*<sup>2798</sup> Árið 1888 var Jóhannes Hannesson bóndi í Botni<sup>2799</sup> og hreppstjóri í Suðureyrarhreppi.<sup>2800</sup> Hann hafði þá líka verið skútuskipstjóri í nokkur ár (sjá hér Suðureyrarhreppur, inngangskafli). Orðin sem til var vitnað úr reikningum hreppsins frá árinu 1888 sýna að Jóhannes hefur lagt út fé til að koma brúnni upp og ekki er ólíklegt að hann hafi líka staðið fyrir verkinu.

Haustið 1894 var ráðist í að byggja nýja brú á Staðará. Kostnaður við hana varð á því ári 84,45 kr.<sup>2801</sup> og mun óhætt að slá því föstu að þessi nýja brú hafi verið langtum vandaðri en sú eldri. Af fjárveitingu sem veitt var til hreppsvega úr sýslusjóði var 17,40 kr. varið til brúarinnar en annan kostnað, 67,05 kr., urðu Súgfirðingar að bera sjálfir.<sup>2802</sup> Nær tveir þriðju hlutar af þeirri fjárhæð var efniskostnaður en fyrir tímrið í brúna fékk Eiríkur Egilsson á Stað greiddar 39,45 kr.<sup>2803</sup> Þetta voru 45 fet af plönkum, 72 fet af öðrum trjávið og sex borð.<sup>2804</sup> Við smíði brúarinnar voru líka notuð 25 pund af járni sem kostaði 12 aura pundið og naglar voru keyptir fyrir eina krónu.<sup>2805</sup>

Átján menn unnu við brúarsmíðina, fimmtán þeirra í einn dag, tveir í tvo daga og einn í hálfan annan dag.<sup>2806</sup> Dagsverkin urðu því alls tuttugu og hálf en fyrir hvert dagsverk voru greiddar tvær krónur.<sup>2807</sup> Af þeim sem unnu að brúarsmíðinni voru 13 frá bæjunum í Staðardal en 5 frá öðrum bæjum í Súgandafirði, það er Suðureyri, Laugum og Gelti.<sup>2808</sup> Þeir sem skiluðu tveimur dagsverkum voru Guðmundur Ásgrímsson á Gelti og Jens Arnbjörnsson í Bæ<sup>2809</sup> eða á Þverá, sem var kot í landi Bæjar. Jens var smiður (sjá hér Bær, Þverá þar) og ekki ólíklegt að hann hafi haft yfirumsjón með verkinu á hendi. Einar Jónsson á Suðureyri minnst á smíði brúarinnar í dagbók sinni 1. október 1894 og segir: *Kristján Albertsson fór út í Dal að smíða brú á Staðarána. Þeir voru þar 18 við að hlaða stólpa og smíða.*<sup>2810</sup>

Ætla má að brýrnar frá 1888 og 1894 hafi verið á nokkurn veginn sama stað og brúin sem nú (1996) stendur hér því ekki verður annað séð en þjóðleiðin frá Suðureyri að Stað hljóti ætíð að hafa legið yfir ána hér rétt ofan við ósinn. Um 20 metrum ofan við brúna á akveginum sjást reyndar

<sup>2798</sup> Skjöl Suðureyrarhrepps, varðveitt þar. *Bók fyrir Suðureyrarhrepp 1888-1902, uppteiknun yfir ómagaframsferi í Suðureyrarhreppi ... haustið 1888.*

<sup>2799</sup> Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

<sup>2800</sup> Gunnar M. Magnúss / Kristján G. Þorvaldsson 1977, 159. Sbr. þar bls. 56-57.

<sup>2801</sup> Skjöl Suðureyrarhr., varðveitt þar. *Bók fyrir Suðureyrarhrepp 1888-1902*, reikn. hreppsins f. árið 1894.

<sup>2802</sup> Sama heimild.

<sup>2803</sup> Sama heimild.

<sup>2804</sup> Sama heimild.

<sup>2805</sup> Skjöl Suðureyrarhr., varðveitt þar. *Bók fyrir Suðureyrarhrepp 1888-1902*, reikn. hreppsins f. árið 1894.

<sup>2806</sup> Sama heimild.

<sup>2807</sup> Sama heimild.

<sup>2808</sup> Sama heimild.

<sup>2809</sup> Sama heimild.

<sup>2810</sup> Lbs. 3859<sup>4to</sup>, Dagbók Einars Jónssonar 1.10.1894.

enn gamlar hleðslur sem sýna hvar eldri brú hefur verið, líklega sú frá 1894.

Dvöl okkar við ós árinna verður ekki löng að þessu sinni en við munum koma hér aftur síðar að lokinni ferð um allan dalinn. Enn eigum við alveg eftir að skoða okkur um í Vatnadal og í Bæ en göngu okkar um land hins forna prestsseturs á Stað lýkur nú senn. Undirlendið hér meðfram ánni mun á fyrri tíð hafa borið nafnið Árdalir<sup>2811</sup> en síðustu áratugina hefur eintölumyndin **Árdalur** unnið á.<sup>2812</sup> Árdalurinn nær frá árósum og fram að Bjarnanesi<sup>2813</sup> en það er gróið nes sem gengur úr Staðarlandi fram í ána við bugðu sem verður á henni skammt neðan við ármót Langár og Þverár. Frá nestánni er örskammt að túninu í Bæ og má segja að girðing utan við heimatúnið þar stefni beint á nesið.

Frá brúnni yfir Langá (Staðará) lá gamla þjóðleiðin upp á Móa og þar liggur akvegurinn nú. Móarnir, sem svo heita, liggja nokkru hærra en árdalurinn. Þeir ná frá Keravíkurbökkum og heim að túni og síðan fram með túninu, ármegin við það. Gamalt nafn á brún Móanna ofan við árdalinn er **Börð**.<sup>2814</sup> Stórum hluta af Móunum hefur nú verið breytt í tún sem blasir við á hægri hönd þegar farinn er akvegurinn heim að Stað. Sá partur Móanna sem er ármegin við veginn heldur hins vegar enn sínu gamla svipmóti. Gamla heimatúninu á Stað hallar fram að Þverá og niður á Móa og er lægsti hluti þess nefndur **Undirtún**.<sup>2815</sup> Reiðvegurinn sem lá heim á túnið var nefndur **Troðningur**.<sup>2816</sup> Skammt neðan við það lá hann yfir **Prestalaut**<sup>2817</sup> sem svo heitir. Stefna lautarinnar er nánast þvert á hlíðar dalsins<sup>2818</sup> og hún náði áður inn í jaðar gamla túnsins. Þarna í lautinni var á fyrsta fjórðungi 20. aldar allstór kofi.<sup>2819</sup> Haraldur Þorvarðarson, sem fæddist á Stað árið 1915 og ólst þar upp til 13 ára aldurs, heyrði í bernsku talað um að í þessum kofa hefði fólk sem kom til messu oft skipt um skó á árum áður.<sup>2820</sup> Í Prestalaut voru áður tvær tjarnir, mjög skammt frá túnjaðrinum, og svolítill rimi á milli þeirra.<sup>2821</sup> Líklegt má telja að alfaraleiðin yfir lautina hafi legið um þennan rima og sjálf heimreiðin að gamla bænum á svipuðum slóðum og íbúðarhúsið stendur nú<sup>2822</sup> eða máske aðeins nær kirkjugarðinum<sup>2823</sup> en þar er stutt á milli. Kofinn sem á var minnst og notaður var til skóskipta hefur líklega ekki verið reistur fyrr en um aldamótin 1900 því Valdimar Þorvaldsson frá Selárdal, sem fæddur var árið 1878, segir að á sínum uppvaxtarárum hafi

<sup>2811</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 67.

<sup>2812</sup> Pétur E. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 16.12.1995.

<sup>2813</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 67.

<sup>2814</sup> Sama heimild.

<sup>2815</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 68.

<sup>2816</sup> Sama heimild.

<sup>2817</sup> Sama heimild. Lbs. 2736<sup>4to</sup>, Magnús Hjaltason, bls. 108.

<sup>2818</sup> Haraldur Þorvarðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 22.4.1996.

<sup>2819</sup> Sama heimild.

<sup>2820</sup> Sama heimild.

<sup>2821</sup> Þóra Þórðardóttir. – Viðtal K.Ó. við hana 27.6.1996.

<sup>2822</sup> Sama heimild.

<sup>2823</sup> Pétur E. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 16.12.1995.



kirkjufólk sest við tótt, neðarlega á túninu eða við túngarðinn og skipt þar um sokka og skó.<sup>2824</sup>

Við sem nú erum á ferð höfum áður skoðað gamla bæjarstæðið hér á Stað (sjá hér bls. 9 og 198) og séð hvar kirkjan stóð á fyrri tíð (sjá hér bls. 150-151). Við höfum líka svipast um af bæjarhólnum (sjá hér bls. 9-12) en nú erum vð komin hingað aftur til að kveðja og röltla svolítið um ofan við túnið.

Héðan frá gamla bæjarhlaðinu á Stað draga Hólarnir að sér athygli en þeir eru skammt fyrir utan og ofan túnið og bera nafn með réttu. Þar var áður hjáleigan Staðarhús ytri sem fór í eyði árið 1864 og frá er sagt á öðrum stað í þessu riti (sjá hér bls. 253-265). Uppi í fjalli, ofan við Hólana, er Bæjarhvilft sem stundum var nefnd **Móhvilt**.<sup>2825</sup> Úr henni fellur Bæjarlækurinn og kemur niður skammt fyrir framan Hólana í nánd við hið forna bæjarstæði en þó aðeins utar. Í hliðinni er lækurinn enn í sínum gamla farvegi.<sup>2826</sup> Uppi í hviltinni er svolítið gras en sú var trú manna að þar mætti alls ekki slá því þetta var álagablettur.<sup>2827</sup> Bann þetta mun þó stöku sinnum hafa verið brotið. Sagt er að Sturla Jónsson hafi látið heyja í Bæjarhvilft sumarið 1897<sup>2828</sup> en hann druknaði í febrúarmánuði árið 1898 með öllum hásetum sínum eins og hér var áður frá greint. Ástæða þess að Bæjarhvilftin var stundum nefnd Móhvilt var sú að þar var tekinn upp mór, m.a. á árunum kringum aldamótin 1900.<sup>2829</sup> Ekki var talið varasamt að taka upp mó í hviltinni þó að bannað væri að bera þar ljá í gras.<sup>2830</sup> Fjallið framan við Bæjarhvilft heitir Miðdegisbunga<sup>2831</sup> og mun hafa verið eyktamark. Að sögn Kristjáns G. Þorvaldssonar voru eyktamörkin á Stað þessi: Dagmál - Sunddalshorn, hádegi - Magnúsarhorn, nónn - Miðdegisbunga, miðaftann - Skatnatindar, náttmál - laust við Bungur.<sup>2832</sup>

Horft frá gamla bæjarhlaðinu á Stað er **Magnúsarhorn** reyndar svolítið austan við suður og **Bungur**, sem Kristján nefnir þarna, hljóta að vera hið bunguvaxna barð fyrir innan og neðan Jaðar sem jafnan er nefnt Bunga á síðari tímum<sup>2833</sup> (sbr. hér bls. 8-9). Frá bæjarhlaðinu á Stað skulum við nú ganga í átt til fjalls og taka stefnu á **Heiðarhliðið** sem svo heitir. Um hlið þetta á túngirðingunni lá hin gamla þjóðleið í átt til Klofningsheiðar en um heiðina lá alfaravegur milli Staðardals í Súgandafirði og Öfundarfjarðar. Hliðið ber enn sitt gamla nafn<sup>2834</sup> þó að ferðum yfir heiðina hafi fækkað og á hana leggi nú ekki aðrir en þeir sem ganga sér til skemmtunar í forna slóð. Við höfum áður svipast um ofan við

<sup>2824</sup> Lbs.4407,<sup>4to</sup> Valdimar Þorvaldsson, bls. 104.

<sup>2825</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 68-69.

<sup>2826</sup> Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 26.6.1996.

<sup>2827</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 68-69.

<sup>2828</sup> Sama heimild, 26-27.

<sup>2829</sup> Lbs. 2736<sup>4to</sup>, Magnús Hjaltason, bls. 4.

<sup>2830</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 26-27.

<sup>2831</sup> Örnefnastofnun/Kristján G. Þorvaldsson 1949, 69.

<sup>2832</sup> Sama heimild, bls. 63.

<sup>2833</sup> Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 26.6.1996.

<sup>2834</sup> Sami. - Viðtal K.Ó. við hann 7.7. 1995.

túnið á Stað og litið á rústir af gömlu hjáleigunum, Staðarhúsum ytri, Lækjarhúsum og Staðarhúsum fremri en síðast nefnda hjáleigan gekk einnig undir nafninu Vandræðakot (sjá hér bls. 241-265). Heiðarhliðið, sem við göngum nú um, er skammt fyrir utan Vandræðakot<sup>2835</sup> en þar er þó einn hryggur á milli og svo lækjarkvíslin er að líkindum hefur afmarkað blettinn sem fólkið í kotinu hafði til afnota.

Við Heiðarhlið sést enn móta fyrir gömlum götum, sem lágu í átt til heiðarinnar, en þær eru nú orðnar ógreinilegar og slitna fyrr en varir svo illgerlegt mun vera að fylgja þeim langa leið. Engu að síður liggur að heita má ljóst fyrir hvar leiðin upp á Sunddal og þaðan á heiðina hlýtur að hafa legið, enda er hún merkt á Uppdrætti Íslands sem Landmælingar Íslands hafa gefið út.<sup>2836</sup>

Að þessu sinni er ekki ætlunin að leggja á sjálfa heiðina sem frá er sagt á öðrum stað (sjá hér Eyri og Bær) og látum við því nægja að röla upp í dalsmynnið en þangað er stutt að fara og hæðarmunurinn ekki nema 150 metrar eða þar um bil. Mjög skammt ofan við Heiðarhlið eru rústir af grjóthlöðnum stekk eða kví sem verið hefur um sex metrar á lengd og breiddin ekki langt frá þremur metrum. Hugsanlegt er að kvíaból fólksins á Stað hafi verið hér um lengri eða skemmri tíma. Fráfærum var reyndar hætt hér á prestssetrinu eigi síðar en 1913 (sjá hér bls. 147-148) og Haraldur Þorvarðarson, sem fæddist á Stað árið 1915 og var hér til 13 ára aldurs, segir að síðustu árin sem fært var frá hafi kvíarnar verið hjá stórum steini rétt fyrir utan Hólana.<sup>2837</sup> Sjálfur man Haraldur reyndar ekki eftir fráfærum á Stað því þær lögðust af nokkru áður en hann fæddist og leit að kvíarústum utan við Hólana hefur engan árangur borið. Á þeim slóðum hefur reyndar átt sér stað þó nokkurt jarðrask af völdum framkvæmda og má vera að sú sé ástæðan fyrir því að þar út frá sést nú hvergi brot af kvíarvegg. Hin grjóthlaðna tótt hér rétt fyrir ofan Heiðarhliðið hefur hins vegar náð að halda velli og virðist sem áður sagði hafa verið stekkur eða kví, ef til vill fyrir langa löngu. Frá þessari gömlu grjótrúst leggjum við leið okkar fram að vallgrónum tóttum Vandræðakotsins sem fór í eyði á árunum 1812-1816 (sjá hér bls. 241-249) en spölurinn þarna á milli er aðeins fáir tugir metrar. Í þessum gömlu tóttum er gott að halla sér stundarkorn. Svo stöndum við á fætur og röltum upp á **Dalakóng** sem er allhár og nokkuð grýttur hóll eða hjalli í hlíðinni ofan við Vandræðakot. Hóll þessi hefur einnig verið nefndur **Dalakútur** og brekkan fyrir ofan hann **Skjóðubrekka** en þessi nöfn áttu rætur að rekja til sögu um peninga sem sagt var að grafnir hefðu verið í jörð uppi á hólnum eða utan í honum.<sup>2838</sup> Aðeins ofar í hlíðinni er annar álíka hjalli eða hóll sem heimafólk á Stað um aldamótin 1900 nefndi **Hærri-Dalakóng**.<sup>2839</sup> Þar efndi fólkið á bæjunum í Staðardal til aldamótabrennu að kvöldi

<sup>2835</sup> Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 7.7. 1995.

<sup>2836</sup> Uppdráttur Íslands, blað 11, gefinn út af Landmælingum Íslands árið 1977.

<sup>2837</sup> Haraldur Þorvarðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 22.4.1996.

<sup>2838</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 68.

<sup>2839</sup> Lbs. 3152<sup>40</sup>, Halldór Guðmundsson. *Ævisaga. Upphaf*, bls. 131-132.

gamlársdags, þann 31. desember árið 1900.<sup>2840</sup> Halldór Guðmundsson, sem þá átti heima á Stað og fékkst þar meðal annars við barnakennslu (sjá hér bls. 274), var einn þeirra sem höfðu forgöngu um að efna til þessarar samkomu.<sup>2841</sup> Hann orti aldamótaljóð sem var þrjú erindi *undir sæmilega fallegu lagi* og las það upp áður en kveikt var í bálkestinum.<sup>2842</sup>

Í æviminningum sínum greinir Halldór frá þessum atburði og kemst þá m.a. svo að orði:

*Það var hríðarveður af norðri þetta gamlárskvöld fram til klukkan 11 um kvöldið en þá birti skyndilega upp og gerði gott veður, heiðbjart og fagurt og stóð svo alla nóttina. Það var klukkan rúmlega 11 sem fólk fór að safnast saman kringum staðinn sem brennan eða bálkösturinn hafði verið hlaðinn á en það var á svonefndum Hærri-Dalakóng fram og upp af Stað. Þegar svo fólk af öllum bæjunum í dalnum sem búist var við var komið á staðinn gekk ég fram úr hópnum og bað á ákaflega feiminn hátt fólk að hlusta á meðan ég hefði yfir nokkur erindi er ég hefði samið. ... Eftir að ég hafði flutt þetta var svo kveikt í bálkestinum og brann hann það sem eftir var af gömlu öldinni og einstöku neistar blossuðu upp af hinni nýju.<sup>2843</sup>*

Bæði Dalakóngur og Hærri-Dalakóngur ná alveg fram að Þverá og er Dalakóngur í sömu hæðarlínu og fossinn í ánni.<sup>2844</sup> Hún kemur hér ofan af Sunddal og fellur á landamerkjum Staðar og Bæjar. Skammt neðan við dalbrúnina er hinn fagri foss sem setur svip á umhverfið og sést víða að. Hæð hans mun vera 8-10 metrar.<sup>2845</sup> Dynurinn frá honum leikur blítt við eyra og í kyrru veðri berst þessi ljúfi niður heim á staðinn þegar mikið vatn er í ánni. Í örnefnalýsingu frá árinu 1949 er fossinn ekki nefndur<sup>2846</sup> en heimafólk á Stað kallar hann **Þverárfoss**<sup>2847</sup> og svo mun einnig hafa verið á fyrstu áratugum 20. aldar.<sup>2848</sup> Handan við Þverá og nokkru neðar en fossinn eru rústir af kotbýli sem reist var skömmu fyrir síðustu aldamót. Tók það nafn af ánni og var nefnt Þverá. Frá þessu býli, sem var í landi Bæjar og nær beint fram af kirkjunni á Stað, segjum við nánar síðar (sjá hér Bær).

Beint fram af kirkjunni og rétt hjá nýnefndum rústum var á fyrri hluta 20. aldar mjó göngubrú á Þveránni. Á brúnni voru handrið því þetta var

<sup>2840</sup> Lbs. 3152<sup>4to</sup>, Halldór Guðmundsson. *Ævisaga. Upphaf*, bls. 131-132.

<sup>2841</sup> Sama heimild.

<sup>2842</sup> Sama heimild.

<sup>2843</sup> Sama heimild.

<sup>2844</sup> Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 26.6.1996.

<sup>2845</sup> Sama heimild.

<sup>2846</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949.

<sup>2847</sup> Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 26.6.1996.

<sup>2848</sup> Haraldur Þorvarðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 22.4.1996.

landgangur úr skipi og mun hafa staðið hér fram undir 1980.<sup>2849</sup> Yfir þessa brú kom kirkjufólk frá Bæ og Vatnadal gangandi heim að Stað.<sup>2850</sup> Göngubrú var einnig á Langá (sjá hér Bær) og yfir hana var líka farið þegar fólk átti erindi milli bæja.<sup>2851</sup>

Við reikum nú upp með Þverá og stöndum fyrr en varir í mynni Sunddals og erum þá komin í um það bil 150 metra hæð yfir sjávarmáli. Á dalnum skiptir Þverá löndum milli jarðanna tveggja, Staðar og Bæjar (sjá hér bls. 10) og rétt framan við dalsmynnið mætast hinar fornu leiðir sem báðar liggja í átt til heiðarinnar, önnur frá Stað, hin frá Bæ.<sup>2852</sup> Þau vegamót eru í landi Bæjar og þaðan liggur gamla þjóðgatan fram dalinn norðan ár uns komið er á heiðarbrún (sjá hér Bær).

Frá mynni Sunddals er skammur spölur fram að Sunddalshrauni en það er mikið hólahrúgald sem nær sums staðar að heita má yfir þveran dalinn og hefur greinilega myndast við framhlaup úr fjallinu. Heiman við hraunbrúnina og Staðarmegin við ána er dálítið graslendi þar sem áin rennur næst fjallinu og heitir þar **Afrétt**.<sup>2853</sup> Í þessari Afrétt munu geldneyti hafa gengið á beit í fyrri daga og fyrir skömmu sáust þar enn einhver merki um fornar girðingar.<sup>2854</sup> Laut sem liggur frá Afrétt og niður að ánni heitir **Kálfakiki**.<sup>2855</sup>

Sunddalshraunið, sem fyrr var nefnt, nær fram undir miðjan dalinn eða því sem næst og er víðast hvar allvel gróið. Rétt framan við það er lítið stöðuvatn sem menn nefna **Sunddalsvatn**.<sup>2856</sup> Fjallið sem mest ber á í klettabrúninni vestan við dalinn er beint upp af vatninu. Það heitir Magnúsarhorn<sup>2857</sup> og er eins og fyrr var nefnt eyktamark frá Stað. Yfir þessu dökkbrýnda fjalli sá fólk á prestssetrinu sólina skína hvern bjartan dag í þúsund ár og vissi að þegar hún fór þar hjá á vegferð sinni var liðið að hádegi (sjá hér bls. 289). Við sem nú höfum virt Magnúsarhornið fyrir okkur um stund frá brúninni í mynni Sunddals vendum nú okkar kvæði í kross og höldum brott úr landareign hins forna kirkjustaðar Súgfirðinga.

Við stiklum yfir ána og fylgjum gömlu götunni norðan ár niður úr dalnum. Við erum nú í landi Bæjar og svo má heita að gatan sem við fylgjum stefni beint á bæjarhúsin þar. Ætlun okkar er hins vegar sú að fara fyrst í Vatnadal og þess vegna sveigjum við til hægri, út úr götunni, skömmu áður en við komum niður að Langá, og tókum strikið fram að Hraunafætinum sem hér blasir við augum. Síðan fylgjum við jaðri Hraunanna uns tóttirnar í Hraunakoti verða á vegi okkar. Þar vöðum við yfir ána og nemum staðar á sléttu túni þar sem áður stóð bærinn í Fremri-Vatnadal.

<sup>2849</sup> Þorvaldur H. Þórðarson. – Viðtal K.Ó. við hann 26.6.1996.

<sup>2850</sup> Haraldur Þorvarðarson og séra Gísli Kolbeins. – Viðtal K.Ó. við þá 22.4.1996.

<sup>2851</sup> Sömu heimildir.

<sup>2852</sup> Uppdráttur Íslands, blað 11, gefinn út af Landmælingum Íslands árið 1977.

<sup>2853</sup> Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 69.

<sup>2854</sup> Sama heimild.

<sup>2855</sup> Sama heimild.

<sup>2856</sup> Sama heimild.

<sup>2857</sup> Sama heimild.

-----o o o o o-----